Tekjum, sem koma til frádráttar gjöldum hjá sumum stofnunum í A-hluta, er ekki skipt. Þar er átt við tekjur fyrir selda þjónustu, en hins vegar eru ekki taldir með slíkum tekjum sérstakir skattstofnar, sem lagðir hafa verið á til að standa straum af starfseminni. Sem dæmi má nefna Skipaskoðun ríkisins. Þar eru taldar með tekjum stofnunarinnar tilfallandi tekjur fyrir veitta þjónustu, t. d. aukaskoðanir,

skrásetningar o. þ. h. Skipaskoðunargjöld eru hins vegar talin vera skattur og talin með tekjum ríkissjóðs.

Sérstakar skýringar á sundurliðun útgjalda eftir viðfangsefnum.

Eins og getið var lauslega hér að framan, gerir hið nýja form fjárlaga ráð fyrir sundurliðun útgjalda eftir viðfangsefnum jafnframt hinni hefðbundnu sundurliðun í tegundir útgjalda. Sumar stofnanir hafa notfært sér þetta, og því sýnir fjárlagafrumvarpið tvenns konar skiptingu útgjalda þeirra stofnana.

Í gildandi fjárlögum eru báðar tegundirnar af sundurliðun til, en þá að jafnaði blandað saman, þannig að hvorug verður að fullu gagni.

Með sundurliðun í viðfangsefni er átt við skiptingu á kostnaði við starfsemi stofnunar eftir markmiðum, sem henni er ætlað að ná. Slík skipting er vandaverk, en getur ef vel tekst til gefið allglögga hugmynd um þau verkefni, sem stofnun vinnur að.

Hér verður tekið dæmi til skýringar á viðfangsefnasundurliðun. Jafnframt skýrir dæmið, hvernig upplýsingar frumvarpsins eru fyllri en gildandi fjárlaga:

Fjárlög 1967, 13. gr. F. VIII.

Landmælingar Íslands:

1.	Laun	684
2.	Prentun landabréfa	417
3.	Annar kostnaður	1 144
4.	Til teikningar jarðfræðikorta	120
		2 365

Fjárlagafrumvarp 1968.

07.156	**Landmælingar Íslands:**			
0 10	Laun	2 318		
0 40	Gjaldfærður stofnkostnaður	660		
0 50	Önnur rekstrargjöld	1 317		
	Gjöld samtals	4 295		
1 00	Tekjur	2 130		
	Mismunur			2 165
3 00	Lánahreyfingar út	200		
	Viðfangsefni:			
01	Yfirstjórn	250		
02	Landmælingar	2 529		
03	Ljósmyndun	878		
04	Kortasala	638		
	Gjöld samtals	4 295		

Skýringar: Hér er um að ræða óbreytta starfsemi milli ára. Hin hefðbundna framsetning í fjárlögum 1967 blandar saman ófullkominni tegundasundurliðun kostnaðar og viðfangsefnasundurliðun. Þá sést ekki í fjárlögum sá hluti af starfsemi stofnunarinnar, sem hún stendur undir með eigin tekjum.

Viðfangsefnasundurliðun í frumvarpinu, sem gera mætti ítarlegri, ef það teldist þjóna einhverjum tilgangi, gefur augljóslega mun meira til kynna um þessa starfsemi en skipting útgjaldanna eftir tegundum. Vel heppnuð skipting af þessu tagi fyrir allar stofnanir ríkisins mundi sennilega gefa handhöfum fjárveitingavaldsins betra tækifæri en þeir nú hafa til að velja og hafna og auka eða minnka áherzlu á einstakar greinar ríkisrekstrarins.

Því getur komið til greina síðar að birta í fjárlagafrumvarpi og fjárlögum einungis sundurliðun eftir viðfangsefnum, en eiga gjaldtegundasundurliðun einungis til afnota innan ríkisrekstrarins.

Um umbætur í gerð og setningu fjárlaga almennt.

Hlutur fjárlagasetningar í stjórn þjóðmála er oftsinnis vanmetinn. Ókunnugir gera sér sjaldan ljóst, að fjárlögin eru safn af stærstu stjórnmálalegu ákvörðunum, sem teknar eru í ríkinu ár hvert. Í fjárlagasetningu eru þarfir, hagsmunir og áhugamál einstaklinga, samtaka, landshluta o. s. frv., vegið hvað á móti öðru og því takmarkaða fjármagni, sem er til ráðstöfunar, skipt.

Hver sú tala, sem í fjárlögum stendur, er þannig vottur um stjórnmálalega ákvörðun eða ákvarðanir um aðgerðir af ríkisins hálfu, og þá jafnt hvort sem um er að ræða beina fjárveitingu úr ríkissjóði eða samþykki á áætlun fjárhagslegra sjálfstæðra ríkisfyrirtækja um gjöld, tekjur, fjárfestingar eða lántökur.

Að baki frumvarpi til fjárlaga liggur mikið starf, sem fólgið er í upplýsingasöfnun og upplýsingamiðlun innan ríkisrekstrarins og utan. Því virkara sem þetta starf er, þeim mun líklegra er, að fjárlagafrumvarpið sé raunhæf og samfelld heild; dæmi, sem gengur upp, ef forsendurnar, sem fjárlagafrumvarpið er reist á, reynast réttar. Þær umbætur, sem lögin um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga miða að, felast m. a. í því að auðvelda þetta upplýsingaflæði innan ríkisrekstrarins og gera það virkara.

Hitt ber fremur að leggja áherzlu á, að þessar umbætur miða að því að bæta aðstöðu fjármálaráðherra, ríkisstjórnar og ekki sízt Alþingis til að taka stefnuákvarðanir um starfsemi ríkisins og fylgjazt með framkvæmd þeirra ákvarðana.

Síðast en ekki sízt miða þessar umbætur að því að tryggja aðstöðu ríkisstjórnar og Alþingis til að fylgja eftir og fylgjast með framkvæmd þessara ákvarðana.

Mikið verk er óunnið áður en þessu marki er sæmilega náð, en þetta frumvarp hefur vonandi þokað verkinu nokkuð áleiðis.

Yfirlit og samanburður við fjárlög 1967.

Gjaldahlið.

Sú grundvallarbreyting, sem framkvæmd hefur verið við gerð fjárlagafrumvarps ársins 1968, felur í sér ýmis vandkvæði á nákvæmum samanburði við fjárlög fyrri ára. Bæði er það, að ýmsir nýir tekna- og gjaldaliðir eru nú teknir í frumvarpið, og auk þess er færslu nokkurra annarra liða öðruvísi háttað en í fjárlögum fyrri ára. Til að fá fram raunhæfan samanburð þessa fjárlagafrumvarps við fjárlög ársins 1967 þarf því annars vegar að lækka heildartölu frumvarpsins um þá liði, sem teknir eru inn sökum víkkunar þess sviðs, er frumvarpið tekur til, og hins vegar þarf að gera leiðréttingu vegna þeirra liða, sem nú er farið með á annan hátt en í fjárlögum 1967.

Eftirfarandi yfirlit gefur til kynna, hvernig fá má fram raunhæfan samanburð á útgjöldum frumvarpsins og útgjöldum í fjárlögum ársins 1967:

Útgjöld í fjárlagafrumvarpi 1968	6 120 431
Frá dregst: Liðir, sem ekki höfðu áhrif á niðurstöðutölur fjárlaga 1967:	
a. Gjöld, sem jafnframt eru færð til tekna að öllu leyti eða að hluta[1])	Þús. kr. 1 222 328
b. Gjöld, sem voru jöfnuð gjaldamegin á fjárlögum 1967[2])	21 595

---

1) Hér er um að ræða gjöld, sem fyrirfram er ráðstafað skv. lögum eða heimildum, þ. m. t. iðgjöld almannatrygginga og sérstakt framlag til Byggingarsjóðs ríkisins af eignaskatti 40.0 m.kr., svo og aðrar tekjur sjóðsins af sköttum.

2) Bifreiðaeftirlit ríkisins, embætti skipulagsstjóra og verðlagsskrifstofan.

Útgjöld sambærileg við fjárlög 1967	4 876 508
Útgjöld á fjárlögum 1967 að frátöldum afborgunum og fyrningum	4 685 213
Hækkun frá fjárlögum 1967	191 295

Heildarhækkun útgjalda á rekstrarreikningi á sambærilegum grundvelli er þannig 191.3 m.kr., sem felur það að sjálfsögðu í sér, að heildarhækkun þeirra liða, sem hækka, er mun meiri en þessari upphæð nemur, og á móti kemur svo lækkun á öðrum liðum. Verður nú gerð grein fyrir helztu breytingum á útgjaldaliðum, sem heyra undir hvert einstakt ráðuneyti og á málefnaflokkum innan þess. Slík greinargerð er þó að ýmsu leyti erfiðleikum háð vegna þeirrar grundvallarbreytingar á uppsetningu fjárlagafrumvarps, sem nú hefur verið framkvæmd. Þannig eru nokkrir mikilvægir gjaldaliðir í fjárlögum 1967, sem ókleift er að skipta á ráðuneyti eða málefnaflokk, svo sem vextir, launaskattur og ýmis sameiginlegur kostnaður ráðuneytanna, en þessir liðir eru sýndir sérstaklega í fjárlögum 1967. Síðast talda atriðið veldur því, að ókleift er að gera samanburð á kostnaði hvers einstaks ráðuneytis milli þessara tveggja ára, og tekur eftirfarandi samanburður því ekki til stjórnarráðsins. Á bls. 127 er hins vegar gerður samanburður á kostnaði við stjórnarráðið í heild. Þá er rétt að geta þess, að hin almenna 10% lækkun á fjárfestingarframlögum, sem framkvæmd var eftir að fjárlög ársins 1967 voru samþykkt, gerir samanburð við fjárlög þess árs í sumum tilvikum óraunhæfan. Í athugasemdum við einstaka liði frumvarpsins, sem gerðar verða síðar í þessari greinargerð, verður þess þó getið, þegar þessi lækkun hefur veruleg áhrif á samanburðartölur milli ára.

Ráðuneyti og málefnaflokkar.

Heildarhækkun útgjalda, sem fram kemur við samanburð einstakra ráðuneyta og málefnaflokka, nemur 250.4 m.kr., en það er 59.1 m.kr. hærri tala en fram kom við samanburð heildarútgjalda í yfirlitinu hér að framan. Þessi mismunur skýrist af þeim liðum í fjárlögum 1967, sem óskiptanlegir eru, en þeir eru þessir:

	M.kr.
Sameiginlegur kostnaður ráðuneytanna	25.7
Vextir	11.0
Launaskattur	17.0
Ýmis sameiginlegur kostnaður (prentun o. fl.)	3.2
Innheimtulaun	1.2
Aðrir liðir samtals	1.0
Samtals	59.1

00 **Æðsta stjórn ríkisins.** Kostnaður við æðstu stjórn ríkisins lækkar um 1.5 m.kr., vegna lækkunar á framlagi til bókhlöðu á Bessastöðum og stofnframlagi til Bessastaðabús, og vegna lækkunar á rekstrarkostnaði Alþingis.

01 **Forsætis- og menntamálaráðuneytið.** Breyting einstakra málefnaflokka, sem undir þetta ráðuneyti heyra, er þessi:

	M.kr.
Yfirstjórn, hækkun	7.0
Annað, hækkun	11.4
Fræðslumál, hækkun	**52.3**
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi, lækkun	0.8
Heildarhækkun	**69.9**

Yfirstjórn. Sú hækkun, sem fram kemur á þessum lið, er óraunhæf, sökum sameiginlegs kostnaðar í fjárlögum 1967, sem ekki er unnt að skipta á aðalskrifstofur ráðuneytanna. Heildarsamanburður á kostnaði við Stjórnarráðið er sýndur í lok þessa hluta greinargerðarinnar.

Annað. Hækkunin á þessum lið, 11.4 m.kr., stafar af fyrirhuguðum kaupum og endurbótum á Viðeyjarstofu 10.0 m.kr., stofnun byggingardeildar við menntamálaráðuneytið og aukinni starfsemi skólarannsókna.

Fræðslumál. Framlög til fræðslumála hækka um 52.3 m.kr. Barnafræðslan hækkar um 13.6 m.kr. og gagnfræðamenntun um 15.2 m.kr. vegna eðlilegrar nemendafjölgunar, aukins viðhalds og breytts skólahalds, þ. á m. lengingar skólatíma. Framlag til Háskóla Íslands hækkar um 3.1 m.kr. vegna kennarafjölgunar í samræmi við kennaraáætlun og aukinnar stundakennslu. Framlög til menntaskólanna hækka um 11.9 m.kr., þar af 7.3 m.kr. vegna byggingarframlaga, en auk þess verður mikil nemendafjölgun í skólunum við Hamrahlíð og á Laugarvatni haustið 1967. Kostnaður við rekstur Kennaraskólans hækkar um 4.4 m.kr., einkum vegna þess, að haustið 1967 verða teknar inn sex nýjar bekkjardeildir. Loks hækka framlög til styrktar íslenzkum námsmönnum um 5.5 m.kr. Hins vegar verður lækkun á byggingarframlögum til Raunvísindastofnunar Háskólans, 1.0 m.kr. og Handritastofnunar Íslands, 3.0 m.kr.

Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi. Þessi málefnaflokkur sýnir 0.8 m.kr. lækkun, og er þar þyngst á metunum lækkun á byggingarframlagi til norræns húss í Reykjavík, 1.5 m.kr. Þar á móti hækkar framlag til tónlistarskóla um 1.0 m.kr. Nettólækkun á öðrum liðum er 0.3 m.kr.

02 Utanríkisráðuneytið. Málefnaflokkar, sem heyra undir þetta ráðuneyti, breytast sem hér segir:

	M.kr.
Yfirstjórn, hækkun	1.3
Löggæzla á Keflavíkurflugvelli, hækkun	0.9
Sendiráð, hækkun	1.6
Alþjóðastofnanir, lækkun	2.9
Heildarhækkun	0.9

Yfirstjórn. Sjá skýringar á kostnaði við Stjórnarráðið aftar í þessari greinargerð.

Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli. Þessi liður hækkar um 0.9 m.kr. vegna aukinnar tollgæzlu á Keflavíkurflugvelli.

Sendiráð. Kostnaður við sendiráðin hækkar um 1.6 m.kr., einkum vegna nýrrar sendinefndar hjá NATO í Brüssel, en á móti kemur lækkun á sendiráðinu í París og hjá sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum.

Alþjóðastofnanir. Framlög til alþjóðastofnana lækka um 2.9 m.kr. Framlag vegna heimssýningar, 4.0 m.kr., fellur út, en hækkar til nokkurra stofnana, t. d. I.D.A. um 1.0 m.kr.

03 Atvinnumálaráðuneytið. Eftirfarandi breyting verður á framlögum til einstakra málefnaflokka, er heyra undir þetta ráðuneyti:

	M.kr.
Yfirstjórn, hækkun	2.3
Annað tengt yfirstjórn, lækkun	0.5
Búnaðarmál, hækkun	13.1
Útvegsmál, hækkun	213.8
Raforkumál, lækkun	1.1
Annað, hækkun	1.4
Heildarhækkun	229.0

Yfirstjórn. Sjá skýringu á kostnaði við Stjórnarráðið aftar í þessari greinargerð.

Annað tengt yfirstjórn. Hér er um að ræða jarðeignir ríkisins, framlög og jarðeignasjóð ríkisins, og lækkar fyrrnefndi liðurinn eingöngu vegna almennrar 10% lækkunar fjárfestingarframlaga, þannig að ekki er um raunverulega lækkun að ræða.

Búnaðarmál. Heildarhækkun framlaga til búnaðarmála nemur 13.1 m.kr., þar at 10.0 m.kr. til framleiðnisjóðs landbúnaðarins, 1.0 m.kr. til jarðræktar og húsagerðarsamþykkta og 1.8 m.kr. til embættis yfirdýralæknis vegna búfjársjúkdóms (hringskyrfis). Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, framlög til Landnáms ríkisins, jarðræktar og framræslu og til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eru óbreytt frá fjárlögum 1967.

Útvegsmál. Framlög til útvegsmála hækka í heild um 213.8 m.kr. Sú hækkun er fyrst og fremst fólgin í framlögum til verðjöfnunar á sjávarafurðum, 100.0 m.kr., og til uppbóta á fiskverð, 100.0 m.kr., sem ákveðin voru með sérstökum lögum eftir að fjárlög ársins 1967 höfðu verið samþykkt, þannig að ekki er gert ráð fyrir aukningu raunverulegra greiðslna úr ríkissjóði frá árinu 1967. Þá hækka framlög til aflatryggingasjóðs um 2.0 m.kr. og til Fiskveiðasjóðs Íslands um 9.0 m.kr. Loks hækkar framlag til Hafrannsóknastofnunarinnar um 2.4 m.kr. vegna aukinnar starfsemi í sambandi við komu nýs fiskileitarskips og til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins um 1.0 m.kr. Hins vegar lækkar framlag til verðlagsráðs sjávarútvegsins um 1.7 m.kr., þar sem gert er ráð fyrir, að kostnaður við starfsemina greiðist framvegis úr Fiskimálasjóði.

Raforkumál. Lækkunin, sem fram kemur á þessum lið, 1.1. m.kr., er ekki raunhæf með tilliti til 10% almennrar lækkunar á fjárfestingarframlögum á yfirstandandi ári.

Annað. Hér er um að ræða skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna, löggildingarstofuna, verzlunarskóla o. fl. Heildarhækkun á liðnum nemur 1.4 m.kr., þar af 1.0 m.kr. vegna skrifstofu rannsóknastofnanna, sem flyzt í nýtt húsnæði á Keldnaholti, og 0.4 m.kr. vegna verzlunarskóla.

04 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Málefnaflokkar, sem tilheyra þessu ráðuneyti, breytast þannig:

	M.kr.
Yfirstjórn, hækkun	4.2
Dómgæzla, lögreglumál o. fl., hækkun	26.1
Heilbrigðismál, hækkun	14.0
Þjóðkirkjan, lækkun	1.4
Annað, lækkun	0.3
Heildarhækkun	42.6

Yfirstjórn. Sjá skýringar á kostnaði við Stjórnarráðið hér á eftir.

Dómgæzla, lögreglumál o. fl. Hækkun á þessum lið nemur 26.1 m.kr., þar af eru 6.5 m.kr. óraunhæfar, vegna þess að tekjur sýslumanna frá Tryggingastofnun ríkisins, sem nema þessari upphæð, voru dregnar frá útgjöldum embættanna í fjárlögum 1967, en eru það ekki í þessu frumvarpi. (Hliðstæðar tekjur eru látnar koma til frádráttar framlagi ríkissjóðs til Tryggingastofnunar ríkisins í þessu frumvarpi). Raunveruleg hækkun á þessum lið er því 19.6 m.kr., sem kemur fram í því, að nettókostnaður, sem fellur á árið 1968 vegna hægri umferðar, nemur 16.6 m.kr., framlög til löggæzlu hækka um 8.4 m.kr., þar af 4.0 m.kr. til löggæzlu sveitarfélaga og 3.4 m.kr. til borgar- og ríkislögreglu í Reykjavík, ýmis kostnaður við dómsmál hækkar um 2.4 m.kr., kostnaður við embætti lögreglustjórans í Reykjavík hækkar um 1.9 m.kr. og rekstrarkostnaður við embætti sýslumanna og bæjarfógeta hækkar um 0.8 m.kr. Hins vegar lækkar rekstrarkostnaður landhelgisgæzlu um 7.1 m.kr. vegna fyrirhugaðrar endurskipulagningar á starfseminni, sbr. athuga-

semdir við einstaka liði frumvarpsins hér á eftir, og auk þess fellur niður afborgun vegna „Óðins“, 3.4 m.kr., en síðasta afborgunin fór fram 1967.

Heilbrigðismál hækka um 14.0 m.kr. frá fjárlögum 1967. Heildarhækkun framlaga til ríkisspítala nemur 3.8 m.kr., byggingarframlög til sjúkrahúsa og læknisbústaða hækka um 7.2 m.kr. vegna aukningar á framlagi til borgarsjúkrahúss, og aðrir liðir hækka um samtals 3 m.kr.

Þjóðkirkjan. Lækkunin, sem fram kemur á þessum lið, 1.4 m.kr., stafar af almennri lækkun fjárfestingarframlaga árið 1967, þannig að ekki er um raunverulega heildarlækkun að ræða.

05 **Félagsmálaráðuneytið.** Breyting á málefnaflokkum, sem tilheyra þessu ráðuneyti, eru sem hér segir:

	M.kr.
Yfirstjórn, hækkun	2.2
Almannatryggingar, lækkun	15.1
Ýmis félagsmál, hækkun	15.0
Heildarhækkun	2.1

Yfirstjórn. Sjá skýringar á kostnaði við Stjórnarráðið hér á eftir.

Almannatryggingar. Heildarframlag til Tryggingastofnunar ríkisins og Atvinnuleysistryggingasjóðs er 1 383.9 m.kr., þar af tryggingaiðgjöld 494.9 m.kr. Beint framlag ríkissjóðs er því 889.0 m.kr., en það er 15.1 m.kr. lægra en á fjárlögum 1967. Þessi lækkun skýrist þannig, að greiðsla Tryggingastofnunar til sýslumanna, 6.5 m.kr., kemur til frádráttar á framlagi ríkissjóðs, fjárlagatala 1967 inniheldur skuld frá fyrri árum 51.3 m.kr., en á móti koma eðlilegar hækkanir vegna fjölgunar hinna tryggðu, tryggðra vinnuvikna o. fl. 18.0 m.kr., aukning framlags til sjúkratrygginga vegna hækkaðs daggjalds 9.7 m.kr. og loks 15.0 m.kr. vegna þátttöku verzlunarmanna í atvinnuleysistryggingum.

Ýmis félagsmál. Framlög hækka um 15.0 m.kr., þar af til ríkisframfærslu 7.2 m.kr., en þá eru daggjöld samræmd við 500 kr. gjald á Landspítala, til Byggingarsjóðs verkamanna 6.3 m.kr. og nettóhækkun til ýmissa annarra félagsmála nemur 1.5 m.kr.

06 **Fjármálaráðuneytið.** Málefnaflokkar, sem tilheyra fjármálaráðuneytinu, breytast sem hér segir frá fjárlögum 1967:

	M.kr.
Yfirstjórn, hækkun	9.3
Toll- og skattheimta, hækkun	8.1
Annað, hækkun	35.4
Heildarhækkun	52.8

Yfirstjórn. Sjá skýringar á kostnaði við Stjórnarráðið hér á eftir.

Toll- og skattheimta. Kostnaður við álagningu og innheimtu tolla og skatta hækkar um 8.1 m.kr., þar af 6.5 m.kr. vegna embættis ríkisskattstjóra og skattstofa, en þessar stofnanir höfðu verið vanáætlaðar í fjárlögum 1967, og heildarhækkun á öðrum liðum nemur 1.6 m.kr.

Annað. Heildarhækkun á þessum málefnaflokki nemur 35.4 m.kr., þar af 25.0 m.kr. á framlagi til Ríkisábyrgðasjóðs, 4.7 m.kr. vegna vaxtagreiðslna, sem voru færðar á 7. gr. fjárlaga 1967, 3.0 m.kr. til lífeyrissjóða vegna eðlilegra hækkana á launagreiðslum og 2.0 m.kr. vegna kaupa á dagblöðum, sem er nýr liður.

07 **Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið.** Breytingar framlaga til málefnaflokka, er tilheyra þessu ráðuneyti, eru sem hér segir:

	M.kr.
Yfirstjórn, hækkun	1.6
Samgöngumál, hækkun	35.1
Iðnaðarmál, hækkun	2.3
Heildarhækkun	39.0

Yfirstjórn. Sjá skýringar á kostnaði við Stjórnarráðið hér á eftir.

Samgöngumál. Framlög til samgöngumála hækka um 35.1 m.kr., þar af 10.6 m.kr. til hafna, en sé tekið tillit til almennrar lækkunar á fjárfestingarframlögum árið 1967 er raunveruleg hækkun til hafnamála 14.1 m.kr., sbr. athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins hér á eftir. Þá hækka framlög til flugmála um 9.8 m.kr., einkum vegna afborgana og vaxta, 8.5 m.kr., sem ekki voru tekin á fjárlög 1967 (sjá skýringar við lið 07 171). Loks er gert ráð fyrir 15.0 m.kr. beinu framlagi til vegamála.

Iðnaðarmál. Þessi málefnaflokkur hækkar um 2.3 m.kr., en nýtt framlag er tekið upp vegna aðstoðar við endurskipulagningu og sameiningu iðnfyrirtækja, 1.2 m.kr. Auk þess hækkar framlag til Rannsóknastofnunar iðnaðarins um 0.6 m.kr. vegna tækjakaupa.

08 **Viðskiptaráðuneytið.** Helztu breytingar á málefnaflokkum, sem tilheyra viðskiptaráðuneytinu eru þessar:

	M.kr.
Yfirstjórn, hækkun	1.1
Niðurgreiðslur, lækkun	188.7
Annað, hækkun	0.6
Heildarlækkun	187.0

Yfirstjórn. Sjá skýringar á kostnaði við Stjórnarráðið hér á eftir.

Niðurgreiðslur. Lækkun frá þeirri upphæð, sem er í fjárlögum 1967, nemur 188.7 m.kr., og er lækkun niðurgreiðslna liður í ráðstöfunum til að skapa jöfnuð í fjármálum ríkisins á árinu 1968.

09 **Hagstofa Íslands,** lækkun 0.1 m.kr. og

10 **Ríkisendurskoðun,** hækkun 2.7 m.kr. — sjá skýringar á kostnaði við Stjórnarráðið hér á eftir.

Kostnaður við Stjórnarráðið.

Samanburður fjárlagafrumvarps 1968 og fjárlaga 1967.

		Heildarútgjöld: Frumvarp 1968 þús. kr.	Fjárlög 1967 þús. kr.
01	Forsætis- og menntamálaráðuneytið	9 107	2 130
02	Utanríkisráðuneytið	12 369	11 026
03	Atvinnumálaráðuneytið	4 221	1 863
04	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	6 282	2 118
05	Félagsmálaráðuneytið	4 063	1 877
06	Fjármálaráðuneytið	10 590	2 413
07	Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið	2 692	1 059
08	Viðskiptaráðuneytið	3 157	2 086
09	Hagstofa Íslands	6 942	7 087
10	Ríkisendurskoðun	7 737	5005

			Heildarútgjöld: Frumvarp 1968 þús. kr.		Fjárlög 1967 þús. kr.
06	102	Ríkisbókhald	6 753		5 653
06	901	Símkostnaður og kaup á símstöð	3 900		2 750
		Óviss útgjöld	10 000		10 000
		Liðir, sem eru óskiptanlegir í fjárl. 1967:			
		Aðrir starfsmenn Stjórnarráðs		2 036	
		Annar kostnaður ráðuneyta		9 000	
		Kostnaður við alþjóðaráðstefnur		1 000	
		Kostnaður við embættiseftirlitsferðir		100	
		Sameiginlegur kostnaður (11. gr. C)		2 000	
		Óviss útgjöld		10 000	
		Viðhald Stjórnarráðshúss, Arnarhvols og ráðherrabúst.		1 500	
					25 636
		Samtals	87 813		80 703

Yfirlitið leiðir í ljós, að áætlaður kostnaður við Stjórnarráðið hækkar um 7.1 m.kr. frá fjárlögum 1967. Hins ber þó að gæta, að þeim kostnaði ráðuneytanna, sem áður var áætlaður vegna óvissra útgjalda, hefur verið skipt á einstök ráðuneyti í fjárlagafrumvarpi 1968, en auk þess hefur verið tekinn inn sérstakur liður, óviss útgjöld, að upphæð 10.0 m.kr. og færður undir fjármálaráðuneytið. Er þessum lið ætlað að vera til taks, ef algjörlega ófyrirséð atvik ber að höndum. Með tilliti til þess má segja, að áætlaður heildarkostnaður við ráðuneytin lækki um 2.9 m.kr. í fjárlagafrumvarpi ársins 1968.

Tekjuhlið.

Heildartekjur á rekstrarreikningi frumvarpsins nema 6 195.3 m.kr. Þar af renna 1 222.3 m.kr. til ákveðinna aðila skv. lögum eða heimildum, og eru þessir skattar og gjöld sýnd á sérstöku yfirliti á bls. 105 og 107, þar sem einnig er sýnt, hvert þau renna. Að þessum sköttum og gjöldum frátöldum eru tekjur á rekstrarreikningi 4 973.0 m.kr., en það er 267.7 m.kr. hækkun frá fjárlögum 1967. Þess má geta, að tekjuáætlunin hefur í ríkara mæli en áður verið byggð á heildaráætlun um þjóðhagsþróunina á næsta ári. Verður nú gerð grein fyrir veigamestu breytingum einstakra skatta og gjalda.

Eignarskattar. Skv. frumvarpinu hækka tekjur af eignarskatti um 68.4 m.kr., þar af eignarskattur einstaklinga um 50.2 m.kr. og eignarskattur félaga um 18.2 m.kr. Auk eðlilegrar eignaaukningar á hækkunin rætur að rekja til hækkunar fasteignamats, sem gerð er grein fyrir í upphafi þessara athugasemda.

Tekjuskattar. Áætluð hækkun tekjuskatts er 8.6 m.kr., sem kemur þannig fram, að tekjuskattur einstaklinga hækkar um 14.1 m.kr., en tekjuskattur félaga lækkar um 5.5 m.kr. Þessi áætlun er byggð á 2.5% lækkun þjóðartekna á mann, 2% fjölgun gjaldenda, en hærra innheimtuhlutfalli.

Gjöld af innflutningi. Aðflutningsgjöld eru áætluð 50.8 m.kr. lægri en í fjárlögum 1967, og stafar þessi lækkun af áætlaðri lækkun á verðmæti útflutningsafurða og þjóðartekna. Þannig er almennur innflutningur áætlaður 2% minni en 1967, og auk þess er gert ráð fyrir nokkurri lækkun meðaltolls. Af hliðstæðum orsökum er áætlað, að gjald af bifreiðum og bifhjólum lækki um 14.9 m.kr.

Gjöld af framleiðslu. Gjöld af innlendum tollvörum eru áætluð 2.0 m.kr. hærri en í fjárlögum 1967.

Gjöld af seldum vörum og þjónustu. Tekjur af söluskatti eru áætlaðar 2.9 m.kr. hærri en í fjárlögum 1967 vegna víkkunar álagsgrundvallar og lækkunar niðurgreiðslna, eins og gerð er grein fyrir í upphafi þessara athugasemda, en hrein velta er áætluð 1.4% minni en á árinu 1967. Rekstrarhagnaður ÁTVR, sem skilað er í ríkissjóð, er áætlaður 127.4 m. kr. hærri en í fjárlögum yfirstandandi árs, og kemur hér til sú hækkun útsöluverðs, sem áður er gerð grein fyrir. Farmiðaskattur er nýr skattur, sem áður hefur verið ræddur, og eru áætlaðar tekjur ríkissjóðs af skattinum 60.0 m.kr.

Aðrir óbeinir skattar. Í þessum flokki skatta eru ýmsir skattar, sem ekki hafa verið sýndir áður í fjárlögum sem slíkir, og auk þess er gerð mun nákvæmari sundurliðun á öðrum. Meðal hinna fyrrnefndu eru skoðunar- og skrásetningargjöld bifreiða og prófgjöld bifreiðastjóra, samtals 13.7 m.kr., sem nú hafa áhrif til hækkunar á heildartekjum, en áður voru þessir skattar látnir jafna kostnað við bifreiðaeftirlit ríkisins gjaldamegin á rekstrarreikningi. Hið sama á við um skipulagsgjald, sem stendur undir kostnaði við embætti skipulagsstjóra, 6.8 m.kr. Tekjur ríkissjóðs af umboðsþóknun og gengismun viðskiptabankanna og gjaldeyrisskatti eru áætlaðar samtals 3.5 m.kr. hærri en í fjárlögum 1967.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta. Hér er um að ræða hagnað af ríkisfyrirtækjum og stofnunum öðrum en ÁTVR, sem færður er undir annan flokk skatta, og nemur hækkunin frá fjárlögum 1967 31.5 m.kr. Þar eru þyngstar á metunum arðgreiðslur frá pósti og síma, 20.0 m.kr., flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli, 8.9 m.kr. og fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli, 2.4 m.kr.

Ýmsar tekjur. Mikilvægustu breytingar, sem verða á þessum lið, eru hækkun vaxtatekna og arðs af hlutabréfum um samtals 14.0 m.kr., en tekjur þessar voru mjög vanáætlaðar í fjárlögum 1967. Á hinn bóginn lækka áætlaðar tekjur af sektum og upptækum vörum til ríkissjóðs um 6.0 m.kr.

Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins.

00 Æðsta stjórn ríkisins.

100 **Embætti forseta Íslands.** Þessi liður lækkar um 628 þús. kr. frá fjárlögum 1967, og stafar sú lækkun af því, að framlag til bókhlöðu á Bessastöðum, 400 þús. kr., og stofnkostnaðarframlag til Bessastaðabús, 370 þús. kr., falla út, en hins vegar hækka ýmsir kostnaðarliðir um samtals 142 þús. kr.

200 **Alþingi.** Liðurinn lækkar um 890 þús. kr. frá fjárlögum 1967, og hefur verið farið eftir tillögum frá skrifstofu Alþingis.

01 Forsætis- og menntamálaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Sjá skýringar á bls. 127.

102 **Efnahagsstofnunin.** Hækkun á þessum lið nemur 300 þús. kr., og er hér um að ræða þriðja hluta kostnaðar við rekstur stofnunarinnar, sem borinn er af ríkissjóði. Orsakir þessarar hækkunar eru víkkað starfssvið, aukin notkun skýrsluvéla og aukning húsaleigukostnaðar, en stofnunin flutti í stærra húsnæði síðara hluta ársins 1967.

103 **Byggingarsjóður stjórnarráðshúss.** Framlagið er lækkað um um 160 þús. kr. frá þeirri tölu, sem stóð í fjárlögum 1967. Sú tala er þó óraunhæf, þar sem ákveðin var 10% lækkun fjárfestingarframlaga eftir að fjárlög 1967 höfðu verið samþykkt, þannig að raunverulega er ekki um breytingu að ræða.

199 **Ýmislegt.** Undir þennan lið heyra sex viðfangsefni. **Fræðileg rannsókn á skólakerfinu.** Fjárveiting 1967 til þessa liðar var 800 þús. kr., en laun forstöðumanns, 213 þús. kr., voru færð á launalið menntamálaráðuneytisins. Raunveruleg hækkun á fjárlögum er því 268 þús. kr., sem stafar af auknum rannsóknum. **Málnefnd, nýyrðasöfnun o. fl.** lækkar um 25 þús. kr. **Ritun og útgáfa sögu Stjórnarráðsins** er óbreytt frá fjárlögum 1967. **Byggingardeild mennta-**

málaráðuneytisins er nýr liður, en í lögum nr. 49/1967 um skólakostnað er gert ráð fyrir, að stofnuð verði sérstök byggingardeild, er annist undirbúning að byggingu skólamannvirkja og eftirlit með byggingarframkvæmdum. Gert er ráð fyrir, að byggingareftirlitsmenn skóla verði starfsmenn deildarinnar. **Til umbóta og viðhalds á Stjórnarráðshúsinu** er gert ráð fyrir 500 þús. kr. framlagi vegna þakviðgerðar á Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg. **Kaup og endurbætur á Viðeyjarstofu** er nýr liður vegna væntanlegra kaupa á umræddri eign og landsspildu í Viðey, svo og ýmissa umbóta á eigninni.

Heildarhækkun á þessum lið er 11 211 þús. kr., sem kemur þannig fram: Fræðileg rannsókn á skólakerfinu 268 þús. kr., byggingardeild 468 þús. kr., umbætur og viðhald Stjórnarráðshúss 500 þús. kr., kaup og endurbætur á Viðeyjarstofu 10 000 þús. kr., en málnefnd, nýyrðasöfnun o. fl. lækkar um 25 þús. kr.

201 **Háskóli Íslands.** Þessi liður hækkar um 3 099 þús. kr., og stafar sú hækkun einkum af kennarafjölgun í samræmi við kennaraáætlun og aukinni stundakennslu.

202 **Tilraunastöð Háskólans á Keldum.** Hækkun á þessum lið er 953 þús. kr. frá fjárlögum 1967, m. a. vegna ráðningar nýs forstöðumanns og eðlilegra tilfærslna milli launaflokka. Að öðru leyti hækkar kostnaðar- og tekjuáætlun vegna vanáætlunar fyrri ára.

203 **Raunvísindastofnun Háskólans.** Lækkun á þessum lið, 1 000 þús. kr., kemur fram í lækkuðu byggingarframlagi, þar sem byggingu húss fyrir starfsemi stofnunarinnar er lokið.

205 **Handritastofnun Íslands.** Lækkun á þessum lið nemur 3 008 þús. kr., sem stafar af lækkun á byggingarframlagi um 3 200 þús. kr., en á móti hækkar launaliður vegna starfsmanns um 192 þús. kr. Laun hans voru færð á annan lið fjárlaga yfirstandandi árs.

208 **Náttúrufræðistofnun Íslands.** Kostnaður vegna sýningarsalar, sem tekinn hefur verið í notkun í nýju húsnæði stofnunarinnar, nemur 295 þús. kr.

210 **Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.** Hér er um að ræða nýjan lið, en í sjóðinn rennur hluti af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands (20%), og er upphæðin, 3 600 þús. kr., færð til tekna á rekstrarreikningi fjárlagafrumvarps.

211 **Menntaskólinn í Reykjavík.** Áætlað framlag hækkar um 1 389 þús. kr., sem stafar af því, að vextir, 654 þús. kr., eru nú færðir til gjalda, endurnýjun á lestrarsal nemur 300 þús. kr. og afgangurinn stafar af hækkun annarra rekstrargjalda, sem voru vanáætluð í fjárlögum 1967.

212 **Menntaskólinn á Akureyri.** Hækkun á þessum lið nemur 1 061 þús. kr., þar af 690 þús. kr. vegna aukinnar stundakennslu og aukins ræstingarkostnaðar og 371 þús. kr. vegna ýmissa annarra kostnaðarliða.

213 **Menntaskólinn á Laugarvatni.** Hækkun á þessum lið nemur 2 469 þús. kr., þar af 1 900 þús. kr. vegna hækkaðs byggingarframlags og afgangurinn vegna aukins nemendafjölda.

214 **Menntaskólinn við Hamrahlíð.** Hækkun er 7 270 þús. kr., sem stafar af hækkun byggingarframlags um 5 700 þús. kr., vaxtagreiðslu, sem nú er tekin upp í frumvarpið, 868 þús. kr., og loks verður mikil aukning á starfseminni, þar sem nýr árgangur verður tekinn í skólann haustið 1967.

215 **Kennaraskólinn.** Rekstrarkostnaður við skólann hækkar um 3 276 þús. kr., aðallega vegna þess, að haustið 1967 verða teknar inn sex nýjar bekkjadeildir, en auk þess er gert ráð fyrir 1 169 þús. kr. vaxtagreiðslu, sem færð var á 7. grein fjárlaga 1967. Byggingarframlag, sem var 5 000 þús. kr. á fjárlögum 1967, en varð 4 500 þús. kr. vegna 10% almennrar lækkunar fjárfestingarframlaga, er tekið út af þessum lið, en í stað þess er tekið upp sérstakt byggingarframlag, 5 700 þús. kr., til **Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraskólans (218).**

221 **Fræðslumálaskrifstofan.** Hækkun á þessum lið, 900 þús. kr., stafar einkum af aukningu framlaga til almenningsbókasafna, framkvæmdar sundskyldu í skólum og framlagi til fræðslumyndasafns ríkisins, sem er nýr liður skv. lögum nr. 49/1967.

223 **Íþróttakennaraskóli Íslands.** Þessi liður lækkar um 385 þús. kr. frá fjárlögum 1967. Af þessari upphæð er 200 þús. kr. lækkun á byggingarframlagi ekki raunveruleg sökum 10% almennrar lækkunar slíkra framlaga. Framlag til lagningar íþróttavallar lækkar um 300 þús. kr., en hrein hækkun á ýmsum öðrum kostnaðarliðum er 115 þús. kr.

224 **Heyrnleysingjaskólinn.** Framlag lækkar um 714 þús. kr., og kemur sú lækkun þannig fram, að byggingarframlag, 300 þús. kr., fellur út, en afgangurinn skýrist af lækkun á viðhaldskostnaði, þar sem í fjárlögum 1967 var sérstök fjárveiting til endurbóta á skólahúsinu. Á móti þessu kemur nokkur hækkun á einstökum kostnaðarliðum í sambandi við kennsluna.

231 **Húsmæðrakennaraskóli Íslands.** Þessi liður lækkar um 375 þús. kr., en á fjárlögum 1967 var sérstök fjárveiting að upphæð 385 þús. kr. vegna ráðskonudeildar. Kennsla í þeirri deild fór hins vegar ekki fram vegna ónógrar þátttöku, og á því umrædd upphæð að vera fyrir hendi.

241 **Hjúkrunarskóli Íslands.** Hækkun á liðnum nemur 1 165 þús. kr., sem stafar einkum af hækkun launagreiðslna, þ. á m. námslaun hjúkrunarnema, en þeim fjölgar verulega haustið 1967. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 190 þús. kr. vegna malbikunar á lóð skólans.

242 **Vélskólinn.** Hækkun 1 287 þús. kr. Þetta er að verulegu leyti kostnaður, sem fallinn er á 1967 og stafar af vanáætluðum greiðslum vegna stundakennslu og breytingu húsnæðis fyrir smíðakennslu, sem tekin verður upp.

243 **Tækniskólinn.** Liðurinn hækkar um 1 016 þús. kr., sem stafar af húsakaupum.

244 **Iðnskólar.** Framlag til iðnfræðslunnar hækkar um 1 097 þús. kr., vegna fjölgunar iðnnnema og aukinnar fræðslu í nokkrum skólum sökum tengsla við tækniskóla.

259 **Héraðsskólar almennt.** Á þessum lið kemur fram 1 200 þús. kr. lækkun, sem er vegna viðhalds. Þessi lækkun er þó að mestu óraunhæf með tilliti til þess, að tekið er inn sérstakt 1 100 þús. kr. framlag til greiðslu skuldar vegna viðhalds héraðsskólans á Laugarvatni. Byggingarframlög eru óbreytt frá fjárlögum 1967, en með tilliti til almennrar lækkunar framlaganna árið 1967 er raunverulega um 1 540 þús. kr. hækkun að ræða.

298 **Gagnfræðamenntun.** Framlag til gagnfræðamenntunar hækkar um 15 158 þús. kr. Til rekstrar er ætlað 135 170 þús. kr., sem er 15 430 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1967, og til bygginga utan Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Kópavogs og Akraness 8 303 þús. kr., en það er 272 þús. kr. lækkun frá fjárlögum ársins 1967. Hins vegar hækka raunveruleg framlög um 530 þús. kr., sé miðað við 10% lækkun á fjárlagatölum 1967. Hækkun rekstrarkostnaðarins stafar af eðlilegri nemendafjölgun og auknu viðhaldi.

329 **Barnafræðslan.** Heildarframlag til barnafræðslu er 310 484 þús. kr., þar af 89 362 þús. kr. til bygginga. Hækkunin er 13 655 þús. kr., sem skiptist þannig, að rekstrarkostnaður eykst um 18 551 þús. kr., en byggingaframlög lækka aftur á móti um 4 896 þús. kr. Miðað við 10% almenna lækkun fjárfestingarframlaga 1967 hækka þó slík framlög um 4 529 þús. kr. Hækkun rekstrarkostnaðar stafar af eðlilegri nemendafjölgun, auknu viðhaldi og breyttu skólahaldi, þ. á m. lengingu skólatíma, afnámi farskóla og auknum flutningi nemenda.

332 **Vistheimilið í Breiðuvík.** Lækkun á þessum lið nemur 190 þús. kr., sem skýrist af hækkuðum tekjum heimilisins um sömu upphæð.

333 **Félagsheimilasjóður.** Liður þessi er nýr í fjárlagafrumvarpi, en á hann er færður hluti sjóðsins af skemmtanaskatti, 7 500 þús. kr.

334 **Íþróttasamband Íslands.** Á þennan lið er færður hluti sambandsins af gjaldi af seldum vindlingum, 3 100 þús. kr., auk beins framlags úr ríkissjóði, 500 þús. kr.

401 **Náms- og fræðimenn, framlög.** Heildarhækkun á þessum lið nemur 5 331 þús. kr. Af þeirri upphæð eru 5 479 þús. kr. **til styrktar íslenzkum námsmönnum. Til leiðbeininga námsmanna um val á námsefni** er nýr liður að upphæð 207 þús. kr. Á móti þessu kemur lækkun á nokkrum liðum svo sem viðhaldi nýja stúdentagarðsins, 100 þús. kr., framlagi til félagsheimilis stúdenta, 100 þús. kr., sem þó er ekki raunveruleg lækkun, sökum 10% almennrar lækkunar 1967, og niður falla framlög til kaupa á húsnæði fyrir stúdenta í París, 105 þús. kr., og rannsóknir á félagslegum högum stúdenta, 50 þús. kr.

403 **Ríkisútgáfa námsbóka.** Framlag óbreytt, þegar afborganir og vextir af lánum vegna húsakaupa eru talin með.

404 **Menningarsjóður, framlag.** Þetta er nýr liður og á hann fært miðagjald 4 400 þús. kr. og sektir og upptækar vörur 1 500 þús. kr. Þessar tekjur eru færðar á rekstrarreikning fjárlagafrumvarps.

501 **Norræn samvinna.** Liðurinn lækkar um 1 308 þús. kr., sem stafar af því, að byggingarframlag til norræns húss í Reykjavík lækkar um 1 500 þús. kr., en á móti kemur nýr liður til menningarsjóðs Norðurlanda, 187 þús. kr. Aðrir liðir eru að mestu óbreyttir.

601 **Landsbókasafn.** Framlag hækkar um 201 þús. kr. vegna afmælis safnsins árið 1968.

602 **Þjóðminjasafnið.** Hækkunin, 200 þús. kr., er vegna nauðsynlegra endurbóta og viðhalds á húsnæði.

701 **Listir, framlög.** Hækkunin, 2 470 þús. kr., stafar af auknum framlögum til tónlistarskóla, 1 000 þús. kr., og hlutdeild sinfóníuhljómsveitar í skemmtanaskatti, 1 500 þús. kr., sem á móti er færð til tekna, en þessi liður var ekki tekinn á fjárlögum 1967. Hins vegar fellur niður framlag til sýningar á íslenzkri alþýðulist í Hamborg.

704 **Þjóðleikhús.** Framlög hækka um 7 500 þús. kr., sem er hluti af skemmtanaskatti, en liður þessi er færður til tekna á rekstrarreikningi frumvarpsins.

705 **Ríkisútvarp, sjónvarp. Aðflutningsgjöld.** Hér er um að ræða áætlað aðflutningsgjald af sjónvarpstækjum, 20 000 þús. kr., sem rennur til stofnunarinnar skv. sérstökum lögum. Upphæðin er færð til tekna á rekstrarreikningi frumvarpsins.

991 **Náttúruverndarráð.** Þessi liður er óbreyttur frá fjárlögum 1967, þegar tillit er tekið til afborgana og vaxta af láni.

02 Utanríkisráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Sjá skýringar á bls. 127.

102 **Varnarmáladeild.** Sjá skýringar á bls. 127.

103 **Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli.** Hækkunin, 872 þús. kr., stafar af fjölgun starfsliðs vegna tollgæzlunnar á Keflavíkurflugvelli.

201 **Sendiráðið í Bonn.** Þessi liður hækkar um 448 þús. kr., sem stafar af auknu viðhaldi vegna þess að skipta þarf um þak á byggingu sendiráðsins svo og af kaupum á bifreið.

203 **Sendiráðið í London.** Framlag til sendiráðsins lækkar um 318 þús. kr., en í fjárlögum 1967 var fjárveitingin miðuð við sérstakar endurbætur á sendiráðinu og kaup á bifreið.

206 **Sendiráðið í París.** Þessi liður lækkar um 1 650 þús. kr., en hluti af starfseminni flyzt til Brüssel.

211 **Sendinefnd Íslands hjá NATO, Brüssel.** Hér er um nýjan lið að ræða, en ákveðið var á árinu 1967 að koma á fót sérstakri sendinefnd í Brüssel, þegar

höfuðstöðvar NATO voru fluttar þangað. Heildarkostnaður við rekstur sendinefndarinnar er áætlaður 3 845 þús. kr. árið 1968.

300 **Alþjóðastofnanir.** Liðurinn lækkar um 2 878 þús. kr. Lækkunin kemur þannig fram, að framlög vegna heimssýningar, 4 000 þús. kr., og vegna alþjóðaflóttamannasöfnunarinnar, 600 þús. kr., falla út, en á móti hækka eftirtaldir liðir: Tillag til S. Þ. 100 þús. kr., til Evrópuráðsins 60 þús. kr., til alþjóðakjarnorkumálastofnunar 55 þús. kr., til þingmannasambands NATO 60 þús. kr., til I. L. O. 180 þús. kr., til alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar 212 þús. kr., til I. D. A. (nýr liður) 968 þús. kr., og nokkrir aðrir liðir hækka um samtals 87 þús. kr.

03 Atvinnumálaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Sjá skýringar á bls. 127.

201 **Búnaðarfélag Íslands.** Hækkunin, 252 þús. kr., stafar fyrst og fremst af því, að í fjárlögum 1967 hafði ekki verið gert ráð fyrir hækkun ýmissa launaliða, sem svaraði eðlilegri verðlagsuppbót.

205 **Veiðistjóri.** Aukning á framlagi til eyðingar refa og minka nemur 100 þús. kr.

206 **Rannsóknastofnun landbúnaðarins.** Þessi liður hækkar um 390 þús. kr., vegna þess að ráðinn hefur verið nýr sérfræðingur að stofnuninni svo og bílstjóri, en stofnunin flytur í nýtt húsnæði á Keldnaholti haustið 1967.

217 **Bændaskólinn á Hvanneyri.** Á þessum lið verður 204 þús. kr. lækkun, sem kemur þannig fram, að gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 657 þús. kr., en á móti hækka laun um 303 þús. kr., einkum vegna lengingar framhaldsdeildar um eitt ár, og halli á rekstri búsins er áætlaður 150 þús. kr.

218 **Bændaskólinn á Hólum.** Liðurinn hækkar um 837 þús. kr., þannig að byggingarframlag hækkar um 970 þús. kr., en á móti kemur lækkun á nokkrum rekstrarliðum, samtals 133 þús. kr.

219 **Garðyrkjuskólinn á Reykjum.** Liðurinn sýnir lækkun um 237 þús. kr., þar af 200 þús. kr. lækkun á byggingarframlagi, sem þó er óraunhæft með tilliti til 10% almennrar lækkunar slíkra framlaga á yfirstandandi ári.

228 **Húsmæðraskólar utan kaupstaða, almennt.** Sú lækkun, sem fram kemur á þessum lið við samanburð við fjárlög 1967, 625 þús. kr., er óraunhæf, þar sem hér kemur til hin almenna lækkun á byggingarframlögum, sem gerð var á árinu 1967.

231 **Landgræðslusjóður, framlag.** Hér er um að ræða nýjan lið, og er færður á hann hluti gjalds af seldum vindlingum, 3 800 þús. kr., en upphæðin er færð til tekna á rekstrarreikningi frumvarpsins.

235 **Landgræðsla.** Liðurinn lækkar um 408 þús. kr. vegna almennrar lækkunar fjárfestingarframlaga 1967, þannig að ekki er um raunverulega lækkun að ræða.

243 **Sauðfjárveikivarnir.** Liðurinn lækkar um 1 355 þús. kr. vegna minni áætlaðrar starfsemi á árinu 1968.

245 **Landbúnaður, framlög.** Hækkun á þessum lið nemur 13 048 þús. kr. vegna nýs liðar, framleiðnisjóðs landbúnaðarins, 10 000 þús. kr., jarðræktar- og húsagerðarsamþykkta, 950 þús. kr., og framlags til búfjárræktar skv. lögum nr. 21/1965, 2 138 þús. kr., en nettólækkun á öðrum liðum nemur 40 þús. kr.

246 **Veiðimálaskrifstofan.** Liðurinn lækkar um 300 þús. kr. vegna lækkunar á framlagi til laxeldisstöðvarinnar í Kollafirði.

247 **Embætti yfirdýralæknis.** Hækkun á þessum lið, 1 773 þús. kr., stafar af framlagi vegna búfjársjúkdóms (hringskyrfis).

248 **Vélasjóður, framlag.** Lækkun, 750 þús. kr., á rót sína að rekja til þess, að á fjárlögum 1967 var veitt fé til síðustu greiðslu vegna kaupa á lokræsaplógi og dráttarvél.

301 **Fiskifélag Íslands.** Hækkunin, 160 þús. kr., stafar af því, að í fjárlögum 1967 hafði ekki verið tekið tillit til verðlagsuppbótar á laun að fullu.

302 **Hafrannsóknastofnunin.** Liðurinn hækkar um 2 368 þús. kr. vegna aukinnar starfsemi í sambandi við komu nýs fiskileitarskips.

303 **Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.** Framlag til stofnunarinnar hækkar um 1 018 þús. kr., og stafar það af ráðningu nýs sérfræðings, 500 þús. kr., og afgangurinn af nýjum rannsóknarverkefnum.

304 **Byggingarsjóður hafrannsóknaskips.** Hér er um að ræða nýjan lið í fjárlagafrumvarpi, sem á er færður hluti af útflutningsgjaldi, 4 500 þús. kr., en þessi hluti útflutningsgjaldsins er færður til tekna á rekstrarreikningi frumvarpsins.

305 **Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegs.** Þessi liður er nýr á fjárlagafrumvarpi og á hann færður hluti útflutningsgjalds, 3 400 þús. kr., sem á hinn bóginn er færður sem tekjur á rekstrarreikning fjárlagafrumvarps.

306 **Byggingarsjóður síldarleitarskips.** Liðurinn, sem inniheldur síldargjald, 10 200 þús. kr., er nýr á fjárlagafrumvarpi og færður til tekna á rekstrarreikning frumvarpsins.

311 **Fiskmat ríkisins.** Liðurinn hækkar um 343 þús. kr. vegna ráðningar nýs fiskmatsmanns og kostnaðar kringum hann.

322 **Sjávarútvegur, framlög.** Framlög til sjávarútvegsins hækka um 211 000 þús. kr., einkum vegna áætlaðs framlags til verðjöfnunar á sjávarafurðum, 100 000 þús. kr., og til uppbóta á fiskverð, 100 000 þús. kr., en þessi framlög voru ákveðin með sérstökum lögum utan fjárlaga á árinu 1967. Fjárveitingin nú er áætlunarupphæð, sem ekki verður greidd nema í samræmi við sérlög, er væntanlega verða sett. Framlag til aflatryggingasjóðs hækkar um 2 000 þús. kr. og framlag til Fiskveiðasjóðs Íslands um 9 000 þús. kr., en aðrir liðir eru óbreyttir.

399 **Ýmislegt á sviði sjávarútvegs.** Liðurinn hækkar um 500 þús. kr. vegna sjóminjasýningar, sem fyrirhuguð er árið 1968.

401 **Orkustofnun.** Fjárveitingar til Orkustofnunar og Orkusjóðs (402) svara til 16. gr. D. í fjárlögum 1967. Samtals eru þessar fjárveitingar í frumvarpinu ráðgerðar jafnháar og þær eru í fjárlögum. Hins vegar er gerð veruleg tilfærsla til lækkunar á fjárveitingu til Orkustofnunar frá því, sem nú er eða nál. 1 900 þús. kr. Samsvarandi hækkun er gerð á framlagi til Orkusjóðs.

402 **Orkusjóður.** Sjóðnum er nú ætluð fjárveiting í fyrsta sinn skv. nýju orkulögunum. Þar er talin fjárveiting til rafvæðingar í sveitum, óbreytt f. f. á., 4 000 þús. kr., til díeselrafstöðvalána handa bændum og 3 000 þús. kr. til lána vegna jarðhitaleitar. Til að fullnægja þörf fyrir díeselstöðvalán handa bændum þarf Orkusjóður að auki að taka u. þ. b. 5 m.kr. lán.

403 **Rafmagnseftirlit ríkisins.** Á móti útgjöldum á þessum lið kemur sama upphæð til tekna á rekstrarreikningi frumvarpsins, sem er rafmagnseftirlitsgjald, 5 500 þús. kr.

501 **Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.** Hækkun á þessum lið nemur 998 þús. kr., sem stafar af því, að rannsóknastofnun landbúnaðarins verður allt árið 1968 í nýju húsnæði á Keldnaholti, og hefur það í för með sér 800 þús. kr. kostnaðarauka. Þá eykst kostnaður vegna rafmagns og hitunar um 182 þús. kr., sökum þess að í áætlun til fjárlaga 1967 var ekki tekið tillit til verðhækkunar á þessum liðum, sem varð á árinu 1967, og loks eru eðlilegar launahækkanir 16 þús. kr.

504 **Verzlunarskólar.** Liðurinn hækkar um 380 þús. kr., þar af 95 þús. kr. vegna prófs löggiltra endurskoðenda, en afgangurinn stafar af aukinni kennslu í Verzlunarskóla Íslands og Samvinnuskólanum.

04 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Sjá skýringar á bls. 127.

102 **Hæstiréttur.** Hækkun á þessum lið er 381 þús. kr. og stafar af nauðsynlegri viðgerð á þaki, aukinni vélritunarvinnu og kaupum á innanstokksmunum.

104 **Borgardómarinn í Reykjavík.** Liðurinn hækkar um 227 þús. kr. vegna ráðningar löglærðs fulltrúa.

105 **Borgarfógetinn í Reykjavík.** Hækkun er 343 þús. kr., fyrst og fremst vegna þess að gert er ráð fyrir endurskipulagningu á bókhaldi, en auk þess mun launaliður hafa verið vanáætlaður í fjárlögum 1967.

107 **Lögreglustjórinn í Reykjavík.** Það, sem veldur hækkuninni, 1 893 þús. kr., er kaup tveggja ritara, 220 þús. kr., vextir 1 322 þús. kr., og kostnaður vegna aukins húsnæðis.

110 **Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.** Þessi liður inniheldur byggingarframlög vegna embættisbústaða héraðsdómara, og er um sömu upphæð, 2 160 þús. kr., að ræða og í fjárlögum 1967, þegar tillit hefur verið tekið til 10% almennrar lækkunar á slíkum fjárframlögum.

111—134 **Sýslumenn og bæjarfógetar.** Til rekstrar embætta sýslumanna og bæjarfógeta voru veittar samtals 44 657 þús. kr. á fjárlögum 1967, áður en tillag frá Tryggingastofnun ríkisins, 6 500 þús. kr., hefur verið dregið frá, en sambærileg heildartala í fjárlagafrumvarpi 1968 er 45 484 þús. kr. Hækkunin er því 827 þús. kr.

141 **Dómsmál, ýmis kostnaður.** Liðurinn hækkar um 2 375 þús. kr., þar af málskostnaður 1 750 þús., meðdómsmenn 250 þús. kr., setu- og varadómarar 150 þús. kr., próf málflytjenda, nýr liður, 125 þús. kr. og ýmis sameiginlegur kostnaður við embætti dómara og lögreglustjóra 500 þús. kr. Á móti fellur út framlag til útgáfu lagasafns, 400 þús. kr.

142 **Löggæzla.** Framlög til löggæzlu hækka um 8 446 þús. kr., og verður hækkun til allra málefna á þessum lið. Langmest munar þó um hækkun framlaga til löggæzlu sveitarfélaga 4 000 þús. kr., borgarlögreglu í Reykjavík 2 806 þús. kr. og ríkislögreglu í Reykjavík 636 þús. kr.

146 **Fangamál, ýmis kostnaður.** Liðurinn sýnir 555 þús. kr. lækkun frá fjárlögum 1967, sem þó er óraunhæf, því að sé tekið tillit til 10% almennrar lækkunar á fjárfestingarframlögum á yfirstandandi ári, er um lítilsháttar hækkun að ræða á liðnum frá fjárlögum 1967.

147 **Landhelgisgæzla.** Framlög til Landhelgisgæzlu lækka um 10 542 þús. kr. frá fjárlögum 1967, en að frátalinni lokagreiðslu af skuld vegna „Óðins", 3 450 þús. kr. í fjárlögum yfirstandandi árs, nemur lækkunin 7 092 þús. kr. Orsakir þessarar lækkunar eru fólgnar í fyrirhugaðri endurskipulagningu á starfseminni, annars vegar vegna komu hins nýja varðskips á miðju ári 1968 og hins vegar vegna þess að gert er ráð fyrir, að Landhelgisgæzlan annist rekstur vitaskipsins „Árvakurs". Þar sem samningum um það er ekki lokið, er þó ekki gert ráð fyrir rekstri vitaskipsins á þessum lið. Að öðru leyti er fyrirhuguð endurskipulagning í því fólgin að leggja „Ægi," „Maríu Júlíu" og draga úr rekstri „Alberts" að hálfu leyti.

151 **Framkvæmd laga um hægri umferð.** Á móti útgjöldum á þessum lið, 32 720 þús. kr., koma tekjur af sérstökum bifreiðaskatti, 16 160 þús. kr., sem færðar eru á rekstrarreikning fjárlagafrumvarps. Nettófjárveiting verður þannig 16 560 þús. kr.

152 **Bifreiðaeftirlit.** Hækkunin, 932 þús. kr., stafar fyrst og fremst af því, að útgjöld voru vanáætluð í fjárlögum 1967. Þessi liður hafði ekki áhrif á niðurstöðutölur fjárlaga 1967, þar sem tekjur voru færðar til jöfnunar gjaldamegin.

201 **Landlæknisembættið.** Liðurinn hækkar um 876 þús. kr., og stafar sú hækkun af hærri launagreiðslum til héraðslækna, 359 þús. kr., námslaun héraðslækna,

500 þús. kr., og prentunarkostnaði, 250 þús. kr., sem áður hefur verið færður á annan lið fjárlaga. Á móti fellur út stofnframlag til bifreiðalánasjóðs héraðslækna, 500 þús. kr., en aðrir liðir hækka um samtals 267 þús. kr.

202—208 **Ríkisspítalar.** Framlög til ríkisspítala eru miðuð við óbreyttan rekstur frá 1967 að öðru leyti en því, að framlög til Landsspítala eru hækkuð vegna nýrrar lyflæknisdeildar. Sú lækkun, sem fram kemur á framlögum til einstakra stofnana stafar af því, að skrifstofa ríkisspítalanna er færð sérstaklega (212), en áður hafði rekstrarkostnaði hennar verið skipt á einstök sjúkrahús og stofnanir.

Byggingarframlög til ríkisspítala eru innifalin í framlögum til einstakra stofnana, en þau eru sem hér segir:

	M.kr.
Landspítali, viðbygging	25.0
Landspítali, eldhús	12.0
Fæðingardeild Landspítalans	2.0
Kristneshæli	1.0
Fávitahælið í Kópavogi	0.4
Samtals	40.4

Sé tekið tillit til almennrar lækkunar byggingarframlaga á árinu 1967, hækka slík framlög til ríkisspítala um 3 770 þús. kr. skv. fjárlagafrumvarpi 1968.

209 **Blóðbanki.** Heildarhækkun á útgjöldum stofnunarinnar er 136 þús. kr., en þar sem tekjur hækka um 333 þús. kr., lækkar framlag ríkissjóðs um 197 þús. kr.

212 **Skrifstofa ríkisspítalanna.** Þetta er nýr liður á fjárlögum, en áður hefur kostnaði við skrifstofuna verið skipt á einstök sjúkrahús og stofnanir eins og fyrr greinir. Heildarkostnaður við skrifstofuna er áætlaður 6 149 þús. kr. árið 1968.

213 **Til sjúkrahúsa og læknabústaða.** Hækkunin á þessum lið er 7 585 þús. kr., sem kemur þannig fram: Styrkir til heilsuverndarstöðva hækka um 1 173 þús. kr., byggingarstyrkur til St. Jósepsspítala lækkar um 410 þús. kr., byggingarstyrkur til borgarsjúkrahúss í Reykjavík hækkar um 8 000 þús. kr., og nettólækkun á framlögum til byggingar annarra sjúkrahúsa nemur 1 178 þús. kr. Síðasttaldi liðurinn táknar þó ekki raunverulega lækkun á fjárframlögum með tilliti til 10% almennrar lækkunar á yfirstandandi ári.

214 **Lyfjaskrárnefnd og sérlyfjaeftirlit.** Útgjöld skv. þessum lið voru greidd af 12. og 19. gr. fjárlaga 1967. Á móti gjöldunum, 803 þús. kr., eru færðar tekjur af sérlyfjagjaldi, 400 þús. kr., á rekstrarreikning fjárlagafrumvarps.

215 **Minningarsjóður Landsspítalans.** Hér er um að ræða tekjur af samúðarskeytum Landssímans, 1 400 þús. kr., sem færðar eru á móti sem tekjur á rekstrarreikning frumvarpsins.

f. Verkefni æskulýðs- og námsmannafélaga og vinnumiðlunarstöðva, er starfa á grundvelli sambandsþjóðlegra samtaka.

2. Annað aðalverkefnið stafar af gildandi löggjöf um vernd æskulýðsins og hvílir á sambandinu milli frjálsra félaga og alríkisvalds. Samkvæmt þessari löggjöf ber héraðs- og landsyfirvöldum að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir varðandi æskulýðsmál, enda ber þeim fyrst og fremst að neyta fulltingis þeirra sam-

taka, er af frjálsum vilja hafa efnt til æskulýðsstarfa, og ber þeim að reyna slíkt samstarf til þrautar, áður en þau taka frumkvæði í þessum efnum.

Hér gildir sem sagt sú regla, að fyrst og fremst ber að efla frjáls félagssamtök á sviði æskulýðsmála, enda beri þau fullkomna ábyrgð á starfi sínu, eigi síður á sviði fræðslumála almennt heldur en á sviði félagsmála og réttarfars. Leiðir af sjálfu, að á þessu sviði ber samtökum andstöðuflokka eigi minni vernd og fulltingi en samtökum stjórnarflokka, enda fyrirgera engin stjórnmálasamtök slíku fulltingi önnur en þau, sem afneita eða berjast gegn þeim meginatriðum almenns frjálsræðis (frelsishugtaksins), er stjórnlögin segja fyrir um.

3. Þriðja meginatriðið í þessu æskulýðsstarfi er það að „hjálpa þeim, sem hjálpa sér sjálfir" í þessu efni, þannig að frjáls samtök áhugamanna geti öðlazt aðstoð til þess að gera enn betur.

Þess vegna miðast fjárstyrkur til almennra samtaka ekki við það að bæta að fullu öll útgjöld þeirra félaga, sem talin eru styrkhæf. Gætir hér þeirrar reglu, að félögin sæki því aðeins um alríkisaðstoð að þau geti ekki borið allan sinn kostnað sjálf. Eru því umsóknir þeirra um aðstoð því aðeins teknar til greina, að þau sanni hugkvæmni og vilja til góðs framtaks og allgóða fjárhagsgetu af eigin rammleik.

Með þessu er sýnt, að áætlunin er nátengd samstarfi við hvert einstakt land innan ríkjasambandsins (Sambandslýðveldisins), svo og við frjáls félagssamtök, og að alríkið á ekki frumkvæði að neinu nýmæli eða ráðstöfun, enda á slíkt að upphefjast í héraði eða landi. Verður að játa, að þetta fyrirkomulag felur í sér nokkrar takmarkanir og ókosti og leggur alríkinu nokkurn fjötur um fót. Getur einkum orðið tafsamt fyrir ókunnuga að afla sér nákvæms fróðleiks um framlög hins opinbera. Á hinn bóginn verður naumast fundin skárri lausn á grundvelli gildandi stjórnlaga Sambandslýðveldisins, en í þeim er sérstök áherzla lögð á sjálfstæði hvers einstaks „lands" (sambandsríkis) í mennta- og menningarmálum. Og sannleikurinn er sá, að þetta kerfi hefur gefið mjög góða raun, ekki sízt vegna þeirra takmarkana, sem ýmsir hefðu a priori viljað telja ókosti, því að fátt er vænlegra til áhrifa og velgengni en framtak frjálsra félagssamtaka, stutt með drjúgu framlagi hins opinbera.

Þýzka æskulýðsáætlunin (Der Deutsche Bundesjugendplan) er ekki „langtímaáætlun", heldur er hún fólgin í árlegum fjárveitingaáætlunum til æskulýðsmála, og eru þær á hverju ári háðar samþykki sambandsþingsins, skv. tillögum nefndar eða ráðs (Aktionsausschuss für Jugendfragen), sem í eiga sæti m. a. fulltrúar sambandsríkjanna og frjálsra æskulýðssamtaka, og skilar ráðið tillögum til þess ráðuneytis sambandslýðveldisins, sem fer með æskulýðsmál. Er hlutverk ráðsins einkum að meta umsóknir um styrki í ljósi fenginnar reynslu og æskilegrar nýbreytni.

Æskulýðsáætlunin hefur verið við lýði allt frá árinu 1950, en það ár nam fjárveiting til hennar 17.5 millj. mörkum. Á árinu 1966 nam fjárveitingin 66.5 millj. mörkum. Auk þess er talið, að ríkis- og sveitarfélögin og æskulýðssamtökin sjálf leggi árlega fram helmingi hærri fjárhæð, þannig að á árinu 1966 hafi samtals verið varið 199.5 millj. marka til æskulýðsmála í Sambandslýðveldinu. Talið er, að árlega njóti 10—12 millj. ungmenna góðs af æskulýðsáætluninni og þar af sé um 80% ófélagsbundið æskufólk.

Fylgiskjal VI.

Skýrsla Jacobus W. Ooms.

SKÝRSLA UM HEIMSÓKN TIL ÍSLANDS

I. Tilgangur fararinnar.

Sérstök stjórnskipuð nefnd vinnur að því verkefni að gera tillögur um almenna löggjöf varðandi æskulýðsmál, er feli í sér ákvæði um fjárhagslegan stuðning af hálfu hins opinbera við æskulýðsstarfsemi í landinu, einkum að því er varðar tómstundastörf.

Íslenzka ríkisstjórnin óskaði eftir því við UNESCO, að stofnunin sendi sérfræðing til Íslands til viðræðna og til þess að láta í té ráðleggingar í sambandi við verkefni nefndarinnar. Samkvæmt ósk UNESCO greiddi hollenzka ríkisstjórnin fargjöld og uppihald fyrir sérfræðinginn. Það varð að samkomulagi millum ríkisstjórnanna beggja og UNESCO, að undirritaður var beðinn um að takast ferð þessa á hendur.

II. **Starfsaðferðir.**

Athugun á ástandinu í þessum málum á Íslandi gat farið fram á staðnum með viðræðum, heimsóknum, ferðalögum og móttökum.

Upplýsingar voru látnar í té varðandi ástandið í æskulýðsmálum annarra landa.

Viðræður fóru fram um aðgerðir, sem gætu haft þýðingu á Íslandi og unnt væri að hrinda þar í framkvæmd.

III. **Athugun.**

Nokkur ummæli varðandi ástandið á Íslandi:

1. Reykjavík er eina stóra bæjarfélagið, og þar er nærri helmingur íbúa landsins búsettur. Borgin er í mjög örum vexti. Hinn hluti íbúanna býr í allmörgum litlum kaupstöðum og í sveitum landsins, en þar standa bæirnir mjög dreift og langt hver frá öðrum.
2. Íþróttasamtökin gegna mjög mikilvægu hlutverki.
3. Aðgerðir ríkisins hafa stuðlað að því að gera byggingu félagsheimila auðveldari (50% af skemmtanaskatti er varið til byggingar þeirra), og eru nú 126 slík félagsheimili risin upp. Eins og stendur er mjög stór skuld útistandandi í þessu sambandi.
4. Íþróttafélögin og hin pólitísku æskulýðsfélög eru fjölmennust innan Æskulýðssambands Íslands, en í raun réttri stafar það aðallega sem eins konar landsnefnd fyrir World Assembly of Youth (WAY) og önnur alþjóðasamtök á sviði æskulýðsmála, svo sem CENYC.
5. Margir hafa bent á, hver nauðsyn er á að auka möguleika til tómstundaiðkana. Þetta hefur leitt til þess, að á mörgum stöðum hefur verið komið á fót æskulýðsráðum og æskulýðsmiðstöðvum. Í Reykjavík hafa æskulýðsstöðvar eins og „Heim der offenen Tür" í Berlín og Hamborg (þar sem æskulýðsfélög fá herbergi til sinna afnota, og síðan eru sérstök herbergi til afnota fyrir það æskufólk, sem ekki er í neinum sérstökum samtökum) verið notuð sem fyrirmynd að rekstri æskulýðsmiðstöðva.

IV. **Upplýsingar.**

Undirritaður lét í té upplýsingar um ýmis vandamál í öðrum löndum, hver þróunin hefur verið þar og hvaða hugmyndir hafa komið fram til úrbóta. Sérstaklega voru teknar til athugunar þær hugmyndir, sem fram komu á æskulýðsþingi UNESCO, sem haldið var í Grenoble árið 1964, og skýrt frá niðurstöðum þingsins. Einnig var skýrt frá þróun þessara mála í Danmörku, Þýzkalandi, Englandi, Frakklandi og Ítalíu, og sömuleiðis skýrt ítarlega frá þróun og gangi mála í Hollandi.

Í þessu sambandi var sérstaklega fjallað um vandamál þau, sem við er að etja í þessum löndum og hvernig brugðizt hefur verið við þeim og hvaða stefna hefur verið tekin upp í því sambandi. Þá var skýrt frá sambandi hinna ýmsu aðila, sem hér eiga hlut að máli, þ. e. opinberir aðilar, einkaaðilar og hin ýmsu samtök. Jafnframt var nokkuð sagt frá þjálfun og menntun æskulýðsleiðtoga og hverjir möguleikar eru fyrir það æskufólk, sem ekki er bundið í neinum sérstökum samtökum.

Viðræður.

Undirritaður ræddi að sjálfsögðu sérstaklega við laganefnd þá, sem nú vinnur að því að gera tillögur um aðgerðir á sviði æskulýðsmála. Auk þess að veita nefndinni upplýsingar og leiðbeiningar eftir því sem unnt var, kom undirritaður fram með ýmsar tillögur varðandi þau atriði, sem nefndin einkum bar fyrir brjósti. Þar sem viðræður þessar voru að sjálfsögðu í eðli sínu trúnaðarmál, er eigi mögulegt að rekja þær nákvæmlega hér, nema hvað taldar skulu upp megintillögur þær, sem undirritaður kom fram með, en þær eru sem hér segir:

1. Komið verði á fót sérstakri ráðuneytisdeild, er fjalli um æskulýðsmál sérstaklega, og veiti henni forstöðu sérstakur æskulýðsmálafulltrúi.
2. Samræma þarf ýmsar þær aðgerðir, sem þegar hefur verið hrint í framkvæmd.
3. Nauðsynlegt er, að Æskulýðssambandi Íslands verði fundin ákveðnari verkefni heima fyrir, auk þess að halda uppi sambandi við erlend æskulýðssamtök.
4. Mælt er eindregið með því, að samþykkt verði sérstök lög um æskulýðsmál. Ættu þau að vera víðtæk og rúm í eðli sínu og mynda rammalöggjöf um þessi mál. Ætti slík löggjöf annars vegar að skapa aðhald og marka ákveðna stefnu í þessum málum, en hins vegar að vera hvatning og örvun til þess að koma í framkvæmd nýjum hugmyndum og verkefnum á sviði æskulýðsmála.
5. Mjög væri æskilegt, að hin einstöku æskulýðsráð á hverjum stað hefðu með sér nánari samvinnu og sameinuðust í landssamband æskulýðsráða, auk þess sem fjölga þyrfti slíkum ráðum og koma þeim á fót á ýmsum stöðum, þar sem þau eru ekki starfandi enn þá. Bæjar- og sveitarstjórnir á hverjum stað, svo og ráðuneytið, ættu að ákveða, hvaða verkefnum æskulýðsráðin eiga að gegna. Æskulýðsráðin ættu fyrst og fremst að vera ráðgefandi og annast samræmingu á störfum þeim, sem beinast að aðstoð við æskufólk. Einnig gætu æskulýðsráðin orðin til þess að hvetja ungt fólk til að beina kröftum sínum að hollum viðfangsefnum. Sömuleiðis mætti síðar fela æskulýðsráðunum ákveðin framkvæmdaatriði, svo fremi sem það ekki rekst á þau verkefni, sem félögin hafa með höndum. Í æskulýðsráðunum eigi sæti fulltrúar frá félögum þeim og samtökum, sem vinna að æskulýðsmálum, svo og frá opinberum aðilum. Einnig væri að sjálfsögðu hægt að skipa óháða sérfræðinga til að eiga sæti í einstökum æskulýðsráðum.
6. Sökum þess hve Reykjavík er í örum vexti þarf að huga sérstaklega að vandamálum æskunnar þar og gera ráðstafanir til úrbóta hið allra fyrsta.
7. Þjálfun æskulýðsleiðtoga er að öllum líkindum það mál, sem mikilvægast er og fyrst þarf að taka til athugunar. Nauðsynlegt er að ráða nokkra menn, sem starfi eingöngu að því að vera leiðtogar á sviði æskulýðsmála. Þyrftu þeir að fara utan til að afla sér þjálfunar og aukinnar þekkingar á þessu sviði.
8. Hinn mikli fjöldi félagsheimila, sem nú eru starfandi í landinu, myndi réttlæta það, að komið væri á fót sérstöku sambandi félagsheimila fyrir landið í heild.
9. Nauðsynlegt er að skipuleggja vel nýtingu félagsheimilanna í landinu. Auk þess að gefa þeim félagasamtökum, sem fyrir eru, kost á húsrými, væri vel hægt að hugsa sér, að þau fengju sjálf að ráða nokkru um skipulag starfsins og þannig væri sameinað starf skipulegra félagasamtaka og hins „opna“ æskulýðsheimilis.

Rotterdam, 26. ágúst 1965.

J. W. Ooms.

Nd. 4. Frumvarp til laga [4. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1968 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfagjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.
b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að innheimta tiltekin gjöld á árinu 1968 með sömu viðaukum og verið hefur undanfarin ár.

Nd. 5. Frumvarp til laga [5. mál]

um þóknun fyrir innheimtu opinberra gjalda.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Nú eru notaðar heimildir í lögum til þess að fyrirskipa atvinnurekendum að innheimta opinber gjöld hjá fólki, sem þeir hafa í þjónustu sinni, og skal þá greiða þeim þóknun fyrir innheimtuna, er nemi 3% — þremur af hundraði — af upphæðum innheimtra gjalda.

Þóknunin greiðist um leið og innheimtufénu er skilað til réttra aðila.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum er heimild til að fyrirskipa atvinnurekendum að vinna við innheimtu opinberra gjalda á þann hátt að halda gjöldum eftir af kaupi fólks, sem hjá þeim vinnur, og skila fénu til innheimtumanna hins opinbera. Heimild þessi mun víða notuð í seinni tíð, en engin þóknun er greidd fyrir þá mikilsverðu aðstoð við innköllun gjaldanna, sem þannig er látin í té.

Þessum innheimtustörfum fylgir mikil vinna og ábyrgð, og það verður að teljast mjög ranglátt að leggja slíkar kvaðir á vissa aðila í þjóðfélaginu, án þess að nokkur greiðsla komi fyrir, þegar aðrir, sem vinna í þágu hins opinbera, fá fulla greiðslu fyrir sín störf. Hér þarf að taka upp nýjan og betri sið, og því er lagt til í þessu frv., að atvinnurekendur, sem innheimta opinber gjöld, fái þóknun fyrir það starf, er

nemi 3% af innheimtufénu. Það getur verið álitamál, hvort sú þóknun er hæfileg eða hvað hún á að vera mikil. Er það íhugunarefni fyrir þá þingnefnd, sem væntanlega verður falið að fjalla um málið. En að því er stefnt með frv., að hér komi sanngjörn borgun fyrir unnin störf.

Sþ. 6. Tillaga til þingsályktunar [6. mál]

um náttúruvernd og ráðstafanir til þess, að almenningur eigi aðgang að heppilegum stöðum til útivistar og náttúruskoðunar.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Páll Þorsteinsson, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar, að koma skuli á fót sjö manna milliþinganefnd til þess að endurskoða lög nr. 48 1956, um náttúruvernd, og gera tillögur um aukna náttúruvernd og ráðstafanir, sem stuðla að því, að almenningur eigi aðgang að heppilegum stöðum til útivistar og náttúruskoðunar.

Fimm nefndarmanna séu kosnir af sameinuðu Alþingi, einn tilnefndur af Hinu íslenzka náttúrufræðifélagi og einn af Ferðafélagi Íslands.

Greinargerð.

Flestum er ljóst, að þótt ýmislegt hafi verið gert varðandi beina náttúruvernd í landinu, fer því fjarri, að þau málefni séu í æskilegu horfi. Víða er verið að stórspilla ýmiss konar náttúrusmíði, svo að óbætanlegt tjón hlýzt af, án þess að náttúruverndarvöld fái nokkuð að gert, m. a. vegna skorts á valdi og fjármunum.

Þótt umgengni manna úti við hafi nokkuð batnað frá því, sem var um skeið, þá fer því fjarri, að þau mál séu í æskilegu horfi, og þyrfti að íhuga, hvort ekki mætti með einhvers konar skynsamlegri forustu koma á endurbótum í þessu efni. Nægir í þessu sambandi að minna á, hvernig menn sums staðar umgangast sjávarstrendur og vatnsbakka og raunar næsta nágrenni híbýla sinna.

Nú þéttist byggðin víða og kaupstaðir stækka, og borg er komin við Faxaflóa. Stórfelld hætta er nú þegar á því, þar sem byggðin þéttist, að menn hafi ekki tök á því að fara um og njóta náttúrunnar og eðlilegrar útiveru, svo sem vera þarf. Leiðir lokast nú óðfluga, t. d. í nágrenni höfuðborgarinnar og annars staðar í þéttbýlinu við Faxaflóa, og það sama er að gerast annars staðar, þótt í minna mæli sé. Leiðir með sjó og vötnum eru víða girtar, og í sama horf sækir einnig varðandi aðgang að ýmsum heppilegum ferða- og gönguleiðum, sem almenningur hefur áður haft aðgang að.

Aðrar þjóðir ýmsar hafa lent í miklum vanda varðandi þessi efni, og hefur það sýnt sig, að stundum er erfitt úr að bæta, þótt auðvelt hefði verið að tryggja góða lausn, ef ráð hefði verið í tíma tekið.

Það þolir ekki bið að taka þessi mál föstum tökum hér á landi, og virðist flutningsmönnum þau ættu að skoðast með náttúruverndarmálefnum, því að þau efni tengjast mjög, þar sem náttúruvernd þyrfti að framkvæma þannig, að menn fái notið þess, sem verndað er.

Við mættum gjarnan minnast þess, að Íslendingar eru þjóð af því að þeir eiga stórt og gott land, sem þeir hafa tengzt traustum böndum. Rofni á hinn bóginn þessi bönd þjóðarinnar við landið, er allt í hættu varðandi framtíð hennar í landinu. Vernda verður því landið og græða. Jafnframt þarf að gæta þess, að þjóðin eigi jafnan greiðan aðgang að því að umgangast það.

Nd. **7. Frumvarp til laga** [7. mál]

um efnahagsaðgerðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

I. KAFLI

Um vísitölu framfærslukostnaðar og verðlagsuppbót á laun.

1. gr.

Kauplagsnefnd skal reikna vísitölu framfærslukostnaðar í Reykjavík samkvæmt niðurstöðum rannsóknar, sem gerð hefur verið á neyzlu launþega í Reykjavík 1964 og 1965. Grunntala þessarar nýju vísitölu skal miðuð við verðlag í byrjun janúar 1968, og síðan skal reikna hana fjórum sinnum á ári, miðað við byrjun mánaðanna febrúar, maí, ágúst og nóvember, eftir grundvallarreglum, sem Kauplagsnefnd setur. Við þennan útreikning skal sleppa broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, en annars hækka í heilt stig.

Nú óskar stjórn Alþýðusambands Íslands eða stjórn Vinnuveitendasambands Íslands eftir því, að vísitala framfærslukostnaðar verði reiknuð aukalega í öðrum mánuði en skylt er að reikna hana samkvæmt fyrri málsgr. þessarar gr., og skal þá Kauplagsnefnd verða við þeirri ósk, enda sé hún borin fram með minnst tveggja vikna fyrirvara.

2. gr.

Vísitala framfærslukostnaðar með grunntölu 100 hinn 1. marz 1959, samkvæmt 3. málsgr. 4. gr. laga nr. 1/1959, skal reiknuð í síðasta sinn eftir verðlagi í janúarbyrjun 1968.

3. gr.

Á tímabilinu 1. desember 1967 til 29. febrúar 1968 skal greiða sömu verðlagsuppbót (15.25%) á laun og aðrar greiðslur, er fylgja kaupgreiðsluvísitölu, og greidd var á tímabilinu 1. september til 30. nóvember 1967.

4. gr.

Frá 1. marz 1968 skal sú verðlagsuppbót (15.25%), er greidd hefur verið fram til þess tíma, lögð við grunnupphæðir launa og annarra greiðslna, sem fylgja kaupgreiðsluvísitölu, og telst hvort tveggja grunngreiðsla, er verðlagsuppbót skal greidd á samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

5. gr.

Kauplagsnefnd reiknar kaupgreiðsluvísitölu, er skal fylgja vísitölu framfærslukostnaðar að öðru leyti en því, að eigi skal taka tillit til þeirrar hækkunar eða lækkunar á síðar nefndu vísitölunni, er leitt hefur af breytingu á vinnulið verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara, annað hvort vegna breyttra kjaraákvæða í samningum stéttarfélaga eða vegna greiðslu verðlagsuppbótar á laun. Útreikningur þessi skal gerður eftir vísitölu framfærslukostnaðar áður en hún er sléttuð, en kaupgreiðsluvísitala skal ákveðin og birt í heilum stigum, og skal þar fylgja reglu þeirri, er um ræðir í 3. málslið fyrri málsgr. 1. gr.

Kaupgreiðsluvísitala sú, er um ræðir í fyrri málsgr. þessarar gr., reiknast eftir vísitölu framfærslukostnaðar í byrjun mánaðanna febrúar, maí, ágúst og nóvember, og gildir við ákvörðun verðlagsuppbótar á laun og aðrar greiðslur næstu þrjá mánuði, frá byrjun næsta mánaðar eftir að hún var reiknuð, í fyrsta sinn frá 1. marz 1968.

6. gr.

Greiða skal verðlagsuppbót á laun og aðrar greiðslur fyrir unnin störf í hlutfalli við þá hækkun, sem hverju sinni hefur orðið á kaupgreiðsluvísitölu frá grunntölu hennar í janúarbyrjun 1968. Sama gildir um bætur greiddar í peningum samkvæmt lögum nr. 40/1963, um almannatryggingar, og um bætur skv. lögum nr. 29/1956, um atvinnuleysistryggingar, hvort tveggja með áorðnum breytingum bótaupphæða. Enn fremur skal greiða verðlagsuppbót á lífeyrisgreiðslur til einstaklinga úr ríkissjóði skv. fjárlögum, og á lífeyri úr lífeyrissjóðum, sem ríkissjóður sjálfur eða ríkisfyrirtæki greiða iðgjöld til. Skal hlutaðeigandi lífeyrissjóður greiða verðlagsuppbótina gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá stofnunum þeim, er lífeyrisþegi tók laun sín hjá. Verðlagsuppbót greiðist ekki á lífeyrisgreiðslur, er sjálfkrafa fylgja breytingum launa, sem verðlagsuppbót er greidd á samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

Verðlagsuppbót greiðist á kauptryggingu bátasjómanna og á vinnulaun, sem greidd eru samkvæmt uppmælingar- og öðrum ákvæðisvinnutöxtum, enda séu þeir ákveðnir í kjarasamningum stéttarfélags, sem í hlut á, eða miðaðir við kjarasamninga sömu starfsgreinar annars staðar.

Verðlagsuppbót greiðist ekki á laun, sem greidd eru í öðru en peningum, og ekki heldur á fjárhæðir, sem launþegar fá greiddar vegna útgjalda, sem fylgja starfi þeirra. Sama gildir um laun, sem ákveðin eru sem hundraðshluti af afurðaverði, veltu eða öðru verðmæti.

7. gr.

Vinnuliðir verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara skulu hækka eða lækka samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu eftir sömu reglum og um ræðir í 4. og 6. gr., og afurðaverð til bænda breytist um leið til samræmis. Þó skal slík breyting á vinnuliðum verðlagsgrundvallar ekki eiga sér stað, nema samkvæmt ósk fulltrúa framleiðenda eða fulltrúa neytenda í Sexmannanefnd.

8. gr.

Félagsdómur sker úr ágreiningsatriðum um túlkun á fyrirmælum 4. og 6. gr. þessara laga, og eru úrskurðir hans fullnaðarúrskurðir.

II. KAFLI

Um verðstöðvun.

9. gr.

Verð á hvers konar vöru má ekki vera hærra en það var 15. nóvember 1966, nema til komi samþykki réttra yfirvalda. Mega þau þá ekki leyfa neina hækkun á vöruverði, nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til slíkrar verðhækkunar skal vera háð samþykki ríkisstjórnarinnar. Hundraðshluti álagningar á vörum í heildsölu og smásölu má heldur ekki vera hærri en hann var 15. nóvember 1966. Sama gildir um umboðslaun vegna vörusölu og um hvers konar álagningu, sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vinnu eða þjónustu.

Fyrirmæli fyrri mgr. þessarar greinar taka á hliðstæðan hátt til seldrar þjónustu og framlags í hvaða formi sem er, þar á meðal til hvers konar þjónustu og framlags, sem ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra, svo og aðrir opinberir aðilar, láta í té gegn gjaldi.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að álagningarstigar útsvara og aðstöðugjalds samkvæmt lögum nr. 51/1964, með síðari breytingum, megi eigi hækka frá því, sem ákveðið var í hverju sveitarfélagi 1967, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Skal hækkun álagningarstiga þá eigi leyfð, nema ríkisstjórnin telji hana óhjákvæmilega vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi sveitarfélags.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að öll opinber gjöld, önnur en þau, er um ræðir í síðari málsgr. 9. gr. og í lögum nr. 51/1964, megi eigi hækka frá því, sem var á árinu 1967, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Skal hækkun á slíku gjaldi þá eigi leyfð, nema ríkisstjórnin telji hana óhjákvæmilega vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi aðila.

III. KAFLI
Um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

11. gr.

Á árinu 1968 er ríkisstjórninni heimilt að greiða allt að 100 m.kr. sem verðbætur til viðbótar við það lágmarksverð á ferskfiski, öðrum en síld og loðnu, sem Verðlagsráð sjávarútvegsins og yfirnefnd þess ákveða. Skal viðbótin skiptast skv. reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

12. gr.

Á árinu 1968 er ríkisstjórninni heimilt að verja 20 m.kr. til þess að greiða fiskseljendum verðbætur á línu- og handfærafisk. Þessar greiðslur koma til skipta á milli sjómanna og útgerðarmanna samkvæmt samningum um hlutaskipti.

13. gr.

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests 1967 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, svo og að setja um þetta nánari reglur með samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.

14. gr.

Sjóður sá, er stofnaður var með 6. gr. laga nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, til að greiða verðbætur vegna verðfalls á frystum fiskafurðum, öðrum en síldar- og loðnuafurðum, sem framleiddar voru á árinu 1967, skal halda áfram starfsemi á árinu 1968. Greiðir ríkissjóður til sjóðsins það fé, sem á þarf að halda til viðbótar framlagi skv. 2. mgr. 6. gr. áðurnefndra laga, til þess að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt 15. gr. þessara laga. Verði innstæða í sjóðnum eftir reikningslok, skal því fé ráðstafað sem stofnfjárframlagi til verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, enda hafi þá verið sett lög um slíkan sjóð. Ella rennur innstæða þessi í ríkissjóð.

15. gr.

Sjóður sá, sem um ræðir í 14. gr., greiðir verðbætur á frystar fiskafurðir framleiddar á árunum 1967 og 1968, aðrar en síldar- og loðnuafurðir. Verðbætur þessar skulu nema 55% af verðlækkun, er verða kann miðað við verð, er fékkst fyrir sömu framleiðslu á árinu 1966. Verðfall á árinu 1967 eða 1968, sem nemur meiru en 5% miðað við verðlag 1966, skal bætt til viðbótar með 2% af heildarverðlækkun fyrir hvert 1%, sem verðlag lækkar umfram 5%. Greiðsla verðbóta skal þó aldrei vera hærri en 75% af verðlækkun.

Skipta skal freðfiskframleiðslunni í nokkra meginflokka eftir fisktegundum, og skulu verðbætur reiknaðar af hverjum flokki fyrir sig. Um framkvæmd á greiðslum úr sjóðnum fer að öðru leyti eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

16. gr.

Ríkissjóður leggur fram 50 m.kr. á árinu 1968, er verja skal til framleiðniaukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða. Seðlabanki Íslands úthlutar fé þessu til tiltekinna framkvæmda í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

17. gr.

Á árinu 1968 heimilast að greiða úr ríkissjóði 10 m.kr. til verðbóta á útfluttar skreiðarafurðir, eða aðrar útfluttar afurðir af öðrum fiski en síld og loðnu, eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

18. gr.

Lokið skal athugun þeirri, sem ríkisstjórnin lætur gera skv. 10. gr. laga nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, á rekstraraðstæðum og fjárhagslegri uppbyggingu frystiiðnaðarins. Sömuleiðis skal lokið tillögugerð á þessum grundvelli, er miði að því að bæta rekstrargrundvöll frystihúsanna, svo sem með bættri uppbyggingu iðnaðarins, aukinni hráefnisöflun, tæknibreytingum og fjárhagslegri endurskipulagningu. Til þess að greiða fyrir slíkum aðgerðum og í sambandi við þær er Ríkisábyrgðasjóði heimilt að gefa eftir kröfur á einstök frystihús, ef slíkt er óhjákvæmilegt til þess að koma þeim á viðunandi grundvöll, enda fallist aðrir kröfuhafar einnig á eftirgjafir, eftir því sem eðlilegt þykir. Allar tillögur um eftirgjafir á kröfum ríkissjóðs skulu lagðar fyrir fjárveitinganefnd til samþykktar. Heimilt er fjármálaráðherra að gefa eftir greiðslur stimpil- og þinglýsingagjalda vegna eigendaskipta, sem þurfa að eiga sér stað í sambandi við þessar aðgerðir.

IV. KAFLI
Um farmiðagjald.

19. gr.

Hver sá einstaklingur, sem fer frá Íslandi til annarra landa, skal greiða farmiðagjald til ríkissjóðs, enda sé hann búsettur hér á landi samkvæmt íbúaskrá eða tilkynningarskyldur hér samkvæmt 1. málsgr. 5. gr. laga nr. 73/1952, um tilkynningar aðsetursskipta, sbr. 1. gr. laga nr. 16/1963, um breyting á þeim lögum.

Undanþegnar gjaldskyldu eru lögskráðar áhafnir skipa og loftfara, svo og börn undir 7 ára aldri.

20. gr.

Gjald samkvæmt 19. gr. nemur 3000 krónum fyrir hvern gjaldskyldan einstakling 12 ára og eldri og 1500 krónum fyrir börn á aldrinum 7 til 12 ára.

Fjármálaráðherra getur ákveðið með reglugerð, að gjaldskyldir einstaklingar, sem ferðast eingöngu til Færeyja eða Grænlands, skuli greiða lægra gjald en segir í 1. málsgr., eða að það falli niður.

21. gr.

Farmiðagjald skal krafið inn og greitt við afhendingu farmiða, farsamnings eða annarrar flutningsheimildar.

Hver sá, sem gefur út og afhendir farmiða, farsamning eða veitir aðra flutningsheimild, skal krefja og taka við farmiðagjaldi. Á þetta einnig við, þegar flutningur fer fram án endurgjalds. Kvittun fyrir greiðslu skal gefin með því að festa við flutningsheimild sérstakan kvittunarseðil, sem fjármálaráðherra lætur gera. Með leyfi fjármálaráðherra er þó heimilt að stimpla kvittun á flutningsheimildina með þar til gerðri stimpilvél.

Hver sá, sem afhendir farmiða, farsamning eða aðra flutningsheimild, metur, hvort gjaldskylda samkv. 19. og 20. gr. sé fyrir hendi. Telji hann, að gjaldskylda sé ekki fyrir hendi, ritar hann ákvörðun sína um það á flutningsheimildina. Ætíð má leita úrskurðar fjármálaráðherra um vafaatriði.

22. gr.

Óheimilt er að flytja af landi brott gjaldskyldan mann, nema farmiðagjald hafi verið greitt. Áður en flutningstæki fer úr landi, skulu stjórnendur þess (skipstjórar,

flugstjórar), eigendur eða leigutakar, afhenda næsta lögreglustjóra staðfest endurrit farþegaskrár með nauðsynlegum fylgigögnum, þar sem komi glöggt fram, hvernig greiðslu gjaldsins er háttað og hver hafi tekið við greiðslu.

23. gr.

Ef einstaklingur er fluttur úr landi, án þess að gögn séu fyrir því, að farmiðagjald hafi verið greitt eða einstaklingur undanþeginn gjaldskyldu, sbr. 3. mgr. 21. gr., bera stjórnandi flutningstækis og útgerðaraðili sameiginlega ábyrgð á greiðslu gjaldsins, og er lögveð í flutningstækinu til tryggingar því. Lögveð þetta skal ganga fyrir öllum samningsveðum og öðrum lögveðum.

Ef sá, sem afhendir einstaklingi flutningsheimild, metur hann gjaldfrjálsan, en síðan reynist að svo er ekki, þá skal sá, er afhenti, sjálfur greiða farmiðagjaldið í ríkissjóð, verði verulegu gáleysi hans um kennt.

24. gr.

Lögreglustjórar (í Reykjavík tollstjóri) hafa á hendi innheimtu farmiðagjalda hjá þeim, er við þeim hafa tekið.

Sá, er við farmiðagjaldi tekur, skal eigi síðar en 10. hvers mánaðar, eða fyrr eftir kröfu innheimtumanns, senda lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) skýrslu um flutningsheimildir þær, er hann hefur afhent, og farmiðagjöld þau, sem hann hefur innheimt í næsta mánuði á undan, ásamt innheimtum gjöldum. Sé gjöldunum ekki skilað á nákvæmlega réttum gjalddaga, skal sá, sem fénu ber að skila, greiða af því dráttarvexti, er nemi 1% fyrir hverja byrjaða viku frá gjalddaga.

Farmiðagjöld njóta lögtaksréttar.

Heimilt er innheimtumanni að láta lögregluna stöðva atvinnurekstur þess, er eigi gerir skil á réttum gjalddaga, þar til skil eru gerð, meðal annars með því að setja skrifstofur, starfsstofur og flutningatæki hans undir innsigli.

Skattayfirvöldum, sem fylgjast skulu með skilum farmiðagjalds, er heimill aðgangur að bókhaldsgögnum og skjölum þeirra aðila, er við farmiðagjaldi hafa tekið, og geta krafið fyrirsvarsmenn þeirra um nauðsynlegar skýrslur og upplýsingar.

V. KAFLI

Breyting á ýmissi skattheimtu.

25. gr.

Á árinu 1968 skal virðing á fasteign til eignarskatts skv. 22. gr. A.-lið laga nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, miðuð við gildandi fasteignamat tólffaldað. Virðing á bújörðum í sveitum með tilheyrandi íbúðar- og peningshúsum og öðrum mannvirkjum skal þó fara eftir sexföldu fasteignamati.

26. gr.

Í stað „100 þús. kr. skattgjaldseign“ í I.-lið 26. gr. laga nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, komi „200 þús. kr. skattgjaldseign.“

27. gr.

Undanþága frá söluskatti af póst- og símaþjónustu, skv. 11. tölulið 7. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, er úr gildi numin.

28. gr.

Ákvæði til bráðabirgða við lög um almannatryggingar nr. 40 30. apríl 1963:

Sú leiðrétting á árinu 1968, sem ákveðin er í 4. mgr. 24. gr. laganna á áætluðum framlögum hinna tryggðu og atvinnurekenda, sbr. 2. mgr. 23. gr., skal falla niður. Halli sá, sem af þessu leiðir, færist úr varasjóði lífeyristrygginga pr. 31. des. 1967.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

29. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

30. gr.

Með brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði IV. kafla laganna taka til allra flutninga fólks úr landi frá og með 1. nóvember 1967.

II., III. og IV. kafli laganna gilda til 31. des. 1968.

Jafnframt eru úr gildi felld eftirtalin ákvæði laga:

1. Lög nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.
2. Lög nr. 86 23. des. 1966, um heimild til verðstöðvunar.
3. 2. og 3. málsliður b-liðs 4. mgr. 4. gr. laga nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, og 2. gr. l. nr. 97 22. des. 1965, um breyting á þeim lögum.
4. Lög nr. 63 14. des. 1964, um verðtryggingu launa, falli úr gildi 30. nóv. 1967.
5. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 1 30. jan. 1959, um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og alkunnugt er, breyttust á árinu 1966 mjög til hins verra viðhorf í efnahagsmálum vegna verðfalls íslenzkra afurða á erlendum mörkuðum. Þessi viðhorf hafa enn versnað á árinu 1967. Verðfall, einkum á fiskmjöli og síldarlýsi, hefur orðið meira og staðið lengur en ástæða hafði í fyrstu verið talin til að ætla. Óvenjulegar ógæftir voru á vetrarvertíð og síld hefur haldið sig langt frá landinu allt sumarið.

Við því alvarlega ástandi, sem verðfallið hefur skapað, hefur einkum verið brugðizt með þrennu móti:

Í fyrsta lagi var með lögum um heimild til verðstöðvunar nr. 86 23. des. 1966 og með auknum niðurgreiðslum á vöruverði úr ríkissjóði komið í veg fyrir frekari hækkanir verðlags og framleiðslukostnaðar.

Í öðru lagi var ákveðið með samkomulagi við fulltrúa frystiiðnaðarins að leita lausnar á vandamálum þess iðnaðar í bættri uppbyggingu og fjárhagslegri endurskipulagningu hans, og voru sett ákvæði í þessa átt með lögum um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins nr. 4 31. marz 1967.

Í þriðja lagi var ákveðið að létta byrðinni af verðfalli að nokkru af frystihúsunum með stofnun verðjöfnunarsjóðs, jafnframt því sem ríkissjóður stæði straum af hækkun fiskverðs í ársbyrjun 1967, sem nauðsynleg var talin til þess að jafna þann mismun, sem orðið hafði á kjörum sjómanna á þorskveiðum og annarra starfsgreina, svo og til þess að bæta hækkun útgerðarkostnaðar. Ákvæði um þessi atriði voru einnig sett með áðurgreindum lögum um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Þeim fjárhagslegu skuldbindingum, sem allar þessar ráðstafanir bökuðu ríkissjóði, var unnt að standa undir á árinu 1967 án nýrrar skattlagningar, vegna hinnar góðu afkomu ríkissjóðs á árinu 1966. Þá voru enn fremur lækkuð framlög til opinberra framkvæmda í fjárlögum ársins 1967 til þess að geta greitt hækkun fiskverðsins, og hluta af tekjuafgangi ríkissjóðs frá árinu 1966 var ráðstafað til verðjöfnunarsjóðs frystiiðnaðarins.

Enda þótt erfiðleikar í efnahagsmálum hafi á árinu 1967 reynzt mun alvarlegri en ætlað var í ársbyrjun, telur ríkisstjórnin rétt að halda fast við þá stefnu, sem þá var mörkuð.

1. með áframhaldandi stöðvun á almennri hækkun verðlags og framleiðslukostnaðar;
2. með umbótum í uppbyggingu atvinnuveganna og bættum rekstri fyrirtækja, og
3. með áframhaldi þeirrar aðstoðar við sjávarútveginn, sem ákveðin var vegna verðfallsins fyrr á árinu.

Ætla verður, að þeir erfiðleikar, sem nú steðja að, séu tímabundnir. Enn er ósýnt um gæftir og aflabrögð á árinu 1968. Óliklegt er annað en verðþróun íslenzkra afurða erlendis breytist til batnaðar, áður en langt um líður. Á hinn bóginn hafa erfiðleikarnir nú staðið svo lengi og orðið svo miklir, að ekki er lengur unnt að koma í veg fyrir að þeir hafi áhrif á kjör landsmanna almennt. Ríkissjóður getur ekki lengur staðið undir þeim fjárhagslegu skuldbindingum, sem verðstöðvun og aðstoð við sjávarútveginn hafa skapað, án þess að gripið sé til sérstakra ráðstafana.

Margvíslegar ráðstafanir geta hér komið til greina. Það skiptir hins vegar miklu, að þær aðgerðir, sem valdar eru, séu í sem mestu samræmi við hina almennu stefnu, sem fylgt hefur verið og ætlunin er að fylgja. Ríkisstjórnin hefur af þessum sökum hvorki viljað bera fram tillögur um almenna skattahækkun né neinar aðrar ráðstafanir, sem áhrif hefðu á verðlag flestra eða allra tegunda vöru og þjónustu í landinu, eins og t. d. hækkun söluskatts. Í fyrsta lagi hefðu slíkar ráðstafanir vakið að nýju ugg um áframhaldandi víxlhækkanir verðlags og launa og þar með hrint af stað nýrri verðbólguskriðu. Í öðru lagi hefðu þær í reynd leitt til mun meiri verðhækkana en ráðstafanirnar einar út af fyrir sig hefðu gefið tilefni til, án þess að verðlagseftirlit hefði megnað að sporna þar við, og komið þannig hart niður á launþegum. Tillögur ríkisstjórnarinnar eru í stað þess fólgnar í lækkun niðurgreiðslna á vöruverði niður í það, sem var í ágústmánuði 1966. Þá er gert ráð fyrir, að lagt verði á sérstakt farmiðagjald vegna ferðalaga til útlanda og mat fasteigna við álagningu eignarskatts verði hækkað. Sömuleiðis er gert ráð fyrir, að verð á áfengi og tóbaki verði hækkað og undanþágur pósts, síma, hljóðvarps og sjónvarps á greiðslu söluskatts afnumdar. Enn fremur er gert ráð fyrir, að iðgjöld almannatrygginga hækki og sömuleiðis sjúkrasamlagsgjöld. Hækkanir þessara gjalda voru ekki leyfðar á s. l. ári, en hjá þeim verður nú ekki lengur komizt vegna óumflýjanlegra þarfa þessarar starfsemi. Loks er ráðgert, að leyfa hækkun hitaveitugjalda í Reykjavík, en á þeirri hækkun er brýn nauðsyn til þess að aukning hitaveitukerfisins geti haldið áfram með eðlilegum hætti.

Þær breytingar skatta og gjalda, sem hér er um að ræða, fela ekki í sér almennar hækkanir, frekar en lækkun niðurgreiðslna felur í sér hækkun á vöruverði yfirleitt. Annars vegar eru þessar breytingar miðaðar við að draga úr óeðlilegum undanþágum í skattaálagningu, sem verulega hefur kveðið að hér á landi. Þannig hefur sú neyzla, sem fólgin er í ferðalögum til útlanda og innkaupum erlendis í því sambandi, verið skattfrjáls að mestu, þar sem aftur á móti eru lagðir háir tollar á innfluttar vörur og söluskattur á neyzlu innanlands. Þá hafa fasteignir verið mjög lágt skattaðar hér á landi, gagnstætt því, sem tíðkast víðast hvar annars staðar, og verið lágt metnar til verðs við álagningu eignarskatts. Þá er það einnig óeðlilegt að undanþiggja sumar tegundir opinberrar þjónustu, eins og póst, síma, hljóðvarp og sjónvarp, söluskatti, þar sem söluskattur að öðru leyti er mjög almennur. Hins vegar eru breytingarnar miðaðar við að leyfa hækkun gjalda fyrir opinbera þjónustu, þar sem slík hækkun er óumflýjanleg nauðsyn til að tryggja áframhald á eðlilegri starfsemi. Er hér um að ræða almannatryggingar og sjúkrasamlög og hitaveituna í Reykjavík.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1968, sem nú hefur verið lagt fram, er byggt

á þeim tillögum, sem hér hefur í stórum dráttum verið gerð grein fyrir. Í því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, er farið fram á nauðsynlegar heimildir til þessara ráðstafana, að svo miklu leyti, sem slíkra heimilda er þörf, auk heimilda til þess að halda áfram verðstöðvun og aðstoð við sjávarútveginn.

Sú aðstoð við sjávarútveginn, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, er óbreytt frá því, sem ákveðið var í upphafi þessa árs. Forystumenn samtaka sjávarútvegsins telja, að þessi aðstoð sé ekki lengur nægileg, með tilliti til þeirra auknu erfiðleika, sem aukið verðfall, ógæftir og aflabrestur hafa skapað. Ríkisstjórnin telur hins vegar ekki tímabært að gera nú tillögur um nýjar ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. Miklu skiptir, hver þróun aflabragða og verðlags verður á næstu mánuðum. Þá verða vandamál fiskiðnaðarins fyrst og fremst að leysast með bættri uppbyggingu iðnaðarins, aukinni hráefnisöflun, tæknibreytingum og fjárhagslegri endurskipulagningu eins og nú er verið að vinna að. Loks munu hverjar þær ráðstafanir koma sjávarútveginum að litlu haldi, er leiddu til almennrar aukningar verðlags og framleiðslukostnaðar í landinu.

Þær ráðstafanir, sem hér um ræðir, og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, og í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1968, munu hafa veruleg áhrif á vísitölu framfærslukostnaðar. Grundvöllur núgildandi vísitölu framfærslukostnaðar tók gildi 1. marz 1959, og var hann byggður á neyzluathugun Kauplagsnefndar og Hagstofu Íslands, sem framkvæmd var á árunum 1953 og 1954. Það hefur lengi verið ljóst, að þessi grundvöllur væri ekki lengur í samræmi við neyzluvenjur launþega. Í samkomulagi ríkisstjórnarinnar, Alþýðusambands Íslands og samtaka vinnuveitenda 5. júní 1964, var mælt með því við Kauplagsnefnd og Hagstofuna, að hafin yrði endurskoðun á grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar. Framkvæmdu þessir aðilar nýja athugun á neyzlu launþega í Reykjavík á árinu 1965, og var hinn nýi vísitölugrundvöllur fullgerður í apríl 1966. Eins og vænta mátti er mikill munur á hinum nýja grundvelli og þeim, sem nú gildir. Nýi grundvöllurinn nær til miklu stærra úrvals vöru og þjónustu en sá fyrri, og er neyzla á vörum og þjónustu, sem stendur í sambandi við heilsuvernd, menntun, skemmtanir, húsnæði, þ. á m. húsgögn og rafmagnsbúsáhöld, og rekstur eigin bifreiðar, sérstaklega þung á metunum í samanburði við vísitölugrundvöllinn, sem nú gildir. Aftur á móti eru landbúnaðarvörur, fiskur og ýmsar aðrar matvörur léttari á metunum í nýja grundvellinum en þeim núgildandi, sömuleiðis hiti og rafmagn og ýmsar fatnaðarvörur. Breytingarnar eru eðlileg afleiðing hinna miklu lífskjarabóta, sem urðu á þessu tímabili og hversu miklu fleiri lífsgæði almenningur gat veitt sér á árinu 1965, þegar nýi grundvöllurinn var fundinn, en á árunum 1953 og 1954, sem miðað var við í hinum fyrri.

Á árinu 1966 var á vegum Efnahagsstofnunarinnar gerð sérstök athugun á verðlagsþróun tímabilsins frá maí 1964 til maí 1966.[1]) Í þeirri athugun var ekki aðeins stuðzt við núgildandi vísitölugrundvöll, heldur einnig hinn nýja vísitölugrundvöll. Kom í ljós, að vísitölugrundvellirnir tveir sýndu að heita mátti sömu heildarhækkun verðlags á þessu tímabili, þrátt fyrir þann mikla mismun, sem á þeim er. Þetta stafaði af því, að á þessu tímabili kvað langmest að verðhækkunum landbúnaðarafurða og fisks, annars vegar, en ýmiss konar þjónustu hins vegar. Vegna þess að fyrrnefndu liðirnir eru mjög þungir á metunum í núgildandi grundvelli, en þjónustuliðir í nýja grundvellinum, reyndist heildarhækkunin að heita mátti hin sama samkvæmt þeim báðum.

Enda þótt núgildandi vísitölugrundvöllur hafi þannig reynzt allréttur mælikvarði á heildarverðbreytingar undanfarinna ára, gegnir allt öðru máli um þær breytingar, sem nú eru ráðgerðar. Þessar breytingar eru fyrst og fremst fólgnar í lækkun niðurgreiðslna á landbúnaðarafurðum og verulegri verðhækkun þeirra afurða, sem af lækkun niðurgreiðslnanna leiðir. Sökum þess, að landbúnaðarafurðir

1) Sjá skýrslu Efnahagsstofnunarinnar til Hagráðs um ástand og horfur í efnahagsmálum, ágúst 1966.

eru hlutfallslega miklu þyngri í núgildandi vísitölugrundvelli en svarar til þeirra neyzluvenja, sem nú eru ríkjandi meðal launþega, eru þessar verðbreytingar of hátt metnar í núgildandi grundvelli. Á hinn bóginn má gera ráð fyrir, að þær séu nokkurn veginn rétt metnar samkvæmt nýja grundvellinum.

Hér fer á eftir yfirlit um þau áhrif á vísitölu framfærslukostnaðar, sem þær ráðstafanir, sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi og felast í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1968, munu væntanlega leiða af sér. Sýnir núgildandi vísitölugrundvöllur hækkun, er nemur um 7.5%, en nýi grundvöllurinn hækkun, er nemur um 4.4%. Eins og að ofan er gerð grein fyrir er ástæða til að ætla, að nýi grundvöllurinn sé hér miklu réttari mælikvarði en núgildandi grundvöllur.

Áhrif efnahagsaðgerða á verðlag.

	Hækkun vísitalna %	
	Núgildandi vísit.	Ný vísit.
Lækkun niðurgreiðslna	6.01	3.01
Farmiðagjald	–	0.05
Hækkun á verði áfengis	0.08	0.17
Hækkun á verði tóbaks	0.36	0.32
Söluskattur á póst- og símaþjónustu	0.08	0.10
Söluskattur á hljóðvarp	0.04	0.02
Söluskattur á sjónvarp	–	0.08
Hækkun iðgjalda almannatrygginga	0.36	0.20
Hækkun sjúkrasamlagsgjalds	0.28	0.15
Hækkun hitaveitugjalda	0.32	0.28
Alls	7.53	4.38

Eigi þær efnahagsráðstafanir, sem hér hafa verið ræddar, að koma að notum, má sú verðhækkun á landbúnaðarafurðum, á áfengi og tóbaki og á nokkrum tegundum opinberrar þjónustu, sem þær gera ráð fyrir, ekki leiða til þess, að vixlhækkanir verðlags og kauplags hefjist að nýju. Hinir alvarlegu efnahagsörðugleikar munu leiða til þess, að raunverulegar þjóðartekjur á mann lækki á þessu ári um að minnsta kosti 4—5%. Vegna þess að launþegar hafa á undanförnum árum fengið hlutfallslega meira í sinn hlut en áður af stórhækkuðum þjóðartekjum, hlýtur nokkur lækkun þeirra nú óhjákvæmilega að snerta hag alls almennings, og verður það ekki bætt upp með neinu vísitölufyrirkomulagi. Af þessum sökum er gert ráð fyrir því í þessu frumvarpi, að þær verðhækkanir, sem leiðir af þessum ráðstöfunum, verði ekki bættar með kauphækkunum. Í frumvarpinu er lagt til, að kaupgreiðsluvísitalan frá 1. ágúst 1967, er gildir fyrir tímabilið 1. september til 30. nóvember 1967, gildi áfram í þrjá mánuði, eða til 29. febrúar 1968. Þann 1. marz 1968 gangi hins vegar í gildi ný kaupgreiðsluvísitala, byggð á hinum nýja vísitölugrundvelli og með grunni í janúar 1968. Greiðist kaupuppbót framvegis eftir henni með sama hætti og verið hefur á undanförnum árum. Þessi kaupuppbót á að greiðast á núverandi grunnlaun og kaupuppbót samkvæmt núverandi kaupgreiðsluvísitölu, sem frá og með 1. marz n. k. á að bætast við grunnlaun og teljast framvegis hluti þeirra.

Öll þau ákvæði um verðstöðvun, sem í gildi hafa verið síðan um miðjan nóvember 1966, eiga samkvæmt II. kafla frumvarpsins, sbr. 31. gr., að gilda áfram til 31. desember 1968. Er það ætlun ríkisstjórnarinnar að framkvæma þau ákvæði af fullri festu, eins og gert hefur verið á undanförnu ári, og leyfa engar verðhækkanir umfram þær, sem felast í þessu frumvarpi og fjárlagafrumvarpinu eða gerð hefur verið grein fyrir hér að framan, nema sérstakar og óhjákvæmilegar ástæður komi til, svo sem erlend verðhækkun á innfluttum vörum.

Frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er skipt í sex kafla. Í fyrsta kaflanum er að finna ákvæði um gildistöku hins nýja grundvallar vísitölu framfærslukostn-

aðar og um útreikning kaupgreiðsluvísitölu samkvæmt hinum nýja grundvelli, sem eru hliðstæð þeim ákvæðum, er nú gilda um útreikning kaupgreiðsluvísitölu. Þá eru einnig í þessum kafla ákvæði um framlengingu kaupgreiðsluvísitölunnar 1. ágúst 1967 til 29. febrúar 1968. Í öðrum kafla frumvarpsins er kveðið á um framlengingu verðstöðvunar, og í þriðja kafla eru ákvæði um framlengingu þeirra ráðstafana á árinu 1968. sem gerðar voru vegna sjávarútvegsins á árinu 1967. Fjórði kaflinn fjallar um hið nýja farmiðagjald og fimmti kaflinn um breytingu á ýmissi skattheimtu, sem nauðsynlegt er að afla heimilda til í sambandi við framkvæmd þeirra ráðstafana, sem hér hefur verið lýst, og fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir. Fara hér á eftir nánari athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins eftir því sem efni standa til.

Um I. kafla.

Um vísitölu framfærslukostnaðar og verðlagsuppbót á laun.

Í samkomulagi ríkisstjórnarinnar, Alþýðusambands Íslands og samtaka vinnuveitenda 5. júní 1964 var m. a. ákveðið að mæla með því við Kauplagsnefnd og Hagstofuna, að hafin yrði endurskoðun á grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar. Til þess þurfti að fara fram neyzlurannsókn, og hófst hún í janúar 1965. Verkinu var hraðað eins og kostur var á og lágu niðurstöður fyrir í apríl 1966. Höfðu Kauplagsnefnd og Hagstofan þá tilbúinn nýjan vísitölugrundvöll, miðaðan við verðlag í febrúarbyrjun 1966. Ekki kom til gildistöku nýs vísitölugrundvallar að svo stöddu, en nú er í frv. þessu lagt til, að lögfestur verði nýr grundvöllur vísitölu framfærslukostnaðar með grunntíma í janúarbyrjun 1968. Kæmi hann í stað núgildandi vísitölu með grunntíma 1. marz 1959, en ákvæði um lögfestingu hennar voru í 3. málsgr. 4. gr. laga nr. 1/1959, um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

Núgildandi vísitala framfærslukostnaðar er raunar eldri en grunntími hennar gefur til kynna, því að hún var byggð á rannsókn á neyzlu launþega í Reykjavík á árunum 1953 og 1954. Síðan hafa orðið miklar breytingar á neyzluvenjum almennings, og er því kominn tími til, að skipt verði um vísitölugrundvöll.

Auk nefndrar neyzlurannsóknar á árunum 1953 og 1954, sem núgildandi framfærsluvísitala er byggð á, fór fram hliðstæð athugun á neyzlu launþega í Reykjavík á tímabilinu júlí 1939 til júní 1940. Var framfærsluvísitala með grunntíma janúar—marz 1939, sem í meginatriðum gilti fram að marz 1959, byggð á þeirri athugun.

Við undirbúning neyzlurannsóknar þeirrar, er hófst í janúar 1965, var stuðzt við tilhögun hliðstæðra rannsókna á Norðurlöndum, einkum þó við rannsókn dönsku hagstofunnar 1964.

Ákveðið var, að rannsóknin skyldi taka til eftirfarandi launþega í Reykjavík: Verkamanna, sjómanna, iðnaðarmanna, opinberra starfsmanna og verzlunar- og skrifstofumanna í þjónustu einkaaðila. Auk þess var þátttaka í rannsókninni bundin við hjón með börn innan 16 ára aldurs eða barnlaus, og heimilisfaðir skyldi vera fæddur á árunum 1899—1940, þ. e. vera á aldursbilinu 25—66 ára 1965. Neyzlurannsókn 1953—54 tók aðeins til hjóna með börn, en að öðru leyti var nú í meginatriðum fylgt sömu reglum og í neyzlurannsókn 1953—54.

Þátttakendur í neyzlurannsókninni voru fundnir á þann hátt, að tekið var í skýrsluvélum tilviljunarkennt úrtak 300 framteljenda á skattskrá Reykjavíkur 1964. Fullnægðu þeir öllum skilyrðum þátttöku í rannsókninni, nema skilyrðinu um aldur barna. Úr þessum hópi hurfu allar fjölskyldur með börn eldri en 15 ára, svo og fjölskyldur, sem höfðu flutt burt úr Reykjavík eða misst heimilisföður. Margir aðrir heltust úr lestinni, ekki vegna þess að þeir neituðu þátttöku, þótt þess væru nokkur dæmi, heldur t. d. vegna þess, að ættingjar bjuggu hjá fjölskyldunni eða leigjandi var í fæði hjá henni. Einnig hurfu menn úr hópnum, ef í ljós kom við nánari athugun, að eiginmaður eða eiginkona rak sjálfstæða atvinnu. Ýmislegt fleira leiddi til þess, að ekki gat orðið um að ræða þátttöku í rannsókninni.

Niðurstaðan varð sú, að af hinum 300 fjölskyldum í upphaflega úrtakinu tóku 103 þátt í rannsókninni. Í byrjun hafði verið gert ráð fyrir, að neyzluútgjöld 100 fjölskyldna kæmu til fullnaðarúrvinnslu, en til þess þurftu þátttakendur að verða eitthvað fleiri en 100, svo að vanhöld yrðu ekki til þess, að talan færi niður fyrir hundrað. Þegar til kom, reyndust 100 af 103 skýrslum fullnothæfar til úrvinnslu. Þessir 100 þátttakendur skiptust þannig á starfsstéttir: 26 verkamenn, 3 sjómenn, 23 iðnaðarmenn, 30 opinberir starfsmenn og 18 verzlunarmenn og skrifstofumenn í þjónustu einkaaðila. Til samanburðar skal þess getið, að samkvæmt atvinnumerkingu á skattskrám Reykjavíkur, Kópavogs og Seltjarnarness 1965 skiptust kvæntir karlframteljendur 25—66 ára í þessum starfsstéttum sem hér segir, í hundraðshlutum: Verkamenn 26,7, sjómenn 4,4, iðnaðarmenn 21,5, opinberir starfsmenn 30,9 og verzlunar- og skrifstofumenn í þjónustu einkaaðila 16,5. Samkvæmt þessu kemur hlutfallsleg skipting þátttakenda í neyzluathuguninni vel heim við raunverulega skiptingu kvæntra karla á þessar starfsstéttir.

Í nýja vísitölugrundvellinum eru 3.98 einstaklingar, þ. e. 1.98 barn auk heimilisföður og heimilismóður. Meðalaldur hans er 38.9 ár, en hennar 35.7 ár. Í núgildandi vísitölufjölskyldu eru 4.22 einstaklingar.

Öflun upplýsinga frá þátttakendum í neyzlurannsókninni var með tvennum hætti. Annars vegar voru þeir, í viðtölum, beðnir um að láta í té allnákvæmar upplýsingar um útgjöld sín á árinu 1964. Var þar um að ræða húsnæðiskostnað og öll önnur neyzluútgjöld, nema útgjöld til kaupa á matvörum og óáfengum drykkjarvörum. Viðskiptafræðistúdentar voru fengnir til að eiga þessi viðtöl við þátttakendur, og færðu þeir allar upplýsingar jafnóðum á sérstakt reikningsform undir ársútgjaldaskýrslur. Hins vegar héldu þátttakendur búreikning um 4ra vikna skeið. Til þeirra nota fengu þeir reikningshefti með leiðbeiningum um, hvernig reikningshaldinu skyldi hagað, og til frekara öryggis lét Hagstofan starfsmann sinn fylgjast með því, eftir því sem þurfti. Búreikningar þessir voru færðir á tímabilinu marz—desember 1965, en hlé varð á reikningshaldinu í júlí og ágúst vegna sumarfría. Færð voru á búreikning öll útgjöld á 4ra vikna reikningstímabilinu, þó að tilgangur þessa reikningshalds væri annars fyrst og fremst sá að afla vitneskju um útgjöld til kaupa á matvörum og óáfengum drykkjarvörum, enda voru þau ekki tekin á ársútgjaldaskýrslu. — Ekki er ástæða til að ætla annað en að upplýsingar ársútgjaldaskýrslna og búreikninga séu raunhæfar og tæmandi eftir því sem orðið getur. Þátttakendur í neyzlurannsókninni virðast yfirleitt hafa unnið verk sitt samvizkusamlega.

Við uppsetningu hins nýja vísitölugrundvallar hafa útgjöld til kaupa á matvörum og óáfengum drykkjum verið byggð á búreikningum. Útgjöld til kaupa á hreinlætisvörum og snyrtivörum hafa jöfnum höndum verið byggð á búreikningum og ársútgjaldaskýrslum, en önnur útgjöld hins nýja vísitölugrundvallar eru flest samkvæmt ársútgjaldaskýrslum.

Við uppsetningu núgildandi vísitölu á sínum tíma var ýmsum neyzluútgjöldum sleppt, annaðhvort vegna ófullkominna upplýsinga eða vegna örðugleika á að finna staðgönguvörur fyrir viðkomandi útgjöld í vísitölunni. Þannig voru t. d. ekki tekin í núgildandi vísitölu útgjöld til kaupa á húsgögnum og ýmsum öðrum húsbúnaði, útgjöld vegna eigin bifreiðar o. fl. Við uppsetningu hins nýja vísitölugrundvallar hefur aðeins fáum og þýðingarlitlum útgjöldum verið sleppt, og það hefur aðeins verið gert, þegar örðugleikar hafa verið á að mæla verðbreytingar eða önnur sérstök atvik hafa verið fyrir hendi. Þá er nýi vísitölugrundvöllurinn einnig frábrugðinn hinum eldri að því leyti, að miklu fleiri vörutegundir eru í þeim nýja, og á þetta við svo að segja alla vísitöluflokka. Þriðja aðalbreytingin er sú, að beinir skattar, þ. e. tekjuskattur, útsvar og kirkjugarðsgjald, hafa verið felldir úr grundvellinum. Ástæða þessarar breytingar er sú, að mikil vandkvæði eru á útreikningi beinna skatta í vísitölunni, enda eru þeir annars eðlis en aðrir útgjaldaliðir vísitölunnar. Þess skal getið, að beinir skattar hafa aðeins verið í vísitölu með grunntíma

1. marz 1959. Þeir voru ekki í vísitölum með grunntíma 1914, 1939 og 1950. Önnur opinber gjöld, þ. e. almannatryggingagjald, sjúkrasamlagsgjald, námsbókagjald og kirkjugjald, eru aftur á móti í nýja vísitölugrundvellinum, svo sem verið hefur, og sama gildir um fjölskyldubætur, en fjárhæð þeirra dregst frá heildarupphæð útgjalda vísitölufjölskyldunnar.

Þá er enn fremur lagt til, að vísitala framfærslukostnaðar verði framvegis reiknuð fjórum sinnum á ári, en ekki mánaðarlega eins og verið hefur. Meðan verðlagsuppbót á laun fylgdi mánaðarlegum breytingum vísitölunnar, varð að sjálfsögðu að reikna hana mánaðarlega, en frá vori 1952 og fram að setningu efnahagsmálalaga í febrúar 1960, svo og síðan aftur var hafin greiðsla verðlagsuppbótar á laun samkvæmt verðtryggingarlögum, nr. 63/1964, hefur kaupgreiðsluvísitala aðeins verið reiknuð fjórum sinnum á ári. Með hliðsjón af þessu og einnig með tilliti til þess, að lítil þörf er á mánaðarlegum útreikningi vísitölunnar, og að vinna við útreikning hennar í hvert skipti stóreykst vegna fjölgunar vörutegunda í henni, er lagt til, að framfærsluvísitalan verði framvegis reiknuð fjórum sinnum á ári og á sömu tímum og kaupgreiðsluvísitala hefur verið reiknuð um langt skeið, þ. e., miðað við byrjun mánaðanna febrúar, maí, ágúst og nóvember. Þess má geta, að í allmörgum löndum er látið nægja að reikna framfærsluvísitöluna þriðja hvern mánuð.

Gert er ráð fyrir, að grunntími hinnar nýju vísitölu verði janúarbyrjun 1968 (verðlag 2. janúar 1968 = 100). Grunntala gildandi kaupgreiðsluvísitölu er 163 stig, samkvæmt verðtryggingarlögum, nr. 63/1964, en um leið og sett er á laggir ný framfærsluvísitala með grunntölu 100, er sjálfsagt að ákveða kaupgreiðsluvísitölunni sama grunntíma. Til þess þarf að breyta ýmsum ákvæðum í verðtryggingarlögum, og er þá eðlilegast, að ákvæði um vísitölu framfærslukostnaðar og um greiðslu verðlagsuppbótar á laun séu í einum og sömu lögum. — Þegar grunntala kaupgreiðsluvísitölu verður hin sama og grunntala framfærsluvísitölu, þarf að færa saman í eina heild þau grunnlaun og þá verðlagsuppbót, sem greidd er á grunntíma vísitölunnar. Samkvæmt 4. gr. frv. er gert ráð fyrir, að þessi samfærsla komi til framkvæmda 1. marz 1968. Síðan á sú hækkun, er kann að verða á kaupgreiðsluvísitölu frá 2. janúar til 1. febrúar 1968, að ákvarða þá verðlagsuppbót, er greidd skal á ný grunnlaun (þ. e. á eldri grunnlaun að viðbættri 15.25% verðlagsuppbót) frá 1. marz 1968, o. s. frv., sbr. 2. málsgr. 5. gr. Sams konar sameining grunnlauna og 75% verðlagsuppbótar átti sér stað, er núgildandi framfærsluvísitala var sett á laggir, sbr. 5. gr. laga nr. 1/1959, um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar gr. í I. kafla frv.:

Um 1. gr.

Að því er varðar ákvæði fyrri málsgr., vísast til almennra athugasemda við I. kafla frv. — Ákvæði 3. málsliðs fyrri málsgr. er samhljóða ákvæði í 3. málsgr. 4. gr. laga nr. 1/1959, sem á að falla niður.

Ákvæði 2. málsgr. eru ný og sett í frv. vegna þess að gert er ráð fyrir, að vísitala framfærslukostnaðar verði framvegis reiknuð fjórum sinnum á ári, en ekki mánaðarlega, eins og verið hefur. Fyrir þessu er gerð nánari grein í almennu athugasemdunum að framan.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Í þessari gr. er kveðið svo á, að á tímabilinu 1. des. 1967 til 29. febrúar 1968 skuli greiða sömu verðlagsuppbót (15.25%) og greidd var á tímabilinu 1. sept. til 30. nóv. 1967. Um þetta vísast til aðalgreinargerðar með frv.

Um 4. gr.

Vísað er til almennra athugasemda við I. kafla frv.

Um 5. gr.

Fyrri málsliður fyrri málsgr. er efnislega samhljóða fyrri málsgr. 2. gr. verðtryggingarlaga, nr. 63/1964. Smávægileg orðalagsbreyting stafar af breyttum aðstæðum frá því, sem var á gildistökutíma verðtryggingarlaga. — Ákvæði síðari málsliðs fyrri málsgr. eru ný, en aðeins staðfesting á starfsreglu, sem Kauplagsnefnd hefur fylgt frá því að fyrst var hafinn útreikningur kaupgreiðsluvísitölu.

Um 6. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 1. gr. verðtryggingarlaga.

Um 7. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 4. gr. verðtryggingarlaga.

Um 8. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 5. gr. verðtryggingarlaga.

Um II. kafla.

Um verðstöðvun.

Kaflinn er efnislega framlenging á gildi ákvæða laga nr. 86 23. des. 1966 um heimild til verðstöðvunar til 31. desember 1968. Mundi því eins og verið hefur vera óheimilt að hækka hvers konar verð á vöru eða þjónustu frá því, sem var um miðjan nóvember 1966, nema með samþykki réttra yfirvalda, og myndu þau yfirvöld því aðeins geta veitt slíkt samþykki, að þau telji hana óhjákvæmilega og leyfi ríkisstjórnarinnar komi til. Greinar kaflans, 9. og 10. gr., þarfnast því ekki skýringa.

Um III. kafla.

Um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Samkvæmt þessum kafla frumvarpsins myndu þær ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, sem gerðar voru á árinu 1967 með lögum nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, framlengjast á árinu 1968. Ríkisstjórninni mundi vera heimilt að greiða á árinu 1968 20 m.kr. til verðbóta á línu- og handfærafisk, 50 m.kr. til framleiðniaukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða, og 10 m.kr. til verðbóta á útfluttar skreiðarafurðir eða aðrar útfluttar afurðir af öðrum fiski en síld og loðnu. Allt eru þetta sömu upphæðir og greiddar hafa verið árin 1966 og 1967 og, að undantekinni nokkurri hækkun til frystihúsanna, þær sömu og greiddar voru árin 1964 og 1965. Þá heimilast ríkisstjórninni að greiða á árinu 1968 100 m. kr. sem viðbót á lágmarksverð á ferskfiski öðrum en síld og loðnu, eins og gert var á árinu 1967, og leggja fram nægilegt fé til starfsemi þess sjóðs á árinu 1968, sem stofnaður var á s. l. ári til þess að greiða verðbætur vegna verðfalls á frystum fiskafurðum. Er gert ráð fyrir, að starfsemi verðjöfnunarsjóðsins verði með sama hætti og á árinu 1967, og séu verðbætur þær, er sjóðurinn greiðir, miðaðar við verðlækkun frá árinu 1966 til ársins 1968. Allar þær heimildir til greiðslu fjár, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, eru í samræmi við fyrirhugaðar fjárveitingar samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1968. Er því ekki þörf sérstakra fjáröflunarráðstafana þeirra vegna annarra en þeirra, sem felast í fjárlagafrumvarpinu sjálfu og í öðrum köflum þessa frumvarps. Sérstök ákvæði um fjáröflunarráðstafanir í 2. og 6. gr. laga nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, eru því ekki endurtekin í þessu frumvarpi. Loks er gert ráð fyrir, að haldið sé áfram þeirri athugun á rekstraraðstæðum og fjárhagslegri uppbyggingu frystiiðnaðarins, sem ákveðin var með lögum nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, og þeirri gerð tillagna um að bæta rekstrargrundvöll frystihúsanna, sem þau lög gerðu ráð fyrir. Sjálfri athuguninni er nú langt komið og tekið er að vinna að tillögugerð á grundvelli hennar. Búast má við, að þessu starfi verði að mestu lokið um n. k. áramót, þannig að tillögurnar geti komið til framkvæmda á árinu 1968.

Um 11. gr.

Greinin er sama efnis og 1. gr. laga nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, með þeirri breytingu, að í þeim lögum er ákveðin 8% uppbót á verð, en frumvarpið gerir ráð fyrir greiðslu allt að 100 m.kr. Er það sama fjárhæð og búizt er við, að þessar bætur verði 1967.

Um 12. og 13. gr.

Greinarnar eru samhljóða 3. og 5. gr. laga nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, og þarfnast ekki skýringa.

Um 14. og 15. gr.

Greinarnar eru efnislega framlenging ákvæða 6. og 7. laga nr. 4/1967, með þeim breytingum, sem af þeirri framlengingu leiðir. Ríkissjóður ábyrgist skv. þessum ákvæðum greiðslu 55—75% af verðlækkun frystra fiskafurða til ársloka 1968, frá verði ársins 1966, skv. nánari reglum.

Um 16. og 17. gr.

Greinarnar eru samhljóða 8. og 9. gr. laga nr. 4/1967 og þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 10. gr. áðurnefndra laga nr. 4/1967. Rétt þótti að gera ráð fyrir að fella þau lög úr gildi í heild, en taka þess í stað nauðsynlegar heimildir laganna upp í þetta frumvarp. Um skýringar vísast til almennra athugasemda með III. kafla frumvarpsins hér að framan.

Um IV. kafla.

Um farmiðagjald.

Eins og kunnugt er, hefur verðlag hækkað hér á landi undanfarin ár meira en í mörgum öðrum löndum. Hefur þetta valdið óeðlilegu hlutfalli á kostnaði við ferðalög erlendis og innan lands. Við bætast svo þau hlunnindi, að þeir, sem til útlanda ferðast, kaupa oftast ýmislegt til eigin nota, er þeim finnst eftirsóknarvert eða hagkvæmt að kaupa og flytja til landsins án þess að greiða tolla, og hefur ekki verið við því amazt, ef haldið er innan hófsamlegra marka.

Með frumvarpi þessu er lagt til að leggja nokkurt gjald á farmiða til utanlandsferða. Er það gjald þó tvímælalaust innan þeirra marka, að það getur ekki talizt hindrun á ferðalögum til útlanda, heldur leiðréttir aðeins að nokkru óeðlilegt misræmi milli kostnaðar við ferðir innan lands og utan. Er hvorki sanngjarnt né þjóðhagslega skynsamlegt, að tiltölulega ódýrara sé fyrir fólk að ferðast til útlanda en um sitt eigið land, þótt að sjálfsögðu sé bæði æskilegt og nytsamlegt, að sem flestir eigi þess kost að kynnast framandi þjóðum og löndum.

Lagt er til, að umrætt gjald verði 3000 krónur á hvern farmiða. Þó verði börn innan 7 ára undanþegin gjaldinu og börn innan 12 ára greiði hálft gjald. Gert er ráð fyrir því að bæta sjúklingum, sem fara utan til læknisaðgerða eða sjúkrahúsdvalar, svo og námsmönnum, sem fara til náms erlendis, upp þennan kostnað með auknum stuðningi ríkisins í því formi og á þann hátt, sem fjármálaráðherra ákveður. Er fé ætlað til þess í fjárlagafrumvarpi því, sem nú hefur verið lagt fram.

Áætlað er, að tekjur af gjaldinu geti á næsta ári orðið um 60 millj. króna, en erfitt er að áætla tekjurnar nákvæmlega. Samkvæmt skýrslum útlendingaeftirlitsins er talið, að árið 1966 hafi ferðazt frá landinu 23 302 Íslendingar.

Um 19. gr.

Í fyrstu málsgrein kemur fram, hverjir gjaldskyldir teljast samkvæmt lögunum. Hefur þótt eðlilegt að miða við búsetu hér á landi samkvæmt íbúaskrá eða skyldu til tilkynningar aðsetursskipta samkvæmt lögum. Á þennan hátt útilokast sjálfkrafa ýmsir hópar manna, sem lögunum er ekki ætlað að ná til, svo sem erlendis búsettir

ferðamenn, varnarliðsmenn og skyldulið þeirra, sem ekki er tilkynningarskylt hér, starfsmenn erlendra sendiráða og fleiri.

Í 2. málsgrein eru veittar undanþágur frá gjaldinu til lögskráðra áhafna skipa og flugvéla, svo og til barna undir 7 ára aldri. Verður nánar kveðið á um þessi atriði í reglugerð.

Fjármálaráðuneytið hefur úrskurðarvald um vafaatriði varðandi gjaldskyldu, sbr. 3. málsgrein 21. gr.

Um 20. gr.

Lagt er til, að gjaldið verði 3000 krónur fyrir einstakling frá og með 12 ára aldri, en 1500 krónur fyrir börn frá og með 7 ára til allt að 12 ára aldurs. Börn allt að 7 ára eru því undanþegin gjaldi, sbr. og 2. málsgrein 19. gr.

Fjármálaráðherra mun ákveða með reglugerð, hvaða gjald skuli gilda fyrir ferðir til Grænlands og Færeyja, eða jafnvel að það falli niður, sbr. ákvæði 2. málsgreinar. Það er orðið allalgengt, að hér búsettir menn fari í ferðalög eingöngu til Grænlands eða Færeyja og er af ástæðum, sem koma fram í almennum athugasemdum um þennan kafla laganna, óeðlilegt, að þeir greiði fullt farmiðagjald, miðað við núverandi aðstæður. Er eðlilegt, að fjármálaráðherra ákveði þetta í reglugerð.

Um 21. gr.

Samkvæmt 1. málsgrein er það undantekningarlaus regla, að farmiðagjald skal krafið og greitt ekki síðar en við afhendingu farmiða eða annarrar flutningsheimildar í hvaða mynd, sem hún er, skrifleg eða jafnvel munnleg.

Í framhaldi 1. málsgreinar segir í 2. málsgrein, að hver sá aðili, sem gefur út og afhendir flutningsheimild, sé skyldugur til að krefja og taka við farmiðagjaldinu. Á þetta að sjálfsögðu einnig við, þegar flutningur fer fram án endurgjalds. Ber útgerðaraðila, t. d. fiskiskips, sem tekur einstaklinga til flutnings úr landi, að krefja gjaldið áður en ferð hefst, og standa skil á því til innheimtumanns ríkissjóðs. Þeir aðilar, sem þó einkum eiga hér hlut að máli, eru flug- og skipafélög, ferðaskrifstofur, þegar þær selja farmiða, hvort sem um ferð á þeirra vegum eða annarra er að ræða, og aðrir aðilar, sem gefa út og afhenda flutningsheimildir.

Þessir aðilar allir gefa kvittanir fyrir greiðslu gjaldsins á sérstökum kvittanaseðlum, sem fjármálaráðuneytið lætur í té. Verður nánar kveðið á um þetta í reglugerð.

Í 3. málsgrein er sömu aðilum og krefja inn farmiðagjaldið, falið að meta gjaldskylduna. Niðurstaða mats krefjanda gjaldsins er á ábyrgð hans, sbr. ákvæði 23. gr. Í vafatilfellum, þegar krefjandi gjaldsins telur sér ekki fært að úrskurða um gjaldskyldu, getur hann leitað til fjármálaráðuneytisins um það mál. Farþegi hefur að sjálfsögðu sama rétt.

Um 22. gr.

Í upphafi greinarinnar er lagt bann við flutningi gjaldskyldra einstaklinga úr landi, nema farmiðagjaldið hafi verið greitt. Ber stjórnendum flutningstækja (skipstjórum, flugstjórum), eigendum þeirra eða leigutökum, þegar þeir standa að ferð, að afhenda lögreglustjórum endurrit farþegaskrár áritaða og staðfesta, þar sem greinilega komi fram, hverjir hafi greitt gjaldið og hverjir séu taldir undanþegnir því. Afhending skrár fari fram fyrir brottför til lögreglustjóra eða fulltrúa hans, væntanlega oftast tolleftirlitsmanns. Í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli er eðlilegast, að skráin sé afhent fulltrúa tollstjóra, tolleftirlitsmanni eða útlendingaeftirlitinu, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Um 23. gr.

Greinin leggur beina fjárábyrgð, sem um eigin skuld sé að ræða, á stjórnanda (flug- eða skipstjóra) flutningatækis og útgerðaraðila sameiginlega, ef svo er um að ræða sem getur í upphafi greinar. Til frekari tryggingar er ríkissjóði áskilið forgangslögveð í flutningstæki.

Komi í ljós, að úrskurður um undanþágu hafi reynzt rangur, skv. 2. málsgrein, þá skal sá aðili, er gaf út og afhenti flutningsheimild, greiða sjálfur farmiðagjaldið í ríkissjóð, enda sé um verulegt gáleysi að ræða. Ákvæði þetta á ekki við, þegar úrskurður um undanþágu hefur byggzt á umsögn fjármálaráðuneytisins, sbr. 3. málsgrein 21. gr.

Um 24. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um skil á innheimtu farmiðagjaldi og nauðsynlegar heimildir til innheimtumanna ríkissjóðs í því sambandi.

Gert er ráð fyrir því í 5. málsgrein, að skattayfirvöld hafi heildareftirlit með skilum farmiðagjalds. Er eðlilegast að fela þetta starf skattayfirvöldum, en þau fylgjast með skilum söluskatts. Í þessu sambandi þurfa skattayfirvöld þær heimildir, sem gert er ráð fyrir í greininni.

Um V. kafla.
Um breytingu á ýmissi skattheimtu.

Með þessum kafla frumvarpsins er leitað eftir ýmsum lagabreytingum, sem getið er í almennum athugasemdum hér að framan og frumvarp til fjárlaga fyrir 1968, sem nú hefur verið lagt fyrir Alþingi, miðast við.

Um 25. gr.

Greinin gerir ráð fyrir breytingu á 22. gr. A-lið laga nr. 90/1965, um tekjuskatt og eignarskatt, þannig að við ákvörðun skattgjaldseignar skuli fasteignir, aðrar en bújarðir í sveitum, virtar á fasteignamati tólffölduðu. Áður hefur þessu ákvæði verið breytt í þreföldun með lögum nr. 19/1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, og í sexföldum með lögum nr. 97/1965, um breyting á þeim lögum. Bújarðir í sveitum skulu hins vegar metnar á fasteignamati sexfölduðu. Nú eru þær virtar á fasteignamati óbreyttu.

Ætla má, að með þessari breytingu verði þær fasteignir, sem breytingin tekur til, enn metnar til skatts lægra en nemur væntanlegu nýju fasteignamati, en þó miklu nær því mati en áður hefur verið.

Um 26. gr.

Jafnframt þeirri margföldun á verði fasteigna til eignarskatts, sem 25. gr. gerir ráð fyrir, er til þess ætlazt, að skattfrjáls skattgjaldseign hækki úr 100 þús. kr. í 200 þús. kr. Mun þessi hækkun skattfrjálsrar eignar væntanlega leiða til þess, að fjöldi þeirra skattgreiðenda, er greiða eignarskatt, breytist lítið frá því, sem nú er, þrátt fyrir hækkun fasteignamatsins.

Um 27. gr.

Rétt þykir, að söluskattur sé greiddur af póst- og símaþjónustu, svo sem annarri hliðstæðri þjónustu. Á sama hátt er ráðgert að taka upp söluskattsinnheimtu af þjónustu Ríkisútvarpsins, hljóðvarpi og sjónvarpi, en til þess þarf ekki lagabreytingu.

Um 28. gr.

Greinin gerir ráð fyrir því bráðabirgðaákvæði við lög um almannatryggingar nr. 40/1963, að skuld hinna tryggðu og atvinnurekenda, sem orðin er til á n. k. áramótum, skuli gefin eftir og færast úr varasjóði lífeyristrygginga, en ekki verða til hækkunar framlaga þessara aðila. Iðgjöld almannatrygginga munu hækka þrátt fyrir þessa ráðstöfun, en ekki eins mikið og ella hefði orðið.

Um 29. og 30. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 31. gr.

Gert er ráð fyrir, að I. kafli laganna, um vísitölu framfærslukostnaðar og verðlagsuppbót á laun, svo og V. og VI. kafli hafi varanlegt lagagildi, en II. kafla, um verðstöðvun, III. kafla, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, og IV. kafla, um farmiðagjald, er ætlað að gilda til 31. des. 1968.

Nd. 8. Frumvarp til laga [8. mál]

um sölu á prestssetursjörðinni Setberg í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, og húsunum nr. 15 við Tómasarhaga í Reykjavík, nr. 18 við Brekkugötu í Hafnarfirði og nr. 2 við Vesturbraut í Grindavík.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að bjóða til sölu og selja, ef viðunandi tilboð fást, eftirtaldar fasteignir ríkisins:

Prestssetursjörðina Setberg í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu.
Húseignina Tómasarhaga 15 í Reykjavík.
Húseignina Brekkugötu 18, Hafnarfirði.
Húseignina Vesturbraut 2, Grindavík.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Nýtt prestssetureshús er nú í smíðum fyrir Setbergsprestakall í Grundarfirði, og er það staðsett í kauptúninu í firðinum. Smíði hússins miðar vel áfram, og má búast við, að það verði fullgert á vetri komanda. Samkvæmt lögum nr. 38/1947 um skipulag og hýsingu prestssetra skal andvirði niðurlagðra prestssetra renna til smíði nýrra. Samkvæmt þessu er leitað heimildar til að selja nefnda jörð til að afla fjár til greiðslu á hluta af byggingarkostnaði hins nýja prestssetur, svo sem nefnd lög gera ráð fyrir.

2. Í júlí 1967 voru fest kaup á húsinu nr. 75 við Bergstaðastræti í Reykjavík í því skyni að hafa þar biskupssetur til frambúðar. Núverandi biskupsbústaður var frá upphafi aðeins hugsaður sem bráðabirgðabústaður, og er nú leitað heimildar til að selja hann. Ætlunin er, að söluverðið renni til greiðslu á verulegum hluta af kaupverði hins nýja bústaðar.

3. Sóknarpresturinn í Hafnarfirði hefur farið fram á að fá keyptan embættisbústað þann, er hann býr í, en hús þetta byggði hann sjálfur á árunum 1940—1941 og seldi ríkissjóði 1942 fyrir kr. 30 000.00. Fyrir liggur tilboð frá honum sem hærra er en verð samkvæmt mati manna, er dómkvaddir voru til að meta gangverð eignarinnar á þessu ári. Samkvæmt þessu er leitað heimildar til að selja eignina nefndum sóknarpresti.

4. Nýtt prestssetur hefur verið reist í Grindavík, og er því leitað heimildar til að selja hið eldra prestssetur í því skyni að verja söluverðinu til að greiða hluta af andvirði hins nýja prestssetur, sbr. lög nr. 38/1947.

Ed. 9. Frumvarp til laga [9. mál]

um framlengingu á kjarasamningi milli Apótekarafélags Íslands og Lyfjafræðingafélags Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

Kjarasamningur milli Apótekarafélags Íslands og Lyfjafræðingafélags Íslands um kaup og kjör lyfjafræðinga frá 18. febrúar 1966, er sagt var upp af hálfu Lyfjafræðingafélags Íslands til að falla úr gildi 31. desember 1966, skal gilda áfram frá

gildistöku laga þessara, meðan í framkvæmd er verðstöðvun samkvæmt heimild í lögum nr. 86 23. desember 1966 eða þar til nýir samningar hafa verið gerðir milli þessara aðila, en þó eigi lengur en til 31. október 1967.

2. gr.

Meðan samningur sá, sem 1. gr. fjallar um, gildir, eru óheimilar vinnustöðvanir lyfjafræðinga hjá lyfjabúðum og lyfjaheildverzlunum, þar á meðal vinnustöðvun sú, sem hófst 10. apríl 1967.

3. gr.

Fara skal með mál út af brotum gegn lögum þessum að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um framlengingu á kjarasamningi milli Apótekarafélags Íslands og Lyfjafræðingafélags Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ríkisstjórnin hefur tjáð mér, að algjört verkfall hafi staðið yfir frá 10. apríl s. l. hjá meðlimum Lyfjafræðingafélags Íslands, er starfað hafa í lyfjabúðum og lyfjaheildverzlunum einkaaðila. Hafa lyfsalar einir staðið fyrir afgreiðslu lyfja nú í mánaðartíma, og telja má hættu á, að ýmsir þeirra muni ekki öllu lengur geta annazt margþætta lyfjaafgreiðslu. Kann því áður en varir að skapast hættuástand, sem ekki verður við unað. Sáttasemjari ríkisins hefur unnið að tilraunum til lausnar á kjaradeilu þessari, án þess að árangur hafi náðst, og hafa nú báðir aðilar fellt miðlunartillögu, er sáttasemjarinn hafði borið fram. Með því að brýna nauðsyn ber til, að bægt verði frá því neyðarástand fyrir almenning, er skapast kann af þessum sökum, og með hliðsjón af framkvæmd þeirrar verðstöðvunarheimildar, sem lög nr. 86 23. desember 1966 gera ráð fyrir, þykir rétt að lögfesta, að kjarasamningur milli Apótekarafélags Íslands og Lyfjafræðingafélags Íslands um kaup og kjör lyfjafræðinga frá 18. febrúar 1966 skuli gilda áfram, meðan framkvæmd verðstöðvunarinnar helzt, og sé vinnustöðvun þá óheimil á sama tíma, þó eigi lengur en nemur gildistíma nefndra verðstöðvunarlaga.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Kjarasamningur milli Apótekarafélags Íslands og Lyfjafræðingafélags Íslands um kaup og kjör lyfjafræðinga frá 18. febrúar 1966, er sagt var upp af hálfu Lyfjafræðingafélags Íslands til að falla úr gildi 31. desember 1966, skal gilda áfram frá gildistöku laga þessara, meðan í framkvæmd er verðstöðvun samkvæmt heimild í lögum nr. 86 23. desember 1966 eða þar til nýir samningar hafa verið gerðir milli þessara aðila, en þó eigi lengur en til 31. október 1967.

2. gr.

Meðan samningur sá, sem 1. gr. fjallar um, gildir, eru óheimilar vinnustöðvanir lyfjafræðinga hjá lyfjabúðum og lyfjaheildverzlunum, þar á meðal vinnustöðvun sú, sem hófst 10. apríl 1967.

3. gr.

Fara skal með mál út af brotum gegn lögum þessum að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 10. maí 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Jóhann Hafstein.

Sþ. 10. Fyrirspurnir. [10. mál]

I. Til fjármálaráðherra um breytingar á nýju vísitölunni.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvernig hefur vísitala sú, sem miðast við neyzlurannsókn frá 1965, breytzt, síðan tekið var að reikna hana út?

II. Til ríkisstjórnarinnar um kostnað við rekstur Tryggingastofnunar ríkisins.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Hvað voru margir starfsmenn hjá Tryggingastofnun ríkisins í Reykjavík árið 1966?

Hvað námu launagreiðslur til þeirra mikilli fjárhæð samtals á því ári?

Hve mikill var annar kostnaður við rekstur stofnunarinnar í Reykjavík það ár?

Hvað voru margir umboðsmenn og starfsmenn Tryggingastofnunarinnar utan Reykjavíkur árið 1966?

Hver voru helztu störf þeirra?

Hve miklu námu greiðslur til þeirra fyrir unnin störf í þágu stofnunarinnar alls á árinu?

Hve miklu samtals nam annar kostnaður stofnunarinnar utan Reykjavíkur á því ári, ef einhver var?

Nd. 11. Frumvarp til laga [11. mál]

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Guðmundur Jónasson.

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Aðstöðugjald skal vera sem hér greinir:

a. ½% af: Rekstri fiskiskipa og flugvéla. Landbúnaði. Verzlun með kaffi, sykur og kornvöru til manneldis í heildsölu. Matvöruverzlun í smásölu. Verzlun með veiðarfæri, önnur en sportveiðitæki, fóðurvörur, tilbúinn áburð (Áburðarverksmiðjan er þó undanþegin aðstöðugjaldi). Kjöt- og fiskiðnaði. Endurtryggingum.

b. 1% af: Rekstri farþega- og farmskipa. Sérleyfisbifreiðum. Matsölu. Vátryggingum ót. a. Útgáfustarfsemi (útgáfa dagblaða er þó undanþegin aðstöðugjaldi). Verzlun ót. a. Iðnaði ót. a. Annarri gjaldskyldri starfsemi ót. a.

c. 1½% af: Sælgætis- og efnagerðum. Öl- og gosdrykkjagerðum. Gull- og silfursmíði. Hattasaumi. Rakara- og hárgreiðslustofum. Leirkerasmíði. Ljósmyndun. Myndskurði. Verzlun með gleraugu, kvenhatta, sportvörur, hljóðfæri, snyrti- og hreinlætisvörur. Lyfjaverzlun. Kvikmyndahúsum. Fjölritun. Persónulegri þjónustu.

d. 2% af: Skartgripa-, skrautmuna- og minjagripaverzlun. Tóbaks- og sælgætisverzlun. Söluturnum. Blómaverzlun. Umboðsverzlun. Listmunagerð. Börum. Billjardstofum.

Nú er notuð heimild 34. gr. laganna til að hækka álögð útsvör um allt að 5%, og skal þá bæta jafnháum hundraðshluta við álögð aðstöðugjöld.

2. gr.

Í stað „20“ í síðari málsgrein 34. gr. laganna komi: 5.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í nokkur ár hefur verið heimild í lögum um tekjustofna sveitarfélaga til að leggja á svonefnd aðstöðugjöld. Allir kaupstaðirnir, kauptúnahreppar og fleiri sveitarfélög hafa notað þessa heimild. En sá stóri galli fylgir lögunum, eins og þau hafa verið framkvæmd, að aðstöðugjöldin koma mjög misjafnlega þungt á gjaldendur eftir því, hvar þeir eru búsettir á landinu. **Veldur þetta óþolandi ranglæti.**

Hér skulu nefnd fáein dæmi, sem sýna þetta.

Á árunum 1966 og 1967 voru aðstöðugjöld á matvöruverzlunum í Reykjavík og Kópavogi 0.5% af viðskiptaveltunni. Í 7 öðrum kaupstöðum og kauptúnahreppum voru gjöldin á slíkum verzlunum 1%, eða 100% hærri. Í 16 kaupstöðum og kauptúnum nam álagningin á matvöruverzlanirnar frá 1.2 til 1.7% og var þannig 140—240% hærri en í Reykjavík og Kópavogi. Og dæmi má finna um það, að aðstöðugjöldin á matvöruverzlunum voru 2%, eða 300% hærri en í áðurnefndum kaupstöðum við Faxaflóa.

Aðstöðugjöldin hvíla einnig misjafnlega þungt á iðnaðarfyrirtækjum, þó að munurinn sé þar ekki eins stórkostlegur. Í Reykjavík og á 8 öðrum stöðum var álagn-

ingin á flest iðnaðarfyrirtæki, að undanskildum þeim, sem reka kjöt- og fiskiðnað, 1% árin 1966 og 1967, en á 13 öðrum stöðum var álagning á slík fyrirtæki 1.5%, eða 50% hærri.

Háu aðstöðugjöldin, sem lögð eru á nauðsynjavöruverzlanir víða um land, bitna vitanlega á því fólki, sem þar býr.

Hvers á það fólk að gjalda, sem er látið borga allt upp í 300% hærri opinber gjöld en lögð eru á aðra?

Á að halda áfram að refsa þeim, sem enn halda tryggð við hinar fámennari byggðir í stað þess að flytjast í fjölmennið á suðvesturhorni landsins?

Hvað mundu menn segja um misháa tolla?

Hvernig yrði því tekið, ef ákveðið væri að innheimta mismunandi há aðflutningsgjöld af innfluttum vörum eftir því, til hvaða verzlunarstaðar þær væru fluttar frá útlöndum? En segja má, að það væri sama aðferðin og nú er beitt við álagningu aðstöðugjaldanna. Aðstöðugjöldin leggjast á vörurnar með sama hætti og tollarnir til ríkisins.

Starfsemi atvinnujöfnunarsjóðs og áætlanir um uppbyggingu og eflingu atvinnulífs á vissum landssvæðum koma að takmörkuðum notum, ef haldið verður áfram að leggja marfalt hærri opinber gjöld á fólkið á þessum svæðum heldur en á þá, sem í þéttbýlinu búa.

Ranglætið, sem framkvæmd laganna um aðstöðugjöld veldur nú, þarf að afnema.

Hér er því lagt til, að sömu reglur um álagningu aðstöðugjalda skuli gilda um land allt.

Í lögunum um tekjustofna sveitarfélaga er sveitarstjórnum veitt leyfi til að hækka álögð útsvör um allt að 20%, ef þær telja þess þörf, og hafa ýmsar sveitarstjórnir notað þessa heimild að fullu. Þykir mörgum, sem fyrir þessu verða, illt undir að búa, og samband sveitarfélaganna mun hafa ályktað, að nema þurfi þessa heimild úr lögum, eða a. m. k. að takmarka hana verulega. Í frv. þessu er lagt til, að ekki verði heimilt að hækka útsvörin um meira en 5% frá þeim gjaldstiga, sem er í lögunum. Til samræmis er einnig lagt til, að leyfilegt skuli að bæta 5% við álögð aðstöðugjöld, ef þess er talin þörf. Slíkt álag á gjöldin er hægt að þola, þó að 20% álag á útsvör og þó einkum hin gífurlega háu aðstöðugjöld, sem nú eru víða lögð á, geti orðið til þess að fæla menn frá búsetu og atvinnurekstri á vissum stöðum.

Ef álögð gjöld samkvæmt lögunum um tekjustofna sveitarfélaga, að viðbættu 5% álagi á útsvör og aðstöðugjöld, reynast ekki fullnægjandi til að mæta óhjákvæmilegum útgjöldum einhverra sveitarfélaga, eiga þau að fá framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Tillögurnar um aðstöðugjöldin í 1. gr. frv. eru að verulegu leyti gerðar eftir þeim reglum, sem farið var eftir við álagningu gjaldanna í Reykjavík á þessu ári.

Fylgiskjal.

Reglur um álagningu aðstöðugjalda í Reykjavík árið 1967.

0.5% Rekstur fiskiskipa og flugvéla. Matvöruverzlun í smásölu. Kaffi, sykur og kornvara til manneldis í heildsölu. Kjöt- og fiskiðnaður. Endurtryggingar.

1.0% Rekstur farþega- og farmskipa. Sérleyfisbifreiðir. Matsala. Landbúnaður. Vátryggingar ót. a. Útgáfustarfsemi. Útgáfa dagblaða er þó undanþegin aðstöðugjaldi. Verzlun ót. a. Iðnaður ót. a.

1.5% Sælgætis- og efnagerðir, öl- og gosdrykkjagerðir, gull- og silfursmíði, hattasaumur, rakara- og hárgreiðslustofur, leirkerasmíði, ljósmyndun, myndskurður. Verzlun með gleraugu, kvenhatta, sportvörur, hljóðfæri, snyrti- og hreinlætisvörur. Lyfjaverzlun. Kvikmyndahús. Fjölritun.

2.0% Skartgripa- og skrautmunaverzlun, tóbaks- og sælgætisverzlun, söluturnar, blómaverzlun, umboðsverzlun, minjagripaverzlun. Listmunagerð. Barar. Billjardstofur. Persónuleg þjónusta. Enn fremur hvers konar önnur gjaldskyld starfsemi ót. a.

Ed. 12. Frumvarp til laga [12. mál]

um lausn deilu stýrimanna, vélstjóra og loftskeytamanna á íslenzkum farskipum og eigenda íslenzkra farskipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði kaup og kjör stýrimanna, vélstjóra og loftskeytamanna á íslenzkum farskipum.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna, og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

2. gr.

Verkföll, þar á meðal samúðarverkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála, sem lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal framhald verkfalls Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands og Félags íslenzkra loftskeytamanna, sem hófust 25. maí 1967.

3. gr.

Ákvarðanir gerðardóms, samkvæmt 1. gr., skulu að því er varðar greiðslur farskipaeigenda til félaga í þeim starfsmannafélögum, sem um ræðir í 2. gr., gilda frá gildistöku laga þessara.

Að öðru leyti skulu samningar farskipaeigenda og nefndra starfsmannafélaga, dags. 3. september 1965, gilda, þar til gerðardómur fellur.

4. gr.

Laun gerðardómsmanna greiðist úr ríkissjóði, eftir ákvörðun ráðherra.

5. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu kjaraákvæði í úrskurði gerðardómsins gilda frá gildistökudegi laganna.

7. gr.

Lög þessi gilda þar til nýir samningar hafa tekizt milli farskipaeigenda og Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands og Félags íslenzkra loftskeytamanna, þó ekki lengur en til 1. nóvember 1967.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um lausn deilu stýrimanna, vélstjóra og loftskeytamanna á íslenzkum farskipum og eigenda íslenzkra farskipa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samgöngumálaráðherra hefur tjáð mér, að verkfall hafi staðið yfir hjá félögum í Stýrimannafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands og Félagi íslenzkra loftskeytamanna frá 25. maí s. l. Hafi sáttatilraunir ekki borið árangur og ekki séu horfur á lausn deilunnar í bráð. Verkfall þetta hafi þegar valdið landsmönnum erfiðleikum og tjóni og vöruskorti víða um land og muni fyrirsjáanlega valda stórkostlegum truflunum og jafnvel stöðvun í sjávarútvegi og öðrum atvinnugreinum landsmanna, verði framhald á því. Því telur ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir frekari stöðvun á rekstri farskipanna.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði kaup og kjör stýrimanna, vélstjóra og loftskeytamanna á íslenzkum farskipum.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna, og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

2. gr.

Verkföll, þar á meðal samúðarverkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála, sem lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal framhald verkfalls Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands og Félags íslenzkra loftskeytamanna, sem hófust 25. maí 1967.

3. gr.

Ákvarðanir gerðardóms, samkvæmt 1. gr., skulu að því er varðar greiðslur farskipaeigenda til félaga í þeim starfsmannafélögum, sem um ræðir í 2. gr., gilda frá gildistöku laga þessara.

Að öðru leyti skulu samningar farskipaeigenda og nefndra starfsmannafélaga, dags. 3. september 1965, gilda, þar til gerðardómur fellur.

4. gr.

Laun gerðardómsmanna greiðist úr ríkissjóði, eftir ákvörðun ráðherra.

5. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu kjaraákvæði í úrskurði gerðardómsins gilda frá gildistökudegi laganna.

7. gr.

Lög þessi gilda þar til nýir samningar hafa tekizt milli farskipaeigenda og Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands og Félags íslenzkra loftskeytamanna, þó ekki lengur en til 1. nóvember 1967.

Gjört að Bessastöðum, 16. júní 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

Nd. 13. Frumvarp til laga [13. mál]

um vörumerki.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Með skráningu samkvæmt lögum þessum geta atvinnurekendur öðlazt einkarétt til þess að nota vörumerki sem sérstök auðkenni fyrir vörur, verk eða þjónustu, er þeir hafa til sölu í atvinnurekstri sínum (vörumerkjaréttur).

Vörumerki geta verið myndir, orð eða orðasambönd, þar á meðal vígorð, bókstafir eða tölur, búnaður vöru eða umbúðir.

Ákvæði laga þessara um vörur eiga einnig við um verk og þjónustu, sem í té er látin, eftir því sem við á.

2. gr.

Atvinnurekendur öðlast og vörumerkjarétt, þótt merki sé eigi skráð, ef það hefur náð markaðsfestu.

Nú er merki á vöru almennt þekkt á tilteknu sviði viðskipta hér á landi, sem auðkenni á vöru notanda þess, og telst það þá hafa náð markaðsfestu.

3. gr.

Enn fremur er hverjum heimilt í atvinnurekstri sínum að nota nafn sitt, firmanafn, eða nafn á fasteign sinni sem vörumerki, svo fremi, að sú notkun sé ekki á þann veg, að villzt verði á merkinu og vörumerkjum annarra.

Nafn annars manns, firma eða sérkennilegt nafn á fasteign hans má ekki heimildarlaust nota sem vörumerki.

Eigi má heldur nota auðkenni sem vörumerki, ef villast má á því og vörumerki, er annar hefur þegar tekið í notkun hér á landi. Sama er um vörumerki, sem annar hefur þegar tekið í notkun erlendis, svo fremi, að sá, er ætlar að nota það hér á landi, þekki eða ætti að þekkja það.

4. gr.

Vörumerkjaréttur skv. 1.—3. gr. veitir eiganda vernd gegn því, að aðrir noti heimildarlaust í atvinnuskyni vörumerki, er villzt verður á og merki hans. Á þetta við um hvers konar notkun, hvort sem merkið er sett á sjálfa vöruna eða umbúðir hennar, notað í auglýsingum, verzlunarbréfum eða á annan hátt, og skiptir eigi máli, hvort selja á vöruna hér á landi eða erlendis. Heimildarlaus munnleg notkun merkisins er og bönnuð.

Nú er merki notað fyrir tilteknar vörur, og er þá öðrum en eiganda óheimilt að vísa til þess merkis, þegar seldir eru varahlutir, eða annað fylgifé þeirrar vöru,

nema samþykki eiganda merkisins komi til, enda sé vísað til merkisins á þann hátt, að ætla megi, að fylgifé stafi frá eiganda merkisins eða hann hafi gefið samþykki sitt til notkunar þess.

Nú gerir annar en eigandi vörumerkis verulegar breytingar á vörum auðkenndum merkinu, hvort heldur er með aðgerðum, viðgerðum eða á annan svipaðan hátt, og má hann þá því aðeins nota merkið, án samþykkis eiganda, ef varan er á ný boðin til sölu í atvinnuskyni, að breytinganna sé greinilega getið, eða að þær eftir atvikum komi greinilega í ljós.

5. gr.

Vörumerkjaréttur nær ekki til þeirra hluta vörumerkis, sem aðallega miða að því að gera vöruna, búnað hennar eða umbúðir hagkvæmari í notkun, eða miða annars að öðru en því að auðkenna hana.

6. gr.

Samkvæmt lögum þessum skal eigi telja vörumerki svo lík hvert öðru, að hætta sé á, að menn villist á þeim, nema þau nái til sömu vöru eða vöru svipaðrar tegundar.

Þó má líta svo á, að um hættu á misgripum sé að ræða:

a) ef vörumerki hefur náð ríkri markaðsfestu og er auk þess svo alkunnugt hér á landi, að notkun annars aðila á líku merki, jafnvel fyrir aðrar vörutegundir, felur í sér misnotkun á verðmæti („goodwill") merkisins, eða

b) ef vörumerki hefur náð markaðsfestu og notkun annars en eiganda á líku merki fyrir aðrar vörur, með hliðsjón af séreiginleikum varanna, er bersýnilega til þess fallin að rýra verulega verðmæti þess merkis, sem markaðsfestu hefur náð.

7. gr.

Nú krefjast tveir eða fleiri, hver um sig, vörumerkjaréttar á auðkennum, er villast má á, og gengur þá eldri réttur fyrir yngri, ef annað leiðir ekki af síðargreindum ákvæðum.

8. gr.

Yngri réttur á skráðu vörumerki getur notið jafnhliðaverndar rétti á eldri vörumerki, þótt merkin séu svo lík, að villast megi á þeim, svo fremi, að tilkynning um skráningu hafi verið afhent í góðri trú og 5 ár séu liðin frá skráningardegi hins síðar skráða merkis, án þess að mál hafi verið höfðað til ógildingar skráningunni.

9. gr.

Yngri réttur á vörumerki getur og notið jafnhliða verndar rétti á eldra merki, þótt villast megi á merkjunum:

a) ef eigandi eldra merkis hefur ekki innan hæfilegs tíma gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir notkun yngra merkisins,

b) ef réttinum á merkjunum hefur verið náð með notkun þeirra í mismunandi landshlutum og álíta má að nota megi bæði merkin eftir sem áður, án verulegs tjóns fyrir eiganda hins eldra réttar.

10. gr.

Í tilvikum þeim, er um ræðir í 8.—9. gr. geta dómstólar, ef það telst sanngjarnt, ákveðið, að annað merkjanna eða bæði megi eingöngu nota á sérstakan hátt, t. d. þannig, að þau séu af ákveðinni gerð, staðarnafni bætt við eða þau á annan veg skýrt aðgreind.

11. gr.

Samkvæmt beiðni eiganda skráðs vörumerkis ber höfundum, útgefendum og forleggjurum orðabóka, handbóka, kennslubóka og þess háttar sérfræðirita að gæta þess, að merki sé ekki birt, nema þess sé jafnframt getið, að um skráð vörumerki sé að ræða.

Nú vanrækir maður skyldur sínar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, og ber honum þá að kosta leiðréttingu, er birt skal á þann hátt, er sanngjarnt þykir.

II. KAFLI
Um skráningu vörumerkja.

12. gr.

Vörumerkjaskrá skal haldin í Reykjavík fyrir land allt, sbr. 20. og 21. gr. Skráninguna annast vörumerkjaskráritari, er ráðherra skipar.

13. gr.

Það er skilyrði skráningar vörumerkis, að merkið sé til þess fallið að greina vörur merkiseiganda frá vörum annarra. Merki, sem eingöngu eða aðeins með smávægilegum breytingum eða viðbótum gefa til kynna tegund vörunnar, ástand, magn, notkun, verð, uppruna eða hvenær varan er framleidd, skal eigi telja nægjanlegt sérkenni. Sama er um merki, sem eingöngu eru bókstafir eða tölustafir og ekki hafa sérkennilegt lag.

Þegar kveða skal á um, hvort merki hafi nægjanlegt sérkenni, skal líta til allra aðstæðna, og þó einkum til þess, hversu lengi og að hve miklu leyti merkið hefur verið í notkun.

14. gr.

Vörumerki má eigi skrá:

1) ef heimildarlaust eru í merkinu ríkistákn, opinber alþjóðamerki, merki íslenzkra bæjar- eða sveitarfélaga, opinber skoðunar- og gæðamerki, sérstök heiti greindra einkenna eða annað, sem til þess er fallið, að villzt verði á því og framangreindum merkjum og táknum. Bannið nær því aðeins til opinberra skoðunar- og gæðamerkja, að óskað sé skráningar merkis fyrir sömu eða svipaðar vörutegundir og þær, sem framangreind merki og tákn eru notuð fyrir.

2) ef merkið er til þess fallið að villa um fyrir mönnum,

3) ef merkið er annars andstætt lögum eða allsherjarreglu, eða til þess fallið að valda hneyksli,

4) ef í merkinu felst eitthvað það, sem gefur tilefni til að ætla, að átt sé við firma annars manns, nafn annars manns eða mynd, enda sé þá ekki átt við löngu látna menn, eða í merkinu felst sérkennilegt nafn á fasteign annars manns eða mynd af henni,

5) ef í merkinu felst eitthvað, er skilja má sem sérkennilegan titil á vernduðu bókmenntalegu eða listrænu verki annars manns, eða ef gengið er á höfundarrétt annars manns á slíku verki, einkaleyfisrétt hans, mynzturrétt eða rétt til ljósmynda,

6) ef villast má á merkinu og vörumerki, sem skráð hefur verið hér á landi samkvæmt eldri tilkynningu eða hefur verið notað hér á landi, þegar tilkynning um skráningu er afhent, og enn er notað hér,

7) ef merkið er til þess fallið, að villzt verði á því og vörumerki, sem notað er erlendis á þeim tíma, sem tilkynning um skráningu er afhent, og enn er notað þar, enda hafi tilkynnandi vitað eða átt að vita, hvernig á stóð um hið erlenda merki, þegar hann afhenti tilkynningu sína.

Þrátt fyrir ákvæðin í 4), 5), 6) og 7) tölul. má skrá merki, ef nægjanleg heimild er til og ekki er ástæða til að ætla, að skráningin valdi villu.

15. gr.

Vörumerkjaréttur sá, er menn öðlast við skráningu, nær eigi til þeirra hluta merkis, sem eigi er heimilt að skrá eina sér.

Nú er í merki eitthvað það, sem nefnt er í 1. mgr., og sérstök ástæða er til að ætla, að skráning merkisins geti valdið vafa um það, hve víðtækur vörumerkjarétturinn er, og má þá við skráninguna undanskilja berum orðum vernd á þeim hlutum merkis.

Nú kemur síðar í ljós, að þá hluta merkis, sem undanskildir hafa verið við vernd, megi að réttu lagi skrá, og má þá skrá slíka hluta merkis, eða merkið sjálft, án þeirra takmarkana, er um getur í 2. mgr.

16. gr.

Vörumerki skal skrá í ákveðnum flokki eða flokkum vara.

Greining í vöruflokka ákveður ráðherra og auglýsir.

17. gr.

Tilkynning vörumerkis til skráningar skal vera skrifleg og send vörumerkjaskráritara. Í tilkynningu skal vera mynd af merkinu, nafn eða firma tilkynnanda og hver atvinnurekstur hans er. Þá skal og geta um þær vörutegundir, sem merkið óskast skráð fyrir eða vöruflokka, sem það óskast skráð í. Loks skal tilkynningin að öðru leyti vera í samræmi við ákvæði sett samkvæmt 46. gr.

18. gr.

Nú er vörumerki notað í fyrsta sinn fyrir vörur, sem sýndar eru á landssýningu eða alþjóðlegri sýningu hér á landi, er nýtur viðurkenningar ráðherra, og er síðan tilkynnt til skráningar innan 6 mánaða frá þeim tíma talið, er það kom fram á sýningunni, og skal sú tilkynning, að því er snertir síðar tilkomin atvik, svo sem notkun annarra á merkinu eða tilkynningu á því, talin fram komin þegar er merkið var birt á sýningunni.

Ráðherra getur ákveðið og auglýst, sbr. 46. gr., að reglur þær, sem um getur í 1. mgr., skuli gilda um vörumerki, er fram koma í fyrsta sinn á alþjóðasýningum erlendis, opinberum eða viðurkenndum af hinu opinbera, enda sé um gagnkvæma vernd að ræða.

19. gr.

Nú hefur tilkynnandi ekki gætt þeirra fyrirmæla, sem sett eru um tilkynningar, eða vörumerkjaskráritari telur, að aðrar tálmanir leiði til þess, að synja beri um skráningu, og ber þá vörumerkjaskráritara að senda tilkynnanda rökstudda synjun og ákveður hann jafnframt frest, er tilkynnandi má nota til þess að skýra mál sitt.

Að fresti loknum kveður vörumerkjaskráritari á um, hvort orðið skuli við beiðni tilkynnanda. Vörumerkjaskráritari getur þó gefið tilkynnanda kost á að koma fram nánari skýringum.

Ákvörðun vörumerkjaskráritara getur tilkynnandi skotið til ráðherra eða dómstólanna samkvæmt ákvæðum 44. gr.

20. gr.

Nú fullnægir tilkynning gerðum kröfum og engin tormerki eru talin á því að skrá merkið, og skal þá vörumerkjaskráritari hið fyrsta birta auglýsingu um hana. Í auglýsingu skal skýrt frá aðalefni tilkynningarinnar og birt mynd af merkinu.

Auglýsing skal birt í Stjórnartíðindum eða sérstöku blaði, er ríkisstjórnin gefur út. Nánari reglur um birtinguna setur ráðherra.

Andmælum gegn skráningu merkis ber að koma skriflega fram innan tveggja mánaða talið frá birtingardegi auglýsingarinnar, og skulu þau rökstudd.

21. gr.

Að loknum fresti samkvæmt 20. gr. athugar vörumerkjaskráritari tilkynninguna að nýju, sbr. 19. gr.

Nú er tilkynning samþykkt, og ber þá að skrá merkið í vörumerkjaskrána og auglýsa skráninguna samkvæmt 20. gr.

Nú er synjað um skráningu merkis, sem auglýst hefur verið samkvæmt 20. gr., og skal þá synjun birt á þann hátt, er þar segir.

Ákvörðun vörumerkjaskráritara getur tilkynnandi skotið til ráðherra eða dómstóla samkvæmt ákvæðum 44. gr.

22. gr.

Vernd sú, sem skrásett vörumerki fær, hefst frá þeim degi, er tilkynning samkvæmt 17. gr., sbr. 19. gr., er afhent og helzt um 10 ára bil frá skráningardegi.

Samkvæmt umsókn eiganda merkis verður skráning endurnýjuð um 10 ára bil hverju sinni, talið frá lokum hvers skráningartímabils.

23. gr.

Tilkynningu um, að óskað sé endurnýjunar á skráningu, skal eigi afhenda vörumerkjaskráritara, fyrr en 1 ári áður og eigi síðar en 6 mánuðum, eftir að skráningartímabilinu lýkur.

Nú þykir eigi neitt athugavert við tilkynninguna, og verður endurnýjun þá skráð í vörumerkjaskrána.

Nú hefur tilkynning um endurnýjun eigi verið afhent, áður en skráningartímabilinu lauk, og sendir þá vörumerkjaskráritari eiganda merkisins, eða umboðsmanni hans, sbr. 31. gr., tilkynningu um það. Nú er slík tilkynning eigi send, og ber þá vörumerkjaskráritari eigi ábyrgð á því.

24. gr.

Samkvæmt umsókn eiganda merkis má gera minni háttar breytingar á skráðu vörumerki, enda valdi þær því eigi, að heildaráhrif merkisins raskist.

Slíkra breytinga skal getið í skránni.

III. KAFLI

Um afnám skráningar.

25. gr.

Nú er vörumerki skráð andstætt ákvæðum þessara laga, og getur þá dómur fellt skráninguna úr gildi, sbr. þó ákvæði 8.—10. gr.

Með dómi má og fella skráningu úr gildi, ef eigandi merkis er hættur atvinnurekstri, merki er, eftir að það er skráð, bersýnilega orðið óhæft til þess að auðkenna vöru eiganda þess frá vörum annarra, og loks, ef það er orðið villandi, andstætt allsherjarreglu eða til þess fallið að valda hneyksli.

26. gr.

Hverjum þeim, sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta, er rétt að höfða mál gegn eiganda merkis í því skyni, að skráning þess verði felld úr gildi.

Vörumerkjaskráritari er og réttur sóknaraðili í málum samkvæmt ákvæðum 13. gr., 1. til 3. tölul., 14. gr. og 2. mgr. 25. gr.

27. gr.

Merki verða afmáð úr vörumerkjaskránni samkvæmt dómi, svo og ef skráning er eigi endurnýjuð eða eigandi merkis óskar þess, að merkið verði afmáð.

Hverjum þeim dómstóli, sem fellir skráningu úr gildi eða breytir henni, ber að senda vörumerkjaskráritara endurrit dómsins.

IV. KAFLI
Sérreglur um skráningu erlendra vörumerkja.

28. gr.

Slíkar breytingar eru því heimilaðar. Hins vegar ber að leggja á það ríka áherzlu, að sérkenni merkis og heildarmynd, sem það skapar raskist ekki.

Slíka breytingu ber að skrá og setja um hana nánari reglu, sbr. 44. gr.

Um III. kafla.

Afnám skráningar.

Þessi kafli fjallar um afnám skráningar. 25. gr. fjallar um það tilvik, að skráning sé felld úr gildi með dómi. Í 26. gr. eru ákvæði um saksóknararéttinn og ýmis réttarfarsákvæði. 27. gr. geymir ákvæði stjórnarfarslegs eðlis.

Um 25. gr.

Með dómi má fella skráningu úr gildi, ef skráning er ekki endurnýjuð á réttum tíma, sbr. 22. og 23. gr., eða samkv. ósk eiganda, sbr. 27. gr. Sama er, ef eigandi verður ekki við kröfu um að nefna umboðsmann heimilisfastan hér, sbr. 31. gr.

Hins vegar er ekki tekið í frv. ákvæði samsvarandi 1. mgr. II. gr. gildandi vörumerkjalaga um, að hið opinbera geti hlutazt til um, að merki verði afmáð, ef svo stendur á og í 11. gr. segir: Ræður þar mestu, að miklir fjárhagslegir hagsmunir eru oft tengdir vörumerki, og því rétt, að eigandi hafi óskoraða dómstólavernd.

Opinberum hagsmunum á hins vegar að vera borgið með ákvæði 2. mgr. 26. gr.

Það getur borið við, að merki hafi verið skráð andstætt lögum og skráningin sé enn andstæð lögum, t. d. af því að ákvæða 13. eða 14. gr. hafi eigi verið gætt, Um aðra efnislega galla getur og verið að ræða, t. d. að eigandinn hafi hvorki verið né sé atvinnurekandi. Í þessum tilvikum má, samkv. 25. gr., afmá skráningu með dómi, enda séu ákvæði 8.—10. gr. því eigi til tálma.

Þess ber að gæta, að sú hindrun, sem talin er heimila kröfu um, að merki sé afmáð, sé enn við lýði, þegar krafan er gerð. Dæmi um þetta má t. d. nefna, að merki hafi í fyrstu eigi verið nægilega sérkennilegt, en sé nú orðið það. Þá getur og hindrun, sem upphaflega var til, nú verið fallin brott.

Það er skilyrði þess, að 25. gr. verði beitt, að þær ástæður, sem krafa um, að merkið sé afmáð, er rökstudd með, séu til, þegar sótt var um skráningu eða a. m. k. þegar skráning fór fram.

Í 2. mgr. er getið atvika, er leitt geta til þess, að merki sé afmáð, af því að þau komi til eftir skráningu. Sem dæmi má nefna, að merki missi aðgreiningarhæfi sitt eða hafi ekki verið notað um lengri tíma. Enn má nefna, að eigandi merkis sé hættur atvinnurekstri sínum. Það kemur fram í 1. gr., að vörumerkjarétturinn er á hagsmunasviði atvinnurekanda. Þegar atvinnurekstur hættir, eru því hagsmunirnir orðnir litlir eða engir. Ef merkið nyti þó verndar eftir sem áður, gæti eiganda opnazt leið til þess að gera sér það að féþúfu á þann hátt, að aðrir, sem ættu eðlilegra hagsmuna að gæta, fengju merki sitt ekki skráð vegna hins eldra merkis. Rétt er að sporna við slíku og ákvæðið sett til þess. Allstrangar kröfur verður þó að gera til þess, að atvinnurekstri sé talið hætt. Þótt atvinnurekstur falli niður um stund, er það ekki nægilegt. Honum verður að vera endanlega hætt og verður hér um sönnunaratriði að ræða hverju sinni. Þess ber og að gæta, að þótt atvinnurekstur breytist, glatast verndin ekki fyrir það. Um önnur atriði í 2. mgr. er ekki ástæða til að fjölyrða. Þess má þó geta, að merki getur orðið villandi, t. d. vegna breyttrar málvenju. Og hins vegar getur merki, sem telja mætti villandi, hætt að vera það. Það, sem áður var helzta sérkenni þess, getur horfið í skuggann fyrir öðru sérkenni, sem áður var minna virði. Þessum reglum ber að beita með varfærni.

Ný löggjöf kann að leiða til þess, að merki geti orðið afmáð. Það verður skýringarefni hverju sinni. Rétt er þó að benda á, að ef til slíks kemur, væri eðlilegt, að ákvæði um biðtíma væri sett í slík lög.

Um 26. gr.

Samkv. þessari grein á hver sá, sem lögmætra hagsmuna hefur að gæta, sakaraðild gegn eiganda skráðs merkis, ef hann vill fá skráninguna afmáða, og er það

í samræmi við almennar réttarfarsreglur. Ef merki er t. d. talið skorta sérkenni eða eigandi ekki talinn atvinnurekandi, getur hver sá, er telur hagsmuni sína skerta, hafizt handa um málsókn. Ef merki er talið villandi (14. gr. 2. tl.), er ekki aðeins um skerðingu almennra hagsmuna að ræða, heldur einnig, og oftast skerðingu á hagsmunum keppinauta, því að þeir missa oft viðskiptavini, af því að sá, sem ætlar að kaupa vöru þeirra, kaupir aðra vöru merkta villandi merki. Einstaklingar geta og átt hagsmuna að gæta í sambandi við bannið í 1. og 3. tl. 14. gr.

Í 4.—7. tl. 14. gr. eru bannreglur til verndar ýmsum hagsmunum einkaréttarlegs eðlis. Sóknaraðildin er hér einnig bundin við, að sækjandi sé réttur aðili að þeim réttindum, sem verndar er leitað fyrir. Það getur borið við, að hagsmunir tiltekins hóps manna séu skertir, t. d. atvinnurekenda innan tiltekinnar starfsgreinar. Slík samtök, þ. e. réttur fyrirsvarsaðili þeirra, er réttur sóknaraðili í því falli. Venjulega mundi hér um að ræða málssókn samkv. 13. gr. 1.—3. tl. 14. gr. eða 2. mgr. 25. gr.

Í 2. mgr. 26. gr. eru ákvæði um, að auk einstaklinga geti vörumerkjaskráritari verið sóknaraðili, enda sé þá talið, að opinberir hagsmunir séu skertir. Þetta ákvæði er nauðsynlegt, af því að heimild umboðsvaldsins til þess að láta afmá merki, sbr. 1. tl. 10. gr. gildandi vörumerkjalaga, er ekki tekin í þetta frumvarp, sbr. og aths. við 25. gr. Hér mundi helzt vera um að ræða skráningar andstæðar 1. og 2. tl. 14. gr., en opinberir hagsmunir geta orðið skertir, ef almennt eða lýsandi orð er skráð andstætt ákvæðum 13. gr., t. d. fyrir læknislyf. Í öðrum tilvikum mun síður þörf opinberrar sóknaraðildar, en rétt er þó, að hún sé leyfð. Þess ber þó vel að gæta, að um skerðingu opinberra hagsmuna sé að ræða og einkum þó, ef jafnframt eru skertir hagsmunir einstaklinga.

Um 27. gr.

Gefur ekki tilefni til verulegra skýringa. Minna má þó á frestinn, samkv. 1. tl. 23. gr., varðandi það tilvik, að skráning sé ekki endurnýjuð. Ef eigandi skráðs merkis, er hann hefur leyft öðrum afnot af, óskar skráningu afmáða, ber að tilkynna skráðum leyfishafa, að afskráningar sé óskað. Þann ber að skoða eiganda, sem síðast var tilkynntur, sbr. 2. mgr. 32. gr. Þegar merki er afmáð, ber að auglýsa það, sbr. 2. mgr. 12. gr.

IV. kafli.

Sérreglur um skráningu erlendra vörumerkja.

Þessi kafli fjallar um rétt erlendra aðila til þess að fá vörumerki skráð hér (28. gr.). Í 29. gr. er vikið að hinni svonefndu „telle-quelle“ reglu. 30. gr. fjallar um viss samningsbundin réttindi og 31. gr. um umboðsmenn.

Ákvæði þessa kafla ber að skoða í ljósi Parísarsamþykktarinnar.

Um 28. gr.

Samkvæmt 15. gr. gildandi vörumerkjalaga er heimilt að veita erlendum aðilum vernd samkv. lögunum, enda fullnægi þeir ákvæðum 1. gr. þeirra. Það er skilyrði, að hérlendir menn njóti gagnkvæms réttar í hlutaðeigandi erlendu ríki. Fjöldi samninga hefur verið gerður við einstök ríki á þessu sviði, en þegar Ísland gerðist aðili að Parísarsamþykktinni er talið, að í því felist samkomulag um gagnkvæmni.

Samkv. frv. er ekki talin nauðsyn, að um gagnkvæman rétt sé að ræða til þess að fá erlent vörumerki skráð, og er það í samræmi við einkaleyfis- og mynzturrétt.

Hins vegar verður atvinnurekandi, sem heimilisfastur er í landi, er ekki veitir Íslandi gagnkvæman rétt, að sanna, að vörumerki hans hafi verið skráð í heimalandi hans, nema hann reki fyrirtæki hér. Merki það, sem hér óskast skráð, þarf að vera eins og merkið í heimalandinu og ná til sömu vara. Eigi mun þó þurfa

með algerrar nákvæmni í þessum efnum, ef sérkenni merkisins er ekki raskað né samband þess við erlenda merkið gert óljóst.

Um það, hvað sé heimaland í þessum efnum, má vísa til 6. gr. C. Parísarsamþykktarinnar.

Ef um gagnkvæma vernd er að ræða, kemur 2. mgr. greinarinnar til.

Um 29. gr.

Þessi gr. fjallar um hina svonefndu „telle-quelle" reglu, sbr. 6. gr. Parísarsamþykktarinnar, og felst í greininni viss undantekning frá ákv. 28. gr.

Í „telle-quelle" reglunni felst það almennt, að merki, sem skráð hefur verið samkv. settum reglum í heimalandi aðila, beri að skrá og veita vernd í aðildarríkjum samþykktarinnar í sama formi og það var skráð í heimalandinu. Nokkrar takmarkanir eru þó gerðar, sbr. 6. gr. samþykktarinnar.

Um 30. gr.

Í 18. gr. eru reglur um, að nýtt vörumerki á vöru, sem sýnd er á þar greindum sýningum, njóti nokkurs forgangsréttar. Hér er hins vegar fjallað um forgangsrétt merkja, sem tilkynnt hafa verið til skráningar erlendis.

Reglur frv. eiga að vera í samræmi við Parísarsamþykktina, sbr. einkum 4. gr. hennar. Rétt til þess að krefjast forgangsréttar eiga borgarar allra aðildarríkja Parísarsamþykktarinnar, en ekki aðrir, nema sérstaklega sé um samið við heimaríki þeirra. Samkvæmt samþykktinni er forgangsréttartímabilið 6 mánuðir og reiknast frá þeim degi, er tilkynning sú, er forgangsrétturinn er reistur á, var afhent. Krafa um forgangsrétt skal vera í tilkynningunni, en gögn og rök komi fram innan 3ja mánaða frá afhendingu. Sönnun um, að merkið sé tilkynnt erlendis, er nægjanleg, ef vottorð skráningaryfirvalda þar um, að tilkynning sé afhent, kemur fram. Ofangreindar frestsreglur eru ekki settar í frv., heldur ætlazt til, að ráðherra setji þær, sbr. 46. gr., — þó að sjálfsögðu í samræmi við samninga við önnur ríki. Ástæðan til þess, að hafa ákvæðin ekki í lögum er sú, að hægara er um vik að sveigja regluna til í samræmi við breytingar á alþjóðasamningum, ef eigi þarf lagabreytingu hverju sinni.

Um 31. gr.

Þeir aðilar, sem ekki eiga hér varnarþing, verða ekki saksóttir hér. Þegar um slíka aðila er að ræða, sem njóta vörumerkjaréttar hér, er því nauðsynlegt, að skýr ákvæði séu um varnarþing hér á landi í málum, er snerta vörumerkið, enda hefur slíkt ákvæði verið í lögum, sbr. og 2. gr. 2. tl. Parísarsamþykktarinnar. Reglurnar um, að erlendir aðilar skuli tilkynna umboðsmann hér, er komi fram í málinu varðandi erlend vörumerki, taki við tilkynningum o. s. frv., eru settar, til þess að alveg skýr ákvæði séu um þetta efni.

Ákvæðin eru að aðalefni til hin sömu og verið hafa.

Nýtt er ákvæðið um, að nafn umboðsmanns skuli skráð í vörumerkjaskrána, og er það sett til hægðarauka.

Þá er og nýtt ákvæðið um afleiðingar þess, ef hæfur umboðsmaður er ekki tilkynntur í vörumerkjaskránni. Slíkt getur borið við, t. d. af því að skráður umboðsmaður sé fallinn frá, fluttur burt eða vilji ekki hafa umboð á hendi. Ef eigandi vörumerkis vill ekki að gefnu tilefni bæta úr, er eðlilegt að líta svo á, að hann hirði lítt um réttarvernd sína eða þá, að hann sé að skjóta sér undan réttmætum skyldum.

Um V. kafla.

Um framsal, leyfi o. fl.

Um 32.—35. gr.

Í hinum almennu greinargerðum nefndanna er nokkuð ýtarlegt yfirlit um efni þessa kafla og verður að vísa til þeirra. Um einstakar greinar skal tekið fram.

Um 32. gr.

Samkv. 8. gr. gildandi vörumerkjalaga er heimilt að selja vörumerki með atvinnu þeirri, sem það er notað við. Þó er hægt að undanskilja vörumerkið, þótt atvinnan sé seld. Þetta ákvæði er víðtækara en Parísarsamþykktin segir til um, sbr. 6. gr. c. Ákvæði samþykktarinnar eru á þessa leið: 1) „Þegar framsal á vörumerki er eigi gilt samkvæmt lögum einhvers sambandslands, nema samtímis yfirfærslu á fyrirtæki eða firmavirði, sem vörumerkið er fyrir, nægir, til þess að framsal sé gilt, að sá hluti fyrirtækisins eða firmavirðisins, sem staðsettur er í því landi, sé fenginn í hendur framsalshafa, með einkarétti til að framleiða og selja þar framleiðslu þá, er ber hið framselda vörumerki. 2) Ákvæði þetta skyldar ekki sambandslöndin til þess að viðurkenna framsal á öllum vörumerkjum, ef notkun þess af hendi framsalshafa væri í raun til þess fallin að villa um fyrir almenningi, einkum að því er varðar framleiðslustað, eðli og höfuðeinkenni framleiðsluvaranna, sem vörumerkið er notað fyrir."

Þótt þessi ákvæði bendi til þess, að sjónarmið samþykktarinnar sé nánast það, að tengsl eigi að vera með vörumerki og atvinnurekstrinum, þar sem það er notað, þá er þó ekki um að ræða bann gegn því, að aðildarlöndin geti leyft frjálsa sölu á vörumerki, enda hafa sum löndin gert það. Á þessu sviði hafa verið uppi tvö sjónarmið. Þeir, sem tengja vilja vörumerkið og atvinnureksturinn saman, telja tengsl merkis og atvinnu miklu skipta til þess að sérgreina merkið í augum almennings, svo og til þess að gefa til kynna, hvaðan varan stafar. Hinir, sem leyfa vilja frjálsa sölu á vörumerki, benda á, að í augum almennings sé það gæði vörunnar, verð o. fl., sem máli skiptir, en ekki hvaðan hún stafar. Þá sé það og í samræmi við almennar reglur um verðmæt réttindi, að þau megi selja. Og loks, að öryggið, sem tengslin eiga að veita, sé lítt raunhæft, þegar heimilt sé að leyfa öðrum að nota merkið og ekkert því til tálma, að aðili geti látið afskrá merki sitt og þá um leið opnað öðrum leið til þess að skrá það fyrir sig.

Hinar norrænu vörumerkjanefndir urðu sammála um, að rök til þess að frjáls sala vörumerkja yrði leyfð, væru haldbetri, enda sýndi reynslan, að sú leið hefði ekki leitt til neinna vandræða, þar sem hún hefði verið farin. Dálítill stefnumunur kemur þó fram.

Hér er fylgt danska frv., er Finnar hafa einnig haft til fyrirmyndar.

Hér yrði reglan þá sú, að frjáls sala á vörumerkjum skráðum sem óskráðum sé heimil. Þó með þeirri mjög raunhæfu viðbót um sönnun, að við sölu atvinnurekstrar er merkið talið fylgja með, ef það er ekki sérstaklega undanskilið. Reglan nær og til merkja samkv. 3. gr., þótt ákvæði annarra laga, t. d. um nafnrétt firma o. fl., kunni þar að setja skorður.

Í norsku og sænsku frv. eru einungis ákvæði 2. mgr. þessarar greinar. En af 33. gr. er þó ljóst, að frjáls sala er heimil, nema því aðeins, að hún sé til þess fallin að villa um fyrir almenningi. Í þessu felst, að Svíar vilja láta það velta á mati dómstólanna hverju sinni, hvort salan sé heimil. Norðmenn eru sama sinnis að þessu leyti, en virðast þó einkum hafa í huga, að frjálst framsal á vörumerkjum eigi því aðeins að vera heimilt, að um skráð merki sé að ræða.

Því ber ekki að neita, að leið sú, sem Svíar hafa valið, hefur mikla kosti. Hún verður hins vegar ekki skýr, fyrr en þá eftir alllangan tíma, og hlýtur því að skapa allmikla réttaróvissu.

Reglur um framsal vörumerkis að hluta eru ekki í frv., enda miklum vandkvæðum bundið að orða slíkar reglur. Í framkvæmd má ná því markmiði á þann veg, að umsókn um skráningu merkis sé takmörkuð og jafnframt send umsókn um vernd fyrir sama merki á því sviði, sem undantekið var.

Um 33. gr.

Það leiðir af þeim mismunandi sjónarmiðum, sem nefnd voru í aths. um 32. gr., að norrænu frv. eru ekki samhljóða hér.

Í samræmi við dönsku lögin er hér krafizt skráningar á framsali, og tilkynningu verða að fylgja gögn, sem með þarf til sönnunar framsali.

Skráningayfirvöld meta hér aðeins, hvort formlega sé gengið frá tilkynningu og gögnum, en hafa enga efnislega rannsókn með höndum, t. d. ekki hvort það kunni að villa um fyrir almenningi, að merki hefur skipt um eiganda.

Hin Norðurlöndin skylda framsalshafa ekki til þess að fá framsal skráð, en veita honum rétt til þess. Ef hann notar þann rétt, geta skráningaryfirvöldin neitað um skráningu, ef um sjálfstætt framsal merkis er að ræða og álíta má, að framsalið sé til þess fallið að villa um fyrir almenningi.

Samkv. dönsku reglunum, sem hér er fylgt, er talið að ákvæði 25. gr. um villandi merki megi fá afmáð með dómi og ákvæði 25. gr. um að villandi merki megi banna, ættu að nægja til þess að ná því markmiði, sem reglur hinna Norðurlandanna miða að.

Um 2. tl. gr. eru frv. hinnar norrænu nefndar ekki heldur samhljóða. Hér hefur dönsku reglunni verið fylgt. Í henni felast í rauninni ekki bein viðurlög, þótt vanræksla á tilkynningu hafi viss áhrif, eins og vikið er að hér að framan. Ákvæðið geymir stjórnvaldsreglu þess efnis, að yfirvöld geti svo rétt sé, snúið sér að skráðum eiganda merkis um allt það, sem merkið varðar. Ef skráningaryfirvaldinu er kunnugt um, að nýr eigandi sé kominn til, má þó miða við þá vitneskju, sbr. orðið „getur".

Hér eru frv. hinna Norðurlandanna á annan veg. Þau miða við, að skráningin hafi einnig sín áhrif á svið einkaréttar, þannig að vanræksla á skráningu eigandaskipta valdi því, að traustfangsreglur komi til.

Hér má vera, að danska þinglýsingalöggjöfin geri vart við sig og efamál, hvort eigi væri rétt að fylgja hér reglum hinna Norðurlandanna, sem að þessu leyti eru víst líkari okkar reglum.

Um 34. gr.

Í greininni er orðið „licens" þýtt „leyfi".

1. mgr. ber með sér, að eiganda vörumerkis er rétt að leyfa öðrum not þess í atvinnuskyni, og getur hvor aðila um sig krafizt þess, að leyfisins sé getið í vörumerkjaskránni. Sama er, þegar leyfistíma lýkur. Það, hvort leyfis er getið í vörumerkjaskránni, skiptir ekki máli um gildi samnings aðila, sbr. þó 42. gr.

Nánari reglur um, hvers með þarf, til þess að leyfis fáist getið í skránni, ber að setja með reglugerð, sbr. 46. gr.

Í 2. mgr. kemur fram, að framsal er því aðeins heimilt, að sérstaklega sé um það samið. Annars eru samningsfrelsinu engin sérstök takmörk sett. Venjulegar reglur um samninga ráða, svo og mat dómstóla á þeim.

Um 35. gr.

Í þessari grein er eiganda vörumerkis, þeim sem hefur fengið merkið að veði eða gert aðför í því, heimilt að láta skrá athugasemd um réttinn í vörumerkjaskrána. Í danska textanum er orðið „udlæg", þ. e. fjárnám, en talið að með lögjöfnun eigi ákvæðið við um aðrar aðfaragerðir, svo sem kyrrsetningu og lögtak. Hreinlegra virðist því að nota orðið „aðför". Réttur til merkis fellur til gjaldþrotabús og sama er um bú andaðs manns.

Tilkynningu verða að fylgja gögn um þann rétt, sem um er að ræða. Vörumerkjaskráritari getur ekki neitað að skrá athugasemd, sem að formi til er fullnægjandi, en þyki tilkynning til þess fallin að villa um fyrir mönnum koma reglur 25. og 26 gr. til.

Um VI. kafla.

Um bann gegn notkun villandi merkja.

Um 36. gr.

Hér að framan hefur oftar en einu sinni verið vikið að því, að jafnframt því að löggjöfin verndar hagsmuni eiganda vörumerkis, eru almennir hagsmunir einnig tengdir vörumerki eða svipuðum auðkennum. Hér má nefna sem dæmi: 3. mgr. 159. gr. og 178. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. gr. l. nr. 84/1933.

Svipaðs eðlis eru ákvæði í ýmsum lögum um mats og skoðunarvottorð, vigtarvottorð, gæðamerki o. fl., þótt opinberir hagsmunir skipti þar fyrst og fremst máli.

Engu að síður hefur þótt rétt að hafa ákvæði þessarar greinar í vörumerkjalögunum, enda má segja, að þess sé ekki sízt þörf vegna ákvæðanna um framsal vörumerkja, leyfi o. fl., sbr. m. a. athugasemdir við 33. og 25. gr.

Eins og greinin ber með sér, er hér ekki um refsiákvæði að ræða, heldur bannreglu, og er hún nánast til fyllingar ákvæðum 14. gr., einkum 2. tl., sbr. og 25. gr. Hér getur bæði verið um að ræða skerðingu á opinberum hagsmunum og hagsmunum einstaklinga. Ákvæðið um sakaraðild miðast við það.

Það kemur fram í 1. mgr., að oft getur nægt að banna notkun merkis að hluta. Hættast er við, að merki geti orðið villandi, þegar það hefur verið framselt eða leyfi veitt til notkunar þess. Því eru ákvæði, er þar að lúta í 1. mgr., en almenna reglan í 2. mgr. Ákvæði greinarinnar eiga ekki aðeins við, þegar merkið sjálft er villandi, heldur einnig, þegar það er notað á villandi hátt eða notandann skortir þá eiginleika, sem merkið bendir til, að hann hafi.

Um VII. kafla.

Ákvæði um réttarvernd.

Um 37.—42. gr.

Í 37. gr. eru réttarfarsákvæði. 38. gr. fjallar um skaðabætur, en 39. gr. um nokkrar takmarkanir á bótarétti og beitingu refsiákvæða. Í 40 gr. eru ákvæði um fyrningu bótaréttar og 41. gr. fjallar um ráðstafanir til þess að hindra framhald misnotkunar á merki. Loks eru í 42. gr. ákvæði, er takmarka saksóknarrétt leyfishafa að merki.

Um 37. gr.

Hér kemur fram sú almenna regla, að hvers konar óréttmæta notkun vörumerkis má banna með dómi. Í því felst m. a., að lögbannsleið má fara, sbr. III. kafla l. nr. 18/1949. Það kemur fram í 4. gr., hvert er efni vörumerkjaréttar, en nánar er það skýrt í 5.—10. gr.

Samkv. 2. mgr. er refsing fyrir ásetningsbrot sektir. Í 13. sbr. 14. gr. gildandi vörumerkjalaga er fangelsis — (nú varðhalds) — refsing heimil, ef um ásetningsbrot er að ræða. Norðurlandanefndirnar hafa talið, að sektarrefsing nægi, enda skaðabótaskyldan aðalatriðið til varnaðar. Samkv. frv. eru gáleysisbrot því ekki heldur refsiverð, en valda hins vegar skaðabótaskyldu. Þá má og beita 41. gr. Hafa ber í huga reglur almennra hegningarlaga um fyrningu sakar, sbr. IX. kafla hgl. Einnig ber að hafa í huga refsiákvæði laga nr. 84/1933, sbr. einkum 1. gr., því að vel má vera, að ákvæðum þeirra laga beri að beita jafnframt broti á vörumerkjalögum.

Um mál samkv. þessum kafla fer samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 200 gr. l. 85/1936, þ. e. þau eru rekin sem einkamál, sbr. 6. gr. l. nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála.

Almennar varnarþingsreglur gilda þó með þeim undantekningum, að eigi maður búsettur erlendis hlut að máli, hvort heldur á sóknar- eða varnarhlið, skal málið rekið fyrir Sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur.

Um 38. gr.

Í 1. mgr. kemur fram, að brot unnin af ásetningi eða gáleysi baka þeim, sem brotlegur er, skaðabótaskyldu. Bætur miðast við tjón þess, sem brotið var gegn.

Til tals hefur komið, hvort taka beri tillit til hagnaðar hins brotlega, en hann getur hugsanlega verið meiri en tjón tjónþola. Norðurlandanefndin fór þó ekki þá leið, enda mun sjaldan á slíkt reyna, a. m. k. sjaldan hægt að sanna, að hagnaðurinn sé meiri en tjónið.

Um mat á tjóninu gilda almennar rglur. Þó ber að hafa í huga að brot gegn vörumerkjarétti rýrir að jafnaði viðskiptavild (goodwill) vörumerkisins, þótt ekki sé beint hægt að sýna fram á rýrnandi vörusölu. Tjónið getur t. d. orðið á þann veg, að söluaukning næst ekki. Þegar um skerðingu á viðskiptavild er að ræða, ber að hafa í huga erfiði það og kostnað, sem lagt hefur verið í sölurnar, ekki síst t. d. ef ágengni annarra hefur valdið því, að vörumerki, sem var „sterkt" verður nú „veikt".

Áður er að því vikið, að skaðabótaákvæðin séu aðalvörn eiganda vörumerkis, en refsiákvæði síður. Hér veltur því mjög á, að réttarframkvæmd verði ekki linleg um of á þessu sviði.

Í 2. mgr. eru ákvæði um bótaskyldu þess, sem brotið hefur gegn vörumerkjarétti annars, þótt hvorki sé um að ræða ásetning eða gáleysi af hans hálfu. Eigi þarf þó að bæta allt tjónið, heldur fer bótaupphæðin eftir því, sem sanngjarnt má telja. Þetta sanngirnismat er í höndum dómstóla. Þeim ber sjálfsagt m. a. að hafa í huga þann hagnað, sem hinn brotlegi hefur haft, en ýmis fleiri atriði koma til, t. d. afsakanlegur misskilningur hins brotlega, fjárhagsgeta hans o. fl. Það getur stundum orðið nokkuð erfitt að meta hagnaðinn, en oft mundi hæfilegt leyfisgjald geta verið mælikvarði. Auk þess kæmi þá til skerðing á viðskiptavild, ef hún telst sönnuð eða mjög líkleg.

Um 39. gr.

Þessi grein setur því nokkur takmörk hverjum viðurlögum verður beitt, ef brot er framið á tímabilinu, frá því að merki er tilkynnt og þar til það er skráð. Samkv. 22. gr. fær vörumerki vernd frá þeim degi, sem tilkynning er afhent. Ef merki nyti fullrar verndar frá þeim tíma og þar til það er skráð, gæti það leitt til ósanngirni. Hér er því ákveðið, að 2. mgr. 37. gr. verði því aðeins beitt, að um brot sé að ræða framið, eftir að merki var skráð. Þessi undantekning nær þó ekki til merkja, sem fyrir notkun hafa náð vernd samkv. 37. og 38. gr.

Undantekningin á rót sína að rekja til sanngirnissjónarmiða. Refsiákvæðunum er vikið til hliðar, en bótaskyldunni ekki, ef um ásetningsbrot er að ræða. Varla verður þó um bótaskyldu að ræða fyrir brot framið, áður en tilkynning hefur verið birt, sbr. 20. gr., því að fyrr er tæpast hægt að gera ráð fyrir, að þriðja aðila sé kunnugt um tilkynninguna. Í þessu sambandi er þó rétt að benda á, að ákvæði 2. mgr. 38. gr. geta komið til, þótt ákvæðið hafi þó naumast raunhæfa þýðingu hér.

Ef sá, sem brotið er gegn, verður þess var, að gengið er á rétt hans, er honum auðvelt að benda hlutaðeiganda á, að tilkynning hafi verið afhent. Skipist hinn brotlegi ekki við það, getur hann ekki skotið sér undir, að honum hafi verið ókunnugt um, hvernig á stóð. Bætur fyrir réttarskerðingu, sem varð áður en merki var skráð, eru ekki gjaldkræfar, fyrr en merkið hefur verið skráð.

Um 40. gr.

Samkv. lögum nr. 14, 20. október 1905, er fyrningarfrestur bótakröfu 10 ár, sbr. 2. tl. 4. gr. Á hinum Norðurlöndunum eru reglurnar dálítið mismunandi. Í Danmörku er fresturinn 5 ár, en 20 ára frestur er þó á bótakröfum, sem stafa af refsiverðu verki, nema styttri frestur sé ákveðinn í sérlögum. Hjá Norðmönnum er fresturinn 3 ár, en 10 ár, ef um refsiverðan verknað er að ræða. Bæði Danir og Norðmenn láta við það sitja að vísa til hinna almennu fyrningarreglna, sem nefndar eru hér að ofan. Svíar hafa hins vegar sett 5 ára fyrningarfrest í sitt frv.

Það mundi leiða til mikils ósamræmis við Norðurlandalögin, ef við létum við 10 ára fyrningarfrest sitja um allar bótakröfur. Þykir því rétt að setja í frv. 5 ára fyrningarfrest á bótakröfum öðrum en þeim, sem af refsiverðum verknaði

leiðir. Þar má láta 10 ára frest haldast, eins og Norðmenn gera. 10 ára frestinn mun þó sjaldan reyna, sbr. 80. gr. alm. hegningarlaga.

Réttur til málshöfðunar er rýmkaður að því leyti, að mál til bótagreiðslu má höfða innan árs, frá því að merki var skráð.

Sjaldan mun reyna á þetta rýmkunarákvæði, því að merki mun nær alltaf hafa verið skráð — eða synjað um skráningu — löngu áður en venjulegur fyrningarfrestur er liðinn. Hugsanlegt er þó, að athugun málsins taki svo langan tíma, að greinds ákvæðis sé þörf, t. d. á ófriðartímum.

Um 41. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að mestu í samræmi við 13. gr. gildandi vörumerkjalaga. Það er þó skilyrði þess, að aðgerðum, sem greinin fjallar um, verði beitt, að hinum brotlega hafi verið kunnugt um rétt merkiseiganda. Hér er því skilyrði sleppt, enda getur það skilyrði rýrt réttarvernd merkiseiganda um of. Hefur því þótt rétt að orða ákvæðin mjög almennt. Dómstólar hafa því rúmar hendur til þess að kveða á um þær ráðstafanir, er bezt þykja hæfa hverju sinni.

Um 42. gr.

Hér eru ákvæði um málssóknarheimild, þegar notkun merkis hefur verið leyfð, sbr. 34. gr. Ef ekki eru skýr ákvæði um hver á aðild, gætu vafamál skapazt, einkum um rétt leyfishafa. Hins vegar er merkiseiganda og nauðsyn að geta gætt réttar síns. Ákvæðin gilda því aðeins, að aðilar hafi ekki um annað samið. Hver leyfishafa á aðild, þótt fleiri séu.

Í 2. mgr. er ákvæði um, að leyfishafi, sem mál höfðar, skuli tilkynna eiganda merkis málshöfðun. Er þetta ákvæði sett því til tálma, að mál verði fleiri en eitt samtímis. Um afleiðingar þess, að tilkynning ferst fyrir, eru ekki sett sérstök ákvæði í dönsku og norsku frv. Í sænska frv. er hins vegar ákvæði um það efni. Hefur þótt rétt að setja hér samsvarandi ákvæði, því að ýmiss konar vafi getur annars komið upp.

Um VIII. kafla.

Gæðamerki.

Um 43. gr.

Hér er orðið gæðamerki notað um danska orðið „fællesmærke“, sbr. l. nr. 89, 3. maí 1935. Um það má að vísu deila, hvort betra sé að hafa ákvæði um gæðamerki í lögum um vörumerki, eða í sérstökum lögum. Um gæðamerki hljóta að vísu ýmsar sérreglur að gilda, en margt er þó sameiginlegt með gæðamerkjum og vörumerkjum. Sú leið er því farin, að hér séu hin almennu ákvæði um vörumerki lögfest um gæðamerki, en nauðsynleg sérákvæði verði í sérlögum. Danir hafa farið þessa leið, en hin Norðurlöndin vísað beint eða óbeint til algerrar sérlöggjafar um gæðamerki. Tillagan leiðir til þess, að lokamálsgrein 1. gr. l. nr. 89, 3. maí 1935 fellur úr gildi.

Um IX. kafla.

Ýmis ákvæði.

Um 44. gr.

Ákvæðin eru í samræmi við 2. mgr. 6. gr. gildandi vörumerkjalaga, með þeirri viðbót þó, að sett er ákvæði um 6 mánaða frest til að leita dómsúrskurðar.

Um 45. gr.

Hér eru ákvæði samsvarandi 18. gr. gildandi vörumerkjalaga. Þau sýna, að vörumerkjaskráin er „opin“, þ. e. almenningur á rétt á að fá vitneskju um það, sem skráð er þar — þó gegn gjaldi, sbr. 46. gr.

2. mgr. veitir mönnum færi á að kynna sér fyrir fram hvort ákveðið vörumerki er skráð. Er það hagkvæm regla, því að með því móti má spara kostnað af tilkynn-

ingum og athugunum á nýju merki, sem síðar verður e. t. v. ekki skráð vegna eldra merkis.

Um 46. gr.

Hér er ráðherra, eins og verið hefur, veitt heimild til þess að setja nánari reglur um gerð vörumerkjaskrárinnar, skráningu tilkynninga og birtingu. Jafnframt vísað til 18. gr. og 30. gr. Rétt þykir, að gjöld séu ekki ákveðin í lögum, heldur að ráðherra ákveði þau. Ætlazt er til, að gjöldin nægi til greiðslu kostnaðar við ritun skrárinnar, og þar sem verðbreytingar eru ekki ótíðar, er þunglamalegt að hafa gjöldin lögfest.

Um 47. gr.

Hér kemur fram það eðlilega sjónarmið, að vörumerki, sem löglega er skráð samkv. eldri lögum, megi standa í skránni framvegis, þótt það væri eigi skráningarhæft samkv. frv. Að öðru leyti fer um eldri vörumerki samkv. hinum nýju ákvæðum. Eigi verður þó krafizt skráningar í flokka, sbr. 16. gr., fyrr en skráning er endurnýjuð.

Um 48. gr.

Samkv. ákvæðum greinarinnar getur um tilkynningar, sem ekki hafa verið afgreiddar, er lögin fá gildi, farið samkv. eldri lögum, t. d. má sleppa að skrá í flokka. Af því leiðir, að rúm 10 ár geta liðið, þar til nýju lögin fá fullt gildi. Um skýringu á afstöðu hinna eldri og nýju laga sín á milli fer annars samkv. almennum lögskýringarreglum.

Reykjavík, 19. september 1966.

S. Sigurjónsson. Theodór B. Líndal. Páll Pálmason.

Ed. 14. Frumvarp til laga [14. mál]

um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

I. KAFLI
Inngangur og orðaskýringar.

1. gr.

Hverjum íslenzkum ríkisborgara, sem fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum þessum, er heimilt að leita sér atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

2. gr.

a. *Skip* merkir í lögum þessum hvert það far, sem er 6 rúmlestir eða stærra og skráð er á skipaskrár, án tillits til þess, hvort það gengur fyrir seglum eða vél eða hvoru tveggja.
b. *Rúmlest* er brúttórúmlest = 100 teningsfet ensk = 2.85 teningsmetrar.
c. *Mánuður* er 30 nátta mánuður, eins og ákveðið er með sjómannalögum nr. 67 31. des. 1963, um kaupgreiðslur á sjó.
d. *Fiskiskip* merkir hvert það skip, sem skrásett er sem fiskiskip, án tillits til stærðar, og notað er mestan hluta ársins til veiða, þótt það sé jafnframt notað til flutninga til útlanda á eigin afla eða keyptum afla.
e. *Verzlunarskip* merkir hvert það skip, sem skrásett er sem verzlunarskip, án tillits til stærðar, og siglir með varning frá landinu og til þess og milli hafna innanlands eða flytur farþega eða hvort tveggja.
f. *Innanlandssigling* er sigling og fiskveiðar við strendur Íslands og á hafinu kringum landið allt að 150 sjómílur frá sjálfu landinu.

g. *Utanlandssigling* er hver sú ferð, sem farin er til annarra landa, eða til fiskimiða annarra landa, þótt hafna sé ekki leitað.
h. *Siglingar innan fjarða eða flóa* ber að skilja sem siglingar með skipum, sem eru staðbundin við ákveðna firði eða flóa og eigi er ætlað að fara út fyrir þau takmörk.

3. gr.

a. Próf þau og siglingatími, sem krafizt er í lögum þessum til þess að öðlast skírteini, eru hið lægsta, sem þarf í hverju einstöku tilfelli. Æðra próf í sömu greinum gildir einnig fyrir þau skírteini, sem lægra próf þarf til að öðlast.
Ráðherra sá, sem fer með kennslumál, setur reglugerð um það, hvernig kennslu skipstjórnarmanna skuli hagað, svo og um inntökuskilyrði í skóla fyrir þá, próf og skilyrði þau, sem sett eru fyrir prófum.
b. Siglingatími stýrimanna og háseta telst aðeins sá tími, sem þeir eru skráðir á skip, sem eru í förum. Sé skipi lagt upp án þess að afskráning fari fram, skal geta þess í sjóferðabók, og má þá telja til siglingatíma stýrimanna og háseta allt að ⅕ hluta þess tíma, sem skipið hefur legið um kyrrt. Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða útlendri, eða vottorði frá skráningarstjóra.
Til siglingatíma háseta getur aldrei talizt sá tími, sem hann er skráður á fiskiskip, en vinnur í landi að verkun afla eða veiðarfæra.

II. KAFLI

Skipstjórnarmenn á fiskiskipum og verzlunarskipum allt að 400 rúmlestum.

4. gr.

Rétt til að vera skipstjóri eða stýrimaður í innanlandssiglingum á íslenzku skipi 6—30 rúmlestir að stærð hefur sá einn, er leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af samgöngumálaráðuneytinu til 5 ára í senn eftir tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, um, að hann:
a. Þekki áttavita og kunni að leiðrétta stefnur og miðanir fyrir segulskekkju og misvísun;
b. kunni alþjóðareglur til að forðast ásiglingu og þekki neyðarbendingar og kunni að nota þær;
c. kunni að setja stefnur og miðanir á sjókort;
d. kunni að nota vegmæli og djúpmæli í sambandi við sjókort;
e. hafi þekkingu á vitakerfi landsins og björgunarstöðvum og kunni að nota algengustu björgunartæki;
f. kunni að finna, hvenær flóð verður og fjara;
g. þekki reglur um lífgun drukknaðra manna;
h. sanni með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn;
i. sanni með sjóferðabók eða vottorðum frá skráningarstjóra, að hann hafi verið háseti eftir 15 ára aldur á skipi yfir 6 rúmlestir í 18 mánuði;
j. sé 18 ára að aldri, en sé skipið stærra en 15 rúmlestir, skal aldurstakmarkið fyrir skipstjóra vera 21 ár, enda hafi hann þá verið stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði eða formaður á skipi yfir 6 rúmlestir í 6 mánuði.

Varðandi siglingatíma þann, er um ræðir í i- og j-liðum á skipum 6—12 rúmlestir, nægir vottorð frá 2 trúverðugum mönnum.

Hinir siglingafróðu menn, sem um getur í upphafi þessarar greinar, skulu skipaðir fyrir takmörkuð svæði, sem samgöngumálaráðuneytið tiltekur.

Gegn slíku vottorði gefur lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, út skírteini, sem veitir rétt til að vera skipstjóri á skipum allt að 15 rúmlestir og stýrimaður á skipum allt að 30 rúmlestir, eða skipstjóraskírteini á skipi allt að 30 rúmlestir samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í innanlandssiglingum á íslenzku fiskiskipi allt að 120 rúmlestir hefur sá einn, sem fengið hefur hið minna skipstjóraskírteini á fiskiskipi.

6. gr.

Sá einn getur fengið hið minna skipstjóraskírteini á fiskiskipi, sem:

a. staðizt hefur fiskimannapróf 1. stigs eða farmannapróf 1. stigs við stýrimannaskólana í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum eða við námskeið Stýrimannaskólans í Reykjavík úti á landi;
b. hefur verið í 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;
eða: hefur verið 6 mánuði stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á skipi yfir 12—30 rúmlestir í 6 mánuði;
c. er lögráða;
d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

7. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í innanlandssiglingum á fiskiskipi allt að 120 rúmlestir hefur sá einn, sem fengið hefur hið minna stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

8. gr.

Sá einn getur fengið hið minna stýrimannsskírteini á fiskiskipi, sem:

a. staðizt hefur fiskimannapróf 1. stigs eða farmannapróf 1. stigs við stýrimannaskólana í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum eða við námskeið Stýrimannaskólans í Reykjavík úti á landi;
b. hefur eftir 15 ára aldur verið 24 mánuði háseti á skipi yfir 12 rúmlestir eða 6 mánuði stýrimaður eða skipstjóri á skipi yfir 12 rúmlestir;
c. sé minnst 18 ára að aldri;
d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

9. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku fiskiskipi af hvaða stærð sem er og á íslenzku verzlunarskipi allt að 400 rúmlestir hefur sá einn, sem fengið hefur hið meira skipstjóraskírteini á fiskiskipi.

10. gr.

Sá einn getur fengið hið meira skipstjóraskírteini á fiskiskipi sem:

a. staðizt hefur fiskimannapróf 2. stigs við stýrimannaskólana í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum;
b. hefur verið í 18 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;
eða: hefur verið 6 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og 12 mánuði undirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;
eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði;
eða: hefur verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir í 6 mánuði og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði;
c. er lögráða;
d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

11. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á fiskiskipi af hvaða stærð sem er og á íslenzku verzlunarskipi eigi yfir 400 rúmlestir hefur sá einn, er fengið hefur hið meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

12. gr.

Sá einn getur fengið hið meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi, sem:

a. staðizt hefur fiskimannapróf 2. stigs við stýrimannaskólana í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum;
b. hefur eftir 15 ára aldur verið háseti í 30 mánuði á skipi stærra en 12 rúmlestir, þar af a. m. k. 12 mánuði á skipi stærra en 30 rúmlestir;
eða: hefur verið 6 mánuði skipstjóri eða 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 12 rúmlestir og 12 mánuði á skipi yfir 30 rúmlestir;
c. er eigi yngri en 19 ára að aldri;
d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

III. KAFLI

Skipstjórnarmenn á verzlunarskipum og varðskipum ríkisins.

13. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í innan- og utanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi af hvaða stærð sem er hefur sá einn, er fengið hefur skipstjóraskírteini á verzlunarskipi.

14. gr.

Sá einn getur fengið skipstjóraskírteini á verzlunarskipi, sem:

a. hefur staðizt farmannapróf 3. stigs frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík;
b. hefur verið stýrimaður í 24 mánuði á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir og auk þess yfirstýrimaður í 12 mánuði á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir;
eða: hefur verið skipstjóri í 6 mánuði á verzlunarskipi yfir 100 rúmlestir og 12 mánuði yfirstýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir;
eða: hefur verið skipstjóri í 24 mánuði á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir og auk þess stýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir í 12 mánuði, og af þeim tíma 6 mánuði yfirstýrimaður;
eða: hefur verið stýrimaður á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir í 18 mánuði og auk þess stýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir í 18 mánuði og af þeim tíma 12 mánuði yfirstýrimaður;
c. er 25 ára að aldri;
d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

15. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi eða varðskipi af hvaða stærð sem er hefur sá einn, er fengið hefur stýrimannsskírteini á verzlunarskipi.

16. gr.

Sá einn getur fengið stýrimannsskírteini á verzlunarskipi, sem:

a. hefur staðizt farmannapróf 3. stigs við Stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. hefur verið háseti eftir 15 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 36 mánuði;
eða: hefur verið háseti eftir 15 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 18 mánuði, og auk þess háseti á fiskiskipi yfir 30 rúmlestir í 18 mánuði;
c. er lögráða;
d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

17. gr.

Rétt til að vera undirstýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku verzlunar- og varðskipi af hvaða stærð sem er hefur sá einn, sem fengið hefur undirstýrimannskírteini á verzlunarskipi.

18. gr.

Sá einn getur fengið undirstýrimannsskírteini á verzlunarskipi, sem staðizt hefur farmannapróf 2. stigs við Stýrimannaskólann í Reykjavík, enda fullnægi hann skilyrðum c- og d-liða 16. greinar.

Skírteini þetta gildir aðeins í sex mánuði frá því umræddu prófi er lokið.

19. gr.

Rétt til að vera skipstjóri á varðskipum ríkisins hefur sá einn, sem fengið hefur skipstjóraskírteini á varðskipum ríkisins.

20. gr.

Sá einn getur fengið skipstjóraskírteini á varðskipum ríkisins, sem:

a. hefur staðizt skipstjórapróf á varðskipum ríkisins við Stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. hefur siglt sem stýrimaður á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir eða á varðskipi í 24 mánuði og að auki á varðskipi í 12 mánuði og af samanlögðum þessum tíma eigi skemur en 12 mánuði sem yfirstýrimaður;
c. er 25 ára að aldri:
d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

21. gr.

Ekkert íslenzkt skip, sem stærra er en 20 rúmlestir, má afgreiða frá nokkurri höfn hér á landi til ferða á milli Íslands og annarra landa eða í innanlandssiglingum, nema á því sé til starfa, auk skipstjóra, einn eða fleiri stýrimenn, samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

a. Á fiskiskipi allt að 300 rúmlestir og á verzlunarskipi allt að 200 rúmlestir í utan- og innanlandssiglingum sé einn stýrimaður að minnsta kosti;
b. á fiskiskipi 300 rúmlestir og stærra í innan- og utanlandssiglingum og verzlunarskipi 200 rúmlestir og stærra í utanlandssiglingum séu að minnsta kosti tveir stýrimenn. Hið sama gildir um verzlunarskip í innanlandssiglingum, er flytur farþega og póst;
c. á verzlunarskipi í innan- og utanlandssiglingum, er flytur farþega og póst og er 400 rúmlestir eða stærra, séu að minnsta kosti 3 stýrimenn. Sama gildir um skip, sem eru 1500 rúmlestir og stærri, þó að þau flytji ekki farþega.

Skip, sem eru undir 1500 rúmlestum, þurfa þó eigi að hafa þriðja stýrimann, nema þau hafi rúm fyrir 12 farþega.

Undanþegin ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar um skyldu til að hafa stýrimann auk skipstjóra eru fiskiskip og bátar undir 60 rúmlestum, ef þeim er ætlað að leggja afla sinn á land daglega.

22. gr.

Á varðskipum ríkisins yfir 300 rúmlestir séu að minnsta kosti 3 stýrimenn, en á varðskipum undir 300 rúmlestum séu að minnsta kosti 2 stýrimenn.

23. gr.

Ráðherra er heimilt, í samráði við skipaskoðunarstjóra, að ákveða fjölda skipstjórnarmanna á skipum, sem notuð eru til styttri siglinga aðallega innan fjarða og flóa, svo og á dráttarbátum, grafvélum og öðrum fleytum, sem aðallega eru notuð á höfnum inni.

24. gr.

Hver sá, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru í 4. gr., 6. gr., 8. gr., 10. gr., 12. gr., 14. gr., 16. gr., 18. gr. og 20. gr. þessara laga, á rétt á að fá þau skírteini, sem þar um getur. Skírteinin skulu gefin út af tollstjóranum í Reykjavík eða lögreglustjórum úti á landi og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð, eftir fyrirmynd, sem samgöngumálaráðuneytið semur.

Að liðnum 10 árum frá dagsetningu skírteinis ber skírteinishafa að leggja fram endurnýjað læknisvottorð um sjón og heyrn, og skulu skírteinin árituð ókeypis af útgefendum þeirra. Að öðrum kosti fellur skírteini úr gildi. Sama er og ef skírteinishafi fyrirgerir því. Við útgáfu stýrimannsskírteinis skulu tekin gild læknisvottorð, sem framlögð voru við inntöku í stýrimannaskóla, enda sé skírteini innleyst á sama ári og prófi lauk og námi sé lokið með eðlilegum hraða. Önnur vottorð skulu ekki vera eldri en 2 mánaða.

25. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði tollstjórans í Reykjavík eða lögreglustjóra úti á landi um útgáfu skírteinis, og getur hann þá lagt málið undir úrskurð samgöngumálaráðuneytisins. Við það skerðist þó ekki réttur hans til þess að leita dómsúrskurðar um málið.

26. gr.

Heimilt er að synja manni um útgáfu atvinnuskírteinis samkvæmt lögum þessum, ef ákvæði 2. málsgreinar 68. greinar hegningarlaga eiga við um hagi hans.

Verði skírteinishafi með dómi fundinn sekur um vanrækslu eða kunnáttuleysi í starfi sínu, svo að tjón hlýzt af, má jafnframt dæma hann til að hafa fyrirgert skírteini sínu um stundarsakir, enda liggi ekki þyngri refsing við að lögum.

V. KAFLI

Ákvæði ýmislegs efnis.

27. gr.

Allir þeir, sem öðlazt hafa rétt til atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum áður en lög þessi öðlast gildi, halda réttindum sínum óskertum.

28. gr.

Samgöngumálaráðuneytið semur sjóferðabók þá, sem um getur í 3. gr. þessara laga, staflið b, og er lögskráningarstjóra skylt að afhenda slíka bók hverjum skipverja í fyrsta sinn, sem hann er lögskráður á íslenzkt skip, eða síðar, ef sjóferðabók hefur glatazt eða er útnotuð. Skal sjóferðabókin ávallt sýnd við lögskráningu og þegar sanna á siglingatíma þann, sem ræðir um í 3. gr. staflið b.

Í sjóferðabókina skal rita fullt nafn skipverja, fæðingardag og fæðingarár, fæðingarstað (sýslu eða kaupstað). Svo skal og vera þar stutt lýsing á útliti hans, vexti og sérkennum, ef einhver eru.

Í bókinni skal enn fremur skýrt frá stöðu skipverjans á skipinu, nafni, tegund og stærð skipsins, í hvaða ferðum það er og hvenær skipverjinn er skráður í skiprúm og úr skiprúmi. Einnig skal sjóferðabókin bera með sér, hve mikinn hluta lögskráningartímans skipverjinn hefur verið í förum með skipinu.

Heimilt er að telja til hásetatíma tíma þann, sem skipverji hefur jafnframt vélstjórastörfum unnið á þilfari.

Skipstjóra ber að útfylla og undirrita sjóferðabækur skipverja. Skal sjóferðabók hvers skipverja við lögskráningu merkt með embættisstimpli lögskráningarstjóra. Skipstjóra er skylt að afhenda skipverja sjóferðabók hans undirritaða, um leið og hann fer úr skiprúmi, eða þegar skráning úr skiprúmi fer fram.

29. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 20 000.00. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

30. gr.

Þeir menn, sem öðlazt hafa skipstjóraréttindi samkvæmt lögum nr. 104 frá 1936 á skipum allt að 75 rúmlestum, skulu öðlast rétt til að vera skipstjórar eða stýrimenn í innanlandssiglingum á skipum allt að 120 rúmlestum, sbr. ákvæði 5.—8. gr. laga þessara.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, að því er til skipstjórnarmanna tekur, lög nr. 42/1947, lög nr. 30/1957, lög nr. 47/1958, lög nr. 35/1961 og lög nr. 65/1965, um breytingar á fyrstnefndum lögum, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta kynnu í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta Alþingi, og fylgdu því þá svo hljóðandi athugasemdir:

Frumvarp þetta er flutt að beiðni hæstv. sjávarútvegsmálaráðherra. Vilja einstakir nefndarmenn taka það fram, að þeir hafi óbundnar hendur um að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við afgreiðslu málsins. Frumvarp þetta var einnig flutt á síðasta Alþingi, og fylgdu því þá svofelldar athugasemdir:

Frumvarp þetta um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum er gert af nefnd, sem samgöngumálaráðherra skipaði hinn 5. ágúst 1965.

Í nefndinni áttu sæti Kristinn Gunnarsson fulltrúi, sem var formaður nefndarinnar, Gunnar Í. Hafsteinsson fulltrúi, Guðmundur H. Oddsson skipstjóri, Hjörtur Magnússon fulltrúi og Jónas Sigurðsson skólastjóri.

Nefndinni var falið að endurskoða lög um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, að því er til skipstjórnarmanna og almennra ákvæða tekur. Hefur nefndin því starfað í samræmi við skipunina og tekið til athugunar ákvæði umræddra laga, er varða skipstjórnarmenn, og almenn ákvæði.

Á Alþingi því, sem nú situr, hefur verið lagt fram frumvarp til laga um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenzkum skipum.

Samkvæmt því lagafrumvarpi hafa ákvæði laganna nr. 66/1946, um atvinnuréttindi vélstjóra, verið lögð fram sem sérstakt frumvarp og liggur því beint við að leggja þetta frumvarp fram sem sérstakt lagafrumvarp.

Gildandi lög um efni það, sem hér um ræðir, eru sett á árinu 1946. Síðan hafa verið gerðar margar breytingar á lögunum, enda óhjákvæmilegt vegna breyttra aðstæðna. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Er því tímabært að setja nú sérstök lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, ekki sízt með tilliti til hins ört vaxandi skipastóls landsmanna og breyttra atvinnuhátta.

Þegar núgildandi lög voru sett um skipstjórnarmenn, var mikið framboð af þeim, enda um tiltölulega fá skip að ræða miðað við það, sem nú er.

Nú hefur orðið mjög mikil breyting á þessum málum og hefur skipastóll landsins margfaldazt síðan gildandi lög voru sett.

Helztu breytingar samkvæmt þessu lagafrumvarpi frá gildandi lögum eru þessar:

1. Kröfur þær, sem gerðar eru í h-lið 2. gr. núgildandi laga um að vera talinn fullgildur háseti á verzlunar- eða varðskipi, eru felldar niður.
2. Núgildandi ákvæði laga um skipstjórnarréttindi á allt að 120 rúmlesta skipum eru felld inn í frumvarpið til samræmis við frumvarp til laga um breyting á lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík og væntanlega reglugerð.
3. Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna á fiskiskipum af ótakmarkaðri stærð og verzlunarskipum allt að 400 rúmlestir verði eitt og hið sama.
4. Nýmæli er það í frumvarpi þessu, að þeir, sem lokið hafa prófi upp úr 2. bekk farmannadeildar Stýrimannaskólans, hljóti undirstýrimannsréttindi takmarkaðan tíma.
5. Siglingatími til að hljóta stýrimannsskírteini er samkvæmt frumvarpi þessu styttur nokkuð, og ekki bundinn við utanlandssiglingar eins og áður var á verzlunarskipum.

Þá er og aldursmark til að taka gildan siglingatíma nú miðað við 15 ár í stað 16 ár áður. Aldursmark til að vera stýrimaður á fiskiskipi er miðað við 18 og 19 ár.

6. Í frumvarpi þessu eru sett sérstök skilyrði um skipstjórapróf á varðskipum ríkisins.
7. Skilyrði til að hafa stýrimenn á fiskiskipum, sem ætlað er að leggja afla sinn á land daglega, er miðað við 60 rúmlesta skip í stað 30 rúmlesta áður.

Skylda til að hafa 3 stýrimenn á varðskipum ríkisins er miðuð við 300 rúmlesta skip í stað 200 rúmlesta áður.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

I. kafli.

Um 1. gr.

Grein þessi er óbreytt, nema felldur er niður síðari málsliður um erlenda ríkisborgara.

Um 2. gr.

Felld eru niður ákvæði í h-, i- og k-liðum gildandi laga.

Um 3. gr.

Grein þessi er óbreytt, nema felld eru niður ákvæði um vélamenn. Þá er og vottorð frá skráningarstjóra talið jafngilda sjóferðabók.

II. kafli.

Um 4. gr.

Skilyrði um sundkunnáttu er fellt niður, enda er nú lögleidd almenn sundskylda.

Talið er nægilegt vottorð tveggja trúverðugra manna um siglingatíma á 6—12 rúmlesta bátum, þar sem ekki er skylt að lögskrá á þá.

Um 5.—8. gr.

Greinar þessar fjalla um kröfur þær, sem gerðar eru til að öðlast réttindi á skipum allt að 120 rúmlestum.

Meginefni þeirra er hið sama og samkvæmt lögum nr. 30/1957 og framlengingu á þeim lögum frá 1962, en eru nú felld inn í þessi lög til samræmis við frumvarp um breytingu á lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir, að hið meira skipstjóraskírteini á fiskiskipi sé hið sama og á verzlunarskipi, allt að 400 rúmlestir.

Um 10. gr.

Skilyrði samkvæmt b-lið 2. málsgreinar er breytt þannig, að af 18 mánaða stýrimannstíma þurfi minnst 6 mánaða yfirstýrimannstíma á skipum yfir 30 rúmlestir.

Um 11. gr.

Hér er um sams konar breytingu að ræða varðandi stýrimannsskírteini og er í 9. gr. varðandi skipstjóraskírteini.

Um 12. gr.

Samkvæmt b-lið lækkar aldursmark úr 16 árum í 15 ára aldur og siglingatími er styttur úr 36 mánuðum í 30 mánuði.

Samkvæmt c-lið er aldursmark fært úr 21 ári í 19 ár.

III. kafli.

Um 13. gr.

Gert er ráð fyrir einu skírteini til skipstjórnar á verzlunarskipum 400 rúmlesta og stærri.

Um 14. gr.

Aðalbreytingin samkvæmt þessari grein er sú, að fellt er niður skilyrði um siglingatíma í utanlandssiglingum.

Um 15. gr.

Samsvarandi breyting er hér gerð varðandi stýrimannsskírteini og í 13. gr. varðandi skipstjóraskírteini.

Um 16. gr.

Samkvæmt b-liðum er aldursmark fært í 15 ár og siglingatími styttur úr 48 mánuðum í 36 mánuði og skilyrði um utanlandssiglingatíma fellt niður.

Um 17.—18. gr.

Hér er um nýmæli að ræða, þar sem gert er ráð fyrir, að menn með prófi upp úr 2. bekk farmannadeildar hljóti tímabundin réttindi sem undirstýrimenn á verzlunarskipum.

Um 19.—20. gr.

Fellt er niður ákvæði um rétt til skipstjórnar á varðskipum allt að hundrað rúmlestum.

Sérstakt skipstjórapróf á varðskipum ríkisins er nú gert að skilyrði til skipstjórnarréttinda á varðskipum.

IV. kafli.

Um 21. gr.

Í síðustu málsgrein er skylda til að hafa stýrimann miðuð við 60 rúmlesta báta í stað 30 rúmlesta.

Um 22. gr.

Hér er miðað við, að á varðskipum 300 rúmlesta og stærri séu a. m. k. 3 stýrimenn og á minni varðskipum séu 2 stýrimenn.

Um 23. gr.

Grein þessi er í samræmi við lög nr. 64 14. maí 1965, um breytingu á lögum nr. 66 17. júlí 1946.

Um 24. gr.

Nýmæli í þessari grein um gildistíma atvinnuskírteinis er í samræmi við reglugerð nr. 165 16. sept. 1963, um sjón og heyrn skipstjórnarmanna.

Um 25.—26. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

V. kafli.
Um 27.—28. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 29. gr.

Sektarákvæði er hækkað í allt að 20 000.00 kr.

Um 30. gr.

Þeir, sem hlotið höfðu réttindi til skipstjórnar á 75 rúmlesta skipum, hljóta nú réttindi á 120 rúmlesta skipum, án sérstakra skilyrða um siglingatíma.

Ed. 15. Frumvarp til laga [15. mál]

um breyting á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Ólafur Jóhannesson, Ásgeir Bjarnason, Björn Fr. Björnsson, Bjarni Guðbjörnsson, Einar Ágústsson.

1. gr.

3. málsgr. 16. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Á eftir 17. gr. laganna komi fjórar nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (18. gr.) Tekjur veðdeildarinnar aðrar en þær, er um ræðir í 16. og 17. gr., eru þessar:
   1. Árlegt framlag ríkissjóðs 20 millj. kr.
   2. Árlegt framlag frá Stofnlánadeild landbúnaðarins samkvæmt 13. gr. laga nr. 75 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.
   3. Framlag samkvæmt 9. gr. laga nr. 44 1957, um skatt á stóreignir.
   4. Vaxtatekjur.

b. (19. gr.) Seðlabanka Íslands er skylt, ef ríkisstjórn óskar þess, að lána veðdeild Búnaðarbankans nauðsynlega fjárupphæð vegna starfsemi hennar, allt að 100 millj. kr., gegn 5% vöxtum. Veðdeildin skal endurgreiða Seðlabankanum lán þetta með jöfnum afborgunum á 20 árum. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar veðdeildarinnar gagnvart Seðlabankanum.

c. (20. gr.) Veðdeild Búnaðarbankans er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa, sbr. 16. gr.

   Vextir af bankavaxtabréfum þessum skulu vera jafnháir vöxtum af lánum, sem veðdeild Búnaðarbankans veitir.

   Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til lánveitinga vegna jarðakaupa.

d. (21. gr.) Heimilt er veðdeild að gera það að skilyrði fyrir lánveitingu vegna jarðakaupa, að allt að 40% lánsfjárhæðarinnar sé greitt í bankavaxtabréfum, sem út eru gefin samkvæmt 20. gr. Afborgunum og endurgreiðslum lána, sem greidd eru í bankavaxtabréfum, skal varið til innlausnar bankavaxtabréfanna.

3. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Lán vegna jarðakaupa mega nema allt að 70% virðingarverðs fasteignar. Önnur lán mega ekki vera hærri en ⅔ af virðingarverði fasteignar.

Nú er veitt lán vegna jarðakaupa og jörðin er veðsett til tryggingar lánum úr Stofnlánadeild landbúnaðarins, sem veitt hafa verið til bygginga eða ræktunar á jörðinni, og má þá lækka veðdeildarlán miðað við hlutfall virðingarverðs fast-

eignarinnar samkvæmt 1. málsgr. um þá fjárhæð, sem nemur stofnlánadeildarlánum, er á jörðinni hvíla, þegar sala fer fram.

Að jafnaði skal lána gegn 1. veðrétti. Heimilt er þó að taka gildan 2. eða síðari veðrétti, ef opinberir sjóðir einir eiga forgangsveð.

Lánstími má vera allt að 40 ár, en nánari ákvæði um lánstíma eftir því, hverrar tegundar veðið er, má setja með reglugerð.

Lán vegna jarðakaupa skulu vera afborgunarlaus fyrstu 2 árin.

Vextir af lánum vegna jarðakaupa skulu eigi vera hærri en 4%.

4. gr.

Síðari málsl. 23. gr. laganna falli niður.

5. gr.

Í stað 1. málsgr. 24. gr. laganna komi tvær málsgr., svo hljóðandi:

Lán, sem veðdeildin veitir til kaupa á jörð, greiðir hún í peningum að ⅗ hlutum, en ⅖ hluta lánsfjárhæðarinnar greiðir veðdeildin í peningum eða bankavaxtabréfum, sem gefin eru út samkvæmt 20. gr. (sbr. 21. gr.)

Önnur lán, sem veðdeildin veitir, greiðir hún í vaxtabréfum sínum eftir ákvæðisverði þeirra eða í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir bréfin að frádregnum sölukostnaði. Semja má um sölu vaxtabréfa hvers flokks fyrir fram í einu eða fleira lagi, enda samþykki ráðherra söluverðið.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Veðdeild Búnaðarbankans á að gegna því hlutverki að veita lán vegna jarðakaupa og greiða þannig fyrir slíkum viðskiptum. En um langt skeið hefur veðdeildina skort mjög tilfinnanlega fjármagn til þessarar starfsemi.

Í landbúnaðinum hafa orðið miklar framfarir á undanförnum árum, og á því sviði er ör þróun. Ræktunin eykst ár frá ári, og í löggjöfinni er stefnt að því, að túnstærð á jörðum yfirleitt verði ekki undir 25 ha. Ný og fullkomin hús eru reist á hverri jörð og vélarafli beitt við framleiðsluna.

Því meiri framkvæmdir sem gerðar eru í sveitum, þeim mun meira fjármagn er bundið í fasteignum og búi hvers bónda. Þróun atvinnuvegarins að þessu leyti er óhjákvæmileg og má ekki stöðvast. En hún torveldar eðlileg eigendaskipti á jörðum, nema tryggt sé, að lánsstofnun hlaupi undir bagga með því að veita lán með góðum kjörum þeim, er kaupa jarðir. Með hagkvæmum lánum í þessu skyni verður ungu kynslóðinni kleift án þess að reisa sér hurðarás um öxl að eignast jarðir og hefja atvinnurekstur, þegar hinir eldri verða að hætta búskap fyrir aldurs sakir eða af öðrum ástæðum og vilja selja fasteignir.

Ríkisvaldinu ber, að dómi flm., að stuðla að því, að sem minnst röskun verði á búsetu fólks í sveitum. En þótt löggjöfin sé við það miðuð, hljóta alltaf að verða árlega ábúenda- og eigendaskipti á allmörgum jörðum á landinu. Það er varhugaverð þróun, að fésterkir aðilar, sem hafa ekki atvinnu við búskap, kaupi hlunnindajarðir einungis vegna hlunnindanna, hagnýti þau, en nytji jarðirnar lítt eða ekki að öðru leyti. Hins vegar sé fólki, sem hefur hug á að hefja búskap, örðugt eða jafnvel ókleift að komast yfir jarðnæði, af því að lán til jarðakaupa eru alls kostar ófullnægjandi. Brýna nauðsyn ber til þess, að með löggjöf sé lagður grundvöllur að fullnægjandi lánastarfsemi á þessu viðskiptasviði, og að því er stefnt með þessu frumvarpi.

Lán eru veitt til íbúðarhúsa hvar sem er á landinu og stefnt að því, að þau nemi allt að ⅔ hlutum byggingarkostnaðar. Lán til verkamannabústaða eru þó mun

hærri en íbúðarlán Húsnæðismálastofnunar ríkisins og með mjög góðum kjörum. Stofnlán til fiskiskipa, sem keypt eru til landsins, nema ⅔ kaupverðs, og til skipa, sem smíðuð eru innanlands, allt að 75% kostnaðarverðs. Samkvæmt þessu skipta nokkrum milljónum stofnlán út á meðalfiskiskip. En sökum fjárskorts hefur veðdeild Búnaðarbankans til þessa ekki veitt hærri jarðakaupalán en 100—200 þús. kr. út á bújörð, sem keypt er, og þó hefur veðdeildin ekki getað fullnægt eftirspurn lána.

Í frv. þessu er svo fyrir mælt, að lán, sem veðdeildin veitir vegna jarðakaupa, megi nema allt að 70% af virðingarverði fasteignar. Miðað er við, að í framkvæmd verði tekið tillit til lána úr Stofnlánadeild Búnaðarbankans, sem á hlutaðeigandi jörð hvíla og veitt hafa verið til bygginga eða ræktunar, þannig að lán úr veðdeild megi lækka miðað við þetta hlutfall virðingarverðs sem stofnlánadeildarlánum nemur.

Í frv. þessu er kveðið á um að stórauka fjármagn veðdeildarinnar frá því, sem nú er. Samkvæmt frv. verða tekjur veðdeildarinnar árlegt ríkisframlag 20 millj. kr., 10 millj. kr. árlegt framlag frá Stofnlánadeild landbúnaðarins samkvæmt heimild í stofnlánadeildarlögunum, enn fremur hluti af stóreignaskatti samkvæmt lögum nr. 44/1957, um skatt á stóreignir, svo og vaxtatekjur.

Gera á Seðlabanka Íslands skylt, ef ríkisstjórn óskar þess, að lána veðdeild Búnaðarbankans allt að 100 millj. kr. Samkvæmt frv. skal veðdeildinni enn fremur heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa og séu bréfin eingöngu notuð til lánveitinga vegna jarðakaupa, þannig að heimilt sé að greiða nokkurn hluta lánsfjárhæðarinnar í bankavaxtabréfum.

Nd. 16. Frumvarp til laga [16. mál]

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Sigurður Ingimundarson, Matthías Á. Mathiesen.

1. gr.

Orðin „allt að þremur“ í 1. málsgr. 18. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi en varð þá eigi útrætt. Því fylgdi svo hljóðandi grg.:

„Samkvæmt gildandi lögum eru aðeins greiddir dagpeningar vegna atvinnuleysisbóta með þremur fyrstu börnum bótaþega. Þetta ákvæði hefur sennilega komizt inn fyrir misskilning vegna greiðslu fjölskyldubóta og til þess að vera í samræmi við almannatryggingalögin, enda sagt í greinargerð frumvarps að lögum um atvinnuleysistryggingar, að samræmi væri við bótaákvæði almannatryggingalaganna. Sú breyting, sem felst í þessu frumvarpi, hefur ekki mikil aukaútgjöld í för með sér, en þótt svo væri, ber að breyta þessu, vegna þess að hér er fyrst og fremst um sanngirnismál að ræða. Börn atvinnuleysingja umfram þrjú þurfa einnig að borða, og sé raunverulega um atvinnuleysi að ræða, þá hefur atvinnuleysinginn engar tekjur til þess að kaupa fyrir nauðþurftir sínar, aðrar en bæturnar. Bæturnar hrökkva að vísu skammt, en það er önnur saga, en þessa missmíð löggjafans er sjálfsagt að lagfæra.“

Nd. 17. Frumvarp til laga [17. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Sigurður Ingimundarson, Matthías Á. Mathiesen.

1. gr.

Orðin „allt að þrem“ í 3. málsgr. 35. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Orðin „allt að þrem“ í 4. málsgr. 50. gr. laganna falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Svo hljóðandi grg. fylgdi þá með frv.

„Sú breyting, sem farið er fram á, að gerð verði á almannatryggingalögunum, er, að greiddir verði sjúkradagpeningar og slysabætur með öllum börnum bótaþega, en ekki aðeins þremur fyrstu börnunum, eins og lögin mæla nú fyrir um.

Þessi takmörkun á greiðslum til þeirra bótaþega, er njóta sjúkra- og slysabóta, er sennilega komin í lögin fyrir misskilning. Í frumvarpi að tryggingalögum, sem lagt var fyrir Alþingi 1945, segir svo í 31. gr., að foreldrar eigi rétt á fjölskyldubótum, „sem hafa á framfæri sínu 4 börn eða fleiri“. Í 3. mgr. 42. gr. frumvarpsins segir: „Þegar sjúkrabætur eru greiddar (þ. e. sjúkradagpeningar til fullorðinna einstaklinga), er auk hinna venjulegu fjölskyldubóta samkv. 30.—32. gr. einnig greitt með þremur fyrstu börnunum í hverri fjölskyldu.“ Ákvæðin um slysabætur er að finna í 55. gr. frumvarpsins og eru efnislega eins. Þessi ákvæði frumvarpsins urðu að lögum um almannatryggingar, nr. 50 frá 7. maí 1946, en þar eru ákvæðin um fjölskyldubætur í 30., 31. og 32. gr. laganna, um sjúkrabætur í 40. gr. og um slysabætur í 53. gr.

Samkvæmt þeim ákvæðum, sem rakin hafa verið, er augljóst, að ætlunin var að ívilna þeim, sem urðu óvinnufærir vegna sjúkdóma eða slysa, þar sem þeir fengu fjölskyldubætur með öllum börnum sínum, en aðrir aðeins með fjórða barni og þar fram yfir. Nú eru greiddar fjölskyldubætur með öllum börnum, og er þegar af þeirri ástæðu ranglátt að takmarka greiðslu sjúkra- og slysadagpeninga við aðeins 3 börn. Auk þes má benda á, að ætlun löggjafans mun vera, að bótaþegar sjúkra- og slysabóta njóti ekki minni bóta en öryrkjar, en öryrkjar eiga rétt á barnalífeyri fyrir öll sín börn.

Útgjaldaaukning vegna þessara breytinga er hverfandi lítil. Hér er fyrst og fremst um sanngirnismál að ræða, sem þeir, er vinna við framkvæmd tryggingalaganna, hafa áhuga á að fá framgengt.

Ed. 18. Frumvarp til laga [18. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

Íslenzkan ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Björk, Lars-Erik, prentmyndasmiður í Reykjavík, f. í Svíþjóð 7. janúar 1937.
2. Dannheim, Eberhard, útvarpsvirki í Reykjavík, f. í Noregi 22. febrúar 1942.

3. Jensen, Egon Georg Vendelbo, matsveinn í Vestmannaeyjum, f. í Danmörku 3. janúar 1916.
4. Joensen, Anna Fridbjörg, kennari í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 6. sept. 1940.
5. Joensen, Bergleif Gannt, matsveinn í Reykjavík, f. í Færeyjum 6. apríl 1945.
6. Karl, Monika Charlotte (Ágústsson), hagfræðingur í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 24. september 1941.
7. Nielsen, Sigrid Maria Elisabeth (Pétursson), húsmóðir í Suður-Múlasýslu, f. í Danmörk 25. febrúar 1930.
8. Pandrick, Renate (Skúlason), húsmóðir í Árnessýslu, f. í Þýzkalandi 13. ágúst 1939.
9. Raner, Nelly Eva (Jóhannesson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 29. september 1914.
10. Saur, Hiltrud Anneliese (Guðmundsson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 29. júlí 1935.
11. Toftum, Jakop, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 18. marz 1939.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja allir þeim skilyrðum, sem sett voru af allsherjarnefndum beggja þingdeilda í nefndaráliti á þskj. nr. 244 á 87. löggjafarþingi 17. febrúar 1967.

Nd. 19. Frumvarp til laga [19. mál]

um breyting á lögum um lögræði, nr. 95 5. júní 1947.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

3. gr. laganna breytist þannig, að í stað „21 árs“ komi: 20 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Er frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breytingu á 33. gr. stjórnarskrárinnar var borið fram á síðasta Alþingi, með þeim ákvæðum um lækkun aldursmarks til kosningarréttar, sem hlutu samþykki á því þingi, var þess getið, að nauðsynlegt væri, þegar til endanlegrar samþykktar þeirrar stjórnarskrárbreytingar kæmi, að afstöðnum Alþingiskosningum, að breytt yrði þeim ákvæðum laga, þar sem sömu sjónarmið ættu við.

Nd. 20. Frumvarp til laga [20. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir, karlar og konur, sem

1. eru 20 ára eða eldri, þegar kosning fer fram,
2. eiga ríkisborgararétt hér á landi,
3. eiga lögheimili hér á landi,
4. hafa óflekkað mannorð og
5. eru eigi sviptir lögræði.

2. gr.

2. töluliður 1. málsgr. 15. gr. laganna orðist svo:

2. Þá, sem skortir það eitt á að fullnægja skilyrðum 1. töluliðs þessarar málsgreinar, að þeir hafa ekki fyllt 20 ára aldur, ef þeir ná að fullnægja þeim skilyrðum fyrir lok þess árs, er kosningar fara fram.

3. gr.

2. málsgr. 15. gr. laganna orðist svo:

Um þann, sem settur er á kjörskrá og hefur ekki fullnægt aldursskilyrðinu, skal þess getið í athugasemd við nafn hans á kjörskránni, hvaða mánaðardag hann hefur náð að fullnægja því, og skal rita framan við mánaðardaginn: **Fær atkvæðisrétt.**

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til stjórnarskipunarlaga, um breytingu á 33. gr. stjórnarskrárinnar, sem samþykkt var á síðasta Alþingi, og nú hefur verið lagt fyrir Alþingi að nýju til staðfestingar, er gert ráð fyrir því, að kosningarréttur (og þar með kjörgengi) skuli miðast við 20 ára aldur í stað 21 árs. Einnig er fellt niður 5 ára búsetuskilyrði fyrir kosningarrétti. Í samræmi við þessa breytingu á ákvæðum stjórnarskrárinnar þarf að breyta samsvarandi ákvæðum laga um kosningar til Alþingis, og er því þetta frumvarp borið fram.

Nd. 21. Frumvarp til laga [21. mál]

um breyting á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 39 27. júní 1921.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

7. gr. laganna breytist þannig, að í stað „21 árs“ komi: 20 ára.

2. gr.

8. gr. laganna breytist þannig, að í stað „21 árs“ komi: 20 ára.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Er lækkaður verður kosningarréttaraldur, svo sem ráðgert er í frumvarpi til stjórnarskipunarlaga um breyting á 33. gr. stjórnarskrárinnar, sem samþykkt var á síðasta Alþingi, og nú hefur verið lagt fyrir Alþingi til staðfestingar, þykir eðlilegt að önnur aldursmörk, sem byggja á líkum sjónarmiðum um almennan þroska og hæfni til að taka ákvarðanir í eigin málefnum, verði lækkuð með samsvarandi hætti. Þykir þetta eiga við um lagaákvæði um giftingaraldur karlmanna í lögum um stofnun og slit hjúskapar (7. gr.). Núgildandi lagaákvæði um 21 árs aldursmark er að vísu undanþægt, en hvorttveggja er, að eðlilegra þykir að hafa í þessu efni fullt samræmi, svo og hitt, að leyfum til undanþágu frá þessu aldursmarki hefur fjölgað hin síðari ár svo mikið að ótvírætt þykir sýna breytt viðhorf. Jafnframt þykir eðlilegt að lækka með sama hætti aldursmark laganna í 8. gr., þar sem tilskilið er samþykki foreldra fyrir vígslu barna þeirra yngri en 21 árs.

Þess skal getið, að hinar norrænu nefndir, sem starfa saman að endurskoðun hinna norrænu hjúskaparlaga, sem eru í höfuðatriðum samhljóða, hafa orðið sammála um að gera tillögu um, að giftingaraldur karlmanna verði lækkaður í 20 ár. Ekki hefur þó komið til lögfestingar þeirra ákvæða í neinu landinu enn þá.

Nd. 22. Frumvarp til laga [22. mál]

um sérstakar ráðstafanir til að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og koma í veg fyrir eyðingu lífvænlegra byggðarlaga.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Guðmundur Jónasson, Halldór E. Sigurðsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Ágúst Þorvaldsson, Sigurvin Einarsson.

I. KAFLI
Um tilgang laganna og störf Byggðajafnvægisnefndar.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með rannsóknarstörfum, áætlanagerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í þeim landshlutum, þar sem bein eða hlutfallsleg fólksfækkun hefur átt sér stað undanfarið eða er talin yfirvofandi.

2. gr.

Sameinað Alþingi kýs að loknum alþingiskosningum hverju sinni sjö manna Byggðajafnvægisnefnd og jafnmarga til vara. Nefndin velur sér formann og ritara. Nefndinni er heimilt að ráða menn í þjónustu sína, eftir því sem nauðsyn krefur og ríkisstjórnin samþykkir. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Byggðajafnvægisnefnd heldur fundi a. m. k. einu sinni í mánuði og oftar, ef þörf krefur.

4. gr.

Byggðajafnvægisnefnd lætur gera áætlanir samkvæmt 7. gr. Hún stjórnar Byggðajafnvægissjóði og ráðstafar eignar- og umráðafé hans samkvæmt II. kafla þessara laga.

5. gr.

Byggðajafnvægisnefnd safnar efni til skýrslugerðar og lætur árlega gera skýrslur um þau atriði, sem þykja máli skipta í sambandi við verksvið hennar.

6. gr.

Opinberar stofnanir skulu, ef Byggðajafnvægisnefnd óskar þess, hver á sínu sviði, láta henni í té aðstoð og upplýsingar, sem henni eru nauðsynlegar til skýrslugerðar samkv. 5. gr. og áætlanagerðar samkv. 7. gr.

7. gr.

Byggðajafnvægisnefnd lætur, þegar þörf þykir til þess, gera áætlanir um framkvæmdir í einstökum byggðarlögum, enda séu þær við það miðaðar, að með þeim sé stuðlað að jafnvægi í byggð landsins. Áætlanir þessar skulu að jafnaði gerðar í samráði við sýslunefnd, bæjarstjórn eða hreppsnefnd, eina eða fleiri. Lán og framlög úr Byggðajafnvægissjóði, sbr. II. kafla, skulu ákveðin með hliðsjón af slíkum áætlunum, séu þær fyrir hendi.

II. KAFLI

Um Byggðajafnvægissjóð.

8. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Byggðajafnvægissjóður, undir stjórn Byggðajafnvægisnefndar.

Stofnfé sjóðsins er:

1. Stofnfé Atvinnujöfnunarsjóðs samkv. a-, c- og d-lið 2. gr. laga nr. 69 1966, um Atvinnujöfnunarsjóð.
2. Aðrar eignir Atvinnujöfnunarsjóðs.

Hlutverk Byggðajafnvægissjóðs er að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í samræmi við tilgang laganna samkvæmt 1. gr. Framkvæmdasjóður Íslands annast dagleg afgreiðslustörf og reikningshald sjóðsins eftir nánari fyrirmælum Byggðajafnvægisnefndar, gegn þóknun, sem ráðherra ákveður.

Endurskoðendur Framkvæmdasjóðs annast endurskoðun reikninga Byggðajafnvægissjóðs. Skulu reikningarnir birtir árlega í Stjórnartíðindum ásamt skrá um lántakendur og upphæðir lána svo og um óafturkræf framlög á sama hátt.

9. gr.

Tekjur Byggðajafnvægissjóðs eru:

1. 2% af árlegum tekjum ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi, í fyrsta sinn af tekjum ársins 1969, sem greiðist sjóðnum í byrjun hvers mánaðar af innheimtum tekjum næsta mánaðar á undan, í fyrsta sinn í byrjun febrúarmánaðar 1969.
2. Skattgjald samkv. a-lið 3. gr. laga nr. 69 1966, um Atvinnujöfnunarsjóð, enda haldi ákvæði þeirrar lagagreinar um skattgjaldið og skiptingu þess gildi sínu.
3. Vaxtatekjur.

10. gr.

Úr Byggðajafnvægissjóði má veita lán til hvers konar framkvæmda, sem að dómi sjóðsstjórnar (Byggðajafnvægisnefndar) eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins samkv. 1. gr., þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum, enda séu aðrir lánsmöguleikar fullnýttir. Skal áður leitað álits hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sé hún ekki sjálf umsækjandi. Veita má sveitarfélögum lán til að koma upp eða stuðla að því, að komið verði upp íbúðum, til viðbótar lánum, sem aðrar lánastofnanir veita út á sömu íbúðir. Um tryggingu fyrir láni, vexti og afborganaskilmála fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar (Byggðajafnvægisnefndar) hverju sinni.

11. gr.

Óafturkræf framlög má veita, ef sérstaklega stendur á og a. m. k. fimm nefndarmenn samþykkja.

12. gr.

Byggðajafnvægisnefnd er heimilt að afla sjóðnum lánsfjár til starfsemi sinnar, allt að 200 millj. kr. á ári á árunum 1968—72, gegn ábyrgð ríkissjóðs.

13. gr.

Nú ákveður hreppsnefnd, bæjarstjórn eða sýslunefnd, ein eða fleiri saman, að koma upp sérstökum byggðajafnvægissjóði til starfa í umdæmi sínu, og getur þá Byggingajafnvægisnefnd, ef stofnandi eða stofnendur óska, löggilt slíkan sjóð sem byggðajafnvægissjóð þess svæðis, sem um er að ræða. Hafi sjóður fengið slíka löggildingu, er Byggðajafnvægisnefnd heimilt að veita honum sem lán eða framlag þá fjárupphæð árlega, sem rétt telst að úthluta á starfssvæði hans. Stjórn slíks sjóðs ber að fylgjast með áætlunum Byggðajafnvægisnefndar um framkvæmdir á hlutaðeigandi landssvæði, enda þarf, ef nefndin hefur veitt honum lán, samþykki hennar til lánveitingar úr honum samkvæmt reglum, er hún setur.

14. gr.

Nú ákveða sveitarstjórnir eða sýslunefndir að skipa sérstaka svæðisáætlunarnefnd til þess að gera áætlun um framkvæmdir í umdæmum sínum í samræmi við tilgang þessara laga, og er Byggðajafnvægisnefnd þá heimilt að veita slíkri áætlunarnefnd fé úr Byggðajafnvægissjóði til að greiða kostnað eða hluta af kostnaði við áætlunargerðina. Sama gildir um fjórðungsnefnd, sem skipuð er af fjórðungssambandi til að annast áætlunargerð fyrir fjórðunginn.

15. gr.

Heimilt er Byggðajafnvægisnefnd, ef sérstaklega stendur á, að gerast fyrir hönd sjóðsins meðeigandi í atvinnufyrirtæki, sem hún telur nauðsynlegt að koma á fót í samræmi við tilgang þessara laga, enda séu a. m. k. 5 nefndarmenn því samþykkir og að þeirra dómi og hlutaðeigandi sveitarstjórnar ekki unnt að kom fyrirtækinu á fót á annan hátt.

16. gr.

Þegar komið er upp atvinnufyrirtækjum með fjárhagslegum stuðningi ríkisvaldsins, skal ríkisstjórnin leita álits Byggðajafnvægisnefndar um staðsetingu þeirra.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1968, og skal Byggðajafnvægisnefnd kosin í fyrsta sinn á Alþingi 1967. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 69 1966, um Atvinnujöfnunarsjóð.

Ákvæði til bráðabirgða.

Byggðajafnvægisnefnd skal þegar eftir gildistöku þessara laga, í samráði við Landnám ríkisins, gera bráðabirgðaáætlun um sérstaka aðstoð við þau byggðarlög, sem dregizt hafa aftur úr eða yfirvofandi hætta er á, að dragist aftur úr því, sem almennt er, að því er varðar aðkallandi framkvæmdir og uppbyggingu atvinnuvega, eða fari í eyði að verulegu eða öllu leyti, enda séu þar að dómi Landnámsins vel viðunandi atvinnurekstrarskilyrði frá náttúrunnar hendi á landi eða sjó. Leita skal, eftir því sem þurfa þykir, álits Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands og Landssambands iðnaðarmanna um úrræði á hverjum stað. Til framkvæmdar bráðabirgðaáætluninni er nefndinni heimilt að veita óafturkræf framlög úr sjóðnum, allt að þriðjungi tekna hans til ársloka 1971. Framlögin skulu veitt sveitar- eða sýslufélögum með fyrirmælum, sem nefndin setur um notkun þeirra.

Greinargerð.

Það mun almennt talið, að þá sé jafnvægi í byggð landsins, ef íbúum einstakra landshluta fjölgar á tilteknum tíma um sama eða svipaðan hundraðshluta og þjóð-

inni í heild. Með landshluta er þá yfirleitt átt við landsfjórðung eða stóran hluta úr landsfjórðungi, sbr. mannfjöldaskýrsluna hér á eftir. Einnig mætti segja, að jafnvægi í byggð landsins sé sú dreifing þjóðarfjölgunarinnar, sem að því miðar, að öll lífvænleg byggð haldist og eflist um land allt, að þjóðin haldi áfram að byggja alla björgulega staði í landi sínu.

Árið 1940, við aðalmanntal, var mannfjöldinn á öllu landinu 121474. Hinn 1. des. 1965 var hann 193758. Fjölgun á aldarfjórðungi 72284 eða 59.5%

Í einstökum landshlutum var mannfjöldinn þessi 1940 og 1965:

	1940	1965		
Kjalarnesþing (vestan Fjalls)	47460	110829	Fjölgun	ca. 133.5%
Vesturland sunnan Gilsfjarðar	9936	12998	—	— 30.8%
Vestfirðir	12953	10435	Fækkun	— 19.4%
Norðurland	27406	31417	Fjölgun	— 14.7%
Austurland	10123	11017	—	— 8.8%
Suðurland (austan Fjalls)	13596	17062	—	— 25.5%

Mannfjöldatölur frá 1. des. 1966 fylgja greinargerðinni á sérstöku skjali, en þá var mannfjöldinn á öllu landinu 196933.

Þessar tölur bera vitni um hina gífurlegu röskun, sem enn hefur orðið á jafnvæginu í byggð landsins á einum aldarfjórðungi. Á Vestfjörðum hefur á þessum aldarfjórðungi orðið bein fólksfækkun um 19.4%. Í fjórum landshlutum var fjölgunin aðeins 8.8%, 14.7%, 25.5% og 30.8% á sama tíma sem þjóðinni fjölgaði um 59.9%, þ. e. hlutfallsleg fólksfækkun. Jafnvel í höfuðstað Norðurlands, Akureyri, var um hlutfallslega fólksfækkun að ræða á síðasta áratug. En í Kjalarnesþingi (vestan Fjalls) hækkaði fólkstalan um 133.5% á tímabilinu 1941—65. Í sjö samliggjandi sveitarfélögum, sem hagfræðingar eru farnir að kalla Stór-Reykjavík, hækkaði íbúatalan úr 43500 upp í 100469. Á því litla landssvæði á nú meira en helmingur þjóðarinnar heima.

Þessi þróun er mjög varhugaverð, svo að ekki sé meira sagt, fyrir land og þjóð, ekki aðeins þá landshluta, sem eiga við beina eða hlutfallslega fólksfækkun að stríða, heldur einnig fyrir höfuðborgina og nágrenni hennar, sem á erfitt með að valda sumum þeim verkefnum, sem á hana hlaðast vegna of mikils vaxtarhraða, og getur af þeim sökum orðið örðugra en ella að byggja þar upp nægilega traust atvinnulíf í framtíðinni. Það ætti því að vera sameiginlegt áhugamál allra landsmanna að stuðla að því, að fólksfjölgunin dreifist meir um landið en hún hefur gert hingað til á þessari öld. En til þess að svo megi verða, þarf fyrst og fremst að útvega fjármagn til að efla atvinnulíf hinna einstöku landshluta og stuðla að því, að skortur á íbúðarhúsnæði hamli því ekki, að fólk setjist að í þessum landshlutum, t. d. faglærðir menn eða sérfróðir á einhverju sviði, sem víða vantar tilfinnanlega um þessar mundir. Fleira kemur þó til greina.

Alllangt er nú síðan byrjað var að komast svo að orði á Alþingi og víðar á opinberum vettvangi, að nauðsyn bæri til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og hefja á vegum ríkisvaldsins sérstaka og sjálfstæða starfsemi í því skyni. Það var um það leyti kunnugt orðið, að Norðmenn höfðu gert framkvæmdaáætlun mikla fyrir Norður-Noreg, sem þá var orðinn hlutfallslega mun mannfærri en aðrir landshlutar þar og hafði dregizt aftur úr á ýmsum sviðum. Framkvæmd þessarar Norður-Noregsáætlunar er nú lokið, en ráðstafanir af sama tagi hafa verið gerðar á breiðara grundvelli. Mikilvægi þessa máls virðist vera ráðamönnum Noregs vel ljóst, og sýna þeir það í verki. Í fleiri löndum eru nú gerðar opinberar ráðstafanir til að draga úr vexti stórborga og efla landsbyggð utan þeirra.

Sú var á síðasta áratug framkvæmd þessara mála hér á landi, að tekin var upp sú regla að veita á fjárlögum sérstakt fjárframlag úr ríkissjóði til „að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu," sem aðallega var notað til lánveitinga í sambandi við uppbyggingu atvinnulífs í sjávarplássum á Norður-, Austur- og Vesturlandi.

Í sveitunum var að sjálfsögðu haldið áfram að framkvæma hina eldri löggjöf um nýbýli og aðstoð við ræktunarsambönd, svo og aðrar ráðstafanir, sem Landnám ríkisins hefur umsjón með og að því áttu að miða að koma í veg fyrir eyðingu býla. Atvinnuaukningarfjárveitingin varð hæst árið 1957, þá 15 millj. kr. Stjórnskipaðar nefndir störfuðu um skeið að rannsóknum á aðstöðu einstakra landshluta og byggðarlaga, einkum á sviði atvinnumála, og gerðu skýrslur og áætlanir um þau efni. Jafnvægismálið hefur legið fyrir Alþingi í ýmsum myndum, um það verið rætt þar og stundum gerðar um það ályktanir. Af hálfu Framsóknarflokksins voru á Alþingi 1959—60 og 1960—61 flutt frv. um Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóð og ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, en fengu ekki afgreiðslu. Á þingi 1961—62 voru sett lög um Atvinnubótasjóð. Með þeim lögum var í rauninni ákveðið, að atvinnuaukningarféð skyldi vera 10 millj. kr. á ári í 10 ár, sem er mjög lág upphæð, miðað við það, sem áður var, og hækkandi verðlag, og það fé lagt í sjóðinn ásamt útistandandi lánum af atvinnuaukningarfé frá öndverðu, en þau lán hafa a. m. k. til skamms tíma verið innheimt vægilega. Yfir sjóðinn var sett sérstök stjórn, er Alþingi kaus, en síðustu árin þar áður hafði þingið kosið nefnd ár hvert til þess að úthluta atvinnuaukningarfénu.

Í lögunum um Atvinnubótasjóð og framkvæmd þeirra fólst engin ný skapandi lausn þessara mála, enda varla vakað fyrir stjórnarvöldum, að svo yrði, heldur aðeins lögfest aðferð til að úthluta atvinnuaukningarfénu og upphæð þess ákveðin 10 ár fram í tímann, á þann hátt, sem þarna var gert. Árið 1966 voru þessi lög afnumin og jafnframt sett ný lög um svonefndan Atvinnujöfnunarsjóð. Sú löggjöf er til nokkurra bóta, en gefur fyrst og fremst til kynna, að skilningur sé nú vaxandi á þeirri hættu, sem yfir landsbyggðinni vofir. Er þá mikilsvert, að áfram sé haldið sókn í málinu, enda mun ekki af veita, þar sem stóriðjan í Straumsvík með tilheyrandi aðdráttarafli er á næsta leiti.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er byggt á þeirri skoðun, að koma þurfi á fót sjálfstæðri og skipulagðri starfsemi til frambúðar í því skyni að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og að sú starfsemi verði að hafa við það fjárframlag að styðjast, að verulegs árangurs megi vænta. Hér þarf að koma til föst landsbyggðar- eða byggðajafnvægisstofnun með starfskröftum, sem geta helgað sig viðfangsefninu. Nauðsynlegrar þekkingar verður að afla á hverjum tíma með því að ferðast um landið, ræða við sveitarstjórnir og aðra þá, er forustu hafa á hverjum stað, gera skýrslur og semja áætlanir, sem úthlutun fjármagns byggist á. Ella er hætt við, að hún verði fálmkennd og atvikum háð og komi ekki að fullu gagni. Hér þarf að koma til fjármagn, sem um munar.

Gert er ráð fyrir, að Byggðajafnvægissjóður fái til umráða 2% af tekjum ríkissjóðs ár hvert, í fyrsta sinn af tekjum ársins 1969. Miðað við áætlun fjárlaga fyrir 1967 yrðu þessar árstekjur sjóðsins um 94 millj. kr., en breytast í hlutfalli við tekjur ríkissjóðs, sem á að tryggja það, að starfsgeta sjóðsins haldist, þótt verðlag breytist. Einhverjum kann að þykja þetta há upphæð við fyrstu sýn, en að vel athuguðu máli verður það varla talið frekt í sakirnar farið, þó að lagt sé til, að ríkið verji árlega 2 aurum af hverri krónu til að skipuleggja á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, sókn gegn þeirri öfugþróun, sem tölurnar hér að framan bera vitni um, og tryggja framtíð þeirra byggða, sem alið hafa upp mikinn hluta þess fólks, sem starfað hefur að uppbyggingu landsins til þessa eða nú er á starfsaldri. Hér er um að ræða svipaðan hundraðshluta af ríkistekjum og veittur var til að „bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu“ árið 1957. Rétt er líka að hafa það í huga, að ýmis framlög ríkisins til verklegra framkvæmda víðs vegar um land hafa farið hlutfallslega lækkandi í seinni tíð, miðað við umsetningu fjárlaga. Í 12. gr. frv. er gert ráð fyrir, að sjóðurinn fái lántökuheimild allt að 200 millj. kr. á ári í 5 ár, og er gert ráð fyrir, að ríkissjóður ábyrgist þau lán, sem sjóðsstjórnin tekur samkv. þeirri heimild.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er í tveim köflum. Fjallar fyrri kaflinn

um tilgang laganna og störf Byggðajafnvægisnefndar, sem gert er ráð fyrir, að kjörin verði af Alþingi og haldi fund a. m. k. einu sinni í mánuði og oftar, ef þurfa þykir. Nefndinni er heimilað að tryggja sér starfskrafta, eftir því sem nauðsyn krefur, enda komi til samþykki ríkisstjórnar. Yrði það sennilega gert í félagi við Framkvæmdasjóð Íslands. Byggðajafnvægisstofnunin á samkvæmt frumvarpinu að hafa með höndum rannsóknarstörf, áætlanagerð og ráðstöfun fjármagns til uppbyggingar á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Í því skyni eru henni fengin umráð yfir Byggðajafnvægissjóði, en um hann er II. kafli frumvarpsins. Gert er ráð fyrir, að fjárframlög úr Byggðajafnvægissjóði verði aðallega veitt sem lán, þegar aðrir lánsmöguleikar hlutaðeigandi aðila eru fullnýttir, og að stjórn sjóðsins ákveði sjálf lánskjörin hverju sinni. Geta þau þá farið að verulegu leyti eftir greiðslugetu. Samkvæmt frumvarpinu má veita slík lán til hvers konar framkvæmda, sem að dómi Byggðajafnvægisnefndar eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum. Er þá að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að sveitir landsins geti einnig notið þar góðs af, að því leyti sem stuðningur sá, sem veittur er samkvæmt landbúnaðarlöggjöfinni, leysir ekki þau viðfangsefni, sem um er að ræða. Meðal annars er gert ráð fyrir, að Byggðajafnvægisnefnd geti aðstoðað sveitarfélög við að koma upp íbúðum, þar sem íbúðaskortur kemur í veg fyrir æskilega fólksfjölgun, og það mál verður ekki leyst á annan hátt. Er áður að því efni vikið. Sjóðsstjórninni er heimilt að gerast meðeigandi í atvinnufyrirtæki, ef sérstaklega stendur á og fullnægt er tilteknum skilyrðum.

Rétt þykir að gera ráð fyrir þeim möguleika, að einstakar sveitarstjórnir eða sýslunefndir, ein eða fleiri saman, kunni að hafa hug á og telja sér fært að leggja sjálfar fram eða útvega nokkurt fé til þeirrar uppbyggingar á sínu svæði, sem frumvarp þetta tekur til, og hafa sjálfar meiri forustu en yfirleitt er gert ráð fyrir í frumvarpinu. Þykir þá sanngjarnt og eðlilegt, að þær geti, ef þannig er að farið, fengið fé úr Byggðajafnvægissjóði á þann hátt, sem nánar er tiltekið, enda verði þá yfirleitt ekki um aðrar beinar lánveitingar úr Byggðajafnvægissjóði að ræða á því svæði, sem hér er um að ræða.

Þá þykir og rétt að gera ráð fyrir, að svæða- eða fjórðungsnefndir, sem skipaðar eru af sveitarstjórnum, sýslunefndum eða fjórðungssamböndum, sem sveitarfélög eða sýslur og kaupstaðir standa að, til þess að gera áætlanir um framkvæmdir í samræmi við tilgang þessara laga í landsfjórðungi eða á nánar tilteknu svæði, geti fengið styrk úr Byggðajafnvæðissjóði til starfsemi sinnar.

Algengt er, að komið sé upp atvinnufyrirtækjum með fjárhagslegum stuðningi ríkissjóðs, t. d. með ríkisábyrgð eða ríkisláni. Æskilegt er, að byggðajafnvægissjónarmið komi til greina við staðsetningu slíkra fyrirtækja og að fjárhagsleg aðstoð ríkisins sé hverju sinni því skilyrði bundin, að Byggðajafnvægisnefnd hafi látið í ljós álit sitt um möguleika á því að koma staðsetningunni í samræmi við tilgang þessa frv., ef að lögum verður.

Lagt er til, að Framkvæmdasjóður Íslands annist daglega afgreiðslu og reikningshald fyrir Byggðajafnvægissjóð.

Að svo stöddu er að dómi flm. ekki tímabært að setja með lögum nákvæmar reglur um þá starfsemi til stuðnings jafnvægi í byggð landsins, sem hér ræðir um. Í frv. eru ákvæði um tilgang hennar og meginatriði, en að öðru leyti verður hún að mótast smám saman af rannsóknum og reynslu og áætlunum þeim, sem gerðar verða á vegum Byggðajafnvægisnefndar. Hér er um að ræða ráðstafanir, sem verða munu allri þjóðinni til hagsbóta. Einnig sá landshluti, sem fjölmennastur er eða verður, mun — eins og fyrr var að vikið — njóta hér góðs af í ríkum mæli, ef takast mætti að stöðva eða minnka fólksstrauminn þangað, því að hið mikla aðstreymi fólks, sem þar hefur átt sér stað áratugum saman, hefur skapað þessum landshluta ýmiss konar erfiðleika og ekki verið honum hentugt, enda á sumum sviðum haft í för með sér mikil fjárútlán fyrir borgarana. Í öðrum landshlutum mundi Byggðajafnvægissjóður með beinum fjárframlögum og þá eink-

um útlánum styðja þá uppbyggingarstarfsemi, sem að undangenginni athugun telst til þess fallin á hverjum tíma að draga úr fólksstraumnum þaðan eða stöðva hann og koma í veg fyrir yfirvofandi eyðileggingu verðmæta. Hér er ekki um það að ræða, að hvergi megi leggja niður byggt ból eða flytja á hagkvæmari stað. Uppbygginguna ber að miða við það að hagnýta sem bezt gæði náttúrunnar til lands og sjávar, þar sem þau eru til staðar. Björgulega staði ætti ekki að yfirgefa, heldur stefna að því þar að gera mönnum kleift að koma atvinnurekstri sínum og aðstöðu í samræmi við það, sem hæfilegt má teljast og óhjákvæmilegt á hverjum tíma. En jafnframt ber að hafa það í huga, að ráðið til þess að hindra beina eða hlutfallslega fólksfækkun í einhverjum landshluta getur verið m. a. í því fólgið að koma þar upp þéttbýlishverfum eða efla kaupstaði og kauptún, sem fyrir eru, og ber þá byggðajafnvægisstofnuninni að sjálfsögðu að greiða fyrir uppbyggingu og vexti slíkra staða, jafnhliða annarri uppbyggingu þar um slóðir. Aukning fólksfjölda á slíkum þéttbýlisstöðum, þótt hún í bili dragi til sín eitthvað af fólki úr umhverfi sínu, getur verið brýnt hagsmunamál hlutaðeigandi landshluta, ef hún ræður úrslitum um það, að hann sem heild haldi sínum hlut. Í bæjum og þorpum skapast líka markaður og ýmsir aðrir slíkir möguleikar fyrir nálægar sveitir. Af þessu leiðir, að byggðajafnvægismálið verður ekki leyst, svo að vel sé, nema á það sé litið frá heildarsjónarmiði hinna stóru landshluta, en þá jafnframt haft í huga, að björgulegar byggðir, þótt nú séu af einhverjum ástæðum fámennar og eigi í vök að verjast, dragist ekki aftur úr í sókn þjóðarinnar til bættra atvinnuhátta og betri lífskjara. Byggðajafnvægisstarfsemin á ekki að vera fólgin í „atvinnuleysisráðstöfunum“ eða örvun þjóðhagslega óhagkvæmrar framleiðslu, heldur í því að gera börnum landsins kleift — með aðstoð fjármagns og tækni — að grundvalla búsetu sína, lífsafkomu og menningu á náttúrugæðum til lands og sjávar, hvar á landinu sem þau eru, — að koma með skynsamlegum ráðum í veg fyrir, að landsbyggðin eyðist eða dragist svo aftur úr, að framtíðarvonir hennar verði að engu gerðar. Koma þarf í veg fyrir þann misskilning, sem stundum ber á, að hin fámennari byggðarlög og atvinnurekstur þeirra sé yfirleitt byrði á þjóðarbúskapnum. Athuganir hafa leitt í ljós, að í sumum fámennum sjávarplássum t. d. skilar hver íbúi að meðaltali svo mikilli gjaldeyrisvöruframleiðslu í þjóðarbúið, að athygli vekur við samanburð. Víða í sveitum er framleiðslan líka án efa mjög mikil, ef reiknað er á þennan hátt. En þar sem fjármagn skortir og tækni er af skornum skammti, verður þetta oft á annan veg. Þess ber einnig að geta, að engin stétt í þjóðfélaginu mun leggja hlutfallslega eins mikið fram af eigin tekjum og með vinnu sinni til uppbyggingar í landinu og bændastéttin. Óhætt mun að gera ráð fyrir, að hagnýt þjóðarframleiðsla minnki ekki, heldur vaxi við aukið jafnvægi í byggð landsins.

Í ákvæði til bráðabirgða er svo fyrir mælt, að Byggðajafnvægisnefnd skuli þegar eftir gildistöku frv., ef að lögum verður, gera bráðabirgðaáætlun um sérstaka aðstoð við þau byggðarlög, sem dregizt hafa aftur úr eða yfirvofandi hætta er á, að dragist aftur úr því, sem almennt er, að því er varðar aðkallandi framkvæmdir og uppbyggingu atvinnuvega, eða fari í eyði að verulegu eða öllu leyti, enda séu þar frá náttúrunnar hendi vel viðunandi skilyrði til atvinnurekstrar á landi eða sjó. Til þess er ætlazt, að bráðabirgðaáætlunin sé gerð í samráði við Landnám ríkisins, sem hefur þegar í höndum mikilsverðar upplýsingar á þessu sviði og þar með aðstöðu til að gera sér grein fyrir atvinnuskilyrðum frá náttúrunnar hendi í einstökum byggðarlögum. Lagt er til, að byggðajafnvægisnefnd hafi heimild til að veita hlutaðeigandi sveitarfélögum óafturkræf framlög og verja til þess allt að þriðjungi af tekjum sjóðsins til ársloka 1971. Kæmi þá til álita að framlengja heimildina. Í ljós kemur, að sum byggðarlög eru nú þannig á vegi stödd, að hafa verður hraðan á, ef þær sérstöku ráðstafanir, sem þjóðfélagið kann að vilja gera þeim til aðstoðar, eiga ekki að verða um seinan. Í þessu sambandi skal minnt á fundarsamþykktir um þetta efni, er birtar hafa verið opinberlega, t. d. frá aðalfundi Stéttarsambands

bænda, kjördæmaþingum framsóknarmanna, fjórðungsþingum og kaupstaða- og kauptúnaráðstefnunni á Akureyri 1965. Á fundi á Egilsstöðum á Fljótsdalshéraði var og um þetta efni rætt 1963, að viðstöddum ýmsum forustumönnum búnaðarmála, og 1964 á almennum héraðsmálafundi í Skúlagarði í Norður-Þingeyjarsýslu. Samdráttur byggðar í Flatey á Skjálfanda hefur verið í sérstakri athugun á vegum stjórnarvalda. Fleiri dæmi mætti nefna, er sýna aðkallandi nauðsyn þessa máls. Af hálfu stjórnarvalda mun hafa verið unnið að undirbúningi Vestfjarðaáætlunar og Norðurlandsáætlunar undanfarið, en engin slík áætlun birt.

Fullvíst má telja, að sveitarstjórnir og sýslunefndir um land allt séu nú reiðubúnar til samstarfs við þjóðfélagið til verndar og eflingar landsbyggð og til að afstýra yfirvofandi hættu á eyðingu lífvænlegra byggðarlaga.

Frumvarp svipaðs efnis og það, er hér liggur fyrir, hefur verið flutt í neðri deild á fimm þingum (1962—66). Í frv. eru ákvæði um afnám laganna um Atvinnujöfnunarsjóð og að Byggðajafnvægissjóður taki við stofnfé hans á þann hátt, sem mælt er fyrir um í 8. gr., svo og hluta framleiðslugjalds samkv. 9. gr.

Hér er um framtíðarmál að ræða, sem núverandi, og væntanlega tímabundið, ástand í fjármálum og efnahagsmálum landsins má ekki hafa áhrif á.

Fylgiskjal.

HAGSTOFA ÍSLANDS

Endanlegar tölur mannfjöldans 1. des. 1966.

Landið í heild og kaupstaðir.

	Karlar	Konur	Alls
Allt landið	99 546	97 387	196 933
Reykjavík	38 651	40 551	79 202
Kaupst. ÷ Rvík	27 753	27 242	54 995
Sýslur	33 142	29 594	62 736
Kópavogur	5 072	4 942	10 014
Hafnarfjörður .	4 265	4 290	8 555
Keflavík[1])	2 764	2 658	5 422
Akranes	2 076	2 086	4 162
Ísafjörður	1 411	1 308	2 719
Sauðárkrókur ..	712	704	1 416
Siglufjörður ...	1 190	1 212	2 402
Ólafsfjörður ...	542	521	1 063
Akureyri	4 864	5 079	9 943
Húsavík	987	884	1 871
Seyðisfjörður ..	465	440	905
Neskaupstaður .	807	714	1 521
Vestmannaeyjar	2 598	2 404	5 002

Sýslur og hreppar.

	Karlar	Konur	Alls
Gullbringusýsla ...	3 625	3 385	7 010
Grindavíkur	506	451	957
Hafna	109	69	178
Miðnes	515	510	1 025
Gerða	353	288	641
Njarðvíkur	789	749	1 538
Vatnsleysustrandar	213	173	386
Garða	1 017	1 042	2 059
Bessastaða	123	103	226
Kjósarsýsla	1 671	1 569	3 240
Seltjarnarnes	938	940	1 878
Mosfells	479	414	893
Kjalarnes	110	92	202
Kjósar	144	123	267
Borgarfjarðarsýsla	793	671	1 464
Hvalfjarðarstrandar	119	84	203
Skilmanna	70	54	124
Innri-Akranes	68	63	131
Leirár- og Mela ...	81	76	157
Andakíls	134	109	243
Skorradals	44	33	77
Lundarreykjadals .	65	49	114
Reykholtsdals	159	160	319
Hálsa	53	43	96
Mýrasýsla	1 079	990	2 069
Hvítársíðu	56	54	110
Þverárhlíðar	55	43	98
Norðurárdals	67	67	134
Stafholtstungna ...	137	102	239

1) Þorpið Berg í Gerðahreppi, með 68 íbúa 1. des. 1965, hefur nú verið sameinað Keflavík.

Sýslur og hreppar (framh.).

	Karlar	Konur	Alls
Borgar	90	81	171
Borgarnes	529	508	1 037
Álftanes	71	69	140
Hraun	74	66	140
Snæfellsnessýsla	2 193	1 999	4 192
Kolbeinsstaða	83	67	150
Eyja	52	43	95
Miklaholts	83	90	173
Staðarsveit	101	78	179
Breiðuvíkur	71	60	131
Nes	292	278	570
Ólafsvíkur	494	428	922
Fróðár	29	27	56
Eyrarsveit	355	320	675
Helgafellssveit	63	49	112
Stykkishólms	510	510	1 020
Skógarstrandar	60	49	109
Dalasýsla	601	553	1 154
Hörðudals	37	31	68
Miðdala	87	80	167
Haukadals	49	40	89
Laxárdals	161	158	319
Hvamms	59	54	113
Fellsstrandar	47	39	86
Klofnings	19	23	42
Skarðs	38	37	75
Saurbæjar	104	91	195
A-Barðastr.sýsla	281	212	493
Geiradals	69	40	109
Reykhóla	122	101	223
Gufudals	35	30	65
Múla	24	15	39
Flateyjar	31	26	57
V-Barðastr.sýsla	1 074	946	2 020
Barðastrandar	104	91	195
Rauðasands	83	53	136
Patreks	520	494	1 014
Tálknafjarðar	139	106	245
Ketildala	22	16	38
Suðurfjarða	206	186	329
V-Ísafjarðarsýsla	934	849	1 783
Auðkúlu	25	20	45
Þingeyrar	246	196	442
Mýra	87	99	186
Mosvalla	58	50	108
Flateyrar	283	239	522
Suðureyrar	235	245	480

Sýslur og hreppar (framh.).

	Karlar	Konur	Alls
N-Ísafjarðarsýsla	1 055	896	1 951
Hóls	515	427	942
Eyrar	208	202	410
Súðavíkur	144	125	269
Ögur	57	35	92
Reykjarfjarðar	57	58	115
Nauteyrar	45	33	78
Snæfjalla	29	16	45
Strandasýsla	774	640	1 414
Árnes	136	105	241
Kaldrananes	148	124	272
Hrófbergs	40	19	59
Hólmavíkur	197	173	370
Kirkjubóls	58	40	98
Fells	38	36	74
Óspakseyrar	35	33	68
Bæjar	122	110	232
V-Húnavatnssýsla	745	656	1 401
Staðar	81	76	157
Fremri-Torfustaða	72	51	123
Ytri-Torfustaða	121	96	217
Hvammstanga	160	154	314
Kirkjuhvamms	117	93	210
Þverár	88	80	168
Þorkelshóls	106	106	212
A-Húnavatnssýsla	1 237	1 098	2 335
Ás	81	76	157
Sveinsstaða	70	72	142
Torfalækjar	76	70	146
Blönduós	348	312	660
Svínavatns	83	73	156
Bólstaðarhlíðar	105	93	198
Engihlíðar	61	54	115
Vindhælis	54	40	94
Höfða	298	259	557
Skaga	61	49	110
Skagafjarðarsýsla	1 399	1 184	2 583
Skefilsstaða	48	44	92
Skarðs	64	50	114
Staðar	79	74	153
Seilu	132	114	246
Lýtingsstaða	202	156	358
Akra	184	187	371
Rípur	64	66	130
Viðvíkur	47	40	87
Hóla	86	74	160
Hofs	131	108	239
Hofsós	167	130	297

Sýslur og hreppar (framh.).	Karlar	Konur	Alls
Fells	35	32	67
Haganes	75	57	132
Holts	85	52	137
Eyjafjarðarsýsla	2 075	1 824	3 899
Grímseyjar	49	38	87
Svarfaðardals	185	184	369
Dalvíkur	518	480	998
Hríseyjar	144	152	296
Árskógs	186	154	340
Arnarnes	171	137	308
Skriðu	84	77	161
Öxnadals	52	37	89
Glæsibæjar	140	135	275
Hrafnagils	161	116	277
Saurbæjar	177	145	322
Öngulsstaða	208	169	377
S-Þingeyjarsýsla	1 462	1 364	2 826
Svalbarðsstrandar	124	120	244
Grýtubakka	198	172	370
Flateyjar	28	22	50
Háls	121	119	240
Ljósavatns	165	129	294
Bárðdæla	94	85	179
Skútustaða	196	207	403
Reykdæla	219	203	422
Aðaldæla	214	195	409
Reykja	52	49	101
Tjörnes	51	63	114
N-Þingeyjarsýsla	1 004	891	1 895
Keldunes	112	109	221
Öxarfjarðar	93	67	160
Fjalla	15	14	29
Presthóla	161	138	299
Raufarhafnar	247	220	467
Svalbarðs	110	79	189
Þórshafnar	218	228	446
Sauðanes	48	36	84
N-Múlasýsla	1 308	1 083	2 391
Skeggjastaða	83	69	152
Vopnafjarðar	432	379	811
Hlíðar	81	83	164
Jökuldals	112	76	188
Fljótsdals	122	103	225
Fella	101	78	179
Hróarstungu	86	66	152
Hjaltastaða	75	72	147
Borgarfjarðar	180	135	315
Loðmundarfjarðar	7	4	11
Seyðisfjarðar	29	18	47

Sýslur og hreppar (framh.).	Karlar	Konur	Alls
S-Múlasýsla	2 567	2 280	4 847
Skriðdals	75	72	147
Valla	105	102	207
Egilsstaða	282	246	528
Eiða	102	87	189
Mjóafjarðar	31	21	52
Norðfjarðar	70	54	124
Helgustaða	47	24	71
Eskifjarðar	444	432	876
Reyðarfjarðar	348	286	634
Fáskrúðsfjarðar	105	97	202
Búða	364	338	702
Stöðvar	119	101	220
Breiðdals	178	154	332
Berunes	76	58	134
Búlands	164	156	320
Geithellna	57	52	109
A-Skaftafellssýsla	772	677	1 449
Bæjar	46	53	99
Nesja	116	94	210
Hafnar	397	361	758
Mýra	62	50	112
Borgarhafnar	79	55	134
Hofs	72	64	136
V-Skaftafellssýsla	753	644	1 397
Hörgslands	113	99	212
Kirkjubæjar	128	92	220
Skaftártungu	56	50	106
Leiðvallar	48	40	88
Álftavers	38	29	67
Hvamms	280	263	543
Dyrhóla	90	71	161
Rangárvallasýsla	1 621	1 462	3 083
Austur-Eyjafjalla	148	114	262
Vestur-Eyjafjalla	158	133	291
Austur-Landeyja	91	79	170
Vestur-Landeyja	97	99	196
Fljótshlíðar	186	173	359
Hvol	204	179	383
Rangárvalla	268	220	488
Landmanna	71	62	133
Holta	155	150	305
Ása	76	91	167
Djúpár	167	162	329
Árnessýsla	4 119	3 721	7 840
Gaulverjabæjar	126	121	247
Stokkseyrar	254	246	500
Eyrarbakka	242	241	483

Sýslur og hreppar (framh.).

	Karlar	Konur	Alls
Sandvíkur	71	52	123
Selfoss	1 098	1 057	2 155
Hraungerðis	142	93	235
Villingaholts	109	102	211
Skeiða	138	119	257
Gnúpverja	203	171	374
Hrunamanna	252	203	455
Biskupstungna	270	195	465
Laugardals	128	104	232
Grímsnes	180	147	327
Þingvalla	32	22	54
Grafnings	34	28	62
Hveragerðis	375	393	768
Ölfus	444	415	859
Selvogs	21	12	33

Íbúatala þéttbýlisstaða utan kaupstaða 1. des. 1966.

(Merkið* þýðir, að íbúatala þéttbýlisstaðar og hrepps sé ein og hin sama.)

Grindavík, Grindavíkurhr.*	957
Hafnir, Hafnahr.	148
Sandgerði, Miðneshr.	871
Gerðar, Gerðahr.	641
Njarðvík, Njarðvíkurhr.*	1 538
Vogar, Vatnsleysustrandarhr.	236
Garðahreppur*[1])	2 059
Seltjarnarnes, Seltjarnarneshr.*	1 878
Lágafellshverfi, Mosfellshr.	110
Varmár- og Álafosshverfi, Mosfellshr.	268
Reykjahverfi, Mosfellshr.	228
Miðsandur, Hvalfjarðarstrandarhr.	34
Borgarnes, Borgarneshr*	1 037
Hellissandur, Neshr.	517
Rif, Neshr.	53
Ólafsvík, Ólafsvíkurhr.*	922
Grafarnes í Grundarfirði, Eyrarsveit	539
Stykkishólmur, Stykkishólmshr.*	1 020
Búðardalur, Laxárdalshr.	166
Patreksfjörður, Patrekshr.*	1 014
Tunguþorp, Tálknafjarðarhr.	180
Bíldudalur, Suðurfjarðahr.	340
Þingeyri, Þingeyrarhr.	375
Flateyri, Flateyrarhr.*	522
Suðureyri, Suðureyrarhr.	429
Bolungarvík, Hólshr.*	942
Hnífsdalur, Eyrarhr.	322
Súðavík, Súðavíkurhr.	201
Djúpavík, Árneshr.	28
Drangsnes, Kaldrananeshr.	106
Hólmavík, Hólmavíkurhr.*	370
Borðeyri, Bæjarhr.	44
Hvammstangi, Hvammstangahr.*	314
Blönduós, Blönduóshr.*	660
Skagaströnd, Höfðahr.*	557
Varmahlíð, Seiluhr.	47
Hofsós, Hofsóshr.*	297
Grímsey, Grímseyjarhr.*	87
Dalvík, Dalvíkurhr.*	998
Hrísey, Hríseyjarhr.*	296
Litli Árskógssandur, Árskógshr.	87
Hauganes, Árskógshr.	122
Hjalteyri, Arnarneshr.	112
Svalbarðseyri, Svalbarðsstr.hr.	67
Grenivík, Grýtubakkahr.	160
Flatey á Skjálfanda, Flateyjarhr.*	50
Kópasker, Presthólahr.	91
Raufarhöfn, Raufarhafnarhr.*	467
Þórshöfn, Þórshafnarhr.*	446
Höfn í Bakkafirði, Skeggjastaðahr.	64
Vopnafjörður, Vopnafjarðarhr.	458
Bakkagerði, Borgarfjarðarhr.	163
Egilsstaðir, Egilsstaðahr.*	528
Eskifjörður, Eskifjarðarhr.*	876
Búðareyri, Reyðarfjarðarhr.	542
Búðir, Búðahr.*	702
Kirkjubólsþorp, Stöðvarhr.	194
Þverhamarsþorp, Breiðdalshr.	134
Djúpivogur, Búlandshr.*	320
Höfn í Hornafirði, Hafnarhr.*	758
Kirkjubæjarklaustur, Kirkjubæjarhr.	49
Vík í Mýrdal, Hvammshr.	382
Hvolsvöllur, Hvolshr.	182
Hella, Rangárvallahr.	270
Stokkseyri, Stokkseyrarhr.	396
Eyrarbakki, Eyrarbakkahr.*	483
Selfoss, Selfosshr.*	2 155
Búrfell, Gnúpverjahr.[2])	120
Laugarvatn, Laugardalshr.	124
Írafoss og Ljósafoss, Grímsneshr.	89
Hveragerði, Hveragerðishr.*	768
Þorlákshöfn, Ölfushr.	443
Þéttbýlisstaðir alls	**33 153**

1) Dreifbýli nú orðið minna en svarar 10% af íbúatölu hreppsins, og því ekki lengur greint milli þéttbýlis og dreifbýlis í honum. Vífilsstaðir, með 66 íbúa 1. des. 1965, eru nú orðnir samfastir þéttbýlinu í Garðahreppi.

2) Nýr þéttbýlisstaður. Enginn skráður þar 1. des. 1965.

Ed. **23. Frumvarp til laga** [23. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Tryggingastofnun ríkisins annast lífeyristryggingar og slysatryggingar, en sjúkratryggingar eru í höndum sjúkrasamlaga, héraðssamlaga og Tryggingastofnunarinnar eftir því, sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Sjúkrasamlög og héraðssamlög eru undir umsjón og yfirstjórn Tryggingastofnunarinnar, en ríkisstjórnin (félagsmálaráðuneytið) hefur yfirumsjón með allri starfsemi hennar.

Hver grein tryggginganna, sbr. 1. gr., er sjálfstæð deild í Tryggingastofnuninni og hefur þar sérstakan fjárhag. Engin deildanna ber ábyrgð á skuldbindingum annarrar. Að öðru leyti er forstjóra heimilt, að fengnu samþykki tryggingaráðs og ráðherra, að skipa starfsemi stofnunarinnar í deildir eftir því, sem henta þykir.

Tryggingastofnun ríkisins hefur heimili og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Ráðherra skipar, að fengnum tillögum tryggingaráðs, forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins og að fengnum tillögum forstjóra og tryggingaráðs, skrifstofustjóra, tryggingafræðing, tryggingayfirlækni, aðalgjaldkera, deildarstjóra og tryggingalækni tryggingayfirlækni til aðstoðar.

Um ákvörðun launa fastra starfsmanna samkvæmt lögum þessum fer eftir lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

3. gr.

45. gr. orðist svo:

Hlutverk héraðssamlaga er:

a. Að tryggja samlagsmönnum sjúkrasamlaganna í umdæminu sjúkrahúsvist samkvæmt ákvæðum 1. málsgr. 49. gr.
b. Að endurgreiða sjúkrasamlögum ¾ hluta kostnaðar, samkvæmt g-lið og h-lið 4. mgr. 49. gr.
c. Að sjá um greiðslu sjúkradagpeninga eftir úrskurðum sjúkrasamlagsstjórna.
d. Að annast endurskoðun og úrskurðun á reikningum sjúkrasamlaganna, gera heildarskýrslu um rekstur þeirra og efnahag og senda Tryggingastofnuninni hvorttveggja árlega.
e. Að vera Tryggingastofnun ríkisins til aðstoðar og leiðbeiningar varðandi tryggingamál í umdæminu.

Héraðssamlag gerir sjúkrasamlögum reikning fyrir greiddum sjúkradagpeningum. Af rekstrarkostnaði sínum og sjúkrahúsvist, sem það tryggir, stendur það straum með iðgjöldum samkvæmt 3. málsgr. 54. gr., og sama gildir um greiðslur samkvæmt b-lið 1. mgr. þessarar greinar að því leyti, sem framlög skv. c-lið 2. mgr. 46. gr. hrökkva ekki til. Um reikningsskil milli sjúkrasamlaga og héraðssamlags fer eftir reglum, sem Tryggingastofnun ríkisins setur.

4. gr.

46. gr. orðist svo:

Hlutverk sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar er:

a. Að annast sjúkratryggingar samkvæmt 2. og 3. mgr. 49. gr.
b. Að veita styrk til örkumla manna eða fatlaðra, sem þarfnast gervilima, um-

búða eða annarra þess háttar tækja, svo og til lamaðra, sem þarfnast æfingarmeðferðar með viðeigandi nudd- og rafmagnsaðgerðum utan sjúkrahúsa. Reglur um greiðslu styrkjanna setur tryggingaráð.

c. Að annast málefni sjúkrasamlaga og héraðssamlaga, sbr. 2. gr.
d. Að greiða kostnað vegna yfirstjórnar Tryggingastofnunarinnar á sjúkratryggingamálum.
e. Að greiða til héraðssamlaganna, þar sem þau eru, en ella til hlutaðeigandi sjúkrasamlags, hluta sjúkrasamlaga af framlagi ríkissjóðs til sjúkratrygginganna, samkvæmt 55. gr. Héraðssamlag heldur eftir af framlaginu fyrir iðgjöldum samkvæmt 3. málsgr. 54. gr. og sjúkradagpeningum samkvæmt c-lið 1. málsgr. 45. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að sjúkratryggingadeild greiði:

a. Gjald fyrir rannsóknir, sem Tryggingastofnunin semur um við opinberar rannsóknarstofur, að þær annist fyrir sjúkrasamlögin.
b. Kostnað samkvæmt milliríkjasamningum vegna sjúkrahjálpar til erlendra ríkisborgara, sem dveljast hér um stundarsakir.
c. Framlög vegna útgjalda samkvæmt g-lið og h-lið 4. mgr. 49. gr. til héraðssamlaga og sjúkrasamlaga í kaupstöðum. Heildarfjárhæð slíkra framlaga skal ákveðin í fjárhagsáætlun sjúkratryggingadeildar. Enn fremur allt að tvöföldu framlagi ríkissjóðs til ferðastyrks sjúklinga, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis. Tryggingaráð setur reglur um úthlutun fjár samkvæmt þessum staflið.

5. gr.

47. gr. 1. málsgr. orðist svo:

Sérhverjum manni, karli eða konu, 16 ára eða eldri, er skylt að tryggja sér rétt til bóta, er sjúkratryggingin veitir, með greiðslu iðgjalda samkvæmt 54 gr. í því samlagi, er starfar þar, sem hann á lögheimili. Undanþegnir tryggingarskyldunni eru vistmenn fávitastofnana.

6. gr.

Í stað orðanna í 48. gr.: „dvöl í sjúkrahúsi eða hæli“ komi: „dvöl í fávitastofnun“.

7. gr.

49. gr. orðist svo:

Sjúkrasamlög kaupstaðanna og héraðssamlögin tryggja ókeypis vist að ráði samlagslæknis í sjúkrahúsi, sem samizt hefur við, sbr. 51. gr., eins lengi og nauðsyn krefur, ásamt læknishjálp og lyfjum, svo og annarri þjónustu, sem sjúkrahúsið veitir. Greiðsla samlags fellur þó niður, þegar sjúkrahúslega hefur orðið lengri en 12 mánuðir undanfarandi 2 ár, sbr. næstu mgr.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunarinnar tryggir samlagsmönnum sjúkrasamlaga nauðsynlega sjúkrahúsvist, sbr. 1. mgr., þann tíma, sem samlög tryggja hana ekki samkvæmt þeirri málsgrein.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunarinnar tryggir samlagsmönnum sjúkrasamlaga ókeypis vist, sem nauðsynleg er vegna ellikramar eða langvinns sjúkdóms, ásamt hjúkrun, læknishjálp, lyfjum og annarri þjónustu, sem veitt er á hælum og stofnunum, sem Tryggingastofnunin hefur samning við, að undanskildum fávitahælum, sbr. lög nr. 53/1967, og sjúkrahúsum, sbr. 1. og 2. mgr. þessarar greinar. Tryggingayfirlæknir úrskurðar um nauðsyn vistunar, samkvæmt þessari mgr.

Í samþykktum sjúkrasamlaga skal tekið fram, hverra réttinda samlagsmenn njóta. Auk þeirra réttinda, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar skal sjúkrasamlag þó ætíð veita þá hjálp, sem hér er talin.

a. Almenn læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá samlagslækni sjúklings eða öðrum lækni, ef slíkar vitjanir eru heimilaðar í samþykktum samlagsins. Fyrir hvert

viðtal á lækningastofu og hverja vitjun til sjúklings greiði samlagsmenn lækni þó gjald, er ákveða skal með reglugerð. Sjúkrasamlag hefur heimild til að ákveða, að sjúklingur greiði læknisreikninga að fullu, og endurgreiðir samlag þá sjúklingi sinn hluta. Utanhéraðssjúklingar skulu jafnan greiða lækni að fullu.

b. Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir, eftir tilvísun samlagslæknis, hjá sérfræðingum að ¾ hlutum. Sjúkrasamlagsstjórn getur takmarkað heimild samlagslækna til tilvísana samkvæmt þessum lið.
c. Lyf, sem samlagsmanni er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri, að fullu og önnur nauðsynleg lyf að ¾ eða ½, enda séu lyfin í lyfjaskrá, sem Tryggingastofnunin lætur gera og staðfest skal af heilbrigðisstjórninni. Heimilt er í skrá þessari að takmarka greiðslu ákveðinna lyfja við tiltekið hámark.
d. Röntgenmyndir og röntgenskoðun að ¾ samkvæmt gjaldskrá, er heilbrigðisstjórnin setur.
e. Sjúkradagpeninga samkvæmt 50. gr.
f. Dvöl umfram 9 daga vegna fæðingar í sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun.
g. Óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis til þeirra samlagssjúklinga, sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns, ef um lengri vegalengd en 10 km er að ræða á landi, eða nota verður skip eða flugvélar við flutninga.

Ferðakostnað þennan skal greiða að hálfu, ef læknir notar eigið farartæki, ella að ¾ hlutum.

h. Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks samlagsmanns í sjúkrahús innanlands að ¾ hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo varið, að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum að dómi samlagslæknis og sjúkrasamlagsstjórnar.

Ef farsóttir ganga, svo sem mislingar, inflúenza, skarlatssótt o. fl., fellur niður greiðsla dagpeninga vegna slíkra sjúkdóma, ef faraldurinn er yfirgripsmikill, nema tryggingaráð heimili greiðsluna hverju sinni. Sjúkrasamlög greiða ekki sjúkrakostnað, sem skylt er að greiða samkvæmt sóttvarnarlögum eða öðrum sérstökum lögum.

Í samþykktum sjúkrasamlaga er heimilt að ákveða viðtækari hjálp vegna veikinda, svo og greiðslu fyrir tannlækningar. Sjúkradagpeningar mega þó eigi hærri vera en slysadagpeningar samkvæmt 35. gr.

8. gr.

Í stað orðsins í 51. gr. 1. málsgr.: „sjúkrasamlög“ komi: „sjúkrasamlög og héraðssamlög“.

Í stað orðanna í 51. gr. 2. mgr.: „49. gr. b. og c.“, komi: „49. gr. 4. mgr. a. og b.“.

51. gr., 3. málsgr. orðist svo:

Ef ekki næst samkomulag um daggjald við opinber sjúkrahús, hæli eða aðrar stofnanir, sbr. 1. — 3. mgr. 49. gr., ákveður heilbrigðismálaráðuneytið daggjaldið í einu lagi fyrir vist og þjónustu. Á sama hátt skal heilbrigðismálaráðuneytið, ef Tryggingastofnunin óskar þess, ákveða daggjald, er opinberum aðilum sé rétt að taka af utanhéraðsmönnum, enda þótt ekki hafi verið leitað samninga um það. Sé um sjálfseignarstofnun eða einkaaðila að ræða, jafngildir það samningi, ef hlítt er úrskurði heilbrigðismálaráðuneytisins um daggjöld, er vera skulu í einu lagi fyrir vist og þjónustu, en að öðrum kosti getur Tryggingastofnunin ákveðið, að sjúklingum skuli endurgreidd tiltekin upphæð fyrir hvern legudag upp í kostnaðinn.

9. gr.

54. gr. orðist svo:

Tryggingastofnunin ákveður iðgjöld í hverju sjúkrasamlagi að fengnum tillögum sjúkrasamlagsstjórnar og umsögn stjórnar héraðssamlags þess, sem sjúkra-

samlagið er aðili að. Iðgjaldsákvörðun er háð staðfestingu ráðherra. Iðgjöld skulu ákveðin með það fyrir augum, að heildartekjur sjúkrasamlags nægi til að standa straum af iðgjaldagreiðslum til héraðssamlags samkv. 3. málsgr. þessarar greinar og öðrum skuldbindingum sjúkrasamlagsins. Stefnt skal að því, að iðgjöldin séu jafnhá, þar sem aðstaða er sambærileg.

Iðgjöld til sjúkrasamlags greiða allir þeir, sem tryggingarskyldir eru í sjúkrasamlaginu, sbr. 47. gr. Iðgjöld skulu greidd fyrir fram og gjalddagar ákveðnir í samþykktum.

Tryggingastofnunin ákveður iðgjöld sjúkrasamlaga til héraðssamlags þess, sem þau eru aðilar að. Iðgjaldasákvörðun er háð staðfestingu ráðherra. Iðgjöld skulu ákveðin með það fyrir augum, að þau nægi til að standa straum af skuldbindingum héraðssamlagsins. Iðgjald til héraðssamlags reiknast af hverjum samlagsmanni sjúkrasamlags og telst gjaldfallið, um leið og samlagsmaður hefur greitt iðgjald sitt til sjúkrasamlags.

10. gr.

55. gr. orðist svo:

Ríkissjóður greiði Tryggingastofnuninni framlag til sjúkratrygginga, er nemur 170% greiddra sjúkrasamlagsiðgjalda samlagsmanna. Framlag þetta greiðist með jöfnum greiðslum mánaðarlega.

Tryggingastofnun ríkisins heldur eftir hluta af framlagi ríkissjóðs til þess að standa undir útgjöldum sjúkratryggingadeildar samkvæmt áætlun, sem stofnunin skal gera árlega fyrir hvert almanaksár og senda öllum sjúkrasamlögum fyrir lok nóvembermánaðar. Áætlunin skal við það miðuð, að leiðrétting náist á þeim mismun, sem orðið hefur á áætlun og ársreikningi síðastliðins árs, og enn fremur skal taka tillit til nauðsynlegrar endurskoðunar á áætlun yfirstandandi árs. Auk áætlaðra útgjalda má gera ráð fyrir tillagi til varasjóðs allt að 2% af útgjöldum sjúkratryggingadeildar.

Sá hluti af framlagi ríkissjóðs, sem ekki fer til sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar, rennur til sjúkrasamlaga og skiptist milli þeirra í hlutfalli við greidd iðgjöld. Enn fremur greiðir hlutaðeigandi sveitarsjóður framlag til sjúkrasamlagsins, sem nemur 65% greiddra iðgjalda.

Framlög til samlaga samkvæmt þessari grein greiðast ársfjórðungslega eftir á og miðast í hvert sinn við innheimt iðgjöld á ársfjórðungum. Þar sem iðgjöld til sjúkrasamlaga eru greidd í einu lagi fyrir hálft eða heilt ár, greiðast þó framlögin í samræmi við það. Séu framlögin ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða vexti frá gjalddaga, er séu 1% hærri en hæstu útlánsvextir banka á hverjum tíma.

11. gr.

56. gr., 5. málsgr. orðist svo:

Ef elli-, örorku- eða ekkjulífeyrisþegi dvelst lengur en einn mánuð í fávitastofnun eða stofnun, þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann, fellur lífeyrir til hans niður. Sé dvölin ekki greidd að fullu, er heimilt að greiða lífeyri, allt að því, sem á vantar. Falli niður lífeyrir til sjúklings, sem greitt er fyrir af sjúkrasamlagi eða héraðssamlagi, skulu lífeyristryggingar greiða þessum aðilum örorkulífeyri að viðbættum 60% upp í dvalarkostnað hans. Ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 10% lágmarksbóta.

12. gr.

1. málsliður 3. málsgr. 72. gr. orðist svo:

Lífeyristryggingarnar greiða sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra sem rétt eiga til bóta samkvæmt 10. gr. og annað hvort uppfylla skilyrði 1. málsgr. 13. gr. eða eru orðnir 67 ára að aldri

13. gr.

78. gr. orðist svo:

Mynda skal varasjóð sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar af vörzlufé vegna sjúkraflutninga og læknisvitjana, sjúkrabóta og heilsugæzlu. Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstólnum ásamt tillagi samkvæmt 55. gr.

Heimilt er að veita lán eða styrk úr varasjóði sjúkratryggingadeildar til sjúkrasamlaga og héraðssamlaga, sem verða fyrir óeðlilega miklum sjúkrakostnaði. Reglur um slíkar fyrirgreiðslur skulu settar af tryggingaráði og staðfestar af ráðherra.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1968. Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 78 23. júlí 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, og lög nr. 99 22. des. 1965, um breyting á þeim lögum, lög nr. 98 22. des. 1965 og lög nr. 94 20. des. 1966, hvorttveggja um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeim sjúklingum, sem úrskurðaðir hafa verið styrkhæfir samkvæmt lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla og njóta styrks vegna dvalar í sjúkrahúsi eða hæli hinn 31. desember 1967, skal tryggð sjúkrahúss- eða hælisvist af sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunarinnar frá 1. janúar 1968 án tillits til, um hve langa vist hefur verið að ræða.

Lífeyristryggingarnar greiða, án sérstaks úrskurðar um örorku til langframa, sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra, sem tryggð er sjúkrahúss- eða hælisvist samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar.

Frá því að dvöl samkvæmt 1. málsgr. lýkur eða hún telst ekki lengur nauðsynleg, fer um tryggingu sjúkrahúss- og hælisvistar og greiðslu sjúkrasamlagsiðgjalda eftir almennum ákvæðum laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 17. marz 1966, skipaði félagsmálaráðherra nefnd til þess að athuga og gera tillögur um nauðsynlegar lagabreytingar, aðallega á gildandi lögum um almannatryggingar, vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um afnám ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Í nefndina voru skipaðir þessir menn:

Gunnar J. Möller, framkvæmdastjóri Sjúkrasamlags Reykjavíkur, Hjálmar Vilhjálmsson, ráðuneytisstjóri, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Páll Sigurðsson, tryggingayfirlæknir, séra Sigurður S. Haukdal, oddviti og Sverrir Þorbjörnsson, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins.

Guðjón Hansen, tryggingafræðingur, hefur aðstoðað nefndina við samning þessa frumvarps.

Í athugasemdum við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 78 7. maí 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, sem staðfest var sem lög á Alþingi 1965 segir m. a. svo, að ríkisstjórnin hafi ákveðið að vinna að því, að ríkisframfærslan verði lögð niður, a. m. k. í því formi, sem hún er nú og fela Tryggingastofnun ríkisins að hefja undirbúning að því, að sjúkratryggingar og lífeyristryggingar geti tekið við hlutverki ríkisframfærslunnar.

Á sínum tíma var ríkisframfærslan sett á fót til þess fyrst og fremst að vinna bug á berklaveikinni. Síðar var verksviðið stækkað vegna þess, að sjúkratryggingar voru annaðhvort engar eða alveg ófullnægjandi. Í III. kafla laga nr. 26 frá 1936 um alþýðutryggingar var gert ráð fyrir sjúkratryggingum. Þá var lögákveðið að sjúkrasamlag skyldi vera í hverjum kaupstað. Í hreppunum átti að stofna sjúkrasamlög, ef meiri hluti þeirra, sem kosningarétt höfðu í málefnum hreppanna óskaði þess.

Það er fyrst með lögum nr. 122 28. des. 1950, að sjúkrasamlög voru lögboðin um land allt. Samkvæmt þeim lögum skyldu allir samlagsmenn njóta réttinda frá 1. okt 1951, enda þótt samlagsstofnun hafi eigi verið ákveðin með atkvæðagreiðslu þegar lögin öðluðust gildi. Má því segja að sett hafi verið á fót sjúkratryggingakerfi, sem tók til landsins alls. Við þessa breytingu varð þó engin breyting á ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla önnur en sú, að kostnaður vegna sjúkrahúsvistar fyrstu fimm vikurnar, sem sjúkrasamlögin tryggðu, var ekki greiddur af ríkisframfærslunni. Þegar þess er gætt, að þjóðfélagsleg aðstoð var lögfest almennt til þeirra sjúklinga, sem lágu á sjúkrahúsum, annaðhvort af sjúkrasamlögum eða ríkisframfærslu, má það sýnast undarlegt, að skipta sjúkrahúskostnaði á milli tveggja stofnana, annars vegar sjúkratrygginga á vegum almannatrygginganna, hins vegar ríkisframfærslu sem sérstakri deild í ráðuneyti. Með hliðsjón af þróun læknisfræðinnar undanfarna áratugi verður sú tilhögun að skipta sjúklingum á milli tveggja kerfa eftir tegundum sjúkdóma, einnig að teljast úrelt orðin. Smæð flestra sjúkrasamlaga í landinu hefur hindrað það, að, hér kæmist á fót heilsteypt kerfi sjúkratrygginga. Með því að fela héraðssamlögum og sjúkrasamlögum kaupstaða, tryggingu sjúkrahúsvista í allt að 12 mánuðum á tveim árum, er þessari hindrun að verulegu leyti rutt úr vegi. Með þessum hætti er dreifing áhættunnar vegna sjúkrahúsvista aukin svo, að ætla verður nægilegt í flestum tilvikum. Þó þykir ekki varlegt að láta hér við sitja, þar eð nokkur héraðssamlög og sum sjúkrasamlög kaupstaða eru svo fámenn, að byrðar vegna þeirra sjúkrahúsvista, sem frumvarpið gerir ráð fyrir að þau beri, geta auðveldlega reynzt þeim um megn. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að sjúkratryggingadeild veiti aðstoð þeim sjúkrasamlögum og héraðssamlögum, sem verða fyrir óeðlilega miklum sjúkrakostnaði.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla verði lögð niður, sbr. þó lög nr. 53 22. apríl 1967, um fávitastofnanir. Hlutverk það, sem ríkisframfærslan hefur nú, verði fengið í hendur héraðssamlögum, sjúkrasamlögum og sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins.

Skal nú gerð nokkru nánari grein fyrir þessum breytingum.

Kostnaður við sjúkrahúss- og hælisvistir er nú tryggður af þremur aðilum.

1. Sé um að ræða ellikröm eða alvarlega, langvinna sjúkdóma, tryggir ríkisframfærslan kostnaðinn, þó að undanskilinni sjúkrahúsvist fyrstu 5 vikurnar, sem kostaðar eru aðallega af sjúkrasamlögum, en að litlum hluta af héraðssamlögum þar sem þau eru, eða að jafnaði síðustu 5 dagana af þessum 5 vikum.

2. Vegna annarra sjúkdóma en þeirra, sem um ræðir í 1. tölulið, tryggja sjúkrasamlög kaupstaðanna kostnaðinn, og sjúkrasamlög, sem eru í héraðssamlögum, greiða þennan kostnað einnig en þó aðeins í 30 daga vegna hvers samlagsmanns á hverjum 12 mánuðum.

3. Héraðssamlög tryggja kostnað vegna sjúkrahúsvista, sem vara lengur en 30 daga fyrir hvern samlagsmann á hverjum 12 mánuðum, þó að sjálfsögðu ekki kostnað, sem ríkisframfærslan tryggir, sbr. 1. tölulið.

Breyting sú, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er í stuttu máli sú

að súkrasamlög og héraðssamlög, þar sem þau eru, tryggja samlagsmönnum sjúkrahúsvist, sem hefur varað allt að 12 mánuðum undanfarin tvö ár

að sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins tryggir samlagsmönnum sjúkrasamlaganna vist á sjúkrahúsum, þegar skyldutryggingu sjúkrasamlaga og héraðssamlaga lýkur hverju sinni, svo og vist á hælum og stofnunum, öðrum en sjúkrahúsum, sem nauðsynleg er talin vegna ellikramar eða langvinns sjúkdóms.

Af þessu leiðir, að sjúkrasamlög, sem eru í héraðssamlögum tryggja ekki sjúkrahúsvistir, heldur verða þær tryggðar hjá héraðssamlögunum og sjúkratryggingadeild samkvæmt framansögðu. Í öðru lagi verður sú breyting á sjúkratryggingadeild stofnunarinnar, að hún hefur til þessa aðeins haft umsjón og yfirstjórn

sjúkratryggingarnna, en tekst nú á hendur tryggingu vistar á stofnunum, sem sjúkrasamlög taka ekki til svo sem áður er lýst.

Með ákvæðum frumvarpsins um hluttöku ríkissjóðs, sveitarfélaga og hinna tryggðu í byrðum vegna sjúkratryggingarnna er að því stefnt, að þær haggist sem minnst frá því, sem verið hefur, svo sem nánari grein er gerð fyrir hér á eftir í athugasemdum við þær greinar, sem um þetta efni fjalla.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Vegna þeirra breytinga, sem frumvarpið hefur í för með sér, þar sem allar sjúkratryggingar eru lagðar undir samlögin og stofnunina er í 1. mgr. ákvæði í samræmi við það.

Í 2. mgr. er bætt almennri heimild til að skipa starfsemi stofnunarinnar í deildir eftir því sem henta þykir.

Um 2. gr.

Segja má, að sú ein breyting felist í þessari grein, sem leiðir af ákvæði 1. gr. um deildarskiptingu. Þó er vert að vekja athygli á því, að nú er tryggingayfirlæknir sjálfkrafa deildarstjóri sjúkratryggingadeildar, en samkvæmt þessari grein má gera ráð fyrir, að skipaður verði annar maður sem deildarstjóri sjúkratryggingadeildar.

Um 3. gr.

Greinin gerir ráð fyrir aukningu á verksviði héraðssamlaga, þar eð þau greiða samkvæmt henni allan kostnað vegna sjúkrahúsvista nema langlegusjúklinga, þ. e., þeirra, sem hafa haft lengri sjúkrahúslegu en 12 mánuði undanfarandi tvö ár.

Í seinni málsgreininni er gert ráð fyrir iðgjaldagreiðslum til héraðssamlaga, sbr. athugasemdir við 9. gr. Með þessum hætti verða héraðssamlögin sjálfstæðar tryggingaeiningar, en hafa hingað til verið nánast tæki til jöfnunar kostnaðar án þess þó að hafa sjálfstæðan efnahag.

Um 4. gr.

Í staflið a í fyrri mgr. þessarar greinar er fólgin aðalbreyting þessa frumvarps. Sjúkratryggingadeildin hefur til þessa aðeins haft með höndum umsjón og yfirstjórn sjúkratryggingarnna, en annars ekki rekið sjálfstæða tryggingastarfsemi. Hér er hins vegar lagt til, að deild þessi tryggi greiðslu sjúkrahúskostnaðar vegna sjúklinga, sem hafa legið lengur en 12 mánuði á undanfarandi tveimur árum svo og greiðslu kostnaðar við vistun sjúklinga með ellikröm og langvinna sjúkdóma á stofnunum, öðrum en sjúkrahúsum. Undanskildir eru þó fávitar, sbr. lög nr. 53/1967. Til þess að standast kostnað af þessari tryggingu, heldur stofnunin eftir hluta af framlagi ríkissjóðs, sem rennur til sjúkratryggingadeildar, sbr. 10. gr.

Kostnaður vegna yfirstjórnar Tryggingastofnunarinnar er nú greiddur af lífeyrisdeild, sjá a-lið 78. gr. almannatryggingalaga. Þegar verksvið sjúkratryggingadeildar er aukið eins og ráð er fyrir gert í þessu frumvarpi, sýnist eðlilegt, að kostnaður vegna starfsemi hennar verði borinn af deildinni sjálfri í samræmi við það sem gildir um lífeyris- og slysatryggingadeild, sbr. d-lið 1. mgr.

Ákvæðin í e-lið 1. mgr. eru hliðstæð gildandi ákvæðum, sjá 46. gr. sbr. 2. mgr. 45. gr. laganna. Breyting er þó sú, sem leiðir af því, að héraðssamlögin verða hér eftir sjálfstæðar tryggingastofnanir, sbr. framansagt.

Ákvæði a- og b-liðs 2. mgr. eru samhljóða b- og c-liðum 78. gr. og c-liður 2. mgr. og b-liður 1. mgr. eru efnislega samhljóða d- og e-liðum 78. gr., sbr. lög nr. 98/1965, 3. gr.

Um 5. gr.

Þar eð frumvarpið gerir ráð fyrir afnámi ríkisframfærslunnar, sbr. þó lög nr. 53/1967, um fávitastofnanir, fellur niður undanþága fyrir þá, sem nú eru undanþegnir og ríkisframfærslan annast. Í þessu sambandi vísast til 12. gr.

Samkvæmt grein þessari teljast vistir vangefinna á dagheimilum ekki með vistum á fávitastofnunum.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Í 1.—3. mgr. þessarar greinar eru ákvæði um það hvernig kostnaði vegna sjúkrahús- og hælisvista verði skipt á milli héraðssamlaga og sjúkrasamlaga kaupstaðanna annars vegar og sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar hins vegar.

Í 1. mgr. eru ákvæði um skyldur héraðssamlaga og kaupstaðasamlaga til þess að tryggja sjúkrahúsvistir. Slíkar vistir ber þessum samlögum að tryggja að svo miklu leyti sem sjúkrahúsvist hefur ekki farið fram úr 12 mánuðum á undanfarandi tveimur árum.

Þegar samlögin hafa fullnægt skyldu sinni samkvæmt 1. mgr. tekur sjúkratryggingadeild stofnunarinnar við og tryggir áframhaldandi nauðsynlega sjúkrahúsvist þangað til samlögum verður á ný skylt að taka við tryggingunni skv. 1. mgr.

Samlögin tryggja ekki vist á hælum eða stofnunum, sem ekki hafa fengið viðurkenningu sem sjúkrahús. Slíkan kostnað tryggir sjúkratryggingadeild hins vegar vegna ellikramar og langvinnra sjúkdóma, samkvæmt 3. mgr.

Ákvæði laga nr. 94/1966, um ákvörðun gjalds fyrir viðtal og vitjun er fellt inn í a-lið 4. mgr. í stað 10 og 25 króna gjaldanna, sem nú eru úr lögum numin. Á sama hátt hefur 2. gr. laga nr. 98/1965, verið felld inn í 4. mgr. þessarar greinar, sbr. g- og h-lið.

Um 8. gr.

Þegar héraðssamlög takast á hendur greiðslu sjúkrakostnaðar samkvæmt samningi við sjúkrahús o. fl. er sjálfsagt að þeir samningar séu háðir staðfestingu Tryggingastofnunarinnar eins og slíkir samningar sjúkrasamlaga.

Um 9. gr.

Fyrsta málsgrein er samhljóða 1. og 3. mgr. 54. gr. núgildandi laga, að öðru leyti en því, að nú er gert ráð fyrir iðgjaldagreiðslum til héraðssamlaga, sem sjúkrasamlögin eiga að standa skil á. Verður því að taka tillit til þessa útgjaldaliðs þegar iðgjöld til sjúkrasamlaga eru ákveðin, eins og gert er ráð fyrir í málsgrein þessari.

Önnur mgr. er samhljóða 2. mgr. 54. gr. núgildandi laga.

Í 3. mgr. eru nýmæli. Þar segir hversu skuli ákveða iðgjöld þau, sem sjúkrasamlög verða að greiða til héraðssamlaga. Ákvæði þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Hér eru ákvæði um hluttöku ríkissjóðs, sjá 1. mgr. og sveitarfélaga, sjá 3. mgr., í sjúkratryggingunum. Hlutföll þessi eru ákveðin með það fyrir augum, að byrðarnar verði sem líkastar því, sem verið hefur á meðan ríkisframfærslan starfaði sem sjálfstæð stofnun.

Í 2. mgr. eru ákvæði um fjárhagsgrundvöll sjúkratryggingadeildar. Þessi grundvöllur er sama eðlis og grundvöllur sá, sem lífeyrisdeildin hvílir á og lögfestur var 1956. Grundvöllurinn byggist á fyrirframgerðri áætlun, sem síðan verður

leiðrétt að fenginni reynslu ár hvert. Með sama hætti er hér gert ráð fyrir varasjóðsmyndun eftir sömu reglum og hjá lífeyrisdeild. Um þetta vísast til 24. gr. laganna.

Í 3. mgr. eru ákvæði um tekjur sjúkrasamlaganna. Eins og nú er rennur hluti af framlagi ríkissjóðs til þeirra í réttu hlutfalli við greidd iðgjöld. Rétt er að vekja athygli á því, að hér er gert ráð fyrir, að iðgjöld til héraðssamlaga séu innifalin í framlagi ríkissjóðs til sjúkrasamlaganna. Þetta þýðir, að allt framlagið kemur til tekna á reikningum sjúkrasamlaga og iðgjöld til héraðssamlaganna til gjalda. Um hluttöku sveitarfélaga í sjúkratryggingunum gildir hið sama og áður var sagt um hluttöku ríkissjóðs. Hluttakan er við það miðuð að byrðar sveitarfélaganna raskist sem minnst frá því, sem nú er.

Í 4. mgr. eru ákvæði efnislega samhljóða ákvæðum 3. og 4. málsliðar 1. mgr. og 2. mgr. 55. gr. laganna.

Í töflu 1 eru sýndar heildargreiðslur vegna vistunar ríkisframfærslusjúklinga, annarra en fávita, árin 1962 — 1966. Til ársloka 1965 voru auk þess veittir styrkir frá ríkisframfærslukerfinu til kaupa gervilima o. fl., en lífeyristryggingar almannatrygginga tóku við þeirri starfsemi 1. janúar 1966. Í töflunni er ekki sýndur skrifstofukostnaður ríkisframfærslunnar.

Iðgjöld til sjúkrasamlaga 1962—1966 (tölur 1965 og 1966 eru áætlaðar) og útgjöld ríkissjóðs og sveitarfélaga vegna vistunar ríkisframfærslusjúklinga annarra en fávita, sem hundraðshlutar af iðgjöldum hafa verið sem hér segir:

Ár	Iðgjöld Þús. kr.	Útgjöld ríkissj. %	Útgjöld sveitarsj. %
1962	60 618	52.2	15.3
1963	72 127	51.0	14.7
1964	96 500	56.8	16.5
1965	121 000	53.9	15.4
1966	146 000	55.9	16.1

Í töflu 2 er sýnt hver niðurstaða verður, ef hluta Tryggingastofnunarinnar í útgjöldum er skipt niður á þá aðila, sem bera útgjöld lífeyristrygginga.

Erfitt verður í fyrstu að áætla, hvernig útgjöld vegna vistunar sjúklinga í sjúkrahúsum og hælum muni skiptast milli sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar annars vegar og sjúkra- og héraðssamlaga hins vegar. Hefðu ákvæði frumvarpsins gilt árin 1965 og 1966 og sé enn fremur gert ráð fyrir sömu skiptingu og þá var milli ríkisframfærslu og sjúkratrygginga, má áætla, að sjúkratryggingadeild hefði þurft til sinnar starfsemi sem næst 84% af iðgjöldum 1965 eða 101.6 m.kr. og 87% af iðgjöldum 1966 eða 127.0 m.kr. Tekjur sjúkrasamlaga hefðu þá orðið (reiknað í % af iðgjöldum).

	1965	1966
Iðgjöld	100	100
Framlag ríkissjóðs	86	83
Framlag sveitarsjóða	65	65
Lífeyrir iðgjöld og framlög vegna ríkisframfærslufólks (áætl.)	8	8
	259	256

Eftir núgildandi lögum nema tekjur sjúkrasamlaga 260% af iðgjöldum. Eftirtektarvert er að röskun á hlutfallinu milli ríkisframfærsluútgjaldanna og iðgjaldatekna sjúkrasamlaga hefur hlutfallslega lítil áhrif á fjárhag samlaganna (hækkun ríkisframfærsluútgjalda úr 84 í 87, þ. e. 3.6% veldur tekjurýrnun úr 259 í 256, þ. e. 1.2%).

Verkaskiptingin milli Tryggingastofnunarinnar og sjúkra- og héraðssamlaga hefur samkvæmt frumvarpinu áhrif á ríkisframlagið til sjúkrasamlaga, en slíkt hefur ekki fjárhagsleg áhrif fyrir samlögin í heild, þar eð verkefnin breytast að sama skapi.

Hækkun sú, sem orðið hefði árin 1965 og 1966 á framlögum ríkissjóðs (60% af iðgjöldum) og framlögum sveitarsjóða (15% af iðgjöldum) er þessi:

	1965 þús. kr.	1966 þús. kr.
Ríkissjóður	72 600	87 600
Sveitarsjóðir	18 150	21 900

Samkvæmt þessu hefði framlag ríkissjóðs orðið nokkru hærra en samkvæmt töflu 1, og er það talið rétt með tilliti til þess, að ýmis útgjöld, sem samkvæmt frumvarpinu eru lögð á sjúkratryggingarnar, svo sem skrifstofukostnaður og styrkir til gervilima o. fl., hafa áður verið að miklu leyti borin af ríkissjóði.

Gera má ráð fyrir, að samþykkt frumvarpsins muni hafa mjög lítil fjárhagsleg áhrif á lífeyristryggingar almannatrygginganna, en sennilega veldur hún þó lítils háttar lækkun útgjalda þeirra.

Um 11. gr.

Orðalagsbreytingar, sem eru í 1. málslið málsgreinarinnar eru í samræmi við áðurnefndar breytingar og þarfnast ekki frekari skýringa. Í þriðja málslið er nýmæli, sem gerir ráð fyrir áframhaldandi greiðslum, sem renna til sjúkrasamlaga eða héraðssamlaga frá lífeyrisdeild, sem nemur örorkulífeyri að viðbættum 60% upp í dvalarkostnað bótaþega, ef lífeyrir til bótaþega fellur niður samkvæmt 1. málslið greinarinnar. Í raun og veru þýðir þetta aukin útgjöld hjá lífeyrisdeild, sem ella féllu á sjúkratryggingarnar. Ákvæðið sýnist vera eðlilegt, þar eð hér er um bótaþega að ræða, sem lífeyrisdeild greiðir bætur samkvæmt almennum reglum, og jafnframt dregur það úr áhættu sjúkra- og héraðssamlaga vegna langlegusjúklinga.

Um 12. gr.

Samkvæmt 1. málslið 3. mgr. 72. gr. er það skilyrði fyrir því að lífeyrisdeild greiði iðgjöld öryrkja, að þeir njóti örorkulífeyris. Lagt er til að þessu verði breytt þannig, að nægilegt sé, að öryrkjar uppfylli skilyrði til þess að eiga rétt til örorkulífeyris samkvæmt 1. mgr. 13. gr. þó að þeir njóti ekki lífeyris. Að sjálfsögðu mundu þeir, sem lífeyrisdeild greiðir fyrir til samlaga, skv. 11. gr. eiga rétt til þess, að lífeyrisdeild greiddi iðgjöld þeirra samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Um 13. gr.

Vörzlufé það, sem hér um ræðir, nam í árslok 1966 um 17 milljónum kr. Virðist mega telja fjárhag sjúkratryggingadeildar sæmilega borgið með slíkum varasjóði, sem væntanlega verður aukinn með tillagi samkvæmt 10. gr. frumvarpsins.

Þrátt fyrir þá auknu dreifingu áhættunnar, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir með ákvæðunum um það, að héraðssamlög greiði sjúkrahúskostnað, eru sum héraðssamlög, og raunar kaupstaðasamlög líka, svo fámenn, að nauðsynlegt er að gera ráð fyrir styrk til þessara samlaga, ef sjúkrakostnaður reynist þeim um megn. En í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir, að veita megi lán til samlaga úr varasjóði, þar eð þörf getur skapazt fyrir tímabundnar fyrirgreiðslur, án þess að grundvöllur sé fyrir styrkveitingu.

Tafla I.

Heildargreiðslur vegna vistunar ríkisframfærslusjúklinga, annarra en fávita, 1962—1966.

1. Hluti ríkissjóðs:

	1962 kr.	1963 kr.	1964 kr.	1965 kr.	1966 kr.
a. Berklasjúklingar ...	4 194 844	4 655 178	6 304 887	6 088 539	6 662 376
b. Ellikramarsjúkl.	6 134 899	7 572 151	13 650 812	15 992 634	23 071 789
c. Geðveiki- og áfengissjúklingar ..	16 003 282	18 401 063	26 915 890	31 709 009	37 183 835
d. Langv. sjúkdómar ..	5 324 610	6 121 581	7 949 346	11 381 838	14 747 210
Samtals	31 657 635	36 749 973	54 820 935	65 172 020	81 665 210
2. Áætlaður hluti Tryggst. ríkisins (ellilífeyrir) ..	5 379 746	5 726 380	8 743 836	9 457 631	12 342 080
3. Hluti sveitarfélaga	9 259 345	10 619 088	15 891 193	18 657 413	23 501 823
Samtals	46 296 726	53 095 441	79 455 964	93 287 064	117 509 113

Tafla II.

Heildargreiðslur vegna vistunar ríkisframfærslusjúklinga, annarra en fávita, 1962—1966.

(Ellilífeyri almannatrygginga skipt á greiðsluaðila).

A. Beinar tölur:

	1962 þús. kr.	1963 þús. kr.	1964 þús. kr.	1965 þús. kr.	1966 þús. kr.
Ríkissjóður	33 595	38 811	57 969	68 577	86 108
Hinir tryggðu	1 722	1 832	2 798	3 027	3 949
Sveitarsjóðir	10 227	11 650	17 465	20 359	25 724
Atvinnurekendur	753	802	1 224	1 324	1 728
Samtals	46 297	53 095	79 456	93 287	117 509

B. Reiknaðar í hlutfalli við iðgjöld sjúkrasamlaga:

	1962 %	1963 %	1964 %	1965 %	1966 %
Ríkissjóður	55.4	53.8	60.1	56.7	59.0
Hinir tryggðu	2.8	2.5	2.9	2.5	2.7
Sveitarsjóðir	16.9	16.2	18.1	16.8	17.6
Atvinnurekendur	1.2	1.1	1.3	1.1	1.2
Samtals	76.3	73.6	82.4	77.1	80.0

Sþ. 24. Tillaga til þingsályktunar [24. mál]

um listasöfn og listsýningar utan Reykjavíkur.

Flm.: Ingvar Gíslason, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til þess að gera tillögur um stofnun og starfrækslu opinberra listasafna utan Reykjavíkur. Jafnframt skal nefndin gera tillögur um það í samráði við samtök myndlistarmanna, hvernig helzt mætti stuðla að því, að haldnar verði fleiri myndlistarsýningar (samsýningar og sérsýningar) utan höfuðborgarinnar. — Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur áður verið flutt, en ekki hlotið afgreiðslu. Fylgdi henni svo hljóðandi greinargerð:

Landsbyggðin utan Reykjavíkur er ærið fátæk að listasöfnum og undantekning, ef myndlistarmenn þjóðarinnar sýna verk sín opinberlega annars staðar en í Reykjavík. Jafnvel á Akureyri eru myndlistarsýningar fágætir viðburðir. Slíkt ástand er engan veginn heillavænlegt. Hversu háskalegt sem það er landsbyggðinni að dragast aftur úr í atvinnulegum efnum — og um það er enginn ágreiningur — þá felst einnig dulin, ef ekki augljós hætta, þegar menningarskilyrði eru að verulegum mun lakari á einum stað en öðrum. Félags- og menningarlegur ójöfnuður meðal þjóðarinnar, hvort heldur er milli einstakra stétta eða landshluta, hefur hættu í för með sér, sem gefa þarf nánar gætur og hindra sem framast má verða.

Telja má með réttu, að löngum hafi menningarlegur jöfnuður verið aðal íslenzku þjóðarinnar. Lista- og bókmenntaáhugi var sameign allra manna, hvort sem þeir voru efnaðir eða örsnauðir. Menningarskilyrði voru almennt lík í landshlutunum. Því er vart að heilsa nú á tímum. Ójöfn menningarskilyrði eru næsta áberandi í landinu. Þær tvær listgreinar t. d., sem gróskumestar hafa verið síðustu áratugi, myndlist og tónlist, eru mjög einskorðaðar við Reykjavík. Á það þó alveg sérstaklega við um myndlistina. Listsýningar, hver annarri betri, eru tíðum haldnar í höfuðborginni. Líður varla sú vika, að ekki sé eitthvað að gerast í Listamannaskálanum eða Bogasal Þjóðminjasafnsins. Menntaskólanemar í Reykjavík hafa komið upp tveimur ógleymanlegum myndlistarsýningum í vetur í húsakynnum skólans. Útlend list er einnig sýnd við og við í höfuðborginni. Með þessu er þó alls ekki sagt, að ekkert standi til bóta í listmálum höfuðborgarinnar. Listamannaskálinn er t. d. gjörónýtt hús og með öllu ósamboðinn sem listsýningarstaður. Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd, að Reykjavík ein nýtur nær alls þess, sem gerist í myndlist á Íslandi. Þessi mál eru almennt í algerri vanrækslu úti um landið. Úr þeim þarf að bæta með sérstöku og skipulegu átaki í anda þeirrar tillögu, sem hér er flutt. Þjóðfélaginu ber að búa svo um hnútana, að öllum landsmönnum sé tryggð sem jöfnust aðstaða til að kynnast því, sem gerist og gerzt hefur í listum hér á landi. Með þeim hætti má skapa frjálsa list fyrir fólkið, gera listina að almenningseign. Eitthvað er bogið við það þjóðfélag, sem stefnir til menningarlegs ójafnaðar. Slík þróun er þeim mun ógeðfelldari hér á landi sem vitað er, að íslenzka þjóðin hefur ávallt verið listelsk og listnjótendur óháðir þjóðfélagsstöðu og búsetu. Enda er mikill áhugi á listum í sveitum og kaupstöðum víðs vegar um landið. Þann áhug má glæða og veita fullnægju með skynsamlegri listkynningu og stofnun listasafna svo víða sem kostur er. Þeir tiltölulega fáu listamenn, sem sýnt hafa verk sín úti um land, hafa orðið aufúsugestir.

Stofnun listasafna utan Reykjavíkur þarf að undirbúa svo vel, að við verði unað um langa framtíð. Fjárhags- og skipulagsgrundvöllur verður að vera traustur og veita svigrúm til eðlilegrar framþróunar. Þótt listasöfn séu stofnuð í kaupstað,

sýslu eða stærri landshluta, þá ber þeim eigi að síður að vera á „landsmælikvarða", þau eiga aðeins að sækjast eftir hinu bezta í listum. En æskilegt er og raunar sjálfsagt, að þau sinni einnig sérstaklega þeirri listsköpun, sem kann að eiga sér stað innan hvers safnhverfis. Mundi þá væntanlega koma í ljós betur en ella, hvers virði slík list er í raun og veru. En umfram allt ættu almenn listasöfn að gefa sem sannasta mynd af listmenningunni á hverjum tíma.

Annað aðalatriði þessarar tillögu er, að ráð verði fundin til þess að fjölga myndlistarsýningum utan höfuðborgarinnar. Ef til vill er fjölgun listsýninga nauðsynlegur undanfari stærri aðgerða í listmálum landsbyggðarinnar. Virðist það og tiltölulega auðleyst verkefni. Víða eru sæmilegar aðstæður til myndlistarsýninga, og ef þær væru nýttar sem kostur er, mætti stórlega fjölga listsýningum úti um land án teljandi viðbúnaðar eða kostnaðar.

Sþ. 25. Fyrirspurnir. [25. mál]

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

I. Til sjávarútvegsmálaráðherra um verndun hrygningarsvæða við strendur landsins.

Hvað líður framkvæmd á þingályktun, sem samþykkt var á Alþingi 11. apríl 1962, um verndun hrygningarsvæða við strendur landsins?

II. Til ríkisstjórnarinnar um dreifingu sjónvarps.

Frá Ingvari Gíslasyni og Stefáni Valgeirssyni.

1. Hvað líður dreifingu sjónvarps til Akureyrar- og Eyjafjarðarsvæðis?
2. Hvenær er ráðgert, að sjónvarpið nái til allra landshluta?

Sþ. 26. Tillaga til þingsályktunar [26. mál]

um endurskoðun á lögum um friðun Þingvalla.

Flm.: Magnús Kjartansson, Gils Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela náttúruverndarráði og þjóðminjaverði að endurskoða lög nr. 59 frá 7. maí 1928, um friðun Þingvalla, og semja frumvarp um breytingar á þeim lögum. Tilgangur endurskoðunarinnar skal vera sá að tryggja, að náttúruverndarsjónarmið móti allar framkvæmdir á Þingvöllum, m. a. skulu sett ákvæði, sem mæla svo fyrir, að sumarbústaðir einstaklinga skuli fjarlægðir af því svæði, sem lögin ná til, innan ákveðins tíma og samkvæmt tilteknum reglum. Á meðan endurskoðun laganna fer fram, felur Alþingi Þingvallanefnd að banna byggingarframkvæmdir og jarðrask á vegum einstaklinga á öllu því landi, sem talið er upp í 2. og 3. grein laga um friðun Þingvalla.

Greinargerð.

Lögin um friðun Þingvalla hafa nú verið í gildi í nær fjóra áratugi og tímabært að endurskoða þau í ljósi fenginnar reynslu. Á þeim tíma hafa samgöngur

breytzt þannig, að segja má, að Þingvellir séu nú við bæjardyr Reykvíkinga, enda aukast mannaferðir um hið friðlýsta svæði ár frá ári. Nauðsynlegt er að setja fastari reglur en þær, sem nú eru í gildi, bæði til þess að tryggja almenningi sem bezt not af hinum friðlýsta helgistað og vernda náttúru og sögustaði fyrir spjöllum.

Í lögum þeim, sem nú gilda, er Þingvallasvæðinu skipt í tvennt, annars vegar hið friðhelga land, eins og það er afmarkað í 2. gr. laganna, og hins vegar næsta nágrenni þess. Ástæðan til þessarar skiptingar var sú, að ríkið hafði ekki tryggt sér eignarrétt á landinu öllu, en tilgangur löggjafans var auðsjáanlega sá, að hið friðhelga land yrði smátt og smátt stækkað með kaupum á jörðum eða eignarnámi. Er nú orðið tímabært, að endanlega verði gengið frá mörkum hins friðhelga lands og sömu reglur látnar gilda á svæðinu öllu.

Sú ósvinna hefur viðgengizt allt fram á þetta ár, að einstaklingar hafa fengið að reisa sumarbústaði á Þingvallasvæðinu, en sú tilhögun brýtur gersamlega í bága við nútímahugmyndir um þjóðgarða og þau fyrirmæli laganna, að Þingvellir við Öxará og grenndin þar skuli vera „friðlýstur helgistaður allra Íslendinga. . . Hið friðlýsta land skal vera undir vernd Alþingis og ævinleg eign íslenzku þjóðarinnar. Það má aldrei selja eða veðsetja.“ Því er hér lagt til, að í hinum endurskoðuðu lögum verði ákvæði, sem mæli fyrir um, að þessir einkabústaðir skuli fjarlægðir innan ákveðins tíma og samkvæmt tilteknum reglum. Jafnframt er lagt til, að þegar í stað verði bannaðar framkvæmdir við þá sumarbústaði, sem nú síðast hafa verið leyfðir í landi Gjábakka.

Hugmyndir um náttúruvernd hafa skýrzt mikið á undanförnum árum og nauðsyn náttúruverndar aukizt. Alþingi Íslendinga hefur sýnt skilning sinn á því viðfangsefni með lögum um náttúruvernd, sem samþykkt voru 1956. Hér er lagt til, að náttúruverndarráð vinni að endurskoðun laga um friðun Þingvalla, til þess að tryggt sé fullt samhengi í fyrirmælum um náttúruvernd. Jafnframt er lagt til, að þjóðminjavörður vinni að endurskoðun laganna til þess að tryggja sem bezt verndun sögustaða og fornminja. Alþingi mun svo að lokum fjalla um tillögur þessara aðila og rækja það hlutverk sitt að tryggja ævinlega vernd helgasta sögustaðar Íslendinga.

Nd. 27. Frumvarp til laga [27. mál]

um breyting á siglingalögum, nr. 66 31. des. 1963.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

192. gr. orðist svo:

Sjótjónsframlag af hálfu farms ábyrgist eigandi hinna framlagsskyldu muna með þeim einum, en ekki með öðrum eignum.

2. gr.

6. málsgr. 199. gr. orðist svo:

Eigandi farms eða muna, sem til farms hafa talizt, ábyrgist greiðslu björgunarlauna aðeins með þeim munum, sem björgun tekur til, en ekki með öðrum eignum.

3. gr.

205. gr. orðist svo:

Útgerðarmaður ber takmarkaða ábyrgð á þeim kröfum, sem hér verða taldar:

1. Bótakröfum vegna lífs- eða líkamstjóns manna, sem staddir eru á skipi til að fylgjast með því, og bótakröfum vegna tjóns á munum, sem í skipi eru.

2. Bótakröfum vegna tjóns á mönnum eða munum af völdum manna, sem á skipi eru.
3. Bótakröfum vegna tjóns á mönnum eða munum, þegar krafa á rót sína að rekja til siglingar skips eða starfrækslu, fermingar, affermingar eða flutnings á farmi eða flutnings á farþegum, skipgöngu þeirra eða landgöngu.
4. Bótakröfum vegna tjóns á hafnarmannvirkjum, skipakvíum eða siglingaleiðum.
5. Bótakröfum, sem rísa af skyldu til að fjarlægja skip eða muni í skipi, sem sokkið hefur, strandað eða verið yfirgefið.

Þegar beita ber um starfssamning skipstjóra, skipverja, annarra manna, sem hjá útgerðarmanni eru ráðnir og starfa í þágu skips, eða leiðsögumanns, löggjöf tiltekins erlends ríkis, sem er aðili að alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, er gerð var í Brüssel 10. október 1957, þá skal um ábyrgð útgerðarmanns á kröfum vegna lífs- eða líkamstjóns umræddra manna fara eftir löggjöf hins sama erlenda ríkis, ef ábyrgðin verður þá annaðhvort ótakmörkuð eða hún er háð hærri hámarksfjárhæðum en um getur í 1. og 2. málsgr. 206. gr.

Ákvæði um takmarkaða ábyrgð gilda ekki um kröfur, sem rísa af yfirsjónum eða vanrækslu útgerðarmanns sjálfs, nema hann gegni jafnframt starfa á skipi sem skipstjóri eða skipverji og honum hafi orðið á yfirsjón eða vanræksla í því starfi.

Takmörkun á ábyrgð útgerðarmanns nær ekki til vaxta eða málskostnaðar.

Ef útgerðarmaður á gagnkröfu á hendur kröfuhafa, og báðar kröfurnar stafa af sama atburði, nær takmörkun ábyrgðar aðeins til þess hluta aðalkröfu, sem fer fram úr gagnkröfunni.

4. gr.

206. gr. orðist svo:

Þegar ábyrgð er takmörkuð, ábyrgist útgerðarmaður með allt að 1000 frönkum fyrir hverja rúmlest af lestatali skips, þó aldrei með lægri fjárhæð en 150 000 frönkum.

Þegar um bætur fyrir lífs- eða líkamstjón er að ræða, skal ábyrgðarfjárhæð hækka um 2100 franka fyrir hverja rúmlest. Hækkunin skal þó ekki nema lægri fjárhæð en 630 000 frönkum.

Með franka er átt við mynteiningu, sem hefur að innihaldi 65½ milligramm af gulli með 900/1000 skírleika og um ræðir í 3. gr. alþjóðasamþykktar um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, sem gerð var í Brüssel 10. október 1957. Reikna skal mynteiningu þessa til íslenzks gjaldeyris eftir gengi þann dag, sem útgerðarmaður setur tryggingu fyrir ábyrgð sinni, eða, ef trygging hefur ekki verið sett, eftir gengi þann dag, er greiðsla fer fram.

Með lestatali vélknúinna skipa er átt við nettó rúmlestatal að viðbættu því vélarúmi, sem við ákvörðun á nettó rúmlestatali er dregið frá brúttó rúmlestatali. Um önnur skip er með lestatali átt við nettó rúmlestatal.

5. gr.

207. gr. orðist svo:

Kröfum, sem takmarkaðri ábyrgð sæta eftir 205. gr. og stafa af sama atburði, skal fullnægja af ábyrgðarfjárhæðum samkvæmt 206. gr., eins og hér segir:

Greiða skal kröfur vegna lífs- eða líkamstjóns af fjárhæð samkvæmt 2. málsgr. 206. gr. Nægi hún ekki til fullrar greiðslu, skulu eftirstöðvar greiddar af fjárhæð samkvæmt 1. málsgr. 206. gr. að réttri tiltölu við aðrar kröfur.

Úthluta skal fjárhæðum samkvæmt 1. og 2. málsgr. 206. gr. þannig, að kröfur greiðist að réttri tiltölu við upphæðir þeirra.

Nú hefur útgerðarmaður greitt að fullu eða að hluta kröfu, sem takmarkaðri ábyrgð sætir eftir 205. gr., eða hann sýnir fram á, að hann muni ekki komast hjá að greiða slíka kröfu síðar, og á hann þá rétt til, að krafan sé talin með, þegar

ábyrgð hans gagnvart öðrum kröfuhöfum er ákveðin, enda hefði verið unnt að koma kröfunni fram á hendur honum hér á landi.

6. gr.

208. gr. orðist svo:

Kyrrsetning til tryggingar kröfu, sem takmarkaðri ábyrgð sætir, verður ekki framkvæmd né henni uppi haldið hér á landi gegn mótmælum útgerðarmanns, ef hann setur tryggingu fyrir allri ábyrgðarfjárhæð ásamt vöxtum og málskostnaði eftir mati dómara. Tryggingin skal koma að notum öllum kröfuhöfum, sem sæta takmarkaðri ábyrgð á kröfum sínum, enda getur enginn þeirra krafizt frekari tryggingar.

Nú hefur útgerðarmaður í því skyni að afstýra kyrrsetningu eða fá hana fellda niður sett tryggingu fyrir lægri fjárhæð en í 1. málsgr. getur, en hann óskar síðar að auka tryggginguna, svo að hún nægi fyrir allri ábyrgðarfjárhæð, og skal viðkomandi dómstóll þá heimila honum það. Gilda ákvæði 1. málsgr. þá um tryggginguna, eftir því sem við á.

Þegar útgerðarmaður hefur sett fulla tryggingu samkvæmt 1. eða 2. málsgr., á hann rétt til, að hann sé leystur frá sérhverri eldri tryggingu fyrir kröfum, sem umrædd trygging fyrir allri ábyrgðarfjárhæð tekur til.

7. gr.

209. gr. orðist svo:

Nú hefur skip eða önnur eign útgerðarmanns verið kyrrsett til tryggingar kröfu, sem takmarkaðri ábyrgð sætir eftir 205. gr., eða trygging hefur verið sett til að afstýra slíkri kyrrsetningu, og er þá heimilt að fella kyrrsetningu niður eða leysa tryggingu, ef leitt er í ljós, að útgerðarmaður hefur þegar sett fulla tryggingu erlendis fyrir allri ábyrgðarfjárhæð, sbr. 206. gr., enda eigi kröfuhafi aðgang að þeirri tryggingu.

Fella skal niður kyrrsetningu, sem um getur í 1. málsgr., og leysa skal tryggingu, sem sett hefur verið til að afstýra slíkri kyrrsetningu, ef fullnægjandi trygging, sem kröfuhafi á aðgang að, hefur þegar verið sett á hafnarstað, eins og hér á eftir segir, í landi, sem gerzt hefur aðili að alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, er gerð var í Brüssel 10. október 1957:

a. Á hafnarstað þeim, þar sem krafan varð til vegna atburðar, er þar gerðist, eða, hafi atburðurinn ekki gerzt í höfn, á fyrsta hafnarstað, sem skipið kom til, eftir að atburðurinn gerðist.
b. Á landsetningarstað, ef um kröfu vegna lífs- eða líkamstjóns er að ræða.
c. Á affermingarstað, ef krafan stafar af spjöllum á farmi.

Ef ekki hefur í upphafi verið sett fullnægjandi trygging fyrir ábyrgð eftir 206. gr., en útgerðarmaður setur síðar fulla tryggingu fyrir því, sem á vantar, ásamt vöxtum og málskostnaði eftir mati dómara, skal beita ákvæðum 1. og 2. málsgr., eftir því sem við á.

8. gr.

210. gr. orðist svo:

Útgerðarmaður á þess kost, á hvaða tíma sem er, að leggja undir úrlausn niðurjöfnunarmanns sjótjóns allt það, sem varðar takmörk ábyrgðar hans eða úthlutun ábyrgðarfjárins. Þó að hann hafi valið þessa leið, getur hver kröfuhafi samt fengið úr því skorið með dómi, hverri fjárhæð krafa hans mundi nema, ef ábyrgð væri ekki takmörkuð. Útgerðarmaður getur og krafizt, að niðurjöfnunarmaður sjótjóns setji tilteknum kröfuhöfum hæfilegan frest til málshöfðunar.

Niðurjöfnunarmanni sjótjóns er heimilt að kveðja kröfuhafa, með þriggja mánaða fyrirvara hið mesta, til að lýsa kröfum sínum. Getur hann gert það með þeim hætti, sem hann telur bezt henta hverju sinni.

Skylt er þeim, sem hlut eiga að máli, að veita niðurjöfnunarmanni alla þá fræðslu og afla þeirra sönnunargagna, sem hann telur máli skipta.

Útgerðarmaður ber kostnað af starfi niðurjöfnunarmanns sjótjóns.

Ágreining um réttmæti úrlausnar niðurjöfnunarmanns sjótjóns má bera undir dómstóla.

9. gr.

211. gr. orðist svo:

Nú hefur útgerðarmaður að fullu innt af hendi þá fjárhæð, sem honum var skylt eftir reglum um takmörkun ábyrgðar, en síðar kemur fram, að aðrir kröfuhafar áttu rétt til greiðslu af ábyrgðarfjárhæðinni, og er hann þá ekki skyldur til meiri greiðslu, enda hafi hann ekki vitað af þessum kröfum, þegar hann greiddi hitt, og ekki verður álitið, að hann hefði fengið vitneskju um þær þrátt fyrir hæfilega eftirgrennslan.

Nú hefur kröfuhafi fengið með þessum hætti fé, sem öðrum bar að réttu, og ber honum þá að greiða viðkomandi aðila hina ofteknu fjárhæð, enda hafi hann haft vitneskju um kröfu umrædds aðila, þegar hann tók við fénu.

10. gr.

212. gr. orðist svo:

Ákvæðum um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanns skal beita, eftir því sem við á, þegar ábyrgð á kröfum, sem í 205. gr. getur, hvílir á eiganda skips, afnotahafa, farmsamningshafa eða umráðamanni. Sama er um ábyrgð, sem hvílir á leiðsögumanni, skipstjóra, skipverja eða öðrum, sem til starfs eru ráðnir hjá útgerðarmanni, eiganda skips, afnotahafa, farmsamningshafa eða umráðamanni, enda hafi ábyrgð á þá fallið í sambandi við framkvæmd á umræddu starfi þeirra, og skiptir ekki máli, þó að hlutaðeigandi hafi fellt á sig ábyrgð með yfirsjónum eða vanrækslu í starfi.

Samtala þeirra fjárhæða, sem ábyrgð útgerðarmanns og annarra aðila samkvæmt 1. málsgr. takmarkast við, skal um kröfur, sem stafa af sama atburði, ekki fara fram úr fjárhæðum þeim, sem ákveðnar eru í 206. gr.

11. gr.

213. gr. orðist svo:

Beita skal ákvæðum kafla þessa, þegar krafizt er takmörkunar á ábyrgð fyrir íslenzkum dómstóli.

12. gr.

214. og 215. gr. falla úr gildi.

Fyrir „213. gr.“ í 2. málsgr. 222. gr., 2. málsgr. 223. gr. og 229. gr. komi: 211. gr.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Kröfur, sem stofnazt hafa fyrir gildistöku laganna, skal dæma eftir eldri lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta Alþingi og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Frumvarp þetta er flutt af því tilefni, að ríkisstjórnin telur nauðsynlegt vegna íslenzkra hagsmuna, að Ísland gerist aðili að alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, sem gerð var í Brüssel 10. október 1957. Er jafnframt þessu frumvarpi borið fram annað frumvarp um heimild til handa ríkisstjórninni til að staðfesta greinda alþjóðasamþykkt fyrir Íslands hönd. En breyting á núgildandi ákvæðum siglingalaga um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna er skilyrði fyrir því, að Ísland geti gerzt aðili að henni.

Siglingalögin nr. 56 30. nóvember 1914, sem giltu til ársins 1963, voru þýðing á dönskum siglingalögum frá 1892. Um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna voru lögin í samræmi við siglingalög Norðurlandaríkjanna Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar, er sett höfðu verið á árunum 1891—1893. Aðalreglan var sú, að á tilteknum kröfum, sem stofnuðust vegna útgerðar skipa, báru útgerðarmenn aðeins ábyrgð með skipi og farmgjaldi, en ekki öðrum eignum.

Hinn 25. ágúst 1924 var í Brüssel sett alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna. Var þar ákveðið, að hinar takmörkuðu sjókröfur skyldu útgerðarmenn ábyrgjast með verði skips, að viðbættum 10%, sem kæmi í stað farmgjalds. Ábyrgð skyldi þó ekki fara fram úr 8 sterlingspundum fyrir hverja rúmlest skips, þegar eingöngu væri um eignatjón að ræða, og ekki fram úr 16 sterlingspundum fyrir rúmlest, þegar jafnframt eða eingöngu kæmu til bætur fyrir lífs- eða líkamstjón.

Norðurlandaþjóðirnar Danmörk, Noregur og Svíþjóð gerðust aðilar að Brüsselsamþykktinni frá 1924. Breyttu þær á árunum 1928 og 1929 siglingalögum sínum til samræmingar við ábyrgðarreglur hennar. Ísland gerðist hins vegar aldrei aðili að þessari samþykkt, en með núgildandi siglingalögum nr. 66 frá 1963 voru ákvæði um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna samræmd reglum samþykktarinnar og þágildandi Norðurlandalögum. Þó var ekki tekin upp í siglingalögin reglan um, að ábyrgðin takmarkaðist við 8 eða 16 sterlingspund fyrir rúmlest. Samkvæmt 206. gr. siglingalaganna er aðalreglan sú, að útgerðarmaður ber ábyrgð á hinum takmörkuðu sjókröfum með verði skipsins að viðbættum 10%, þegar bæta skal eignatjón, en með tvöfaldri þeirri fjárhæð, þegar jafnframt eða eingöngu skal bæta lífs- eða líkamstjón.

Ný alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna var gerð í Brüssel 10. október 1957. Þar er í tveimur mikilsverðum atriðum vikið frá reglum alþjóðasamþykktarinnar frá 1924:

1. Kröfum þeim, sem útgerðarmenn bera takmarkaða ábyrgð á, er fækkað að miklum mun, sbr. umsögn um 3. grein hér á eftir.

2. Felld er algerlega niður reglan um, að útgerðarmenn ábyrgist sjókröfurnar takmarkað við verð skips, að viðbættum 10%. Í stað þess er haldið reglunni um ábyrgð með tiltekinni fjárhæð fyrir hverja rúmlest skips, en þó þannig breyttri, að í stað 8 og 16 sterlingspunda komi 1000 frankar fyrir rúmlest, þegar eingöngu er um eignatjón að ræða, en til viðbótar 2100 frankar fyrir rúmlest (alls 3100 frankar), þegar jafnframt eða eingöngu er um að tefla bætur fyrir lífs- eða líkamstjón.

Franki sá, sem notaður er samkvæmt samþykktinni við ákvörðun ábyrgðar, er tiltekin gullmynt (Poincaré-franc), sem tilheyrir ekki myntkerfi neinnar þjóðar og má því ekki blanda saman við franskan franka. Hér er um mynteiningu að ræða, sem innihalda skal 65.5 milligrömm af gulli með 900/1000 skírleika. Eru 1000 slíkir frankar taldir jafngilda um 24 sterlingspundum. Eftir núverandi gengi íslenzkrar krónu gagnvart sterlingspundi samsvarar því einn franki sem næst kr. 2.90. Ef um ábyrgð samkvæmt samþykktinni er tekið sem dæmi 1000 rúmlesta skip, verður hámark hinnar takmörkuðu ábyrgðar útgerðarmanns um 24 000 sterlingspund (um 2 900 000 krónur), þegar bæta skal eignatjón eingöngu, en um 74 400 sterlingspund (tæpar 9 000 000 krónur), þegar jafnframt eða eingöngu er um að ræða bætur fyrir lífs- eða líkamstjón. Auðsætt er, að hámark ábyrgðar verður hér lægra en samkvæmt núgildandi lögum, þar sem miðað er við tvöfalt verð skips að viðbættum 10%. Hér er þó aðgætandi, að eftir samþykktinni koma færri kröfur til að keppa um greiðslu af hinni takmörkuðu ábyrgðarfjárhæð en eftir gildandi lögum, eins og sjá má af umsögn um 3. gr. frv.

Við gerð Brüsselsamþykktarinnar 1957 þótti nauðsyn bera til, að ákveðið yrði tiltekið lágmark ábyrgðarfjárhæðar, þegar um smáskip væri að tefla. Varð þá annars vegar að taka tillit til, að útgerðarmönnum slíkra skipa yrði ekki íþyngt um of um vátryggingarkostnað, og hins vegar, að líta til þess, að þeir, sem fyrir tjóni yrðu af völdum skipanna, ættu aðgang að hæfilegum bótum. Niðurstaðan

varð sú, að sett var í samþykktina ákvæði um, að skip undir 300 rúmlestum skuli við ákvörðun ábyrgðar sæta sömu kjörum og 300 rúmlesta skip. Með viðbótarákvæði í fundargerð var aftur á móti ákveðið, að þátttökuríkin geti undanþegið sig þessu ákvæði, og er þeim þá frjálst að haga þessu í löggjöf sinni með öðrum hætti. Hafa mörg þátttökuríki, þar á meðal fyrrgreind Norðurlandaríki, notað sér undanþáguheimildina. Þegar Norðurlandaríkin breyttu siglingalögum sínum árið 1964 til samræmis við Brüsselsamþykktina, var lágmark ábyrgðarfjárhæðar vegna eignatjóns eingöngu ákveðið 150 000 frankar (sem svarar til 435 000 ísl. kr.), og er þá miðað við, að skip undir 150 rúmlestum sæti sömu reglum og væru þau 150 rúmlestir. En þegar bæta skal lífs- eða líkamstjón, fylgja norrænu lögin Brüsselsamþykktinni, að því er tekur til aukningar ábyrgðarfjárins, og er þá miðað við 300 rúmlestir, enda þótt um minni skip sé að ræða. Nemur aukningin þá minnst 630 000 frönkum, en samanlagt nema ábyrgðarfjárhæðirnar 780 000 frönkum (um 2 260 000 ísl. kr.). Í frumvarpinu er í þessu efni fylgt þeirri leið, sem umrædd Norðurlandaríki hafa farið, sbr. lágmarksfjárhæðir þær, sem gert er ráð fyrir í 1. og 2. málsgr. 4. gr. um breytingu á 206. gr. siglingalaganna.

Í Brüsselsamþykktinni 1957 er aðildarríkjum áskilinn réttur til að láta ríki, sem standa utan samtakanna, sæta verri kjörum um ábyrgð á sjókröfum en leiða mundi af ákvæðum samþykktarinnar. Þegar athugað er, að skaðabótakröfur vegna tjóns af völdum íslenzkra skipa, sem um kann að vera dæmt erlendis, geta numið stórfelldum fjárhæðum, þá væri mjög viðurhlutamikið fyrir Ísland að standa utan umræddra alþjóðlegra samtaka. Ekki verður annað séð en að ábyrgðarreglur samþykktarinnar séu efnislega sanngjarnar og hagkvæmar. Innganga í samtökin mundi skipa Íslandi í flokk með þeim löndum, sem héðan eru mestar samgöngur við á sjó, þar á meðal Norðurlandaríkjunum og Englandi. Einnig er á það að líta, að á yfirstandandi öld hefur verið stefnt að samræmingu norrænnar löggjafar, þar sem því verður við komið, og væri þá spor aftur á bak, ef Ísland viki í siglingalöggjöf sinni í mikilsverðum atriðum frá reglum, sem gilda annars staðar á Norðurlöndum.

Um einstakar greinar frv. skal eftirfarandi tekið fram:

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. gr. (4) (a) í Brüsselsamþykktinni 1957 taka ákvæði hennar um takmarkaða ábyrgð ekki til sjótjónsframlaga úr hendi útgerðarmanns, sbr. og umsögn um 3. gr. frv. Verður því til þess að ná samræmi við samþykktina að fella niður 1. málsgr. 192. gr. siglingalaganna. Hins vegar helzt takmörkuð ábyrgð farmeigenda á sjótjónsframlögum þeirra.

Um 2. gr.

Þar sem ákvæði Brüsselsamþykktarinnar um takmarkaða ábyrgð ná ekki til björgunarlauna vegna björgunar á skipi, sbr. áður tilvitnaða 1. gr. (4) (a), verður að breyta 6. málsgr. 199. gr. siglingalaganna til samræmis við það. Um ábyrgð eigenda farms á björgunarlaunum er haldið reglu gildandi laga um, að ábyrgðin er takmörkuð við muni þá, sem björgun tekur til.

Um 3. gr.

Um 1. málsgr. Hér eru greindir þeir kröfuflokkar, sem takmarkaðri ábyrgð skulu sæta samkvæmt frv. Eru ákvæðin um þá samræmd reglum 1. gr. (1) í Brüsselsamþykktinni. Eins og fyrr var getið, er kröfum með takmarkaðri ábyrgð fækkað að miklum mun frá því, sem nú gildir.

Nú á dögum er það orðin almenn skoðun réttarfræðinga, að ekki beri að takmarka ábyrgð manna, hvorki útgerðarmanna né annarra, á kröfum, sem unnt er með sanngirni að ætlast til, að þeir vátryggi sig fyrir. Þá fyrst er ástæða til að takmarka ábyrgðina, þegar kröfufjárhæðir, t. d. vegna stórslysa, fara fram úr venju-

legum vátryggingarfjárhæðum. Sumar kröfur hafa og verið gerðar háðar takmarkaðri ábyrgð af þeim sökum, að útgerðarmaður átti þess yfirleitt ekki kost að fylgjast með stofnun þeirra, svo sem þegar skipstjóri gerði samninga fyrir hönd útgerðarmanns samkvæmt stöðuumboði sínu utan heimilis skipsins, en á þessu hafa orðið breytingar vegna hinna víðtæku fjarskiptasambanda nú á dögum. Með þetta í huga voru í Brüsselsamþykktinni 1957 felldir burtu kröfuflokkar þeir, sem í samræmi við Brüsselsamþykktina 1924 voru teknir upp í 3., 4., 6., 7. og 8. tölulið 205. gr. sigll. 1963. Þó má ekki líta svo á, að allar kröfur, sem í töluliðum þessum greinir, skuli nú sæta ótakmarkaðri ábyrgð, því að tilteknar kröfur samkvæmt þeim munu nú falla undir ákvæði um takmarkaða ábyrgð í 1. gr. Brüsselsamþykktarinnar og 3. gr. frv., sbr. 1. og 3. tölulið þeirrar greinar samanborið við 3. tölulið 205. gr. sigll. Ljóst er hins vegar, að kröfur samkvæmt 4. tölulið 205. gr. siglingalaganna, sem rísa af því, að tilgreiningar í farmskírteini eru rangar eða ófullnægjandi, kröfur samkvæmt 6. tölulið um björgunarlaun og kröfur samkvæmt 7. tölulið um framlög til sameiginlegs sjótjóns skulu sæta ótakmarkaðri ábyrgð, svo og kröfur eftir 8. tölulið, sem stafa af skuldbindingum skipstjóra samkvæmt stöðuumboði hans utan heimilis skipsins.

Í ákvæðum 3. gr. um takmarkaða ábyrgð er ekki tekin afstaða til þess, hvaða atvik valdi stofnun kröfu. Um það fer eftir ákvæðum siglingalaganna og öðrum gildandi réttarreglum. En þegar stofnazt hefur krafa á hendur útgerðarmanni vegna atvika, sem hann ber ábyrgð á, og krafan stafar af tjóni, sem um ræðir í 1.—5. tölulið, þá skal ábyrgðin vera takmörkuð.

Í 1. tölulið 3. gr. ræðir í fyrsta lagi um bótakröfur vegna lífs- eða líkamstjóns manna, sem á þeim tíma, er slys ber að höndum, eru staddir á skipi til að fylgjast með því. Tekur þetta bæði til farþega, sbr. 1. gr. (1) (a) Brüsselsamþykktarinnar, og áhafnar skips, sbr. 1. gr. (4) (b) samþykktarinnar og umsögn um 2. málsgr. 3. gr. frv. En reglan nær og til annarra manna, sem hvorki teljast til farþega né skipshafnar, en eiga að fylgjast með skipi, t. d. hafnsögumanns. Í öðru lagi ber útgerðarmaður takmarkaða ábyrgð á tjóni á munum, sem í skipi eru. Hér er átt við hvers konar eignir í skipi, þar á meðal farm, farangur farþega og eignir skipverja.

Í 2. tölulið er fjallað um bótakröfur vegna tjóns á mönnum eða munum af völdum manna, sem á skipi eru. Hér er haft í huga tjón á mönnum eða munum, sem eru utan skipsins, þegar slys verður. Þar undir fellur því tjón, sem skip veldur á öðru skipi með ásiglingu, tjón á mönnum eða munum í landi o. s. frv.

Í 3. tölulið eru teknar kröfur, sem stafa af siglingu skips eða standa í beinu sambandi við venjulegan rekstur þess, svo og kröfur, sem eiga rót sína að rekja til flutnings á farmi eða farþegum, eins og nánar segir í töluliðnum. Oft mundi tjón, sem hér greinir, falla undir 1. eða 2. tölulið. Ákvæði 3. töluliðs mun einkum fá sjálfstæða þýðingu, þegar tjón, sem útgerðarmaður ber ábyrgð á, verður af völdum aðila, sem ekki er á skipinu.

Bótakröfur samkvæmt 4. tölulið eru hér greindar til samræmis við 1. gr. (1) (c) samþykktarinnar, en munu væntanlega einnig falla undir ákvæði 2. eða 3. töluliðs.

Kröfur samkvæmt 5. tölulið svara til krafna, sem um getur í 5. tölulið 205. gr. siglingalaganna 1963, að því viðbættu, að teknar eru með kröfur, sem stofnast vegna skyldu til að gera óskaðlegt skip, sem yfirgefið hefur verið.

Um 2. málsgr. Í löggjöf sumra ríkja, þar á meðal annarra Norðurlandaríkja en Íslands, hefur verið upp tekin sú regla, að útgerðarmenn skuli bera ótakmarkaða ábyrgð á kröfum vegna lífs- eða líkamstjóns manna, sem á skip eru ráðnir. Hér á landi hafa slíkar kröfur alltaf sætt takmarkaðri ábyrgð, og þykir viðurhlutamikið að breyta þeirri reglu, þegar litið er til þess, hversu ófyrirsjáanlega háum fjárhæðum slíkar kröfur geta náð, t. d. þegar skip ferst með allri áhöfn og atvik liggja svo til, að útgerðarmaðurinn verður bótaskyldur. Ákvæði 2. málsgr. er hins vegar sett til að fullnægja reglum í 1. gr. (4) (b) Brüsselsamþykktarinnar 1957, en samkvæmt

þeim ber aðildarríkjum að beita ábyrgðarreglum erlends aðildarríkis um bótakröfur vegna lífs- eða líkamstjóns manns, sem á skip er ráðinn, ef starfsamningur hans á undir löggjöf hins sama erlenda ríkis, enda verði ábyrgðin þá annaðhvort ótakmörkuð eða taki til hærri fjárhæða en um ræðir í 3. gr. samþykktarinnar, sbr. 1. og 2. málsgr. 4. gr. frv.

Um 3. málsgr. Í 2. málsgr. 205. gr. siglingalaganna er sú regla, að ákvæði um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanns nái ekki til krafna, sem stafa af yfirsjónum eða vanrækslu hans sjálfs, nema hann sé jafnframt skipstjóri og krafa eigi rót sína að rekja til yfirsjónar eða vanrækslu hans við stjórntök skips. Hér er reglan um takmarkaða ábyrgð rýmkuð þannig, að hún er látin taka til allra krafna, sem falla á hendur útgerðarmanni vegna yfirsjóna hans eða vanrækslu í starfi á skipi, þegar hann gegnir þar skipstjóra- eða skipverjastarfi.

Um 4. málsgr. Ákvæði þessarar málsgr. er nýmæli, sem upp er tekið til samræmis við sams konar ákvæði í siglingalöggjöf annarra Norðurlandaþjóða.

Um 4. gr.

Í almennri umsögn um frumvarpið hér að framan hefur verið rætt um ákvæði þessarar greinar, og vísast til þess. Eins og þar greinir, er hámark ábyrgðar útgerðarmanna ákveðið í sérstakri gullmynt, sem nefnd er franki. Gerð var athugun á því, hvort ekki væri unnt að miða við ísl. krónu í stað franka og reikna þá krónu eftir gullgildi, þannig að ábyrgðarfjárhæðir eftir íslenzkum lögum yrðu hinar sömu og eftir samþykktinni. En það var sameiginlegt álit hinna norrænu siglingalaganefnda, sem fjölluðu um samræmingu norrænu laganna við Brüsselsamþykktina 1957, að aðildarríkjum að samþykktinni væri óheimilt að ákveða í lögum sínum hámark ábyrgðar með öðrum hætti en gert er í samþykktinni sjálfri, þ. e. miðað við franka með gullinnihaldi, eins og þar segir. Eru ábyrgðarfjárhæðir því ákveðnar í frönkum í 4. gr., svo sem og er gert í siglingalögum annarra Norðurlandaríkja.

Um 5. gr.

Í 1. málsgr. kemur fram, að hámark ábyrgðar eftir 4. gr. tekur hverju sinni til krafna, sem stafa af sama atburði (distinct occasion samkvæmt 2. gr. (1) Brüsselsamþykktarinnar). Ef fleiri en einn slíkan atburð, sem hefur bótaskyldu í för með sér, ber að höndum, verður útgerðarmaður ábyrgur með hámarks fjárhæð samkvæmt 4. gr., að því er tekur til krafna vegna hvers einstaks atburðar.

Ákvæði 2. málsgr. svara til fyrirmæla í 2. málsgr. 209. gr. siglingalaganna. Kröfur vegna eignatjóns skulu aldrei njóta greiðslu af aukningu ábyrgðarfjárhæðar samkvæmt 2. málsgr. 4. gr. Aftur á móti geta kröfur vegna lífs- eða líkamstjóns hlotið greiðslu af ábyrgðarfjárhæð samkvæmt 1. málsgr., ef fjárhæð 2. málsgr. hrekkur ekki til fullrar greiðslu þeirra. Skal þá greiða eftirstöðvarnar að réttri tiltölu við eignatjónskröfur. Og þó að ekki sé um neinar eignatjónskröfur að ræða, skulu eftirstöðvar umræddra krafna vegna lífs- eða líkamstjóns greiðast af ábyrgðarfjárhæð samkvæmt 1. málsgr. 4. gr., ef á þarf að halda.

Um 6. gr.

Grein þessi fjallar um tryggingar, sem settar eru hér á landi til að afstýra kyrrsetningu, fá kyrrsetningu fellda niður eða eldri tryggingar leystar. Reglur þessar gilda aðeins um kyrrsetningar eða tryggingar fyrir kröfum með takmarkaðri ábyrgð, en eru óviðkomandi því, þegar gengið er að skipi eða öðrum eignum útgerðarmanns til fullnægingar kröfum með ótakmarkaðri ábyrgð, enda þótt tryggðar séu með sjóveði. Þá fer um setningu tryggingar til að afstýra kyrrsetningu eftir ákvæðum 13. gr. laga nr. 18 frá 1949.

Með orðunum „allri ábyrgðarfjárhæð“ í 6. gr. er átt við samanlagðar fjárhæðir eftir 1. og 2. málsgr. 4. gr. Þó mun nægilegt, að trygging sé sett aðeins fyrir hámarki fjárhæðar eftir 1. málsgr., ef ljóst er, að tjón hefur einungis orðið á eignum og að ekki muni koma fram kröfur vegna lífs- eða líkamstjóns.

Um 7. gr.

Hér ræðir um tryggingu, sem sett hefur verið erlendis fyrir ábyrgðarfjárhæðum samkvæmt 1. og 2. málsgr. 4. gr.

Samkvæmt 1. málsgr. er dómara heimilt, en ekki skylt, að verða við kröfu útgerðarmanns um, að kyrrsetning skuli ekki framkvæmd, kyrrsetning felld niður eða eldri trygging leyst, þegar full trygging hefur verið sett í ríki, sem annaðhvort er ekki aðili að Brüsselsamþykktinni 1957 eða trygging hefur verið sett í aðildarríki, án þess að hún fullnægi skilyrðum 2. málsgr. um tryggingarstað.

Eftir 2. málsgr. er dómara skylt að verða við kröfum útgerðarmanns, slíkum sem að framan greinir, þegar full trygging, sem kröfuhafi á aðgang að, hefur verið sett á hafnarstöðum þeim, sem greindir eru í stafliðunum a, b og c. Liggur hér sem ella undir dómara að meta, hvort trygging teljist fullnægjandi.

Um 8. og 9. gr.

Greinar þessar svara með óverulegum breytingum til 211. og 213. gr. siglingalaganna 1963.

Um 10. gr.

Í 1. málslið 1. málsgr. er svo mælt, að reglum um takmarkaða ábyrgð skuli einnig beita, þegar kröfur, sem í 205. gr. getur (3. gr. frv.), falla á eiganda skips (sem ekki er jafnframt útgerðarmaður þess), afnotahafa, farmsamningshafa eða umráðamann. Hér eru taldir fleiri aðilar en í núgildandi 205. gr. siglingalaganna, og er tilætlunin með ákvæðinu að setja um það öruggar reglur, að hver sá, sem í stað útgerðarmanns hefur forstöðu um rekstur skips, skuli hafa sömu heimild sem hann til að takmarka ábyrgð sína.

Þá er í 2. málslið 1. málsgr. það nýmæli, að ábyrgð, sem falla kann á hafnsögumann, skipstjóra, skipverja eða aðra, sem til starfs eru ráðnir hjá útgerðarmanni eða öðrum, sem hafa forstöðu um rekstur skips, skuli vera takmörkuð, enda hafi krafa stofnazt í sambandi við framkvæmd á umræddu starfi þeirra. Mundi þetta m. a. koma til greina, þegar útgerðarmaður hefur þegar greitt kröfu, en gerir framkröfu á hendur þeim, sem tjóni hefur valdið.

Um 11. gr.

Í sambandi við fyrirmæli þessarar greinar er rétt að benda á, að skírskotunin til ákvæða „kafla þessa“ nær m. a. til hinnar alþjóðlegu einkaréttarreglu í 2. málsgr. 3. gr., og ber því, þó að mál sé rekið fyrir íslenzkum dómstóli, að beita henni, þegar skilyrði til þess eru fyrir hendi.

Um 12. og 13. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Nd. 28. Frumvarp til laga [28. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Jóhönnu Sæmundsdóttur, Nikhól, Dyrhólahreppi, eyðijörðina Holt í sama hreppi. Verð jarðarinnar fer eftir því, sem um

semst. Náist ekki samkomulag um kaupverðið, skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkv. beiðni Jóhönnu Sæmundsdóttur, Nikhól.

Jörðin Holt var í mörg ár í eigu og ábúð Jóhönnu Sæmundsdóttur og manns hennar, Þorsteins Einarssonar, sem nú er látinn. Þau hjón seldu ríkissjóði jörðina árið 1936. Fór salan fram sökum hættu á spjöllum á landi jarðarinnar, þegar Hafursá var veitt úr fyrra farvegi sínum vegna brúargerðar á þjóðveginum um Mýrdal. Jóhanna hefur haft afnot jarðarinnar, síðan hún fór í eyði, og hefur nú hug á, að hún komist aftur í eigu ættarinnar.

Nd. 29. Frumvarp til laga [29. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Hól í Ölfusi í Árnessýslu.

Flm.: Guðlaugur Gíslason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja frú Markúsínu Jónsdóttur, ábúanda jarðarinnar Egilsstaða í Ölfusi, eyðijörðina Hól í Ölfusi í Árnessýslu fyrir það verð, er um kann að semjast eða ákveðið verður samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni frú Markúsínu Jónsdóttur, ábúanda jarðarinnar Egilsstaða í Ölfusi, en tún eyðijarðarinnar að Hóli liggur að jarðarmörkum Egilsstaða og hefur um áratugaskeið verið nytjað frá þeirri jörð.

Meðmæli oddvita Ölfushrepps eru fyrir hendi.

Fylgiskjal.

Hreppsnefnd Ölfushrepps mælir með því, að eiganda og ábúanda á Egilsstöðum í Ölfusi, Markúsínu Jónsdóttur, verði seld eyðijörðin Hóll, sem er eign ríkisins og ein af jörðum Arnarbælistorfunnar.

Jörðin hefur ekki verið í ábúð um langan tíma, en nokkur hluti hennar (túnið) hefur verið nytjað frá Egilsstöðum. Tún jarðanna eru samliggjandi. Er því eðlilegt, að jörðin sameinist Egilsstöðum, enda Egilsstaðir seldir úr Arnarbælistorfunni á sínum tíma.

Gerðakoti, 9. apríl 1967.

Hermann Eyjólfsson,
oddviti Ölfushrepps.

Sþ. 30. Tillaga til þingsályktunar [30. mál]

um, að gerð verði áætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins á tilteknum tíma.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Ingvar Gíslason, Stefán Valgeirsson, Sigurvin Einarsson, Ágúst Þorvaldsson, Ásgeir Bjarnason, Vilhjálmur Hjálmarsson, Guðmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela vegamálastjóra að láta svo fljótt sem unnt er, og ekki síðar en fyrir árslok 1968, gera sundurliðaða kostnaðaráætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins á einum áratug, eða skemmri tíma, ef fært þætti, enda sé í áætluninni miðað við þá gerð vega, sem stefna ber að samkvæmt 12. gr. vegalaga, nr. 71 30. des. 1963, og að tekið verði ríkislán til hraðbrauta og þjóðbrauta, en landsbrautir gerðar fyrir fé úr vegasjóði. Framkvæmdaröð í áætluninni verði við það miðuð, að landsbyggð haldist og eflist, svo og æskilegt jafnvægi milli landshlutanna. — Kostnaður við áætlunina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi er byggð á ályktun kjördæmisþings Framsóknarmanna í Norðurlandskjördæmi eystra, er haldið var á Laugum í Reykjadal dagana 2.—3. sept. 1966, en jafnframt höfð hliðsjón af ályktun 14. flokksþings Framsóknarmanna (1967) um vegamál. Með fullnaðaruppbyggingu hraðbrautanna og þjóðbrautanna væri fengin sú „vandaða hringbraut“ um byggðir, sem ályktun kjördæmisþingsins fjallar um, er að jafnaði mundi verða fær árið um kring, ef að líkum lætur, enda gert ráð fyrir, að sú framkvæmd verði gerð möguleg með ríkislántökum, en landsbrautir gerðar fyrir fé vegasjóðs, eins og um var rætt í ályktuninni.

Samkvæmt skýrslum vegamálaskrifstofunnar var flokkun þjóðveganna sem hér segir í árslok 1964:

Hraðbrautir	148.5 km
Þjóðbrautir	2960.9 —
Landsbrautir	6272.1 —
Þjóðvegir í þéttbýli	96.4 —
Samtals	9477.9 km

„Þjóðvegir í þéttbýli“ skiptast milli aðalflokkanna þriggja. En ólagt eða ófullgert var talið í árslok 1964:

Hraðbrautir	127.9 km
Þjóðbrautir	648.3 —
Landsbrautir	2432.5 —

Óbrúaðar ár á þjóðvegum voru taldar 174. Síðan í árslok 1964 hafa að vísu ýmsir vegakaflar verið fullgerðir, t. d. Keflavíkurvegur, sem er hraðbraut, og nokkrar brýr byggðar. Hins vegar má telja víst, að lengd ófullgerðra þjóðvega sé vantalin, ef miða skal við 12. gr. vegalaga og nauðsyn uppbyggingar eða endurnýjunar vegamannvirkja.

Í vegamálum er Ísland enn vanþróað land og núverandi vegakerfi engan veginn við hæfi þeirra samgöngutækja, sem keypt hafa verið til landsins fyrir of fjár, eða byggðarlaganna, sem við það eiga að búa um land allt. Með áætlun þeirri og stefnuyfirlýsingu um fjáröflun, sem tillagan fjallar um, yrði gert mögulegt að horfast í augu við verkefni, sem ekki er unnt að komast hjá. Hér er um framtíðarmál að ræða, sem tímabundnir erfiðleikar í stjórnarfari og efnahagslífi mega ekki hafa áhrif á.

Flm. er ljóst, að áætlun sú, sem hér er um að ræða, mundi þurfa endurskoðunar við síðar, a. m. k. ýmis atriði hennar, og á það yfirleitt við um allar áætlanir, sem gerðar eru fram í tímann. Eigi að síður má ætla, að hún næði þeim tilgangi, sem að er stefnt og vikið hefur verið að hér að framan.

Ed. 31. Frumvarp til laga [31. mál]

um byggingarsamvinnufélög.

Flm.: Einar Ágústsson, Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn sína, til eigin afnota með sem hagfelldustum kjörum, að safna eignarframlögum félagsmanna og reka lánastarfsemi vegna félagsmanna sinna.

2. gr.

Nú vilja menn stofna byggingarsamvinnufélög, og skulu þeir þá kveðja til fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 menn eða fleiri á stöðum með færri en 1000 íbúa, 20 á stöðum með 1000 íbúa eða fleiri utan Reykjavíkur og 50 í Reykjavík koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leita staðfestingar félagsmálaráðuneytisins á þeim.

3. gr.

Nú vill sveitarstjórn beita sér fyrir og taka þátt í stofnun byggingarsamvinnufélags til byggingar fjölbýlishúsa með hentugum íbúðum og sameiginlegum þægindum. Skal sveitarstjórn þá hlutast til um, að almennur fundur sé haldinn á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða.

Ef 15 menn eða fleiri og kjörnir fulltrúar bæjar- eða sveitarfélagsins koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir, sbr. 2. gr.

4. gr.

Byggingarsamvinnufélagi sé aflað fjár:

A. Með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, unz fjárhæð hans í sjóðnum nemur minnst ⅕ hluta andvirðist þess húsnæðis, sem ákveðið verður, að félagið komi upp fyrir hann. Þegar þessari fjárhæð er náð, fer um rétt félagsmanns til byggingar húss eftir því, sem nánar verður ákveðið í samþykktum félagsins, enda gangi stofnsjóðsinneign hans upp í byggingarkostnaðinn. Vextir af stofnsjóði leggjast við höfuðstól, og skulu þeir á hverjum tíma jafnháir og innlánsvextir í sparisjóði hjá Landsbanka Íslands. — Stofnfjárinnstæður falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot, við brottflutning af félagssvæðinu og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við félagið.

B. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og má það gjald aldrei vera minna en kr. 200.00 árlega á hvern félagsmann. Sjóði þessum sé varið til að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins, eftir því sem nauðsyn krefur. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar telst ekki rekstrarkostnaður.

C. Með lántöku félagsins til útlánastarfsemi sinnar. Skylt er félagsmálaráðherra f. h. ríkissjóðs að ábyrgjast þau lán, og mega þau nema allt að 80% af byggingarkostnaði þeirra húsa, sem félagið reisir. Með byggingarkostnaði skal telja gatnagerðargjald og önnur byggingarleyfisgjöld, þar með talið skipulagsgjald. Gefa skal út skuldabréf fyrir lánum þessum, er hvert nemi ákveðinni upphæð, sem fjármálaráðherra samþykkir. Hvert slíkt lán telst til útlána sem einn lánaflokkur, og er honum til tryggingar samábyrgð allra þeirra félagsmanna, sem fá lán í þeim flokki. Félagsmenn í sama lánaflokki skulu vera sérstök deild innan síns byggingarsamvinnufélags, og er henni heimilt að hafa sérstaka stjórn, að því er varðar sérmál hennar.
D. Skylt er Seðlabanka Íslands að kaupa á nafnverði árlega, ef þörf krefur, ríkistryggð skuldabréf skv. B-lið fyrir eigi lægri fjárhæð en 75 millj. kr.

5. gr.

Byggingarsamvinnufélag veitir félagsmönnum sínum lán til að koma upp íbúðum til eigin afnota. Lán þessi skulu tryggð með 2. veðrétti í húsum og lóðarréttindum, þó þannig, að samanlagður 1. og 2. veðréttur nemi eigi hærri upphæð en 80% af kostnaðarverði. Félagið veitir lánin með sömu kjörum og það nýtur á lánum þeim, sem tekin eru í þessu skyni.

6. gr.

Byggingarsamvinnufélög, sem starfa eftir lögum þessum, skulu fyrir 1. júní ár hvert senda Húsnæðismálastjórn ríkisins og fjármálaráðuneytinu umsóknir um lán vegna félagsmanna sinna, og skal þeim umsóknum fylgja teikning samþykkt af hlutaðeigandi byggingaryfirvöldum ásamt skilríkjum fyrir lóðarréttindum. Slíkri umsókn skulu einnig fylgja kostnaðaráætlun og upplýsingar um lán, sem kunna að verða tekin á 1. veðrétt.

7. gr.

Félagsmenn í byggingarsamvinnufélagi fá því aðeins lán hjá félaginu, að þeir uppfylli eftirfarandi skilyrði:
A. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni og rúmtak hverrar íbúðar fari ekki fram úr 500 teningsmetrum að meðtalinni geymslu og þvottahúsi.
B. Að félagið annist um byggingu hússins að öllu leyti og sé eignarhluti afhentur félagsmanni, þegar hann hefur greitt hann að fullu. Heimilt er þó félagsstjórn að leyfa, að félagsmenn innrétti íbúðir sínar sjálfir, ef hlutaðeigandi lánaflokkur óskar þess.
C. Að félagsmaður sé fjárráða.
D. Sæki fleiri félagsmenn um aðild að byggingu heldur en byggingarsamvinnufélagið getur annað, skulu þeir sitja fyrir, sem lengst hafa verið í félaginu og ekki eiga fullnægjandi íbúð fyrir.

8. gr.

Í þeim sveitarfélögum, þar sem byggingarsamvinnufélög starfa, er hlutaðeigandi sveitarstjórnum skylt að láta slík félög sitja fyrir um úthlutun lóða.

9. gr.

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags, að enginn, sem fengið hefur íbúð að tilhlutan félagsins, megi selja hana innan 15 ára, frá því að bygging hófst, nema stjórn félagsins hafi áður auglýst íbúðina til sölu til félagsmanna og hafnað forkaupsrétti félagsins vegna. Aldrei má framleigja nema nokkurn hluta af íbúðinni.

Þó getur eigandi að fengnu leyfi stjórnarinnar leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda ákveði stjórn félagsins, hve há leigan megi vera. Söluverð slíkrar íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða

fyrstu 15 árin, frá því að bygging hófst, má aldrei vera hærra en stofnverð hennar að viðbættum verðhækkunum samkv. vísitölu byggingarkostnaðar og virðingarverði þeirra endurbóta, sem gerðar hafa verið, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna.

10. gr.

Nú sannast, að félagsmaður hefur selt húseign hærra en leyfilegt er samkvæmt 9. gr., og rennur þá sá hluti söluverðs, sem er umfram hið lögleyfða verð, í varasjóð félagsins.

11. gr.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags ekki forkaupsréttar, og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni, sem félagsstjórnin samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast félagi í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess. Ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að eigninni, enda gerist þau þá löglegir meðlimir félagsins. Ákvæði þessi ná þó eigi til íbúða þeirra, sem eldri eru en 15 ára, og fer um sölu þeirra og leigu eftir ákvæðum laga nr. 36 frá 1952.

12. gr.

Óheimilt er að veðsetja húseignir byggingarsamvinnufélaga fyrir hærri fjárhæð samtals en nemur 80% af brunabótamatsverði þeirra að frádeginni eðlilegri fyrningu, eins og hún kann að verða á hverjum tíma, enda verður eigi gert fjárnám í eigninni fyrir meiri fjárhæð.

13. gr.

Um stjórn, reikningsskil og fundi byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 46 frá 1937. Fjármálaráðherra skipar annan endurskoðanda, enda skal félaginu skylt að senda ráðuneytinu samrit af aðalreikningi sínum árlega.

14. gr.

Húsnæðismálastjórn lætur gera fyrirmyndaruppdrætti bæði af sérbyggingum og sambyggingum til afnota fyrir byggingarsamvinnufélög og lætur þá í té án endurgjalds. Sömuleiðis sér húsnæðismálastjórn um öruggt eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum þeirra félaga, er starfa samkvæmt lögum þessum.

15. gr.

Byggingarsamvinnufélög, er starfa samkvæmt lögum þessum skulu undanþegin greiðslu opinberra gjalda, þ. á m. ríkisábyrgðagjalds.

16. gr.

Um skrásetningu og félagsslit byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 46 1937.

17. gr.

Ákvæði laga þessara ná aðeins til þeirra íbúða, sem hafin er bygging á eftir gildistöku laganna.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru nú gildi numdar 12.—26. gr. laga nr. 36 16. febrúar 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Greinargerð.

Raunverulega velmegun hvers þjóðfélags má ekki hvað síst marka af því, hvernig lausn þess á húsnæðisvandanum er fyrir komið. Hér þarf ekki að eyða löngu máli til að rökstyðja þá brýnu þörf, sem á því er að koma húsnæðismálun-

um í betra horf, um það eru allir sammála. Enda þótt lánsfé til íbúðabygginga hafi vaxið talsvert að krónutölu, skortir þó verulega á, að viðunandi marki hafi þar verið náð.

Hinn 1. júlí s. l. var byggingarkostnaður samkvæmt útreikningi Hagstofunnar kr. 2 768.85 á teningsmetra. Þannig kostar 370 m³ meðalíbúð nú yfir 1 milljón króna í byggingu. Lán húsnæðismálastjórnar eiga á þessu ári að geta komizt upp í 380 þús. kr. út á íbúð, auk þess eiga félagar A. S. Í. rétt á allt að 75 þús. kr. viðbótarláni. Jafnvel þótt hægt yrði að uppfylla þessi fyrirheit, erum við sjáanlega langt á eftir nágrannaþjóðum okkar, sem lána allt að 90% í þessu skyni. Er því ljóst, að verulegt átak þarf hér til að koma.

Verðbólgan og húsnæðismálin eru samvaxin, tæpast er hugsanlegt að leysa byggingaþörfina án stöðvunar verðbólguvaxtarins né lækna verðbólguna án lausnar húsnæðisvandamálanna. En auk þess kemur hér til það, að húsnæði er ein af frumþörfum manna til jafns við fæði og klæði. Þjóðfélagið hefur því ekki uppfyllt skyldur sínar við borgarana, fyrr en tekizt hefur að tryggja öllum rétt til viðunandi húsnæðis á viðráðanlegu verði.

Bæta verður aðstöðu byggingarsjóðs ríkisins og auka það fjármagn, sem hann hefur til ráðstöfunar, jafnframt því sem vinna verður kappsamlegar að því en gert hefur verið undir forustu húsnæðismálastjórnar að lækka byggingarkostnaðinn. Sá hluti laganna um húsnæðismálastjórn, sem fjallar um ráðstafanir til lækkunar á byggingarkostnaði, hefur alveg verið vanræktur. Frá 1959 hefur byggingarkostnaður 370 m³ íbúðar hækkað úr 456 þús. kr. í 1 024 þús. kr., eða meira en tvöfaldazt. Hin mörgu ákvæði 3. gr. laganna, sem sett eru fram til eftirbreytni fyrir húsnæðismálastjórn til að sinna þessum þýðingarmikla lið í verðlagsþróuninni, hafa ýmist lítið eða ekkert komið til framkvæmda. Að vísu stendur nú yfir á vegum ríkisins og Reykjavíkurborgar tilraun í framangreinda átt, þar sem er byggingaráætlunin í Breiðholti, sem vonandi gefur góða raun, en of snemmt er þó að fullyrða neitt um það enn.

En þótt söluverð íbúða sé svo hátt sem raun ber vitni og Hagstofan reikni byggingarkostnaðinn þann, er áður greinir, hafa þó jafnan verið til aðilar, sem byggja undir þessu verði, og eru þar ýmis byggingarsamvinnufélög fremst í flokki.

Það vakti mikla athygli á s. l. vetri, þegar skýrt var frá því, að Byggingarsamvinnufélag verkamanna og sjómanna hefði komið upp fjölbýlishúsum í Reykjavík fyrir mjög hagstætt verð, og síðan hafa opinberlega birzt frásagnir, sem hafa ekki verið véfengdar, af hliðstæðum framkvæmdum annarra byggingarsamvinnufélaga, sem einnig hafa náð mjög góðum árangri að þessu leyti.

Þessar upplýsingar sýna, að með því að bindast samtökum á vegum byggingarsamvinnufélaganna skapa menn sér mesta möguleika á því að koma upp eigin íbúðum á hagkvæmu verði. Hér, eins og á svo mörgum öðrum sviðum, er það leið samvinnu og samhjálpar, sem hagkvæmust er.

Hér í þessu frv. er aðeins vikið að einum þætti húsnæðismálanna, þeim, sem varðar stuðning hins opinbera við byggingarsamvinnufélögin. Enginn vafi leikur á því, að með setningu laganna um það efni var mikilsvert spor stigið í þá átt að aðstoða einstaklinga til að koma upp hóflegum íbúðum til eigin afnota. Hafa fjölmargir haft gagn af þeirri fyrirgreiðslu, sem lögin veita. Tvennt er það einkum, sem skort hefur, til þess að byggingarsamvinnufélögin kæmu að fyllsta gagni. Annars vegar er skortur á hæfum byggingalóðum, sem a. m. k. sums staðar hefur verulega háð þessari starfsemi. Hins vegar er svo það, hversu torvelt og jafnvel ómögulegt það hefur verið að koma ríkistryggðum skuldabréfum félaganna í verð, og er óhætt að fullyrða, að fjárskorturinn hefur verið erfiðastur Þrándur í Götu þessa félagsforms, sem að öðru leyti hefur svo margt að bjóða til lausnar þessa mikilsverða vandamáls.

Með hliðsjón af framansögðu er í frv. þessu lagt til í fyrsta lagi, að í þeim sveitarfélögum, þar sem byggingarsamvinnufélög starfa, sé hlutaðeigandi sveit-

arstjórnum skylt að láta slík félög hafa forgangsrétt um úthlutun lóða, og í öðru lagi, að sú skylda verði lögð á Seðlabanka Íslands að kaupa á nafnverði árlega, ef þörf krefur, ríkistryggð skuldabréf byggingarsamvinnufélaga fyrir eigi lægri fjárhæð en 75 millj. kr. Jafnframt er tillaga gerð um nokkrar smærri breytingar á lögunum um byggingarsamvinnufélög, og verður þeirra getið í sambandi við einstakar greinar hér á eftir.

Frumvarp þetta var einnig flutt á síðasta þingi, en náði þá eigi fram að ganga.

Um 1. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

Um 2. gr.

Óbreytt að öðru leyti en því, að tilskilinn lágmarksfjöldi stofnenda byggingarsamvinnufélags í Reykjavík er hækkaður úr 25 í 50.

Um 3. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

Um 4. gr.

Smávægilegar breytingar eru gerðar á A-, B- og C-lið greinarinnar frá hliðstæðum ákvæðum gildandi laga, sem ekki þarfnast sérstakra skýringa, en í D-lið greinarinnar er það nýmæli tekið upp, að Seðlabanka Íslands er gert að skyldu, ef þörf krefur, að kaupa ríkistryggð skuldabréf skv. B-lið greinarinnar fyrir eigi lægri fjárhæð en 75 millj. kr. árlega. Það er skoðun okkar flutningsmanna, að þessi aðstoð sé alveg óumflýjanleg, ef ákvæðin um byggingarsamvinnufélög eiga að geta náð tilgangi sínum.

Um 5.—7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Ákvæðið er nýmæli og skyldar sveitarstjórnir til þess að láta byggingarsamvinnufélög, sem starfa í viðkomandi sveitarfélagi, sitja fyrir um úthlutun lóða.

Um 9. gr.

Samhljóða ákvæðum gildandi laga að öðru leyti en því, að bann laganna við því að selja íbúðir, nema stjórn byggingarsamvinnufélags hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, er aðeins látið gilda í 15 ár. Flutningsmönnum þykir ekki eftir atvikum sanngjarnt, að þessi kvöð verði látin hvíla á íbúðunum lengur en hér er lagt til.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum 9. gr.

Um 12.—13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Í stað „ríkisstjórnar“ í gildandi lögum er lagt til að komi „húsnæðismálastjórn“, enda fer sú stofnun með þau mál, sem í greininni er fjallað um.

Um 15. gr.

Lagt er til, að byggingarsamvinnufélög, er starfa samkvæmt lögum þessum, skuli undanþegin greiðslu opinberra gjalda, þ. á m. ríkisábyrgðagjalds, og er hér um nýmæli að ræða.

Um 16.—18. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 32. Tillaga til þingsályktunar [33. mál]

um rannsókn á atvinnuráðningu íslenzkra menntamanna erlendis.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Sigurvin Einarsson, Ingvar Gíslason, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka, hvort mikil brögð séu að því, að íslenzkir menntamenn ráði sig að námi loknu til starfa erlendis, og ef svo er, hverjar ástæður liggi til þess.

Greinargerð.

Að undanförnu hefur talsvert verið rætt um það, að ýmsir sérmenntaðir menn, svo sem læknar og verkfræðingar, réðust til starfa erlendis að námi loknu. Virðist svo sem að þessu séu miklu meiri brögð en eðlilegt má telja. Frá því hefur t. d. nýlega verið sagt í dagblaði, að í Svíþjóð einni mundu nú starfa 60—80 íslenzkir læknar. Samkvæmt upplýsingum frá landlæknisskrifstofunni er talið öruggt, að talsvert á annað hundrað íslenzkra lækna dveljist nú erlendis, en þess er að gæta, að allmargir þeirra eru við framhaldsnám eða dveljast þar til bráðabirgða. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Verkfræðingafélagsins munu 35 íslenzkir verkfræðingar, sem eru félagsmenn í Verkfræðingafélaginu, starfa erlendis um þessar mundir. Auk þess munu ýmsir íslenzkir tæknimenntaðir menn stunda atvinnu erlendis.

Það er þannig ljóst, að margir menntamenn hafa leitað atvinnu utan landsteinanna. En þrátt fyrir nokkra eftirgrennslan hefur ekki reynzt unnt að fá um það nákvæmar tölur, hve margir sérmenntaðir Íslendingar stundi atvinnu erlendis. Að áliti okkar flutningsmanna þessarar tillögu er nauðsynlegt, að fram fari rækileg athugun á því, hve marga menn er hér um að ræða. Hitt skiptir og eigi minna máli að kanna það, hverjar ástæður liggja til þess, að þessir sérmenntuðu menn kjósa að setjast að erlendis.

Það liggur í augum uppi, að það er mikið tjón fyrir Ísland að missa þessa sérmenntuðu menn. Hér er full þörf fyrir kunnáttu þeirra og starfsgetu. Framtíð og gengi þjóðarinnar er ekki hvað sízt undir því komin, að hún eigi á að skipa nægilegum fjölda sérkunnáttumanna og tæknimenntaðra manna. Þjóðfélagið hefur kostað miklu til menntunar þessara manna. Hvað dregur þá til útlanda? Eru það betri launakjör eða fullkomnari starfsaðstaða? Eru starfsskilyrði þeirra hér ekki viðhlítandi? Við þessum spurningum þarf að finna rétt svör. Síðan þarf að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að stöðva þá öfugþróun, sem hér virðist hafa átt sér stað. Þess vegna er þessi tillaga flutt. Fyrir henni verður að öðru leyti gerð nánari grein í framsögu.

Ed. **33. Frumvarp til laga** [33. mál]

um viðauka við lög nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Auk þeirra verðuppbóta, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, er heimilt að greiða úr ríkissjóði 12.5 milljónir króna til að bæta útgerðarmönnum tjón á fiskinetum, er þeir hafa orðið fyrir á vetrarvertíð 1967. Landssamband íslenzkra útvegsmanna skal ráðstafa þessu fé í samráði við Fiskifélag Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins, sem fer hér á eftir:

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Sjávarútvegsmálaráðherra hefur tjáð mér, að útvegsmenn hafi orðið fyrir stórkostlegu veiðarfæratjóni á s. l. vetrarvertíð og beri nauðsyn til að hlaupa hér undir bagga. Er frumvarp til laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins var lagt fram á síðasta Alþingi, hafi verið gert ráð fyrir, að verðbætur á ferskfisk samkvæmt 1. gr. laganna myndu nema allt að 100 milljónum króna á árinu 1967. Vegna aflaleysis á síðustu vetrarvertíð sé ljóst, að verðbætur samkvæmt 1. gr. laganna verði a. m. k. 12.5 milljónir króna lægri en gert var ráð fyrir. Sé því rétt að verða við eindregnum óskum útvegsmanna, að þessari fjárhæð verði varið til greiðslu upp í framangreint veiðarfæratjón.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Auk þeirra verðuppbóta, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar er heimilt að greiða úr ríkissjóði 12.5 milljónir króna til að bæta útgerðarmönnum tjón á fiskinetum, er þeir hafa orðið fyrir á vetrarvertíð 1967. Landssamband íslenzkra útvegsmanna skal ráðstafa þessu fé í samráði við Fiskifélag Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 11. maí 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

Sþ. 34. Fyrirspurnir. [34. mál]

I. Til menntamálaráðherra um skólarannsóknir.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

1. Að hverju hafa skólarannsóknir menntamálaráðuneytisins aðallega beinzt fram til þessa?
2. Telur ríkisstjórnin, að með núverandi starfskröftum við skólarannsóknir verði hægt að framkvæma fyrirhugaða endurskoðun á fræðslulöggjöfinni innan hæfilegs tíma?

II. Til forsætisráðherra um framkvæmd stefnuyfirlýsingar.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvernig hyggst ríkisstjórnin framkvæma eftirfarandi atriði í nýjustu stefnuyfirlýsingu sinni: „Efnt verði til sérfræðilegrar könnunar af Íslands hálfu á því, hvernig vörnum landsins verði til frambúðar bezt háttað“?

III. Til landbúnaðarráðherra um rekstur Iceland Food Centre í London.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Hversu miklu ríkisfé hefur verið varið til stofnunar og rekstrar fyrirtækisins Iceland Food Centre í London?
2. Hvernig er háttað fjárskuldbindingum ríkisins gagnvart fyrirtækinu?
3. Hvernig hefur reksturinn gengið?
4. Hverjar áætlanir eru á döfinni um framtíð Iceland Food Centre?

Ed. 35. Frumvarp til laga [35. mál]

um breyting á framfærslulögum, nr. 80 5. júní 1947.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

Aftan við 26. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í Reykjavík kemur félagsmálaráð í stað framfærslunefndar og annast framkvæmd framfærslumála. Skipan félagsmálaráðs, fjöldi ráðsmanna og kjörtímabil ákvarðast af borgarstjórn Reykjavíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við samþykkt borgarstjórnar frá 20. júlí 1967, um nýskipan félagsmála í Reykjavík. Samþykkt borgarstjórnar er prentuð sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Fylgiskjal.

Samþykkt borgarstjórnar frá 20. júlí 1967 um nýskipan félagsmála.

1. Stefnt skal að því, að félagsmálastarfsemi Reykjavíkurborgar verði samræmd með því að fella hana undir eina stjórn. Megináherzlu skal leggja á fjölskylduvernd, fyrirbyggjandi starf og endurhæfingu fjölskyldna og einstaklinga og að sami félagsmálastarfsmaður fjalli sem mest um hvert heimili.
2. Stofna skal félagsmálaráð, er samræmi félagsmálastarf borgarinnar og fari með stjórn félagsmálastofnunarinnar, sbr. 3. lið. Félagsmálaráð heyri undir borgarstjórn, sem setur nánari reglur um verksvið þess. Að því skal stefnt, að félagsmálaráð taki að sér að nokkru eða öllu leyti þau verkefni, sem í lögum eru falin framfærslunefnd, barnaverndarnefnd og áfengisvarnarnefnd. Skal borgarráð vinna að tillögum um nauðsynlegar lagabreytingar í þessu efni.

   Að öðru leyti eru viðfangsefni félagsmálaráðs sem hér segir:

   a. verkefni, sem ákveðin eru í lögum eða af borgarstjórn, þar með talin verkefni nefnda, sem kosnar hafa verið af borgarráði eða skipaðar af borgarstjóra til þess að vinna að einstökum félagslegum verkefnum, nema borgarráð eða lög ákveði annað; félagsmálaráð gerir fyrir n. k. áramót tillögur til borgarráðs (stjórnkerfisnefndar) um stöðu þessara nefnda,
   b. eftirlit með félagsmálastofnunum borgarinnar og frumkvæði að eflingu félagsmálastarfs í Reykjavík,
   c. áætlanir um byggingu félagsmálastofnana, starfsliðsþörf og menntun starfsfólks,
   d. tillögugerð að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar, að því er tekur til félagsmála.

   Félagsmálaráð er svo skipað, að í því eiga sæti 7 menn: Borgarstjóri eða fulltrúi hans, og er hann jafnframt formaður, og 6 menn kosnir hlutfallskosningu af borgarstjórn og jafnmargir til vara. Kjörtímabil félagsmálaráðs er hið sama og borgarstjórnar. Borgarstjórn getur leyft, að flokkur, sem á fulltrúa í borgarstjórn en ekki kjörinn fulltrúa í félagsmálaráði, megi tilnefna fulltrúa (varafulltrúa) til að sitja fundi með málfrelsi og tillögurétti.
3. Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar fer með framkvæmd á ákvörðunum félagsmálaráðs.

   Verkefni hinnar nýju félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar verða því sem hér segir:

   a. starfsemi, sem áður heyrði undir Skrifstofu félags- og framfærslumála, þ. e. framfærslumál, félagsmál, húsnæðismál og ellimál,
   b. rekstur barnaheimila (vistheimila) og umsjón með rekstri barnaheimila Barnavinafélagsins Sumargjafar,
   c. barnaverndarstarf, að svo miklu leyti sem lög um vernd barna og ungmenna heimila. Er skrifstofa barnaverndarnefndar deild í Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar.
   d. áfengisvarnarstarf, sbr. þó lög nr. 58/1954, og samstarf við áfengisvarnardeild Heilsuverndarstöðvar.
4. Stefna skal að því, að öll félagsmálastarfsemi borgarinnar verði á einum stað í sameiginlegu húsnæði.

Ed. 36. Frumvarp til laga [36. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

Flm.: Einar Ágústsson.

1. gr.

Á eftir staflið j í 5. gr. laganna komi nýr stafliður, k, svo hljóðandi:
Öryggisbelti fyrir ökumann og farþega í framsæti.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 26. maí 1968.

Greinargerð.

Í mörgum grannlöndum okkar er það ákveðið með lögum, að í bifreiðum skuli vera öryggisbelti fyrir ökumann og farþega.

Reynslan hefur ótvírætt sýnt, að slíkur búnaður er mjög heppilegur til að koma í veg fyrir eða draga úr meiðslum við bifreiðaárekstra, og fer þeim þjóðum ört fjölgandi, sem lögleitt hafa slík ákvæði.

Enda þótt öryggisbelti séu nú þegar í allmörgum bifreiðum hér á landi, mun notkun þeirra ekki almenn enn sem komið er og verður tæpast fyrr en þá að löngum tíma liðnum, ef ekkert kemur til af opinberri hálfu.

Það er skoðun flutningsmanns, að sjálfsagt sé að gæta allra þeirra öryggisráðstafana, sem tiltækar eru, til að koma í veg fyrir alvarlegar afleiðingar af vaxandi óhöppum og slysum, er leiðir af fjölgun ökutækja og aukinni umferð.

Öryggisbelti þau, sem hér um ræðir, eru eitt af því, sem að þessu getur stuðlað, og virðist því einsýnt að gera notkun þeirra að skyldu, sérstaklega þar sem kostnaðarauki af því er mjög óverulegur, eins og sýnt verður fram á í framsögu.

Flutningsmanni er það kunnugt, að t. d. í Englandi hefur umrædd skylda aðeins verið látin ná til þeirra bifreiða, sem teknar voru í notkun eftir gildistökudag laganna, og breytingunni þannig komið á í áföngum.

Þá leið mætti einnig fara hér á landi, en að athuguðu máli er þó lagt til, að skyldan verði strax látin ná til allra bifreiða. Hins vegar miðast skyldan skv. frv. aðeins við ökumann og farþega í framsæti, en ekki alla þá, sem í bifreiðinni eru, eins og víðast hvar annars staðar mun gilda.

Gildistaka laganna er látin miðast við fyrirhugaða breytingu umferðar frá vinstri til hægri, og ættu þeir, sem óttast slysafaraldur af þeirri breytingu, að vilja gera sitt ýtrasta til að minnka þá áhættu.

Nd. 37. Frumvarp til laga [37. mál]

um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson.

1. gr.

Aftan við E-lið 7. gr. laganna komi ný málsgrein, er orðist svo:

Lán til sjóðfélaga úr lífeyrissjóðum, sem stofnaðir eru með lögum eða viðurkenndir af fjármálaráðuneytinu, skulu þó í engu skerða rétt hlutaðeigandi til lána úr byggingarsjóði ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál þetta er flutt samkvæmt beiðni Landssambands lífeyrissjóða, sem með bréfi, dags. 24. okt. 1967, sneri sér til Alþingis með ósk um, að lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins yrði breytt sem að framan greinir.

Ástæða þess, að Landssamband lífeyrissjóða, sem myndað er af 44 svonefndum frjálsum lífeyrissjóðum og í eru um 8000 lífeyrissjóðsfélagar, ber fram þessa ósk, er sú, að lífeyrissjóðsfélagar hafa ekki á undanförnum árum haft möguleika til fullra lána úr almenna veðlánakerfinu vegna þátttöku þeirra í lífeyrissjóðum. Í lögbundnum lífeyrissjóðum munu einnig vera 8000 manns, svo að mál það, sem hér er flutt, varðar um 16000 lífeyrissjóðsfélaga.

Í bréfi Landssambandsins um þetta efni segir m. a.:

„Félögum lífeyrissjóða voru um skeið veitt full lán úr hinu almenna veðlánakerfi, en undanfarin tvö ár hefur réttur þeirra í þessu efni verið rýrður mjög með reglum þeim, sem beitt hefur verið við úthlutun lána.“

Enn fremur segir:

„Á það skal bent, að margir lífeyrissjóðir hafa verið stofnaðir með þeim hætti, að í stað beinna kauphækkana hafa ákvæði um lífeyrisréttindi verið tekin í kjarasamninga, og enginn vafi leikur á, að hinn öri vöxtur lífeyrissjóða undanfarin ár á að verulegu leyti rót sína að rekja til þarfa sjóðfélaga fyrir lánsfé til bygginga eða kaupa á eigin íbúðum. Það er því hæpin ráðstöfun að gera að engu eða draga stórlega úr þeim ávinningi, sem stofnun lífeyrissjóða hefur haft í för með sér að þessu leyti, með lánareglum hins almenna veðlánakerfis. Þetta sjónarmið kemur líka fram í lagasetningu Alþingis, þar eð félagar eins lífeyrissjóðs, Lífeyrissjóðs togarasjómanna og undirmanna á farskipum, njóta samkvæmt lögum fullra lánaréttinda hjá hinu almenna veðlánakerfi án tillits til lífeyrissjóðslána, sbr. 2. málsgr. 8. gr. laga nr. 78 1962.

Að lokum skal tekið fram, að þótt hér sé fyrst og fremst um að ræða hagsmunamál félaga lífeyrissjóðanna, skiptir það lífeyrissjóðina sjálfa einnig miklu, einkum sjóði með frjálsri þátttöku. Verði framhald á þeirri þróun mála, sem átt hefur sér stað í þessu efni að undanförnu, má því búast við, að sá veigamikli sparnaður, sem felst í starfsemi lífeyrissjóðanna, dragist saman eða aukist a. m. k. mun minna en ella.“

Ed. 38. Frumvarp til laga [38. mál]

um breyting á lögum nr. 73 31. des. 1964, um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum.

Flm.: Björn Fr. Björnsson.

1. gr.

Síðari málsgr. 10. gr. laganna (nú 11. gr.) orðist svo:

Skólastjóri og fastir kennarar eru opinberir starfsmenn og taka laun samkvæmt kjarasamningum þeirra.

2. gr.

Síðasta málsgr. 11. gr. laganna (nú 12. gr.) falli niður.

3. gr.

13. gr. laganna (nú 14. gr.) orðist svo:

Kostnaður við stofnun skólans og rekstur greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi, en varð þá ekki útrætt. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Á Alþingi 1964 voru samþykkt lög um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum. Var um það full samstaða á Alþingi, að eðlilegt væri, að sjómannaskóli til fiskimannaprófs væri staðsettur þar.

Á hinn bóginn eru í lögunum ákvæði um það, að bæjarsjóður Vestmannaeyja skuli greiða kostnað við stofnun og rekstur skólans. Um það atriði var ágreiningur. Þótti mörgum eðlilegt, að ríkið greiddi kostnað við skólann eins og við aðra þætti sjómannafræðslunnar, en notfærði sér ekki þann áhuga, sem fyrir skólanum er meðal Vestmanneyinga, til þess að koma kostnaðinum af honum yfir á þá eina.

Rekstur skólans hefur í för með sér tilfinnanlegan kostnað fyrir Vestmanneyinga. Telja má víst, að engum þyki eðlilegt, að einstök bæjarfélög taki að sér hluta af sjómannafræðslunni í landinu til frambúðar, þó að meiri hluti Alþingis teldi það eftir atvikum rétt í byrjun, meðan skólinn var að sanna sinn tilverurétt.

Nú þykir flutningsmanni rétt að kanna, hvort ekki sé orðinn meiri hluti fyrir því á Alþingi, að ríkið taki að sér kostnað af þessum skóla eins og öðrum þáttum sjómannafræðslunnar. Frumvarp þetta miðar að því, og eru ekki fólgnar í því aðrar breytingar á lögunum."

Ed. 39. Frumvarp til laga [39. mál]

um togarakaup ríkisins.

Flm.: Gils Guðmundsson, Björn Jónsson, Karl Guðjónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða eða kaupa allt að sex skuttogara með það fyrir augum, að þeir verði seldir bæjarútgerðum, félögum eða einstaklingum.

2. gr.

Togarar þessir séu af a. m. k. tveim gerðum, fremur litlir skuttogarar, sem geti ísvarið fisk fyrir heimamarkað, og stórir skuttogarar, búnir fullkomnum tækjum til að heilfrysta fisk.

3. gr.

Til framkvæmda samkvæmt 1. og 2. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 300 millj. kr. lán, er greiðist upp, þegar skipin hafa verið seld.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um meira en hálfrar aldar skeið hefur útgerð togara verið veigamikill þáttur íslenzks atvinnulífs og átt ríkan þátt í framfarasókn þjóðarinnar á þessari öld. Segja má með fullum rétti, að árið 1907, þegar togarinn „Jón forseti" kom hingað nýsmíðaður, héldi tæknin innreið sína í íslenzkan sjávarútveg. Á næstu árum eignuðust Íslendingar allmarga togara, sem flestir voru öndvegisskip á þeirra tíma mælikvarða. Íslenzkir togarasjómenn sýndu það brátt, að þeim var treystandi til að hagnýta hina nýju tækni, enda báru þeir snemma af fiskimönnum annarra þjóða um afla og afköst. Á tímum heimsstyrjaldarinnar fyrri og árunum þar á undan gerðu þessi nýju og

stórvirku atvinnutæki Íslendingum kleift að hagnýta auðlindir hafsins á betri og fullkomnari hátt en áður, juku stórlega magn og verðmæti íslenzkra útflutningsafurða og lögðu grundvöll að vexti og viðgangi hinna stærstu útgerðarstaða.

Undir styrjaldarlok voru flestir togaranna seldir úr landi, en jafnskjótt og friður komst á, var hafizt handa um endurnýjun togaraflotans. Eins og áður var kostað kapps um að kaupa sem bezt og fullkomnust skip, og voru sumir hinna nýju togara sendir til veiða á fjarlæg mið, svo sem til Nýfundnalands. Togarar þessir voru einnig gerðir út til síldveiða með herpinót að sumarlagi og báru þar langt af öðrum skipum um aflasæld og afköst. Þrátt fyrir erfiðleika allrar íslenzkrar útgerðar á kreppuárunum eftir 1930, á tímum stórfellds verðfalls og markaðsörðugleika, átti togarafloti landsmanna þá ómetanlegan þátt í að bjarga afkomu fólks við sjávarsíðuna og forða þjóðarbúinu frá algeru hruni. Á heimsstyrjaldarárunum síðari sönnuðu togaranir enn, hversu afkastamikil og gagnsöm atvinnutæki þeir voru. Þótt togaraflotinn hefði þá ekki verið endurnýjaður um langa hríð, flest skipin gömul orðin og að ýmsu leyti úrelt, var þessi aldraði skipastóll þess umkominn að draga stórfellda björg í bú, sem hægt var að grípa til að stríðinu loknu og hagnýta til endurnýjunar skipastólsins og margvíslegra annarra framkvæmda.

Að lokinni síðari heimsstyrjöld voru keyptir hingað til lands yfir 40 nýir togarar, stærri og fullkomnari en hinir eldri höfðu verið, búnir öllum þeim tækjum og tækni, sem þá var tiltæk og henta þótti íslenzkum aðstæðum. Þessi nýju fiskiskip voru keypt til útgerðarstaða víðs vegar um land. Í þriðja sinn á fjórum áratugum voru Íslendingar komnir í fremstu röð á sviði togaraútgerðar. Fyrstu árin var afli góður, togararnir tryggðu fjölda fólks atvinnu og lögðu upp mikinn fisk í hraðfrystihús um land allt. Áttu togararnir verulegan þátt í að efla fiskiðnaðinn, með því að hagnýta djúpmið og flytja fiskvinnslustöðvunum hráefni allan ársins hring, að heita mátti, sem bátafloti landsmanna var þá ekki fær um nema að takmörkuðu leyti. Og enn er það svo og verður vafalaust um langan aldur, að þorskafli bátanna fæst aðallega á vissum árstímum, en eyður verða á milli vertíða. Togarar einir eru um það færir að stunda þorskveiðar á hvaða árstíma sem er, hvaða miðum sem er og nær því hvernig sem viðrar. Þegar togaraafla nýtur ekki við, eru hraðfrystihús dæmd til að standa ónotuð eða starfa með lágmarksafköstum drjúgan hluta ársins, vegna skorts á hráefni, til stórtjóns fyrir reksturinn og afkomu þess fólks, sem við fiskiðnað vinnur.

Það orkar ekki tvímælis, að togarafloti Íslendinga hefur á undanförnum áratugum verið einn af hyrningarsteinum umbóta og framfara, sem hér hafa orðið. Á vissum tímabilum hafa þessi stórvirku atvinnutæki lagt slíkan skerf til þjóðarbúsins, að ómetanlegt var.

Íslenzk togaraútgerð hefur átt við mikla örðugleika að etja síðustu árin. Ber margt til þess. Minni fiskgengd en áður á þau mið við Ísland, Grænland og Nýfundnaland, sem togurum hafa verið tiltæk, á ríkan þátt í versnandi afkomu. Með stækkun fiskveiðilandhelginnar var íslenzkum togurum bægt af gömlum fiskislóðum, og hafði það einnig nokkur áhrif. Óhagstæð verðlagsþróun innanlands hefur valdið síhækkandi rekstrarkostnaði togara. Við þetta bætist, — og sennilega ríður það baggamuninn, — að íslenzkir togarar eru flestir orðnir gamlir og úreltir. Úthaldskostnaður er af þeim sökum óeðlilega mikill, viðhald skipanna dýrt, sáralitlar umbætur hafa orðið á tæknibúnaði til vinnuhagræðingar og verksparnaðar og áhafnir því fjölmennar. Afleiðingin hefur orðið sú, að togurum fer hríðfækkandi; sumir eru seldir úr landi fyrir afar lágt verð, aðrir liggja óhreyfðir og ryðga við festar. Er nú svo komið, að í stað 40—50 togara, sem héðan voru gerðir út fyrir nokkrum árum, er einungis innan við 20 skipum haldið úti. Um sum þeirra er vitað, að eigendur bíða eftir því einu að geta selt þau öðrum fiskveiðiþjóðum.

Á þessu ári hefur afli íslenzkra togara glæðzt að nýju. Hafa þeir og lagt veiði sína á land til vinnslu hér í ríkara mæli en um nokkurt skeið áður. Er að þessu mikill búhnykkur á þeim fáu útgerðarstöðum, þar sem togaraútgerð er enn stunduð.

En skipin eru orðin allt of fá. Er enginn vafi á því, að vel búinn floti 40—50 nýtízku togara hefði á síðustu misserum verið þess umkominn að færa mikinn aflafeng að landi, sem gjörbreytt hefði rekstrargrundvelli margra fiskvinnslustöðva og orðið fjölda útgerðarbæja öflug lyftistöng.

En ráðamenn þjóðarinnar hafa haldið að sér höndum og látið það viðgangast, að togurum fækkaði ár frá ári, án þess að hafa uppi tilburði til endurnýjunar flotans. Að vísu var sjávarútvegsmálaráðherra látinn lýsa því yfir við upphaf kosningahríðar í vor, „að til athugunar sé hjá ríkisstjórninni, með hvaða hætti verði bezt greitt fyrir kaupum á 3—4 togveiðiskipum af skuttogaragerð". Síðan eru liðnir nær átta mánuðir, og virðist málið enn vera „til athugunar hjá ríkisstjórninni".

Hér verður að breyta gagngert um stefnu, og hefði raunar átt að gerast miklu fyrr. Skipuleg og markviss endurnýjun íslenzks togaraflota er fyrir löngu orðin knýjandi nauðsyn.

Á hverju þingi allt síðasta kjörtímabil bárum við Alþýðubandalagsmenn fram þingsályktunartillögur og frumvörp um endurnýjun togaraflotans. Við færðum hverju sinni að því veigamikil rök, að hér væri um stórfellt hagsmunamál sjávarútvegsins og þjóðarinnar allrar að ræða. En við töluðum því miður fyrir daufum eyrum stjórnarvalda. Þá sjaldan sem eitthvert lífsmark sást með þeim í sambandi við þessi efni, var í hæsta lagi um hálfgefin loforð að ræða, og jafnvel þau voru mjög við nögl skorin. Úr efndum hefur ekkert orðið, og sannar það ljóslega, að núverandi ráðamenn virðist bresta allan skilning á því, hvert stórmál þetta er. — Við erum staðráðnir í að halda baráttunni áfram, unz fullur sigur vinnst, Íslendingar hafa á ný eignazt myndarlegan togaraflota og enn einu sinni tekið forustu um útgerð og aflabrögð á slíkum skipum.

Á síðari árum hefur orðið alger bylting í togarasmíði, veiðitækni og aflameðferð hjá öðrum fiskveiðiþjóðum. Skuttogarar hafa komið til sögunnar og reynzt stórfelld framför frá eldri gerðum togskipa. Vinnuaðstaða er þar allt önnur og betri en á hinum gömlu togurum, tekizt hefur að koma við á nýju skipunum margvíslegri vinnuhagræðingu og vélvæðingu, sem leiðir til sparnaðar í mannafla.

Þær raddir heyrast nú í seinni tíð, að bátafloti landsmanna eigi að geta leyst togarana af hólmi. Hér er um háskalegan misskilning að ræða. Enn er ekkert veiðarfæri til, sem komið getur í staðinn fyrir botnvörpuna, ef stunda á með árangri þorsk- og karfaveiðar á djúpmiðum allan ársins hring. Hverfi íslenzk togaraútgerð úr sögunni, yrðu mikilsverð fiskimið hér við land eftirlátin öðrum þjóðum einum, auk þess sem Íslendingar hefðu þá ekki lengur not af fjarlægum miðum, svo sem við Grænland og Nýfundnaland. Þá mundi einnig glatast dýrmæt reynsla togarasjómanna og útgerðarmanna, sem torvelt gæti orðið að endurheimta síðar, þótt þess yrði talin þörf. Loks er það staðreynd, að starfsgrundvöllur stórra og afkastamikilla hraðfrystihúsa víðs vegar um land má teljast algerlega brostinn, ef ekki nýtur við togaraafla.

Af þeim ástæðum, sem að framan greinir, er nauðsynlegt að hefjast þegar handa um endurnýjun íslenzka togaraflotans. Verður við þá endurnýjun að byggja á reynslu þeirra fiskveiðiþjóða, sem beztum árangri hafa náð við gerð og rekstur nýtízku skuttogara, jafnframt því sem sú tækni sé samhæfð íslenzkum aðstæðum og reynslu, svo sem framast verður við komið. En sú reynsla fæst ekki með öðru móti en því, að byggðir verði eða keyptir nokkrir skuttogarar í tilraunaskyni. Um stærð þeirra og gerð verður að sjálfsögðu að hlíta forsögn sérfróðra manna, erlendra og innlendra. Flm. þessa frv. telja æskilegt, að togarar þeir, sem nú yrðu keyptir, væru af mismunandi stærðum og a. m. k. af tveim gerðum. Annars vegar þyrfti að gera tilraunir með fremur litla skuttogara, sennilega um 500 lestir að stærð, sem geymdu fiskinn ísvarinn og lönduðu honum til vinnslu í hraðfrystihúsum. Hins vegar ætti að kaupa nokkuð stóra skuttogara, 1000—1400 lestir að stærð, og væru þeir búnir hraðfrystitækjum til heilfrystingar á fiski. Yrði þar einnig við það miðað, að þessir togarar öfluðu fyrsta flokks hráefnis fyrir innlendan markað. Hraðfrystihús þau,

sem tækju heilfrystan fisk úr þessum togurum til vinnslu, yrðu að sjálfsögðu að koma sér upp tækjum til að þíða fiskinn, en slík tæki eru nú komin til sögunnar og notuð víða erlendis með góðum árangri. Slík vinnsla hraðfrystihúsa úr heilfrystum fiski á að geta gjörbreytt aðstöðu þeirra og gert reksturinn stórum tryggari en verið hefur. Þá skapast möguleikar til fastrar, daglegrar vinnslu, líkt og á sér stað um hvern þann verksmiðjurekstur, þar sem hægt er að geyma birgðir hráefnis óskemmdar langtímum saman og vinna það eftir því, sem haganlegast er fyrir reksturinn.

Til þess að greiða fyrir framgangi þessa máls þarf aðstoð hins opinbera að koma til, bæði að því er varðar aðild að smíðasamningi skuttogara og útvegun lánsfjár. Hins vegar er eðlilegt, að starfandi bæjarútgerðum og öðrum togarafélögum verði gefinn kostur á að eignast og reka hina nýju skuttogara, þegar þar að kæmi. Ef til vill reynist nauðsynlegt, meðan útgerð slíkra togara er á tilraunastigi hér, að hið opinbera styðji þær tilraunir með einhverjum hætti. Engan veginn er þó víst, að til fjárstuðnings þurfi að koma umfram það, sem felst í fyrirgreiðslu varðandi hagkvæm lán til kaupanna.

Jafnskjótt og einhver reynsla væri komin á hin nýju skip og talið, að hún lofaði góðu, yrði að gera nokkurra ára áætlun um endurnýjun íslenzka togaraflotans, t. d. þannig, að honum bættust a. m. k. 4—6 skip á ári. En eins og nú standa sakir, ber brýna nauðsyn til, að sem allra fyrst sé hafizt handa um öflun skuttogara í tilraunaskyni. Þess vegna er frv. þetta flutt.

Sþ. 40. Tillaga til þingsályktunar [40. mál]

um undirbúning löggjafar um embætti lögsögumanns.

Flm.: Kristján Thorlacius, Einar Ágústsson, Bjarni Guðbjörnsson, Ingvar Gíslason, Sigurvin Einarsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til þess að undirbúa löggjöf um stofnun embættis lögsögumanns, með sérstakri hliðsjón af löggjöf á Norðurlöndum um embætti „ombudsmands".

Hverjum þingflokki skal gefinn kostur á að tilnefna einn mann í nefndina. Hinn fimmti skal tilnefndur af hæstarétti, og sé hann formaður.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á Alþingi á árunum 1964, 1965 og 1966, og fylgdi henni þá svofelld greinargerð:

„Þingsályktunartillaga þessi fjallar um nefndarskipun til þess að undirbúa löggjöf um stofnun embættis lögsögumanns með sérstakri hliðsjón af löggjöf Norðurlanda um störf „ombudsmands".

Í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð hefur verið komið á fót embættum, sem hafa því hlutverki að gegna að tryggja, að einstaklingar í þjóðfélaginu séu ekki beittir órétti eða valdníðslu. Embættismaður þessi hefur hjá nágrannaþjóðum okkar verið nefndur „ombudsmand".

Í tillögu þessari er lagt til, að hliðstæður íslenzkur embættismaður beri hið forna heiti lögsögumaður. Þykir fara vel á því, þar sem eitt af verkefnum hans yrði að leiðbeina mönnum um, hvað væru lög, en einmitt því hlutverki gegndi lögsögumaðurinn að fornu, þótt með öðrum hætti væri.

Svíar hafa lengsta reynslu af starfi „ombudsmands" síns, en þar í landi var slíkt embætti stofnað árið 1809 og hefur verið rækt síðan. Annars staðar á Norðurlöndum er þessi starfsemi miklu yngri. Norsk löggjöf um þetta efni var sett á árinu 1962.

Hér á landi hefur á síðari áratugum orðið ör þróun í þá átt, að ríkisvaldið og bæjaryfirvöld hafi æ meiri afskipti af málum, er snerta daglegt líf einstaklinganna. Og þótt allir eigi að vera jafnir fyrir lögunum, vill út af því bregða.

Tilgangurinn með stofnun embættis lögsögumanns á að vera sá að auka möguleika þess, að lög og reglur þjóðfélagsins gangi réttlátlega yfir alla. Er þá jöfnum höndum átt við þau hlunnindi, sem þjóðfélagið veitir þegnum sínum, og þær kvaðir, sem á þá eru lagðar, sem og meðferð refsimála og afplánun refsinga þeirra, er brotlegir gerast.

Löggjöf Norðurlanda um þetta efni er nokkuð sitt með hverjum hætti, og í okkar fámenna þjóðfélagi eru aðstæður á ýmsan hátt aðrar en hjá fjölmennari þjóðum. Þess vegna hlýtur löggjöf um lögsögumenn að verða í ýmsu frábrugðin hliðstæðri löggjöf annarra Norðurlandaþjóða í þessu efni.

Lagt er til, að nefnd manna úr öllum þingflokkum sé falið að annast undirbúning löggjafar þessarar, og sýnist eðlilegt, að hæstiréttur eigi þar einnig hlut að máli og tilnefni formann nefndarinnar."

Síðan þessi tillaga var fyrst flutt á Alþingi, hefur verið samþykkt löggjöf um þetta efni í Nýja Sjálandi og Bretlandi, til viðbótar þeim löndum, sem að framan eru nefnd.

Nokkrir hafa látið í ljós, að heitið „lögsögumaður" sé ekki heppilegt í þessu sambandi, og er sjálfsagt að taka fram, að flutningsmenn telja heiti þessa starfsmanns ekkert aðalatriði, heldur verkefni þau, sem honum eru ætluð, og eru reiðubúnir til samkomulags um annað starfsheiti, ef menn telja það hentugra.

Nd. 41. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um lögræði, nr. 95 5. júní 1947.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Tveir nefndarmanna, Bragi Sigurjónsson og Steingrímur Pálsson, voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. nóv. 1967.

Matthías Bjarnason, form., frsm. Jónas Pétursson. Skúli Guðmundsson.
Pétur Sigurðsson. Gísli Guðmundsson.

Nd. 42. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 39 27. júní 1921.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Tveir nefndarmanna, Bragi Sigurjónsson og Steingrímur Pálsson, voru fjarstaddir við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. nóv. 1967.

Matthías Bjarnason, form., frsm. Jónas Pétursson. Skúli Guðmundsson.
Pétur Sigurðsson. Gísli Guðmundsson.

Ed. 43. Frumvarp til laga [41. mál]

um Bjargráðasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

Bjargráðasjóður Íslands er sjóður til hjálpar landsmönnum í hallæri, til að koma í veg fyrir bjargarskort, og til að bæta úr stórtjóni á mannvirkjum og búfé af völdum náttúruhamfara og sjúkdóma, allt eftir þeim reglum, sem gilda um einstakar deildir sjóðsins. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir: sameignardeild, séreignardeild sýslu- og bæjarfélaga og afurðatjónadeild landbúnaðarins.

3. gr.

Hlutverk sameignar- og séreignardeildar er að hjálpa landsmönnum í hallæri og afstýra neyðarástandi, enn fremur bæta úr stórtjóni á mannvirkjum og búfé af völdum náttúruhamfara.

Það er hallæri, ef sveitarfélög verða af náttúruvöldum svo illa stödd, að þau megna ekki af eigin rammleik að forða mönnum eða skepnum frá harðrétti eða felli.

Hlutverk afurðatjónadeildar er að hjálpa bændum, sem verða fyrir tilfinnanlegu uppskerutjóni vegna grasbrests og óþurrka og afurðatjóni á nautgripum og sauðfé af völdum alvarlegra smitsjúkdóma.

4. gr.

Árlegar tekjur Bjargráðasjóðs eru þessar:

a. Framlag sveitarfélaga, er skal vera 10 krónur fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins, samkvæmt þjóðskránni 1. des. næsta ár á undan.
b. Framlag ríkissjóðs, er nemur 10 krónum fyrir hvern mann, samkvæmt þjóðskránni 1. des. næsta ár á undan.
c. 0.25% gjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr. laga nr. 38 15. febrúar 1945 um stofnun búnaðarmálasjóðs.
d. Framlag ríkissjóðs, er nemur jöfnu framlagi bænda samkvæmt c.-lið þessarar greinar.
e. Vextir af fé sjóðsins.

5. gr.

Stjórn sjóðsins, er nefnist bjargráðastjórn, skipa ráðuneytisstjórinn í félagsmálaráðuneytinu, sem er formaður stjórnarinnar, formaður Búnaðarfélags Íslands, forseti Fiskifélags Íslands, formaður Sambands íslenzkra sveitarfélaga og formaður Stéttarsambands bænda. Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar, sem greiðist úr sjóðnum.

6. gr.

Bjargráðastjórn hefur á hendi alla stjórn sjóðsins, reikningshald hans og annað það, er sjóðinn varðar. Rétt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra, sem annast þá í umboði stjórnarinnar allt reikningshald og daglega afgreiðslu á vegum sjóðsins.

Bjargráðastjórn skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir, sem miða að því að afstýra hallæri.

7. gr.

Ársreikningar sjóðsins skulu fullgerðir fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert. Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins og endurskoðendur ríkisreikninganna

skulu endurskoða reikningana án sérstaks endurgjalds frá sjóðnum, og skal þeirri endurskoðun vera lokið fyrir 30. apríl ár hvert.

Reikninga sjóðsins skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

8. gr.

Framlag sveitarfélaga innheimtir Félagsmálaráðuneytið með því að draga það frá úthlutun til þeirra úr Jöfnunarsjóði.

Framlag ríkissjóðs, samkvæmt 4. gr. b., greiðist sjóðnum fyrir 30. júní ár hvert.

Um álagningu og innheimtu gjalds samkvæmt c-lið 4. gr. gilda sömu reglur og um búnaðarmálasjóðsgjald.

Framlag ríkissjóðs samkvæmt 4. gr. d. greiðist ársfjórðungslega.

9. gr.

Tekjur sjóðsins skiptast þannig milli deilda:

Í sameignardeild rennur allt framlag ríkissjóðs, samkvæmt 4. gr. b., og 25% af framlagi sveitarfélaga, samkvæmt 4. gr. a., og er það sameign allra landsmanna.

Í séreignardeild sýslu- og bæjarfélaga rennur 50% af framlagi sveitarfélaga, samkvæmt 4. gr. a., og skal það vera séreign þess kaupstaðar, er framlagið greiddi, eða sýslu vegna þeirra framlaga, sem hreppar sýslunnar hafa greitt.

Í afurðatjónadeild landbúnaðarins rennur allt framlag bænda samkvæmt 4. gr. c. og ríkissjóðs samkvæmt 4. gr. d., enn fremur 25% af framlagi sveitarfélaga samkvæmt 4. gr. a.

Vextir af fé hverrar deildar eru eign hennar.

Allur kostnaður af starfrækslu sjóðsins greiðist úr sameignarsjóði.

10. gr.

Ef hallæri ber að höndum, á hvert sýslu- og bæjarfélag tilkall til séreignar sinnar í sjóðnum til útbýtingar samkvæmt reglum, sem sýslnnefnd eða bæjarstjórn hefur samþykkt þar um, enda samþykki ráðherra slíka ráðstöfun, að fengnu áliti bjargráðastjórnar. Skýrslu um úthlutun þessa skal viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn senda bjargráðastjórn þegar að úthlutun lokinni.

Ef haustbirgðir reynast svo litlar í einhverju héraði, að hætta er á bjargarskorti fyrir menn og skepnur, ef illa vetrar, þá má sýslunefnd eða bæjarstjórn með samþykki bjargráðastjórnar nota séreign sína í sjóðnum til að kaupa eða tryggja varaforða, en það fé, sem þannig er notað, skal greiða aftur að fullu, en vaxtalaust, í bjargráðasjóðinn á ársfresti, nema því verði ráðstafað samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar.

11. gr.

Bjargráðastjórn er heimilt:

a. að veita sveitarfélögum og sýslufélögum lán eða styrk eða hvort tveggja úr sameignarsjóði, ef um er að ræða hallæri í sveitarfélaginu eða sýslunni vegna óvenjulegra harðinda, langvarandi aflaleysis eða vegna tjóns af náttúruvöldum á mannvirkjum eða búfé, enda hafi ekki verið vátryggt fyrir tjóninu.
b. að veita einstaklingum, sem fyrir tjóni hafa orðið af náttúruvöldum, lán eða styrk eða hvort tveggja, úr sameignarsjóði, enda hafi ekki verið vátryggt fyrir tjóninu. Lán skal tryggt með ábyrgð sveitarfélags eða annarri öruggri tryggingu.

Ef handbært fé sameignardeildar verður meira en ætla má nauðsynlegt til greiðslu lána eða styrkja, samkvæmt a.- og b.-lið þessarar greinar, er stjórn sjóðsins heimilt að veita sveitarfélögum eða fyrirtækjum þeirra og sýslufélögum lán gegn ábyrgð ríkissjóðs eða annarri öruggri tryggingu.

12. gr.

Bjargráðastjórn er heimilt að veita sveitarfélögum og einstökum bændum lán eða óafturkræft framlag eða hvort tveggja úr afurðatjónadeild. Lán til einstakra bænda skulu tryggð með ábyrgð hlutaðeigandi sveitarfélaga eða annarri öruggri tryggingu:

a. til að afstýra óeðlilega mikilli förgun búfjár vegna grasbrests eða óþurrka, svo til stórhnekkis gæti orðið fyrir afkomu bænda.
b. vegna afurðatjóns á nautgripum og sauðfé af völdum alvarlegra smitsjúkdóma, svo sem lambaláts, veiruskitu í kúm og sölubanns afurða.
c. til að bæta stórtjón vegna dauða nautgripa og sauðfjár af völdum sjúkdóma, enda hafi ekki verið vátryggt fyrir tjóninu eða það bætt samkvæmt öðrum lögum.

13. gr.

Fé Bjargráðasjóðs, sem ekki hefur verið ráðstafað samkvæmt 10., 11. og 12. gr. laga þessara, skal ávaxtað í banka með ríkisábyrgð, er lánar fé til landbúnaðar.

14. gr.

Sá, sem sækir um lán eða styrk úr sameignardeild samkvæmt 11. gr. a.—b. og afurðatjónadeild samkvæmt 12. gr., skal senda sjóðsstjórninni svo glöggar skýrslur, sem kostur er á, um tjón það, sem bæta skal. Bjargráðastjórn getur krafizt vottorða og upplýsinga varðandi slíkar umsóknir frá þeim aðilum, sem slíkar upplýsingar geta veitt, og er þeim skylt að láta þær í té, svo sem föng eru á.

15. gr.

Nú hrekkur fé sjóðsins eigi til þess að veita þá aðstoð, sem nauðsyn krefur, samkvæmt 11. gr. a.—b. og 12. gr., og er þá ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast nauðsynleg lán fyrir sjóðinn eða veita honum lán úr ríkissjóði.

Tryggja má slík lán með veði í eignum og tekjum sjóðsins.

16. gr.

Í reglugerð, er bjargráðastjórn semur og staðfest er af ráðherra, skal setja nánari reglur um rekstur sjóðsins og ákvæði um lán og bætur úr honum, þar á meðal ákvæði um greiðslu dráttarvaxta, ef vanskil verða. Skal leita tillagna Búnaðarfélags Íslands og Séttarsambands bænda um þau atriði, er varða afurðatjónadeild landbúnaðarins.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1968. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 8 14. febr. 1961, svo og lög um breyting á þeim lögum, nr. 10 18. marz 1966.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er í meginatriðum samhljóða frumvarpi til laga um Bjargráðasjóð Íslands, sem samið var af stjórnskipaðri nefnd samkvæmt þingsályktun frá 1. apríl 1964. Því frumvarpi fylgdi greinargerð, er hér er prentuð á eftir.

Hinn 8. ágúst s. l. skipaði landbúnaðarráðherra nefnd, er gera skyldi tillögur til úrbóta vegna lélegrar grassprettu og kals á Norðurlandi og víðar. Nefnd þessi skilaði áliti 23. október s. l. og er í álitinu lagt til, að bændum á þessu svæði, sem illa urðu úti vegna fóðurskorts, verði veitt aðstoð og komi sú aðstoð úr Bjargráðasjóði. Jafnframt segir svo í nefndarálitinu:

„Nefndin leyfir sér að benda á, að nauðsynlegt sé að efla Bjargráðasjóð Íslands, til þess að hann geti staðið undir áföllum vegna uppskerubrests og annarrar óárunar.

Ræddi nefndin þá hugmynd við forráðamenn bænda á fundum sínum í sumar og var henni vel tekið. Fyrir liggur frumvarp til laga um Bjargráðasjóð Íslands, samið af stjórnskipaðri nefnd samkvæmt þingsályktun frá 1. apríl 1964. Frumvarp það var lagt fyrir Búnaðarþing árið 1966, að tilhlutan landbúnaðarráðuneytisins. Búnaðarþing mælti með samþykkt frumvarpsins með nokkrum breytingum. Var frumvarpið ásamt breytingatillögunum, með bréfi dags. 24. marz 1966, sent landbúnaðarráðuneytinu, félagsmálaráðuneytinu og Bjargráðasjóði Íslands. Nefndin leggur til, að frumvarp þetta verði lagt fyrir Alþingi til samþykktar með þeim breytingum, sem Búnaðarþing gerði við það, þó með eftirgreindum viðbótarbreytingum:

1. Að c-liður 4. gr. frumvarpsins orðist svo: „0.25% gjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr. laga nr. 38 15. febrúar 1945 um stofnun búnaðarmálasjóðs".
2. Að 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins orðist svo: „Um álagningu og innheimtu gjalds samkvæmt c-lið 4. gr. gilda sömu reglur og um búnaðarmálasjóðsgjald".
3. Að 4. mgr. 8. gr. frumvarpsins orðist svo: „Framlag ríkissjóðs samkvæmt 4. gr. d. greiðist ársfjórðungslega".
4. Vegna þessara breytingatillagna falla að sjálfsögðu niður 1. gr. og 3. gr. í breytingatillögum Búnaðarþings.

Þeir Einar Ólafsson og Halldór Pálsson hafa kynnt sér afstöðu stjórna Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands til þessa máls og eru þær samþykkar, að æskilegt væri, að frumvarpið nái fram að ganga, sbr. ályktun Búnaðarþings árið 1966 og ályktun aðalfundar Stéttarsambands bænda árið 1967.

Nefndarmönnum er kunnugt um, að bjargráðastjórn mun hlynnt eflingu Bjargráðasjóðs á þann hátt, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Nái frumvarp þetta fram að ganga, má áætla, að árlegar viðbótartekjur afurðatjónadeildar landbúnaðarins, sbr. 2. gr. frumvarpsins verði um 9 milljónir króna. Verði frumvarpið að lögum á Alþingi því, sem nú situr, leggst gjaldið til Bjargráðasjóðs skv. c-lið 4. gr. frumvarpsins fyrst á vöru framleidda á árinu 1968 og innheimtist því lítið af búvörugjaldinu fyrr en á árinu 1969, þótt ríkisframlagið skv. d-lið sömu greinar verði lagt fram fyrr."

Frumvarp það, sem hér er lagt fyrir Alþingi, er eins og áður er rakið, að meginstofni til samhljóða frumvarpi því, er nefndin ræðir um í áliti sínu. Á því hafa verið gerðar breytingar í samræmi við tillögur nefndarinnar. Breytingatillögur búnaðarþings, er nefndin getur um, eru þó yfirleitt þess efnis, að telja verður eðlilegra, að ákvæði þar um verði sett með reglugerð. Gert er ráð fyrir að formaður Stéttarsambands bænda taki sæti í bjargráðastjórn samkvæmt tillögum Búnaðarþings. Enn fremur hefur ráðuneytið gert á frumvarpinu aðrar smávægilegar breytingar.

Greinargerð sú, er fylgdi frumvarpi hinnar stjórnskipuðu nefndar, er áður getur, er svohljóðandi:

„Á Alþingi 1963 komu fram þrjár þingsályktunartillögur um tryggingamál landbúnaðarins. Þessar tillögur voru:

1. Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun laga um Bjargráðasjóð o. fl., flm. Jónas Pétursson og Magnús Jónsson.
2. Tillaga til þingsályktunar varðandi búfjártryggingar, tryggingar gegn uppskerubresti o. fl., flm. Ásgeir Bjarnason, Gísli Guðmundsson, Ágúst Þorvaldsson og Karl Kristjánsson.
3. Tillaga til þingsályktunar um tryggingarsjóð landbúnaðarins, flm. Björn Jónsson, Ragnar Arnalds og Gils Guðmundsson.

Öllum þessum tillögum var vísað til allsherjarnefndar, en hún sendi þær til Bjargráðasjóðs Íslands, Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til umsagnar, og töldu allar þessar stofnanir nauðsyn á auknum tryggingum í landbúnaði. Allsherjarnefnd sameinaði því í eina tillögu öll þessi meginsjónarmið í áðurgreind-

um þingsályktunartillögum og flutti svolátandi þingsályktun um tryggingar gegn uppskerubresti og afurðatjóni, er var samþykkt á Alþingi 1. apríl 1964:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fjóra menn í nefnd, einn tilnefndan af stjórn Bjargráðasjóðs Íslands, annan af Búnaðarfélagi Íslands, hinn þriðja af Stéttarsambandi bænda og hinn fjórða án tilnefningar, til að endurskoða lög um búfjártryggingar og önnur lög, er málið varða, í því skyni, að komið verði á fót fyrir landbúnaðinn tryggingum gegn uppskerubresti og afurðatjóni með hliðsjón af aflatryggingum sjávarútvegsins. Sá nefndarmaður, sem skipaður er af ríkisstjórninni án tilnefningar, skal vera formaður nefndarinnar."

Hinn 15. júní 1964 skipaði landbúnaðarráðherra í nefnd þessa þá: Ólaf E. Stefánsson, settan búnaðarmálastjóra, formann, Þorstein Sigurðsson, bónda, tilnefndan af Bjargráðasjóði Íslands, Gísla Kristjánsson, ritstjóra, tilnefndan af Búnaðarfélagi Íslands og Kristján Karlsson, erindreka, tilnefndan af Stéttarsambandi bænda.

Þegar nefndin tók til starfa sumarið 1964, var henni ljóst, að hún hafði litla innlenda reynslu til að byggja tillögur sínar á, svo að heitið gæti. Lög um búfjártryggingar eru að vísu til, en þrátt fyrir ýmsar breytingar á þeim og rækilega endurskoðun 1956, þar sem gert er ráð fyrir skyldutryggingu á búfé, hafa þau ekki náð þeirri viðurkenningu hjá bændum, að tryggingar búfjár samkvæmt þeim eru sáralitlar nema trygging á kynbótagripum. Nefndin var því sammála um að fela Gísla Krisjánssyni, ritstjóra, sem þá var á leið til Norðurlanda, að afla upplýsinga og ýmissa gagna viðvíkjandi landbúnaðartryggingum á Norðurlöndum, einkum í Svíþjóð, þar sem nefndinni var kunnugt, að þar eru landbúnaðartryggingar lengst á veg komnar. Norðmenn hafa einnig nokkrar tryggingar og eru að vinna að þeim, en miklu skemmra á veg komnir.

Svíar hafa komið á hjá sér mjög fullkomnum tryggingum, m. a. uppskerutryggingum, sem nú hafa starfað í 3 ár. Í skýrslu Gísla Kristjánssonar til nefndarinnar og gögnum, sem hann aflaði fyrir hana, kemur fram, að á bak við tryggingakerfi Svía liggur geysiumfangsmikill undirbúningur, enda tók þá 20 ár að koma landbúnaðartryggingum sínum í það horf, sem þær eru nú.

Hliðstæð tryggingastarfsemi og Svíar hafa mun ekki til annars staðar, enda hafa þeir skyldutryggingu fyrir alla, sem hafa tvo ha. af ræktuðu landi eða þar yfir. Hagstofa Svía (Statistik byrå) safnaði uppskerugögnum um alllangt árabil um hinar ýmsu tegundir uppskeru í hinum ýmsu landshlutum, og var það nauðsynlegur grundvöllur til að byggja fullkomið tryggingakerfi á.

Árlega fara fram rannsóknir á uppskerumagni, og er landinu skipt í 400 mats- og tryggingasvæði og 30 býli valin árlega í hverju, þar sem athuganir eru gerðar á uppskerunni oftar en einu sinni á sumri. Er hún flokkuð, metin og jafnvel efnagreind. Auk þessarar vinnu er það mikið starf að reikna út niðurstöður af þessum athugunum.

Þetta er hin fastákveðna vinna á hverju ári, en auk þess þarf að heimsækja alla þá, sem sækja um tjónabætur og meta uppskeru hjá þeim, og er það að sjálfsögðu enn meira verk og misjafnt eftir árferði. Verður það allt að gerast á skömmum tíma.

Bændur í Svíþjóð geta valið um nokkra eigin áhættu, og fara iðgjöld eftir því. Algengt er, að áhætta þessi sé 15% af verðmætinu. Iðgjöldin eru lögð á búfé.

Framlag ríkisins var í upphafi trygginganna 20 milljónir sænskra króna móti 30 milljónum frá bændum árlega. Nú hefur þessu verið breytt á þann veg, að ríkið greiðir framlag jafnt framlagi bænda. Auk þess greiðir ríkið allan hinn mikla kostnað við framkvæmd trygginganna og hefur auk þess lagt fram 75 milljónir króna, sem aðeins má nota til að mæta stórtjónum, og er sú upphæð óháð árlegu framlagi.

Í Noregi hafa uppskerutryggingar verið til umræðu síðustu árin. Bændafélag Norðmanna (Norges Bondelag) hefur í samráði við norska landbúnaðarráðuneytið

látið semja drög að frumvarpi ásamt greinargerð um uppskerutjónabætur. Var frumvarpið afhent landbúnaðarráðuneytinu í nóvember 1965.

Í greinargerðinni er bent á, að landbúnaðurinn sé öðrum atvinnuvegum misfallasamari, því að hann sé svo háður veðurfari. Jafnframt er vakin athygli á, að eftir því sem búskapurinn verður sérhæfðari og rekinn með meiri vélakosti, sem kostar mikið, því meira og tilfinnanlegra verður fjárhagstjónið, þegar uppskeran bregzt. Þá er skýrt frá því, að uppskerubrestur hafi orðið einhvers staðar í landinu sex af tíu síðast liðnum árum.

Í greinargerðinni kemur fram, að bændafélagið telur nauðsynlegt, að komið verði á föstu skipulagi, sem feli í sér tjónabætur til bænda, sem uppskeran hefur brugðizt hjá, svo að öryggið verði meira í atvinnugreininni í heild, og að hver einstakur bóndi hafi lágmarkstryggingu fyrir fjárhagslegri afkomu.

Bændafélagið bendir á fjögur atriði, sem það telur, að leggja beri til grundvallar við uppbyggingu á tjónakerfi:

a. Framleiðandinn hafi rétt til tjónabóta, þegar sannanlegur uppskerubrestur að vissu marki er í héraðinu.
b. Tjónabæturnar fari eftir skýrum og ákveðnum reglum, svo að framleiðandinn viti hvað gildi í hverju tilfelli.
c. Öruggur fjárhagsgrundvöllum verði fenginn með því, að stofnaður verði uppskerutjónasjóður með föstum árlegum tekjum.
d. Framkvæmdin á reglunum um tjónabæturnar falli í öllum aðalatriðum undir hið opinbera framkvæmdakerfi.

Í reglunum leggur bændafélagið til, að 20—25% af uppskerunni sé alltaf í eigin áhættu og ekki komi til tjónabóta, nema þegar uppskerurýrnunin verður meiri en 20—25% af meðaluppskeru. (Meðaluppskera = meðaltal af raunverulegri uppskeru þriggja síðustu ára). Með þeirri fjárhagsafkomu, sem er nú í landbúnaðinum, telur bændafélagið að atvinnugreinin geti ekki tekið á sig tjónin af alvarlegum uppskerubresti. Bændafélagið telur þess vegna rétt, að ríkið leggi árlegt framlag í uppskerutjónasjóðinn, sem nemi 1.5% af heildarverðmæti meðalársuppskeru, en til að gera þetta fjárhagslega tryggt, þyrfti enn fremur að koma til ríkisábyrgð, sem mætti grípa til, þegar fé sjóðsins hrekkur ekki til að greiða tjónabætur þau ár, sem mikill uppskerubrestur er.

Þá leggur bændafélagið til, að þeim bændum, sem verða fyrir uppskerubresti, verði auk tjónabótanna séð fyrir rekstrarlánum. Því að með 20—25% af uppskerunni í eigin áhættu verður tap bóndans tilfinnanlegt, og tæplega hægt að gera ráð fyrir, að hann hafi bolmagn til að halda framleiðslunni uppi nema fá til þess rekstrarlán. Árlegt framlag ríkisins í tjónabótasjóðinn mundi verða, ef miðað væri við, að greitt væri 1.5% af heildarverðmæti meðalársuppskeru, um 25 milljónir norskra króna.

Búreikningastofa ríkisins mundi árlega þurfa að reikna út, hvert framlagið ætti að vera eftir þessum ákvæðum. Í reglunum er lagt til, að allir bændur, sem hafa meira land en tvo ha., geti fengið uppskerutjónabætur. Það er gert ráð fyrir, að hver tegund af uppskeru sé tekin ein út af fyrir sig, en ekki meðaltal af fleiri tegundum uppskeru.

Þegar nefndin hafði athugað mjög gaumgæfilega tryggingakerfi Svía, komst hún að þeirri niðurstöðu, að það væri langsamlega ofviða fyrir íslenzkan landbúnað vegna þess, hve dýrt það yrði í framkvæmd.

Nefndin telur tillögur Norðmanna athyglisverðar og sjálfsagt að fylgjast með framvindu mála þessara þar í landi, t. d. í sambandi við setningu reglugerðar.

Þá kynnti nefndin sér helztu atriði landbúnaðartrygginga í Kanada.

Að þessu athuguðu varð nefndin sammála um, að eðlilegast væri að skipta þessu máli í tvær greinar, þannig:

1. Að sett verði ný löggjöf um búfjártryggingar, þar sem nautgripir og sauðfé sé skyldutryggt gegn dauða af völdum sjúkdóma, slysa og annarra vanhalda.

2. Að lögum Bjargráðasjóðs Íslands verði breytt í það horf, að hann verði efldur svo fjárhagslega, að hann geti veitt þá aðstoð, sem um munar, þegar heil héruð, sveitarfélög eða einstaklingar verða fyrir stóráföllum af völdum langvarandi harðinda, grasbrests, óvenjulegra óþurrka eða stórfelldu afurðatjóni á búfé af völdum sjúkdóma eða náttúruhamfara.

Á þessum grundvelli hefur nefndin unnið, og er það í fullu samræmi við þingsályktun þá, sem skipun nefndarinnar er byggð á.

Nefndin hefur samið frumvarp til laga um búfjártryggingar ásamt greinargerð, þar sem saga þess máls er rakin ýtarlega. Í öðru lagi hefur nefndin yfirfarið lögin um Bjargráðasjóð Íslands og gert á þeim svo miklar breytingar, að réttast þótti að semja frumvarp til laga um Bjargráðasjóð.

Bjargráðasjóður Íslands var stofnaður með lögum 1913. Fram til 1958 mátti glöggt sjá á honum merki þess tímabils, þegar hann var stofnaður. Sjóðurinn var févana frá fyrstu tíð, og gat því aldrei nema að litlu leyti þjónað þeim tilgangi, sem honum var ætlað. Þegar harðindin herjuðu norðanlands og austan með vorharðindunum 1949, hallærissumarið 1950 og fádæma harðindavetur fram á vordaga 1951, þá var sjóðurinn þess ómegnugur að veita þessum héruðum það fjármagn til fóðurkaupa, sem þörf var fyrir. Þá lagði ríkissjóður fram 5—6 milljónir króna, sem var úthlutað sem lán til bænda í harðindahéruðunum, og hafnaði þetta fé að mestu leyti þar fyrir fullt og allt. Sumarið 1955 var eindæma óþurrkasumar, sennilega það mesta á þessari öld, en sumarið 1913 mun þangað til hafa átt óþurrkametið, enda varð afurðatjón gífurlegt, einkum á sauðfé vorið 1914, svo að til hálfgerðrar auðnar horfði sums staðar. Þá var Bjargráðasjóður nýstofnaður og félaus.

Um haustið 1955 var heyfengur bæði lítill og lélegur á Suður- og Vesturlandi. Á þessu svæði var meiri hluti nautgripa landsins, öll mjólkurframleiðslan fyrir höfuðborgina og annað þéttbýli við Faxaflóa og sauðfjáreign álíka og fyrir niðurskurð. Það þurfti því mikið fjármagn til kaupa á þeim fóðurvörum, sem nauðsynlegt var að fá til að halda öllu í venjulegu horfi. Þá gat Bjargráðasjóður með naumindum látið 2 milljónir króna, en þeir, sem kunnugir voru ástandinu, vissu, að þetta var ekki nema sjötti hluti þess fjár, sem nauðsynlegt var að fá til þess að halda hinum mikla bústofni bænda í þessum víðlendu héruðum í sæmilegu horfi. Til þess að leysa þennan vanda, lagði ríkissjóður fram 10 milljónir króna, er lána skyldi bændum til fóðurkaupa, og var þessu fé skipt milli hreppa þessara héraða af þar til skipuðum mönnum. Þegar hér var komið þessu máli, var Bjargráðasjóði falin framkvæmd lánanna og innheimta, þegar þar að kæmi. Nokkru seinna var sjóðnum afhent þetta fé til eignar og umráða af Alþingi, en með því skilyrði, að þeim bændum, sem stæðu höllum fæti fjárhagslega, væri gefinn eftir drjúgur hluti lánanna. Urðu margir frekir til fríðindanna, og fór svo, að meiri hluti þessa fjár braut sér farveg í gegn um sjóðinn, svo að hann mátti heita jafn innantómur eftir sem áður, og varð úr þessu leiðindasaga og ekki til menningarlegs ávinnings.

Til ársins 1961 voru tekjur sjóðsins aðeins 2 krónur á hvern þjóðfélagsþegn frá sveitarfélögum landsins og jafnmikið frá ríkinu, svo að sjóðurinn var í sífelldu svelti. Árið 1961 voru tekjur sjóðsins hækkaðar upp í 5 krónur á hvern mann frá hvorum aðila, og var það úrbót í bili, en síðan hafa fleiri og fleiri leitað til sjóðsins með margs konar vandkvæði, og hefur verið leitazt við að veita flestum einhverja úrlausn.

Nú kom það á daginn, sem stjórn sjóðsins var vel ljóst að verða mundi, ef stóráfelli gerði, að þegar mikill hluti hins ræktaða lands á Austur- og Norð-Austurlandi varð að flagi í vor vegna kals og heyfengur því mjög lítill, var augljóst, að nú þurfti fjárhagslega aðstoð. Bændur í þessum héruðum töldu, að þeir þyrftu að kaupa um 30 þús. hestburði af heyi í haust til að fyrirbyggja fóðurskort í vetur. Slíkt er stórt fyrirtæki og kostar bæði mikið fé og fyrirhöfn og bændum ofvaxið að standa straum af slíku án hjálpar. Að sjálfsögðu var augum rennt að austan til Bjargráðasjóðs og ríkisins, ef sjóðurinn væri vanmegnugur, sem vitað var. Stjórn

sjóðsins lagði fram það, sem til var, eða 3.6 milljónir króna, 1.2 milljón látið sem óafturkræft framlag, en hitt, 2.4 milljónir, vaxtalaust lán til nokkurra ára. Þetta var að áliti þeirra manna, sem bezt þekktu allar ástæður austur þar, nálægt því að vera helmingi of lítið. Ríkisstjórnin fór þá fram á það, að sjóðurinn tæki ekki minna en 3ja milljóna króna lán með 9% vöxtum, sem ríkið ábyrgðist, og léti þetta fé af hendi til að létta bændum heykaupin, án þess að til endurgreiðslu kæmi af þeirra hálfu. Skyldi sjóðurinn greiða lánið á þremur árum ásamt vöxtum. Stjórn sjóðsins varð við þessari ósk ríkisstjórnarinnar, þrátt fyrir það, að augljóst var, að sjóðurinn yrði einskis megnugur næstu þrjú árin, nema nýir tekjustofnar kæmu til.

Nefndinni var ljóst, að henni bar að benda á úrbætur í þessu efni, svo að sjóðurinn kæmist á sæmilega fjárhagslegan grundvöll og gæti valdið verkefnum sínum. Eins og áður er getið, virðist nefndinni engin tök á að koma á fót skipulögðu tryggingakerfi í líkingu við það, sem er í Svíþjóð fyrir afurðatjónum vegna uppskerubrests og ýmsum búfjársjúkdómum. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að sjóðurinn er vanmegnugur að koma bændum til hjálpar, þegar heil héruð verða fyrir stórfelldu tjóni af völdum harðinda, grasbrests, óþurrka o. fl.

Með tilliti til þessa leggur nefndin til, að stofnuð sé sérstök deild í sjóðnum, er nefnist afurðatjónadeild, sem hafi það verkefni að mæta þeim áföllum, sem að framan eru talin, ásamt hinum deildunum. Bændur greiði í deildina árlega nokkurs konar tryggingargjald af framleiðslu sinni gegn jöfnu framlagi úr ríkissjóði. Verkefni deildarinnar verði að bæta bændum stórfelld uppskeru- og afurðatjón vegna grasbrests, óþurrka, harðinda, ýmissa búfjársjúkdóma, svo sem lambaláts, veiruskitu í kúm o. fl.

Eins og frumvarpið ber með sér, leggur nefndin til, að árstekjur deildarinnar verði: ¼% af allri innveginni mjólk í mjólkursamlög og af öllu innvegnu kindakjöti, og gerir þetta, eins og nú horfir, um 3.5 milljónir króna, og jöfn upphæð úr ríkissjóði. Auk þess leggur nefndin til, að helmingur af því fé, sem hingað til hefur runnið í sameignarsjóðinn frá sveitarfélögum, verði lagt í þessa nýju deild. Færir nefndin þau rök fyrir þessari ráðstöfun, að með stofnun þessarar nýju deildar léttir á sameignarsjóðnum, miðað við þær reglur, sem stjórn sjóðsins hefur starfað eftir. Þó skal það tekið fram, að nefndin lítur svo á og telur vafalaust, að bændur eigi enn sem fyrr rétt til bóta úr sameignarsjóðnum, og tjón af völdum náttúruhamfara skuli ætíð bætt úr honum. Samkvæmt framansögðu yrðu árlegar tekjur afurðatjónadeildar landbúnaðarins 7.5 milljónir króna. Líkur eru til, að ef deildin yrði ekki fyrir stóráföllum fyrstu árin, ætti hún að geta orðið fjárhagslega sjálfstæð og innt af höndum þau verkefni, sem henni ber að annast.

Líklegt er, að bændum þyki nóg um, hve oft er vegið í sama knérunn, hvað álögur á framleiðslu þeirra snertir. Víst er þó, að stórlega hefur skilningur landsmanna, og þá bænda ekki síður en annarra, vaxið á nauðsyn hvers konar trygginga, enda hafa margir bændur fengið dýrkeypta reynslu af að vanrækja þær. En allar tryggingar kosta fé úr hendi þess, sem tryggingu tekur, enda byggjast allar tryggingar á því. Er þess að vænta, að bændum sé ljós nauðsyn þess, að fundin sé leið til að auka öryggi sveitanna og landbúnaðarins í heild með því að gera hann óháðari náttúruöflunum. Með stofnun afurðatjónadeildar landbúnaðarins er að þessu stefnt, um leið og auknu fjármagni er veitt í landbúnaðinn frá ríki, hliðstætt því, sem aðrar stéttir hafa þegar fengið með framlögum til Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins og atvinnuleysistrygginga.

Frá sjónarmiði ríkisins hlýtur það að teljast farsælli leið að veita árlegt framlag til aðstoðar vegna óáran og safna því saman í góðæri, heldur en eiga það víst, að til ríkissjóðs sé leitað um skjóta úrlausn hvert skipti, þegar vandræðaástand skapast, án þess að sérstakt fjármagn hafi verið til þess ætlað. Ákveðnar reglur um aðstoð og innheimtu skapa einnig meiri festu og gengur jafnar yfir alla, þegar til lengdar lætur. Og þó hér sé ekki um fast tryggingakerfi að ræða, þá miðar þetta að sama marki, en þessi leið valin til að forðast þann geysikostnað, sem kerfisbundnar afurða-

tryggingar myndu hafa í för með sér, en allur kostnaður við rekstur sjóðsins yrði, eins og hingað til, greiddur af fé sameignardeildar.

Sú tillaga nefndarinnar, að ríkið leggi fram fé til deildarinnar til jafns við framlög bænda, er hliðstæð framlagi ríkisins til Aflatryggingasjóðs, og er á þetta bent í þingsályktunartillögunni sem eðlilega leið. Framlag ríkissjóðs til Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins (fyrir utan framlag til styrktar togaraútgerð) er áætlað 27.5 milljónir króna á fjárlögum 1965 og 29.0 milljónir í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1966, en yrði til afurðatjónadeildar landbúnaðarins um 3.5 milljónir, eins og áður er fram tekið.

Bent hefur verið á aðra leið, sem grundvöll fyrir greiðslu bænda til deildarinnar, en hún er sú, að greidd sé ákveðin krónutala af hverjum ha. ræktaðs lands. Nefndin gat ekki fallizt á þessa leið vegna þess, að þó gera megi ráð fyrir áframhaldandi aukningu ræktunar, þá sýnir reynslan, að hún hefði ekki vegið á móti hraðminnkandi verðgildi peninga um mörg undanfarin ár. Prósentugreiðsla af framleiðslunni fylgir verðlagi og vegur á móti verðrýrnun peninga. Þá er það mjög mikils vert, hve innheimta gjaldsins er auðveld og kostnaðarlítil. Enn má á það benda, að þar sem umrætt gjald er til að tryggja fyrir afurðatjóni fyrst og fremst, er eðlilegt, að það sé lagt á framleiðsluna. Þá kom til athugunar að leggja gjaldið á búfé, nautgripi og sauðfé, og fara þar að dæmi Svía. Nefndin sá ýmsa annmarka á því og hvarf frá þeirri leið.

Það mun vekja eftirtekt og óánægju ýmissa manna, að ekki er gert ráð fyrir tryggingu á uppskerubresti kartaflna. Ræktun kartaflna er mjög óárviss víða um land. Hins vegar er verð á þeim mjög hátt, svo að það freistar margra að fara út í slíka ræktun, jafnvel í stórum stíl. Ýmis dæmi eru þess, að menn fara úr ágætis atvinnu, mynda hlutafélag, leigja sér land, kaupa mikinn vélakost, útsæði og áburð og byggja dýrar kartöflugeymslur. Viðri vel getur þetta orðið stórgróðafyrirtæki. Komi frostnótt upp úr miðjum ágúst og þótt seinna sé, verður stórtap ekki umflúið. Trygging fyrir kartöfluuppskerubresti yrði að vera mjög dýr. Svo virðist, að Bjargráðasjóður eigi langt í land að geta tekið að sér svo áhættusama tryggingu. Svipuðu máli gegnir um kornrækt.

Nefndin kvaddi til fundar við sig við samning þessa frumvarps ýmsa menn, svo sem stjórn Bjargráðasjóðs og framkvæmdastjóra, búnaðarmálastjóra, yfirdýralækni, skrifstofustjóra Fiskifélags Íslands, framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs og framkvæmdastjóra Stéttarsambands bænda og sauðfjárveikivarna o. fl. Þakkar nefndin þessum mönnum góð ráð og tillögur.

Gert er ráð fyrir í frumvarpinu, að sett verði ýtarleg reglugerð fyrir sjóðsstjórnina að starfa eftir, og er það mjög nauðsynlegt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin kveður á um hlutverk Bjargráðasjóðs í meginatriðum. Rétt þótti vegna lánastarfsemi sjóðsins að setja ákvæði um heimilisfang hans og varnarþing.

Um 2. gr.

Greinin fjallar um skiptingu Bjargráðasjóðs í deildir. Við sjóðinn hafa verið tvær deildir: sameignardeild og séreignardeild sýslu- og bæjarfélaga. Þriðju deildinni, afurðatjónadeild landbúnaðarins, er hér bætt við, sbr. hina almennu greinargerð með frumvarpinu.

Um 3. gr.

Hlutverk hinna þriggja deilda sjóðsins er tilgreint nánar en í 1. gr. Fyrstu tvær málsgreinarnar eru að efni til svipaðar því, sem tekið er fram í 1. gr. gildandi laga um Bjargráðasjóð, en verksvið hinna tveggja deilda, sem nú eru við sjóðinn, víkkar nokkuð til samræmis við þá reynslu, sem fengizt hefur um starfsemi sjóðsins, sbr.

enn fremur 10 og 11. gr. Síðasta málsgreinin kveður nánar á um hlutverk hinnar nýju deildar, afurðatjónadeildar landbúnaðarins, sbr. 12. gr. og skýringar við hana.

Um 4. gr.

Greinin svarar til 2. gr. gildandi laga um tekjur Bjargráðasjóðs, en gert ráð fyrir tvöföldun tekna frá sveitarfélögum móti jöfnu framlagi ríkisins í samræmi við frumvarp það, sem ríkisstjórnin hefur nú lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi 1965, um breyting á lögum um Bjargráðasjóð Íslands, sbr. almenna greinargerð með þessu frumvarpi.

Þá er bætt við sérstökum tekjustofnum fyrir afurðatjónadeild landbúnaðarins frá bændum móti framlagi úr ríkissjóði. Höfð var í þessu sambandi hliðsjón af lögum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. hina almennu greinargerð, þar sem enn fremur er skýrt, hvers vegna þessi tekjustofn var valinn.

Með því að miða framlagið eingöngu við útborgunarverð mjólkur og kindakjöts, en ekki aðrar afurðir af nautgripum og sauðfé, er innheimta handhæg, þótt segja megi, að þessi viðmiðun raski dálítið hlutfalli á framlagi frá þessum búfjárgreinum.

Í reglugerð er rétt að ákveða, að gjald af ær- og hrútakjöti skuli vera helmingi lægra en gjald af dilka- og geldfjárkjöti.

Um 5., 6. og 7. gr.

Greinarnar svara til 3., 4. og 5. gr. í gildandi lögum um Bjargráðasjóð, og eru þær óbreyttar.

Um 8. gr.

Til að gera innheimtu á framlagi sveitarfélaga einfaldari er hér gert ráð fyrir, að Félagsmálaráðuneytið innheimti það úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í stað þess, að sýslumenn og bæjarfógetar sjái um innheimtu framlagsins.

Ákvæðið um innheimtu á framlagi ríkissjóðs til sameignarsjóðs er óbreytt frá gildandi lögum.

Framleiðsluráði landbúnaðarins er gert að annast innheimtu á framlagi bænda ásamt verðjöfnunargjöldum. Er því mjög lítil aukaleg vinna við þessa innheimtu, sem fer fram mánaðarlega á mjólk.

Framlag ríkissjóðs á móti framlagi bænda innheimtist þó aðeins ársfjórðungslega af mjólk og af kindakjöti fyrir 1. marz ár hvert af innlögðu kjöti árið áður, enda liggur þá fyrir, hve mikið það magn hefur verið.

Um 9. gr.

Hér er sú breyting gerð á tekjustofnum sameignardeildar, að nú fær hún, auk ríkisframlagsins á móti sveitarfélögum, aðeins 25% af framlagi sveitarfélaga í stað 50% áður, en 25% af framlagi sveitarfélaganna rennur til hinnar nýju afurðatjónadeildar, enda léttir hún á útgjöldum sameignardeildar, sbr. almenna greinargerð með frumvarpinu. Í afurðatjónadeild rennur auk þess allt framlag bænda og framlag ríkissjóðs þar á móti. Í hinni almennu greinargerð er skýrt frá því, hve miklar tekjur afurðatjónadeildar eru áætlaðar samkvæmt þessari grein.

Um 10. gr.

Greinin svarar til 8. gr. í gildandi lögum og er óbreytt.

Um 11. gr.

Greinin svarar til 9. gr. í gildandi lögum og er óbreytt að öðru leyti en því, að orðið **sameignardeild** er notað í stað orðsins **sjóðurinn**, þar sem við á í sambandi við aðstoð.

Um 12. gr.

Þessi grein, sem er ný, fjallar um verkefni afurðatjónadeildar landbúnaðarins. Vísast um heildarsjónarmið nefndarinnar í almenna greinargerð. Nauðsynlegt er að setja reglugerð, er kveði nánar á um, hvaða tjón skuli bætt, á hvern hátt og að hve miklu leyti, allt þó með þeim fyrirvara, að stjórn sjóðsins hafi frjálsar hendur innan ákveðinna takmarka um, hvernig bæta skal, svo að ekki þurfi að breyta reglugerð nema brýna nauðsyn beri til. Nefndin lítur svo á, að leggja beri áherzlu á að bæta hin stóru tjón, sem bændur verða fyrir, en ekki smátjón.

Aðstoð vegna grasbrests og óþurrka er miðuð við, að vandræðaástand skapist í sveitarhlutum, heilum sveitum, héruðum eða landshlutum, en ekki hjá einstökum bændum á svæði, þar sem heyskapur hefur á sama ári gengið sæmilega eða vel.

Aðstoð vegna afurðatjóns á nautgripum og sauðfé af völdum smitsjúkdóma er í greininni ákveðin hvað við kemur lambaláti og veiruskitu í kúm, en hvort tveggja veldur árlega stórskaða hjá einstökum bændum. Í reglugerð ætti að vera heimild til að bæta tjón af völdum fleiri hliðstæðra sjúkdóma. Þá er ástæða til að bæta tjón vegna sölubanns á afurðum nautgripa og sauðfjár vegna einangrunar af völdum sjúkdóma.

Meðan lög hafa ekki verið sett um skyldutryggingu nautgripa og sauðfjár, þykir rétt, að afurðatjónadeildin geti bætt stórtjón vegna dauða þessara búfjártegunda eða slátrunar af völdum búfjársjúkdóma. Tjón á þessum bústofni og öðrum af völdum náttúruhamfara yrði heimilt að bæta úr sameignardeild, sbr. hina almennu greinargerð.

Nú fer fram endurskoðun laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, og munu ekki líkur fyrir því, að nefndin, er að þeirri endurskoðun vinnur, muni mæla með því, að undir þá löggjöf falli bætur vegna fleiri en þeirra 4 búfjársjúkdóma, sem nú eru tilgreindir í þeim lögum. Verður því tæplega að vænta víðtækari aðstoðar með þeirri löggjöf.

Um 13. gr.

Greinin virðist ekki þurfa skýringa.

Um 14. og 15. gr.

Greinarnar eru efnislega samsvarandi 11. og 12. gr. gildandi laga að því við bættu, að ákvæði þeirra ná til hinnar nýju afurðatjónadeildar sjóðsins.

Um 16. gr.

Greinin fjallar um setningu reglugerðar. Vegna hins mikla framlags bænda til afurðatjónadeildar, þykir rétt, að bændasamtökin samþykki þau ákvæði reglugerðarinnar, er við þá deild eiga, og er það hliðstætt ákvæðum í lögum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Um 17. gr.

Greinin fjallar um gildistöku laganna og afnám eldri laga.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Greinin kveður á um, hvenær innheimta á framlagi bænda í afurðatjónadeild skuli hefjast, og er þá miðað við gildistöku samkvæmt 17. gr. frumvarpsins.“

Nd. **44. Frumvarp til laga** [42. mál]

um breyting á lögum nr. 31 27. júní 1941, um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis.

Flm.: Magnús Kjartansson, Lúðvík Jósefsson, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi ný grein, sem orðist svo:

Um allar meiri háttar ákvarðanir í utanríkismálum skal ráðuneytið hafa samráð við utanríkismálanefnd Alþingis, bæði meðan Alþingi er að störfum og milli þinga.

Sendinefnd Íslands á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna er skipuð af ráðherra til eins árs í senn, og skulu þingflokkarnir hafa rétt til að tilnefna einn fulltrúa hver í nefndina.

Árlega skal ráðherra gefa Alþingi skýrslu um viðhorf ríkisstjórnarinnar til utanríkismála og um störf íslenzku sendinefndarinnar á þingi Sameinuðu þjóðanna, ásamt rökstuddri greinargerð um afstöðu Íslands til einstakra mála á þinginu.

2. gr.

Fyrsti málsliður í 2. gr. laganna, sem lagt er til að verði 3. gr., orðist svo:

Ríkisstjórnin ákveður, að fengnu samþykki alþingis, á hvaða stöðum skuli vera sendiráð.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 31 27. júní 1941 og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um meðferð íslenzkra utanríkismála.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er að meginefni samhljóða frumvarpi, sem flutt var á síðasta þingi af Ragnari Arnalds, Einari Olgeirssyni og Lúðvík Jósefssyni, en hlaut þá ekki þinglega afgreiðslu.

Mjög er misjafnt, hvaða mál koma til kasta Alþingis. Á sumum sviðum er Alþingi ætlað að taka ákvarðanir jafnvel um hin smæstu framkvæmdaatriði, en um önnur mál, einnig hin veigamestu, hefur ríkisstjórnin vald til að skera úr að Alþingi fornspurðu. Meðal þeirra málaflokka, sem Alþingi hefur allt of lítil afskipti af, eru utanríkismál, og stafar sú tilhögun eflaust af því, að tiltölulega skammt er síðan Íslendingar tóku sjálfir við stjórn utanríkismála sinna, svo að ekki var um forna hefð að ræða á því sviði. Frumvarpi þessu er ætlað að stuðla að því, að hinir kjörnu fulltrúar þjóðarinnar á Alþingi eigi þess mun meiri kost en verið hefur að taka þátt í að móta stefnuna í utanríkismálum, en með slíkri tilhögun mun allur almenningur einnig eiga auðveldara með að fylgjast með þeim örlagaríku vandamálum og taka þátt í umræðum um þau.

Í frumvarpinu er í fyrsta lagi áréttað lagaboð, sem nú er í þingsköpum Alþingis: „Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga, og skal ráðuneytið ávallt bera undir hana utanríkismál, sem fyrir koma milli þinga.“ Þetta skýlausa lagaákvæði í 16. gr. þingskapa hefur verið þverbrotið hvað eftir annað á undanförnum árum, og er mál, að þeim lögbrotum linni. Þetta ákvæði þingskapa hefur almennt verið skilið svo, að ríkisstjórninni bæri ekki aðeins skylda til að bera undir utanríkismálanefnd þá samninga, sem Alþingi verður að samþykkja, heldur og sérhver meiri háttar utanríkismál. Í frumvarpinu er tekið fram, að þessi skylda hvíli á ríkisstjórn bæði milli þinga og meðan þing situr.

Þá er lagt til í frumvarpinu, að hver stjórnmálaflokkur á Alþingi eigi rétt til að tilnefna einn fulltrúa í sendinefnd Íslands á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Í haust hafði utanríkisráðherra þennan hátt á, og ber að fagna því. Hins vegar er eðlilegt, að þetta sjálfsagða atriði sé fest í lögum, svo að það verði ekki háð breytilegum viðhorfum þeirra manna, sem gegna störfum utanríkisráðherra hverju sinni.

Enn er það lagt til í frumvarpinu, að ráðherra verði falið að birta Alþingi árlega skýrslu um utanríkismál. Utanríkismál hafa verið miklum mun minna rædd á Alþingi Íslendinga en á þjóðþingum nálægra landa; það er til að mynda afar fátítt, að Alþingi sé greint frá afstöðu fulltrúa Íslands í alþjóðasamtökum, þ. á m. á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Því er lagt til, að ráðherra flytji árlega ýtarlega skýrslu um utanríkismál, svo að alþingismenn eigi kost á að rökræða þau mikilvægu verkefni.

Að lokum er lagt til í frumvarpinu, að ákvarðanir um stofnun sendiráða erlendis skuli bornar undir Alþingi til samþykkis eða synjunar. Skipulag utanríkisþjónustunnar er að sjálfsögðu mjög veigamikill þáttur utanríkismála. Íslendingar geta af augljósum ástæðum aðeins haft takmarkaðan fjölda sendiráða erlendis, en þeim mun mikilvægara er, að þau séu ákveðin af fyrirhyggju. Það er mál manna, að skipulag utanríkisþjónustunnar sé nú orðið mjög úrelt og að tímabært sé að endurskoða það frá grunni með tilliti til breyttra aðstæðna. Virðist sjálfsagt, að Alþingi taki virkan þátt í þeirri endurskoðun.

Sþ. 45. Fyrirspurn [43. mál]

til menntamálaráðherra um sameining Landsbókasafns og Háskólabókasafns.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvað líður framkvæmd á ályktun Alþingis frá 29. maí 1957, um sameining Landsbókasafns og Háskólabókasafns?

Sþ. 46. Tillaga til þingsályktunar [44. mál]

um sérstakan fjárhagsstuðning við Vatnsveitu Vestmannaeyja.

Flm.: Karl Guðjónsson, Björn Fr. Björnsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að láta 15% af heildarsölu Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins í Vestmannaeyjum næstu 10 ár renna til stofnkostnaðar Vatnsveitu Vestmannaeyja, auk þeirrar fyrirgreiðslu, sem ákveðin verður á hverjum tíma úr ríkissjóði samkv. lögum nr. 93 frá 1947, um aðstoð til vatnsveitna.

Greinargerð.

Eins og alkunnugt er, hefur allt frá fornu fari verið alvarlegur skortur á góðu neyzluvatni í Vestmannaeyjum. Náttúrleg vatnsból eru þar ekki, að talizt geti, og hefur þar aðallega verið notazt við þá vatnsöflunaraðferð að safna regnvatni af húsaþökum í steyptar þrær, svonefnda brunna, við hvert hús og koma síðan fyrir sérstökum dælubúnaði í húsunum til að hafa rennandi vatn til nota, þótt engin sameiginleg vatnsveita væri þar til.

Þessi aðferð er bæði dýr og á ýmsan hátt óhentugri en sameiginleg vatnsveita. En ekki væri það þó óbærilegt, ef þetta fullnægði þörfinni og stæðist heilbrigðiskröfur þær, sem nú eru gerðar og gera verður.

En eftir því sem þéttbýli í Eyjum fór vaxandi og lifnaðarhættir kröfðust aukinnar vatnsnotkunar, varð stöðugt örðugra að fullnægja vatnsþörfinni með þessum hætti, auk þess sem mengunarhætta fer vaxandi vegna aukins þéttbýlis og einnig af völdum geislunarhættu.

Auk hinna beinu erfiðleika við vatnsöflunina er það líka margt, sem til hagræðis horfir, sem Vestmanneyingar hafa ekki getað notfært sér til jafns við aðra sökum vatnsskortsins. Má þar sem dæmi tilnefna, að mjög tíðkast í nútíma samfélagsháttum að byggja sambýlishús til íbúða, og er það alkunna, að slíkt er bæði ódýrara og á margan hátt hentugra. Það hefði verið sérstök ástæða til þess að viðhafa þann máta við húsagerð í Eyjum, þar sem landrými er mjög af skornum skammti, og hefur raunar gengið meira á óbyggt land en hófi gegnir hin seinustu árin. En einbýlishús eru næstum einu húsin, sem í Eyjum hafa verið reist, vegna þess að hver fjöskylda þarf að hafa 100—200 m² þakflöt til þess að safna vatni af, ef nægjanlegt á að vera til heimilisþarfa.

En þótt augljóst megi vera, hvert óhagræði íbúum Vestmannaeyja er að vatnsleysinu og hver skortur á heilbrigðislegu öryggi hlýtur að vera í því að eiga þess engan kost að afla neyzluvatns nema með þeim hætti, sem greint hefur verið, er þó enn ónefndur sá hlutur, sem að framleiðslu og fiskiðnaði lýtur.

Með vaxandi vélvæðingu fiskvinnslunnar hefur vatnsþörf stóraukizt. Margar fiskvinnsluvélar, sem gerðar eru fyrir að nota vatn við vinnsluna, hafa verið látnar nota sjó í stað vatns, með þeim afleiðingum, að ending þeirra er aðeins lítið brot af því, sem eðlilegt verður að teljast.

Stærri skip og lengra úthald, án þess að í land sé komið, krefst líka aukinnar vatnsnotkunar á fiskiflotanum.

Öllum þessum þáttum vatnsnotkunarinnar er það nú sameiginlegt, að það gerist stöðugt tíðara, að þörfinni sé alls ekki fullnægt.

Af öllum þessum ástæðum hefur á liðnum árum mikið kapp verið á það lagt af Vestmanneyinga hálfu að leysa úr vatnsþörfinni, og hafa í því skyni mörg úrræði verið könnuð, og sum þeirra hafa um skeið vakið nokkrar vonir, en því miður er þeim það öllum sameiginlegt, að þau hafa ekki leyst vandann.

Hér er ekki ástæða til að rekja þær tilraunir í einstökum atriðum, en síðasta tilraunin var djúpborun, til að kanna, hvort vatnsæðar kynnu að finnast djúpt í berglögum undir Eyjum. Var borað niður á um 1700 m dýpi, en árangurinn varð enginn annar en 6 millj. kr. kostnaður, sem ríki og Vestmannaeyjabær greiddu að hálfu hvor aðili.

Nú hafa Vestmanneyingar hafizt handa um lögn vatnsveitu úr landi Syðstu-Merkur undir Eyjafjöllum um Markarfljótsbrú og Austur-Landeyjar í Landeyjasand. Þangað er leiðslan nú þegar komin, og vatnið streymir út á sandinn fram undan bænum Bakka í Landeyjum og mun væntanlega svo verða í vetur. Næsta sumar verður svo lögð neðansjávarleiðsla út í Vestmannaeyjar, ef allt fer sem ætlað er, og vatnsæðin úr landi tengd innanbæjarkerfinu í Eyjum, sem þegar er komið nokkuð áleiðis, nær um það bil til þriðjungs kaupstaðarins, og verður áfram unnið að bæjarkerfinu, þar til það er fullgert.

Kostnaður við veitu þessa er lauslega áætlaður um 103 millj. kr., og fylgir kostnaðaráætlun sú, sem Efnahagsstofnunin hefur tekið saman um veituna, hér með sem fylgiskjal.

Þá er þess að geta, að Austur-Landeyingar hafa þegar fengið vatn úr veitu þessari á hvert einasta býli í hreppnum, en þau munu vera um 40 talsins. Leiðsla þeirra er tekin út úr aðalæð Eyjaveitunnar nálægt bænum Svanavatni í Landeyjum, og er hún um 53 km löng samtals, svo að hér er einnig um óvenjulegt fyrirtæki að ræða, sem kostar um 5 millj. kr.

Það má því í raun réttri segja, að hér sé um sameiginlega vatnsveitu að ræða fyrir Vestmannaeyjur og Austur-Landeyjar, og verður að teljast eðlilegt, ef Alþingi féllist á tillögu þessa, að þá yrði það lagt á vald ráðherra að ákveða, hvernig fé því, sem hér um ræðir, yrði varið í þágu veitunnar, með sama hætti og fé úr ríkissjóði samkv. lögum nr. 93/1947.

Það er augljóst mál, að vatnsveita þessi er alveg einstæð. Enginn kaupstaður hefur áður sótt vatn sitt um svo langan veg og torleiði sem Vestmannaeyjar né heldur lagt í sambærilegan kostnað. Það eru því sem vonlegt er, engin lög til um aðstoð við vatnsveitur, sem gera ráð fyrir jafngífurlegum kostnaði og hér um ræðir, og almennar fjárveitingar til vatnsveitna ekki við það miðaðar.

Hér er því lagt til að farið sé að í samræmi við það, hve málið er óvenjulegt, og leitað nýrrar leiðar um fjárútvegun umfram það, sem almennt gildir um vatnsveitur, en þó komizt hjá beinum óvenjulegum framlögum úr ríkissjóði til verksins.

Á yfirstandandi ári í marzmánuði opnaði Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins nýja útsölu í Vestmannaeyjum. Ekki er vitað, með hvað mikilli sölu vert er að reikna árlega hjá því fyrirtæki. Sala þess nam í septemberlok 20.7 millj. króna og verður þá væntanlega um 30 millj. á árinu. Nú er það flestra skoðun, að óeðlilega mikil viðskipti hafi verið við verzlun þessa hina fyrstu mánuði, vegna þess að engin slík verzlun hafði þá verið í Eyjum um margra ára skeið. Vel mætti því hugsa sér, að 30 millj. kr. væri líkleg árssala. Heildarupphæðin, sem tillaga þessi gerir ráð fyrir á 10 árum, mundi þá geta orðið nálægt 45 milljónum króna og þá rösklega 40% af áætluðum stofnkostnaði veitunnar, svo að hér er um hóflega tillögugerð að ræða.

Þegar fjárlög ársins 1967 voru samþykkt, var verzlun sú, sem hér er ráðgert að hafa að tekjustofni, ekki komin á fót, svo að ekki er líklegt, að tillaga þessi spilli fjárhag ríkissjóðs svo sem hann var ráðgerður á fjárlögum, en að sjálfsögðu væri rétt að gera ráð fyrir áhrifum tillögu þessarar, ef samþykkt yrði, við gerð næstu fjárlaga. Annars er hér um svo litla upphæð að ræða, að eftir venju gæti hún falizt í umframágóða Áfengis- og tóbaksverzlunarinnar, þótt hún félli niður úr áætlunargerð fjárlaga.

Þá er það skoðun flutningsmanna, að ekki sé forsvaranlegt að setja upp áfengisútsölu í vatnslausum bæ án þess að ætla henni jafnframt að taka þátt í kostnaði við nýja vatnsöflun, sem hún að sjálfsögðu gerir enn brýnni.

Fylgiskjal I.

EFNAHAGSSTOFNUNIN

Greiðsluáætlun fyrir vatnsveitu Vestmannaeyja 1966—1985.

(m.kr.).

		1966	1967	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975
Út:	Framkvæmdir	11.9	11.7	40.0	9.0	30.0	–	–	–	–	–
	Afb. og vextir af erl. láni I	–	–	2.5	2.7	2.7	2.7	2.7	2.7	2.7	2.7
	— — — — erl. láni II	–	–	–	–	2.9	3.3	3.3	3.3	3.3	3.3
	— — — — innl. láni I	–	–	1.0	1.0	0.9	0.9	0.9	0.8	0.8	0.7
	— — — — innl. láni II	–	–	–	2.3	2.2	2.1	2.0	1.8	1.7	1.6
	— — — — öðrum lánum	–	4.8	1.7	–	–	–	–	–	–	–
	Út samtals	11.9	16.5	45.2	15.0	38.7	9.0	8.9	8.6	8.5	8.3
Inn:	Tekin lán	5.8	6.1	30.6	–	22.3	–	–	–	–	–
	Framlag bæjarsjóðs	6.1	8.0	8.0	6.6	6.2	2.7	2.7	2.4	2.2	1.9
	Framlag ríkissjóðs	–	2.7	2.7	2.7	2.7	–	–	–	–	–
	Inntökugjald	–	–	1.5	1.5	1.5	–	–	–	–	–
	Rekstrartekjur (nettó)	–	÷0.3	2.4	4.2	6.0	6.3	6.2	6.2	6.3	6.4
	Inn samtals	11.9	16.5	45.2	15.0	38.7	9.0	8.9	8.6	8.5	8.3

		1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985
Út:	Afb. og vextir af erl. láni I	2.7	2.7	–	–	–	–	–	–	–	–
	— — — — erl. láni II	3.3	3.3	3.3	3.3	–	–	–	–	–	–
	— — — — innl. láni I	0.7	0.6	–	–	–	–	–	–	–	–
	— — — — innl. láni II	1.5	1.4	1.3	–	–	–	–	–	–	–
	Út samtals	8.2	8.0	4.6	3.3	–	–	–	–	–	–
Inn:	Framlag bæjarsjóðs	1.8	1.4	–	–	–	–	–	–	–	–
	Rekstrartekjur (nettó)	6.4	6.6	6.6	6.7	7.0	7.1	7.1	7.2	7.4	7.5
	Vextir af sjóði	–	–	–	0.1	0.4	0.9	1.5	2.0	2.7	3.4
	Inn samtals	8.2	8.0	6.6	6.8	7.4	8.0	8.6	9.2	10.1	10.9
	Sjóður	–	–	2.0	5.5	12.9	20.9	29.5	38.7	48.8	59.7

Fylgiskjal II.

EFNAHAGSSTOFNUNIN

Athugasemdir við töflu um greiðsluáætlun fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja.

Skipting framkvæmdar.

1966	Framkvæmdir í landi samtals	11.9 m.kr.
1967	Framkvæmdir í landi	3.2 m.kr.
	Stofnæð í Vestmannaeyjum	2.0 m.kr.
	Sprenging fyrir vatnsleiðslu um hafnarmynnið	0.5 m.kr.
	Dreifikerfi innanbæjar	6.0 m.kr.
	Samtals	11.7 m.kr.
1968	Lögn fyrri neðansjávarleiðslu	24.0 m.kr.
	Dælustöð	7.0 m.kr.
	Dreifikerfi	6.0 m.kr.
	Vatnsgeymir (fyrri hluti)	3.0 m.kr.
	Samtals	40.0 m.kr.
1969	Vatnsgeymir (síðari hluti)	3.0 m.kr.
	Dreifikerfi	6.0 m.kr.
	Samtals	9.0 m.kr.
1970	Seinni leiðsla	30.0 m.kr.
	Samtals	102.6 millj. kr.

Lánsfjáröflun.

1966	Greiðslufrestur á asbestleiðslu	2.2 m.kr. greiðist 1967
	Greiðslufrestur af tollum	1.6 m.kr. greiðist 1967
	Lán í Landsbanka Íslands	2.0 m.kr. greiðist 1967 og 1968

1967 Innlent lán I 5.5 m.kr. til 10 ára 9% vextir jafnar afborganir.
Tekið bráðabirgðalán að upphæð 0.6 m.kr. greiðist 1968.

1968 Erlent lán I 18.6 m.kr. vegna erlends kostnaðar við lögn fyrri leiðslunnar. 10% greiðist fyrir áramót, afgangurinn verði jafngreiðslulán til 9 ára með 8½% vöxtum.
Innlent lán II 12.0 m.kr. Sömu kjör og á innlendu láni I.

1970 Erlent lán II 22.3 m. kr. vegna erlends kostnaðar við lögn seinni leiðslunnar. Sömu kjör og á erlendu láni I.

Ed. **47. Frumvarp til laga** [45. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, sem gerð var í Brüssel 10. október 1957.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, sem gerð var í Brüssel 10. október 1957. Fyrirvara má gera um einstök ákvæði, sem ríkisstjórninni þykir við eiga og heimilt er að gera samkvæmt samþykktinni.

Samþykktin er prentuð á íslenzku og ensku sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur að athuguðu máli talið æskilegt, að Ísland gerist aðili að alþjóðasamþykkt þeirri, sem um ræðir í frumvarpinu. Hafa ýmsar þjóðir, þar á meðal Norðurlöndin Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð, gerzt aðilar að samþykktinni og breytt siglingalögum sínum til samræmis við ákvæði hennar. Frumvarp þetta var lagt fyrir síðasta Alþingi en hlaut þar ekki fullnaðarafgreiðslu. Er það því lagt aftur fram, án nokkurra breytinga.

Um samþykktina og breytingar þær á núgildandi siglingalöggjöf, sem hún mundi hafa í för með sér, vísast til greinargerðar fyrir frumvarpi til breytingar á siglingalögum, nr. 66 31. des. 1963, sem lagt verður fyrir Alþingi samtímis frumvarpi þessu.

Orðalag fyrirvara:

THE GOVERNMENT OF ICELAND

reserves the right:

1) to regulate by specific provisions of national law the system of limitation of liability to be applied to ships of less than 300 tons;
2) to give effect to this Convention either by giving it the force of law or by including in national legislation, in a form appropriate to that legislation, the provisions of this Convention.

Fylgiskjal.

ALÞJÓÐASAMNINGUR
um takmörkun ábyrgðar útgerðarmanna.

Ríki þau, sem aðilar eru að samningi þessum, hafa komið sér saman um að æskilegt sé að ákvarða með samningi tilteknar samræmdar reglur um takmörkun ábyrgðar útgerðarmanna hafskipa og

INTERNATIONAL CONVENTION
relating to the limitation of the liability of owners of sea-going ships.

The High Contracting Parties,

Having recognised the desirability of determining by agreement certain uniform rules relating to the limitation of the liability of owners of sea-going ships;

hafa því ákveðið að gera millirikjasamning í þessu skyni. Hafa þau fallizt á það, er hér fer á eftir:

1. gr.

1. Heimilt er útgerðarmanni hafskips að takmarka ábyrgð sína í samræmi við ákvæði 3. greinar samnings þessa að því er varðar kröfur, er uppi kunna að vera hafðar út af eftirtöldum tilvikum, nema tilvik það, er kröfu olli, hafi gerzt sakir persónulegra mistaka útgerðarmanns:
   a. Líftjón eða áverki á manni, er fluttur er með skipinu, svo og tjón eða skemmdir á innanborðs verðmætum;
   b. líftjón eða áverki á öðrum mönnum, hvort heldur verður á landi eða sjó, svo og tjón eða skemmdir á öðrum eignum eða brot á hvers konar réttindum, er orsakast af aðgerðum, vanrækslu eða aðgerðarleysi hvers þess manns um borð, sem útgerðarmaður er ábyrgðarskyldur fyrir eða af aðgerðum, vanrækslu eða aðgerðarleysi hvers þess manns utan skips, sem útgerðarmaður er ábyrgðarskyldur fyrir. Þó ber útgerðarmanni einungis réttur til takmörkunar á ábyrgð vegna aðgerða, vanrækslu eða aðgerðarleysis hinna síðastnefndu, þegar verknaður þeirra eða aðgerðaleysi verður í stjórn skips eða starfrækslu, við fermingu, flutning eða affermingu farms, eða við komu farþega um borð, flutning þeirra eða landgöngu.
   c. Skuldbindingar eða ábyrgð, er á útgerðarmanni hvíla samkvæmt hvers konar lögum um að fjarlægja flök, og upp kunna að koma í sambandi við að hefja eða eyðileggja skip, er sokkið hefur, strandað eða verið yfirgefið (ásamt því, er um borð kann að vera í slíku skipi) og skuldbindingar eða ábyrgð, er upp kunna að koma vegna skemmda á hafnarvirkjum, skipakvíum eða skipaskurðum (skipaleiðum innanlands).

Have decided to conclude a Convention for this purpose, and thereto have agreed as follows:

Article 1.

1) The owner of a sea-going ship may limit his liability in accordance with Article 3 of this Convention in respect of claims arising from any of the following occurrences, unless the occurrence giving rise to the claim resulted from the actual fault or privity of the owner:
   a) loss of life of, or personal injury to, any person being carried in the ship, and loss of, or damage to, any property on board the ship;
   b) loss of life of, or personal injury to, any other person, whether on land or on water, loss of or damage to any other property or infringement of any rights caused by the act, neglect or default of any person on board the ship for whose act, neglect or default the owner is responsible or any person not on board the ship for whose act, neglect or default the owner is responsible: Provided however that in regard to the act, neglect or default of this last class of person, the owner shall only be entitled to limit his liability when the act, neglect or default is one which occurs in the navigation or the management of the ship or in the loading, carriage or discharge of its cargo or in the embarkation, carriage or disembarkation of its passengers;
   c) any obligation or liability imposed by any law relating to the removal of wreck and arising from or in connection with the raising, removal or destruction of any ship which is sunk, stranded or abandoned (including anything which may be on board such ship) and any obligation or liability arising out of damage caused to harbour works, basins and navigable waterways.

2. Í samningi þessum skal orðið „áverkakröfur“ merkja kröfur, er uppi eru hafðar vegna líftjóns eða áverka, og orðið „eignakröfur“ allar aðrar kröfur, sem um getur í 1. málslið þessarar greinar.
3. Rétt skal útgerðarmanni að takmarka ábyrgð sína í þeim tilvikum, er getur í 1. málslið þessarar greinar, enda þótt ábyrgðin rísi, þrátt fyrir það, þótt eigi verði sannað að valdið hafi vanræksla eigenda eða þeirra, er hann ber ábyrgð á, sakir eigna, eignahalds, vörzlu eða umráða yfir skipinu.
4. Ekkert af ákvæðum þessarar greinar snertir:
   a. kröfur fyrir björgun eða kröfur vegna hluta í niðurjöfnun á sameiginlegu sjótjóni;
   b. kröfur af hálfu skipstjóra, skipsmanna, starfsmanna eiganda um borð í skipinu eða starfsmanna eiganda er skyldum hafa að gegna í sambandi við skipið, svo og kröfur erfingja þeirra umboðsmanna eða framfærsluþega, þegar útgerðarmanni ber ekki réttur til að takmarka ábyrgð varðandi slíkar kröfur samkvæmt gildandi lögum um starfssamninga milli útgerðarmanns og slíkra starfsmanna eða þegar honum ber, lögum samkvæmt, einungis réttur til að takmarka ábyrgð sína við hærri upphæð en ráð er fyrir gert í 3. grein samnings þessa.
5. Nú ber útgerðarmanni réttur til þess að hafa uppi kröfu á hendur kröfuhafa, er rísa kann af sama tilviki, og skal jafna þær kröfur, enda ná ákvæði samnings þessa eingöngu til mismunarins á kröfunum, ef nokkur verður.
6. Dómstólanna er að ákveða, á hverjum sönnunarskylda hvílir, að því er tekur til þess, hvort tilvik það, er til kröfugerðar hefur leitt, varð vegna mistaka útgerðarmanns.
7. Þó að útgerðarmaður áskilji sér takmörkun ábyrgðar, ber ekki að skoða slíkt sem viðurkenningu á ábyrgð.

2) In the present Convention the expression „personal claims“ means claims resulting from loss of life and personal injury; the expression „property claims“ means all other claims set out in paragraph 1) of this Article.
3) An owner shall be entitled to limit his liability in the cases set out in paragraph 1) of this Article even in cases where his liability arises, without proof of negligence on the part of the owner or of persons for whose conduct he is responsible, by reason of his ownership, possession, custody or control of the ship.
4) Nothing in this Article shall apply:
   a) to claims for salvage or to claims for contribution in general average;
   b) to claims by the Master, by members of the crew, by any servants of the owner on board the ship or by servants of the owner whose duties are connected with the ship, including the claims of their heirs, personal representatives or dependents, if under the law governing the contract of service between the owner and such servants the owner is not entitled to limit his liability in respect of such claims or if he is by such law only permitted to limit his liability to an amount greater than that provided for in Article 3 of this Convention.
5) If the owner of a ship is entitled to make a claim against a claimant arising out of the same occurrence, their respective claims shall be set off against each other and the provisions of this Convention shall only apply to the balance, if any.
6) The question upon whom lies the burden of proving whether or not the occurrence giving rise to the claim resulted from the actual fault or privity of the owner shall be determined by the **lex fori**.
7) The act of invoking limitation of liability shall not constitute an admission of liability.

2. gr.

1. Takmörkun ábyrgðar, svo sem fyrir er mælt um í 3. grein þessa samnings, skal ná til þess, er áverkakröfur og eignakröfur nema samanlagt, þær er rísa út af hverju sérstöku tilviki, og skal þá eigi hafa hliðsjón af kröfum, er risið hafa eða rísa kunna út af nokkru öðru sérstöku tilviki.
2. Nú nema samanlagðar kröfur út af einhverju sérstöku tilviki hærri upphæð en þeirri takmörkun ábyrgðar, sem fyrir er mælt um í 3. grein, og skoðast heildarupphæð, er ábyrgð er takmörkuð við, sem tiltekinn takmarkaður sjóður.
3. Þeim sjóði, sem þannig er til tekinn, skal einungis varið til greiðslu á kröfum, er koma undir takmörkun ábyrgðar.
4. Nú hefur sjóður þessi verið til tekinn og ber engum kröfuhafa nokkur réttur til aðgerða gegn öðrum eignum útgerðarmanns varðandi kröfur sínar á hendur sjóðnum, enda sé sá takmarkaði sjóður í rauninni tiltækur kröfuhafa til fullnægingar.

Article 2.

1) The limit of liability prescribed by Article 3 of this Convention shall apply to the aggregate of personal claims and property claims which arise on any distinct occasion without regard to any claims which have arisen or may arise on any other distinct occasion.
2) When the aggregate of the claims which arise on any distinct occasion exceeds the limits of liability provided for by Article 3 the total sum representing such limits of liability may be constituted as one distinct limitation fund.
3) The fund thus constituted shall be available only for the payment of claims in respect of which limitation of liability can be invoked.
4) After the fund has been constituted, no claimant against the fund shall be entitled to exercise any right against any other assets of the shipowner in respect of his claim against the fund, if the limitation fund is actually available for the benefit of the claimant.

3. gr.

1. Þær upphæðir, sem útgerðarmanni ber réttur til að takmarka ábyrgð sína við samkvæmt 1. grein, eru:
   a. hafi tilvikið einungis valdið tilkomu á eignakröfum, upphæð er nemur 1000 frönkum fyrir hverja smálest í rúmmáli skips;
   b. hafi tilvikið einungis valdið áverkakröfum, upphæð er nemur 3 100 frönkum fyrir hverja smálest í rúmmáli skipsins;
   c. hafi tilvikið valdið bæði áverka- og eignakröfum, upphæð er nemur 3 100 frönkum fyrir hverja smálest, og ber af því að verja upphæð, er nemur 2 100 frönkum fyrir hverja smálest eingöngu til lúkningar áverkakröfum, en hinni upphæðinni, er nemur 1000 frönkum fyrir hverja smálest, til lúkningar eignakröfum, þó þannig, að nægi ekki fyrri upphæðin til lúkningar á áverkakröfum að fullu, skal

Article 3.

1) The amounts to which the owner of a ship may limit his liability under Article 1 shall be:
   a) where the occurrence has only given rise to property claims an aggregate amount of 1.000 francs for each ton of the ship's tonnage;
   b) where the occurrence has only given rise to personal claims an aggregate amount of 3.100 francs for each ton of the ship's tonnage;
   c) where the occurrence has given rise both to personal claims and property claims an aggregate amount of 3.100 francs for each ton of the ship's tonnage, of which a first portion amounting to 2.100 francs for each ton of the ship's tonnage shall be exclusively appropriated to the payment of personal claims and of which a second portion amounting to 1.000 francs for each ton of the ship's tonnage

ógreiddur afgangur af slíkum kröfum koma til skipta ásamt eignakröfum úr síðari sjóðnum.

2. Í báðum hlutum sjóðsins ber að skipta milli kröfuhafa í hlutfalli við sannaðar upphæðir á kröfum þeirra.

3. Nú hefur útgerðarmaður greitt einhverjar af kröfum þeim að öllu eða nokkru leyti, sem um getur í 1. lið 1. greinar, og fær hann sömu aðstöðu gagnvart sjóðnum og kröfuhafi sá, er hann hefur greitt, en einungis að svo miklu leyti sem kröfuhafi hefði getað öðlazt með rétti gegn honum, samkvæmt lögum þess lands, þar sem sjóðurinn er stofnaður.

4. Nú sannar útgerðarmaður að sér kunni síðar að bera skylda til að greiða að öllu eða einhverju leyti einhverjar af kröfum þeim, er um getur í 1. lið 1. greinar, og er dómstól eða öðru þar til bæru yfirvaldi í landi því, þar sem sjóðurinn er stofnaður, heimilt að leggja til hliðar fyrst um sinn hæfilega upphæð, svo að útgerðarmaður geti síðar meir komið fram kröfum sínum á hendur sjóðnum á þann hátt er fyrir er mælt í fyrirfarandi málslið.

5. Þegar ákvarða skal takmörkun ábyrgðar útgerðarmanns samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, telst skip vera 300 smálestir, þó að það sé minna.

6. Franki sá, er um ræðir í þessari grein, er 65½ — sextíu og fimm og hálft — milligrömm gulls, níu hundruð þúsundustu að skírleika. Upphæðum, sem greindar eru í 1. lið þessarar greinar, ber að breyta í gjaldeyri þess lands, þar sem takmörkunar er leitað, á grundvelli gengis þess gjaldeyris gagnvart framangreindri gulleiningu

shall be appropriated to the payment of property claims: Provided however that in cases where the first portion is insufficient to pay the personal claims in full, the unpaid balance of such claims shall rank rateably with the property claims for payment against the second portion of the fund.

2) In each portion of the limitation fund the distribution among the claimants shall be made in proportion to the amounts of their established claims.

3) If before the fund is distributed the owner has paid in whole or in part any of the claims set out in Article 1 paragraph 1), he shall pro tanto be placed in the same position in relation to the fund as the claimant whose claim he has paid, but only to the extent that the claimant whose claim he has paid would have had a right of recovery against him under the national law of the State where the fund has been constituted.

4) Where the shipowner establishes that he may at a later date be compelled to pay in whole or in part any of the claims set out in Article 1 paragraph 1) the Court or other competent authority of the State where the fund has been constituted may order that a sufficient sum shall be provisionally set aside to enable the shipowner at such later date to enforce his claim against the fund in the manner set out in the preceding paragraph.

5) For the purpose of ascertaining the limit of an owner's liability in accordance with the provisions of this Article the tonnage of a ship of less than 300 tons shall be deemed to be 300 tons.

6) The franc mentioned in this Article shall be deemed to refer to a unit consisting of sixty five and a half milligrams of gold of millesimal fineness nine hundred. The amounts mentioned in paragraph 1) of this Article shall be converted into the national currency of the State in which limitation is sought on the

á þeim degi, er útgerðarmaður stofnar sjóðinn, annast greiðslu eða setur tryggingu, er samkvæmt lögum þess lands telst jafngildi greiðslu.

7. Rúmtak skipa skal í merkingu þessa samnings ákvarða sem hér segir:
— þegar um er að ræða eimskip eða önnur aflskip, skal reikna nettó rúmlestatölu að viðbættri þeirri tölu smálesta, er dregst frá brúttó rúmlestatölu vegna aflvélarpláss, til þess að finna nettó rúmlestatöluna;

— þegar um önnur skip er að ræða. skal reikna nettó rúmlestatölu.

basis of the value of that currency by reference to the unit defined above at the date on which the shipowner shall have constituted the limitation fund, made the payment or given a guarantee which under the law of that State is equivalent to such payment.

7) For the purpose of this convention tonnage shall be calculated as follows:
— in the case of steamships or other mechanically propelled ships there shall be taken the net tonnage with the addition of the amount deducted from the gross tonnage on account of engine room space for the purpose of ascertaining the net tonnage;
— in the case of all other ships there shall be taken the net tonnage.

4. gr.

Án þess að í bága komi við ákvæði 3. greinar, 2. liðs, þessa samnings, fer um reglur varðandi stofnun og úthlutun úr takmörkunarsjóðnum (ef nokkrar eru), svo og um réttarreglur, eftir lögum þess lands, þar sem sjóðurinn er stofnaður.

Article 4.

Without prejudice to the provisions of Article 3, paragraph 2) of this Convention, the rules relating to the constitution and distribution of the limitation fund, if any, and all rules of procedure shall be governed by the national law of the State in which the fund is constituted.

5. gr.

1. Nú hefur útgerðarmaður heimild til að takmarka ábyrgð sína samkvæmt samningi þessum, en skipið eða annað skip hans eða eign sætt kyrrsetningu innan lögsögu samningsríkis eða fjárhæð eða önnur trygging verið sett til þess að afstýra kyrrsetningu, og er dómstól eða öðru bæru yfirvaldi ríkisins heimilt að úrskurða skip eða annað verðmæti eða framlagða tryggingu frjáls af kyrrsetningu, enda hafi útgerðarmaður sett fullnægjandi fjárhæð eða tryggingu að upphæð, er jafngildi ábyrgð hans allri, innan takmarka þeirra, sem hér greinir, og sé fjárhæðin eða tryggingin aðgengileg kröfuhöfum samkvæmt réttindum þeirra.

2. Nú hefur fjárhæð verið lögð fram eða önnur trygging sett samkvæmt ákvæðum 1. málsliðs:
a. í höfn, þar sem það tilvik varð, er olli kröfu;

Article 5.

1) Whenever a shipowner is entitled to limit his liability under this Convention, and the ship or another ship or other property in the same ownership has been arrested within the jurisdiction of a Contracting State or bail or other security has been given to avoid arrest, the Court or other competent authority of such State may order the release of the ship or other property or of the security given if it is established that the shipowner has already given satisfactory bail or security in a sum equal to the full limit of his liability under this Convention and that the bail or other security so given is actually available for the benefit of the claimant in accordance with his rights.

2) Where, in circumstances mentioned in paragraph 1) of this Article, bail or other security has already been given:
a) at the port where the accident giving rise to the claim occured;

b. í fyrstu viðkomuhöfn eftir að slíkt tilvik varð, hafi það eigi orðið í höfn;
c. í landgönguhöfn eða affermingar, sé um persónukröfu að ræða eða kröfu, er varðar farm;

og ber dómstóli eða öðru bæru yfirvaldi að úrskurða lausn skipsins eða fjárhæðar eða annarrar tryggingar, er sett hefur verið, að höldnum ákvæðum 1. málsliðs þessarar greinar.

3. Ákvæði 1. og 2. málsliðs þessarar greinar skulu jafnframt gilda, þó að fjárhæð eða önnur trygging, sem sett hefur verið, sé lægri en hámark takmörkunar ábyrgðar samkvæmt samningi þessum, þó þannig, að fullnægjandi fjárhæð eða önnur trygging sé sett fyrir afganginum.
4. Nú hefur útgerðarmaður lagt fram fjárhæð eða sett aðra tryggingu að upphæð, er jafngildir að fullu takmarkaðri ábyrgð hans samkvæmt samningi þessum, og skal fjárhæð sú eða önnur trygging vera til reiðu til lúkningar öllum kröfum, er risið hafa út af tilteknu tilviki, er útgerðarmaður kann að mega takmarka ábyrgð sína við.
5. Um réttarreglur varðandi mál, er höfðuð eru samkvæmt ákvæðum samnings þessa og einnig um tímamörk, innan hverra höfða má slík mál og sækja þau, fer að lögum þess samningsríkis, þar sem mál er höfðað.

b) at the first port of call after the accident if the accident did not occur in a port;
c) at the port of disembarkation or discharge if the claim is a personal claim or relates to damage to cargo;

the Court or other competent authority shall order the release of the ship or the bail or other security given, subject to the conditions set forth in paragraph 1) of this Article.

3) The provisions of paragraphs 1) and 2) of this Article shall apply likewise if the bail or other security already given is in a sum less than the full limit of liability under this Convention: Provided that satisfactory bail or other security is given for the balance.
4) When the shipowner has given bail or other security in a sum equal to the full limit of his liability under this Convention such bail or other security shall be available for the payment of all claims arising on a distinct occasion and in respect of which the shipowner may limit his liability.
5) Questions of procedure relating to actions brought under the provisions of this Convention and also the time limit within which such actions shall be brought or prosecuted shall be decided in accordance with the national law of the Contracting State in which the action takes place.

6. gr.

1. Í samningi þessum nær ábyrgð útgerðarmanns einnig til ábyrgðar skipsins sjálfs.
2. Að höldnum ákvæðum 3. liðs þessarar greinar, ná ákvæði samnings þessa til leigutaka, framkvæmdastjóra og þess, er skipið rekur, einnig til skipstjóra, skipshafnar og annarra starfsmanna útgerðarmanns, leigutaka, framkvæmdastjóra eða þess, er skipið rekur, þegar þeir eru að störfum, sem þeir eru ráðnir til, allt á sama hátt og þau gilda um útgerðarmann

Article 6.

1) In this Convention the liability of the shipowner includes the liability of the ship herself.
2) Subject to paragraph 3) of this Article, the provisions of this Convention shall apply to the charterer, manager and operator of the ship, and to the master, members of the crew and other servants of the owner, charterer, manager or operator acting in the course of their employment, in the same way as they apply to an owner himself: Provided that the total limits

sjálfan; þó skal hámark takmarkaðrar ábyrgðar útgerðarmanns og slíkra manna annarra eigi fara fram úr upphæðum þeim, er ákvarðaðar eru í samræmi við 3. grein samnings þessa, að því er varðar áverkakröfur og eignakröfur, er upp koma út af tilteknu tilviki.

3. Nú er mál höfðað gegn skipstjóra eða skipsmanni, og mega þeir takmarka ábyrgð sína enda þótt tilvik það, er kröfu olli, hafi gerzt af mistökum eða vanrækslu eins þeirra eða margra. En sé skipstjóri eða skipsmaður jafnframt útgerðarmaður, meðútgerðarmaður, leigutaki, framkvæmdastjóri skipsins eða sá, er rekur það, gilda ákvæði þessa málsliðs eingöngu þegar verknaður, vanræksla eða aðgæzluleysi það, er um ræðir, var verknaður, vanræksla eða aðgæzluleysi, er sá drýgði í stöðu sinni sem skipstjóri eða skipsmaður.

of liability of the owner and all such other persons in respect of personal claims and property claims arising on a distinct occasion shall not exceed the amounts determined in accordance with Article 3 of this Convention.

3) When actions are brought against the master or against members of the crew such persons may limit their liability even if the occurence which gives rise to the claims resulted from the actual fault or privity of one or more of such persons. If however, the master or member of the crew is at the same time the owner, co-owner, charterer, manager or operator of the ship the provisions of this paragraph shall only apply where the act, neglect or default in question is an act, neglect or default committed by the person in question in his capacity as master or as member of the crew of the ship.

7. gr.

Ákvæði samnings þessa skulu gilda hvenær sem útgerðarmaður eða hver annar, sem samkvæmt ákvæðum 6. greinar nýtur sömu réttinda og útgerðarmaður, takmarkar eða hefst handa um að takmarka ábyrgð sína fyrir rétti í samningsríki eða reynir að fá aflétt kyrrsetningu skips eða annars verðmætis, er kyrrsett hefur verið, eða fjárhæð eða annarri tryggingu, er sett hefur verið innan lögsagnar samningsríkis.

Þó ber öllum samningsríkjum réttur til að svipta ríki, sem eigi eru samningsaðilar, að nokkru eða öllu leyti réttindum þeim, er samningur þessi veitir, og gildir hið sama um alla menn, er á þeim tíma er þeir vilja takmarka ábyrgð sína eða forða kyrrsetningu skips eða annarra verðmæta eða fjárhæð eða annarri tryggingu í samræmi við 5. grein, samnings þessa, séu þeir eigi búsettir í samningsríkinu eða hafi þar sinn meginviðskiptarekstur, svo og um skip, er sótt er um takmörkun ábyrgðar vegna eða forða skal frá kyrrsetningu, nema það sigli á þeim tíma, er að framan er tiltekinn, undir fána samningsríkis.

Article 7.

This Convention shall apply whenever the owner of a ship, or any other person having by virtue of the provisions of Article 6 hereof the same rights as an owner of a ship, limits or seeks to limit his liability before the Court of a Contracting State or seeks to procure the release of a ship or other property arrested or the bail or other security given within the jurisdiction of any such State.

Nevertheless, each Contracting State shall have the right to exclude, wholly or partially, from the benefits of this Convention any non-Contracting State, or any person who, at the time when he seeks to limit his liability or to secure the release of a ship or other property arrested or the bail or other security in accordance with the provisions of Article 5 hereof, is not ordinarily resident in a Contracting State, or does not have his principal place of business in a Contracting State, or any ship in respect of which limitation of liability or release is sought which does not at the time specified above fly the flag of a Contracting State.

8. gr.

Hvert samningsríki um sig geymir sér rétt til þess að ákveða, hvaða aðrar tegundir skipa ber að meðhöndla á sama hátt og hafskip í merkingu samnings þessa.

9. gr.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirskriftar fyrir ríki þau, er þátt tóku í tíunda fundi ráðstefnu stjórnarerindreka um siglingalög.

10. gr.

Samning þennan ber að fullgilda og leggja fullgildingarskjölin fyrir ríkisstjórn Belgíu, en hún skal um hendur stjórnarerindreka tilkynna, hvenær slík skjöl eru fram lögð, ríkjum þeim öllum, er undirritað hafa eða gerzt aðilar að samningnum.

11. gr.

1. Samningurinn gengur í gildi sex mánuðum eftir að a. m. k. tíu ríki hafa fullgilt hann, enda skulu fimm þeirra hið minnsta ráða yfir siglingaflota er jafngildir eða fer fram úr milljón brúttó smálestum.

2. Að því er snertir þau ríki, er samninginn fullgilda eftir að hann hefur gengið í gildi, samkvæmt fyrri málslið, tekur hann gildi sex mánuðum eftir að fullgildingarskjöl hafa verið lögð fram.

12. gr.

Ríkjum þeim, er eigi sóttu tíunda fund framangreindrar ráðstefnu, er heimilt að gerast aðilar.

Ber að leggja aðildarskjöl fram við ríkisstjórn Belgíu, og tilkynnir hún það öllum ríkjum, er undirritað hafa samninginn eða gerzt aðilar að honum.

Samningurinn gengur í gildi gagnvart aðildarríkjum sex mánuðum eftir að þau hafa lagt fram aðildarskjöl sín, þó eigi

Article 8.

Each Contracting State reserves the right to decide what other classes of ship shall be treated in the same manner as seagoing ships for the purposes of this Convention.

Article 9.

This Convention shall be open for signature by the States represented at the tenth session of the Diplomatic Conference on Maritime Law.

Article 10.

This Convention shall be ratified and the instruments of ratification shall be deposited with the Belgian Government which shall notify through diplomatic channels all signatory and acceding States of their deposit.

Article 11.

1) This Convention shall come into force six months after the date of deposit of at least ten instruments of ratification, of which at least five shall have been deposited by States that have each a tonnage equal or superior to one million gross tons of tonnage.
2) For each signatory State which ratifies the Convention after the date of deposit of the instrument of ratification determining the coming into force such as is stipulated in paragraph 1) of this Article, this Convention shall come into force six months after the deposit of their instrument of ratification.

Article 12.

Any State not represented at the tenth session of the Diplomatic Conference on Maritime Law may accede to this Convention.

The instruments of accession shall be deposited with the Belgian Government which shall inform through diplomatic channels all signatory and acceding States of the deposit of any such instruments.

The Convention shall come into force in respect of the acceding State six months after the date of the deposit of

fyrr en hann gengur í gildi samkvæmt 1. lið 11. greinar.

13. gr.

Hverju samningsríki ber réttur til að segja samningnum upp, eftir að hann hefur gengið í gildi gagnvart því. Eigi gengur slík uppsögn þó í gildi fyrr en að liðnu ári frá þeim degi er ríkisstjórn Belgíu hefur tekið við tilkynningu þar um, og ber henni að tilkynna öllum samningsríkjum, nær hún tekur við slíkri uppsögn.

14. gr.

1. Öllum samningsríkjum er heimilt, þegar þau afhenda fullgildingar- eða aðildarskjöl sín eða nær sem er þar eftir að tilkynna ríkisstjórn Belgíu það skriflega, að samningurinn skuli ná til einhverra þeirra landsvæða er þau fara með utanríkismál fyrir, og nær hann til þeirra landsvæða sex mánuðum eftir móttöku slíkrar tilkynningar, þó eigi fyrr en hann gengur í gildi gagnvart slíku samningsríki.

2. Nú hefur samningsríki með tilkynningu samkvæmt 1. lið þessarar greinar, tilkynnt að samningurinn nái til einhvers landsvæðis, er það fer með utanríkismál fyrir, og má það hvenær sem er þaðan í frá tilkynna ríkisstjórn Belgíu að samningurinn nái eigi lengur til þess landsvæðis. Gengur slík uppsögn í gildi ári eftir að ríkisstjórn Belgíu hefur tekið við uppsögn.

3. Ríkisstjórn Belgíu ber að tilkynna öllum samningsríkjum nær henni berast tilkynningar samkvæmt þessari grein.

15. gr.

Rétt er hverju samningsríki að liðnum þrem árum frá því samningur þessi

the instrument of accession of that State, but not before the date of entry into force of the Convention as established by Article 11 1).

Article 13.

Each High Contracting Party shall have the right to denounce this Convention at any time after the coming into force thereof in respect of such High Contracting Party. Nevertheless, this denunciation shall only take effect one year after the date on which notification thereof has been received by the Belgian Government which shall inform through diplomatic channels all signatory and acceding States of such notification.

Article 14.

1) Any High Contracting Party may at the time of its ratification of or accession to this Convention or at any time thereafter declare by written notification to the Belgian Government that the Convention shall extend to any of the territories for whose international relations it is responsible. The Convention shall six months after the date of the receipt of such notification by the Belgian Government extend to the territories named therein, but not before the date of the coming into force of this Convention in respect of such High Contracting Party;
2) Any High Contracting Party which has made a declaration under paragraph 1) of this Article extending the Convention to any territory for whose international relations it is responsible may at any time thereafter declare by notification given to the Belgian Government that the Convention shall cease to extend to such territory. This denunciation shall take effect one year after the date on which notification thereof has been received by the Belgian Government;
3) The Belgian Government shall inform through diplomatic channels all signatory and acceding States of any notification received by it under this Article.

Article 15.

Any High Contracting Party may three years after the coming into force of this

gekk í gildi gagnvart því, að krefjast þess að boðað verði til ráðstefnu til þess að ræða breytingar á honum.

Ber samningsríki því, er hyggst notfæra sér þessi réttindi, að tilkynna slíkt ríkisstjórn Belgíu, en hún skal boða til ráðstefnu innan sex mánaða.

16. gr.

Að því er varðar samskipti ríkja þeirra, er fullgilda samning þennan eða gerast aðilar að honum, skal hann koma í stað og með honum nema úr gildi Alþjóðasamning um samræmingu tiltekinna reglna varðandi takmörkun ábyrgðar útgerðarmanna hafskipa, er undirritaður var í Brüssel 25. ágúst 1924.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir stjórnarerindrekar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan í Brüssel, tíunda dag októbermánaðar 1957, á frönsku og ensku, og eru báðir textar jafngildir. Er hann gerður í einu eintaki, er ríkisstjórn Belgíu ber að geyma í skjalasafni sínu og gefa út af því staðfest eftirrit.

Convention in respect of such High Contracting Party or at any time thereafter request that a Conference be convened in order to consider amendments to this Convention.

Any High Contracting Party proposing to avail itself of this right shall notify the Belgian Government which shall convene the Conference within six months thereafter.

Article 16.

In respect of the relations between States which ratify this Convention or accede to it, this Convention shall replace and abrogate the International Convention for the unification of certain rules concerning the limitation of the liability of the owners of sea-going ships, signed at Brussels, on the 25th of August 1924.

In Witness whereof the Plenipotentiaries, duly authorized, have signed this Convention.

Done at Brussels, this tenth day of October 1957, in the French and English languages, the two texts being equally authentic, in a single copy, which shall remain deposited in the archives of the Belgian Government, which shall issue certified copies.

Nd. 48. Frumvarp til laga [46. mál]

um breyting á lögum nr. 101 8. desember 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

Í stað orðsins: „1966“ í 7. gr. laganna komi: 1967.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 101 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., skal verðlagsgrundvöllur til ákvörðunar afurðaverðs gilda fyrir tvö ár í senn.

Samkvæmt 3. málslið 7. gr. laganna skyldi þó verðlagsgrundvöllur sá, er ákveða átti haustið 1966, aðeins gilda í eitt ár. Þetta ákvæði var sett vegna þess að bersýnilegt var vorið 1966, er lögin voru samþykkt, að eigi myndi fyrir haustið

vera hægt að ganga frá þeim athugunum á sviði búreikninga og vinnumælinga, sem nauðsynlegar eru til þess að hægt sé að tilfæra í verðlagsgrundvelli „ársvinnutíma bóndans, skylduliðs hans og hjúa á búi af þeirri stærð sem miðað er við hverju sinni“ (4. gr. laganna).

Á þessu ári voru sett ný lög um Búreikningaskrifstofu ríkisins nr. 20/1967. Starfsemi skrifstofunnar hefur verið endurskipulögð frá grunni, m. a. eru vinnuskýrslur nú færðar á 46 búum í formi, sem nothæft er. Þessar nýju skýrslur ná aðeins yfir tímabilið janúar—júlí 1967, og geta því ekki gefið rétta mynd af „ársvinnutíma bóndans o. s. frv.“.

Á vinnumælingum var byrjað sumarið 1966, og þeim hefur verið haldið áfram á þessu ári. Þær ná þó enn aðeins til fárra búa, og aðeins nokkurs hluta landbúnaðarvinnu. Þannig eru t. d. vinnumælingar vegna heyvinnu það fáar og ófullkomnar að telja verður þær ónothæfar. Illframkvæmanlegt er því að ákvarða grundvöll til tveggja ára nú í haust.

Af framangreindum ástæðum er hér lagt til að verðlagsgrundvöllur sá, er ákveðinn verður á þessu hausti, gildi aðeins í eitt ár.

Sþ. 49. Tillaga til þingsályktunar [47. mál]

um undirbúning þess að gera akfært umhverfis landið.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Jónas Pétursson, Lúðvík Jósefsson,
Jón Ármann Héðinsson, Eðvarð Sigurðsson, Sveinn Guðmundsson,
Kristján Thorlacius, Karl Guðjónsson, Ágúst Þorvaldsson,
Vilhjálmur Hjálmarsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á samgöngumálaráðherra að láta gera áætlun um vega- og brúagerðir á Skeiðarársandi, sem tengi hringleið um landið, og á hvern hátt afla megi fjár til að framkvæma verkið.

Áætlun þessari skal hraðað eftir föngum, svo að hafa megi hana til afnota við gerð næstu vegáætlunar.

Greinargerð.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að tímabært sé nú að hefjast handa um undirbúning lokasóknar að því marki, að akfært verði umhverfis landið. Fjallar þáltill. um, að skorað verði á samgöngumálaráðherra að láta gera áætlun um vegagerð og brúagerð á Skeiðarársandi og tillögur um, á hvern hátt aflað verði fjár til að framkvæma verkið. Leggja flm. áherzlu á, að áætlun þessari og tillögugerð verði hraðað svo, að hafa megi til afnota við gerð næstu vegáætlunar.

Með byggingu brúarinnar á Jökulsá á Breiðamerkursandi var stórt skref stigið í þessu máli, og í framhaldi af því þyrfti nú einmitt að hefja lokasóknina.

Verður þá stærsta átakið að leggja akveg um Skeiðarársand og brúa vötn þau hin miklu, sem þar renna. Talið er, að með þeirri tækni, sem menn ráða nú yfir, sé þetta mögulegt. Verður þá spurningin: Hvernig á að haga þessum framkvæmdum, hvað kosta þær og hvernig á að afla fjár til þeirra?

Flutningsmenn eru þeirra skoðunar, að hér megi miklu til kosta, því að engin ein framkvæmd af líkri stærð og sú, sem hér kemur til greina, getur valdið annarri eins þjóðlífsbreytingu á Íslandi og opnun landleiðarinnar yfir Skeiðarársand, en sú framkvæmd er stærsti áfanginn af því, sem eftir er óunnið til þess að koma hringvegi um landið.

Allt viðhorf til ferðalaga í landinu mundi gjörbreytast og aðstæður batna við þessar framkvæmdir, svo að byltingu mætti kalla.

Fjárhagslega mundu þessar framkvæmdir vafalaust verða stórfelldur búhnykkur fyrir þjóðina, því að þær hlytu að stórauka ferðamannastrauminn í landinu framvegis, ekki aðeins straum erlends ferðafólks, heldur engu síður ferðalög innlendra manna, og það hefur ekki minni þýðingu. Fátt styður betur þjóðarbúskap framtíðarinnar en einmitt það, að þjóðin ferðist mikið í sínu eigin landi fremur en öðrum löndum, því að ferðaþjónusta í óteljandi myndum, ekkert síður í þágu innlendra en erlendra, verður vaxandi liður í búskap velmegandi þjóða framvegis.

Þá skiptir það ekki minna máli, að þessi framkvæmd mundi veita íbúum landsins mikinn unað, gera vistina í landinu enn skemmtilegri en áður og verða sterkur þáttur í því að tengja þjóðina landi sínu enn fastari böndum en fyrr. En á því er hin ríkasta nauðsyn, því að á þann hátt er bezt tryggð framtíð frjálsrar þjóðar á Íslandi.

Um þýðingu þessarar framkvæmdar fyrir atvinnulíf landsins þarf tæpast að fjölyrða, því að mönnum er vafalaust ljóst, hvílík lyftistöng þetta yrði þeim stórfellda atvinnurekstri, sem nú er rekinn á Austurlandi í þágu allrar þjóðarinnar, og öllum þeim atvinnurekstri annars staðar í landinu, sem við hann er tengdur.

Hér er um svo stórfellt þjóðmál að ræða, að setja ætti það í flokk þeirra mála, sem þjóðin yrði að vera búin að leysa, þegar hún 1974 minnist ellefu hundrað ára búsetu sinnar í landinu.

Nánar í framsögu.

Nd. 50. Frumvarp til laga [48. mál]

um loðdýrarækt.

Flm.: Jónas Pétursson, Ingvar Gíslason, Geir Gunnarsson, Matthías Bjarnason.

1. gr.

Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega. Landbúnaðarráðherra sker úr ágreiningi, hvort dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki.

2. gr.

Loðdýrarækt nefnist í lögum þessum, þegar loðdýr eru haldin til tímgunar og uppeldis af ræktuðum stofni eða ef dýrin eru alin um stundarsakir vegna skinnaframleiðslu eingöngu eða aðallega. Loðdýrabú nefnast búr og girðingar, þar sem loðdýr eru höfð í vörzlu.

3. gr.

Það er meginstefna þessara laga, að loðdýr verði einungis ræktuð hér á landi í sérstaklega útbúnum og vönduðum loðdýrabúum og einungis verði ræktuð þar valin kyn loðdýra.

4. gr.

Loðdýrarækt er óheimil nema í loðdýrabúum, sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt ákvæðum þessara laga.

5. gr.

Þeir, sem óska að stofnsetja loðdýrabú hér á landi, skulu senda landbúnaðarráðuneytinu umsókn um það efni. Umsóknum skulu fylgja ýtarlegar áætlanir um byggingu loðdýrabúsins, um gerð þess, tæknilegan rekstur og fjármál, svo og um þau dýr, sem fyrirhugað er að rækta á búinu.

Að fengnu áliti veiðistjóra um þessi gögn, tekur landbúnaðarráðuneytið ákvörðun um viðurkenningu loðdýrabúsins, með skilyrði um, að loðdýrarækt hefjist þar ekki, fyrr en gerð þess öll er í samræmi við fyrrgreindar áætlanir.

6. gr.

Embætti veiðistjóra skv. 1. gr. laga nr. 52 5. júní 1957 annast eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara sé fylgt.

7. gr.

Um gerð loðdýrabúa, rekstrarfyrirkomulag og framkvæmd laga þessara að öðru leyti skal skipað í reglugerð.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32 8. marz 1951, um loðdýrarækt.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Næstu 4 árin frá gildistöku laga þessara má eigi veita leyfi til ræktunar annarra loðdýra en minka og ekki fleiri en 5 minkabúum á landinu öllu. Leyfi til minkaeldis má aðeins veita í sveitarfélögum, þar sem villiminkur hefur þegar náð öruggri fótfestu að dómi veiðistjóra, þó er heimilt að veita leyfi fyrir einu af þessum 5 búum í Vestmannaeyjum.

Greinargerð.

Á tveimur þingum, 1964 og 1965, fluttu nokkrir þingmenn í Nd. Alþingis frv. til laga um loðdýrarækt. Á fyrra þinginu hlaut frv. ekki afgreiðslu, var samþykkt í Nd., en dagaði uppi í Ed. Á þingi 1965 hlaut það einnig samþykki í Nd., en var þá fellt í Ed.

Nú er það enn flutt nær óbreytt frá því er það var afgreitt frá Nd. á útmánuðum 1966.

Í greinargerð þeirra frv., er áður voru flutt, sagði m. a.:

„Núgildandi lög frá 8. marz 1951, um loðdýrarækt, eru allflókin og í þeim ákvæði, sem betur ættu heima í reglugerð. Frumvarpið miðar að því að gera þessa löggjöf einfaldari, og er þá gert ráð fyrir, að sett verði ýtarleg reglugerð um framkvæmd hennar.

Í frumvarpinu er kveðið á um það, að landbúnaðarráðuneytið ákveði, hvort veitt skuli leyfi til þess að koma upp loðdýragörðum, en varðandi hverja umsókn ber því að leita álits veiðistjóra, sem kynnir sér öll gögn umsækjenda. Þá er lagt til í frumvarpinu, að embætti veiðistjóra annist eftirlit með því, að ákvæðum laganna sé fylgt.

Fyrir nokkrum árum var bannað með lögum að reisa minkabú hér á landi og þá jafnframt ákveðið, að þau minkabú, sem fyrir voru, skyldu lögð niður innan ákveðins frests. Tilgangurinn með þessu mun hafa verið sá að útrýma villiminknum, sem þá hafði gert allmikinn usla víða um land. Reynslan hefur nú sýnt, að varla má búast við því, að gereyðing villiminksins takist hér á landi.“

Framleiðsla og notkun minkaskinna fer sífellt vaxandi, og t. d. á Norðurlöndum er um umtalsverða atvinnugrein að ræða. Hér á landi fellur til mikið af fisk-

úrgangi, sem er aðalfóður minka. Eru því óvíða hagstæðari skilyrði fyrir þessa atvinnugrein en einmitt hér. Í stað þess að flytja út fiskúrganginn sem minkafóður, er eðlilegra, að Íslendingar hagnýti hann sjálfir til þess. Við þurfum að auka fjölbreytni atvinnulífs okkar. Og hvort sem við lítum stórum eða smáum augum á minkaeldi sem atvinnugrein, þá verðum við að stíga skrefin á öllum þeim sviðum, þar sem við getum aukið útflutningsframleiðslu okkar. Þetta er einn sá þáttur, sem má verða til stuðnings strjálbýli okkar.

Við flm. höfum trú á, að Íslendingar geti bætt hag sinn með minkaeldi. Það hvílir ekki ævintýrablær yfir þeim hugmyndum, heldur fullkomið raunsæi. Þess vegna er lagt til að viðhafa fulla gætni, er við hefjum minkaeldið að nýju, þannig að víxlspor verði sem fæst og sem traustastur grunnur lagður að framtíð þessarar verðmætaöflunar Íslendinga.

Tímans hjól snýst örar en áður í atvinnulegu tilliti. Skoðanir hljóta því einnig að breytast. Rétt er því að reyna á, hvort skoðanir alþingismanna, sem afstöðu tóku fyrir tveimur árum, hafa breytzt, auk þess sem rétt er að kanna vilja hinna nýju þingmanna. Þess vegna er frv. þetta flutt.

Nd. 51. Frumvarp til laga [49. mál]

um breyting á lögum nr. 18/1920, um gjöld til holræsa og gangstétta í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri.

Flm.: Bragi Sigurjónsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður, er leiðir af því, að gerðar eru steinlímdar, hellulagðar eða aðrar jafnvandaðar gangstéttir, og kostnaður við gerð varanlegs slitlags á götu greiðist úr bæjarsjóði. En bæjarstjórninni er heimilt að leggja gangstétta- og gatnagerðarskatt á hús og lóðir í bænum, samkvæmt reglugerð, er hún setur og stjórnarráðið samþykkir. Skal gjaldið miðað við skattvirðingarverð húseigna og lengd lóða meðfram götu, þar sem gangstéttir verða lagðar og/eða varanlegt slitlag.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 18/1920 og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um gjöld til gangstétta og varanlegs slitlags á götum í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri.

Greinargerð.

Það er alkunna, að geysilegt verkefni bíður nú allra bæjarfélaga í landinu um gerð varanlegra gatna og hve mikilsvert það er, að slíkar framkvæmdir komist sem fyrst á, þótt ekki væri litið nema á þrifnaðar- og heilbrigðishliðina eina. Þetta verða hins vegar fjárfrekar framkvæmdir, sem erfitt verður að leggja á gjaldendur í útsvörum einum, enda réttlátara að margra dómi að láta fasteignir, sem við viðkomandi götur standa, vera gjaldstofn að hluta undir þessum framkvæmdum eða a. m. k. gefa viðkomandi sveitarfélögum val um slíkt. Af þessum sökum er frumvarp þetta flutt.

Sþ. **52. Tillaga til þingsályktunar** [50. mál]

um stöðlun fiskiskipa.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Jón Ármann Héðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram nákvæma rannsókn á því, hvort ekki sé hagsamt að láta staðla veiðiskip landsmanna í ákveðnar stærðir og gerðir, svo að þau verði ódýrari í smíðum fyrir innlendar skipasmíðastöðvar.

Jafnframt væntir Alþingi þess, að einskis verði látið ófreistað til að auðvelda þegar reistum skipasmíðastöðvum samkeppni um smíði veiðiskipa landsmanna við erlendar skipasmíðastöðvar, svo að ekki komi til verkefnaskorts hjá þeim. M. a. verði athugað, hvort ekki sé hagfellt fyrir þjóðarbúið að hækka enn stofnlán til veiðiskipa, sem smíðuð eru innanlands, og auka þannig enn mun á lánum á skip smíðuð hérlendis og erlendis.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að á síðustu árum hafa risið upp hér á landi stálskipasmíðastöðvar, sem vel hafa verið gerðar úr garði og reynzt samkeppnisfærar um smíðagæði við erlendar skipasmíðastöðvar, sem útvegsmenn okkar hafa aðallega skipt við undanfarin ár. Hið opinbera, ríkisvald og bankar, hefur stuðlað að uppbyggingu þessara skipasmíðastöðva, enda ekki vansalaust jafnmikilli fiskveiðiþjóð og Íslendingar eru að smíða ekki sjálfir veiðiskip sín að meginhluta. Þar sem skipasmíðastöðvar okkar eru enn lítt tækni- og iðnþjálfaðar, svo nýjar sem þær eru, og nú hefur bætzt við, að útvegsmenn láta sér hægt um öflun nýrra skipa vegna erfiðleika í útgerðinni, hafa þær ekki reynzt samkeppnisfærar í harðnandi baráttu um fækkandi pantanir í smíði skipa við erlendar skipasmíðastöðvar og horfa því fram á algert verkefnaleysi, ef ekki er brugðið við til úrbóta og það tafarlaust.

Trúlega gæti hið opinbera hjálpað innlendum skipasmíðastöðvum til að lækka skipasmíðakostnað sinn verulega, ef það hefði hönd í bagga með stærð og gerð við smíði skipa, þannig að stöðlun mætti koma við. Virðist það og óeðlilegt, svo mikla fyrirgreiðslu sem hið opinbera veitir þeim, er ný skip fá smíðuð, að þeir geti valið sér hver og einn aðhaldslaust skipsgerð að eigin geðþótta, svo að varla nokkur tvö skip séu smíðuð eins. Hlýtur slíkt að hækka smíðakostnað verulega.

Varðandi síðara atriðið — að auka lánsbilið milli skipa smíðaðra innanlands og utan, innlendu smíðinni í hag — skal bent á, að það virðist fráleit stefna að eyða fyrst stórfé til að koma skipasmíðaiðnaði á fót í landinu, en gera síðan ekkert til að auðvelda honum fyrstu og erfiðustu sporin. Verður og að minna á, að það getur aldrei orðið nema tímaspursmál hjá fiskveiðiþjóð sem oss, að endurnýja þurfi mörg skip í veiðiflotanum, og þá skynsamlegt að greiða úr tímabundnum verkefnaskorti með aukinni fyrirgreiðslu við skipasmíðastöðvar og skipakaupendur, svo að eftirspurnin jafnist meira og atvinna, sem skipasmíðin skapar, verði jafnari og stöðugri. Þarf ekki að benda á, hve slíkt er nauðsynlegt atvinnulífi á þeim stöðum, þar sem skipasmíðin er.

Nd. **53. Frumvarp til laga** [51. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Ágúst Þorvaldsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Stefán Valgeirsson, Valtýr Guðjónsson.

1. gr.

Á eftir 86. gr. laganna komi ný grein, sem orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum og bifhjólum, og má það nema allt að 135% af fob-verði hverrar bifreiðar eða bifhjóls. Gjald þetta skal innheimt með öðrum aðflutningsgjöldum.

Ef fob-verð er ekki tiltekið, miðast gjaldið við tollmat að frádregnu flutningsgjaldi og vátryggingariðgjaldi.

Sama gjald skal innheimt af bifreiðum, sem settar hafa verið saman innanlands, og skulu slíkar bifreiðar metnar eftir sömu reglum og innfluttar, og er óheimilt að skrásetja þær, fyrr en gjald þetta hefur verið greitt.

Ríkisstjórnin úrskurðar í vafaatriðum, hvaða bifreiðar skuli gjaldskyldar.

Tekjum samkvæmt þessari grein skal varið til nýbyggingar þjóðvega, sbr. þó 32. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1969. Jafnframt er úr gildi felld 16. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál.

Greinargerð.

Framsóknarflokksmenn hafa alltaf látið vegamál mikið til sín taka. Þeir höfðu öðrum flokkum fremur forustu um þau mál frá þriðja til sjötta tugs þessarar aldar, en á þeim áratugum var vegakerfi landsmanna teygt út um landið, svo að það náði þá til allra landshluta og héraða og mikils meiri hluta byggðra býla í landinu.

Öllum var ljóst, að það vegakerfi, sem í upphafi var lagt um landið, var unnið við frumstæðar aðstæður, m. a. hvað verkfæri til vegagerðar snerti, og við þá umferð miðað, er þá var að verða til staðar.

Hins vegar hefur á síðari tímum orðið æði mikil breyting á möguleikum til að gera góða vegi hvað tæki áhrærir, og einnig hefur þörfin fyrir vel uppbyggða vegi og vegi úr varanlegu efni margfaldazt. Því veldur aukin umferð. Nú eiga landsmenn orðið um 40 þús. bifreiðar, auk þess sem stærð þeirra og flutningsgeta hefur vaxið ört á tveim síðustu áratugum. Þar að auki hefur svo það komið til, að vöruflutningar hafa í auknum mæli færzt inn á landleiðir. Þetta o. fl. veldur því, að verkefni í vegagerð eru óþrjótandi nú, þrátt fyrir það, sem þegar hefur verið gert.

Eins og fram kemur í upphafi þessarar greinargerðar, hefur Framsóknarflokkurinn átt öðrum flokkum fremur þátt í uppbyggingu vegakerfisins. Fyrir hans forustu var brúasjóður stofnaður með lögum nr. 87 1941. Var þar farið inn á þá leið að taka tekjur af umferðinni til uppbyggingar vegakerfisins, eins eyris skattur var þá lagður á hvern benzínlítra. Árið 1943 var skattur þessi hækkaður í tvo aura. Á nýsköpunarárunum, 1946, voru lögin um brúasjóð numin úr gildi. Á árinu 1949 var brúasjóður stofnaður á nýjan leik fyrir tilstuðlan Framsóknarflokksins og þá með fimm aura skatti á benzínlítra, og á árunum 1957—1958 voru tekjur sjóðsins hækkaðar með hækkun á benzínskattinum, og einnig á árinu 1960 var benzínskattur til brúasjóðs hækkaður um þrjá aura á lítra. Með vegalögum 1963, sem sett voru með samkomulagi allra þingflokka, var brúasjóður lagður niður og vegasjóður tók við hlutverki hans. Á gildistíma laganna um brúasjóð urðu tekjur hans alls 77.8 millj. króna. Voru þá byggðar 25 stórbrýr fyrir fé úr brúasjóði. Í þeim hópi voru brú á Jökulsá á Fjöllum, tvær brýr á Blöndu, brú á Ölfusá, Þjórsá, Hvítá hjá Iðu, Lagarfljót, Hornafjarðarfljót, Skjálfandafljót, Mjósund í Hraunsfirði, Gljúfurá í Borgar-

firði, Ytri-Rangá og fleiri brýr, sem hér verða ekki taldar. Segir þetta skýrt um það, hve miklu hlutverki sjóðurinn gegndi.

Á árunum eftir 1950 var stofnaður sjóður vegna vegalagningar á milli byggðarlaga. Varð tilvera þess sjóðs til að ýta á framkvæmdir eins og t. d. lagningu Austurvegar um Þrengsli, Búlandshöfðavegar o. fl.

Þessi sjóður féll, eins og brúasjóður, inn í kerfið um vegasjóð með núgildandi vegalögum.

Á árinu 1960 var flutt á Alþingi frv. um að gera einn sjóð úr þeim tveim sjóðum, brúa- og millibyggðavegasjóði. Átti sá sjóður, Vega- og brúasjóður, að hafa það hlutverk, að fé hans yrði notað til nýbygginga í vega- og brúagerð. Tekjustofnar hans áttu að vera þeir, er núverandi vegasjóður hefur.

Þessi hugmynd varð að framkvæmd með vegalögum frá 1963, að öðru leyti en því, að viðhaldi, stjórn vegagerðar og öðrum kostnaði við vegagerð var bætt á þessa tekjustofna, en það hefur nú þegar sýnt sig, að það ákvæði laganna hefur gert það að verkum, að árangur laganna hefur ekki orðið sá, sem við var búizt.

Á síðasta flokksþingi Framsóknarflokksins var mörkuð heildarstefna flokksins í framkvæmd vegamála, og er hún í aðalatriðum á þessa leið:

Vegasjóður verði efldur með því, að allir sérskattar af bifreiðum og rekstrarvörum til þeirra gangi óskiptir til vegasjóðs.

Ríkissjóður leggi vegasjóðnum til fé vegna vegaviðhaldsins.

Vegasjóður taki lán til að ljúka hringvegi um landið og til lagningar lands- og þjóðbrauta.

Framkvæmd verði nú þegar rannsókn á efni til að gera úr varanlega vegi á hraðbrautum og að þeirri rannsókn lokinni verði tekin ákvörðun um efni til þeirra.

Íslenzka ríkið taki erlent lán til langs tíma til að gera hraðbrautir úr varanlegu efni, og sé stefnt að því á næsta vegáætlunartímabili að koma í framkvæmd varanlegri vegagerð á þeim vegum, sem nú eru komnir í hraðbrautatölu, þ. e. leiðunum austur til Selfoss og til Borgarfjarðar, að Akranesi og Borgarnesi. Auk þess verði hraðað að gera aðalleiðina norður til Akureyrar sem fyrst úr varanlegu efni.

Okkur er ljóst, að mikið átak þarf til að koma þessum verkum í framkvæmd, en á hitt viljum við flm. minna, að íslenzka ríkið lagði fram mikið fé til vegamála, þegar verið var að teygja vegakerfið til allra byggða landsins, einmitt á þeim árum, þegar ríkissjóður hafði mjög óverulegar tekjur af umferðinni. Nú er hér allt öðru til að dreifa, þar sem ríkissjóður hafði um 600 millj. kr. tekjur af umferðinni á árinu 1966 umfram það, sem fór til vegagerðar á árinu, og ríkissjóður hefur haft ca. 2.5 milljarða króna í tekjur af umferðinni á árunum 1960—1966 umfram það, sem fór til vegamála á þessu tímabili. Er af þessu augljóst, að ekki er saman að jafna möguleikum þjóðarinnar nú til að leysa verkefnin í vegagerð og þeim, sem áður voru.

Stefna sú, sem mörkuð var á flokksþingi Framsóknarflokksins síðastliðið vor, er byggð á raunhæfum möguleikum þjóðarinnar til að leysa þau verkefni, sem þjóðin þarf að leysa í vegamálum vegna eðlilegra samgangna, vegna viðskiptamála, vegna efnahags- og atvinnumála þjóðarinnar.

Frv. það, sem hér er flutt, er einn liður í að koma í framkvæmd þeirri stefnu, sem síðasta flokksþing Framsóknarflokksins markaði. Gert er ráð fyrir, að það komi til framkvæmda með næstu vegáætlun og við gerð hennar verði það fé til ráðstöfunar, er af tekjuöflun þessari mundi leiða, en miðað við reynslu s. l. ár er um að ræða fjárhæð frá 17—200 millj. króna. Með þeirri fjárhæð og erlendu lánsfé má koma í framkvæmd stórum verkum í vegagerð á næsta vegáætlunartímabili, en það er takmarkið, sem að er stefnt með þeirri stefnu, er Framsóknarflokkurinn markaði á síðasta flokksþingi, eins og að framan er lýst.

Ed. 54. Frumvarp til laga [52. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1965.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

1. mgr. 18. gr. orðist svo:
Kosningarrétt til sveitarstjórna hafa allir, sem:

a. eru 20 ára að aldri, þegar kosning fer fram,
b. eru íslenzkir ríkisborgarar, eða hafa jafnan rétt við þá,
c. eru eigi sviptir lögræði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til samræmingar við frumvarp það til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskránni, sem nú liggur fyrir Alþingi, og frumvarp til laga um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, sem einnig liggur nú fyrir Alþingi. Frekari skýringa er ekki þörf.

Sþ. 55. Tillaga til þingsályktunar [53. mál]

um námskostnað.

Flm.: Ingvar Gíslason, Sigurvin Einarsson, Ólafur Jóhannesson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa milliþinganefnd, er geri tillögur um fjárhagslegan stuðning við nemendur á skyldunáms- og framhaldsskólastigum, sem óhjákvæmilega verða að vista sig til langs tíma utan heimila sinna vegna skólagöngu. Nefndin skal skipuð fimm mönnum, og tilnefni þingflokkarnir sinn manninn hver, en menntamálaráðherra skipi fimmta manninn án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Nefndin skili áliti fyrir næsta reglulegt Alþingi. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Í þingsályktunartillögu, sem nokkrir framsóknarmenn hafa flutt á tveimur undanfarandi þingum um aukna fjárhagsaðstoð við námsmenn í landinu, var því m. a. hreyft, að settar yrðu reglur um greiðslu skólakostnaðar nemenda, sem óhjákvæmilega yrðu að vista sig til langs tíma utan heimila sinna. Sú till. til þál., sem flutt er að þessu sinni, fjallar um þennan þátt ofangreinds máls. Þykir flutningsmönnum eins vel á því fara, að um hann sé fjallað í sérstöku þingmáli.

Eitt hið brýnasta verkefni í fræðslumálum okkar er **jöfnun námsaðstöðu** í landinu, og meðal þess, sem helzt mætti að því stuðla, er sú leið, að hið opinbera greiði kostnað, sem stafar af óhjákvæmilegri dvöl nemenda utan heimila þeirra. Getur þetta átt við nemendur á ýmsum aldri og í mismunandi skólum, m. a. nemendur í heimavistarbarnaskólum, héraðsskólum, menntaskólum, verzlunarskólum o. s. frv. Til lengdar verður ekki vikizt undan því, að þessi leið verði valin, og ríður á miklu, að málið verði undirbúið sem fyrst. Er það nú mikill beinn útgjaldaliður fyrir sveitaheimili og önnur, sem líkt eru stödd, hvað snertir fjarlægð frá skólum, að þurfa að vista börn og ungmenni utan heimilis vegna skólagöngu. Á barnmörgum heimilum er þessi kostnaður afar tilfinnanlegur og veldur að sjálfsögðu mjög

óhægri aðstöðu til þess að láta börn og ungmenni njóta eðlilegrar skólagöngu. Sem dæmi um óbein áhrif á fjárhagsafkomu og heimilislíf sveitaheimila er vert að geta þess, að stór hluti menntaskólanemenda, sem verða að sækja skóla í önnur héruð eða landsfjórðunga, neyðist einnig til þess að dveljast fjarri heimilum sínum hvert sumar í því skyni að afla fjár til skólagöngu sinnar. Þetta á fyrst og fremst við um nemendur í sveitum, þar sem fjáraflavon er lítil miðað við það, sem gerist í uppgripavinnu við sjávarsíðuna. Með þessu móli verða börn og foreldrar fyrr viðskila hvort við annað en ella mundi, auk þess sem heimilin missa dýrmætan liðsafla frá nauðsynjaverkum. Er áreiðanlega tímabært að gefa þessu fullan gaum, enda verulegt hagsmuna- og réttlætismál fyrir þá, sem verða að búa við þetta ástand. Dæmalaust mun það ekki vera, að foreldrar flytjist úr sveitum til kaupstaða, m. a. Reykjavíkur, vegna þess mikla aukakostnaðar, sem því fylgir að senda börn og ungmenni að heiman vegna skólagöngu.

Nd. 56. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til laga um efnahagsaðgerðir.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Það er öllum kunnugt, að nú er illt ástand og uggvænlegar horfur hjá aðalatvinnuvegunum. Hefði því mátt ætla, að þegar ríkisstjórnin leggur fram lagafrv. um efnahagsaðgerðir, væri þar fyrst og fremst að finna ráðstafanir til að ráða fram úr vanda atvinnulífsins, svo að framleiðslustarfsemin geti haldið áfram með eðlilegum hætti. En því er ekki að heilsa. Þar eru engin ákvæði um ný úrræði til stuðnings atvinnurekstrinum, en III. kafli frv. er um framlengingu á núgildandi lagafyrirmælum um ráðstafanir vegna sjávaraútvegsins, sem ljóst er, að eru langt frá því að vera fullnægjandi, eins og málum er nú komið. T. d. er stöðvun fyrstihúsanna yfirvofandi.

Nýmælin, sem felast í þessu frv., eru í I. kafla þess um vísitölu framfærslukostnaðar og verðlagsuppbót á laun og í IV. og V. kafla um farmiðaskatt og hækkun á ýmsum eldri sköttum til viðbótar þeim álögum, sem fyrir eru.

Í athugasemdum um I. kaflann er greint frá því, að sú lækkun á niðurgreiðslum á vöruverði, sem þegar er fram komin, og þær nýju álögur, sem ráðgerðar eru í frv., muni valda um það bil 7.5% hækkun á núgildandi vísitölu framfærslukostnaðar, og samkv. frv. eiga menn ekki að fá þessar verðhækkanir bættar með uppbótum á laun.

Síðustu vikurnar hefur ríkisstjórnin rætt við nefnd manna frá Alþýðusambandi Íslands og B.S.R.B. um frumvarpið, í því skyni að reyna að ná samkomulagi við þau samtök um málið. Þær samkomulagstilraunir hafa ekki borið árangur, og launþegasamtökin hafa lýst mjög ákveðinni andstöðu við kjaraskerðingarákvæði frv. Hefur það engu breytt um afstöðu þeirra, þó að ríkisstjórnin hafi í hyggju að gera nokkra breytingu á frv.

Meiri hl. fjárhagsnefndar hefur ákveðið að mæla með samþykkt frv., en undirritaður minni hl. nefndarinnar telur, **að með samþykkt þess sé stefnt í ófæru, og leggur því til, að frumvarpið verði fellt.**

Minni hl. telur, að hér þurfi að taka upp ný vinnubrögð. Byrja á því að gera sér grein fyrir stöðu atvinnuveganna og lagfæra rekstrargrundvöll þeirra. Það er eina leiðin til þess að tryggja næga atvinnu og landsmönnum lífvænlega afkomu. Í framhaldi af þeim lagfæringum ætti að mega vænta þess, að unnt yrði að ná samkomulagi við stéttasamtökin um kjaramálin.

Í tíð núverandi ríkisstjórnar hefur á ýmsan hátt verið illa búið að atvinnurekstrinum. Hagstjórnaraðferðir hennar hafa reynzt mörgum þjóðnýtum atvinnu-

fyrirtækjum fjötur um fót. Hér er mikil þörf breytinga og nýrrar stefnu í atvinnu- og efnahagsmálum.

En núverandi ríkisstjórn er ekki fær um að leysa þann vanda, sem við er að fást, enda skortir hana vilja til að hverfa af þeirri braut, sem hún hefur gengið. Hún heldur dauðahaldi í þau úreltu ráð í efnahagsmálum, sem hún hefur beitt á ferli sínum á undanförnum árum, en þau hafa átt mikinn þátt í að koma undirstöðuatvinnuvegunum í þá úlfakreppu, sem þeir eru nú í. Stjórnina skortir líka traust þjóðarinnar til þess að standa fyrir málum.

Hér þarf því að taka upp nýja stjórnarstefnu, sem byggð sé á viðtæku samstarfi stjórnmálaflokka og stétta, til þess að tryggja íslenzkri framleiðslu starfsgrundvöll og landsmönnum viðunandi lífskjör.

Samkvæmt framansögðu er það tillaga okkar, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 11. nóv. 1967.

Skúli Guðmundsson, frsm. Lúðvík Jósefsson. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Nd. 57. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til laga um efnahagsaðgerðir.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Sú stefna í efnahagsmálum, sem fylgt hefur verið frá upphafi stjórnarsamstarfs Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins 1959, hefur leitt til þess, að vöxtur þjóðarframleiðslu og þjóðartekna hefur verið mjög ör, allt fram á s. l. ár, að nokkuð dró úr.

Ársvöxtur þjóðarframleiðslunnar var að meðaltali á mann 1960—1965 3.7% og vöxtur þjóðartekna 5.7%. Á árunum 1955—1960 hafði hins vegar þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur á mann aukizt að meðaltali um aðeins 1% á ári.

Samfara réttri efnahagsstefnu hafa ytri aðstæður verið okkur hagstæðar allt fram á s. l. ár. Hvert árið eftir annað hefur verið okkur gjöfult, og þróun verðlags á útflutningsafurðum okkar hefur verið mjög hagstæð.

Þetta hefur að sjálfsögðu leitt til mikillar aukningar útflutningsframleiðslunnar svo og ört vaxandi gjaldeyristekna, sem haft hafa víðtæk efnahagsleg áhrif og verið meginundirstaða batnandi lífskjara á undanförnum árum.

Hin mjög svo hagstæða þróun efnahagslífsins, samfara aukinni hagræðingu hjá atvinnuvegunum, hefur leitt til þess, að undanfarin ár hafa launþegar fengið í sinn hlut stærra hlutfall af þjóðartekjuaukningunni en nokkru sinni fyrr. Lífsafkoma landsmanna hefur aldrei verið jafngóð og það sem af er þessum áratug.

Það er hins vegar öllum ljóst, að þjóð, sem fær yfir 90% af verðmæti útflutningsafurða sinna frá einum og sama atvinnuvegi, hlýtur að gera sér grein fyrir því, að bregðist sú atvinnugrein, verður áfallið meira en þar sem um fjölbreytta útflutningsatvinnuvegi er að ræða.

Á því ári, sem senn er á enda, höfum við Íslendingar orðið áþreifanlega varir við, hversu afkoma okkar er mjög háð fjarlægum atvikum, sem við fáum á engan hátt ráðið við. Reyndar urðum við þessa örlítið varir á seinni hluta s. l. árs, er hátt verð á útflutningsafurðum okkar, sem staðið hafði um nokkurra ára skeið, snerist til verðlækkunar, samfara því að tók fyrir þá miklu aukningu á útflutningsframleiðslunni, sem átt hafði sér stað á undanförnum árum.

Þessi óheillaþróun hefur haldið áfram á þessu ári: aflabrestur samfara gæftaleysi og áframhaldandi verðlækkun á útflutningsafurðunum. Jafnvel innanlandsdeilur viðskiptaþjóða okkar hafa valdið miklum truflunum á útflutningi.

Áætlað er, að útflutningsframleiðsla okkar á árinu 1967 muni minnka um 25—33% frá s. l. ári, úr 6000 milljónum króna í 4000—4500 milljónir króna. Afleiðing slíkrar þróunar getur ekki orðið nema á einn veg: vaxandi halli á utanríkisviðskiptum, versnandi afkoma útflutningsfyrirtækja og lakari afkoma ríkissjóðs, er leiða mundi til atvinnuleysis, ef ekki væru gerðar gagnráðstafanir.

Ríkisstjórnin og stuðningsflokkar hennar stóðu í lok síðastliðins árs og í byrjun þessa árs að ráðstöfunum, sem ætlaðar voru til þess að leysa úr þeim vanda, sem þá þegar var orðinn.

Gagnstætt því, sem búast mátti við, hafa erfiðleikarnir enn aukizt. Hefur ríkisstjórnin því lagt fyrir Alþingi á þingskjali 7 frumvarp til laga um efnahagsaðgerðir og vill reyna með því ásamt öðrum ráðstöfunum að koma í veg fyrir óheillavænlegar afleiðingar þessa ástands.

Fjárhagsnefnd neðri deildar hefur haft frumvarp þetta til athugunar, en í frumvarpinu leggur ríkisstjórnin til, að haldið verði þeirri stefnu, sem þegar hefur verið mörkuð:

1. **með áframhaldandi stöðvun á almennri hækkun verðlags og framleiðslukostnaðar;**
2. **með umbótum í uppbyggingu atvinnuveganna og bættum rekstri fyrirtækja, og**
3. **með áframhaldi þeirrar aðstoðar við sjávarútveginn, sem veitt var vegna verðfallsins fyrr á árinu.**

Áður en frumvarp þetta var lagt fram og gerðar þær ráðstafanir, sem samtímis því voru ákveðnar, gafst ríkisstjórninni ekki tækifæri til þess að ræða við launþegasamtökin í framhaldi af samstarfi ríkisstjórnarinnar við þau. Viðræður þessara aðila hafa hins vegar farið fram, eins og kunnugt er, frá því er fyrstu umræðu um frumvarpið lauk. Beindust þær fyrst og fremst að því, hvort og þá með hvaða hætti unnt væri að gera þær byrðar, sem ætlað er, að þjóðfélagsborgararnir verði að axla vegna breyttra kringumstæðna, léttari og þá sérstaklega fyrir þá lægst launuðu, hina öldnu og sjúku og þá, sem hafa stærstu fjölskyldurnar.

Frumvarpið gerir m. a. ráð fyrir, að lögfestur verði nýr vísitölugrundvöllur 1. marz 1968 og sú vísitöluhækkun, sem ráðstafanir samkvæmt frumvarpi þessu og fjárlagafrv. væntanlega leiða af sér og talið er að nemi 4.38%, verði felld niður.

Umræður ríkisstjórnarinnar og nefndar frá A.S.Í. og B.S.R.B. leiddu ekki til samkomulags.

Tillögum ríkisstjórnarinnar um, að aðeins 1.38% vísitöluhækkunarinnar falli niður, en 3% vísitöluhækkun, sem stafar af hækkun á verði landbúnaðarvöru, komi til framkvæmda á næstu 18 mánuðum og að 5% hækkun verði greidd á lögboðnar bætur lífeyristrygginga, þó ekki hækkun fjölskyldubóta með fyrsta barni í fjölskyldu, var hafnað af meiri hluta nefndarinnar, en gert ráð fyrir, að viðræður gætu haldið áfram um önnur atriði, sem rædd höfðu verið.

Ríkisstjórnin óskaði þá eftir því við fjárhagsnefnd, að nefndin flytti breytingartillögur við frumvarpið í samræmi við tilboð hennar, ásamt öðrum breytingartillögum, sem nefndin kynni að flytja.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins.

Það er skoðun meiri hluta nefndarinnar, að það að taka á sig örlitlar byrðar, þegar illa árar, gefi mikla möguleika til áframhaldandi lífskjarabóta, þegar úr rætist, en skilningsleysi og það að framfylgja óraunhæfum óskum leiði ævinlega til versnandi lífskjara og jafnvel atvinnuleysis, en slíkt beri að forðast í lengstu lög.

Meiri hluti nefndarinnar mælir því með því, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem hann flytur tillögur um á þingskjali 58 og nánari grein verður gerð fyrir í framsögu.

Alþingi, 11. nóv. 1967.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.	Sigurður Ingimundason, fundaskr.	Guðlaugur Gíslason.
	Gunnar Gíslason.	

Nd. 58. Breytingartillögur [7. mál]

við frv. til laga um efnahagsaðgerðir.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Á eftir 5. gr. komi ný grein, sem verði 6. gr., en núverandi 6. gr. verði 7. gr. o. s. frv. Greinin hljóði svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að kaupgreiðsluvísitala, eins og hún hefur verið reiknuð samkvæmt 5. gr., skuli hækka um 1 stig í hvert skipti hinn 1. maí og 1. nóvember 1968 og hinn 1. maí 1969.
   Á árinu 1968 skulu lögboðnar bætur lífeyristrygginga samkv. lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, og síðari breytingum á þeim lögum hækka um 5%. Hækkun fjölskyldubóta skal þó bundin við bætur vegna barna umfram eitt í hverri fjölskyldu.
   Hækkun samkvæmt 2. málsgr. þessarar greinar skal greidd að fullu úr ríkissjóði.
   Eigi skal greiða tekjuskatt né tekjuútsvar af hækkun fjölskyldubóta samkvæmt 2. málsgr. þessarar greinar.
2. Fyrsti málsliður 15. gr., sem verður 16. gr., orðist svo:
   Sjóður sá, sem um ræðir í 15. gr., greiðir verðbætur á frystar fiskafurðir, framleiddar á árinu 1967 og 1968, aðrar en síldar- og loðnuafurðir, svo og á frystar rækjur, framleiddar á tímabilinu október—desember 1967 og á árinu 1968.
3. 19. gr., sem verður 20. gr., orðist svo:
   Hver sá einstaklingur, sem fer frá Íslandi til annarra landa, skal greiða gjald til ríkissjóðs, sem nefnist farmiðagjald, samkvæmt ákvæðum 21.—25. gr.
   Undanþegnar gjaldskyldu eru lögskráðar áhafnir skipa og loftfara svo og börn undir 7 ára aldri. Enn fremur erlendir ferðamenn og útlendingar við atvinnustörf á Íslandi. Þó eru hinir síðarnefndu því aðeins undanþegnir gjaldskyldu, að dvalartími þeirra sé skemmri en eitt ár.
4. Við 31. gr. Í stað „1. nóvember 1967“ í 1. málsgr. komi: 1. janúar 1968.

Nd. 59. Frumvarp til laga [54. mál]

um breyting á lögum nr. 66/1917, um gjöld til holræsa og gangstétta á Akureyri.

Flm.: Bragi Sigurjónsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:
Kostnaður við holræsagerð í götum bæjarins, sömuleiðis við steinlímdar, hellulagðar og aðrar jafnvandaðar gangstéttir og kostnaður við gerð varanlegs slitlags á götu greiðist úr bæjarsjóði. En heimilt er bæjarstjórninni að leggja holræsa-, gangstétta- og gatnagerðarskatt á hús og lóðir í bænum, samkvæmt reglugerð, er hún setur og stjórnarráðið samþykkir. Skal gjaldið miðað við skattvirðingarverð húseigna og lengd lóða meðfram götu, þar sem holræsi eða gangstéttir verða lagðar og/eða varanlegt slitlag.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 66/1917 og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um gjöld til holræsa, gangstétta og varanlegs slitlags á götum á Akureyri.

Greinargerð.

Um ástæður fyrir flutningi máls þessa sjá greinargerð með frumvarpi um breyting á lögum nr. 18/1920, um gjöld til holræsa og gangstétta í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri, á þskj. 51.

Sþ. **60. Fyrirspurn** [55. mál]

til raforkumálaráðherra um rannsókn varðandi lausn á raforkuþörf Vestur-Skaftfellinga austan Mýrdalssands.

Frá Birni Fr. Björnssyni og Ágúst Þorvaldssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar samþykktrar á Alþingi 5. maí 1966, um rannsókn varðandi lausn á raforkuþörf Vestur-Skaftfellinga austan Mýrdalssands?

Nd. **61. Frumvarp til laga** [56. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961.

Flm.: Friðjón Þórðarson.

1. gr.

Í stað orðanna „að þriðjungi eftir tölu verkfærra karlmanna“ í 101. gr. laganna komi: að þriðjungi eftir íbúatölu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal lagt á samkvæmt þeim fyrsta sinn árið 1968.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi af Jóni Ísberg, sýslumanni Húnvetninga, formanni Sýslumannafélagsins, en varð þá eigi útrætt. — Er það nú endurflutt í samráði við hann. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Næstum því einu tekjur sýslusjóða eru sýslusjóðsgjöld. Eru þau lögð á hreppana eftir reglum 101. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 58/1961, eða eftir fasteignamati að einum þriðja, samanlögðum nettótekjum og nettóeign að einum þriðja og eftir tölu verkfærra manna að einum þriðja.

Samkvæmt eldri vegalögum áttu hreppstjórar að semja skrár yfir verkfæra menn í hreppum, en ákvæði um slíkar skrár er ekki að finna í nýju vegalögunum, enda ekki notaðar nú nema sem gjaldgrundvöllur sýslusjóðsgjalds. Þarna vantar því ákvæði um, hver eigi að semja verkfærra manna skrá. Hreppstjórar hafa gert það, en það er ekki lengur skylda þeirra. En hver svo sem gerir það, þá er það aukavinna, sem komast má hjá, ef þetta frumvarp nær fram að ganga, en þá er gert ráð fyrir, að þriðjungur sýslusjóðsgjalds verði lagður á eftir íbúatölu hreppanna. Auk þess má benda á, að stundum getur orkað tvímælis, hvort telja beri mann verkfæran eða ekki, t. d. mann, sem er 65% öryrki. Þessi breyting hefur ekki fjárhagsþýðingu, aðeins verið að gera framkvæmd ákveðinna laga einfaldari og öruggari.“

Nd. 62. Nefndarálit [46. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101 8. des. 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á einum fundi og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. nóv. 1967.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Pálmi Jónsson, fundaskr. Jónas Pétursson.
Stefán Valgeirsson. Benedikt Gröndal. Hannibal Valdimarsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson.

Nd. 63. Breytingartillaga [7. mál]

við frv. til l. um efnahagsaðgerðir.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Á eftir 10. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Nú hefur á tímabilinu frá 1. nóv. 1967 og þar til lög þessi öðlast gildi verið ákveðin verðhækkun á vöru eða seldri þjónustu, sem fer í bága við ákvörðun ríkisstjórnarinnar á grundvelli heimildar samkvæmt 9. gr., og er þá slík verðhækkun ógild, og hlutaðeigandi seljandi er skyldur að lækka verðið í það, sem var 1. nóv. 1967.

Nd. 64. Breytingartillaga [7. mál]

við frv. til l. um efnahagsaðgerðir.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 15. gr. Við greinina bætist:
Þrátt fyrir ákvæði í 14. og 15. gr. getur ráðherra ákveðið, að verðbætur úr sjóðnum nái einnig til frystra síldarafurða.

Sþ. 65. Tillaga til þingsályktunar [57. mál]

um endurskoðun laga um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

Flm.: Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum á þann veg, að sjóðfélögum verði tryggð eigi minni réttindi en aðilar að lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins njóta nú.

Greinargerð.

Lög um lífeyrissjóð togarasjómanna voru sett árið 1958 og sniðin eftir lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þó var hámarkslífeyrir, sem togarasjómenn gátu fengið eftir 30 ára starfstíma, aðeins 50% af meðallaunum síðustu 10 starfsára viðkomandi sjóðfélaga, en í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins var miðað við 60%.

Frumvarp, sem flm. þessarar þingsályktunartillögu flutti haustið 1960 ásamt þáv. háttv. 11. landskjörnum þm. (Gunnari Jóhannssyni), þar sem m. a. var gert ráð fyrir, að togarasjómenn skyldu njóta sama réttar til hámarksgreiðslna lífeyris og starfsmenn ríkisins, fékkst ekki samþykkt. Meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar Nd. Alþingis bar því við, að of stuttur tími væri þá liðinn, síðan lögin um lífeyrissjóðinn voru sett, og fullnægjandi reynsla því ekki fengin um framkvæmd laganna.

Ef frá eru taldar lítils háttar breytingar varðandi aðildarrétt starfsmanna sjómannafélaga o. fl., hafa einungis þær breytingar verið gerðar á lögunum um lífeyrissjóð togarasjómanna, að undirmenn á farskipum hafa fengið aðild að sjóðnum og nafni hans verið breytt til samræmis við það.

Sú reynsla er fengin af framkvæmd laganna um sjóðinn, að hann mun nú vera næststærsti lífeyrissjóður í landinu, og námu eignir hans í árslok 1966 um 146 millj. kr., en engar breytingar hafa þó verið gerðar á lögum um þennan sjóð í þá átt að auka réttindi sjóðfélaga. Hámarkslífeyrir, sem sjóðfélagar geta notið, er enn 50% af meðallaunum sjóðfélaga síðustu 10 starfsárin. Á verðbólgutímum veldur slík viðmiðun því, að lífeyrisréttindi sjóðfélaga rýrna mjög. Á sama tíma hafa hins vegar verið gerðar mjög veigamiklar breytingar á lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Má þar fyrst og fremst nefna, að í stað þess að lífeyrir var áður miðaður við meðallaun sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, eru lífeyrisgreiðslur nú ákveðinn hundraðshluti af þeim launum, sem á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf, er sjóðfélagi gegndi síðast, en í þeirri tilhögun felst verðtrygging lífeyrisgreiðslna, þar sem þær breytast samhliða breytingum á launum.

Að ýmsu öðru leyti veitir lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins meiri réttindi en lífeyrissjóður togarasjómanna og undirmanna á farskipum, en ekki er ástæða til þess að rekja það hér.

Breytingar á lögum um lífeyrissjóð togarasjómanna í þá átt, að togarasjómenn nytu eigi minni lífeyrisréttar en starfsmenn ríkisins, fengust ekki samþykktar á Alþingi fyrir 6 árum, vegna þess að þá taldi meiri hluti þeirrar nefndar, sem um málið fjallaði, að ekki væri fengin nægileg reynsla af framkvæmd laganna. Sú reynsla ætti nú að liggja fyrir og virðist birtast í því, að eignir sjóðsins, sem nú tekur einnig til undirmanna á farskipum, aukast óðfluga með ári hverju, og sjóðurinn er nú orðinn næststærsti lífeyrissjóður í landinu. Á sama tíma hefur enn aukizt mismunurinn á lífeyrisréttindum sjóðfélaga í þessum sjóði og þeim réttindum, sem starfsmenn ríkisins njóta. Virðist því tímabært, að lögin séu endurskoðuð og sjóðfélögum tryggð a. m. k. jafnmikil réttindi og starfsmönnum ríkisins, einkum að því er varðar verðtryggingu lífeyrisgreiðslna. Sá háttur, sem er á launagreiðslum til togarasjómanna, að þær miðast við aflahlut að mestu leyti, veldur því, að verðtryggingu lífeyrisgreiðslna til þeirra þarf að haga á nokkuð annan veg en til þeirra, sem fá öll laun sín sem fastákveðið mánaðarkaup. Á sama hátt þarf að taka tillit til þess, að hve miklu leyti laun undirmanna á farskipum eru fengin fyrir yfirvinnu. Naumast ættu að vera vandkvæði á því að finna lausn á þessum atriðum, ef vilji er fyrir hendi til þess að togarasjómenn og undirmenn á farskipum njóti eigi minni lífeyrisréttinda en starfsmenn ríkisins.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en náði þá eigi fram að ganga.

Ed. 66. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta frumvarp og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 14. nóv. 1967.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Sveinn Guðmundsson.	Auður Auðuns.
Björn Fr. Björnsson.	Geir Hallgrímsson.	Karl Guðjónsson.
	Einar Ágústsson.	

Ed. 67. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 16. nóv. 1967.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Auður Auðuns, fundaskr.	Björn Fr. Björnsson.
Björn Jónsson.	Ásgeir Bjarnason.	Steinþór Gestsson.
	Pétur Benediktsson.	

Nd. 68. Breytingartillögur [7. mál]

við frv. til l. um efnahagsaðgerðir.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við brtt. 58, tölul. 2. Fyrir orðin „framleiddar á tímabilinu október-desember 1967 og á árinu 1968“ komi: framleiddar á árunum 1967 og 1968, útfluttar eftir 1. október 1967.
2. Við 17. gr. Fyrir orðin „eða aðrar útfluttar afurðir“ komi: og 8 m.kr. á aðrar útfluttar afurðir.

Nd. **69. Frumvarp til laga** [7. mál]

um efnahagsaðgerðir.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. nóv.)

I. KAFLI

Um vísitölu framfærslukostnaðar og verðlagsuppbót á laun.

1. gr.

Kauplagsnefnd skal reikna vísitölu framfærslukostnaðar í Reykjavík samkvæmt niðurstöðum rannsóknar, sem gerð hefur verið á neyzlu launþega í Reykjavík 1964 og 1965. Grunntala þessarar nýju vísitölu skal miðuð við verðlag í byrjun janúar 1968, og síðan skal reikna hana fjórum sinnum á ári, miðað við byrjun mánaðanna febrúar, maí, ágúst og nóvember, eftir grundvallarreglum, sem Kauplagsnefnd setur. Við þennan útreikning skal sleppa broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, en annars hækka í heilt stig.

Nú óskar stjórn Alþýðusambands Íslands eða stjórn Vinnuveitendasambands Íslands eftir því, að vísitala framfærslukostnaðar verði reiknuð aukalega í öðrum mánuði en skylt er að reikna hana samkvæmt fyrri málsgr. þessarar gr., og skal þá Kauplagsnefnd verða við þeirri ósk, enda sé hún borin fram með minnst tveggja vikna fyrirvara.

2. gr.

Vísitala framfærslukostnaðar með grunntölu 100 hinn 1. marz 1959, samkvæmt 3. málsgr. 4. gr. laga nr. 1/1959, skal reiknuð í síðasta sinn eftir verðlagi í janúarbyrjun 1968.

3. gr.

Á tímabilinu 1. desember 1967 til 29. febrúar 1968 skal greiða sömu verðlagsuppbót (15.25%) á laun og aðrar greiðslur, er fylgja kaupgreiðsluvísitölu, og greidd var á tímabilinu 1. september til 30. nóvember 1967.

4. gr.

Frá 1. marz 1968 skal sú verðlagsuppbót (15.25%), er greidd hefur verið fram til þess tíma, lögð við grunnupphæðir launa og annarra greiðslna, sem fylgja kaupgreiðsluvísitölu, og telst hvort tveggja grunngreiðsla, er verðlagsuppbót skal greidd á samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

5. gr.

Kauplagsnefnd reiknar kaupgreiðsluvísitölu, er skal fylgja vísitölu framfærslukostnaðar að öðru leyti en því, að eigi skal taka tillit til þeirrar hækkunar eða lækkunar á síðar nefndu vísitölunni, er leitt hefur af breytingu á vinnulið verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara, annað hvort vegna breyttra kjaraákvæða í samningum stéttarfélaga eða vegna greiðslu verðlagsuppbótar á laun. Útreikningur þessi skal gerður eftir vísitölu framfærslukostnaðar áður en hún er sléttuð, en kaupgreiðsluvísitala skal ákveðin og birt í heilum stigum, og skal þar fylgja reglu þeirri, er um ræðir í 3. málslið fyrri málsgr. 1. gr.

Kaupgreiðsluvísitala sú, er um ræðir í fyrri málsgr. þessarar gr., reiknast eftir vísitölu framfærslukostnaðar í byrjun mánaðanna febrúar, maí, ágúst og nóvember, og gildir við ákvörðun verðlagsuppbótar á laun og aðrar greiðslur næstu þrjá mánuði, frá byrjun næsta mánaðar eftir að hún var reiknuð, í fyrsta sinn frá 1. marz 1968.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að kaupgreiðsluvísitala, eins og hún hefur verið reiknuð samkvæmt 5. gr., skuli hækka um 1 stig í hvert skipti hinn 1. maí og 1. nóvember 1968 og hinn 1. maí 1969.

Á árinu 1968 skulu lögboðnar bætur lífeyristrygginga samkv. lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, og síðari breytingum á þeim lögum hækka um 5%. Hækkun fjölskyldubóta skal þó bundin við bætur vegna barna umfram eitt í hverri fjölskyldu.

Hækkun samkvæmt 2. málsgr. þessarar greinar skal greidd að fullu úr ríkissjóði.

Eigi skal greiða tekjuskatt né tekjuútsvar af hækkun fjölskyldubóta samkvæmt 2. málsgr. þessarar greinar.

7. gr.

Greiða skal verðlagsuppbót á laun og aðrar greiðslur fyrir unnin störf í hlutfalli við þá hækkun, sem hverju sinni hefur orðið á kaupgreiðsluvísitölu frá grunntölu hennar í janúarbyrjun 1968. Sama gildir um bætur greiddar í peningum samkvæmt lögum nr. 40/1963, um almannatryggingar, og um bætur skv. lögum nr. 29/1956, um atvinnuleysistryggingar, hvort tveggja með áorðnum breytingum bótaupphæða. Enn fremur skal greiða verðlagsuppbót á lífeyrisgreiðslur til einstaklinga úr ríkissjóði skv. fjárlögum, og á lífeyri úr lífeyrissjóðum, sem ríkissjóður sjálfur eða ríkisfyrirtæki greiða iðgjöld til. Skal hlutaðeigandi lífeyrissjóður greiða verðlagsuppbótina gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá stofnunum þeim, er lífeyrisþegi tók laun sín hjá. Verðlagsuppbót greiðist ekki á lífeyrisgreiðslur, er sjálfkrafa fylgja breytingum launa, sem verðlagsuppbót er greidd á samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

Verðlagsuppbót greiðist á kauptryggingu bátasjómanna og á vinnulaun, sem greidd eru samkvæmt uppmælingar- og öðrum ákvæðisvinnutöxtum, enda séu þeir ákveðnir í kjarasamningum stéttarfélags, sem í hlut á, eða miðaðir við kjarasamninga sömu starfsgreinar annars staðar.

Verðlagsuppbót greiðist ekki á laun, sem greidd eru í öðru en peningum, og ekki heldur á fjárhæðir, sem launþegar fá greiddar vegna útgjalda, sem fylgja starfi þeirra. Sama gildir um laun, sem ákveðin eru sem hundraðshluti af afurðaverði, veltu eða öðru verðmæti.

8. gr.

Vinnuliðir verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara skulu hækka eða lækka samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu eftir sömu reglum og um ræðir í 4. og 7. gr., og afurðaverð til bænda breytist um leið til samræmis. Þó skal slík breyting á vinnuliðum verðlagsgrundvallar ekki eiga sér stað, nema samkvæmt ósk fulltrúa framleiðenda eða fulltrúa neytenda í Sexmannanefnd.

9. gr.

Félagsdómur sker úr ágreiningsatriðum um túlkun á fyrirmælum 4. og 7. gr. þessara laga, og eru úrskurðir hans fullnaðarúrskurðir.

II. KAFLI

Um verðstöðvun.

10. gr.

Verð á hvers konar vöru má ekki vera hærra en það var 15. nóvember 1966, nema til komi samþykki réttra yfirvalda. Mega þau þá ekki leyfa neina hækkun á vöruverði, nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til slíkrar verðhækkunar skal vera háð samþykki ríkisstjórnarinnar. Hundraðshluti álagningar á vörum í heildsölu og smásölu má heldur ekki vera hærri en hann var 15. nóvember 1966. Sama gildir um umboðslaun vegna vörusölu og um hvers konar álagningu, sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vinnu eða þjónustu.

Fyrirmæli fyrri mgr. þessarar greinar taka á hliðstæðan hátt til seldrar þjónustu og framlags, í hvaða formi sem er, þar á meðal til hvers konar þjónustu og framlags, sem ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra, svo og aðrir opinberir aðilar, láta í té gegn gjaldi.

11. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að álagningarstigar útsvara og aðstöðugjalds samkvæmt lögum nr. 51/1964, með síðari breytingum, megi eigi hækka frá því, sem ákveðið var í hverju sveitarfélagi 1967, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Skal hækkun álagningarstiga þá eigi leyfð, nema ríkisstjórnin telji hana óhjákvæmilega vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi sveitarfélags.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að öll opinber gjöld, önnur en þau, er um ræðir í síðari málsgr. 10. gr. og í lögum nr. 51/1964, megi eigi hækka frá því, sem var á árinu 1967, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Skal hækkun á slíku gjaldi þá eigi leyfð, nema ríkisstjórnin telji hana óhjákvæmilega vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi aðila.

12. gr.

Nú hefur á tímabilinu frá 1. nóv. 1967 og þar til lög þessi öðlast gildi verið ákveðin verðhækkun á vöru eða seldri þjónustu, sem fer í bága við ákvörðun ríkisstjórnarinnar á grundvelli heimildar samkvæmt 10. gr., og er þá slík verðhækkun ógild, og hlutaðeigandi seljandi er skyldur að lækka verðið í það, sem var 1. nóv. 1967.

III. KAFLI

Um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

13. gr.

Á árinu 1968 er ríkisstjórninni heimilt að greiða allt að 100 m.kr. sem verðbætur til viðbótar við það lágmarksverð á ferskfiski, öðrum en síld og loðnu, sem Verðlagsráð sjávarútvegsins og yfirnefnd þess ákveða. Skal viðbótin skiptast skv. reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

14. gr.

Á árinu 1968 er ríkisstjórninni heimilt að verja 20 m.kr. til þess að greiða fiskseljendum verðbætur á línu- og handfærafisk. Þessar greiðslur koma til skipta á milli sjómanna og útgerðarmanna samkvæmt samningum um hlutaskipti.

15. gr.

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests 1967 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, svo og að setja um þetta nánari reglur með samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.

16. gr.

Sjóður sá, er stofnaður var með 6. gr. laga nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, til að greiða verðbætur vegna verðfalls á frystum fiskafurðum, öðrum en síldar- og loðnuafurðum, sem framleiddar voru á árinu 1967, skal halda áfram starfsemi á árinu 1968. Greiðir ríkissjóður til sjóðsins það fé, sem á þarf að halda til viðbótar framlagi skv. 2. mgr. 6. gr. áðurnefndra laga, til þess að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt 17. gr. þessara laga. Verði innstæða í sjóðnum eftir reikningslok, skal því fé ráðstafað sem stofnfjárframlagi til verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, enda hafi þá verið sett lög um slíkan sjóð. Ella rennur innstæða þessi í ríkissjóð.

17. gr.

Sjóður sá, sem um ræðir í 16. gr., greiðir verðbætur á frystar fiskafurðir, framleiddar á árinu 1967 og 1968, aðrar en síldar- og loðnuafurðir, svo og á frystar rækjur, framleiddar á árunum 1967 og 1968, útfluttar eftir 1. október 1967. Verðbætur þessar skulu nema 55% af verðlækkun, er verða kann miðað við verð, er fékkst fyrir sömu framleiðslu á árinu 1966. Verðfall á árinu 1967 eða 1968, sem nemur meiru en 5% miðað við verðlag 1966, skal bætt til viðbótar með 2% af heildarverðlækkun fyrir

hvert 1%, sem verðlag lækkar umfram 5%. Greiðsla verðbóta skal þó aldrei vera hærri en 75% af verðlækkun.

Skipta skal freðfiskframleiðslunni í nokkra meginflokka eftir fisktegundum, og skulu verðbætur reiknaðar af hverjum flokki fyrir sig. Um framkvæmd á greiðslum úr sjóðnum fer að öðru leyti eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

18. gr.

Ríkissjóður leggur fram 50 m.kr. á árinu 1968, er verja skal til framleiðniaukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða. Seðlabanki Íslands úthlutar fé þessu til tiltekinna framkvæmda í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

19. gr.

Á árinu 1968 heimilast að greiða úr ríkissjóði 10 m.kr. til verðbóta á útfluttar skreiðarafurðir, og 8 m. kr. á aðrar útfluttar afurðir af öðrum fiski en síld og loðnu, eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

20. gr.

Lokið skal athugun þeirri, sem ríkisstjórnin lætur gera skv. 10. gr. laga nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, á rekstraraðstæðum og fjárhagslegri uppbyggingu frystiiðnaðarins. Sömuleiðis skal lokið tillögugerð á þessum grundvelli, er miði að því að bæta rekstrargrundvöll frystihúsanna, svo sem með bættri uppbyggingu iðnaðarins, aukinni hráefnisöflun, tæknibreytingum og fjárhagslegri endurskipulagningu. Til þess að greiða fyrir slíkum aðgerðum og í sambandi við þær er Ríkisábyrgðasjóði heimilt að gefa eftir kröfur á einstök frystihús, ef slíkt er óhjákvæmilegt til þess að koma þeim á viðunandi grundvöll, enda fallist aðrir kröfuhafar einnig á eftirgjafir, eftir því sem eðlilegt þykir. Allar tillögur um eftirgjafir á kröfum ríkissjóðs skulu lagðar fyrir fjárveitinganefnd til samþykktar. Heimilt er fjármálaráðherra að gefa eftir greiðslur stimpil- og þinglýsingagjalda vegna eigendaskipta, sem þurfa að eiga sér stað í sambandi við þessar aðgerðir.

IV. KAFLI
Um farmiðagjald.

21. gr.

Hver sá einstaklingur, sem fer frá Íslandi til annarra landa, skal greiða gjald til ríkissjóðs, sem nefnist farmiðagjald, samkvæmt ákvæðum 22.—26. gr.

Undanþegnar gjaldskyldu eru lögskráðar áhafnir skipa og loftfara svo og börn undir 7 ára aldri. Enn fremur erlendir ferðamenn og útlendingar við atvinnustörf á Íslandi. Þó eru hinir síðarnefndu því aðeins undanþegnir gjaldskyldu, að dvalartími þeirra sé skemmri en eitt ár.

22. gr.

Gjald samkvæmt 21. gr. nemur 3000 krónum fyrir hvern gjaldskyldan einstakling 12 ára og eldri og 1500 krónum fyrir börn á aldrinum 7 til 12 ára.

Fjármálaráðherra getur ákveðið með reglugerð, að gjaldskyldir einstaklingar, sem ferðast eingöngu til Færeyja eða Grænlands, skuli greiða lægra gjald en segir í 1. málsgr., eða að það falli niður.

23. gr.

Farmiðagjald skal krafið inn og greitt við afhendingu farmiða, farsamnings eða annarrar flutningsheimildar.

Hver sá, sem gefur út og afhendir farmiða, farsamning eða veitir aðra flutningsheimild, skal krefja og taka við farmiðagjaldi. Á þetta einnig við, þegar flutningur fer fram án endurgjalds. Kvittun fyrir greiðslu skal gefin með því að festa við

flutningsheimild sérstakan kvittunarseðil, sem fjármálaráðherra lætur gera. Með leyfi fjármálaráðherra er þó heimilt að stimpla kvittun á flutningsheimildina með þar til gerðri stimpilvél.

Hver sá, sem afhendir farmiða, farsamning eða aðra flutningsheimild, metur, hvort gjaldskylda samkv. 21. og 22. gr. sé fyrir hendi. Telji hann, að gjaldskylda sé ekki fyrir hendi, ritar hann ákvörðun sína um það á flutningsheimildina. Ætíð má leita úrskurðar fjármálaráðherra um vafaatriði.

24. gr.

Óheimilt er að flytja af landi brott gjaldskyldan mann, nema farmiðagjald hafi verið greitt. Áður en flutningstæki fer úr landi, skulu stjórnendur þess (skipstjórar, flugstjórar), eigendur eða leigutakar, afhenda næsta lögreglustjóra staðfest endurrit farþegaskrár með nauðsynlegum fylgigögnum, þar sem komi glöggt fram, hvernig greiðslu gjaldsins er háttað og hver hafi tekið við greiðslu.

25. gr.

Ef einstaklingur er fluttur úr landi, án þess að gögn séu fyrir því, að farmiðagjald hafi verið greitt eða einstaklingur undanþeginn gjaldskyldu, sbr. 3. mgr. 23. gr., bera stjórnandi flutningstækis og útgerðaraðili sameiginlega ábyrgð á greiðslu gjaldsins, og er lögveð í flutningstækinu til tryggingar því. Lögveð þetta skal ganga fyrir öllum samningsveðum og öðrum lögveðum.

Ef sá, sem afhendir einstaklingi flutningsheimild, metur hann gjaldfrjálsan, en síðan reynist, að svo er ekki, þá skal sá, er afhenti, sjálfur greiða farmiðagjaldið í ríkissjóð, verði verulegu gáleysi hans um kennt.

26. gr.

Lögreglustjórar (í Reykjavík tollstjóri) hafa á hendi innheimtu farmiðagjalda hjá þeim, er við þeim hafa tekið.

Sá, er við farmiðagjaldi tekur, skal eigi síðar en 10. hvers mánaðar, eða fyrr eftir kröfu innheimtumanns, senda lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) skýrslu um flutningsheimildir þær, er hann hefur afhent, og farmiðagjöld þau, sem hann hefur innheimt í næsta mánuði á undan, ásamt innheimtum gjöldum. Sé gjöldunum ekki skilað á nákvæmlega réttum gjalddaga, skal sá, sem fénu ber að skila, greiða af því dráttarvexti, er nemi 1% fyrir hverja byrjaða viku frá gjalddaga.

Farmiðagjöld njóta lögtaksréttar.

Heimilt er innheimtumanni að láta lögregluna stöðva atvinnurekstur þess, er eigi gerir skil á réttum gjalddaga, þar til skil eru gerð, meðal annars með því að setja skrifstofur, starfsstofur og flutningatæki hans undir innsigli.

Skattayfirvöldum, sem fylgjast skulu með skilum farmiðagjalds, er heimill aðgangur að bókhaldsgögnum og skjölum þeirra aðila, er við farmiðagjaldi hafa tekið, og geta krafið fyrirsvarsmenn þeirra um nauðsynlegar skýrslur og upplýsingar.

V. KAFLI

Breyting á ýmissi skattheimtu.

27. gr.

Á árinu 1968 skal virðing á fasteign til eignarskatts skv. 22. gr. A.-lið laga nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, miðuð við gildandi fasteignamat tólffaldað. Virðing á bújörðum í sveitum með tilheyrandi íbúðar- og peningshúsum og öðrum mannvirkjum skal þó fara eftir sexföldu fasteignamati.

28. gr.

Í stað „100 þús. kr. skattgjaldseign“ í I.-lið 26. gr. laga nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, komi: 200 þús. kr. skattgjaldseign.

29. gr.

Undanþága frá söluskatti af póst- og símaþjónustu, skv. 11. tölulið 7. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, er úr gildi numin.

30. gr.

Ákvæði til bráðabirgða við lög um almannatryggingar nr. 40 30. apríl 1963:

Sú leiðrétting á árinu 1968, sem ákveðin er í 4. mgr. 24. gr. laganna á áætluðum framlögum hinna tryggðu og atvinnurekenda, sbr. 2. mgr. 23. gr., skal falla niður. Halli sá, sem af þessu leiðir, færist úr varasjóði lífeyristrygginga pr. 31. des. 1967.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

31. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

32. gr.

Með brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

33. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði IV. kafla laganna taka til allra flutninga fólks úr landi frá og með 1. janúar 1968.

II., III. og IV. kafli laganna gilda til 31. des. 1968.

Jafnframt eru úr gildi felld eftirtalin ákvæði laga:

1. Lög nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.
2. Lög nr. 86 23. des. 1966, um heimild til verðstöðvunar.
3. 2. og 3. málsliður b-liðs 4. mgr. 4. gr. laga nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, og 2. gr. l. nr. 97 22. des. 1965, um breyting á þeim lögum.
4. Lög nr. 63 14. des. 1964, um verðtryggingu launa, falli úr gildi 30. nóv. 1967.
5. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 1 30. jan. 1959, um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

Ed. 70. Frumvarp til laga [58. mál]

um breyting á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, nr. 75 13. maí 1966.

Flm.: Jón Ármann Héðinsson.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, er orðast svo:

Jafnframt skal stofna tæknideild við Fiskveiðasjóð Íslands, sem hafi það hlutverk að veita mönnum upplýsingar um skip, vélar, tæki og annan útbúnað varðandi fiskiskip og togara.

Tæknideildin safni gögnum um reynslu, notagildi og verð á útbúnaði í skipin. Tæknideildinni ber að veita skipakaupendum og íslenzkum skipasmíðastöðvum upplýsingar, sem þörf krefur við undirbúning á smíði og kaupum skipa.

Í reglugerð skal ákveða nánar um starfsemi þessa og gjald fyrir veitta þjónustu.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Öllum er kunnugt, hversu stórstígar framfarir hafa átt sér stað í skipasmíði og öllum útbúnaði varðandi fiskiskip okkar Íslendinga hin seinustu ár.

Það hefur vakið verðskuldaða athygli, hversu íslenzkir skipstjórnarmenn hafa verið fljótir að tileinka sér þá tækni, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum, og náð almennt lengra en erlendir stéttarbræður við síldveiðar. Þrátt fyrir þetta hafa ýmis mistök átt sér stað um val tækja og frágang. Afleiðing þessara mistaka hefur kostað hina einstöku kaupendur tækja stórfé og yfirleitt fallið óbætt á viðkomandi aðila.

Það er álit allra, sem kunnugir eru þessu vandamáli við rekstur skipaflotans, að í fjölmörgum tilfellum hefði mátt koma í veg fyrir stórtjón af þessu tagi, ef nægilegar upplýsingar um frágang og útbúnað hefðu verið tiltækar.

Mjög mikil ásókn hefur verið frá hendi seljenda á væntalega skipakaupendur, og rignir margvíslegum tilboðum um hin ýmsu tæki yfir væntanlega eigendur skipanna. Því miður hefur umsögn um ágæti tækjanna ekki nærri alltaf verið í samræmi við reynslu kaupenda. Þótt kaupandi verði fyrir meira eða minna tjóni, fást í langflestum tilfellum engar skaðabætur og enn síður nokkuð upp í aflatjónið, sem getur numið stórupphæðum og ráðið straumhvörfum um rekstur viðkomandi báts.

Það er staðreynd, að ýmsir umboðsmenn tækja, er með lagni og miklum áróðri selja í skipin, hafa enga sérþekkingu á tækjunum eða geta veitt viðgerðarþjónustu, svo að viðunandi sé. Kaupandi á oft á tíðum örðugt með að athuga nægilega vel um verð, gildi og reynslu tækis, en með aðstoð frá tæknideild, eins og flutningsmaður hugsar sér hana, mun álit hlutlauss aðila liggja fyrir til hjálpar við ákvörðun um kaupin.

Á undanförnum árum hefur Fiskveiðasjóður Íslands yfirleitt ekki gagnrýnt eða skipt sér beint af kaupum tækja í síldveiðiskip landsmanna. Það ætti þó að vera sjóðnum áhugamál, að vel takist til um val á svo miklum kostnaðarlið, sem tækin og vélbúnaður allur er í nútímaskipi. Þó er rétt að gæta þess, að upp á síðkastið hefur sjóðurinn leitað til einkaaðila um ráðleggingar og mat á útbúnaði við kaup á fiskiskipum. Einnig hefur Fiskifélag Íslands ráðið til sín tæknimann, er einkum mun eiga að aðstoða við val á fiskileitartækjum. Þetta er veruleg framför frá því, sem áður var, en er hvergi nærri fullnægjandi.

Það er tilgangur þessa frumvarps að koma á fót tæknideild, er geti starfað með góðum árangri fyrir kaupendur skipa og eins veitt innlendum skipasmíðastöðvum upplýsingar um hin margvíslegu tæki, eftir því, er þær kunna að óska. Hefði slík þjónusta verið fyrir hendi strax í ársbyrjun 1960, má fullyrða, að frá milljónatuga sóun hefði verið forðað.

Nd. 71. Frumvarp til laga [59. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Flm.: Valtýr Guðjónsson.

1. gr.

95. gr. vegalaga nr. 71/1963 falli burt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð frá 18. okt. 1965 um innheimtu umferðargjalds af bifreiðum og öðrum ökutækjum, sem aka um Reykjanesbraut.

Greinargerð.

Lagabreyting þessi felur í sér, að hætt skuli að innheimta sérstakt umferðargjald af bifreiðum, sem aka um Reykjanesbraut, en gjald þetta hefur verið innheimt, síðan brautin var opnuð til umferðar haustið 1965. Byggist skattheimta þessi á heimild í vegalögum, nr. 71/1963, en í 95. gr. þeirra laga segir:

„Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að greiða skuli sérstakt umferðargjald af bifreiðum, sem fara um tiltekna vegi eða brýr."

Það vald, sem ráðherra er fengið með heimild þessari, er óæskilegt miðað við það, hversu málum er háttað um vegagerð á Íslandi enn sem komið er. Um leið og henni er beitt eins og raun hefur á orðið, veldur hún sérsköttun á einstakan landshluta, þ. e. á Suðurnesjamenn, sem alls ekki komast hjá að hlíta þessari sérsköttun, um leið og þeir ferðast um hérað sitt eins og aðrir menn, að heiman og heim. Verður af þessu ójöfnuður með landsmönnum um þetta.

Fyrir löggjafanum 1963 hefur ekki getað vakað, að beita skyldi heimild 95. gr. laganna þannig, að tiltekið hérað og héraðsmenn þar yrðu fyrir stórum búsifjum hennar vegna umfram aðra. Meðan svo er háttað, að hvergi í landinu er unnt að koma við innheimtu vegaskatts nema á Reykjanesbraut, er með öllu óhæft að láta heimildina gilda, miðað við þegar fengna reynslu.

Gildir í þessu sambandi ekki að benda á, að Reykjanesbraut hafi orðið dýr og því veiti ekki af tekjum á móti, því að sem betur fer hefur víðar um landið verið varið vænum fjárhæðum til samgangna, án þess að því fylgdi sérsköttun á íbúa einstakra byggðarlaga.

Ed. 72. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um viðauka við lög nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við athugun á máli þessu voru lögð fram gögn um tjón á veiðarfærum vegna óveðurs, er gekk yfir landið dagana 17.—28. marz s. l. Samkvæmt upplýsingum frá Landssambandi ísl. útvegsmanna sendi skrifstofa þeirra út umburðarbréf, dags. 28. marz 1967, til meðlima sinna, þar sem beðið var um upplýsingar um tjón, er stöfuðu af óveðrinu, er geisaði á fyrrnefndum dögum. Beðið var um, að upplýsingarnar væru komnar fyrir 10. apríl. Alls svöruðu 268 bátar, og við mat á upplýsingum frá þeim var um tjón upp að 30 millj. kr. að ræða.

Með bréfi, dags. 5. maí, snýr L.Í.Ú. sér til sjávarútvegsmálaráðherra varðandi úrlausn í bótaformi til handa útvegsmönnum vegna stórtjóns á veiðarfærum í óveðrinu. Þegar þetta bréf var ritað, voru aðeins skýrslur komnar frá 147 bátum með tjón á um 18.7 millj. Enn fremur segir orðrétt:

„Í greinargerð fyrir frumvarpi til laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, sem lagt var fram á hinu háa Alþingi í febrúar s. l., er áætlað, að framlag vegna 8% viðbótar við fiskverðið muni nema 100 milljónum króna.

Miðað við þær upplýsingar, sem vér höfum um aflabrögð á þessari vertíð, virðist oss, að verulegur afgangur muni verða af þeim hluta fyrrgreindra verðbóta, sem ætlaðar voru til verðuppbóta á vertíðaraflann."

Reynslan varð sú, að heildarafli varð aðeins 175580 tonn á s. l. vertíð hjá bátaflotanum og því til muna minni en vænta mátti og ráð hafði verið gert fyrir.

Sjávarútvegsmálaráðherra samþykkir beiðni L.Í.Ú., og með bréfi, dags. 12. maí s. l., er ávísun á 12.5 millj. kr. send til samtakanna til ráðstöfunar til þeirra, er fyrir tjóninu urðu.

Á skrifstofu L.Í.Ú. er unnið úr tjónaskýrslum, og tillögur um bætur eru sendar til Fiskifélags Íslands til athugunar og gagnrýni. Með bréfi, dags. 24. maí s. l., ritar Fiskifélag Íslands stjórn L.Í.Ú. og samþykkir tillögurnar og telur, að vel hafi tekizt um skiptingu bótanna.

Við afgreiðslu málsins lá áðurnefndur listi frammi, og kom í ljós, að bætur voru frá kr. 10275.00 til kr. 61650.00 á bát.

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu L.Í.Ú. komu ekki kvartanir um niðurjöfnun bótanna, og útvegsmenn mátu mikils góða hjálp, eins og á stóð.

Sjávarútvegsnefnd er sammála um að mæla með frumvarpinu. Við afgreiðslu málsins var einn nefndarmanna, Ólafur Jóhannesson, fjarverandi.

Alþingi, 7. nóv. 1967.

Pétur Benediktsson, form.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr., frsm.	Gils Guðmundsson.
Sveinn Guðmundsson.	Jón Árnason.	Bjarni Guðbjörnsson.

Ed. 73. Nefndarálit [35. mál]

um frv. til l. um breyt. á framfærslulögum, nr. 80 5. júní 1947.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.
Björn Jónsson var fjarverandi, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 21. nóv. 1967.

Jón Þorsteinsson, form.	Auður Auðuns, fundaskr., frsm.	Ásgeir Bjarnason.
Björn Fr. Björnsson.	Pétur Benediktsson.	Steinþór Gestsson.

Ed. 74. Frumvarp til laga [60. mál]

um breyting á lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Flm.: Gils Guðmundsson, Karl Guðjónsson.

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

a) Fyrsti málsliður orðist svo: Í Rannsóknaráði skulu eiga sæti 23 menn.
b) Á eftir orðunum „Einn samkvæmt tilnefningu Iðnaðarmálastofnunar Íslands“ bætist: Einn samkvæmt tilnefningu Náttúrufræðistofnunar Íslands.
c) Málsliðurinn „Fimm fyrir hagnýtar rannsóknir“ o. s. frv. orðist svo: Sex fyrir hagnýtar rannsóknir, forstjóra eftirtalinna rannsóknastofnana:

Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins, Rannsóknastofnunar iðnaðarins, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Hafrannsóknastofnunarinnar og Tæknistofnunar sjávarútvegsins.

2. gr.

Á eftir orðinu „Hafrannsóknastofnunin“ í 9. gr. laganna bætist: Tæknistofnun sjávarútvegsins.

3. gr.

6. töluliður 17. gr. laganna falli niður.

4. gr.

4. töluliður 18. gr. laganna falli niður.

5. gr.

Á eftir 18. gr. laganna komi 9 nýjar greinar í nýjum kafla, er verði IV. kafli, með fyrirsögninni: **Tæknistofnun sjávarútvegsins**, svo hljóðandi:

a. (19. gr.) — Tæknistofnun sjávarútvegsins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir sjávarútvegsmálaráðuneytið.

b. (20. gr.) — Í stjórn Tæknistofnunar sjávarútvegsins skulu vera þrír menn, skipaðir af sjávarútvegsmálaráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af stjórn Fiskifélags Íslands og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun.

c. (21. gr.) — Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn stofnunarinnar og samþykkir starfsáætlun og fjárhagsáætlun hennar fyrir eitt ár í senn. Fjárhagsáætlun skal senda ráðherra til staðfestingar.

d. (22. gr.) — Sjávarútvegsmálaráðherra skipar forstjóra og sérfræðinga við Tæknistofnun sjávarútvegsins að fengnum tillögum stjórnarinnar. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum. Forstjóri stofnunarinnar ræður annað starfslið hennar.

e. (23. gr.). — Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn stofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

f. (24. gr.) — Við Tæknistofnun sjávarútvegsins er ráðgjafarnefnd. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í nefndina til fjögurra ára í senn:

Fiskifélag Íslands.
Landssamband íslenzkra útvegsmanna.
Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda.
Stéttarsamband fiskiðnaðarins.
Fiskimannadeild Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.
Alþýðusamband Íslands.
Sjómannasamband Íslands.
Félag síldveiðisjómanna.
Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni. Nefndin kýs sér formann.

Ráðgjafarnefnd fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og sjávarútvegsins. Nefndin er forstjóra til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Nefndin er ólaunuð.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um, hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.

g. (25. gr.) — Verkefni Tæknistofnunar sjávarútvegsins skulu meðal annars vera:

1. Tilraunir með ný veiðarfæri og umbætur á veiðarfærum.
2. Rannsóknir á fiskleitartækjum og öðrum tækjabúnaði fiskiskipa og prófun við íslenzkar aðstæður.
3. Tilraunir með ýmsar veiðiaðferðir og rannsóknir á gildi þeirra við breytilegar aðstæður.
4. Rannsóknir á hagkvæmustu gerðum og stærðum fiskiskipa.

5. Kynning á niðurstöðum eigin rannsókna og athugana.
6. Kynning á niðurstöðum erlendra rannsókna á sviði veiðitækni.
7. Kynning á því, hvaða lærdómar verða dregnir af erlendri og innlendri reynslu, að því er tekur til hvers konar veiðitækni, er ætla má að íslenzkum útvegsmönnum og fiskimönnum geti að gagni komið.

h. (26. gr.) — Til framkvæmda á verkefnum, sem um ræðir í 25. gr., skal starfsemi stofnunarinnar greinast í eftirtalin verksvið:
1. Veiðarfærarannsóknir.
2. Rannsóknir á fiskiskipum, gerð þeirra og tæknibúnaði.
3. Leiðbeiningastarfsemi, tæknileg aðstoð og fjárhagslegur stuðningur við þá aðila, sem fást við nýjar uppgötvanir eða prófa nýjungar í veiðitækni.
4. Fræðslu- og upplýsingastarfsemi um veiðitækni.

i. (27. gr.) — Af öllum vörum, sem koma eða eru fluttar inn á tollsvæði ríkisins og greidd eru af 20% aðflutningsgjöld eða meira samkvæmt tollskrárlögum, skal greiða ½% aðflutningsgjald til viðbótar, er renni til greiðslu kostnaðar við starfsemi Tæknistofnunar sjávarútvegsins, auk þeirra framlaga og tekna, sem stofnunin fær samkvæmt ákvæðum 55. gr. VIII. kafla.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1968.

7. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Enda þótt sjávarútvegur hafi lengi verið slík meginstoð undir íslenzkum þjóðarbúskap sem allir vita, skortir enn mjög á, að rannsóknastarfsemi í þágu þessa mikilvæga atvinnuvegar né nægilega mikil og fjölþætt. Á sviði sjávarútvegsins hafa um alllangt skeið starfað tvær rannsóknastofnanir. Er þar annars vegar um að ræða Hafrannsóknastofnunina, áður Fiskideild atvinnudeildar háskólans, hins vegar Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, áður Rannsóknastofu Fiskifélags Íslands. Á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar eru framkvæmdar rannsóknir á lifnaðarháttum og lífsskilyrðum sjávardýra og sjávargróðurs, göngum og stofnsveiflum íslenzkra fiska, svo og rannsóknir á sviði efna- og eðlisfræði sjávar. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins fæst hins vegar við rannsóknir á hráefnum og framleiðslu þess iðnaðar, hefur með höndum leiðbeiningastarfsemi við undirbúning og byggingu fiskiðjuvera og val véla og tækja til fiskiðnaðar. Allt eru þetta mikilvæg verkefni, og er þess full þörf, að þessum stofnunum báðum séu á hverjum tíma tryggð sem bezt starfsskilyrði og nægilegt fjármagn, svo að þær geti hvor um sig gegnt hlutverki sínu með sem fyllstum árangri. En slíkt er þó engan veginn fullnægjandi. Okkur skortir tilfinnanlega þriðju rannsóknastofnunina, sem nútíma sjávarútvegur hlýtur að styðjast við, eigi hann að fylgjast með þróuninni og geta hagnýtt á farsælan hátt þá vélvæðingu og tækniþróun, sem fiskveiðar byggjast á í stöðugt ríkari mæli. Hér er átt við stofnun, sem hefði það verksvið að framkvæma rannsóknir á hvers konar veiðitækni, fylgjast sem bezt með erlendum og innlendum nýjungum og tilraunum á því sviði, hafa frumkvæði um prófun þeirra við íslenzkar aðstæður og veita íslenzkum útvegsmönnum og fiskimönnum sem gleggstar upplýsingar um niðurstöður slíkra rannsókna og athugana. Rannsóknir þessar þurfa að ná til stærða og gerða fiskiskipa, með tilliti til mismunandi veiða, tæknibúnaðar skipanna, veiðarfæra hvers konar og veiðiaðferða.

Að því er fiskiskipin sjálf varðar, skortir mjög á, að gerðar hafi verið nauðsynlegar athuganir á hæfni þeirra og hagkvæmni við hinar ýmsu veiðar, sem um

getur verið að ræða hér við land. Á undanförnum árum hafa verið smíðuð og keypt hingað til lands fjölmörg skip, samtals fyrir mörg hundruð milljónir króna, sem einkum eða jafnvel eingöngu eru gerð til síldveiða með herpinót. Reynslan hefur sýnt, að 300—500 smálesta skip ná beztum árangri við þær veiðar, eins og aðstæður eru nú. Hins vegar eru skip af þeirri stærð of dýr í rekstri til að geta borið sig á þorskveiðum með línu og net. Engin þessara skipa munu henta til togveiða, nema með miklum og kostnaðarsömum breytingum. Er þó talið, að auðvelt sé að láta smíða um 500 tonna skip af skuttogaragerð, sem vel henti til botnvörpuveiða og geti jafnframt verið hin ákjósanlegustu síldveiðiskip. Vafalaust leitast útvegsmenn við að laga sig eftir því á hverjum tíma, að því er fiskiskip varðar, sem reynsla sjálfra þeirra og annarra kennir þeim. Stundum gerist það þó ekki fyrr en eftir dýrkeyptar tilraunir margra aðila, sem í ýmsum tilvikum hefði mátt spara. En til þess þyrftu að liggja fyrir athuganir og útreikningar á því, hvaða báta- og skipastærðir gæfu bezta raun við mismunandi veiðar.

Tækni- og rannsóknastofnun er þó ekki síður nauðsynleg að því er varðar veiðarfæri hvers konar og hin margvíslegu tæki og tæknibúnað, sem nú þykir sjálfsagður í hverju fiskiskipi. Varla líður svo missiri, að ekki komi á markaðinn veiðarfæri úr nýjum gerviefnum eða með nýju sniði. Framleiðendur og innflytjendur hafa tekið sölutækni nútímans í þjónustu sína, og hver heldur fast fram sinni vöru. Mörg dæmi sanna, að reynsla kaupenda er oft önnur og verri en ætlað var, þegar seljandi taldi fram kosti tækja sinna og kaupin voru gerð. Þótt kaupandi verði fyrir miklu tjóni, fást sjaldan skaðabætur, enn síður nokkuð upp í aflatjón, sem oft nemur stórum fjárhæðum. Meðan enginn aðili er hér á landi, sem hefur það sérstaka hlutverk að fylgjast með nýjungum í þessum efnum og kanna þær með sérstöku tilliti til aðstæðna við fiskveiðar á Íslandsmiðum, hljóta að koma fyrir mistök og alvarleg óhöpp, sem hægt hefði verið að komast hjá í mörgum tilfellum. Og þó að útvegsmenn hafi yfirleitt verið fljótir að tileinka sér nýjungar í fiskveiðitækni, einkum að því er síldarútveginn varðar, er við búið, að þeir treysti sér ekki til að prófa ýmsa nýbreytni, sem fullkomin óvissa ríkir um, hvernig hér hentar, en gæti þó gefið góða raun. Skortur á rannsóknastofnun, er prófi notagildi veiðarfæra, hefur því án efa tvenns konar tjón í för með sér. Annars vegar freistast útvegsmenn til, stundum margir í senn, að kaupa dýru verði handa skipum sínum nýjar tegundir veiðarfæra og fiskileitartækja, sem reynast síðan ekki svo vel sem skyldi. Ef til vill hafa þá mörg fiskiskip verið notuð sem eins konar tilraunadýr, þar sem eitt eða tvö hefðu nægt, og árangur komið fyrr í ljós en ella með rannsókn og undir eftirliti sérfróðra manna. Hins vegar kann útvegurinn að fara algerlega á mis við hin ágætustu veiðarfæri og tæki, vegna þess að einstakir útgerðarmenn treysta sér ekki til að framkvæma þær rannsóknir og þá tilraunastarfsemi, sem skorið getur úr um gagnsemi þeirra á íslenzkum fiskimiðum. Hér þarf sérstök stofnun, sem hefur þetta tiltekna verkefni, að koma til og leysa vandann.

Á undanförnum árum hafa verið flutt inn í landið fiskileitartæki, sem samtals hafa kostað hundruð milljóna króna. Þegar á heildina er litið, blandast engum kunnugum hugur um, að tæki þessi hafa átt geysimikinn þátt í því að gera síldveiðar með herpinót að þjóðhagslega arðsamri atvinnugrein á ný. Hitt vita allir, sem til þekkja, að tæki þessi hafa verið misgóð. Þá er og reynslan sú, að afar miklu máli skiptir, hvernig tekst til um staðsetningu þeirra í skipum. Hefur oft komið fyrir, að óhentug eða skökk staðsetning gerði ágæt tæki nær óvirk. Í þessu efni hafa menn verið að þreifa sig áfram, svo að segja hver í sínu horni, án þess að nein leiðbeining af hálfu opinberra stofnana kæmi til.

Bóndi, sem vill hagnýta sér sérfræðiþekkingu og tækni nútímans í starfi sínu, getur snúið sér til tiltekinna stofnana og ráðunauta um hvað eina, er að búrekstri lýtur. Á það jafnt við um búfénað, ræktun, vélakaup og vélanotkun. Þetta þykir og er sjálfsagt. En útgerðarmaður, sem kaupir nýtt fiskiskip fyrir 20 millj. kr. eða meira, og skipstjóri, sem á að stjórna þessu dýra skipi, ásamt þeim tækjum öllum

og veiðarfærum, sem því fylgja, þessir menn hafa í harla fá hús að venda um ráðleggingar varðandi val og meðferð tækja sinna. Þeir verða að mestu að treysta á eigið hyggjuvit og athuganir, sem oft er torvelt að öðlast nema að fenginni dýrkeyptri reynslu. Þetta er fráleitt. Hér þarf sérstök stofnun að koma til, stofnun, sem hefur yfir að ráða sérmenntuðu starfsliði, fjármunum og tækjum, svo að hún geti sinnt því yfirgripsmikla verkefni að vera útvegsmönnum og sjómönnum til ráðuneytis og leiðbeiningar um tæknileg efni. Slíka stofnun hefur okkur Íslendinga skort lengi, en þörfin fyrir hana er þó brýnni nú en nokkru sinni fyrr, eftir að veiðitæknin er orðin mikil og fjölþætt og ný gerviefni, sem notuð eru í margvísleg veiðarfæri, streyma sífellt á markaðinn.

Aðrar fiskveiðiþjóðir, sem framarlega standa, hafa fyrir löngu skilið nauðsyn þessarar starfsemi. Hollendingar munu hafa riðið á vaðið. Það var þegar árið 1911, sem útgerðarmannasamtök þar í landi stofnuðu rannsóknastofu, sem skyldi einkum hafa það verkefni að kanna veiðarfæraefni og veiðarfæri. Árið 1928 hófust skipulagðar rannsóknir Þjóðverja á þessu sviði. Eftir síðari heimsstyrjöldina hafa margar fleiri fiskveiðiþjóðir, svo sem Kanadamenn, Japanir, Rússar, Indverjar o. fl., siglt í kjölfar Hollendinga og Þjóðverja og hafa nú komið sér upp slíkum rannsóknarstofnunum.

Á Alþingi 1963 og 1964 flutti fyrri flm. þessa frv. tillögu til þingsályktunar um tæknistofnun sjávarútvegsins. Tillagan var á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um tæknistofnun í þágu sjávarútvegsins. Verkefni hennar skulu vera rannsóknir á hagkvæmustu gerðum fiskiskipa, miðað við íslenzkar aðstæður, rannsóknir veiðitækja og veiðarfæra, svo og upplýsingastarfsemi um slík efni. Skal undirbúningi hraðað svo, að hægt verði að leggja frumvarp um þetta mál fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Tillaga þessi náði í hvorugt skiptið fram að ganga.

Árið 1965, þegar frumvarpið um rannsóknir í þágu atvinnuveganna var til meðferðar á Alþingi, gerði fyrri flm. þessa frv. tilraun til að koma þar að breytingum þess efnis, að tæknistofnun yrði komið á fót. Þrátt fyrir viðurkenningu ýmissa hv. alþm. á nauðsyn slíkrar stofnunar, fékkst málinu ekki framgengt nema að mjög óverulegu leyti. Inn í þann kafla frumvarpsins, sem fjallaði um Hafrannsóknastofnunina og verksvið hennar, var þó bætt nýjum lið, svo hljóðandi: „Tilraunir með ný veiðarfæri og veiðiaðferðir og rannsóknir þar að lútandi, svo og rannsóknir á hagkvæmustu gerð fiskiskipa." Þetta ákvæði hefur síðan staðið í lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Að þessu fjölþætta verkefni mun nú starfa á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar einn tæknimenntaður maður, og er hann tiltölulega nýbyrjaður. Þá mun Fiskifélag Íslands einnig hafa ráðið til sín tæknimann, er einkum mun eiga að leiðbeina um val á fiskileitartækjum. Hvort tveggja er þetta framför frá því, sem áður var, en hrekkur vitanlega ákaflega skammt. Hér er um svo margslungið og yfirgripsmikið verkefni að ræða, að til þess að sinna því, eins og nauðsyn krefur, þarf að rísa á fót sjálfstæð stofnun, sem hefur yfir að ráða nægum mannafla og fjármagni til að sinna því af alúð og kostgæfni. Á því leikur enginn vafi, að slík stofnun gæti gert hvort tveggja: sparað útveginum og þar með þjóðarheildinni mikla fjármuni og aukið framleiðslugetu fiskiflota landsmanna verulega, jafnvel svo að velta kynni á mjög stórum fjárhæðum ár hvert. Þess vegna er frumvarp þetta flutt.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Við 1. gr.

Eftir gildandi lögum eiga sæti í Rannsóknaráði ríkisins 21 maður, þar á meðal forstjórar allra rannsóknastofnana atvinnuveganna, fimm talsins. Hér er lagt til, að sjöttu rannsóknastofnuninni verði bætt við, **Tæknistofnun sjávarútvegsins**, og þykir sjálfsagt, að forstjóri hennar eigi þá einnig sæti í Rannsóknaráði. Jafnframt

telja flm. eðlilegt, að Náttúrufræðistofnun Íslands tilnefni mann í ráðið, en hún á þar engan fulltrúa nú. Yrðu þá 23 menn í Rannsóknaráði.

Við 2. gr.

Greinin skýrist með samanburði við 1. gr. og 5. gr.

Við 3. gr.

Í frv. er lagt til, að Tæknistofnun sjávarútvegsins taki m. a. við öllum þeim verkefnum, sem Hafrannsóknastofnuninni eru falin í 6. tölulið 17. gr. laganna um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Hér er því svo fyrir mælt, að sá liður falli niður.

Við 4. gr.

Breytingin, sem felst í þessari grein, er afleiðing af breytingunni í 3. gr.

Við 5. gr.

Í þessari grein er kveðið á um stjórn og verksvið Tæknistofnunar sjávarútvegsins. Er þar í meginatriðum fylgt hliðstæðum reglum og gilda um stjórn og afmörkun verksviðs annarra rannsóknastofnana í þágu atvinnuveganna.

Í lok þeirrar greinar eru ákvæði um sérstakan tekjustofn, sem standa skal að nokkru leyti undir kostnaði við rekstur og framkvæmdir Tæknistofnunar sjávarútvegsins. Að athuguðu máli þótti flm. ekki rétt að leggja sérstök gjöld á útfluttar sjávarafurðir eða sjávarútveginn sérstaklega í þessu skyni. Það er staðreynd, að meginhluti innflutnings okkar er greiddur með andvirði sjávarafurða. Þykir því fyllilega réttlætanlegt að leggja á innflutninginn nokkurn skatt, þar eð sá skattur á að geta leitt til verulega aukinnar gjaldeyrisöflunar og þar með stuðlað að auknum viðskiptum.

Hins vegar má gera ráð fyrir því, að Tæknistofnun sjávarútvegsins veiti einstökum útgerðarmönnum ýmsa þá fyrirgreiðslu og þjónustu, sem réttmætt er, að nokkurt gjald komi fyrir. Er eðlilegt, að sjávarútvegsmálaráðherra kveði nánar á um slíkt í reglugerð.

Við 6. og 7. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Nd. 75. Frumvarp til laga [61. mál]

um Fiskimálaráð.

Flm.: Matthías Bjarnason, Pétur Sigurðsson, Birgir Finnsson, Benedikt Gröndal. Sverrir Júlíusson.

1. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar Fiskimálaráð samkvæmt því, sem segir í 7. gr. laga þessara.

2. gr.

Fiskimálaráð skal vera ráðgefandi um mótun heildarstefnu í uppbyggingu sjávarútvegsins og markaðsmálum, og skal það beita sér fyrir góðri samvinnu allra aðila, sem hlut eiga að máli, með gagnasöfnun, umræðufundum, skýrslugerð, útgáfu- og fræðslustarfsemi og öðrum ráðum, sem líklegust eru talin til þess hverju sinni, að tilganginum með stofnun ráðsins verði náð.

3. gr.

Ályktanir sínar um uppbyggingu fiskiskipastólsins skal fiskimálaráð við það miða, að jafnan sé sem mest fjölbreytni í útgerðinni og eðlilegt jafnvægi milli einstakra greina hennar. Miða skal tillögur ráðsins við það, að hráefnisöflun til fiskiðnaðarins sé tryggð eftir föngum með tilliti til arðsemi fiskistofna á hverjum tíma.

4. gr.

Ályktanir sínar um uppbyggingu fiskvinnslu- og fiskiðnaðarfyrirtækja skal ráðið semja þannig, að tillit sé tekið til æskilegrar dreifingar fyrirtækjanna og við það miðað, að afkastageta þeirra sé hæfileg með hliðsjón af mögulegri öflun hráefnis. Enn fremur skal miða að því, að sem mest fjölbreytni verði í vinnslu sjávarafla.

5. gr.

Fiskimálaráð skal hafa forgöngu um markaðsrannsóknir og skipulegar aðgerðir til öflunar nýrra markaða fyrir sjávarafurðir, svo og um framleiðslu nýrra vörutegunda.

6. gr.

Fiskimálaráð skal árlega gefa ríkisstjórn og Alþingi skýrslu um störf sín.

7. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra á sæti í Fiskimálaráði og er jafnframt formaður þess. Eftirtaldir aðilar skulu eiga rétt til að tilnefna einn fulltrúa hver og annan til vara í Fiskimálaráð, til 3 ára í senn:

Landssamband ísl. útvegsmanna.
Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda.
Sjómannasamband Íslands.
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands.
Alþýðusamband Íslands.
Félag fiskiðnfræðinga.
Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
Sjávarafurðadeild Sambands ísl. samvinnufélaga.
Sölusamband ísl. fiskframleiðenda.
Síldarútvegsnefnd.
Félag ísl. fiskmjölsframleiðenda.
Félag ísl. niðursuðuverksmiðja.
Samlag skreiðarframleiðenda.
Seðlabanki Íslands.
Fiskveiðasjóður Íslands.
Fiskimálasjóður.
Efnahagsstofnunin.
Fiskifélag Íslands.

Noti einhver ofangreindra aðila sér ekki rétt sinn til tilnefningar, skal ráðherra heimilt að skipa í hið auða sæti.

Fiskimálaráð skal koma saman til fundar, þegar formaður ákveður, en þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Störf í Fiskimálaráði eru ólaunuð.

8. gr.

Fiskimálaráð kýs þriggja manna framkvæmdanefnd, sem undirbýr fundi ráðsins og annast þau störf, sem Fiskimálaráð felur henni.

9. gr.

Kostnaður af störfum Fiskimálaráðs, þar með talin þóknun til framkvæmdanefndar, sem ráðherra ákveður, greiðist úr Fiskimálasjóði.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi Fiskimálaráðs.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um Fiskimálaráð var flutt á síðasta Alþingi, en varð ekki útrætt. Nú er frumvarpið flutt öðru sinni með nokkrum smávægilegum breytingum frá fyrra frumvarpi. Eftirfarandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

„Með frumvarpi þessu er lagt til, að stofnað verði Fiskimálaráð, sem skal í samvinnu við alla þá aðila, sem hér eiga hlut að máli, móta heildarstefnu í uppbyggingu sjávarútvegsins og í markaðsmálum. Lagt er til, að í þessu ráði eigi sæti fulltrúar útgerðar, helztu greina fiskiðnaðar, sjómanna, verkamanna, lánastofnana sjávarútvegsins, helztu stofnana, sem fjalla um efnahagsmál og sérmál útvegsins.

Sjávarútvegurinn er langstærsti atvinnuvegur okkar Íslendinga, sem framleiðir yfir 90% af heildarútflutningsverðmæti þjóðarinnar. Eins og að líkum lætur, þarf mikið fjármagn til að viðhalda þessum atvinnuvegi, tryggja eðlilega þróun og tækninýjungar í smíði og gerð fiskiskipa jafnhliða uppbyggingu fiskiðnaðarins, vinna skipulega að markaðsrannsóknum, öflun nýrra markaða fyrir sjávarafurðir og framleiðslu nýrra vörutegunda. Það er því brýn nauðsyn að gæta þess, að fjármagnið, sem til þessara hluta er varið, komi að sem beztum notum og að eðlilegt jafnvægi sé á milli hinna mismunandi greina í útgerð og vinnslu úr sjávarafla og markvisst stefnt að því, að sem mest fjölbreytni verði í vinnslu sjávarafla.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps, að eðlilegt sé að fara inn á þá braut, að samtök þeirra, sem vinna að fiskveiðum og fiskiðnaði, og þeirra, sem framleiðslutækin eiga, marki heildarstefnuna í uppbyggingu sjávarútvegsins og í markaðsmálum í samvinnu við fulltrúa lánastofnana sjávarútvegsins og þeirra aðalstofnana, sem með efnahagsmálin fara, og hafi um það samvinnu við ríkisstjórnina. Með því að hafa þennan hátt á, er tryggt, að allir aðilar, sem þessi mál varða mest, skýri sín sérsjónarmið og taki sameiginlega ákvörðun um, hvað réttast og eðlilegast sé, að gert verði á hverjum tíma í þessum málum. Fram til þessa hefur engin slík stofnun verið til, enda hefur oft á liðnum árum og áratugum ekki verið gætt sem skyldi að skapa eðlilegt jafnvægi á milli greina fiskveiðanna og fiskiðnaðarins á þann veg, að ein eða fleiri greinar hafa á ákveðnu árabili vaxið mjög hratt, en samdráttar hefur gætt í öðrum, og á þann hátt hefur þessi mikilvirki atvinnuvegur okkar orðið of einhæfur.

Til þess að koma í veg fyrir, að sjávarútvegurinn verði of einhæfur, verður að leitast við eftir föngum að styðja eðlilega starfrækslu í sem flestum greinum fiskveiðanna og auka hagnýtingu þess afla, sem á land kemur, með það fyrir augum að vinna úr honum á þann hátt, að útflutningsverðmæti verði sem allra mest. Jafnhliða þarf að gera allt til þess að auka fjölbreytni fiskveiðanna og fara inn á fleiri greinar fiskiðnaðar. Með því er dregið úr þeirri miklu áhættu, sem nú er, þegar einhver ákveðin grein bregzt. Þá er ekki síður mikilvægt að auka markaðsrannsóknir fyrir íslenzkar fiskafurðir, leita nýrra markaða og fjölga viðskiptaþjóðum.

Hér á eftir mun verða leitazt við að skýra í stórum dráttum, hvernig þessum málum er nú háttað.

Fiskiskipastóllinn.

Það er rétt að gera sér grein fyrir, hvaða breytingum fiskiskipastóllinn hefur tekið á rúmlega tveimur áratugum:

Árið	Tala skipa undir 100 rúml. m/þilfari	Samt. br. rúml.	Tala skipa yfir 100 rúml.	Samt. br. rúml.	Tala botnvörpuskipa	Samt. br. rúml.
1944	560	11725	32	5562	29	9652
1954	523	16732	54	8269	51	31621
1958	614	21213	49	7561	44	29024
1964	648	21670	159	26967	39	27395
1967	577	19014	184	35559	32	22876

Eins og sjá má af framangreindu yfirliti, hefur orðið mjög mikil fjölgun á skipum yfir 100 rúml., og hefur þeim á 23 árum fjölgað um 152 og rúmlestatala þeirra aukizt um 30 þús. rúml., og eru nú í byggingu 34 skip og er meðalstærð þeirra um 318 rúml. Öll stærri skipin, sem byggð hafa verið, eru fyrst og fremst ætluð til síldveiða, en á tímabilinu febrúar til apríl eru þau flest við bolfiskveiðar og loðnuveiðar. Botnvörpuskipaflotinn var endurnýjaður skömmu eftir lok síðustu heimsstyrjaldar, og á árunum 1951 til 1952 bættust við þann flota 10 skip, en síðar hafa aðeins bætzt við 5 skip. Nú eru skráð 32 botnvörpuskip, en aðeins rúml. 20 þeirra eru gerð út. Botnvörpuskipaútgerðin hefur stórkostlega dregizt saman, og horfir óvænlega fyrir þeirri útgerð, en hún var um langt árabil ein sterkasta stoð íslenzkrar útgerðar.

Bátum undir 100 rúml. hefur fækkað verulega síðustu árin. Það má segja, að bolfisköflunin byggist að verulegu leyti á hinum minni skipum, eða á skipum, sem eru undir 120 rúml. Þessi skip stunda bolfiskveiðarnar mestan hluta ársins og eru hornsteinar fiskiðnaðarins að frátöldum síldariðnaðinum.

Á árunum 1963 til 1966 hafa 87 bátar, samtals 4713 rúmlestir, af stærðinni 20—120 rúml. verið strikaðir út af skipaskrá. Á sama árabili hafa verið skráð 37 ný fiskiskip undir 120 rúml., samtals 1635 rúml. Þar af voru á s. l. ári aðeins 2 skip samt. 109 rúml. Þessi þróun í fiskiskipabyggingum er orðin mikið áhyggjuefni og verður að breytast hið bráðasta, ef ekki á að fara illa fyrir bolfiskiðnaðinum, sem stendur og fellur með því að fá hráefni sem jafnast árið um kring og er um leið aðalatvinnuvegur fjölmargra byggðarlaga, sem njóta ekki síldariðnaðarins nema þá að mjög takmörkuðu leyti.

Fiskiðnaðurinn.

Heildarútflutningur sjávarafurða á síðustu þremur árum hefur verið sem hér segir:

Árið 1964	4384	millj. kr.
— 1965	5256	— —
— 1966	5595	— —

Aðalvörutegundirnar á þessum sama tíma og útflutningsverðmæti þeirra hafa verið sem hér segir:

	1964 m.kr.	1965 m.kr.	1966 m.kr.
Síldar- og loðnumjöl	594.8	943.3	1117.6
Síldarlýsi	417.6	677.6	882.1
Saltsíld	501.4	488.3	581.8
Fiskimjöl	179.6	157.6	146.0
Hraðfrystur fiskur	1149.3	1244.7	1207.5
Skreið	337.4	375.9	309.9
Saltfiskur	436.0	545.1	546.8
Rækja og humar	109.9	129.8	179.6
Niðursuðuvörur	20.0	32.6	45.1

Á landinu eru 46 síldarverksmiðjur, og er afkastageta þeirra 18350 tonn á sólarhring. Í þessari tölu eru allar verksmiðjur, sem hafa möguleika til að vinna feitan fisk, þó að raunar sumar þeirra séu að mestu starfræktar sem venjulegar fiskimjölsverksmiðjur.

Síldarverksmiðjurnar skiptast þannig eftir landshlutum:

Suður- og Vesturland	17	afkastageta	5995	tonn/sólarhr.
Norðurland að Langanesi	15	—	6725	— —
Austurland	14	—	5630	— —

Fiskimjölsverksmiðjur eru 16 auk þeirra, sem taldar eru með síldarverksmiðjum.

Síldarsöltunarstöðvar eru 103 á landinu, sem starfræktar eru að meira eða minna leyti.

Hraðfrystihús í fiskiðnaði eru 93, og er frystiafkastageta þeirra um 1600 tonn á 10 klst., og hafa þau geymslurými fyrir um 73000 tonn.

Nýting á afkastagetu hraðfrystihúsanna var á árinu 1960 ca. 17%, 1964 ca. 17.3% og 1965 ca. 19%.

Svo að segja öll hraðfrystihús vinna saltfisk og skreið. Af þeim eru 21 hús, sem eru sérstaklega búin vélum til vinnslu á saltfiski. Auk hraðfrystihúsanna eru um 40 aðrar söltunarstöðvar, og eru 18 þeirra búnar vélum til vinnslunnar.

Niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðjur eru 16 á landinu.

Markaðsrannsóknir.

Með markaðskönnun er átt við það að rannsaka, hver markaður geti verið fyrir ákveðnar vörutegundir á hverjum stað, svo og það, í hvaða mynd þær þurfi að vera, hvað vinnslu og umbúðir snertir, til þess að hægt sé að ná árangri. Slík könnun er nauðsynleg forsenda, áður en hafin er markaðsuppbygging.

Með markaðsuppbyggingu er átt við það, að vörurnar, unnar á þann hátt, sem markaðsrannsóknin gaf til kynna, séu boðnar til sölu og kynntar og séu alltaf til á markaðnum.

Sem dæmi um þetta má nefna, að fiskimálanefnd vann á sínum tíma skipulega að markaðsuppbyggingu fyrir frystan fisk, og enn þá betra dæmi er uppbygging markaðs fyrir frystar íslenzkar sjávarafurðir í Bandaríkjunum. Sennilega er það ekki öllum kunnugt, að um margra ára bil var vitandi vits gefið með afurðum þeim, sem sendar voru á þennan markað, miðað við sölu á öðrum mörkuðum. Þessu var samt haldið áfram með þrautseigju, og um árabil hefur þetta verið bezti markaðurinn fyrir frystar íslenzkar sjávarafurðir.

Enn fremur voru byggðar upp í Bandaríkjunum verksmiðjur til frekari vinnslu úr frystum fiski, sem á síðustu árum hafa komið að mjög miklu liði.

Á fyrstu árunum eftir heimsstyrjöldina var einnig unnið nokkuð að markaðsöflun í ýmsum löndum, svo sem Frakklandi, Austurríki o. fl., en markaðir þessir virðast að mestu hafa glatazt aftur.

Á undanförnum árum hefur sala sjávarafurða yfirleitt virzt ganga greiðlega, þangað til á s. l. ári, að mikið verðfall varð á ýmsum helztu afurðum okkar. Ástæðan til þessa var einkum sú, að ýmsar aðrar þjóðir tóku upp alveg nýja veiði- og vinnslutækni, sem hefur valdið stórauknu framboði á fiskafurðum.

Víðari og fjölbreyttari markaðir eru bezta tryggingin gegn slíku verðhruni, en við Íslendingar höfum nokkrum sinnum fengið alvarleg áföll vegna þess, að markaðir okkar og framleiðsla er of einhæf. Það er því augljós nauðsyn, að ötullega og skipulega verður að vinna að markaðsöfluninni og fjölbreytni í framleiðslu.

Vafalaust mætti vinna markaði fyrir ýmsar nýjar vörutegundir, svo sem niðursoðin þorskhrogn, kavíarlíki o. fl., svo og fyrir meira unnar vörur, svo sem tilreiddar máltíðir. Að vísu veldur sú staðreynd, að við stöndum fyrir utan markaðsbandalögin, miklum erfiðleikum, á meðan ekki er bót á ráðin, en það er annað vandamál.

Sem dæmi um það, til hvers sé að vinna, má benda á, að 1963 var neyzla á niðursoðnum sjávarafurðum í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum 955 300 tonn. Hlutur okkar í þessu var ekki nema nokkur hundruð tonn. Engar núverandi stofnanir eða samtök hafa möguleika á að hafa forgöngu um mál þessi í heild, svo að við álítum fullkomlega tímabært að koma á fót stofnun, sem gæti beitt sér fyrir verkefnum þessum. Þess ber þó að geta, að fiskimálasjóður hefur styrkt verulega markaðskönnun og auglýsingakostnað fyrir íslenzkar sjávarafurðir erlendis.

Ein aðferð, sem aðrar þjóðir nota mikið, er að vinna að markaðsrannsóknum fyrir milligöngu sendiráða sinna, m. a. með skipun verzlunarfulltrúa við þau. Þessi aðferð væri m. a. vel athugandi fyrir okkur. En síðan þyrfti að vera fyrir hendi hér heima stofnun, er skipulegði þessa viðleitni og ynni úr upplýsingum þeim, er aflað væri.

Ein grundvallarforsenda fyrir því, að Fiskimálaráð geti rækt það hlutverk sitt að gera tillögur um og stuðla að skynsamlegri og skipulagðri dreifingu fjármagns í íslenzkum sjávarútvegi, er nákvæm þekking á mörkuðum sjávarafurða og hverra breytinga þar megi vænta, en oft hefur á skort, að íslenzkum sjávarútvegi hafi gefizt nægilegur tími til aðlögunar við breyttar aðstæður."

Ed. 76. Frumvarp til laga [62. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 22 24. apríl 1965.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

II. liður í 10. gr. laganna orðist svo:

Framræsla vegna tún-, akur-, engja- og hagaræktar (vélgröftur):

a. Skurðir vélgrafnir, 70% kostnaðar við gröft skurðanna. Ákvæðisvinna skal viðhöfð við skurðgröft þar, sem því verður við komið. Ríkisframlag skal miða við ákvæðisvinnutaxta hvers ræktunarsvæðis, sé hann fyrir hendi. Annars úrskurðar Búnaðarfélag Íslands reikninga.

Búnaðarfélag Íslands gerir heildaráætlun til fimm ára um, hversu mikið skuli grafa á hverju ræktunarsvæði. Skal áætlunin endurskoðuð árlega. Héraðsráðunautar skulu leita eftir óskum bænda um skurðgröft, og fyrir 15. febrúar, í fyrsta sinn 1968, skulu þeir senda stjórn Búnaðarfélags Íslands sundurliðaðar áætlanir, hver fyrir sitt umráðasvæði, um þann skurðgröft, sem þeir telja æskilegan á hverri jörð næstu fimm ár. Þá skulu þeir árlega fyrir 15. febrúar senda Búnaðarfélagi Íslands endurskoðaðar áætlanir fyrir hið nýbyrjaða ár. Jarðræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands hafa umsjón með þessum áætlunum og skera úr um vafaatriði.

Þegar endurskoðaðar áætlanir hvers árs liggja fyrir, samþykktar af stjórn Búnaðarfélags Íslands, skal skurðgröftur á hverju ræktunarsvæði boðinn út. Skulu útboð fara fram fyrir 15. marz hvert ár. Búnaðarfélag Íslands gerir útboðin fyrir hönd þeirra samtaka, sem sjá um skurðgröft fyrir bændur á hverju ræktunarsvæði, sbr. 20. gr. 2. málsgr., og ákveður, hvaða tilboðum skuli tekið og hvaða tryggingar vertakar skuli setja.

Ræktunarsambönd og Vélasjóður geta jafnt og aðrir aðilar boðið í skurðgröft, hvar sem er á landinu. Ræktunarsambönd hafa rétt til að ganga inn í lægsta tilboð, hvert á sínu ræktunarsvæði.

Berist engin tilboð eða óaðgengileg í skurðgröft á einhverju ræktunarsvæði, felur stjórn Búnaðarfélags Íslands vélanefnd að láta grafa þar með skurðgröfum Vélasjóðs. Jarðræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands hafa eftirlit með framkvæmdum við skurðgröft.

Bændur, sem láta aðra en samþykkta verktaka grafa á jörðum sínum, fá aðeins hálft framlag á skurðina.

Á ræktunarsvæðum þar, sem kostnaður við skurðgröft vegna óhagstæðrar aðstöðu er meira en 25% hærri en meðalkostnaður á landinu, en telst þó nauðsynleg framkvæmd, er landbúnaðarráðherra heimilt eftir tillögu Búnaðarfélags Íslands að hækka ríkisframlagið svo, að hlutur bóndans verði eigi hærri en meðalkostnaður.

b. Plógræsi skulu boðin út á sama hátt og vélgrafnir skurðir, og skal framlag á þau vera 75% af kostnaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd Ed. flytur þetta frumv. að beiðni vélanefndar ríkisins. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Tilgangurinn með tillögu þeirri um lagabreytingu, sem hér er lögð fram, er þessi:

1. að koma á betri skipulagningu framræslunnar um allt land með áætlanagerð og útboðum;
2. að fyrirbyggja, að ríkissjóður sé látinn greiða meira en hin lögboðnu 70% af kostnaði við skurðgröft, og minnka útgjöld ríkissjóðs, án þess að ganga á hlut bænda;
3. að tryggja hag Vélasjóðs;
4. að tryggja hag þeirra ræktunar- og búnaðarsambanda, sem starfrækja eigin skurðgröfur;
5. að gera bændum, sem búa við vond ræktunarskilyrði, kleift að láta ræsa lönd sín, ef nauðsyn telst;
6. að lækka kostnað ríkissjóðs vegna plógræsagerðar.

1. Skipulagning framræslunnar, eins og hún er nú, er langt frá því að vera nógu góð. Erfitt er að fá vitneskju um það fyrir fram, hversu mikið eigi að grafa hvert ár hjá einstökum bændum, og enn erfiðara er að afla slíkrar vitneskju um heil ræktunarsvæði.

   Algengt er, að bændur láti grafa miklu meira en í fyrstu er gert ráð fyrir (stundum líka minna). Þetta skapar viss vandkvæði. Ráðunauturinn, sem mælir fyrir skurðunum, þarf að fara oftar en einu sinni á sama bæinn að mæla fyrir. Áætlun um yfirferð viðkomandi skurðgröfu raskast þannig, að sumir bændur þurfa að bíða óhæfilega lengi eftir, að grafan komi til þeirra.

   Með áætlanagerð þeirri, sem hér um ræðir, yrði vitað fyrir fram nokkurn veginn, hvað á að grafa á hverju ræktunarsvæði, enda er slík áætlanagerð forsenda þess, að hægt sé að bjóða skurðgröft hvers ræktunarsvæðis út.
2. Með útboðum og ákvæðisvinnu á að vera tryggt, að hlutur ríkissjóðs verði ekki fyrir borð borinn og hann látinn greiða meira en hin lögboðnu 70% af kostnaði.

   Vitað er, að skurðgröfueigendur gera stundum samninga við bændur um það að veita þeim verulegan afslátt af þeirra hlut í kostnaðinum, en ríkissjóður er látinn greiða sinn hlut að fullu. Má benda á, að 10% afsláttur af heildarkostnaði jafngildir þriðjungslækkun á hlut bóndans. Slík tilboð gröfueigenda til bænda gera það oft að verkum, að bændur láta grafa miklu meira en upphaflega var gert ráð fyrir, enda er það ótvíræður hagur gröfueigenda að fá sem mest verkefni á sama stað og þá vandalaust að vinna fyrir lægra verð.

   Stjórn Vélasjóðs hefur að sjálfsögðu ekki farið þessa leið, og þess vegna hafa skurðgröfur sjóðsins flæmzt í verri og minni verkefni frá ári til árs.
3. Með almennum opinberum útboðum verður aðstaðan jafnari, og telur vélanefnd mestar líkur til þess, að með slíku fyrirkomulagi megi koma nokkrum skurð-

gröfum Vélasjóðs í góð verkefni og þar með fyrirbyggja hallarekstur sjóðsins að mestu eða öllu leyti.

Vélasjóði er gert að sjá um framræslu á erfiðum ræktunarsvæðum, ef engin eða óaðgengileg tilboð berast í þau verkefni. Er varla um annað að ræða en að slík verk séu unnin samkvæmt reikningi, ef tryggt á að vera, að Vélasjóður tapi ekki á þeim.

4. Mörg ræktunarsambönd eiga og starfrækja skurðgröfur. Eðlilegt má teljast, að þau hafi forgangsrétt að verkefnunum, hvert á sínu ræktunarsvæði, og er gert ráð fyrir, að þau megi ganga inn í lægsta tilboð, hvert á sínu svæði.

Nokkuð er um það, að einstakir bændur vilji ekki hlíta reglum og forsjá félagssamtaka sinna og láta vinna á jörðum sínum með öðrum vélum en þeim, sem félagssamtökin starfrækja. Slíkt veldur oft nokkrum glundroða og raskar áætlunum og gerir félagsreksturinn óhagkvæmari en ella. Tilgangslaust virðist vera að leggja bann við slíku, en reynt er að fyrirbyggja það með því, að menn, sem þannig vilja vinna að jarðræktarframkvæmdum, fái aðeins hálft ríkisframlag miðað við ákvæðisvinnutaxta þess ræktunarsvæðis, sem um er að ræða hverju sinni.

5. Til þess að tryggja bændum, sem búa við vond ræktunarskilyrði, nokkurt jafnrétti við aðra er gert ráð fyrir heimild til handa landbúnaðarráðherra, eftir tillögu Búnaðarfélags Íslands, að hækka ríkisframlagið í einstökum tilfellum, þannig, að hlutur viðkomandi bænda verði ekki miklu verri en annarra.

6. Gert er ráð fyrir, að gerð plógræsa verði boðin út á sama hátt og skurðgröftur og að ríkisframlag verði 75% af kostnaði. Ríkisframlagið er nú kr. 1.20 á hvern metra af ræsum auk vísitöluuppbótar.

Vélasjóður, sem starfrækir tvo lokræsaplóga, lætur bændur greiða kr. 0.30 á hvern metra að 20 km, kr. 0.20 á hvern m fyrir næstu 20 km og kr. 0.15 á hvern m fyrir það, sem þar er umfram. Tveir aðrir aðilar gera plógræsi, og tekur annar þeirra aðeins kr. 0.05 á hvern m. Með útboðum má vafalaust lækka kostnað við plógræsi og minnka þar með útgjöld ríkissjóðs.

Sþ. 77. Tillaga til þingsályktunar [63. mál]

um vantraust á ríkisstjórnina.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Hannibal Valdimarsson, Ólafur Jóhannesson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á núverandi ríkisstjórn.

Nd. 78. Frumvarp til laga [64. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

Frá gildistöku þessara laga skal við ákvörðun verðtolls og annarra gjalda á innfluttum vörum, þ. á m. söluskatts, reikna fob-verðmæti þeirra á hinu nýja gengi. Sama gildir um annan kostnað í cif-verði, þar á meðal flutningskostnað, sé hann ákveðinn í erlendum gjaldeyri, þannig að krónuvirði hans breytist sjálfkrafa til samræmis við hið nýja gengi, ef greiðsla fer fram eftir gildistöku þessara laga. Á innflutningsfarmskrám, sem farmflytjendur afhenda tollyfirvöldum, skal flutningsgjald tilgreint í íslenzkum krónum.

Í fob-verðmæti skal reikna allan erlendan kostnað, sem á er fallinn, þá er vara er komin í farartæki það, sem flytur hana til Íslands.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um öll önnur gjöld af innfluttum vörum, sem innheimt eru af tollyfirvöldum og ákveðin eru sem hundraðshluti af vöruverðmæti.

Nú hefur innflytjandi fyrir 19. nóvember 1967 afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, og skal þá miða gjöld af henni við eldra gengið, en þó því aðeins, að tollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 1. desember 1967.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. gilda við tollafgreiðslu vara, sem hafa verið afhentar innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda (sbr. 15. gr. tollskrárlaga), nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna.

2. gr.

Óheimilt er að hækka verð á birgðum innfluttra vara, sem greiddar hafa verið á gengi í gildi fyrir 19. nóvember 1967, og sama gildir um verð á birgðum iðnaðarvara, sem framleiddar eru úr efni, sem greitt hefur verið á eldra gengi. Til birgða teljast í þessu sambandi vörur greiddar á eldra gengi, sem ekki eru komnar í hendur innflytjenda.

3. gr.

Nú á skipafélag kröfu, sem ákvörðuð er í erlendum gjaldeyri eða miðuð við erlendan gjaldeyri, á innlendan aðila vegna farmgjalda af innfluttum vörum, er ekki hafa verið afhentar móttakanda hennar fyrir gildistöku þessara laga, og skal þá einungis heimilt að innheimta slíka kröfu á hinu nýja gengi, að svo miklu leyti sem skipafélagið á ógreiddan kostnað utanlands í erlendum gjaldeyri vegna flutningastarfsemi sinnar, enda komi samþykki verðlagsnefndar til.

4. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar afurðir framleiddar fyrir árslok 1967, skal hann greiddur útflytjanda á því gengi, er gilti fyrir 19. nóvember 1967. Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á eldra gengi og andvirðis hans á hinu nýja gengi skv. 1. málsgr. skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal með sérstökum lögum ráðstafað í þágu þeirra atvinnuvega, sem eiga viðkomandi afurðaandvirði.

5. gr.

Stofna skal sérstakan gengisbreytingarreikning í Seðlabankanum, og skal á hann færa þann gengismun, er verður vegna gengisbreytingarinnar hjá einstökum bönkum. Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er hið nýja gengi tekur gildi. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengistryggðar eru með sérstökum samningi, þar með taldir skuldareikningar ríkissjóðs gagnvart alþjóðastofnunum, teljast erlendur gjaldeyrir í þessu sambandi, og sama gildir um gulleign Seðlabankans. Á þennan reikning skulu einnig færðar eftirstöðvar reikninga vegna gengisbreytinganna 1960 og 1961, sbr. 5. gr. laga nr. 4 frá 20. febrúar 1960 og 1. gr. laga nr. 28 frá 17. apríl 1962.

Nú hefur bankaábyrgð til handa erlendum aðila verið greidd erlendis, en ekki greidd í íslenzkum banka fyrr en eftir 24. nóvember 1967, og skal hún þá gerð upp á hinu nýja gengi. Ákvæði þetta gildir ekki um greiðslufrestsábyrgðir, þegar skjöl hafa verið afhent innflytjanda fyrir gengisbreytinguna. Gengismunur,

er til verður vegna ákvæða þessarar málsgreinar, skal færður á gengisbreytingarreikning, sbr. 1. málsgr.

6. gr.

Tíunda grein laga um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., nr. 30 frá 25. maí 1960, orðist svo:

Innheimta má af gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfum allt að 1% leyfisgjald af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um. Af gjaldi þessu skal allt að helmingur, eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, ganga til bankanna til að standa straum af kostnaði við úthlutun leyfa, en að öðru leyti renni það í ríkissjóð til greiðslu kostnaðar við verðlagseftirlit.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 92 frá 22. desember 1965, um breyting á lögum um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., nr. 30 frá 25. maí 1960.

7. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í dag, 24. nóvember 1967, hefur Seðlabanki Íslands gefið út tilkynningu um nýtt stofngengi íslenzkrar krónu. Af þessu leiðir, að nauðsynlegt er að setja sérstök lög, er kveði á um ýmis framkvæmdaratriði varðandi gengisbreytinguna. Hafa slík lög ætíð verið sett, þegar líkt hefur staðið á. Í lagafrumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er þó eingöngu að finna þau ákvæði, sem mest liggur á að lögfesta, svo að ekki sé um nein vafaatriði að ræða, þegar gjaldeyrissviðskipti hefjast væntanlega að nýju mánudaginn 27. nóvember á grundvelli hins nýja stofngengis. Síðar verður nauðsynlegt að setja frekari löggjöf um ýmis vandamál, er úr þarf að skera vegna gengisbreytingarinnar.

Yfirleitt má segja, að frumvarp þetta þurfi ekki mikilla skýringa við, þar sem það er að mestu leyti byggt á þeirri reynslu og ákvæðum, er áður hafa verið sett, þegar líkt hefur á staðið. Fara hér á eftir athugasemdir við einstakar greinar þess.

Um 1. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í aðalatriðum hliðstæð ákvæðum 7. gr. laga nr. 4/1960 um efnahagsmál og 5. gr. laga nr. 28/1962 um ráðstafanir vegna gengisbreytingarinnar í ágústmánuði 1961, og eru þau nauðsynleg til að fjalla um meðferð aðflutningsgjalda, á sama hátt og verið hefur við fyrri gengisbreytingar.

Um 2. gr.

Hér er um að ræða samhljóða ákvæði og er að finna í 27. gr. l. nr. 4/1960 um efnahagsmál og 12. gr. laga nr. 28/1962 varðandi gengisbreytinguna 1961 og er sett til að tryggja, að ekki verði um verðhækkunarágóða að ræða af þeim birgðum erlendra vara, sem greiddar eru á eldra genginu.

Um 3. gr.

Samhljóða ákvæði var ekki í lögum varðandi gengisbreytingarnar 1960 og 1961.

Skipafélögin hafa haft ákvæði í farmsamningum, sem miða farmgjöld við erlendan gjaldeyri. Munu þau ákvæði byggð á því, að verulegur hluti tilkostnaðar skipafélaga fellur til erlendis, enda standa félögin að jafnaði í miklum erlendum rekstrarskuldum, einkum við umboðsmenn.

Að því leyti, sem skipafélag á kröfu í erlendum gjaldeyri á innlendan aðila, eins og segir í upphafi greinarinnar, þá er því aðeins heimilt að innheimta umrætt farmgjald, miðað við hið nýja gengi, að svo miklu leyti sem skipafélagið á ógreiddan erlendan kostnað, þegar gengisbreytingin tekur gildi, vegna flutningastarfseminnar, enda komi samþykki verðlagsnefndar til.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir því, að sá gjaldeyrir, sem skilað er til banka fyrir afurðir, sem framleiddar eru fyrir árslok 1967 skuli greiddur á hinu gamla gengi. Er talið eðlilegt að miða hér við árslok með tilliti til þess, að því er sjávarafurðir snertir sérstaklega, að fiskverð það, sem nú gildir, miðast við tímabilið til áramóta, þegar nýtt verðlagstímabil tekur við. Þá má enn fremur ætla, að hækkana á framleiðslukostnaði vegna gengisbreytingarinnar muni lítt eða ekki gæta á þeim stutta tíma, sem eftir er til ársloka.

Þá er talið sjálfsagt, að þeim mismun, sem þarna kemur fram, verði varið í þágu þeirra atvinnuvega, sem þær afurðir koma frá, sem ákvæði þessarar greinar taka til.

Nánari ráðstöfun á því fé, sem hér um ræðir, fellur hins vegar ekki innan ramma þessara laga og er því gert ráð fyrir, að um það verði sett sérstök lög.

Um 5. gr.

Ákvæði hliðstæðs efnis er að finna í 5. gr. laga nr. 4/1960 og 1. gr. laga nr. 28/1962 og er hér farin sama braut og áður um meðferð gengismunar við bankuna. Aðalefni greinarinnar er, að bankarnir hvorki hagnist né bíði skaða við gengisbreytinguna, og er stofnaður gengisbreytingarreikningur við Seðlabankann, sem gengismunur er færður á. Á hann eru einnig færðar eftirstöðvar reikninga vegna gengisbreytinganna árin 1960 og 1961.

Í annarri málsgrein er um að ræða hliðstætt ákvæði og sett var í lög 4/1960 5. gr. og lög 28/1962 2. gr. og gengismunur, sem til fellur í þessu sambandi, færður á sambærilegan hátt og áður hefur verið. Ákvæði greinarinnar nær þó eigi til ábyrgða með erlendum greiðslufresti, þegar hlutaðeigandi vöruskjöl hafa verið afhent innflytjanda fyrir gengisbreytinguna.

Um 6. gr.

Í 10. gr. laga nr. 30/1960 var veitt heimild til 1% leyfisgjalds og hefur sú heimild frá upphafi verið notuð að hálfu og andvirði skipzt milli gjaldeyrisbankanna, annars vegar vegna leyfaúthlutunar og verðlagseftirlits hins vegar.

Með lögum nr. 92/1965 var ákvæði 10. gr. laga nr. 30/1960 breytt. Heimild um leyfisgjald var lækkuð í 0.5% og tekið upp nýtt gjald, sem nam 0.5% af gjaldeyrissölu, sem ganga skyldi til ríkissjóðs.

Með greininni er nefnt gjald til ríkissjóðs fellt niður og greinin orðuð að efni til, eins og hún var upphaflega sett með lögum nr. 30/1960.

Um 7. og 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 79. Nefndarálit [64. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Mæla undirritaðir nefndarmenn með því, að það verði samþykkt með þeirri breytingu við 5. grein, sem fram kemur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 24. nóv. 1967.

Guðlaugur Gíslason, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Axel Jónsson.

Gunnar Gíslason.

Nd. 80. Nefndarálit [64. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frumv. þessu staðfestir ríkisstjórnin þá fyrirætlun sína að ætla að lækka gengi íslenzkrar krónu um 24.6%, en það jafngildir hækkun á erlendum gjaldeyri um 32.6%. Slík stórkostleg breyting á verðgildi erlends gjaldeyris mun að sjálfsögðu hafa margsvísleg og mikil áhrif á þjóðarbúskap landsmanna. Verðlag á innfluttum vörum mun stórhækka og allt verðlag í landinu og þjónusta mun fylgja á eftir.

Nú hefur ríkisstjórnin tilkynnt, að hún muni á næstunni leggja til, að numin verði úr lögum ákvæðin um vísitöluuppbætur á laun í samræmi við verðlag á hverjum tíma. Afleiðingar þess hljóta því að verða mikil kjaraskerðing launafólks að óbreyttum kjarasamningum, og þá um leið mikil kjaraskerðing bænda. Telja má víst samkvæmt yfirlýsingum verkalýðssamtakanna, að þau uni ekki við þá skipan mála, að dýrtíð stóraukist án hækkunar á kaupi verkafólks. Með gengislækkun þeirri, sem ríkisstjórnin nú hefur ákveðið, og með lagasetningu um afnám vísitöluuppbótar á laun, er því augljóslega stefnt út í vinnudeildur, sem haft geta hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir atvinnulíf landsins.

Frumv. það, sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, fjallar ekki um nema lítinn hluta gengislækkunarmálsins. Í því er ekki að finna nein ákvæði um veigamestu þætti málsins, eins og þá sem varða þróun verðlags- og verðlagningarmála, tolltekjur ríkissjóðs, launagreiðslur sjómanna og stuðninginn við atvinnuvegina.

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um gengislækkun þá, sem ákveðin hefur verið, er í algerri mótsögn við yfirlýsingar hennar, sem gefnar voru fyrir fáum vikum um nauðsynlegar aðgerðir í efnahagsmálum. Þá var því haldið fram, að gengislækkun væri hættuleg og hefði í för með sér miklu meiri ókosti en kosti. Þá var talið réttast að leggja á nýja skatta og stórhækka verð á landbúnaðarvörum til þess að létta á útgjöldum ríkissjóðs.

Nú virðist ætlunin að halda fast við nýju álögurnar og verðhækkanirnar á lífsnauðsynjum almennings, en demba síðan ofan á allt saman stórfelldri gengislækkun.

Minni hl. fjárhagsnefndar telur, að stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum sé í grundvallaratriðum röng og fái ekki staðizt. Stjórnin hefur nú staðið að þremur gengislækkunum á 8 árum, og eftir einstakt góðæri í mörg ár metur hún

sjálf efnahagsástandið þannig, að enn verði að grípa til lífskjaraskerðingar með stórhækkandi verðlagi á öllum vörum í landinu. Minni hl. getur því ekki mælt með samþykkt frumv., en leggur til, að það verði fellt.

Alþingi, 24. nóv. 1967.

Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Lúðvík Jósefsson. Jón Kjartansson.

Nd. 81. Breytingartillaga [64. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

2. málsl. 2. málsgr. 5. gr. frv. orðist svo:

Ákvæði þetta gildir ekki um gjaldfallnar ábyrgðir með greiðslufresti, sem greiddar eru erlendis, ef vöruskjöl hafa verið afhent innflytjanda fyrir gengisbreytinguna.

Nd. 82. Frumvarp til laga [64. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. nóv).

Samhljóða þskj. 78 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Stofna skal sérstakan gengisbreytingarreikning í Seðlabankanum, og skal á hann færa þann gengismun, er verður vegna gengisbreytingarinnar hjá einstökum bönkum. Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er hið nýja gengi tekur gildi. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengistryggðar eru með sérstökum samningi, þar með taldir skuldareikningar ríkissjóðs gagnvart alþjóðastofnunum, teljast erlendur gjaldeyrir í þessu sambandi, og sama gildir um gulleign Seðlabankans. Á þennan reikning skulu einnig færðar eftirstöðvar reikninga vegna gengisbreytinganna 1960 og 1961, sbr. 5. gr. laga nr. 4 frá 20. febrúar 1960 og 1. gr. laga nr. 28 frá 17. apríl 1962.

Nú hefur bankaábyrgð til handa erlendum aðila verið greidd erlendis, en ekki greidd í íslenzkum banka fyrr en eftir 24. nóvember 1967, og skal hún þá gerð upp á hinu nýja gengi. Ákvæði þetta gildir ekki um gjaldfallnar ábyrgðir með greiðslufresti, sem greiddar eru erlendis, ef vöruskjöl hafa verið afhent innflytjanda fyrir gengisbreytinguna. Gengismunur, er til verður vegna ákvæða þessarar málsgreinar, skal færður á gengisbreytingarreikning, sbr. 1. málsgr.

Nd. **83. Frumvarp til laga** [65. mál]

um verðlagsuppbót á laun og um vísitölu framfærslukostnaðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

Frá 1. desember 1967 skal verðlagsuppbót aukin sem því svarar, að laun og aðrar vísitölubundnar greiðslur að meðtalinni verðlagsuppbót hækki í hlutfalli við þá hækkun, sem varð á útgjöldum launþega til kaupa á vörum og þjónustu frá 1. ágúst til 1. nóvember 1967, samkvæmt niðurstöðum neyzlurannsóknar þeirrar, er um getur í 2. gr. þessara laga. Kauplagsnefnd framkvæmir þennan útreikning. Gildir þetta þar til annað hefur verið ákveðið með samningum stéttarfélaga og samtaka vinnuveitenda.

2. gr.

Kauplagsnefnd skal reikna vísitölu framfærslukostnaðar í Reykjavík samkvæmt niðurstöðum rannsóknar, sem gerð hefur verið á neyzlu launþega í Reykjavík 1964 og 1965. Grunntala þessarar nýju vísitölu skal miðuð við verðlag í byrjun janúar 1968, og síðan skal reikna hana fjórum sinnum á ári, miðað við byrjun mánaðanna febrúar, maí, ágúst og nóvember, eftir grundvallarreglum, sem Kauplagsnefnd setur. Við þennan útreikning skal sleppa broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, en annars hækka í heilt stig.

Nú óskar stjórn Alþýðusambands Íslands eða stjórn Vinnuveitendasambands Íslands eftir því, að vísitala framfærslukostnaðar verði reiknuð aukalega í öðrum mánuði en skylt er að reikna hana samkvæmt fyrri málsgr. þessarar greinar, og skal þá Kauplagsnefnd verða við þeirri ósk, enda sé hún borin fram með minnst tveggja vikna fyrirvara.

3. gr.

Vísitala framfærslukostnaðar með grunntölu 100 hinn 1. marz 1959, samkvæmt 3. málsgr. 4. gr. laga nr. 1/1959, skal reiknuð í síðasta sinn eftir verðlagi í janúarbyrjun 1968.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi felld eftirtalin ákvæði laga:

Lög nr. 63 14. des. 1964, um verðtryggingu launa, og 3. mgr. 4. gr. laga nr. 1 30. janúar 1959, um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með þessu frumvarpi er lagt til, að verðlagsuppbót verði aukin frá 1. desember n. k. og að nýr grundvöllur vísitölu framfærslukostnaðar taki gildi í byrjun næsta árs. Enn fremur er lagt til, að framvegis verði ákvörðun um greiðslu verðlagsuppbóta í höndum stéttarfélaga og samtaka vinnuveitenda með sama hætti og samningar um grunnlaun.

Í frumvarpi því um efnahagsaðgerðir, sem ríkisstjórnin lagði fram í október s. l. var gert ráð fyrir, að verðlagsuppbót á laun skyldi vera hin sama á tímabilinu 1. desember 1967 til 29. febrúar 1968 og hún hafði verið á tímabilinu 1. september til 30. nóvember 1967. Frá 1. marz skyldi verðlagsuppbót síðan greiðast samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu, er byggðist á nýrri framfærsluvísitölu með grunntölu í janúarbyrjun 1968. Hefði þetta fyrirkomulag falið það í sér, að verðlagsuppbætur hefðu ekki verið greiddar vegna þeirra verðhækkana, er áttu sér stað á tímabilinu 1. ágúst til 31. desember 1967, en þær voru í athugasemdum við frumvarpið áætlaðar 4.4% samkvæmt nýjum vísitölugrundvelli. Var það skoðun ríkisstjórnarinnar, að þær efnahagsráðstafanir, sem frumvarpið gerði ráð fyrir, ásamt

öðrum samhliða ráðstöfunum, gætu ekki komið að notum, nema jafnframt væri komið í veg fyrir, að þær verðhækkanir, sem í þeim fólust, leiddu þegar í stað til kauphækkana.

Með lækkun gengis sterlingspundsins og ákvörðuninni um lækkun gengis íslenzku krónunnar hafa ný viðhorf skapazt í þessum málum. Ríkisstjórnin telur því eðlilegt að ganga til móts við það sjónarmið launþegasamtakanna, að aukin verðlagsuppbót skuli greiðast 1. desember vegna þeirra verðhækkana, er áttu sér stað á tímabilinu 1. ágúst til 1. nóvember. Jafnframt er eðlilegt, að sú verðlagsuppbót sé ekki miðuð við núgildandi framfærsluvísitölu heldur við hina nýju framfærsluvísitölu, sem mælir þessar breytingar réttar en gamla vísitalan. Hafa fulltrúar launþegasamtakanna áður fallizt á þetta sjónarmið. Er því í þessu frumvarpi lagt til, að verðlagsuppbót á laun verði frá 1. desember aukin sem svarar hækkun þessarar vísitölu á tímabilinu 1. ágúst til 1. nóvember s. l. Er ætlazt til þess, að þessi aukning gildi, þar til annað hefur verið ákveðið með samningum stéttarfélaga og samtaka vinnuveitenda.

Þá er lagt til í þessu frumvarpi, að hin nýja vísitala framfærslukostnaðar, sem byggð er á niðurstöðum rannsóknar á neyzlu launþega í Reykjavík 1964 og 1965, taki gildi í byrjun næsta árs, eins og frumvarpið um efnahagsráðsafanir gerði ráð fyrir. Þessi vísitala er mun réttari mælivarði á breytingar verðlags en núgildandi vísitala, og því þýðingarmikið, að hún taki gildi eins fljótt og unnt er, en af tæknilegum ástæðum er það ekki framkvæmanlegt fyrr en nú er gert ráð fyrir.

Um 1. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um aukningu verðlagsuppbóta 1. desember. Er ætlazt til, að Kauplagsnefnd framkvæmi útreikning aukningarinnar og miði hana við þá hækkun, sem varð á útgjöldum launþega til kaupa á vörum og þjónustu frá 1. ágúst til 1. nóvember 1967. Þessi hækkun skal mælast á grundvelli niðurstöðu þeirrar neyzlurannsóknar, sem framkvæmd var 1964 og 1965 og hin nýja vísitala á að byggjast á.

Um 2. gr.

Þessi grein segir fyrir um útreikning hinnar nýju framfærsluvísitölu. Nánari skýringar á hinum nýja grundvelli er að finna í því ítarlega yfirliti, sem um hann var gefið í I. kafla frumvarps til laga um efnahagsráðstafanir.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir, að núgildandi vísitala reiknist í síðasta sinn í janúarbyrjun 1968. Verður þannig hægt að tengja hana grunni hinnar nýju vísitölu.

Um 4. gr.

Þessi grein gerir ráð fyrir að núgildandi lög um verðtryggingu launa verði numin úr gildi og sömuleiðis þau lagaákvæði, sem í gildi eru um útreikning núgildandi vísitölu framfærslukostnaðar.

Ed. 84. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1965.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 25. nóv. 1967.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Auður Auðuns, fundaskr.	Björn Fr. Björnsson.
Steinþór Gestsson.	Pétur Benediktsson.	Björn Jónsson.
	Ásgeir Bjarnason.	

Ed. **85. Nefndarálit** [64. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en eigi orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. vill samþykkja frv. óbreytt, en undirritaðir leggja til, að það verði fellt.

Árið 1961 var sú nýbreytni tekin upp með bráðabirgðalögum, að gengisskráningarvaldið var tekið af Alþingi og fengið ríkisstjórn og Seðlabanka.

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 10 29. marz 1961 ákveður Seðlabankinn að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar stofngengi íslenzkrar krónu gagnvart erlendum gjaldeyri.

Síðdegis í gærdag barst tilkynning um, að umrædd heimild hafi nú verið notuð þannig, að stofngengi krónunnar gagnvart Bandaríkjadollar hafi verið fellt um 24.6%, en af því leiðir verðhækkun á erlendum gjaldeyri, sem nemur 32.6%.

Þessi boðskapur hefur verið birtur alþingismönnum eins og öðrum landslýð, og þeir hafa ekki nein tök á því lengur að hafa þar áhrif á.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, er aðeins örlítill angi af stóru máli, það fjallar um fáein framkvæmdaatriði þeirrar örlagaríku ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að fella gengi krónunnar í þriðja sinn á 8 árum.

Afleiðingar gengisfellingarinnar koma fram á flestum sviðum þjóðlífsins, og margvísleg lagasetning er óhjákvæmileg afleiðing hennar.

Það er skoðun okkar, að svo stórfelld gengislækkun, án þess að jafnhliða séu gerðar veigamiklar ráðstafanir til að tryggja réttláta framkvæmd hennar, séu fráleit vinnubrögð og næsta ótrúlegt, að alþingismenn treysti sér til að fallast á frv., án þess að svar hafi fengizt við mörgum grundvallarspurningum, sem fram hafa verið bornar á Alþingi um þýðingarmikil atriði málsins.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að tollar til ríkissjóðs verði óbreyttir að hundraðshluta þrátt fyrir þá gífurlegu hækkun, sem af gengisfellingunni leiðir. Afleiðing þessa er stórkostleg hækkun á vöruverði og óbærileg kjaraskerðing alls þorra manna.

Jafnframt er ráðgert að rjúfa tengsl kaupgjalds og verðlags og afnema þannig þá einu tryggingu, sem launþegar hafa haft gegn því að kaffærast í verðbólguflóðinu.

Þessar ráðstafanir koma í kjölfarið á lækkuðum niðurgreiðslum á verði ýmissa landbúnaðarvara, sem þegar hafa aukið útgjöld heimilanna í landinu um hundruð milljóna.

Þrátt fyrir þessar staðreyndir, sem hljóta að leiða til vinnudeilna að óbreyttu ástandi, hyggst ríkisstjórnin framkvæma gengislækkunina án nokkurra ráðstafana, a. m. k. nú þegar, til að draga úr hættulegustu afleiðingum hennar.

Við undirritaðir teljum, að stefnan í efnahagsmálunum sé röng. Sé áfram haldið á sömu braut, verði afleiðingin áframhaldandi lífskjaraskerðing almennings í landinu. Við álítum, að stefnubreyting þurfi hér til að koma, og leggjum því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 24. nóv. 1967.

Einar Ágústsson, frsm. Karl Guðjónsson. Bjarni Guðbjörnsson.

Ed. 86. Nefndarálit [64. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og leggur meiri hl. til, að það verði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir deildinni.

Alþingi, 25. nóv. 1967.

Geir Hallgrímsson, form., frsm.
Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.
Pétur Benediktsson.
Sveinn Guðmundsson.

Ed. 87. Lög [64. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

(Afgreidd frá Ed. 25. nóv.)

Samhljóða þskj. 82 (sbr. 78).

Ed. 88. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101 8. des. 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á einum fundi og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt, eins og það liggur fyrir deildinni.

Alþingi, 27. nóv. 1967.

Steinþór Gestsson, form., frsm.
Jón Þorsteinsson, fundaskr.
Ásgeir Bjarnason.
Jónas G. Rafnar.
Jón Árnason.
Páll Þorsteinsson.
Karl Guðjónsson.

Nd. 89. Frumvarp til laga [66. mál]

um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

Aftan við lögin komi ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

Til ársloka 1968 fer níu manna nefnd, verðlagsnefnd, með verðlagsákvarðanir. 4 nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands,

2 samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og 1 samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga. Níundi nefndarmaðurinn er ráðuneytisstjórinn í viðskiptamálaráðuneytinu, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Hver nefndarmanna skal tilnefna varamann, er taki sæti í forföllum hans. Viðskiptamálaráðherra skipar nefndina, og fellur jafnframt niður umboð núverandi verðlagsnefndar.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar. Verði atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það er stefna ríkisstjórnarinnar að hafa samráð við verkalýðshreyfinguna í því skyni, að gengislækkun sú á krónunni, sem ákveðin hefur verið, rýri ekki hlut launþega meir en óhjákvæmilegt reynist. Alþýðusamband Íslands hefur borið fram þá ósk við ríkisstjórnina, að fulltrúar þess fái aðild að verðlagsákvörðunum. Ríkisstjórnin telur rétt að verða við þessum óskum og álítur eðlilegt, að fjórir fulltrúar Alþýðusambandsins taki sæti í verðlagsnefnd, meðan áhrif gengislækkunarinnar eru að koma fram í verðlagi innanlands. Jafnframt telur ríkisstjórnin þá réttmætt, að tveir fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands, einn fulltrúi Verzlunarráðs Íslands og einn fulltrúi Sambands ísl. samvinnufélaga taki þar sæti, en að ráðuneytisstjórinn í viðskiptamálaráðuneytinu verði formaður nefndarinnar, svo sem nú á sér stað. Er gert ráð fyrir því, að þessi skipan gildi fyrst um sinn til loka næsta árs.

Nd. 90. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til l. um verðlagsuppbót á laun og um vísitölu framfærslukostnaðar.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess, og leggur meiri hlutinn til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 27. nóv. 1967.

Guðl. Gíslason, form., frsm.
Sigurður Ingimundarson, fundaskr.
Gunnar Gíslason.
Axel Jónsson.

Nd. 91. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til l. um verðlagsuppbót á laun og um vísitölu framfærslukostnaðar.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frv. þessu gerir ríkisstjórnin tvær aðaltillögur til breytinga á gildandi lögum um verðtryggingu launa. Í fyrsta lagi leggur hún til, að verðlagsuppbótum á laun og aðrar vísitölubundnar greiðslur verði breytt þannig 1. desember n. k., að þær miðist við nýja vísitölugrundvöllinn, þó með nokkrum breytingum. Samkvæmt því

munu verðlagsuppbætur á laun hækka um 3.39% 1. desember n. k. Hefði eldri vísitölugrundvöllurinn verið áfram í gildi, hefði verðlagsuppbótin orðið rúmlega 6%.

Í öðru lagi leggur ríkisstjórnin til samkv. þessu frv., að eftir 1. desember verði hætt að reikna út kaupgjaldsvísitölu og fellt verði úr lögum ákvæði um vísitölubætur umfram það, sem ákveðið verður 1. desember. Frumv. gerir þó ráð fyrir, að stéttarfélög og vinnuveitendur geti gert samninga um breytingar á kaupi og einnig um vísitöluuppbætur á kaupgreiðslur.

Frumvarpið miðar því í þá átt, að tekin verði upp sömu vinnubrögð af hálfu ríkisstjórnarinnar varðandi kaupgjaldsmál og hún tók upp í upphafi viðreisnarinnar árið 1960, þegar hún beitti sér fyrir, að bannað var með lögum, að launagreiðslur væru bundnar við verðlagsvísitölu.

Afleiðingar þeirrar stefnu urðu fyrst þær, að kaupmáttur launa fór síminnkandi, en síðar upphófust miklar vinnudeilur og framleiðslustöðvanir.

Á miðju ári 1964 var svo komið, að verðlag í landinu hafði hækkað um 87% frá febr. 1960, og viðurkenndi ríkisstjórnin þá loksins, að kauplækkunarstefna hennar og bannið við vísitöluuppbótum á laun fengi ekki staðizt.

Það má því furðulegt teljast, að ríkisstjórnin skuli enn á ný reyna að taka upp sömu stefnu í kaupgjaldsmálum og í upphafi viðreisnar, svo hörmulega sem sú stefna reyndist í framkvæmd.

Minni hl. fjárhagsnefndar er algerlega andvígur þessu frumv. og vill fella það, fáist ekki á því mjög verulegar breytingar.

Minni hl. flytur nokkrar breytingartill. við frv. á sérstöku þingskjali. Meginefni þeirra er það, að upp verði tekin í frv. ákvæðin um vísitölubætur á laun og lífeyrisgreiðslur úr lögunum um verðtryggingu launa frá 1964.

Alþingi, 27. nóv. 1967.

Lúðvík Jósefsson, frsm. Jón Kjartansson. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Nd. 92. Breytingartillögur [65. mál]

við frv. til laga um verðlagsuppbót á laun og um vísitölu framfærslukostnaðar.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (LJós, JK, VH).

1. Við 1. gr.
   A. Síðasti málsliður 1. gr. falli niður.
   B. Við greinina bætist ný málsgrein:
      Frá 1. des. 1967 skulu lögboðnar bætur lífeyristrygginga samkv. lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, og síðari breytingum á þeim lögum hækka um 7% umfram bætur samkvæmt 1. málsgrein. Hækkun fjölskyldubóta skal þó bundin við bætur vegna barna umfram eitt í hverri fjölskyldu.
2. Á eftir 2. gr. komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:
   A. (3. gr.) Greiða skal verðlagsuppbót á laun og aðrar greiðslur fyrir unnin störf samkvæmt nánari fyrirmælum þessara laga. Sama gildir um bætur greiddar í peningum samkvæmt lögum nr. 40/1963, um almannatryggingar, með áorðnum breytingum bótaupphæða, svo og um bætur samkvæmt lögum nr. 29/1956, um atvinnuleysistryggingar. Enn fremur skal greiða verðlagsuppbót á greiðslur til einstaklinga á 18. gr. fjárlaga og á lífeyri úr lífeyrissjóðum, sem ríkissjóður sjálfur eða ríkisfyrirtæki greiða iðgjöld til. Skal hlutaðeigandi lífeyrissjóður greiða verðlagsuppbótina gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá stofnunum þeim, er lífeyrisþegi tók laun sín hjá. Verðlagsuppbót greiðist ekki á lífeyrisgreiðslur, er sjálfkrafa fylgja breytingum launa, sem verðtryggð eru samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

Fyrirmæli þessara laga taka til kauptrygginga bátasjómanna og til vinnulauna, sem greidd eru samkvæmt uppmælingar- og öðrum ákvæðisvinnutöxtum, enda séu þeir ákveðnir í kjarasamningum stéttarfélags, sem í hlut á, eða miðaðir við kjarasamninga sömu starfsgreina annars staðar.

Fyrirmæli þessara laga taka ekki til launa, sem greidd eru í öðru en peningum, og ekki heldur til fjárhæða, sem launþegar fá greiddar vegna útgjalda, sem fylgja starfi þeirra. Sama gildir um laun, sem ákveðin eru sem hundraðshluti af afurðaverði, veltu eða öðru verðmæti.

B. (4. gr.) Kauplagsnefnd skal reikna kaupgreiðsluvísitölu eftir vísitölu framfærslukostnaðar samkvæmt 2. gr., þó á þann hátt, að miðað sé við útgjöld launþega til kaupa á vörum og þjónustu, sbr. 1. gr.

Kaupgreiðsluvísitala sú, er um ræðir í fyrri málsgr. þessarar gr., reiknast eftir vísitölu framfærslukostnaðar 1. nóvember, 1. febrúar, 1. maí og 1. ágúst og gildir við ákvörðun verðlagsuppbótar á laun næstu þrjá mánuði, frá byrjun næsta mánaðar eftir að hún var reiknuð, í fyrsta sinn frá 1. marz 1968.

C. (5. gr.) Vinnuliðir verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara skulu hækka eða lækka samkvæmt breytingum vísitölu eftir sömu reglum og um ræðir í 2. og 4. gr., og afurðaverð til bænda breytast um leið til samræmis. Þó skal slík breyting á vinnuliðum verðlagsgrundvallar ekki eiga sér stað, nema samkvæmt ósk fulltrúa framleiðenda eða fulltrúa neytenda í sexmannanefnd.

Nd. 93. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um verðlagsmál nr. 54 frá 14. júní 1960.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 27. nóv. 1967.

Guðl. Gíslason, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Gunnar Gíslason.

Axel Jónsson.

Nd. 94. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um verðlagsmál nr. 54 frá 14. júní 1960.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn, stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í nefndinni, vill samþ. frumv. óbreytt, en minni hl. vill gera þá breytingu, að ákveðið sé, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja megi tilnefna einn mann í verðlagsnefndina, en Alþýðusambandið tilnefni þá 3 menn í stað fjögurra, sem gert er ráð fyrir í framvarpinu.

Alþingi, 27. nóv. 1967.

Lúðvík Jósefsson, frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson. Jón Kjartansson.

Nd. **95. Breytingartillaga** [65. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um verðlagsmál nr. 54 frá 14. júní 1960.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (LJós, VH, JK).

Við 1. gr. Í stað orðanna „4 nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands“ komi: 3 nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Ed. **96. Nefndarálit** [19. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um lögræði, nr. 95 5. júní 1947.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað framvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 25. nóv. 1967.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Björn Fr. Björnsson.	Auður Auðuns.
Karl Guðjónsson.	Sveinn Guðmundsson.	Geir Hallgrímsson.
	Einar Ágústsson.	

Ed. **97. Nefndarálit** [21. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 39 27. júní 1921.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað framvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 25. nóv. 1967.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Björn Fr. Björnsson.	Auður Auðuns.
Karl Guðjónsson.	Sveinn Guðmundsson.	Geir Hallgrímsson.
	Einar Ágústsson.	

Ed. **98. Nefndarálit** [65. mál]

um frv. til l. um verðlagsuppbót á laun og um vísitölu framfærslukostnaðar.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Í frumv. er lagt til, að eftir 1. des. n. k. verði hætt að reikna út kaupgjaldsvísitölu og ákvæði um vísitölubætur umfram það, sem ákveðið verður 1. des., úr lögum felld.

Það er skoðun minni hlutans, að þessi breyting leiði til:
1. Ófriðar á vinnumarkaði, sem sé báðum aðilum hans skaðlegur og þjóðinni hættulegur.
2. Að aðhald stjórnarvalda og atvinnurekenda verði stórum minna en verið hefur.

Minni hl. flytur á sérstöku þingskjali tvær brtt. Nái þær ekki samþykki, munum við undirritaðir greiða atkv. gegn frumvarpinu.

Alþingi, 28. nóv. 1967.

Bjarni Guðbjörnsson, frsm. Björn Jónsson. Einar Ágústsson.

Ed. 99. Breytingartillögur [65. mál]

við frv. til laga um verðlagsuppbót á laun og um vísitölu framfærslukostnaðar.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (BGuðbj, BJ, EÁ).

1. Við 1. gr.
   A. Síðasti málsliður 1. gr. falli niður.
   B. Við greinina bætist ný málsgrein:
   Frá 1. des. 1967 skulu lögboðnar bætur lífeyristrygginga samkv. lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, og síðari breytingum á þeim lögum hækka um 7% umfram bætur samkvæmt 1. málsgrein. Hækkun fjölskyldubóta skal þó bundin við bætur vegna barna umfram eitt í hverri fjölskyldu.
2. Á eftir 2. gr. komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:
   A. (3. gr.) Greiða skal verðlagsuppbót á laun og aðrar greiðslur fyrir unnin störf samkvæmt nánari fyrirmælum þessara laga. Sama gildir um bætur greiddar í peningum samkvæmt lögum nr. 40/1963, um almannatryggingar, með áorðnum breytingum bótaupphæða, svo og um bætur samkvæmt lögum nr. 29/1956, um atvinnuleysistryggingar. Enn fremur skal greiða verðlagsuppbót á greiðslur til einstaklinga á 18. gr. fjárlaga og á lífeyri úr lífeyrissjóðum, sem ríkissjóður sjálfur eða ríkisfyrirtæki greiða iðgjöld til. Skal hlutaðeigandi lífeyrissjóður greiða verðlagsuppbótina gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá stofnunum þeim, er lífeyrisþegi tók laun sín hjá. Verðlagsuppbót greiðist ekki á lífeyrisgreiðslur, er sjálfkrafa fylgja breytingum launa, sem verðtryggð eru samkvæmt fyrirmælum þessara laga.
   Fyrirmæli þessara laga taka til kauptrygginga bátasjómanna og til vinnulauna, sem greidd eru samkvæmt uppmælingar- og öðrum ákvæðisvinnutöxtum, enda séu þeir ákveðnir í kjarasamningum stéttarfélags, sem í hlut á, eða miðaðir við kjarasamninga sömu starfsgreina annars staðar.
   Fyrirmæli þessara laga taka ekki til launa, sem greidd eru í öðru en peningum, og ekki heldur til fjárhæða, sem launþegar fá greiddar vegna útgjalda, sem fylgja starfi þeirra. Sama gildir um laun, sem ákveðin eru sem hundraðshluti af afurðaverði, veltu eða öðru verðmæti.
   B. (4. gr.) Kauplagsnefnd skal reikna kaupgreiðsluvísitölu eftir vísitölu framfærslukostnaðar samkvæmt 2. gr., þó á þann hátt, að miðað sé við útgjöld launþega til kaupa á vörum og þjónustu, sbr. 1. gr.
   Kaupgreiðsluvísitala sú, er um ræðir í fyrri málsgr. þessarar gr., reiknast eftir vísitölu framfærslukostnaðar 1. nóvember, 1. febrúar, 1. maí og 1. ágúst og gildir við ákvörðun verðlagsuppbótar á laun næstu þrjá mánuði, frá byrjun næsta mánaðar eftir að hún var reiknuð, í fyrsta sinn frá 1. marz 1968.
   C. (5. gr.) Vinnuliðir verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara skulu hækka eða lækka samkvæmt breytingum vísitölu eftir sömu reglum og um ræðir í 2. og

4. gr., og afurðaverð til bænda breytast um leið til samræmis. Þó skal slík breyting á vinnuliðum verðlagsgrundvallar ekki eiga sér stað, nema samkvæmt ósk fulltrúa framleiðenda eða fulltrúa neytenda í sexmannanefnd.

Ed. 100. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og mælir með samþykkt þess með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðanna „4 nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands“ komi: 3 nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Alþingi, 28. nóv. 1967.

Geir Hallgrímsson, form. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr., frsm. Pétur Benediktsson.
Bjarni Guðbjörnsson. Einar Ágústsson. Björn Jónsson.
Sveinn Guðmundsson.

Ed. 101. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til l. um verðlagsuppbót á laun og um vísitölu framfærslukostnaðar.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa frumvarps. Leggur meiri hlutinn til, að það verði samþykkt óbreytt eins og hv. Nd. gekk frá því.
Minni hlutinn mun skila sérstöku nefndaráliti.

Alþingi, 28. nóv. 1967.

Geir Hallgrímsson, form. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Pétur Benediktsson, frsm.
Sveinn Guðmundsson.

Ed. 102. Frumvarp til laga [66. mál]

um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

(Eftir 2. umr. í Ed., 28. nóv.)

1. gr.

Aftan við lögin komi ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

Til ársloka 1968 fer níu manna nefnd, verðlagsnefnd, með verðlagsákvarðanir. 3 nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands,

1 samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, 2 samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og 1 samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga. Níundi nefndarmaðurinn er ráðuneytisstjórinn í viðskiptamálaráðuneytinu, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Hver nefndarmanna skal tilnefna varamann, er taki sæti í forföllum hans. Viðskiptamálaráðherra skipar nefndina, og fellur jafnframt niður umboð núverandi verðlagsnefndar.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar. Verði atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 103. Lög [46. mál]

um breyting á lögum nr. 101 8. des. 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 28. nóv.)

Samhljóða þskj. 48.

Ed. 104. Lög [65. mál]

um verðlagsuppbót á laun og um vísitölu framfærslukostnaðar.

(Afgreidd frá Ed. 28. nóv.)

Samhljóða þskj. 83.

Nd. 105. Lög [66. mál]

um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

(Afgreidd frá Nd. 28. nóv.)

Samhljóða þskj. 102.

Ed. 106. Frumvarp til laga [67. mál]

um bókhald.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

I. KAFLI
Bókhaldsskylda.

1. gr.

Bókhaldsskyldir eru allir þeir, sem taldir eru í 2. gr. þessara laga.

2. gr.

A. 1. Hlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð.
2. Gagnkvæm tryggingafélög, samvinnufélög og önnur félög með breytilegum höfuðstól og breytilegri félagatölu, sem hafa það markmið að efla hag félagsmanna eftir þáttöku þeirra í starfsemi félagsins.
3. Sameignarfélög og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna.

4. Bankar og sparisjóðir.
5. Félög, sjóðir og stofnanir, sem hafa á hendi fjáröflun, fjárvörzlu eða rekstur, svo sem lífeyrissjóðir, stéttarfélög, íþróttafélög, líknarstofnanir, minningar- og styrktarsjóðir.

B. Einstaklingar, sem í atvinnuskyni reka eftirgreinda starfsemi:

1. Verzlun, þar með talin lyfjaverzlun.
2. Byggingarstarfsemi og önnur mannvirkjagerð, svo og alls konar verktakastarfsemi, þar með talið viðhald og viðgerðir mannvirkja.
3. Námarekstur, vinnsla og sala jarðefna svo sem malarnám.
4. Framleiðsla, sala og dreifing vatns og orku.
5. Bóka-, blaða- og tímaritaútgáfa.
6. Skólar.
7. Sjúkrahús, elliheimili, heilsuhæli o. þ. h. stofnanir.
8. Umsýslustarfsemi svo sem fasteigna-, skipa- og bílasala, vöru- og skipamiðlun, afgreiðsla skipa og annarra farartækja, rekstur ferðaskrifstofa, kauphallir og uppboðsmarkaðir.
9. Málflutningur og önnur lögmannsstörf.
10. Sala verðbréfa og peningaútlán.
11. Útleiga á fasteignum og lausafé.
12. Skemmtistarfsemi hvers konar svo sem t. d. kvikmyndahús, leikhús, hljómsveitir og miðlun skemmtikrafta.
13. Iðnaður og iðja, þar með talin viðgerðarstarfsemi.
14. Útgerð til veiða, verkun sjávarafla og fiskirækt.
15. Vinnsla landbúnaðarafurða. Búrekstur, þar sem afurðirnar eru að meiri hluta seldar beint til smásala eða neytenda.
16. Fólks- og vöruflutningar.
17. Veitinga- og gistihúsarekstur.
18. Læknar, tannlæknar, tannsmiðir og dýralæknar.
19. Þjónustustarfsemi svo sem starfsemi húsameistara, verkfræðinga, endurskoðenda, dómtúlka og skjalaþýðenda, bókhaldsskrifstofur, auglýsingastofur, teiknistofur, fjölritunar- og vélritunarstofur, þvottahús og efnalaugar, ljósmyndastofur, rakarastofur, baðhús, nuddstofur og snyrtistofur, björgunarstarfsemi og þjónustustarfsemi ótalin annars staðar.

3. gr.

Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru skv. 2. gr., skulu halda tvíhliða bókhald, nema sérstök undantekning sé gerð.

Undanþegnir skyldu til að halda tvíhliða bókhald eru þeir einstaklingar, sem taldir eru í 2. gr. B-lið 13.—19. tölulið, ef þeir við starfsemi sína nota ekki meira aðkeypt vinnuafl en sem svarar 52 vinnuvikum á ári.

Sé aðili skyldur til að halda tvíhliða bókhald vegna einhvers þáttar starfsemi sinnar, skal það gilda fyrir allan atvinnureksturinn.

4. gr.

Bókhaldsskyldir aðilar skulu haga bókhaldi sínu og semja ársreikninga í samræmi við reglur þessara laga og góða bókhalds- og reikningsskilavenju.

Stjórnendur þeirra félaga og stofnana, sem um ræðir í A-lið 2. gr., og þeir, sem ábyrgð bera á starfsemi skv. B-lið sömu greinar, skulu sjá um, að ákvæðum þessara laga verði fullnægt.

II. KAFLI
Bókhaldið.

5. gr.

Bókhaldið skal veita svo sundurliðaðar upplýsingar um rekstur og efnahag eins og þarfir eigenda, lánardrottna og hins opinbera krefjast.

Bókhaldinu skal haga svo að rekja megi viðskiptin og notkun fjármunanna.

Þeir aðilar, sem skyldir eru að halda tvíhliða bókhald, skulu færa bækur þær, sem nú verða taldar:

1. Sjóðbók, fyrir inn- og útborganir úr sjóði.
2. Dagbók, fyrir öll önnur viðskipti.
3. Viðskiptamannabók.
4. Aðalbók.
5. Efnahagsbók.

Leyfilegt er að sameina sjóðbók og dagbók, sem nefnist þá sjóðdagbók. Einnig er heimilt að sameina aðalbók og efnahagsbók.

Þeir aðilar, sem undanþegnir eru skyldu til að halda tvíhliða bókhald samkv. 2. mgr. 3. gr., skulu færa eftirtaldar bækur:

1. Sjóðbók fyrir inn- og útborganir úr sjóði og bankareikningum.
2. Viðskiptamannabók.
3. Sundurliðunar- og efnahagsbók.

Auk þeirra bóka, sem að framan eru taldar, skal færa þær bækur, sem í hverju tilfelli er eðlilegt með tilliti til tegundar og stærðar starfseminnar.

Sjóðbók, sjóðdagbók, aðalbók og efnahagsbók skulu vera fyrirfram innbundnar og tölusettar. Efnahagsbók skal vera löggilt. Færi aðili bæði sjóðbók og sjóðdagbók, má hin síðarnefnda vera lausblaðabók.

6. gr.

Bókhaldsskyldum aðilum er heimilt að nota laus kort eða blöð eða önnur hjálpargögn í stað innbundinna bóka skv. 5. gr. Þetta er þó því skilyrði bundið, að gögn þessi séu hluti af skipulegu og öruggu kerfi. Þó skulu sjóðbók og efnahagsbók vera fyrirfram innbundnar og tölusettar.

Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um notkun á slíkum bókhaldsgögnum.

7. gr.

Í sjóðbók skal færa allar sjóðgreiðslur. Hver greiðsla færist sérstaklega. Þó er leyfilegt að færa í einu lagi fjárhæðir þær, er inn koma daglega vegna sölu gegn staðgreiðslu. Enn fremur er leyfilegt að færa undirbækur yfir sjóðgreiðslur, enda sé færslu þeirra hagað á sama hátt og sjálfrar sjóðbókarinnar. Skylt er að færa niðurstöðutölur undirbókanna daglega í sjálfa sjóðbókina, og sé í henni vísað til undirbókanna til sönnunar færslunum.

Enn fremur sé í sjóðbók vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum.

Undirbækur sjóðbókar mega vera lausblaðabækur.

8. gr.

Í viðskiptamannabók skal færður sérstakur reikningur yfir viðskipti við hvern viðskiptamann önnur en þau, sem hönd selur hendi. Í bókina skulu viðskipti þau, sem færð eru í frumbækur, skráð á sama hátt og þar eða samanlagðar fjárhæðir þær, sem úttekt eða innlegg hefur numið í hvert sinn.

Leyfilegt er að færa í viðskiptamannabókina samanlagðar fjárhæðir þær, sem úttekt hvers viðskiptamanns hefur numið um vikuna eða mánuðinn samkvæmt frumbókunum, sé um úttekt að ræða, sem samið er um að greiða skuli að fullu viku- eða mánaðarlega. Enn fremur er leyfilegt að færa sameiginlegan reikning í viðskiptamannabók fyrir alla þá viðskiptamenn, sem aðeins hafa slík viðskipti.

Við færslu í viðskiptamannabók sé ætíð vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum.

9. gr.

Í hverju bókhaldi skal færa þá yfirlitsreikninga, sem eðlilegt er með tilliti til tegundar og stærðar starfseminnar.

Að jafnaði skal haga reikningaskipuninni þannig, að færðir séu hreinir eigna-, skulda-, gjalda- og teknareikningar.

Enn fremur skal, eftir því sem aðstæður leyfa, haga reikningaskipuninni þannig, að eðlilegt sjálfseftirlit skapist.

Skylt er þó alltaf að færa eftirgreinda yfirlitsreikninga:

1. Reikning(a), er sýni, hve mikið fé er lagt í byggingar, skip, áhöld og aðrar eignir, sem ætlaðar eru til stöðugrar notkunar við reksturinn.
2. Reikning(a), er sýni öll viðskipti (framlög og úttekt) eiganda (eigenda) við fyrirtækið í peningum og öðrum verðmætum.
3. Sjóðreikning.
4. Hvers konar viðskiptareikninga við banka og lánastofnanir svo sem reikninga, sem gefnar eru út ávísanir á, sparifjárreikninga og ábyrgðar- og geymslufjárreikninga.
5. Víxileignareikning.
6. Reikning yfir samþykkta víxla.
7. Viðskiptamannareikning.
8. Reikning(a), yfir keyptar vörur, hráefni, innlagðar afurðir o. s. frv.
9. Reikninga(a), yfir seldar vörur, afurðir og þjónustu o. s. frv.
10. Reikning(a), er sýni rekstrargjöld.
11. Aðra þá reikninga, sem í hverju einstöku dæmi eru eðlilegir samkvæmt góðri bókhaldsvenju.

10. gr.

Í bókhaldinu skal skrá viðskiptin jafnskjótt og þau fara fram, ef upplýsingar um þau kunna að glatast eða misfarast. Sjóðgreiðslur séu færðar daglega og á þann hátt, að auðvelt sé að sannprófa sjóðsbirgðir við bókhaldið.

11. gr.

Sjóðbók, sjóðdagbók og dagbók sé lokað mánaðarlega. Mánaðarniðurstöður hinna einstöku reikninga skulu færast í aðalbók.

Við gerð ársreikninga skal nákvæm og fullkomin lokun fara fram á bókhaldsbókunum.

Samræmi skal vera milli fjárhæðanna í ársreikningunum og í aðalbókinni.

Ákvæði þessarar greinar taka til bókhaldsgagna samkvæmt 6. gr. eftir því sem við á.

12. gr.

Þau útgjöld, sem færð eru í bækurnar, skulu vera samkvæmt áreiðanlegum og fullnægjandi skjölum. Það sama gildir um tekjur eftir því, sem við verður komið.

13. gr.

Í frumbækur séu færð öll viðskipti, önnur en þau, er hönd selur hendi daglega, jafnskjótt og þau fara fram. Í bækur þessar skal rita nöfn þeirra, er hafa afhent og móttekið peninga eða vöru, er hún var seld (= lánuð) eða keypt (= lögð inn), og sömuleiðis fyrir hvers reikning út er tekið eða lagt inn og enn fremur verð vörunnar.

Heimilt er að hafa í stað frumbóka laus reikningseyðublöð. Blöð frumbóka og laus reikningseyðublöð skulu vera fyrirfram tölusett í hlaupandi röð, enda sé ekki notað öruggara eftirlitskerfi.

Í verzlunarviðskiptum skal samrit af færslu frumbóka eða reiknings ætíð látið viðskiptavini í té í hvert sinn, er einhver viðskipti fara fram.

14. gr.

Vörutalningar skulu skráðar í þar til gerðar innbundnar eða heftar og fyrirfram tölusettar talningarbækur og undirritaðar af talningarmönnum.

Þeir aðilar, sem hafa öruggt reikningslegt eftirlit með vörubirgðum sínum, eru ekki bundnir af ákvæðum 1. mgr. þessarar gr., að því er snertir notkun innbundinna eða heftra talningarbóka.

15. gr.

Fylgiskjöl (færslugögn) með bókhaldinu skal tölusetja á reglubundinn hátt og til þeirra vísa við innfærslur þeirra í bókunum, og þau síðan geymd í réttri töluröð.

Enn fremur er hverjum bókhaldsskyldum aðila skylt að geyma í skipulegri röð öll bréf og símskeyti, er honum berast viðkomandi atvinnu hans, og ennfremur að halda eftir samriti af öllum þeim bréfum og símskeytum, er hann ritar og sendir öðrum viðkomandi atvinnunni, og geyma eftir sömu reglum.

16. gr.

Allar þær bækur, sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum, ásamt fylgiskjölum, svo og bréf þau og símskeyti, samrit bréfa og símskeyta, sem um ræðir í næstu grein hér á undan, séu geymd í 7 ár frá því síðast er ritað í bækurnar, og bréfin eða símskeytin móttekin eða send. Efnahagsbók skal þó varðveita í 25 ár.

17. gr.

Eigi má rita í bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, aðrar en frumbækur, með blýanti. Eigi má heldur skafa út eða gera á annan hátt ólæsilegt það, sem eitt sinn hefur verið í þær skráð, né rita ofan í skriftina, þótt fyrst hafi misritast af vangá. Þurfi að gera breytingu á því, sem eitt sinn hefur verið ritað, skal það leiðrétt með annarri færslu, eða strikað yfir rangfærsluna án þess að ólæsilegt verði.

Eigi má rífa eða á annan hátt losa blöð úr þeim innbundnu bókum, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum.

III. KAFLI
Ársreikningar.

18. gr.

Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skulu gera efnahags- og rekstrarreikning einu sinni á hverju reikningsári. Reikningsárið skal vera 12 mánuðir.

Reikningarnir séu fullgerðir og undirskrifaðir ekki síðar en 5 mánuðum eftir lok reikningsársins.

Reikningarnir skulu færðir inn í efnahagsbókina. Þeir séu undirritaðir af þeim, sem ábyrgð bera á bókhaldinu, sbr. 2. málsgr. 4. gr. hér að framan.

Hafi einhver, sem skyldur er til að undirrita ársreikningana mótbárur fram að færa gegn þeim, þá skal hann undirrita þá með árituðum fyrirvara. Koma skal fram, hvers eðlis fyrirvarinn er, og færa skal greinargerð um hann í efnahagsbókina.

19. gr.

Á efnahagsreikningi séu tilfærðar allar eignir og skuldir hlutaðeiganda, eins og þær eru í lok reikningsársins. Þannig skal reikningurinn t. d. sýna raunverulega stöðu sjóðs, banka, skuldunauta og lánardrottna í lok reikningsársins.

Krafizt er eftirfarandi lágmarkssundurliðunar á efnahagsreikningnum:

Sjóðseign.
Innstæður í bönkum og sparisjóðum.
Víxileignir.
Skuldir viðskiptamanna.
Birgðir fullunninna vara.
Birgðir hráefna og vara í vinnslu.
Aðrar vörubirgðir.
Fyrirframgreiddar vörur.
Fyrirframgreidd gjöld.
Skuldir hjá dótturfyrirtækjum.
Skuldabréfaeign.
Hlutabréfaeign.
Hlutabréf í dótturfyrirtækjum.
Eigin hlutabréf.
Fasteignir.
Fasteignir í smíðum.
Skip og flugvélar.
Vélar og áhöld.
Bifreiðar, flutninga- og farartæki.
Einkaleyfi o. þ. h. réttindi.
Skuldir á reikningum í bönkum og sparisjóðum.
Samþykktir víxlar.
Inneignir viðskiptamanna.
Inneignir dótturfyrirtækja.
Veðskuldir.
Önnur föst lán.
Hlutafé.
Óinnborguð hlutafjárloforð.
Varasjóðir.
Annað eigið fé.

20. gr.

Á rekstrarreikningi skal sýna heildartekjur og heildargjöld þannig sundurliðað, að reikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomunni á reikningsárinu.

Krafizt er eftirfarandi lágmarksundurliðunar á rekstrarreikningnum:

Sölutekjur af aðalstarfsemi, vöru og/eða efniseyðsla séu, eftir því sem hægt er, sundurliðaðar eftir atvinnugreinum, t. d. heildverzlun, smásöluverzlun, iðnaður, útgerð fiskiskipa, útgerð annarra skipa o. s. frv.

Tekjur af aukastarfsemi, svo sem arður af hlutabréfum, vaxtatekjur, leigutekjur o. þ. h.

Óvenjulegar tekjur, sem kunna að vera færðar í rekstrarreikninginn, svo sem hagnaður af sölu eigna o. þ. h.

Launagjöld.
Vaxtagjöld.
Afskriftir.
Skattar.

Óvenjuleg gjöld, sem kunna að vera færð í rekstrarreikninginn, svo sem halli af sölu eigna, eignatöp o. þ. h.

Önnur rekstrargjöld skal sundurliða í samræmi við góða reikningsskilavenju.

21. gr.

Í efnahagsreikningi ber að tilfæra eignir með þeirri fjárhæð, er raunverulega svarar til verðmætis þeirra. Þó ber að jafnaði að tilfæra fasteignir, skip, vélar, áhöld og aðrar eignir, sem ætlaðar eru til stöðugrar notkunar við reksturinn, með kostnaðarverði að frádregnum hæfilegum árlegum afskriftum fyrir fyrningu og sliti. Sé frá þessu vikið skulu reikningarnir bera það greinilega með sér. Hafi verðrýrnun átt sér stað á eignum umfram venjulega afskrift, ber að lækka þær í verði tilsvarandi.

Vörubirgðir má eigi telja á hærra verði en innkaupsverði eða framleiðsluverði. Þær má eigi heldur telja á hærra verði en söluverði vörunnar fullframleiddrar á reikningsskiladegi að frádregnum væntanlegum viðbótarframleiðslu- og sölukostnaði.

Séu gerðar meiri háttar breytingar á reglum um mat birgða og fyrningu fastafjármuna miðað við síðasta efnahagsreikning, skulu ársreikningarnir bera það greinilega með sér.

Verðbréf og útistandandi skuldir má aldrei telja á hærra verði en ætla má, að fyrir þær fáist.

22. gr.

Í ársreikningum skal koma fram aukning og lækkun, sem orðið hefur á fasteignum, skipum, vélum og áhöldum á reikningsárinu auk heildarafskrifta þeirra.

Sé til opinbert mat (fasteignamat, brunabótabat) á eignunum, skal það upplýst í reikningnum.

Tilfæra skal nafnverð hlutabréfa.

Í ársreikningum skulu koma fram samandregnar hreyfingar á eiginfjárreikningum.

Efnahagsreikningi fylgi greinargerð um allar veðsetningar á eigum hlutaðeiganda, að svo miklu leyti, sem greindur reikningur ber slíkt ekki með sér, enn fremur allar ábyrgðir, er hann hefur tekizt á hendur fyrir aðra.

Efnahagsreikningurinn skal bera það með sér, hvort viðkomandi eignir og skuldir eru háðar gengisáhættu eða verðtryggingu.

23. gr.

Hafi orðið almenn og veruleg verðbreyting fasteigna, skipa, véla, áhalda og annarra eigna, sem ætlaðar eru til stöðugrar notkunar í rekstrinum, frá því að þeirra var aflað, er heimilt að endurmeta þær til samræmis við verðbreytingu slíkra eigna, metna á almennan og viðurkenndan mælikvarða. Skal upphaflegt kostnaðarverðmæti og heildarafskrift metin með samsvarandi hætti. Við endurmatið skal hafa sérstaka hliðsjón af því, að bókfært verðmæti eigna verði ekki hærra en svari til raunverulegs verðmætis þeirra.

Hafi orðið almenn og veruleg breyting kostnaðarverðs aðfenginna vara eða framleiðsluvara fyrirtækis, svo sem vegna breytinga gengis eða kaupgjalds, er heimilt að endurmeta vörubirgðir, enda sé gætt sömu meginreglna og getur í 1. mgr.

Lán, sem háð eru verðtryggingu, þ. m. t. gengistryggingu, skulu endurmetin í heild sinni til samræmis við verðgildi þeirra við lok reikningsárs.

Endurmat færist á sérstakan endurmatsreikning, er sé hliðstæða rekstrarreiknings, en ekki sem tekjur eða gjöld á rekstrarreikningi.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um endurmat.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

24. gr.

Ráðherra mælin fyrir um nánari framkvæmd þessara laga með reglugerð, þar á meðal um staðlað bókhaldsskipulag fyrir ákveðnar atvinnugreinar að höfðu samráði við þær, löggildingu bóka, eftirlit og sektir fyrir brot á reglugerðinni.

24. gr.

Ákvæði þessara laga gilda, svo framarlega sem annað leiði ekki af sérstökum lögum eða reglum settum samkvæmt þeim.

26. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum skal refsað samkvæmt ákvæðum í almennum hegningarlögum.

27. gr.

Lög þessi skulu öðlast þegar gildi og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 62, frá 1938.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núgildandi ákvæði um bókhald er að finna í lögum nr. 62 frá 1938. Á þeim tæpu 30 árum, sem liðin eru, síðan lög þessi voru sett, hafa orðið svo stórfelldar breytingar á atvinnuháttum hér á landi, að æskilegt er að færa lögin til meira samræmis við þessar breyttu aðstæður. Á sama tíma hafa hugmyndir manna um hlutverk bókhalds og reikningsskila einnig breytzt verulega. Aukin og breytt skattheimta gerir sífellt meiri kröfur til upplýsinga um rekstur fyrirtækja. Meiri hagskýrslugerð og viðtækari afskipti hins opinbera af atvinnulífinu stefna einnig í sömu átt. Enn fremur koma hér til þarfir lánardrottna og annarra fjármagnseigenda í atvinnurekstrinum fyrir öruggar upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu fyrirtækjanna. Þau hafa stækkað og verður því sífellt erfiðara fyrir þá, sem utan þeirra standa, að gera sér grein fyrir ástæðum þeirra.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er samið af sérstakri nefnd, að tilhlutan fjármálaráðuneytisins. Í nefndina voru tilnefndir Guðmundur Skaftason, skattrannsóknastjóri, formaður, Bjarni Bragi Jónsson, deildarstjóri í Efnahagsstofnuninni, Guðlaugur Þorvaldsson, ráðuneytisstjóri, Sigurður Stefánsson, löggiltur endurskoðandi, og Þorvarður Elíasson, fulltrúi hjá Kjararannsóknanefnd. Að stofni til er frumvarpið úr lögum um bókhald nr. 62 frá 1938. Við samningu frumvarpsins hefur verið höfð hliðsjón af frumvarpi til norskra bókhaldslaga svo og dönskum bókhaldslögum.

Þau atriði, sem nánar er kveðið á um í frumvarpinu en í gildandi lögum, og helztu nýmæli eru:

1. Nánar er til tekið en áður, hverjir skuli vera bókhaldsskyldir.
2. Gert er ráð fyrir skyldu ýmissa smáatvinnurekenda til að færa einhliða bókhald.
3. Sett er sú meginregla, að kröfur til bókhalds skuli í hverju tilfelli miða við það, sem telst góð bókhalds- eða reikningsskilavenja.
4. Skýrgreint er við hvaða þarfir skuli miða bókhaldið, og hvaða kröfur skuli gerðar til skýrleika þess.
5. Því aðeins er veitt heimild til að nota laus blöð og kort við bókhaldið, að þau séu hluti af öruggu og skipulegu kerfi. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um notkun slíkra bókhaldsgagna og þá einkum til að tryggja öryggi reikningsfærslunnar.

6. Sett eru ný ákvæði um birgðatalningabækur og nánari reglur um frumbækur.
7. Ákvæðin um gerð ársreikninga og eignamat eru að verulegu leyti ný.
8. Ráðherra er veitt heimild til þess að setja með reglugerð fyrirmæli um framkvæmd laganna og þar með talið að fyrirskipa staðlað bókhaldsskipulag fyrir ákveðnar atvinnugreinar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Í annarri grein frumvarpsins eru ákvæði um það, hverjir skuli vera bókhaldsskyldir. Greinin er samin með það í huga að kveða nánar á um bókhaldsskylduna en gert er í gildandi lögum. Til þess að kveða á um skylduna hefur verið farin sama leið og í gildandi lögum og þeim norrænu lögum, sem vitnað var til hér að framan, að telja upp í meginatriðum hina bókhaldsskyldu aðila. Hafa verður í huga, að slík upptalning verður aldrei tæmandi. Vafatilvik ber að skýra út frá þeim meginsjónarmiðum, sem skyldan byggist á. Í stuttu máli má segja, að bókhaldsskyldir séu allir þeir, sem sjálfstæðan atvinnurekstur stunda að undanskyldum bændum. Enn fremur er lagt til, að þeir skuli yfirleitt vera bókhaldsskyldir, sem hafa undir höndum eða fara með annarra fé.

Ætlazt er til, að A-liður greinarinnar taki til alls atvinnurekstrar, sem rekinn er í félagaformi. Undir 5. tl. A-liðar eru talin ýmis félög, sjóðir og stofnanir, sem ekki reka atvinnu í eiginlegum skilningi.

Mörg þessara félaga eða stofnana hafa þó undir höndum mikla fjármuni. Hefur því þótt rétt að kveða á um bókhaldsskyldu þessara aðila, enda mjög óvíst, að um hana séu nokkur ákvæði í samþykktum eða lögum þeirra.

Ætlazt er til, að B-liður 2. gr. taki til allra einstaklinga, sem sjálfstæðan atvinnurekstur reka að bændum undanteknum. Reynt hefur verið að hafa upptalninguna það ítarlega, að ekki ætti að vera miklum vandkvæðum bundið að ákveða, hverjir falli undir B-liðinn.

Eins og leiðir af 15. tl. B-liðar eru bændur almennt ekki bókhaldsskyldir. Bókhaldskylda vegna búrekstrar miðast eingöngu við, að afurðir búsins séu að meiri hluta seldar beint til smásala eða neytenda. Víðtækari bókhaldsskylda er ekki talin hafa raunhæfa þýðingu.

Um 3. gr.

Hér er mælt fyrir um þá reglu, sem óbreytt er frá gildandi lögum, að allir bókhaldsskyldir skuli halda tvíhliða bókhald nema undantekning sé gerð. Rétt þykir að heimila einstaklingum í nokkrum atvinnugreinum að viðhafa einhliða skráningu á viðskiptum sínum. Heimildin er bundin því skilyrði, að viðkomandi aðili noti ekki meira aðkeypt vinnuafl við starfsemi sína en sem svarar 52 vinnuvikum á ári. Þótt hér sé í mörgum tilvikum um umfangslítinn atvinnurekstur að ræða, sem að mestu er undanþeginn allri skráningarskyldu eftir gildandi lögum, þykir þó rétt að leggja til, að þessum aðilum sé gert að skyldu að skrá hjá sér í ákveðnu formi tekjur sínar og gjöld, eignir sínar og skuldir. Hér er á það að líta, að margir þessara aðila selja þjónustu sína að meira eða minna leyti gegn staðgreiðslu og að jafnaði mörgum viðskiptavinum. Segja má því, að í þessu falli sé bókhaldsskyldan nauðsynleg, því að öðrum kosti væri þeim ekki unnt að rækja skýrslugjafir til hins opinbera t. d. í sambandi við skattheimtu.

Um 4. gr.

Vegna fjölbreytni fyrirtækjanna og stöðugrar þróunar er þess ekki að vænta, að unnt sé að setja í lögum reglur, sem leysa öll atriði varðandi bókhaldið og gerð ársreikninga. Því hefur hugtakið góð bókhalds- og reikningsskilavenja verið tekin

inn í frumvarp þetta. Frá því sjónarmiði ber að meta bókhald og ársreikninga. Reglurnar um lögskipaðar bækur og lögskipaða reikninga í frumvarpinu eru lágmarksreglur.

Segja má, að í hugtakinu góð bókhalds- og reikningsskilavenja felist einkum það, að bókhald sé haldið og reikningsskil gerð í samræmi við þau sjónarmið, sem á hverjum tíma eru almennt ráðandi hjá sérhæfðu og samvizkusömu fólki, sem að bókhaldi og reikningsskilum vinnur.

Í síðari málsgrein greinarinnar er svo fyrir mælt, að stjórnendur, þ. e. stjórn og framkvæmdarstjórn félaga og stofnana, sem ræðir um í A-lið 2. greinar, svo og þeim, er ábyrgð bera á starfsemi samkvæmt B-lið, skuli sjá um, að ákvæðum laganna sé framfylgt. Rétt þótti að setja þetta ákvæði berum orðum í frumvarpið, þó að það muni ekki fela í sér neina breytingu frá því, sem áður var.

Um 5. gr.

Í upphafi greinarinnar eru settar fram tvær reglur, sú fyrri mælir fyrir um það, við hvaða þarfir skuli miða bókhaldið. Hin síðari kveður á um, hvaða kröfur skuli gera til skýrleika þess. Þar sem reglur þessar lúta að meginatriðum í sambandi við bókhald, hefur þótt rétt að setja þær fram berum orðum í frumvarpinu.

Ákvæðin um lögskipaðar bækur skv. frumvarpsgreininni eru efnislega þau sömu og nú eru í lögum. Þó eru ný ákvæði um bækur þeirra, sem heimilt er að færa einhliða bókhald.

Um 6. gr.

Með þessari grein er gerð sú efnisbreyting frá gildandi lögum, að því aðeins er heimilt að nota við bókhald þau gögn, sem talin eru í greininni, að þau séu hluti af skipulegu og öruggu kerfi. Ákvæðið er sett í frumvarpið vegna þess, að nokkuð hefur þótt á það skorta, að nægilegt öryggi og regla væri viðhöfð í sambandi við notkun umræddra gagna. Því þykir rétt að binda heimildina til að halda slíkt lausblaðabókhald þessu skilyrði. Reglur þær, sem ætlað er að tryggja öryggi bókhaldsins, þykja fremur eiga heima í reglugerð en lögum.

Ákvæðið í greininni um að halda innbundna sjóðbók er ekki því til fyrirstöðu, að skrá megi sjóðgreiðslurnar á vélrænan hátt. Slíkt mun þegar tíðkað í ýmsum fyrirtækjum með gjaldkeravélum. Í þeim tilvikum svarar vélin til undirbókar eða -bóka samkvæmt 7. gr., og nægilegt ætti að vera að færa niðurstöðutölurnar í sjóbókina á sama hátt og þar er ráð fyrir gert.

Um 7. og 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa. Eru að mestu samhljóða ákvæðum í gildandi lögum.

Um 9. gr.

Í upphafi greinarinnar eru settar þrjár almennar reglur um það, hvernig reikningaskipuninni skuli háttað. Enn fremur eru í greininni ítarlegri ákvæði en í gildandi lögum um lágmark þeirra yfirlitsreikninga, sem ætlazt er til að færðir verði.

Um 10. og 11. gr.

Þessar greinar skýra sig að mestu sjálfar. Í þeim eru ítarlegri ákvæði um færslu og lokun bókhaldsins en er að finna í gildandi lögum.

Um 12. gr.

Grein þessi er nýmæli. Eru hún sett til að leggja á það áherzlu, að nægjanlega sé séð fyrir skjölum til að byggja færslur á.

Um 13. gr.

Greinin er að mestu samhljóða ákvæðum gildandi laga. Þó er veitt heimild til að nota laus reikningseyðublöð í stað frumbóka. Enn fremur er að finna í greininni ákvæði um tölusetningu frumbóka og lausra reikningseyðublaða, nema annað fullnægjandi eftirlit sé viðhaft.

Um 14. gr.

Hér er það nýmæli upptekið, að lögbjóða notkun innbundinna og tölusettra vörutalningabóka sem aðalreglu.

Um 15., 16. og 17. gr.

Efnislega eru þessar greinar óbreyttar frá gildandi lögum að því undanskildu, að lagt er til að geymslutími bókhaldsgagna verði styttur úr 10 árum í 7 ár, en geymslutími efnahagsbókar lengdur úr 10 í 25 ár.

Um 18. gr.

Breytingar frá gildandi lögum eru þær, að ársreikningar þurfa ekki að vera fullgerðir og undirritaðir fyrr en fimm mánuðum eftir lok reikningsársins í stað fjögurra mánaða. Enn fremur eru ákvæði um það, hverjir skuli undirrita ársreikningana og hvernig skuli með fara, ef þeir hafa mótbárur fram að færa.

Um 19. gr.

Í greininni er það nýmæli, að mælt er fyrir um ákveðna lágmarkssundurliðun á efnahagsreikningnum. Enn fremur er sérstök áherzla á það lögð, að reikningurinn sýni raunverulega fjárhagsstöðu, eins og hún er við lok reikningsársins.

Um 20. gr.

Þessi grein er að mestu ný og mælir fyrir um ákveðna lágmarkssundurliðun á rekstrarreikningnum.

Um 21. gr.

Ekki er lagt til, að breytt verði þeirri meginreglu gildandi laga, að eignir, sem ætlaðar eru til stöðugra nota við atvinnurekstur, skuli að jafnaði tilfæra á efnahagsreikningi með kostnaðarverði að frádregnum hæfilegum árlegum afskriftum.

Ákvæði greinarinnar um mat vörubirgða eru ný. Rétt þótti að setja þau vegna hinnar miklu þýðingar, sem mat vörubirgða hefur í sambandi við reikningsskil.

Um 22. gr.

Í greininni eru tilfærð nokkur atriði, sem upplýsa ber um á efnahagsreikningi. Er hér um nýmæli að ræða að undanteknu ákvæðinu um greinargerð um veðsetningar og ábyrgðir. Enn fremur er það nýmæli, að skylt er að sýna helztu eignabreytingar í efnahagsreikningnum sjálfum eða sérstökum eignabreytingarreikningi.

Um 23. gr.

Verðlagsþróun undanfarinna áratuga hefur skert mjög gildi þeirra upplýsinga um verðmæti eigna, sem efnahagsreikningar hafa inni að halda. Hefur það leitt til þess, að mjög lítið er stuðzt við þessar upplýsingar, nema fyrirtæki eða eignir þeirra séu mjög ný af nálinni. Af þessari þróun hefur jafnframt leitt, að afskrifta-

upphæðir, byggðar á upphaflegu kostnaðarverðmæti, eru oft óraunhæfar. Má því búast við, að óskir komi fram um heimild til endurmats varanlegra fjármuna í rekstrinum.

Af opinberri hálfu hefur þetta sjónarmið hlotið nokkra viðurkenningu með heimild, sem veitt var til endurmats ýmissa eigna til skatts, en sú heimild var í gildi árin 1961—1963. Veigamesta ástæðan til þess að veita almenna, en þó varkára, heimild til endurmats, er þó sú, að tiltölulega almenn verðtrygging stofnlána hefur verið tekin í lög og mun koma til framkvæmda smám saman á næstu árum. Væri það mjög óeðlilegt, ef skuldirnar yrðu færðar upp til hærra verðgildis, en óheimilt væri að endurmeta mótsvarandi eignir með tilsvarandi hætti. Gæti uppgjör með þeim hætti leitt til neikvæðs höfuðstóls með þeim takmörkunum, er af því leiddi, enda þótt hann væri jákvæður að raunverulegu verðmæti, svo að verulegu næmi.

Lög um verðtryggingu lána gera ráð fyrir, að stuðzt sé við almennt viðurkennda, helzt opinbera mælikvarða á verðhækkun fastafjármuna. Til þess er ætlazt, að endurmat fjármunanna í bókhaldinu styðjist við sams konar mælikvarða, svo að fyllstu varúðar og samræmis sé gætt. En til frekari tryggingar ber að hafa hliðsjón af allri mögulegri vitneskju um verðmæti hinna endurmetnu eigna.

Enda þótt verðbreytingar framleiðsluvara, hrávara og annarra vara í rekstrinum séu að öllum jafnaði þess eðlis, að áhrif þeirra eigi að koma fram í rekstrarafkomunni, koma þó fyrir þau tilvik, að eðlilegt sé að framkvæma endurmat vörubirgða. En svo er, ef verðlagsbreytingar eru svo almennar og stórfelldar, að rekstrarráðstafanir sjálfs fyrirtækisins hafi hverfandi þýðingu í því sambandi. Með þessu heimildarákvæði er þó engin afstaða tekin til þess, hvort tekið skuli tillit til endurmatsins við álagningu skatta eða verðlagningu, heldur fer það eftir viðeigandi löggjöf og ákvörðun stjórnarvalda í hverju tilviki.

Á það skal bent, að samtök iðnaðar og verzlunar hafa í áliti sínu borið fram uppástungu um heimild til endurmats vörubirgða í slíkum tilvikum, sem hér er gert ráð fyrir.

Um 24. gr.

Ekki þykir verða hjá því komizt að veita ráðherra víðtæka heimild til þess að setja með reglugerð ýmis ákvæði varðandi framkvæmd laganna, þar á meðal staðlað bókhaldsskipulag hjá einstökum atvinnugreinum, löggildingu bóka og nánari fyrirmæli um, hvaða bækur og reikninga skuli halda, viðurlög o. s. frv.

Um 25. gr.

Ætlazt er til, að frumvarp þetta, ef að lögum verður, gildi sem almenn bókhaldslög. Þar sem til eru lög um bókhald einstakra aðila eða einstök bókhaldsmálefni, mundu þau að jafnaði ganga fyrir hinum almennu ákvæðum þessara laga á sínu sviði.

Um 26. gr.

Þar eð í hinum almennu hegningarlögum eru ákvæði um brot varðandi bókhald og reikningsskil, þykir ekki ástæða til að hafa sérstök refsiákvæði í frumvarpi þessu.

Um 27. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. **107. Frumvarp til laga** [68. mál]

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Flm.: Björn Pálsson.

1. gr.

Önnur málsgrein 1. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er ráðherra einnig að veita bátum, sem eru 40—100 lestir, leyfi til togveiða innan þeirra marka, sem ákveðin eru í reglugerð nr. 21 19. marz 1952, ef eftirfarandi skilyrði eru fyrir hendi:

a. Hafrannsóknastofnunin og Fiskifélag Íslands mæli með því að heimila togveiði og hafi gert tillögur um takmörkun veiðisvæða og tölu þeirra fiskibáta, sem veita á undanþágu.
b. Sveitarstjórnir eða bæjarstjórnir þeirra kauptúna eða kaupstaða, sem að veiðisvæðunum liggja, mæli með að veita slíkar undanþágur og lýsi yfir því, að vöntun sé á hráefni vegna atvinnuástands viðkomandi staða.
c. Að ákveðið sé, þegar bátum er veitt undanþágu til togveiða, hvar afli skuli lagður upp til vinnslu, og við það miðað, að verkun aflans fari fram þar, sem um atvinnuskort er að ræða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Árið 1958 var fiskveiðilandhelgin ákveðin 12 mílur frá grunnlínupunktum. Íslenzkum togveiðiskipum voru þó veittar nokkrar undanþágur til veiða innan 12 mílna línunnar á vissum árstímum og ákveðnum svæðum. Íslenzku togararnir virðast hafa hlýtt þessum reglum, en togbátar sunnanlands eigi til fulls.

Algengt var, að 50—100 lesta bátar stunduðu togveiðar, áður en fiskveiðilandhelgin var stækkuð, en mjög var það misjafnt eftir landshlutum. Fór það m. a. eftir botnlagi veiðisvæðanna og hve auðvelt var að afla fisks með öðrum veiðitækjum. Veiðisvæði togbáta voru einkum sunnan við land og norðan. Minni togbátar geta eigi veitt á miklu dýpi. Aðstaða þeirra varð því mun lakari við útfærslu landhelginnar. Þróunin hefur orðið sú, að norðanlands hefur veiði togbáta lagzt niður. Kostnaður við útgerð línubáta hefur farið vaxandi, og rekstur þeirra ber sig eigi. Nær ógerlegt hefur verið að fá nægan mannskap á línubáta. Veldur þar miklu um aukin síldveiði og fjölgun stórra síldveiðibáta. Færabátar stunda ekki veiðar nema tíma úr árinu, og afli þeirra er takmarkaður. Tilfinnanleg vöntun hefur því verið á fiskmagni til að fullnægja þörfum fiskvinnslustöðva og til úrbóta takmarkaðri atvinnu í kauptúnum og kaupstöðum norðanlands. Þessa hefur einkum gætt vestan til á Norðurlandi. Húsavík, Raufarhöfn og Þórshöfn liggja nær úthafinu en kauptúnin við Húnaflóa og Skagafjörð. Skemmra er á fiskimið og því auðveldara að afla fisks á minni báta. Vinna við verkun og vinnslu síldar hefur verið þeim mun meiri sem austar dregur. Sunnanlands stunda bátar togveiðar án þess að taka fullt tillit til þess, hvað lög og reglur mæla fyrir um. Virðist vera þegjandi samkomulag línu- og netabáta annars vegar og togbáta hins vegar, að þeir fyrr nefndu kæri eigi, en þeir síðari valdi eigi veiðarfæratjóni. Sunnanlands og vestan eru aðalhrygningarstöðvar fisksins og mikil veiði í marz og apríl. Út af Vestfjörðum eru mjög góð skilyrði til línuveiða, en óhentugt til togveiða fyrir minni báta. Kauptúnin á vesturhluta Norðurlands hafa því önnur og lakari skilyrði til fisköflunar en algengast er í öðrum landshlutum. Eina ráðið til úrbóta á þessum aðstöðumun er að opnun landhelginnar fyrir íslenzka togara leysir ekki rekstrarvandamál þeirra

að veita nokkrum bátum undanþágu til togveiða að einhverju leyti innan þeirra marka, sem ákveðin eru í reglugerð nr. 21 19. marz 1952. Sjálfsagt er að framkvæma slíka undanþágu í samráði við fiskifræðinga okkar og sveitar- eða bæjarstjórnir þeirra staða, sem útgerð viðkomandi báta er starfrækt frá. Rétt væri að ákveða tölu bátanna og þau veiðisvæði, sem heimilt væri að stunda togveiðar á innan landhelgi. Reynslan yrði svo að skera úr um það, hvað hagkvæmast væri í þessum efnum. Norðlendingar hafa eigi viljað brjóta fiskveiðilöggjöfina. Þess eiga þeir ekki að gjalda. Ég álít, að framtíð vissra kauptúna norðanlands sé að verulegu leyti undir því komin, að ráðstafanir í þá átt, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, verði gerðar sem fyrst. Munur á aðstöðu togbáta og línubáta er einkum þessi:

a. Hægt er að komast af með 5 manna áhöfn á togbát, en 11 menn vinna við línubát, sem er 50—100 lestir.
b. Veiðarfærakostnaður togbáta er mun minni og beitukostnaður enginn, en sá liður er nú mjög tilfinnanlegur.
c. Hægt er að stunda togveiðar 8—10 mánuði árlega norðanlands, en línuveiðar tæplega nema 3 mánuði með 50—100 tonna bátum. Afli verður því meiri og jafnari hjá togbátum.
d. Togbátar hafa mun meiri möguleika að bera sig fjárhagslega en línubátar. Jafnari afli veldur því, að hægt er að leita nýrra leiða til að auka verðmæti sjávaraflans.
e. Eina leiðin til að auka fiskafla verulega í kauptúnum og kaupstöðum á vesturhluta Norðurlands er að veita vissri tölu báta undanþágu til togveiða innan landhelgi vissa tíma á ákveðnum svæðum. Slík ráðstöfun, ef hagkvæm reynist, gæti því breytt aðstöðu þess fólks, sem þar býr.

Meiri fiskafli skapar aukna atvinnu og gerir fólksfjölgun mögulega. Því fylgir, að byggja þarf íbúðarhús. Verzlun, iðnaður og ýmiss konar þjónusta fer vaxandi. Að sjálfsögðu er æskilegast, ef bátum er veitt undanþága til togveiða, að þeir eigi heima og séu reknir frá viðkomandi stöðum. Aðstoða yrði efnilega sjómenn til að kaupa hentuga báta, gegn því að þeir starfræktu þá frá ákveðnum stöðum. Atvinnujöfnunarsjóður gæti gert mikið gagn í þeim efnum. Til mála gæti einnig komið að veita aðkomubátum undanþágu til togveiða, ef þeir legðu aflann upp til vinnslu þar, sem úrbóta væri þörf í atvinnumálum.

Skoðanir eru vafalaust skiptar um veiði togbáta innan landhelgi. Vitað er, að bátar sunnanlands hafa stundað togveiði að einhverju leyti innan landhelgi um árabil. Eigendur slíkra báta hafa verið sektaðir, en þær sektir hafa sjaldan eða aldrei verið innheimtar. Allir hljóta að vera sammála um, að gagnslítið og óskynsamlegt sé að hafa lög og reglur þannig, að þeir aðilar, sem löggjöfin snertir, þverbrjóti hana. Ef lögin eru þörf og viturleg, á að framfylgja þeim, séu þau óhagkvæm og óskynsamleg, á að breyta þeim. Hitt gefur auga leið, að sé skaðlaust, að tugir báta stundi togveiðar á aðalhrygnigarsvæðunum meiri hluta árs, hlýtur að vera óskaðlegt, að fáeinir bátar stundi togveiðar á grunnmiðum norðanlands, þar sem litlar hrygningarstöðvar eru. Ljóst er, að eigi bætir það sálarfrið eða siðgæði viðkomandi skipstjóra og útgerðarmanna að brjóta veiðireglur og eiga von á því á hverri stundu að vera staðnir að því. Slík vinnuskilyrði eru næsta óhagkvæm og ekki til þess fallin að auka aflamagnið. Það er því óverjandi af ríkisvaldinu að gera ekkert í þessum málum. Ég hef heyrt, að ástæðan fyrir aðgerðaleysinu sé að öðrum þræði sú, að ekki náist samkomulag um, hvort leyfa skuli stórum togurum frekari veiði en þeir hafa nú innan landhelgi. Sú ástæða ein er ekki næg afsökun, því að það mál er annars eðlis. Rekstur stærri togskipa er ástæðulaus, geti þau ekki sótt aflann á dýpri og fjarlægari mið en bátarnir. Ódýrara og hagkvæmara er að nota minni skip til fiskveiða á grunnmiðum. Togararnir selja oft aflann óunninn úr landi, en bátarnir leggja að jafnaði upp til vinnslu, enda er starfræksla bátanna undirstaða atvinnulífsins í flestum kauptúnum við sjóinn. Viðurkennt er,

nema að litlu leyti. Slík ráðstöfun mundi hins vegar gera hlut fiskibáta mun lakari. Þetta er sumum togaraeigendum ljóst, og einhuga eru þeir ekki. Guðmundur Jörundsson á og rekur einn stærsta togara landsins. Hann lýsti því yfir á fjölmennum fundi fyrir skömmu, að hann væri á móti því að opna landhelgi frekar en nú er gert fyrir stór togskip. Vafalaust fullnægja íslenzku togararnir ekki nútímakröfum að öllu leyti. Jafnhliða því, sem lagt væri út í að kaupa ný og fullkomin togskip, þarf að gæta þess, að þau geta ekki keppt við hliðstæð skip annarra þjóða, nema tryggt sé, að hægt sé að selja aflamagnið fyrir hliðstætt verð.

Ég flyt þetta frumvarp í þeirri von, að það megi verða til þess að flýta fyrir, að mál þetta leysist sem fyrst og á sem hagkvæmastan hátt, jafnvel þótt mér sé ljóst að fenginni reynslu, að ríkisstjórnin ætlast ekki til, að samþykkt séu önnur frumvörp en hún flytur sjálf eða lætur flytja.

Ed. 108. Nefndarálit [41. mál]

um frv. til laga um Bjargráðasjóð Íslands.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á tveim fundum og varð sammála um að mæla með samþykkt þess, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 5. des. 1967.

Jón Þorsteinsson, form.	Auður Auðuns, fundaskr.	Steinþór Gestsson, frsm.	
Pétur Benediktsson.	Björn Fr. Björnsson.	Ásgeir Bjarnason.	Björn Jónsson.

Sþ. 109. Tillaga til þingsályktunar [69. mál]

um fiskeldisstöðvar.

Flm.: Björn Jónsson, Jónas G. Rafnar, Jónas Pétursson, Jón Ármann Héðinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hið fyrsta fram fara athugun sérfróðra manna á því, hverjar gerðir fiskeldisstöðva, er reknar yrðu sem aukabúgrein, hentuðu bezt íslenzkum bændum, og jafnframt að láta gera athuganir á kostnaði við byggingar og rekstur slíkra eldisstöðva. Þá verði og rannsakað, hver opinber stuðningur sé nauðsynlegur, til þess að þessi búgrein geti eflzt með æskilegum hætti.

Niðurstöður framangreindra athuguna verði kynntar bændum rækilega, í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

Greinargerð.

Víða um heim er fiskrækt í ýmsum myndum rekin sem mikilvæg atvinnugrein, og fer útbreiðsla hennar og arðsemi hraðvaxandi á síðari tímum með aukinni vísindalegri þekkingu og þeim möguleikum, sem hún skapar m. a. á sviði kynbóta og rekstrartækni fiskræktarstöðva.

Flest bendir til þess, að Ísland hafi á margvíslegan hátt yfirburði umfram önnur lönd sem fiskræktarland. Hér er óhemjumikið, gott og enn sem komið er

ómengað vatnasvæði, sem víða skortir, bæði vegna náttúrueðlis og nú orðið einnig víða vegna eitrunar og mengunar af völdum nútíma verksmiðjurekstrar og annarra náttúruspjalla. Hér er kaldtempraður sjór, en þó víða gróður- og lífmikill í lónum, fjörðum og flóum allt umhverfis landið, sem býður margs konar góðfiski hin ágætustu lífsskilyrði og þá ekki síst hinum hraustu og ljúffengu laxfiskastofnum, sem hér hafa lifað frá ómunatíð. Hættulegar hitabreytingar á vatni og sjó þarf hér ekki að óttast, og kuldi vatnsins, sem að vísu gerir þroska nokkru hægari, virðist hin bezta vörn gegn hvers kyns sjúkdómum, sem valda miklum skaða á fiskstofnum í hlýrra umhverfi.

Þeir möguleikar, sem hér eru fyrir hendi, eru síður en svo bundnir við nýtingu hinna stærri fljóta okkar til sportveiði, sem fram til þessa hafa verið helztu nytjarnar. Með ríkulegu klaki lax og silungstegunda, sem sleppt yrði í árnar, skapast aðstaða til stórframleiðslu hinna verðmætustu matvælategunda. Fiskrækt í vötnum, lónum og tjörnum og fiskeldi í tilbúnum tjörnum geta einnig orðið stórar framleiðslugreinar. Margir, ef ekki flestir góðir bæjarlækir bjóða upp á möguleika til arðsamrar fiskræktar, t. d. bleikju, sjóbirtings og vatnaurriða. Þar sem slíkir lækir renna út í sjávarlón, er sérstæð aðstaða til þess að loka lónunum og opna eftir þörfum til endurnýjunar sjónum, sem býr yfir lífrænu fóðri, sem unnt er að auka með ræktun og láta fiskinn alast þar upp við góð skilyrði og með litlum tilkostnaði. Einnig er víða sú aðstaða, að með stórvirkum vinnuvélum má breyta rennsli lækja og smærri vatnsfalla, svo að stórar tjarnir eða smærri vötn myndist í lægðum og verði uppeldisskjól fyrir ungviði, sem þar gæti dafnað jafnvel með lítilfjörlegri hjálp í formi fóðrunar eða örvunar með ræktun.

Þar sem náttúrlegt fóður hrykki ekki til, svo sem ef um eldispolla væri að ræða, kæmi að sjálfsögðu til fóðuröflun, en hún er víða auðveld, svo sem í grennd við fisk- og kjötvinnslustöðvar. Notkun þurrfóðurs hefur á síðari tímum rutt sér mjög til rúms og hefur mjög auðveldað fiskræktina, en við Íslendingar höfum gnægðir hráefnis í slíkt þurrfóður, og er þess væntanlega ekki langt að bíða, að framleiðsla þess hefjist hérlendis, bæði til útflutnings og innanlandsnotkunar.

0	10	Laun	5 671	
0	20	Viðhald	161	
0	40	Hráefni og vörur til endursölu	16 440	
0	50	Önnur rekstrargjöld	4 800	
0	60	Afskriftir	64	
		Gjöld samtals	27 136	
1	10	Seldar vörur og þjónusta	27 136	
601	**Ríkisábyrgðasjóður:**			
0	10	Laun	1 241	
0	50	Önnur rekstrargjöld	720	
		Gjöld samtals	1 961	
1	30	Vextir	5 000	
1	80	Framlög úr ríkissjóði	84 000	
		Tekjur samtals	89 000	
		Mismunur		87 039
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
3	20	Veitt lán	178 000	
		Inn:		
4	10	Innheimtar afborganir	85 500	
4	50	Ráðstöfun eigin fjár	92 500	
602	**Skuldabréf ríkisins:**			
1	30	Vextir	20 000	
		Tekjur samtals		20 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Fjármunahreyfingar:		
	Út:		
3 90	Annað, greitt ríkissjóði	23 525	
	Inn:		
4 10	Innheimtar afborganir	3 525	
4 50	Ráðstöfun eigin fjár	20 000	
702	**Sameignir ríkisins:**[1])		
703	**Hlutabréf ríkisins:**[2])		
1 80	Framlög úr ríkissjóði	1 734	
1 90	Annað, arður	2 000	
	Tekjur samtals		3 734
	Fjármunahreyfingar:		
	Út:		
3 30	Fjárfestingar	1 734	
3 90	Annað, greitt í ríkissjóð	2 000	
	Inn:		
4 50	Ráðstöfun eigin fjár	3 734	
803	**Arnarhvoll:**		
0 10	Laun	2 016	
0 20	Viðhald	660	
0 50	Önnur rekstrargjöld	960	
	Gjöld samtals	3 636	
1 10	Seldar vörur og þjónusta	3 636	
804	**Ýmsar fasteignir ríkissjóðs:**		
0 50	Önnur rekstrargjöld	780	
	Gjöld samtals	780	
1 10	Seldar vörur og þjónusta	780	

1) Sameignir ríkisins með öðrum aðilum í árslok 1966 voru: Stofnfé Samábyrgðar Íslands, áhættufé í Ísl. endurtryggingum og stofnframlag Ísl. aðalverktaka. Ekki er að svo stöddu vitað um tekjur af sameignum ríkissjóðs árið 1968.

2) Hlutabréfaeign ríkissjóðs í árslok 1966: Áburðarverksmiðjan h.f., Eimskipafélag Íslands h.f., Skallagrímur h.f., Raftækjaverksmiðjan h.f., Iðnaðarbanki Íslands h.f., Flugfélag Íslands h.f., Kísiliðjan h.f., Ísl. matvælamiðstöðin h.f.

2 07 Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið.

111	**Áhaldahús vegagerðarinnar:**			
0	10	Laun	41 356	
0	20	Viðhald	27 500	
0	50	Önnur rekstrargjöld	79 920	
0	60	Afskriftir	15 000	
		Gjöld samtals	163 776	
1	10	Seldar vörur og þjónusta	157 776	
1	80	Framlög úr ríkissjóði	15 000	
		Tekjur samtals	172 776	
		Mismunur		9 000
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
3	30	Fjárfestingar	24 000	
		Inn:		
4	40	Afskriftir	15 000	
4	50	Ráðstöfun eigin fjár	9 000	
121	**Skipaútgerð ríkisins:**			
0	10	Laun	52 816	
0	20	Viðhald	8 721	
0	30	Vextir	185	
0	40	Hráefni og vörur til endursölu	1 385	
0	50	Önnur rekstrargjöld	36 242	
0	60	Afskriftir	22	
		Gjöld samtals	99 371	
1	10	Seldar vörur og þjónusta	70 371	
1	80	Framlög úr ríkissjóði	29 000	
		Tekjur samtals	99 371	
131	**Vitamálastjórn, áhaldahús:**			
0	10	Laun	13 958	
0	20	Viðhald	11 000	
0	30	Vextir	150	
0	40	Hráefni og vörur til endursölu	200	
0	50	Önnur rekstrargjöld	2 640	
0	60	Afskriftir	2 850	
		Gjöld samtals	30 798	
1	10	Seldar vörur og þjónusta	30 798	
1	80	Framlög úr ríkissjóði	2 160	
		Tekjur samtals	32 958	
		Mismunur		2 160

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Fjármunahreyfingar:		
	Út:		
3 10	Afborgun lána	600	
3 30	Fjárfestingar	4 410	
	Inn:		
4 40	Afskriftir	2 850	
4 50	Ráðstöfun eigin fjár	2 160	
133	**Hafnarbótasjóður:**		
1 80	Framlög úr ríkissjóði	8 000	
	Tekjur samtals		8 000
	Fjármunahreyfingar:		
	Út:		
3 20	Veitt lán	8 256	
	Inn:		
4 10	Innheimtar afborganir	256	
4 50	Ráðstöfun eigin fjár	8 000	
134	**Landshöfn Rifi:**[1])		
0 10	Laun	414	
0 20	Viðhald	110	
0 50	Önnur rekstrargjöld	240	
	Gjöld samtals	764	
1 10	Seldar vörur og þjónusta	764	
135	**Landshöfn Þorlákshöfn:**[2])		
0 10	Laun	1 241	
0 20	Viðhald	330	
0 50	Önnur rekstrargjöld	360	
	Gjöld samtals	1 931	
1 10	Seldar vörur og þjónusta	1 931	
136	**Landshöfn Keflavík, Njarðvík:**[3])		
0 10	Laun	2 275	
0 20	Viðhald	605	
0 50	Önnur rekstrargjöld	1 026	
	Gjöld samtals	3 906	
1 10	Seldar vörur og þjónusta	6 275	
	Mismunur, óráðstafað		2 369
137	**Hafnarmál, Grettir:**		
0 10	Laun	3 102	
0 20	Viðhald	2 200	
0 50	Önnur rekstrargjöld	4 800	
	Gjöld samtals	10 102	
1 10	Seldar vörur og þjónusta	10 102	

1) Afborgun lána 3 000 þús. kr. og vextir 3 800 þús. kr. eru færð á 07 133 í A-hluta.
2) Afborgun lána 4 570 þús. kr. og vextir 4 300 þús. kr. eru færð á 07 133 í A-hluta.
3) Afborgun lána 3 500 þús. kr. og vextir 5 500 þús. kr. eru færð á 07 133 í A-hluta.

			Þús. kr.	Þús. kr.
138	**Hafnarmál, Hákur:**			
0	10	Laun	2 326	
0	20	Viðhald	1 100	
0	30	Vextir	1 625	
0	50	Önnur rekstrargjöld	2 400	
0	60	Afskriftir	3 000	
		Gjöld samtals	10 451	
1	10	Seldar vörur og þjónusta	12 451	
		Mismunur		2 000
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
3	10	Afborgun lána	2 600	
3	90	Annað, óráðstafað	2 400	
		Inn:		
4	40	Afskriftir	3 000	
4	50	Ráðstöfun eigin fjár	2 000	
139	**Hafnarmál, birgðastöð:**			
0	10	Laun	465	
0	40	Hráefni og vörur til endursölu	7 200	
0	50	Önnur rekstrargjöld	540	
		Gjöld samtals	8 205	
1	10	Seldar vörur og þjónusta	8 205	
160	**Sjómannaskólahúsið:**			
0	10	Laun	1 551	
0	20	Viðhald	440	
0	50	Önnur rekstrargjöld	1 680	
		Gjöld samtals	3 671	
1	10	Seldar vörur og þjónusta	3 671	
1	80	Framlög úr ríkissjóði	900	
		Tekjur samtals	4 571	
		Mismunur		900
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
3	30	Fjárfestingar	900	
		Inn:		
4	50	Ráðstöfun eigin fjár	900	

			Þús. kr.	Þús. kr.
161	**Ferðaskrifstofa ríkisins:**			
0	10	Laun	3 930	
0	20	Viðhald	132	
0	30	Vextir	40	
0	40	Hráefni og vörur til endursölu	8 604	
0	50	Önnur rekstrargjöld	2 321	
0	60	Afskriftir	250	
		Gjöld samtals	15 277	
1	10	Seldar vörur og þjónusta	14 731	
1	80	Framlög úr ríkissjóði	896	
		Tekjur samtals	15 627	
		Mismunur		350
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
3	10	Afborgun lána	600	
		Inn:		
4	40	Afskriftir	250	
4	50	Ráðstöfun eigin fjár	350	
162	**Sérleyfissjóður:**			
0	10	Laun	480	
0	50	Önnur rekstrargjöld	220	
0	90	Yfirfærslur	800	
		Gjöld samtals	1 500	
1	80	Framlög úr ríkissjóði	1 500	
163	**Umferðarmiðstöð:**			
0	10	Laun	124	
0	20	Viðhald	55	
0	30	Vextir	1 030	
0	50	Önnur rekstrargjöld	60	
		Gjöld samtals	1 269	
1	10	Seldar vörur og þjónusta	1 219	
1	80	Framlög úr ríkissjóði	500	
1	90	Annað, sérleyfissjóður	800	
		Tekjur samtals	2 519	
		Mismunur		1 250
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
3	10	Afborgun lána	1 250	
		Inn:		
4	50	Ráðstöfun eigin fjár	1 250	

171	Flugmálastjórn:	Þús. kr.	Þús. kr.
0 10	Laun	24 860	
0 20	Viðhald	7 906	
0 30	Vextir	3 969	
0 50	Önnur rekstrargjöld	24 038	
0 90	Yfirfærslur	400	
	Gjöld samtals	61 173	
1 10	Seldar vörur og þjónusta	15 662	
1 80	Framlög úr ríkissjóði	68 485	
	Tekjur samtals	84 147	
	Mismunur		22 974
	Fjármunahreyfingar:		
	Út:		
3 10	Afborgun lána	5 622	
3 30	Fjárfestingar	17 352	
	Inn:		
4 50	Ráðstöfun eigin fjár	22 974	

2 08 Viðskiptaráðuneytið.

			Þús. kr.	Þús. kr.
101		**Innkaupastofnun ríkisins:**		
	0 10	Laun	4 032	
	0 20	Viðhald	55	
	0 30	Vextir	250	
	0 40	Hráefni og vörur til endursölu	330 000	
	0 50	Önnur rekstrargjöld	3 120	
	0 60	Afskriftir	500	
		Gjöld samtals	337 957	
	1 10	Seldar vörur og þjónusta	337 957	

2 11 Póstur og sími:

		Þús. kr.	Þús. kr.
0 10	Laun	286 900	
0 20	Viðhald	43 000	
0 30	Vextir	3 000	
0 50	Önnur rekstrargjöld	64 100	
0 60	Afskriftir	114 800	
	Gjöld samtals	511 800	
1 10	Seldar vörur og þjónusta	529 500	
	Mismunur		17 700
	Fjármunahreyfingar:		
	Út:		
3 30	Fjárfestingar	149 600	
3 90	Annað	20 000	
	Inn:		
4 20	Tekin lán	11 600	
4 40	Afskriftir	114 800	
4 50	Ráðstöfun eigin fjár	17 700	
4 90	Annað, stofn- og flutningsgjöld	25 500	

4. Við 6. gr. Aftan við greinina bætist:

a. Að ábyrgjast fyrir Norðurstjörnuna h.f. í Hafnarfirði allt að 8.5 millj. kr. lán. Er heimilt að taka forgangshlutabréf í fyrirtækinu til tryggingar sjálfskuldarábyrgð fyrir láninu.

b. Að ábyrgjast allt að 1 millj. kr. lán til að ljúka byggingu vegna Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á Keldnaholti.

c. Að endurgreiða Veðurstofu Íslands tolla og aðflutningsgjöld, samtals að fjárhæð 337 556 kr., vegna innflutnings tækja og áhalda, sem eru hluti af tækniaðstoð Sameinuðu þjóðanna.

d. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af dísilrafstöðvum, samtals 5 502 000 kr.

e. Að endurgreiða Surtseyjarfélaginu aðflutningsgjöld og söluskatt af vísindatækjum, sem félagið fær að gjöf eða láni frá Bandaríkjunum á árinu 1968.

f. Að ábyrgjast in solidum með öðrum eigendum Iceland Food Centre skuld að fjárhæð £ 20.000.0.0 við brezkan banka.

g. Að framselja án endurgjalds helming af hlutafjáreign ríkissjóðs í Iceland Food Centre.

5. Sérstök yfirlit aftan við frv. verði á þessa leið:

1. Fyrirhleðslur (03 245 03).

	Þús. kr.	Þús. kr.
a. Til fyrirhleðslna:		
1. Þverá og Markarfljót	900	
2. Stigá í Öræfum	40	
3. Jökulsá í Lóni	140	
		1 080
b. Til fyrirhleðslna gegn ⅛ kostnaðar annars staðar frá:		
1. Holtsá í Fróðárhreppi	20	
2. Reykjadalsá hjá Fellsenda	30	
3. Víðidalsá hjá Árnesi	30	
4. Vatnsdalsá hjá Marðarnúpi	10	
5. Giljá í Austur-Húnavatnssýslu	20	
6. Héraðsvötn	100	
7. Norðfjarðará í Norðfirði	25	
8. Norðurdalsá í Breiðdal	20	
9. Tunguá í Fáskrúðsfirði	15	
10. Djúpá í Mýrahreppi	40	
11. Laxá hjá Blómsturvöllum	10	
12. Ölfusá hjá Kaldaðarnesi	50	
13. Tunguá hjá Kvennabrekku	25	
14. Fjarðarhornsá í Gufudalshreppi	30	
15. Haukadalsá hjá Jörfa II.	15	
16. Miðá hjá Neðri-Hundadal	10	
17. Hvolsá hjá Hvítadal	20	
18. Hvolsá hjá Belgsdal	10	
19. Hörðudalsá hjá Hlíð	10	
20. Kúludalsá hjá Kúludalsá	15	
21. Hofsá í Álftafirði	60	
22. Selá í Álftafirði	40	
23. Sellækur í Mýrahreppi	20	
24. Kambsgil hjá Setbergi	10	
25. Fnjóská hjá Draflastöðum	25	
26. Eystri-Rangá hjá Keldum	40	
		700
		1 780

2. Byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa (04 213 03).

a. Framlög til sjúkrahúsa- og sjúkraskýlabygginga:		
1. Reykjavík	18 000	
2. Akranes	2 000	
3. Hvammstangi	12	
4. Sauðárkrókur	500	
5. Siglufjörður	1 200	
6. Ólafsfjörður	1 140	
7. Akureyri, röntgentækjakaup	600	
8. Akureyri, þvottahúsbygging	900	
9. Húsavík	1 440	
10. Vestmannaeyjar	2 200	
11. Kópavogur, heilsuverndarstöð	100	
		28 092

		Þús. kr.	Þús. kr.
b.	Framlög til læknisbústaða:		
1.	Álafoss	310	
2.	Borgarnes	450	
3.	Kleppjárnsreykir	300	
4.	Ólafsvík	614	
5.	Bíldudalur	150	
6.	Patreksfjörður	400	
7.	Suðureyri	35	
8.	Ísafjörður, héraðsl.	350	
9.	Ísafjörður, sjúkrahúsl.	168	
10.	Hvammstangi, starfsfólksb.	102	
11.	Blönduós	400	
12.	Skagaströnd	230	
13.	Sauðárkrókur, sjúkrahúsl.	281	
14.	Húsavík, héraðsl.	149	
15.	Húsavík, sjúkrahúsl.	500	
16.	Þórshöfn	300	
17.	Norður-Egilsstaðir	175	
18.	Austur-Egilsstaðir	420	
19.	Vopnafjörður	200	
20.	Seyðisfjörður	300	
21.	Neskaupstaður	534	
22.	Eskifjörður	350	
23.	Reyðarfjörður	109	
24.	Hvoll	13	
25.	Laugarás	320	
26.	Selfoss, héraðsl.	200	
27.	Selfoss, sjúkrahúsl.	294	
28.	Vestmannaeyjar	200	
			7 854
			35 946

3. Til dagheimila, byggingarstyrkir (05 999 47).

1.	Á Egilsá	75
2.	Í Kumbaravogi	50
3.	Á Flateyri	50
4.	Á Selfossi	75
5.	Á Akranesi	75
6.	Í Kópavogi	100
7.	Á Eskifirði	75
		500

4. Skipting lögboðinna og ólögboðinna eftirlauna og styrktarfjár.

a. Fyrri liður orðist svo:

06 772 Samkvæmt launalögum:

a.	Embættismannaekkjur	214 000.00
b.	Samkvæmt sérstökum lögum	1 283 000.00
		1 497 000.00

b. Síðari liður komi óbreyttur.

Nd. 111. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um sölu á prestssetursjörðinni Setberg í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, og húseignunum nr. 15 við Tómasarhaga í Reykjavík, nr. 18 við Brekkugötu í Hafnarfirði og nr. 2 við Vesturbraut í Grindavík.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. á nokkrum fundum. Komu þegar fram þær athugasemdir við sölu Setbergs, að undir jörðina heyri Melrakkaey í Grundarfirði. Sé hún ein af fuglasælustu eyjum við landið og beri að friða hana, en ekki selja úr eigu ríkisins. Þessi skoðun er studd í álitsgerðum Náttúruverndarráðs, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Hins íslenzka náttúrufræðifélags. Hefur Náttúruverndarráð þegar formlega lagt til, að eyjan verði friðlýst samkv. c-lið 1. gr. laga um náttúruvernd, nr. 48 frá 1956.

Meiri hl. n. leggur því til, að Melrakkaey verði undanskilin við sölu Setbergs til núverandi ábúanda. Landnámsstjóri hefur og mælt með sölu jarðarinnar.

Um aðra liði 1. gr. hefur meiri hl. ekki athugasemdir að gera, nema hvað þeir sýna þörf nýrrar löggjafar um embættisbústaði. Frv. um það mál er nú undirbúið á vegum ríkisstjórnarinnar.

Meiri hl. n. leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. málslið 1. gr. bætist: að undanskilinni Melrakkaey.

Alþingi, 6. des. 1967.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Bjartmar Guðmundsson, fundaskr. Ingvar Gíslason.

Gunnar Gíslason. Birgir Kjaran.

Fylgiskjal I.

NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ

Reykjavík, 15. nóv. 1967.

Eftir móttöku erindis hins háa Alþingis, dags. 2. nóv., þar sem óskað er umsagnar ráðsins um frv. til laga um sölu prestssetursjarðarinnar Setbergs í Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu, skal frá því skýrt, að náttúruverndarráð hefur á fundi sínum í gær einróma samþykkt eftirfarandi tillögu:

„Náttúruverndarráð er því meðmælt, að Melrakkaey verði framvegis í eign ríkisins, og gerir það að tillögu sinni, að eyjan verði ekki látin fylgja með, ef til sölu jarðarinnar Setbergs kemur. Jafnframt samþykkir ráðið að leggja til við menntamálaráðuneytið, að eyjan verði friðlýst samkvæmt c-lið 1. gr. laga um náttúruvernd, nr. 48 frá 1956."

Um rökstuðning fyrir tillögu þessari vísar ráðið til umsagnar dr. Finns Guðmundssonar f. h. Náttúrufræðistofnunar Íslands um sama efni, sem hér með fylgir í ljósriti.

Með virðingu,
Birgir Kjaran,
formaður.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

NÁTTÚRUGRIPASAFNIÐ

13. nóvember 1967.

Hæstvirt menntamálanefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 2. þ. m., óskað umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um frv. til l. um sölu nánar tiltekinna ríkiseigna.

Um sölu húseignanna í Reykjavík, Hafnarfirði og Grindavík verður ekki rætt nánar hér, enda geri ég ráð fyrir, að ósk um umsögn Náttúrufræðistofnunarinnar um umrætt lagafrumvarp sé einkum fram komin vegna fyrirhugaðrar sölu prestssetursjarðarinnar Setbergs á Snæfellsnesi.

Það skal strax tekið fram, að Náttúrufræðistofnunin hvorki vill né getur dæmt almennt um réttmæti þess að selja jarðir, sem nú eru í ríkiseign. En hins vegar hefur prestssetursjörðin Setberg þá sérstöðu, að til hennar telst Melrakkaey á Grundarfirði, en í þeirri ey er sennilega auðugara og fjölbreyttara fuglalíf en í nokkurri annarri sambærilegri ey við Íslands strendur. Má meðal annars geta þess, að þar er bæði æðarvarp og lundavarp og þar verpa auk þess hvítmáfur, svartbakur, rita, kría, dílaskarfur, toppskarfur, teista og fýll. Að meðtöldum nokkrum tegundum, sem minna er af, verpa alls 15 tegundir í þessari litlu ey. Sökum hins sérstæða fuglalífs í Melrakkaey hefur þegar verið um það rætt að friðlýsa eyna samkv. c-lið 1. gr. náttúruverndarlaga, en ástæðan til þess, að ekki hefur enn verið gripið til friðunaraðgerða, er einkum sú, að fuglalífi eyjarinnar var ekki talin hætta búin, meðan núverandi ábúandi sæti jörðina, en hér á ég við séra Magnús Guðmundsson sóknarprest. Bæði hann og maður sá, sem hirt hefur hlunnindi eyjarinnar fyrir hans hönd, hafa látið sér einkar annt um að vernda hið sérstæða fuglalíf. Má segja, að hlunnindi eyjarinnar hafi vart verið nytjuð að öðru leyti en því, að æðardúnn hefur verið hirtur. Dúntekjan hefur numið frá 7—13 kg á ári hin síðari ár, en hefur þó komizt niður í 3 kg, ef varpið hefur orðið fyrir óvæntum skakkaföllum.

Með tilliti til þess, sem hér hefur verið sagt, mundi ég telja það mjög óheppilegt, ef Melrakkaey kæmist í einkaeign. Ef prestssetursjörðin Setberg verður seld, legg ég því til, að Melrakkaey verði ekki látin fylgja með í sölunni. Ef vandkvæði væru á þessu sökum fyrirmæla annarra laga um, að ekki megi skilja hlunnindi frá jörð, kæmi vel til greina að friðlýsa eyna nú þegar, en það virðist liggja í augum uppi, að friðlýst landsvæði í eigu hins opinbera megi ekki selja.

Virðingarfyllst,

F. h. Náttúrufræðistofnunar Íslands,
Finnur Guðmundsson.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal III.

HIÐ ÍSLENZKA NÁTTÚRUFRÆÐIFÉLAG

Reykjavík, 25. nóvember 1967.

Tillaga um að friðlýsa Melrakkaey á Snæfellsnesi.

Náttúruverndarnefnd Hins íslenzka náttúrufræðifélags leggur til, að Melrakkaey á Grundarfirði á Snæfellsnesi verði friðlýst.

Greinargerð:

Melrakkaey í mynni Grundarfjarðar á Snæfellsnesi er ein af fimmtíu eyjum á Breiðafirði, sem byggðar hafa verið, þótt hún sé komin í eyði fyrir alllöngu. Hún er 7 m. y. s. m., um 400 m löng frá norðri til suðurs og um 300 m breið frá austri til vesturs, auk allmikils malarrifs, er gengur norðvestur úr eyjunni. Hún er öll grasivaxin, utan rifið. Melrakkaey er ein af fuglasælustu eyjum Breiðafjarðar, m. a. hvað fjölda tegunda snertir. Þar munu verpa a. m. k. 15 tegundir fugla.

Nefndin telur mikils um vert að varðveita þetta mikla og fjölskrúðuga fuglalíf í Melrakkaey og stuðla að eðlilegri og náttúrulegri þróun þess í framtíðinni. Þeim tilgangi telur nefndin, að bezt verði náð með algerri friðun eyjarinnar.

Flestir Íslendingar hafa nokkurn metnað fyrir hönd átthaga sinna og heimabyggðar og vilja veg þeirra sem mestan. Það er lofsverður eiginleiki og hefur komið mörgu góðu málefni í höfn. T. d. hefur nú svo að segja hvert hérað landsins komið upp eigin byggðasafni, þar sem ýmisleg menningarleg og atvinnuleg sérkenni koma fram og varðveitast. Á sama hátt ætti það að vera hverju byggðarlagi metnaðarmál að stuðla að verndun og friðun staða, sem á einhvern hátt eru sérkennandi fyrir það eða þýðingarmiklir frá náttúrulegu sjónarmiði, svo sem hvað jarðmyndun snertir, gróðurfar eða fuglalíf. Þess vegna er ástæða til að ætla, að Breiðfirðingar, sem aldir eru upp í mestu fuglaparadís landsins, hafi sérstakan áhuga á friðun Melrakkaeyjar og verndun fuglalífsins þar.

Melrakkaey liggur undir Setberg í Eyrarsveit, sem er í eigu ríkisins. Nú liggur hins vegar fyrir Alþingi frumvarp um sölu Setbergs. Með tilliti til friðunar væri því eðlilegt að undanskilja Melrakkaey við jarðsöluna.

Jón B. Sigurðsson. Bj. Guðbrandsson.

Til menntamálanefndar Alþingis.

Fylgiskjal IV.

LANDNÁMSSTJÓRI

Reykjavík, 23. nóvember 1967.

Háttvirt menntamálanefnd Alþingis hefur óskað umsagnar minnar um frumvarp til laga um sölu prestssetursjarðarinnar Setbergs í Eyrarsveit.

Eftir að prestssetur var lagt niður á Setbergi samkvæmt lögum nr. 38 frá 1947, var jörðin í fardögum 1962 leigð í ábúð bónda, sem þar býr nú. Tún jarðarinnar er 12.97 hektarar, og jörðin hefur góð ræktunarskilyrði og búrekstrarskilyrði að öðru leyti.

Kæmist jörð þessi í sjálfsábúð, mundi það betur en nokkuð annað tryggja ábúð hennar. Núverandi ábúandi hefur aðallega rekið kúabú á jörðinni og hefur 15 nautgripi, 16 kindur og 30 hross.

Mæli ég því með samþykkt frumvarpsins að því er tekur til jarðarinnar Setbergs.

Virðingarfyllst,

Pálmi Einarsson.

Til formanns menntamálanefndar Alþingis,
Alþingi, Reykjavík.

Ed. 112. Frumvarp til laga [70. mál]

um breyting á lögum nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

Flm.: Jón Þorsteinsson, Björn Jónsson, Ólafur Jóhannesson, Jónas G. Rafnar.

1. gr.

6. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Heimili síldarútvegsnefndar, varnarþing og aðalskrifstofa skal vera á Siglufirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allt frá því, að síldarútvegsnefnd var sett á stofn, hefur aðalskrifstofa hennar verið á Siglufirði. Nú hefur komið fram, að nefndin hafi ákveðið að flytja aðalskrifstofu sína þaðan til Reykjavíkur. Fyrir skömmu var öllu starfsfólki síldarútvegsnefndar sagt upp til að undirbúa þessa breytingu.

Það mun mælast mjög illa fyrir á Norðurlandi, ef af þessu verður, enda mæla þungvæg rök gegn þessari fyrirætlan. Flutningur aðalskrifstofu síldarútvegsnefndar frá Siglufirði til Reykjavíkur byggist ekki á neinni sérstakri nauðsyn eða nýjum viðhorfum, heldur er hér um að ræða athöfn áhrifamikilla afla í þjóðfélaginu, sem vilja draga allt vald til höfuðborgarinnar. Gegn þessu verður fólkið úti á landsbyggðinni að sporna af alefli.

Með frumvarpi þessu er að því stefnt að lögfesta það, að aðalskrifstofa síldarútvegsnefndar skuli vera á Siglufirði, svo og að binda það fastmælum í lögum í stað reglugerðar, að heimili og varnarþing nefndarinnar sé á Siglufirði. Jafnframt er lagt til, að fellt verði niður úr gildandi lögum ákvæði um breytilegan samastað nefndarinnar eftir síldargöngum, enda hefur því ákvæði lítt verið framfylgt.

Á fundi Fjórðungsráðs Norðlendinga að Hólum í Hjaltadal 19. ágúst s. l. var svofelld ályktun samþykkt samhljóða:

„Fundur í Fjórðungsráði Norðlendinga, haldinn að Hólum í Hjaltadal laugardaginn 19. ágúst 1967, mótmælir harðlega samþykkt SÚN um flutning á aðalskrifstofu SÚN úr Norðlendingafjórðungi til Reykjavíkur, sem fundurinn telur að gangi í berhögg við tilgang og markmið stjórnvalda varðandi Norðurlandsáætlun og gefin heit hana varðandi.

Í stað þess að styrkja og efla stofnanir á Norðurlandi tengdar atvinnulífinu mun nú í ráði að færa aðalstöðvar SÚN í faðm Reykjavíkur, þótt ekkert það hafi gerzt, sem ýtir undir breytingu í þessu efni frá því, sem verið hefur á undanförnum árum og áratugum, nema síður sé, þar sem samgöngur allar hafa stórbatnað við Siglufjörð og síldin hefur nú í sumar undirstrikað rækilegar en oftast áður, að enginn getur fyrir sagt, hvar aðalstöðvar veiði og vinnslu verði.

Skorar fundurinn á stjórn SÚN að endurskoða afstöðu sína í þessu efni og sjávarútvegsmálaráðherra að beita áhrifum sínum gegn því, að þessi breyting nái fram að ganga.“

Á fundi bæjarstjórnar Siglufjarðar 8. sept. s. l. var framangreind samþykkt Fjórðungsráðsins áréttuð og flutningi aðalskrifstofunnar mótmælt með öllum atkvæðum bæjarfulltrúa. Ályktun þessari fylgdi svofelld greinargerð frá bæjarstjórninni:

„Aðalskrifstofur SÚN hafa frá fyrstu tíð verið staðsettar á Siglufirði. Fyrirhugaður flutningur á skrifstofunni til Reykjavíkur, þegar samgöngur allar við Siglufjörð hafa stórbatnað, sjálfvirkt símasamband við bæinn komið á og fyrir liggja

yfirlýsingar stjórnvalda um byggðaáætlanir og atvinnulega uppbyggingu í Norðlendingafjórðungi, kemur því eins og reiðarslag yfir íbúa bæjarins og raunar Norðlendinga alla, sbr. samróma ályktun Fjórðungsráðs Norðlendinga að Hólum í Hjaltadal 19. ágúst s. l.

Erfitt er að sjá nokkra frambærilega ástæðu til að flytja skrifstofuna til Reykjavíkur — og rýra þann veg enn hlut landsbyggðarinnar og auka á stjórnunar- og skrifstofuvald höfuðborgarinnar.“

Nd. 113. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um sölu á prestssetursjörðinni Setberg í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, og húseignunum nr. 15 við Tómasarhaga í Reykjavík, nr. 18 við Brekkugötu í Hafnarfirði og nr. 2 við Vesturbraut í Grindavík.

Frá 1. minni hl. menntamálanefndar.

Ég er andvígur þeirri stefnu, sem verið hefur ríkjandi að undanförnu, að selja ríkisjarðir einstaklingum. Hún er bændum síður en svo hagkvæm og getur stuðlað að braski, eins og ýmis dæmi sanna. Ákvæðin um erfðaábúð í lögum nr. 102 frá 21. des. 1962 tryggja ábúendum ríkisjarða mjög hagkvæm kjör og fullkomið öryggi fyrir sig og erfingja sína, og ættu þau ákvæði að geta fullnægt ábúandanum á Setbergi í Eyrarsveit.

Þrír síðari liðir frumvarpsins fjalla um sölu á húseignum í sambandi við gildandi ákvæði um embættisbústaði. Framkvæmd lagaákvæða um embættisbústaði hefur verið mjög tilviljanakennd að undanförnu og stundum hneykslanleg. Endurskoðun á þeirri löggjöf hefur lengi verið óhjákvæmileg, og henni hefur raunar verið lofað af hæstv. fjármálaráðherra, þótt ekkert bóli á efndum. Á meðan framkvæmd þessara mála er jafnóeðlileg af hálfu stjórnarvaldanna og raun ber vitni, sé ég ekki ástæðu til að taka þátt í ákvörðunum um sölu einstakra embættisbústaða.

Alþingi, 6. des. 1967.

Magnús Kjartansson.

Sþ. 114. Tillaga til þingsályktunar [71. mál]

um lækkun tolla á efnum og vélum til iðnaðarins.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Einar Ágústsson, Ingvar Gíslason, Björn Fr. Björnsson, Ólafur Jóhannesson, Sigurvin Einarsson, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar endurskoða tollalögin með það fyrir augum, að innflutningstollar á efnum og vélum til iðnaðarins verði hinir sömu og nú eru á efnum og vélum til fiskveiða. Ríkisstjórnin skal, strax og þessari endurskoðun er lokið, leggja fyrir Alþingi frumvarp um breytingar á tollalögunum í samræmi við hana.

Greinargerð.

Það sést glöggt um þessar mundir, hvaða erfiðleikar og áhætta fylgja því að búa við fábreytta atvinnuvegi. Nær allar þjóðir keppa þess vegna að því marki

að auka fjölbreytni atvinnuvega sinna og renna þannig sem flestum stoðum undir afkomu sína. Fyrst og fremst er þar um að ræða aukningu margvíslegs iðnaðar, eftir því sem aðstæður leyfa á hverjum stað.

Lærdómsríkt dæmi um þetta er að finna hjá hinni gömlu sambýlisþjóð Íslendinga, Dönum. Fyrir örfáum áratugum byggðist útflutningur Dana nær eingöngu á landbúnaði, líkt og útflutningur Íslendinga byggist á sjávarútvegi. Nú flytja Danir orðið næstum eins mikið út af iðnaðarvörum og landbúnaðarafurðum. Þetta hefur Dönum tekizt með því að hlynna að iðnaði sínum á sem flestan hátt.

Þrátt fyrir örðugar aðstæður hefur risið upp verulegur iðnaður á Íslandi á síðari áratugum, en veruleg stöðnun hefur orðið í þróun hans hin allra seinustu ár. Margar iðngreinar hafa jafnvel dregizt mikið saman. Þessu valda ýmsar óeðlilegar stjórnarráðstafanir, eins og lánsfjárhöftin og hóflaus innflutningur erlendra iðnaðarvara. Íslenzki markaðurinn er svo lítill, að á mörgum sviðum er ekki starfsgrundvöllur nema fyrir eitt vel rekið fyrirtæki. Þess vegna er nú rætt um sameiningu iðnfyrirtækja í vissum greinum. Þetta sýnir bezt, hvaða afleiðingar það getur haft að veita tugum og jafnvel hundruðum erlendra fyrirtækja aðstöðu til að keppa á hinum litla íslenzka markaði. Jafnvel þótt hin erlendu fyrirtæki nái ekki nema 10—20% markaðarins, getur það leitt til þess, að ekki sé lengur arðvænlegt að reka íslenzkt iðnfyrirtæki í viðkomandi starfsgrein.

Þótt sá samdráttur, sem er í sjávarútveginum nú, standi vonandi ekki lengi, eru engar líkur til þess, að hinir tveir fornu undirstöðuatvinnuvegir, landbúnaður og sjávarútvegur, nægi til að tryggja þjóðinni næga atvinnu og góða afkomu á komandi árum. Hér verður að rísa til viðbótar mikill og vaxandi iðnaður, ef fullnægja á hinum eðlilegu kröfum um næga atvinnu og batnandi afkomu. Því marki eiga Íslendingar vel að geta náð, ef rétt er á málum haldið, engu síður en aðrar þjóðir. En til þess að svo verði, þarf vitanlega að hlúa að iðnaðinum á sem flestan hátt og veita honum sjálfsagða vernd, meðan hann er að rísa á legg. Það hafa aðrar þjóðir, sem líkt er ástatt um, gert og gera. Má í því sambandi ekki sízt vitna til Japana, sem nær alveg hafa tryggt iðnaði sínum heimamarkaðinn. Hvergi hafa líka orðið stórfelldari iðnaðarframfarir á síðari árum en í Japan.

Þótt segja megi, að gengisfellingin bæti aðstöðu iðnaðarins að sumu leyti, t. d. í samkeppni við erlenda keppinauta, gerir hún aðstöðu hans erfiðari að öðru leyti. Verðlag innfluttra hráefna og véla hækkar t. d. verulega, og þó enn meira ef tollar haldast óbreyttir. Þetta er ekki sízt tilfinnanlegt vegna þess, að iðnaðurinn þarf alltaf að vera að endurnýja vélakost sinn, ef hann á að fylgjast með þróuninni í heiminum.

Framangreind tillaga er flutt til að tryggja það, að verðhækkanir á hráefnum og vélum til iðnaðarins af völdum gengisfellingarinnar verði honum sem minnst tilfinnanleg. Slík tollabreyting sem tillagan fjallar um mundi ekki aðeins verða iðnaðinum til hags, heldur einnig neytendum, því að verðlag iðnaðarvara þyrfti þá ekki að hækka eins mikið og ella.

Það verður einnig að teljast sjálfsagt jafnréttismál, að iðnaðurinn búi við ekki lakari tollakjör en fiskveiðarnar, því að báðar eru þessar atvinnugreinar nauðsynlegar þjóðinni. Af bátum og vélum til fiskveiða er nú ekki greiddur tollur, en af veiðarfærum og tækjum til fiskveiða 4%. Hins vegar er greiddur 10—15% tollur af vélum til fiskiðnaðar og 25% tollur af vélum og tækjum til annars iðnaðar, þar á meðal iðnaðar, sem vinnur úr landbúnaðarvörum. Tollar á ýmsum efnum til iðnaðar eru oft miklu og jafnvel margfalt hærri. Það mundi því mjög bæta aðstöðu iðnaðarins, ef tollamál hans kæmust í sama horf og fiskveiðanna.

Loks þykir rétt að benda á það, að íslenzk iðnfyrirtæki verða að greiða 25% toll af vélum til starfsemi sinnar og hærri tolla af efni, meðan álbræðslan, sem útlendingar eru að reisa, fær að flytja inn tollfrjálst allar vélar og efni til starfrækslu sinnar.

Ed. 115. Breytingartillögur [23. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 30. apríl 1963 um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 8. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
   Í stað 51. gr. 3. mgr. komi:
   Frá og með 1. janúar 1969 skulu daggjöld opinberra sjúkrahúsa, hæla og annarra stofnana, sem 1.—3. mgr. 49. gr. tekur til, svo og gjaldskrár sömu stofnana vegna þjónustu við sjúklinga, sem ekki eru lagðir inn, greidd samkvæmt ákvörðun 5 manna nefndar, sem er þannig skipuð: Fjármálaráðherra skipar einn, Tryggingastofnun ríkisins skipar einn, Landssamband sjúkrahúsa skipar einn, Samband íslenzkra sveitarfélaga skipar einn og heilbrigðismálaráðherra skipar einn, sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Verði atkvæði jöfn í nefndinni, ræður atkvæði formanns.
   Nefndin ákveður daggjöld og gjaldskrár á þann hátt, að heildartekjur stofnananna miðist við að standa straum af eðlilegum rekstrarkostnaði, enda séu gjöldin í samræmi við hagkvæman rekstur og þá þjónustu, sem stofnunin veitir. Heilbrigðismálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfssvið nefndarinnar og framkvæmd.
   Sé um sjálfseignarstofnun eða einkaaðila að ræða, jafngildir það samningi, ef hlítt er ákvörðun nefndarinnar um daggjöld, er vera skulu í einu lagi fyrir vist og þjónustu, en að öðrum kosti getur Tryggingastofnunin ákveðið, að sjúklingum skuli endurgreidd tiltekin upphæð fyrir hvern legudag upp í kostnaðinn.
2. Við 10. gr. Í stað „170%“ í 1. mgr. komi: 250% — og í stað „65%“ í 3. mgr. komi: 85%.
3. Við ákvæði til bráðabirgða bætist þrjár nýjar málsgreinar:
   Á árinu 1968 skal framlag ríkissjóðs samkv. 1. mgr. 55. gr. vera 170% greiddra sjúkrasamlagsiðgjalda samlagsmanna og framlag sveitarsjóðs samkv. 3. mgr. skal vera 65% greiddra iðgjalda.
   Daggjöld samkv. 51. gr., sbr. 49. gr., skulu á árinu 1968 ákveðin á sama hátt og verið hefur.
   Sú leiðrétting, sem ákveðin er í 4. mgr. 24. gr. laganna á framlögum hinna tryggðu og atvinnurekenda, sbr. b- og d-liði 2. mgr. 23. gr. laganna, fyrir árið 1967, skal falla niður. Halli, sem af þessu leiðir, skal tekinn úr varasjóði lífeyristrygginga pr. 31. des. 1967.

Ed. 116. Lög [19. mál]

um breyting á lögum um lögræði, nr. 95 5. júní 1947.

(Afgreidd frá Ed. 7. des.)

Samhljóða þskj. 19.

Ed. 117. Lög [21. mál]

um breyting á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 39 27. júní 1921.

(Afgreidd frá Ed. 7. des.)

Samhljóða þskj. 21.

Ed. 118. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 66 31. des. 1963.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta frumvarp og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 5. des. 1967.

Pétur Benediktsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Bjarni Guðbjörnsson.
Ólafur Jóhannesson. Jón Árnason. Sveinn Guðmundsson. Gils Guðmundsson.

Ed. 119. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, sem gerð var í Brüssel 10. október 1967.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta frumvarp og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 5. des. 1967.

Pétur Benediktsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Bjarni Guðbjörnsson.
Ólafur Jóhannesson. Jón Árnason. Sveinn Guðmundsson. Gils Guðmundsson.

Nd. 120. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um sölu á prestssetursjörðinni Setberg í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, og húseignunum nr. 15 við Tómasarhaga í Reykjavík, nr. 18 við Brekkugötu í Hafnarfirði og nr. 2 við Vesturbraut í Grindavík.

Frá 2. minni hl. menntamálanefndar.

Með frv. þessu er lagt til að heimila ríkisstjórninni að selja þrjár húseignir, svo og prestssetursjörðina Setberg í Eyrarsveit.

Ég tel rétt að heimila sölu húseignanna. Um sölu Setbergs gegnir öðru máli. Menntamálanefnd er sammála um það, að Melrakkaey, sem fylgir jörðinni og auðug er af fuglalífi, verði ekki seld, en æskilegast, að hún verði friðlýst. Þá er augljóst, að ríkissjóð dregur skammt andvirði jarðarinnar, ekki sízt að eyjunni undantekinni, og þess vegna engin nauðsyn að selja jörðina. Sé hins vegar núverandi ábúanda áhugamál að tryggja sér jörðina til áframhaldandi búskapar, ætti honum að verða það auðveldara með því að fá jörðina til erfðafestuábúðar en þurfa að kaupa hana.

Ég legg því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. 2. málsl. (Prestssetursjörðina Setberg o. s. frv.) falli niður.

Alþingi, 7. des. 1967.

Sigurvin Einarsson.

Sþ. **121. Nefndarálit** [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1968.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hóf athugun sína á fjárlagafrumvarpinu þegar á fyrstu dögum þingsins og hefur alls haldið 33 fundi um málið.

Auk fjárlagafrumvarpsins hefur nefndin, svo sem jafnan áður, haft til athugunar og afgreiðslu fjölmörg erindi, sem til hennar hafa borizt frá ýmsum aðilum.

Fjárlagafrumvarp þetta er hið annað í röðinni, sem samið er á vegum þeirrar fjárlaga- og hagsýslustofnunar, sem sett var á stofn innan fjármálaráðuneytisins á síðastliðnu ári.

Eins og frumvarpið ber með sér, er hér um gagngera breytingu á uppsetningu fjárlagafrumvarpsins að ræða, og er form þess nú að mestu leyti í samræmi við hin nýju lög um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Þessi breyting hefur það í för með sér m. a., að í frumvarpinu eru nú margvíslegar tölulegar upplýsingar varðandi ríkisbúskapinn umfram það, sem áður hefur verið.

Við athugun nefndarinnar á frumvarpinu hefur hún notið aðstoðar og upplýsinga hagsýslustjóra, Gísla Blöndals. Hefur það auðveldað störfin og flýtt fyrir afgreiðslu málsins.

Svo sem fram kemur í fjárlagafrumvarpinu, eru verulegar upphæðir gjalda- og teknamegin, sem við það eru miðaðar, að gera þurfi sérstakar ráðstafanir vegna erfiðleika atvinnuveganna samfara minnkandi þjóðartekjum. Með hliðsjón af því lagði ríkisstjórnin fram á Alþingi frumvarp til laga um efnahagsaðgerðir. Með frumvarpi þessu átti m. a. að tryggja áframhaldandi aðstoð við sjávarútveginn á sama hátt og átt hefur sér stað á yfirstandandi ári. Þegar svo til þess kom, hinn 24. nóvember s. l., að gengi íslenzku krónunnar var fellt, var augljóst mál, að skapazt höfðu ný viðhorf við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Það varð því ekki hjá því komizt að taka allt frumvarpið til endurskoðunar og endurreikna alla þá tekju- og útgjaldaliði, sem gengislækkunin hefur bein áhrif á.

Segja má, að nefndarmenn ásamt hagsýslustjóra og hagsýslustofnuninni hafi á undanförnum vikum unnið linnulaust að afgreiðslu málsins. Allt fyrir það hefur nefndinni ekki unnizt tími til að ljúka að fullu athugun sinni á nokkrum liðum frumvarpsins. Þar má nefna m. a. stofnkostnað við skólabyggingar, framlög til nýbyggingar hafna, framlög til almannatrygginga, eftirlaun, heiðursstyrki o. fl. auk einstakra erinda annarra. Bíður afgreiðsla þeirra 3. umræðu.

Þá hefur ekki unnizt tími til að endurskoða að fullu tekjuliði frumvarpsins eða gera sér grein fyrir þeim breytingum, sem gengisbreytingin veldur á þeim. Niðurstöður þeirra athugana munu einnig liggja fyrir við 3. umræðu málsins.

Varðandi einstök fyrirtæki og stofnanir í B-hluta fjárlagafrumvarpsins hefur nefndin þann fyrirvara á, að ekki var í öllum tilfellum unnt að kanna til fulls þær breytingar, sem gera þarf vegna gengislækkunarinnar.

Um afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins náðist ekki samkomulag innan nefndarinnar. Varðandi breytingartillögur meiri hluta hennar skal það þó tekið fram, að minni hlutinn stendur einnig að samþykkt flestra þeirra tillagna, sem gerðar hafa verið, að öðru leyti en því, sem er bein afleiðing gengislækkunarinnar. Þeir munu því skila séráliti.

Samvinnunefnd samgöngumála mun skila tillögum sínum um styrki til flóabáta og vöruflutninga á sérstöku þingskjali, svo sem venja er.

Verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar:

Um breytingartillögurnar á gjaldabálki frumvarpsins í heild er það að segja, að vegna gengisfellingar hafa gjaldaliðir verið hækkaðir með þeim hætti, að laun

hafa verið hækkuð um 3.39%, viðhald um 10% og önnur rekstrargjöld um 20%. Framlög til vaxta af innlendum lánum eru óbreytt, af verðtryggðum lánum hækka vextir um 14.3% eða sem svarar lækkun sterlingspundsins. Af erlendum lánum eru framlög til vaxta og afborgana hækkuð svo sem gengi segir til um.

Gengisbreytingin hefur ekki áhrif á framlög til gjaldfærðs stofnkostnaðar.

Á tekjuhlið frumvarpsins falla niður eftirtaldir liðir: Farmiðaskattur 60 millj. kr., gjaldeyrisskattur 38 millj. kr. og arður af Pósti og síma 20 millj. kr., eða samtals 118 millj. kr.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim breytingum á útgjaldaliðum fjárlagafrumvarpsins, sem nefndin leggur til og ekki eru bein afleiðing gengisbreytingarinnar.

Um 1 01 Forsætis- og menntamálaráðuneytið.

Vegna Tilraunastöðvar háskólans í meinafræði að Keldum er lagt til að hækka launalið, 202 0 10, um 153 þús. kr. — Lagt er til, að önnur rekstrargjöld hjá Rannsóknaráði ríkisins, 209 0 50, hækki um 500 þús. kr. Skal þeim varið til að halda áfram rannsóknum á sjóefnavinnslu. — Við grein 215, Kennaraskólinn, höfðu af vangá fallið niður 98 þús. kr. á vaxtalið og 393 þús. kr. á liðnum lánahreyfingar út. Lagt er til að taka þessar hækkanir inn í frumvarpið. — Til skíðakennslu í barnaskólum og í gagnfræðaskólum, 221 0 94 13 og 14, hækkar um 30 þús. kr. hvor liður. — Lagt er til að hækka iðnskóla, 244, um 2 243 þús. kr. vegna verknámsskóla iðnaðarins í húsakynnum Landssmiðjunnar. — Launaliður Héraðsskólans í Reykjanesi, 253, hækkar um 166 þús. kr. — Launaliður Héraðsskólans að Laugarvatni hækkar um 160 þús. kr. vegna hjúkrunarkonu við skólana á Laugarvatni. — Á lið 331, vernd barna og ungmenna, er lagt til að fella niður liðinn: Skólaheimilið Bjarg 1 millj. kr. — Íþróttasamband Íslands, 334, er hækkað um 50 þús. kr. — 402, til lektora í íslenzku við erlenda háskóla, er lagt til að hækka um 65 þús. kr. vegna lektors við háskólann í Caen í Normandí. — Framlag til Norræna hússins í Reykjavík er hækkað um 375 þús. kr. — Launaliður Landsbókasafns, 601 0 10, hækkar um 40 þús. kr. Er það til aðstoðar á myndastofu, til skrásetningar bréfasafna á handritadeild o. fl. Önnur rekstrargjöld hækka um 50 þús. kr. — Launaliður Þjóðminjasafns, 602 0 10, hækkar um 104 þús. kr., til þess að veftafræðingur safnsins fái fullt starf frá næstu áramótum, en hún hefur haft hálft fast starf. — Fjárveiting til tónlistarskóla er hækkuð um 700 þús. kr. vegna fjölgunar nemenda og þriggja nýrra skóla. — Eftirtaldar breytingar eru lagðar til á lið 999, ýmislegt, undir viðfangsefnum: Blöð og tímarit hækka um 30 þús. kr., þar af renna 10 þús. kr. til útgáfu á tímaritinu Veðrinu, sem er viðbótarframlag, og 20 þús. kr. renna til styrktar útgáfu á tímariti, sem einkum sé ætlað til að gefa ungu fólki tækifæri til að birta tilraunir sínar í listsköpun. — Lagt er til að veita 25 þús. kr. til að setja upp minnismerki af Guðmundi biskupi góða að Hólum, en á s. l. ári var sama upphæð veitt til minnisvarða um Svein Pálsson lækni. — Lagt er til, að ýmis félög hækki sem hér segir: Frjálsíþróttasamband Íslands fái 50 þús. kr., Svifflugfélag Íslands 100 þús. kr., Taflfélag Reykjavíkur 40 þús. kr., Skáksamband Íslands 75 þús. kr. og Glímusamband Íslands 75 þús. kr. til greiðslu kostnaðar við söfnun heimilda og útgáfu rits um sögu íslenzku glímunnar. — Tekinn er upp nýr liður: 999 0 94 11 Til þátttöku í Ólympíuleikjunum 1968, síðari greiðsla, 300 þús. kr.

Um 1 03 Atvinnumálaráðuneytið.

201, Búnaðarfélag Íslands. Inn komi nýr liður: 0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður 500 þús. kr. Er það vegna djúpfrystingar á sæði. — 206 0 40, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, gjaldfærður stofnkostnaður, hækkar um 270 þús. kr., þar sem fallið hafði niður af vangá framlag til byggingar húss fyrir starfsmann

stofnunarinnar. — 217 0 40, Bændaskólinn á Hvanneyri, gjaldfærður stofnkostnaður, hækkar um 200 þús. kr. Er það leiðrétting. — Framlag til sauðfjárveikivarna, 243, er hækkað um 800 þús. kr. vegna hringskyrfis, fyrri greiðsla, og 360 þús. kr., sem eru eftirstöðvar af greiðslum vegna niðurskurðar á sauðfé í Dalasýslu. — 301 Fiskifélag Íslands. 0 10 Laun hækka um 200 þús. kr. vegna reikningaskrifstofunnar, sem nú er ákveðið, að verði endurskipulögð. Hefur slæðzt villa inn í breytingartillögur á þingskjali 110, þar sem gert er ráð fyrir að hækka liðinn „Yfirstjórn" undir viðfangsefnum í stað liðarins „Reikningaskrifstofu sjávarútvegsins" um fyrrnefndar 200 þús. kr. Er þetta leiðrétt á sérstöku þingskjali. — Á liðnum 322, Sjávarútvegur, framlög, er lagt til að fella niður undir viðfangsefnum þrjá liði: 06 Aðstoð við sjávarútveginn 80 millj. kr., 07 Áætlað til verðjöfnunar á sjávarafurðum 100 millj. kr. og 08 Til uppbóta á fiskverð 100 millj. kr. Samtals að upphæð 280 millj. kr. Er þetta vegna gengisfellingarinnar.

Um 1 04 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

211 Rannsóknastofa háskólans. Launaliður hækkar um 250 þús. kr. vegna ráðningar á sérfræðingi í meinafræði við stofnunina. — 213 Til sjúkrahúsa og læknabústaða, liðurinn til sveitarfélaga, 0 92, hækkar um 3 millj. 880 þús. kr. Samsvarandi hækkar liður 03 undir viðfangsefnum um sömu upphæð, þ. e. til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa. Enn fremur er í breytingartillögunum sundurliðun á þeim lið. — 219, ýmis heilbrigðismál, hækkar um 635 þús. kr., þar af hækkar liðurinn 0 92, til sveitarfélaga, um 400 þús. kr. og liðurinn 0 94, til einstaklinga, heimila og samtaka, um 235 þús. kr. Þessar hækkanir eru sundurgreindar í viðfangsefnum sem hér segir: 175 þús. kr. til námslána læknastúdenta, 200 þús. kr. til að bæta héraðslæknisþjónustu, 200 þús. kr. vegna héraðshjúkrunarkvenna, og loks er lagt til, að tekinn verði upp nýr liður: 15 Umbúðasmíði vegna fatlaðra 60 þús. kr., en samsvarandi liður hefur verið í fjárlögum undanfarinna ára. — Lagt er til, að nokkrar hækkanir verði á 501 Þjóðkirkjan. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 575 þús. kr., önnur rekstrargjöld um 25 þús. kr., fyrirtæki í B-hluta um 150 þús. kr. og til einstaklinga, heimila og samtaka um 75 þús. kr. Undir viðfangsefnum skiptast þessar viðbótarfjárveitingar sem nú verður greint: Kirkjubyggingar (B-hluti) hækka um 150 þús. kr., kirkjugarðar (B-hluti) hækka um 21 þús. kr. á launalið. Lagt er til að hækka framlög til sumarbúða um 75 þús. kr. vegna væntanlegs skóla- og kennsluhalds á vegum Hólafélagsins og Æskulýðssambands kirkjunnar í Hólastifti við Vestmannsvatn. Teknir eru inn þrír nýir liðir: 29 Hallgrímskirkja í Saurbæ 25 þús. kr., 32 Heimtaugagjöld á prestssetrum 75 þús. kr. og 33 Til útihúsa á prestssetrum 500 þús. kr., en tveir síðast töldu liðirnir höfðu fallið út af frumvarpinu af vangá.

Um 1 05 Félagsmálaráðuneytið.

Á lið 401 Sveitarfélög, framlög, er framlag til vatnsveitna hækkað um 1 millj. kr. — Vegna nýrra laga um Bjargráðasjóð er framlag til hans hækkað um 3½ millj. kr. — Einstakir liðir á viðfangsefnum undir 999, ýmis framlög, breytast sem hér segir: Barnavinafélagið Sumargjöf hækkar um 100 þús. kr. vegna Fóstruskóla félagsins. — Inn kemur nýr liður: 11 Kvenfélagasamband Íslands 650 þús. kr. og er það 150 þús. kr. hækkun frá s. l. ári, en framlag til sambandsins hafði fallið niður af vangá. — Framlag til Rauðakross Íslands hækkar um 145 þús. kr., m. a. vegna greiðslu á framlögum Rauðakrossins til ýmissa alþjóðastofnana. — Nýr liður: 43 Barnaheimilið á Lyngási, kennaralaun, 179 þús. kr. — Dagheimili, byggingarstyrki er lagt til að hækka um 20 þús. kr.

Um 1 06 Fjármálaráðuneytið.

Afborganir af lánum ríkissjóðs eru auknar um 2 millj. 079 þús. kr. á lið 602 Ýmis lán ríkissjóðs.

Um 1 07 Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið.

152 Veðurstofan. Lagt er til að hækka launalið í loftskeytadeild um 117 þús. kr.

Um 6. gr.

Lagt er til að taka inn eftirtaldar heimildir: Að ábyrgjast fyrir Norðurstjörnuna h.f. í Hafnarfirði allt að 8.5 millj. kr. lán. Er heimilt að taka forgangshlutabréf í fyrirtækinu til tryggingar sjálfskuldarábyrgð fyrir láninu. — Að ábyrgjast allt að 1 millj. kr. lán til að ljúka byggingu vegna Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á Keldnaholti. — Að endurgreiða Veðurstofu Íslands tolla og aðflutningsgjöld, samtals að fjárhæð 337 556 kr. vegna innflutnings tækja og áhalda, sem eru hluti af tækniaðstoð Sameinuðu þjóðanna. — Að endurgreiða aðflutningsgjöld af dísilrafstöðvum, samtals 5 502 000 kr. — Að endurgreiða Surtseyjarfélaginu aðflutningsgjöld og söluskatt af vísindatækjum, sem félagið fær að gjöf eða láni frá Bandaríkjunum á árinu 1968. — Að ábyrgjast in solidum með öðrum eigendum Iceland Food Centre skuld að fjárhæð £ 20 000.0.0 við brezkan banka. — Að framselja án endurgjalds helming af hlutafjáreign ríkissjóðs í Iceland Food Centre.

Alþingi, 8. des. 1967.

Jón Árnason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Gunnar Gíslason.
Matthías Bjarnason. Sverrir Júlíusson.

Sþ. 122. Breytingartillögur [1. mál]

við brtt. á þskj. 110 [Fjárlög].

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Við brtt. 2. (Við 4. gr. — 1 03 Atvinnumálaráðuneytið).

a. Við 301 Fiskifélag Íslands — Viðfangsefni.
   1. Við 01 Yfirstjórn.
      Fyrir „7 704“ kemur 7 504
   2. Við 02 Reikningaskrifstofa.
      Fyrir „245“ kemur 445

b. Við 322 Sjávarútvegur, framlög.
   1. Við 93 Til fyrirtækja og atvinnuvega.
      Fyrir „370 000“ kemur 90 000
   2. Við Viðfangsefni 06—08.
      Liðirnir falla niður.

Nd. 123. Frumvarp til laga [72. mál]

um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenzkrar krónu.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

Endurskoða skal verð í kostnaðar- og tekjuhlið verðlagsgrundvallar landbúnaðarafurða fyrir framleiðsluárið 1967/68 með tilliti til þeirra verðbreytinga, sem breytt gengi íslenzku krónunnar frá 24. nóvember 1967 hefur í för með sér. Sexmannanefnd sú, sem um getur í 5. gr. laga nr. 101 1966, skal framkvæma þessa endurskoðun að fengnum skýrslum og gögnum frá Hagstofu Íslands. Náist ekki meiri hluti í Sexmannanefnd, skal skjóta málinu til úrskurðar yfirnefndar samkvæmt 3. málsgr. 6. gr. laga nr. 101 1966. Sexmannanefnd og yfirnefnd skulu ljúka endurskoðuninni fyrir 20. desember 1967. Þær breytingar á verði landbúnaðarafurða, sem af endurskoðuninni leiðir, skulu taka gildi 1. janúar 1968.

2. gr.

Fé það, er kemur vegna úfluttra landbúnaðarafurða á reikning þann, sem um getur í 4. gr. laga nr. 69 1967, skal nota til þarfa landbúnaðarins samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegna breytingar á gengi íslenzkrar krónu hinn 24. nóvember 1967 hækka ýmsir kostnaðarliðir verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara verðlagsársins 1967/1968, svo sem erlendur fóðurbætir, benzín, olíur o. fl. Ber því nauðsyn til, að verðlagsgrundvöllur sá, sem ákveðinn var með úrskurði yfirnefndar hinn 1. desember 1967, verði endurskoðaður. Gert er ráð fyrir í 1. gr. frumvarpsins, að Sexmannanefnd framkvæmi greinda endurskoðun. Náist ekki meiri hluti í Sexmannanefnd, gengur málið til fullnaðarúrskurðar yfirnefndar með venjulegum hætti.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 69 1967, skal verja gengishagnaði vegna útflutningsafurða, sem framleiddar eru fyrir 31. desember 1967, í þágu þeirra atvinnuvega, sem eiga viðkomandi afurðaandvirði. Jafnframt var gert ráð fyrir, að þessu verði skipað með sérstökum lögum. Í samræmi við þessa ráðagerð er svo fyrir mælt í 2. gr. frumvarpsins, að gengishagnaði af útfluttum landbúnaðarafurðum framleiddum fyrir árslok 1967 skuli ráðstafað af landbúnaðarráðherra.

Sþ. 124. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1968.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Það hefur verið venja undanfarandi ár, að fjárveitinganefnd hefur flutt sameiginlega breytingartillögur við 2. umræðu fjárlagafrv. Hins vegar hafa einstakir nefndarmenn haft óbundnar hendur um fylgi við þær, þó að flestar þeirra hafi haft fylgi allra nefndarmanna. Ástæðan til þess, að frá þessu er nú horfið og meiri hluti nefndarinnar flytur einn þessar tillögur, er þessi: Vegna breytingar þeirrar, sem gerð var á skráðu gengi íslenzkrar krónu, varð að breyta öllu fjárlagafrv. frá því, sem það var, er það var lagt fram við 1. umræðu. Breytingar vegna gengisfellingar

voru gerðar samkvæmt ákvörðun stjórnvalda og útreikningum, sem þau töldu að áhrif gengislækkunar hefðu í för með sér, en þær eru þessar:

1. Launaliðir eru hækkaðir um 3.39%
2. Viðhaldsliðir eru hækkaðir um 10%
3. Vextir af lánum ríkissjóðs hækka þannig:
   - Dollarasvæðið 32.6%
   - Dönsk lán 22.1%
   - Sterlingssvæðið 14.3%
   - Verðtryggð innlend lán hækka um 13.4%
   - Að öðru leyti óbreytt.
4. Önnur rekstrargjöld hækka um 20%
5. Fjárfestingarliðir óbreyttir.

Tekjum stofnana var yfirleitt ekki breytt. Fjárveiting til þeirra, er dveljast við nám erlendis, er hækkuð, svo að notagildi námslána og styrkja haldist. En annar hluti framfærslukostnaðar námsmanna hækkar að sjálfsögðu verulega, og flytjum við sérstaka breytingartillögu um, að úr því verði bætt með framlagi úr ríkissjóði.

Hvort tveggja er, að sumar ákvarðanir stjórnvalda um fyrrnefndar breytingar, svo sem óbreyttar fjárveitingar í krónutölu til fjárfestingar, getum við ekki fallizt á, og málið allt, þ. e. gengisbreytingin, er stjórnarathöfn, er í við minni hluta fjárveitinganefndar eigum ekki aðild að, og af þeirri ástæðu gátum við ekki átt aðild að flutningi breytingartillagna við fjárlagafrv., er leiddi af gengisbreytingunni.

Breytingartillögur þær, sem fjárveitinganefnd ákvað að gera við fjárlagafrv. nú við 2. umræðu þess umfram breytingartillögur þær, sem leiddi af gengisbreytingunni, eru fluttar með þeim eða felldar inn í þær, svo að af þeim ástæðum gátum við ekki verið aðilar að flutningi þeirra á þingskjali, þó að við stæðum að þeim flestum í fjárveitinganefnd og munum fylgja þeim, ef þær verða bornar undir atkvæði sérstaklega við afgreiðslu í þingsal.

Fjárlagafrv. það, sem hér liggur fyrir til 2. umræðu, er að formi og allri gerð mjög breytt frá því, sem áður hefur verið. Er það í samræmi við ný lög um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Þessi breyting gerir það að verkum, að samanburður við fyrri fjárlög er mjög erfiður. Hins vegar telur minni hl., að þetta form og breytingar, er af því leiðir, muni verða til bóta og gefa gleggri mynd af ríkisrekstrinum í heild en áður hefur verið. T. d. er það mjög til bóta að okkar dómi að taka inn í fjárlagafrv. hina fjölmörgu tekjustofna, sem hafa verið ákvarðaðir í vaxandi mæli með sérstökum lögum, án þess að Alþingi gerði sér grein fyrir, hversu háar fjárhæðir hér væri um að ræða í heild eða á annan hátt um notagildi þessa fjár.

Hagsýslustjóri hefur starfað með nefndinni, og hefur samstarf hans og nefndarinnar verið gott.

Þegar fjárlagafrv. er nú tekið til 2. umræðu, er mjög langt frá því, að hægt sé að gera sér grein fyrir því, hver raunveruleg afgreiðsla fjárlaganna kann að verða. Til þess skortir margt bæði í útgjalda- og tekjuhlið fjárlagafrv. Telur minni hlutinn ástæðu til að átelja sérstaklega þessa afgreiðsluhætti, sem mjög hafa orðið áberandi hin síðustu ár, þó að nú keyri alveg um þverbak.

Ekkert liggur fyrir um það nú frekar en var í fjárlagafrv., er það var lagt fram, hvort nokkurri krónu á að verja til nýrra skólabygginga eða eigi. Fjárlagafrv. gerir ekki ráð fyrir því, og ekkert liggur fyrir um það enn þá, hvort meiri hl. fjárveitinganefndar sætti sig við það. Sömu sögu er að segja af öðrum fjárfestingarliðum. Eins og nú horfir, er gert ráð fyrir þeim flestum óbreyttum í krónutölu frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, þrátt fyrir gengisbreytinguna. Að vísu verður því ekki trúað, að þessari ákvörðun verði fylgt til þrautar, þótt nú horfi svo.

Þá liggur ekkert fyrir um það enn þá, hvað gengisbreytingin kann að hafa mikil áhrif á tekjuáætlun fjárlagafrv. Ljóst er þó, að tekjur ríkissjóðs hækka veru-

lega við gengisbreytinguna, og þær breytingar, sem þegar hafa verið gerðar, munu ekki hafa veruleg áhrif á greiðslujöfnuð frv. Afstaða minni hl. til tillögugerðar í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna getur því ekki legið fyrir fyrr en við 3. umræðu þess, af þeirri ástæðu, sem við höfum þegar greint.

Hins vegar vill minni hl. lýsa þeirri afstöðu sinni til afgreiðslu fjárlaga nú:

1. Að fjárveitingar til helztu fjárfestingarframkvæmda verði að framkvæmdamætti ekki minni en fjárlög 1967 gerðu ráð fyrir.
2. Að draga verði úr skaðvænlegum áhrifum gengisbreytingarinnar svo sem auðið er með auknum tryggingum, sérstaklega til elli- og örorkulaunþega, stórra barnafjölskyldna, með lækkun aðflutningsgjalda o. fl. Jafnframt sé að því stefnt með breytingu á aðflutningsgjöldum að hagræða þeim fyrir íslenzkan atvinnurekstur.
3. Að horfið verði frá fyrirhugaðri margföldun á mati fasteigna til eignarskatts. Með því er seilzt til tekjustofna sveitarfélaga. En ástæða væri til þess a. m. k. að hækka fasteignaskatt hjá þeim stofnunum, er hvorki greiða útsvar né aðstöðugjald til sveitarsjóða. Væri á þann hátt hægt að draga úr útsvarsbyrðinni í sveitarfélögum.
4. Að hert verði mjög á eftirliti og sparnaði í ríkiskerfinu. Sérstaklega verði spornað gegn útþenslu þess. Munum við leggja fram þingsályktunartillögu um sérstaka athugun á útþenslu ríkiskerfisins s. l. áratug og að á grundvelli þeirrar athugunar verði gerðar tillögur til úrbóta.

Við fjárlagaafgreiðslu síðustu ára hefur minni hl. varað við og leitt rök að því, til hvers mundi draga með þeirri útþenslu og eyðslu í ríkiskerfinu, sem ásamt stjórn- og skipulagsleysi í fjárfestingu hefur magnað í landinu dýrtíð, sem grafið hefur grunninn undan afkomu atvinnuvega og viðskiptalífi landsmanna. T. d. vöktum við athygli á því við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1967, að það væri með öllu óframkvæmanlegt að gera það tvennt samtímis: að koma á verðstöðvun og hækka fjárlög um einn milljarð. Við sýndum þá líka fram á, að ástand og horfur um afkomu atvinnuveganna væri mjög alvarlegt, þrátt fyrir góðæri síðustu ára.

Hvað hefur reynslan sannað, síðan fjárlög voru afgreidd í desember 1966?

Verðstöðvun er afnumin, lögin gengin úr gildi og frumvarp að löggjöf, er átti að verða arftaki stöðvunarlaganna, hvílir á barmi ruslakörfunnar. Hætt var við niðurgreiðslur að fjárhæð yfir fjögur hundruð milljónir króna, áður en lögin gengu úr gildi, og verðhækkanir streyma inn í verðlagið daglega. Sérstakar ráðstafanir voru gerðar til aðstoðar við sjávarútveginn og fiskiðnaðinn eftir síðustu áramót og gengi íslenzkrar krónu fellt um 24.6% rúmum átta mánuðum síðar. Þrátt fyrir þessar aðgerðir allar eru enn þá uppi raddir meðal samtaka, a. m. k. eigenda hraðfrystihúsa, um, að ekki sé nóg að gert þeirri atvinnugrein til aðstoðar.

Þótt komið sé nú fram í desember og því nær einn þriðji hluti liðinn af verðlagsári landbúnaðarins, hefur verðlagsgrundvöllur að landbúnaðarvörum ekki enn þá verið ákveðinn.

Þegar þær staðreyndir, er við höfum minnt á í nefndaráliti okkar hér að framan, eru hafðar í huga, verður það ljóst, að ekki var ofsagt, er við sögðum við afgreiðslu fjárlaga 1967, að verðstöðvun ætti sér ekki langa framtíð og vandamál atvinnuveganna væru óleyst.

Þá hefur það og gerzt á þessu hausti, að ríkisstjórnin hefur numið úr gildi lög um vísitöluuppbót á laun. Með þeirri ákvörðun hefur ríkisstjórnin ákveðið að láta dýrtíðaröldu þá, er rísa mun af efnahagsráðstöfunum hennar, falla óbrotna á fólkinu í landinu, og mun það leiða til átaka á vinnumarkaðinum. Hins vegar sýnir ríkisstjórnin enga tilburði til sparnaðar í ríkisrekstrinum eða samdráttar í ríkiskerfinu. Þar er útþenslan söm við sig. Nýtt sendiherraembætti var t. d. stofnað á yfirstandandi ári, þó að nógu mörg væru fyrir. Þá er áframhaldandi útþensla á kostnaði við álagningu skatta, þótt næg væri fyrir. Sömu sögu er að segja af kostn-

aði við dómsmál og lögreglustjórn. Fleiri dæmi mætti nefna um útþenslu í ríkiskerfinu, þó að það verði ekki gert frekar að þessu sinni. Aðeins skal á það minnt að mjög var það gagnrýnt af hálfu stjórnarandstöðunnar í fjárveitinganefnd við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1967, hve útþensla ríkiskerfisins var mikil þá og beinlínis eyðsla í ríkisrekstrinum, þegar hvert embættið á fætur öðru fékk 30—50% hækkun á fjárhæð til rekstrar. Þessi framkvæmd sagði fljótlega til sín, þar sem um 750 milljónir króna vantaði til að ná endum saman að óbreyttum útgjöldum við undirbúning fjárlaga á s. l. hausti. Þó var ríkisstjórninni það nær skapi að lækka fjárveitingu til niðurgreiðslna á vöruverði og koma þannig af stað nýrri verðbólguskriðu heldur en gera tilraun til sparnaðar í ríkiskerfinu. Sýnir það svo greinilega sem verða má, að álögur á fólkið í landinu eru ríkisstjórninni nærtækari en sparnaður, þar sem ráð hennar eru mest.

Eins og fram kemur í nefndaráliti okkar hér að framan, er fjárlagaafgreiðsla svo óljós nú við 2. umr. fjárlagafrv., að ekki er ástæða til að ræða hana frekar að sinni, en þess beðið að sjá, hverjar verða tillögur ríkisstjórnarinnar um meðferð á fjármálum ríkisins nú eftir gengisbreytinguna.

Það skal þó að lokum tekið fram, að ekki spáir það góðu, sem gert hefur verið af hálfu ríkisstjórnarinnar, síðan gengisbreytingin var gerð. Segir okkur hugur um, að svo muni það einnig verða, er á eftir kemur.

Alþingi, 8. des. 1967.

Halldór E. Sigurðsson, frsm. Geir Gunnarsson. Ágúst Þorvaldsson.

Ingvar Gíslason.

Sþ. 125. Breytingartillögur [1. mál]

við brtt. á þskj. 110 [Fjárlög].

Frá minni hl. fjárveitinganefndar (HS, GeirG, ÁÞ, IG).

		Þús. kr.
1.	Við brtt. 2. (Við 4. gr. — 1 01 401).	
	a. Við 0 91 Til fyrirtækja í B-hluta. Fyrir „28 365“ kemur	35 865
	b. Við Viðfangsefni 02 Til styrktar ísl. námsmönnum. Fyrir „28 365“ kemur	35 865
2.	Við brtt. 3. (Við 5. gr. — 2 01 4 01 1 80 Framlög úr ríkissjóði). Fyrir „28 365“ kemur	35 865

Sþ. 126. Breytingartillögur [1. mál]

við brtt. á þskj. 110 [Fjárlög].

Frá Geir Gunnarssyni.

Við brtt. 2. (Við 4. gr. — 1 02).

		Þús. kr.
a.	Við 103. Liðurinn orðist svo: **Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli**	11 500
b.	Við 202. Liðurinn orðist svo: **Sendiráð á Norðurlöndum**	4 500

c. Við 205 Sendiráðið í Osló.
Liðurinn fellur niður.
d. Við 207 Sendiráðið í Stokkhólmi.
Liðurinn fellur niður.
e. Við 211 Sendinefnd Íslands hjá NATO.
Liðurinn fellur niður.
f. Við 300 Alþjóðastofnanir.
1. Við 0 94 Til einstaklinga, heimila og samtaka.
Fyrir „17 202“ kemur 16 804
2. Við Viðfangsefni 23 Þingmannasamband NATO.
Liðurinn fellur niður.

Sþ. 127. Breytingartillögur [1. mál]

við brtt. á þskj. 110 [Fjárlög].

Frá Gils Guðmundssyni og Magnúsi Kjartanssyni.

a. Við brtt. 2 (Við 4. gr. 1 01).
1. Við 601 0 40 Landsbókasafn. Gjaldfærður stofnkostnaður. Þús. kr.
Fyrir „1 300“ kemur 3 000
2. Við 607 0 91 Listasafn ríkisins. Til fyrirtækja í B-hluta.
Fyrir „400“ kemur 5 000
3. Við 701 Listir, framlög.
a. Við Viðfangsefni 14 Listamenn.
Fyrir „4 080“ kemur 8 000
b. Við Viðfangsefni 14. Nýr liður:
Til listkynningar um landið, samkvæmt ákvörðun menntamálaráðs 1 000
4. Við 801 Viðfangsefni 03 Vísinda- og fræðimenn.
Fyrir „380“ kemur 1 000
b. Við brtt. 3. (Við 5. gr. 2 01).
Við 607 1 80 Byggingarsjóður Listasafns ríkisins. Framlög úr ríkissjóði.
Fyrir „400“ kemur 5 000

Nd. 128. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Hól í Ölfusi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með, að frumv. verði samþykkt. Tveir nefndarmenn, Benedikt Gröndal og Vilhjálmur Hjálmarsson, voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt á nefndarfundi.

Alþingi, 11. des. 1967.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Pálmi Jónsson, fundaskr. Stefán Valgeirsson.
Jónas Pétursson. Hannibal Valdimarsson.

Sþ. 129. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1968 og við brtt. á þskj. 110.

I. Frá *Karli Guðjónssyni.*

Við brtt. 2. (Við 4. gr. — 1 01). Þús. kr.

a. Við 246 0 40 Iðnskólar, almennt. Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „5 338“ kemur 7 338

b. Við 702 Styrkir til myndlistarskóla. Viðfangsefni 03 Vestmannaeyjar.
Fyrir „20“ kemur 50

II. Frá *Magnúsi Kjartanssyni* og *Eðvarð Sigurðssyni.*

Við brtt. 2. (Við 4. gr. — 1 04).
Við 213 Viðfangsefni 03 Byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa.
Fyrir „35 946“ kemur 45 946
Í sundurliðun 2. 1. Reykjavík komi 28 000 í stað 18 000.

III. Frá *Karli Guðjónssyni.*

1. Við brtt. 2. (Við 4. gr. — 1 05).
a. 501 Vinnumál. Viðfangsefni 06. Nýr liður:
Orlofsheimili BSRB 600

b. Við 999 Ýmis framlög. Viðfangsefni 47 Dagheimili.
Fyrir „500“ kemur 550
Í sundurliðun 3. 2. Í Kumbaravogi komi 100 í stað 50.

2. Við brtt. 2. (Við 4. gr. — 1 07).
Við 155 0 94 Sjómannaskóli í Vestmannaeyjum. Til einstaklinga heimila og samtaka.
Fyrir „400“ kemur 600

IV. Frá *Skúla Guðmundssyni.*

Við brtt. 3. (Við 5. gr. — 2 06).
Við 501 Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.
Við liðinn bætist svo hljóðandi athugasemd:
Óheimilt er að veita nokkrum öðrum en sendiherrum og sendifulltrúum erlendra ríkja afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði á vörum verzlunarinnar. Þó má veita Eimskipafélagi Íslands h/f, Skipaútgerð ríkisins og Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli afslátt á verði á vörum, enda séu þær eingöngu seldar farþegum í utanlandsferðum, en komi ekki til neyzlu innanlands.

V. Frá *Karli Guðjónssyni.*

Við 6. gr. IX. Nýr liður.
Að láta 15% af heildarsölu Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins í Vestmannaeyjum árin 1967 til 1976, að þeim árum báðum meðtöldum, renna til stofnkostnaðar Vatnsveitu Vestmannaeyja.

VI. Frá *Sigurði Bjarnasyni.*

Við brtt. 4. (Við 6. gr.) Aftan við tillöguna bætist nýr liður:
Að verja 90 þús. kr. til þess að reisa skýli í Vatnsfirði á Barðaströnd yfir teinæringinn Egil í Hvallátrum.

Sþ. 130. Fyrirspurnir. [73. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um framkvæmd laga um skólakostnað.

Frá Karli Guðjónssyni.

Hvenær eiga ákvæði laga um skólakostnað frá s. l. vori að koma til framkvæmda:
a) að því er varðar stofnkostnað skólamannvirkja?
b) að því er tekur til rekstrarkostnaðar skólanna?

II. Til félagsmálaráðherra um lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins o. fl.

Frá Einari Ágústssyni, Ingvari Gíslasyni og Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Hvað eru margar umsóknir, sem bárust fyrir 15. marz 1967, óafgreiddar hjá húsnæðismálastjórn, og hversu margar umsóknir hafa borizt síðan?
2. Hvenær má búast við, að þeir, sem eiga óafgreiddar lánsumsóknir, fái húsnæðislánin útborguð:
   a) þeir, sem sótt hafa fyrir 15. marz 1967,
   b) þeir, sem sótt hafa eftir 15. marz 1967?
3. Hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar um fjármögnun 1. áfanga byggingaráætlunarinnar í Breiðholti umfram venjuleg lán húsnæðismálastjórnar?
4. Hvert er nú áætlað raunverulegt kostnaðarverð íbúðanna í 1. áfanga Breiðholtsframkvæmdanna?
5. Hvað hefur byggingarsjóður lagt mikið fé til framkvæmdaáætlunarinnar til þessa, og hversu mikið fé hefur komið annars staðar frá?
6. Hvernig er ráðgert að fjármagna síðari hluta framkvæmdaáætlunarinnar, og hvernig verður þeim framkvæmdum skipað, m. a. varðandi útboð?
7. Hefur verið umrætt eða er fyrirhugað, að sams konar byggingaráætlanir og Breiðholtsáætlunin verði gerðar í öðrum bæjarfélögum?
8. Er áformað að fella burt vísitöluálag á vexti og afborganir húsnæðislána?

Sþ. 131. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 110 [Fjárlög].

Frá Lúðvík Jósefssyni og Jónasi Árnasyni.

Við brtt. 2. (Við 4. gr. — 1 05).
Við 999 Ýmis framlög. Viðfangsefni 13. Nýr liður: Þús. kr.
Til byggingar sjómannaheimila, samkv. úthlutun ráðherra 1 000

Sþ. 132. Tillaga til þingsályktunar [74. mál]

um undirbúning heildarlöggjafar um hagnýtingu fiskimiðanna umhverfis landið.

Flm.: Jón Skaftason, Ágúst Þorvaldsson, Ingvar Gíslason, Björn Pálsson, Gísli Guðmundsson, Halldór E. Sigurðsson, Sigurvin Einarsson, Bjarni Guðbjörnsson, Ólafur Jóhannesson, Einar Ágústsson.

Alþingi ályktar að kjósa 9 manna nefnd til þess að undirbúa setningu heildarlöggjafar um hagnýtingu fiskimiðanna umhverfis landið. Skulu 5 nefndarmanna kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi, en Hafrannsóknastofnunin tilnefna 2 nefndarmenn, Landssamband íslenzkra útvegsmanna 1 nefndarmann og heildarsamtök sjómanna 1 nefndarmann.

Nefndin skal hraða störfum eftir föngum, og greiðist kostnaður við störf hennar úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Fiskimiðin umhverfis landið eru með dýrmætustu auðlindum landsmanna. Afkoma þjóðarinnar að undanförnu hefur byggzt meira á sjávarafla en nokkurri annarri framleiðslu. Mun svo vafalaust verða enn þá um ófyrirsjáanlega framtíð.

En fiskimiðin umhverfis Ísland eru ekki ótæmandi frekar en annars staðar, og hraðvaxandi floti erlendra og innlendra fiskiskipa með fullkomnari veiðiútbúnað ár frá ári gerir þörfina fyrir lagasetningu um skipulegar veiðar á hafsvæðinu umhverfis landið æ nauðsynlegri.

Þessar reglur þurfa að miða að því að nýta fiskimiðin eins heppilega fyrir landsmenn og kostur er og þá að sjálfsögðu að gæta þess um leið að ganga ekki of nærri stofnum helztu nytjafiska.

Þetta verður að dómi flutningsmanna bezt gert á þann hátt að ákveða veiðisvæði fyrir vissar tegundir veiðarfæra og skipuleggja þannig sjálfar veiðarnar og hins vegar með því að ákveða viss friðunarsvæði, þar sem uppeldisstöðvar nytjafiska eru. Er það verkefni þeirrar nefndar, sem tillaga þessi gerir ráð fyrir, að kosin verði, að kanna þetta mál ýtarlega í því skyni að finna sem hagkvæmast fyrirkomulag í þessum efnum.

Flutningsmönnum eru vissulega ljósir ýmsir vankantar við þá skipan, sem hér er lagt til, að upp verði tekin. Bæði er, að fiskigöngur haga ferðum sínum ólíkt einstök ár og kynnu því fastar reglur að tálma nokkuð því valfrelsi, sem nú tíðkast við veiðarnar. En þrátt fyrir það eru þeir hagsmunir miklu stærri, sem bundnir eru við skipulegar veiðar og verndun uppeldisstöðva, sem tillöguflutningur þessi miðar að. Reynsla erlendra fiskveiðiþjóða bendir líka eindregið í þá áttina, og má t. d. nefna fordæmi Norðmanna, sem hafa sett ýtarlegar reglur um nýtingu sinna heimamiða. Mætti nokkuð styðjast við reynslu þeirra í þeim efnum.

Það er nú nokkuð almennt viðurkennt, að setja þurfi reglur um hagnýtingu auðæfa hafsins. Má í því sambandi vitna til þeirra umræðna, sem um það mál urðu á þingi hinna Sameinuðu þjóða í byrjun s. l. vetrar. Flestum hugsandi mönnum er ljós sú hætta, sem hömlulaus veiði getur haft á fiskistofnana, þótt ólíkir hagsmunir ýmissa fiskveiðiþjóða og stundarhagsmunir hafi enn þá komið í veg fyrir setningu slíkra reglna.

Íslendingar eiga þjóða mest undir því komið, að vel takist til í þessum efnum. Þeim ber því skylda til þess að ganga á undan með skipulagningu veiðanna í eigin fiskveiðilandhelgi. Reglur, er miðuðust við hámarksarðsemi veiðanna án þess að ganga of nærri fiskistofnunum og þá að sjálfsögðu ungfiskinum fyrst og fremst, mundu einnig duga okkur vel í baráttunni fyrir rýmri fiskveiðilandhelgi, sem okkur er lífsnauðsyn að fá fram sem fyrst. Reynslan af fyrri útfærslum fiskveiðilandhelginnar, sem allar byggðust á lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá árinu 1948, sannar það vel.

Nd. 133. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. des. 1967.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Skúli Guðmundsson.
Lúðvík Jósefsson.	Gunnar Gíslason.	Vilhjálmur Hjálmarsson.
	Guðl. Gíslason.	

Ed. 134. Breytingartillögur [41. mál]

við frv. til l. um Bjargráðasjóð Íslands.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni og Birni Fr. Björnssyni.

1. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Úr afurðatjónadeild er skylt að greiða bætur eða veita lán:
   a. Ef heyfengur bónda af völdum kals, óþurrka eða af öðrum sambærilegum ástæðum verður 20% eða meira undir meðallagi þriggja undanfarinna ára, miðað við heyfeng af hektara ræktaðs lands, skal veita lán eða bætur eða hvort tveggja. Upphæð bóta eða lána miðast við meðalgangverð á heyi árinu fyrr. Bjargráðastjórn metur, hvort veita skuli lán eða greiða bætur.
   b. Bætur skal greiða vegna afurðatjóns af nautgripum og sauðfé af völdum sjúkdóma, svo sem lambaláts, veiruskitu í kúm og sölubanns afurða vegna sóttvarnaráðstafana. Bótafjárhæð skal miðuð við, að sá, sem fyrir afurðatjóni verður, fái að fullu bætt það tjón, sem verður fram yfir 8% af ársafurðum bóndans árið á undan, miðað við sama gripafjölda, enda leggi hann fram óyggjandi sannanir um magn búsafurða það ár. Ella verði miðað við meðalafurðir af grip í þeirri sýslu, er tjón varð í.
   c. Bæta skal tjón vegna dauða nautgripa og sauðfjár af völdum sjúkdóma eða eitrunar, ef tjónið hefur numið 12% eða meira af bústofni, enda hafi ekki verið vátryggt fyrir tjóninu, eða það bætt samkv. öðrum lögum. Upphæð bóta skal vera skattmatsverð. Heimilt er Bjargráðastjórn að veita lán, þótt tjón nemi minna en 12%, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi að mati sjóðsstjórnarinnar. Bótagreiðslur skv. b- og c-lið skulu miðast við hvora búgrein fyrir sig, nautgripi og sauðfé.
2. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   Nú hrekkur fé sameignardeildar ekki til þess að veita þá aðstoð, sem nauðsyn krefur, samkvæmt 11. gr. a—b, og er þá ríkisstjórn heimilt að ábyrgjast nauðsynleg lán fyrir deildina eða veita henni lán úr ríkissjóði. Sama gildir um afurðatjónadeild, ef hana brestur fé til að greiða bætur eða veita lán skv. 12. gr. a—c. Slík lán mega þó ekki á einu ári nema hærri upphæð en svarar eins árs tekjum deildarinnar. Geti afurðatjónadeild ekki, þótt hún fái slíkt lán, innt af höndum skyldur sínar, ber ríkissjóði að leggja til það, er á vantar.
3. Við 16. gr. Á eftir orðunum „rekstur sjóðsins“ bætist: og um skipun trúnaðarmanna sjóðsstjórnar í öllum sýslum landsins.

Sþ. 135. Breytingartillögur [1. mál]

við brtt. á þskj. 110 [Fjárlög].

Frá Jónasi Árnasyni.

1. Við brtt. 2. (Við 4. gr. — 1 01).
   Við 701 Listir, framlög. Viðfangsefni 08 Leiklistarstarfsemi. Þús. kr.
   Fyrir „1 300“ kemur 2 000
2. Við brtt. 2. (Við 4. gr. — 1 05).
   Við 999 Ýmis framlög. Viðfangsefni 33 Æskulýðsnefnd Borgarfjarðar- og Mýrasýslna.
   Fyrir „25“ kemur 100

Nd. 136. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenzkrar krónu.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumv. á tveim fundum og gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Meiri hluti n. leggur til, að frumv. verði samþykkt, en minni hlutinn mun skila séráliti.

Þó varð nefndin sammála um að flytja eina breytingartillögu, sem birt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. des. 1967.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Pálmi Jónsson, fundaskr. Jónas Pétursson.

Benedikt Gröndal.

Nd. 137. Breytingartillaga [72. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenzkrar krónu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Í stað orðanna „20. desember“ í 1. gr. komi: 23. desember.

Nd. 138. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenzkrar krónu.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd Nd. er sammála um meginatriði frv., þ. e. að verðhækkanir á rekstrarvörum landbúnaðarins vegna gengislækkunarinnar skuli koma inn í verðlag landbúnaðarvara 1. janúar og að gengishagnað af framleiðslu landbúnaðarins á þessu ári skuli nota til þarfa landbúnaðarins.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hl. telur nauðsynlegt að umorða báðar málsgreinar þess.

Í úrskurði meiri hl. yfirnefndar um verðlagningu landbúnaðarvara, sem féll 1. þ. m., er gert ráð fyrir nálega óbreyttu verðlagi frá því, sem var síðastliðið verðlagsár. Nálega öll þau gögn, sem að venju voru lögð fyrir sexmannanefnd og síðar yfirnefndina varðandi rekstrarkostnað grundvallarbúsins, sýndu miklu hærri tilkostnað en viðurkenndur var í verðgrundvelli síðasta árs. Athuganir á vinnumagni bentu til þess, að kaupgjaldsliður verðgrundvallarins þyrfti að stórhækka. Upplýsingar þær, er afla skal skv. 8. gr. framleiðsluráðslaganna „um tekjur vinnandi stétta á undangengnu ári“, sýndu, að liðurinn „laun bónda“ í verðlagsgrundvellinum þurfti að hækka um liðlega 20% til þess að ná því samræmi í tekjum stéttanna, sem áskilið er í 4. gr. laganna. Þrátt fyrir þetta úrskurðar meiri hluti yfirnefndar svo til óbreytt verðlag. Og í greinargerð meiri hluta yfirnefndar er beinlínis tekið fram, að eigi sé farið eftir ákvæðum 2. málsgreinar 4. greinar framleiðsluráðslaganna um að tilfæra ársvinnutíma bónda, og þess einnig getið sérstaklega, að allar upplýsingar um aðra kostnaðarliði grundvallarins — að einum undanskildum — hafi verið lagðar til hliðar.

Þessi vinnubrögð telja undirritaðir með öllu óhæfileg. Og með tilliti til þeirra og svo hinna gífurlegu tafa, er orðið hafa á verðlagningu búvara á þessu hausti, þá leggjum við til, að Hagstofu Íslands verði falið að reikna út rekstrarvöruhækkanirnar skv. 1. gr. frv. og að framleiðsluráð landbúnaðarins felli þær síðan inn í verðlagið. Með því móti ætti að vera tryggt, að þeirri endurskoðun, er um ræðir í 1. málslið 1. greinar, yrði lokið fyrir tilsettan tíma.

Þá þykir minni hlutanum rétt að kveða nánar á um það, hversu verja skuli gengishagnaði á útfluttum landbúnaðarvörum skv. 2. gr., enda er það í fullu samræmi við ákvæði gengislaganna. Áætlanir þær, sem gerðar hafa verið um útflutning landbúnaðarvara á yfirstandandi verðlagsári, benda til þess, að lögákveðnar útflutningsuppbætur hrökkvi ekki til þess, að fullt grundvallarverð náist. Og þegar þess er enn fremur gætt, að í greinargerð yfirnefndar segir, að ríkisstjórnin hafi ákveðið, að gengishagnaður af landbúnaðarvörum renni fyrst og fremst til verðuppbótar á ull og gærur, og að nefndin hafi ákveðið verð á þeim vörum með tilliti til þess, þá virðist eðlilegt að taka fram í lögunum, að svo skuli gert.

Samkvæmt framansögðu leggjum við til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist svo:

Endurskoða skal verð á kostnaðar- og tekjuhlið verðlagsgrundvallar landbúnaðarafurða fyrir framleiðsluárið 1967/68 með tilliti til þeirra verðbreytinga, sem breytt gengi íslenzku krónunnar frá 24. nóvember 1967 hefur í för með sér.

Hagstofa Íslands skal reikna út verðhækkanir á innfluttum rekstrarvörum landbúnaðarins, þar á meðal kjarnfóðri, tilbúnum áburði, efnivörum til viðhalds húsa og girðinga, varahlutum, benzíni, olíum og öðru til véla. Einnig meti hún og hækkanir á flutningum og öðrum kostnaði.

Framleiðsluráð landbúnaðarins verðskráir landbúnaðarvörurnar í einstökum atriðum á grundvelli útreikninga Hagstofu Íslands.

Hagstofa Íslands skal hafa lokið útreikningum samkv. 2. málsgr. fyrir 23. desember 1967. Þær breytingar á verði landbúnaðarafurða, sem af endurskoðuninni leiðir, skulu taka gildi 1. janúar 1968.

2. 2. gr. orðist svo:

Fé það, er kemur vegna útfluttra landbúnaðarafurða á reikning þann, sem um getur í 4. gr. laga nr. 69 1967, skal nota til verðuppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir, eftir tillögum framleiðsluráðs landbúnaðarins, til viðbótar því fé, sem greitt er skv. 12. gr. laga nr. 101 1966.

Alþingi, 11. des. 1967.

Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Stefán Valgeirsson. Hannibal Valdimarsson.

Nd. 139. Frumvarp til laga [75. mál]

um breyting á lögum nr. 90 7. október 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Frá tekjum sjómanna lögskráðra á íslenzk skip skal draga kostnað vegna hlífðarfata. Frádrátturinn ákveðst 500 kr. á mánuði og miðast við þann vikufjölda, sem þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda sem sjómenn.

Sömu aðilum skal veittur sérstakur frádráttur, 3000.00 kr. fyrir hvern mánuð, reiknað á sama hátt, enda hafi þeir verið skipverjar á íslenzkum skipum ekki skemur en sex mánuði af skattárinu.

Hlutaráðnir menn skulu njóta frádráttar samkv. 1. og 2. málsgrein, þótt þeir séu ekki lögskráðir, enda geri útgerðarmaður fullnægjandi grein fyrir, hvernig hlutaskiptum er farið og yfir hvaða tímabil launþegi hefur tekið kaup eftir hlutaskiptum.

Ef sjómenn á íslenzkum fiskiskipum þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði, skal draga þann fæðiskostnað frá tekjum þeirra. Við ákvörðun þess kostnaðar skal farið eftir mati skattyfirvalda.

2. gr.

Virðing á fasteign til eignarskatts skv. 22. gr. A-lið laganna skal miðuð við gildandi fasteignamat nífaldað. Virðing á bújörðum með tilheyrandi íbúðar- og peningshúsum og öðrum mannvirkjum skal þó fara eftir fasteignamati margfölduðu með 4.5.

3. gr.

Í stað orðanna „100 þús. kr. skattgjaldseign“ í I-lið 26. gr. laganna komi: 200 þús. kr. skattgjaldseign.

4. gr.

1. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Í hreppum eru hreppstjórar umboðsmenn skattstjóra, en í bæjarfélögum skipar fjármálaráðherra umboðsmanninn til 6 ára í senn. Nú forfallast hreppstjóri eða skorast undan þessum starfa, og er þá oddvita hreppsins skylt að gegna starfanum. Nú hefur umboðsmaður þegar verið skipaður í stað hreppstjóra, og skal sú skipan haldast, meðan hann kýs að sinna starfanum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1967.

Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 43 29. apríl 1967, um breyting á lögum nr. 90 7. október 1965, um tekjuskatt og eignarskatt. Enn fremur falla úr gildi 2. og 3. málsliður b-liðs 3. mgr. 4. gr. laga nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, og 2. gr. laga nr. 97 22. des. 1965, um breyting á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Samkvæmt gildandi lögum njóta allir sjómenn á íslenzkum skipum frádráttar vegna hlífðarfatakostnaðar 500 kr. á mánuði.

Þá njóta sjómenn á íslenzkum fiskiskipum, þar með töldum sel- og hvalveiðiskipum, sérstaks frádráttar, 3000.00 kr. á mánuði, enda hafi þeir verið skipverjar á nefndum skipum ekki skemur en sex mánuði af skattárinu.

Lagt er til, að frádráttarheimild þessi verði látin ná til allra sjómanna á íslenzkum skipum. Verður eigi séð, að slíkur aðstöðumunur sé með sjómönnum á fiskiskipum og öðrum sjómönnum, að ástæða sé til mismunar að þessu leyti. Sjómenn eru allir jafnsettir að því leyti, að þeir verða að dvelja langtímum fjarri fjölskyldum sínum og heimilum og því talið vera um sanngirnismál að ræða.

Að öðru leyti er ekki um að ræða efnisbreytingu á greininni.

Um 2. gr.

Greinin er sama efnis og 25. gr. frumvarps til laga um efnahagsaðgerðir, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi sem þingskjal nr. 7 með þeirri breytingu, að níföldun fasteignamats kemur í stað tólfföldunar og margföldun með 4.5 í sveitum kemur í stað sexföldunar.

Í frumvarpinu um efnahagsaðgerðir miðuðust ákvæði 25. og 26. gr. við tekjuauka hjá ríkissjóði sem nam um 60 mkr. Við gengisbreytingu íslenzku krónunnar hafa flestar forsendur áðurgreinds frumvarps breytzt, þótt ekki sé talið rétt að falla frá nokkurri hækkun á mati fasteigna til skatts. Á hinn bóginn er ljóst, að gengisbreytingin veldur útgjaldahækkunum hjá sveitarfélögum og þykir því rétt að ákveða, að hækkun sú á virðingu fasteigna til eignarskatts, sem grein þessi gerir ráð fyrir, gildi einnig við álagningu eignaútsvara. Verður sérstakt frumvarp um það efni lagt fyrir Alþingi.

Um 3. gr.

Heildartekjuaukning ríkissjóðs vegna þessara breytinga er áætluð um 30 m. kr.

Greinin er sama efnis og 26. gr. áðurnefnds frumvarps um efnahagsaðgerðir og gerir ráð fyrir tvöföldun skattfrjálsrar eignar.

Um 4. gr.

Hér er um að ræða þá efnisbreytingu, að oddvitar verði skyldaðir til að sinna starfa umboðsmanns skattstjóra, ef hreppstjóri forfallast eða skorast undan þessum starfa. Eðlilegt má teljast, að oddvitar verði skyldaðir til að taka að sér þennan starfa, ef hreppstjóri forfallast eða skorast undan honum, enda eiga sveitarfélögin ákveðinna hagsmuna að gæta um að þessi starfi sé vel af hendi leystur. Þó er ráðgert að áfram standi skipan þeirra umboðsmanna, sem þegar hafa verið skipaðir í stað þeirra hreppstjóra, sem forfallazt hafa eða skorazt undan þessum starfa, ef þeir kjósa að sinna honum áfram.

Nd. 140. Frumvarp til laga [76. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

11. liður 7. gr. laganna orðist þannig:
Þjónusta banka og sparisjóða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að felld sé niður undanþága fyrir póst- og símaþjónustu frá söluskatti, þannig að söluskattur verði greiddur af henni svo sem annarri hliðstæðri þjónustu.

Nd. 141. Breytingartillaga [4. mál]

við frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

Við 1. gr. a-liður orðist svo:
Með allt að 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfagjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.

Nd. **142. Frumvarp til laga** [23. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

(Eftir 3. umr. í Ed., 12. des.)

Samhljóða þskj. 23 með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:

Í stað orðsins í 51. gr. l. málsgr.: „sjúkrasamlög“ komi: sjúkrasamlög og héraðssamlög.

Í stað orðanna í 51. gr. 2. mgr.: „49. gr. b. og c.“ komi: 49. gr. 4. mgr. a. og b.

Í stað 51. gr. 3. mgr. komi:

Frá og með 1. janúar 1969 skulu daggjöld opinberra sjúkrahúsa, hæla og annarra stofnana, sem 1.—3. mgr. 49. gr. tekur til, svo og gjaldskrár sömu stofnana vegna þjónustu við sjúklinga, sem ekki eru lagðir inn, greidd samkvæmt ákvörðun 5 manna nefndar, sem er þannig skipuð: Fjármálaráðherra skipar einn, Tryggingastofnun ríkisins skipar einn, Landssamband sjúkrahúsa skipar einn, Samband íslenzkra sveitarfélaga skipar einn og heilbrigðismálaráðherra skipar einn, sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Verði atkvæði jöfn í nefndinni, ræður atkvæði formanns.

Nefndin ákveður daggjöld og gjaldskrá á þann hátt, að heildartekjur stofnananna miðast við að standa straum af eðlilegum rekstrarkostnaði, enda séu gjöldin í samræmi við hagkvæman rekstur og þá þjónustu, sem stofnunin veitir. Heilbrigðismálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfssvið nefndarinnar og framkvæmd.

Sé um sjálfseignarstofnun eða einkaaðila að ræða, jafngildir það samningi, ef hlítt er ákvörðun nefndarinnar um daggjöld, er vera skulu í einu lagi fyrir vist og þjónustu, en að öðrum kosti getur Tryggingastofnunin ákveðið, að sjúklingum skuli endurgreidd tiltekin upphæð fyrir hvern legudag upp í kostnaðinn.

10. gr. hljóðar svo:

55. gr. orðist svo:

Ríkissjóður greiði Tryggingastofnuninni framlag til sjúkratrygginga, er nemur 25% greiddra sjúkrasamlagsiðgjalda samlagsmanna. Framlag þetta greiðist með jöfnum greiðslum mánaðarlega.

Tryggingastofnun ríkisins heldur eftir hluta af framlagi ríkissjóðs til þess að standa undir útgjöldum sjúkratryggingadeildar samkvæmt áætlun, sem stofnunin skal gera árlega fyrir hvert almanaksár og senda öllum sjúkrasamlögum fyrir lok nóvembermánaðar. Áætlunin skal við það miðuð, að leiðrétting náist á þeim mismun, sem orðið hefur á áætlun og ársreikningi síðastliðins árs, og enn fremur skal taka tillit til nauðsynlegrar endurskoðunar á áætlun yfirstandandi árs. Auk áætlaðra útgjalda má gera ráð fyrir tillagi til varasjóðs allt að 2% af útgjöldum sjúkratryggingadeildar.

Sá hluti af framlagi ríkissjóðs, sem ekki fer til sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar, rennur til sjúkrasamlaga og skiptist milli þeirra í hlutfalli við greidd iðgjöld. Enn fremur greiðir hlutaðeigandi sveitarsjóður framlag til sjúkrasamlagsins, sem nemur 85% greiddra iðgjalda.

Framlög til samlaga samkvæmt þessari grein greiðast ársfjórðungslega eftir á og miðast í hvert sinn við innheimt iðgjöld á ársfjórðungum. Þar sem iðgjöld til sjúkrasamlaga eru greidd í einu lagi fyrir hálft eða heilt ár, greiðast þó framlögin í samræmi við það. Séu framlögin ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða vexti frá gjalddaga, er séu 1% hærri en hæstu útlánsvextir banka á hverjum tíma.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Þeim sjúklingum, sem úrskurðaðir hafa verið styrkhæfir samkvæmt lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla og njóta styrks vegna dvalar í sjúkrahúsi eða hæli hinn 31. desember 1967, skal tryggð sjúkrahúss- eða hælisvist af sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunarinnar frá 1. janúar 1968 án tillits til, um hve langa vist hefur verið að ræða.

Lífeyristryggingarnar greiða, án sérstaks úrskurðar um örorku til langframa, sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra, sem tryggð er sjúkrahúss- eða hælisvist samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar.

Frá því að dvöl samkvæmt 1. málsgr. lýkur eða hún telst ekki lengur nauðsynleg, fer um tryggingu sjúkrahúss- og hælisvistar og greiðslu sjúkrasamlagsiðgjalda eftir almennum ákvæðum laga þessara.

Á árinu 1968 skal framlag ríkissjóðs samkv. 1. mgr. 55. gr. vera 170% greiddra sjúkrasamlagsiðgjalda samlagsmanna og framlag sveitarsjóðs samkv. 3. mgr. skal vera 65% greiddra iðgjalda.

Daggjöld samkv. 51. gr., sbr. 49. gr., skulu á árinu 1968 ákveðin á sama hátt og verið hefur.

Sú leiðrétting, sem ákveðin er í 4. mgr. 24 gr. laganna á framlögum hinna tryggðu og atvinnurekenda, sbr. b- og d-liði 2. mgr. 23. gr. laganna, fyrir árið 1967, skal falla niður. Halli, sem af þessu leiðir, skal tekinn úr varasjóði lífeyristrygginga pr. 31. des. 1967.

Sþ. 143. Frumvarp til fjárlaga [1. mál]

fyrir árið 1968.

(Eftir 2. umr. í Sþ., 12. des.)

A-HLUTI

Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana.

1. gr.

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs.

		Þús. kr.
0	Gjöld	6 005 572
1	Tekjur	6 042 976
	Tekjur umfram gjöld	37 404
3	Lánahreyfingar út	50 172
4	Lánahreyfingar inn	3 525
	Mismunur	46 647
	Greiðslujöfnuður:	
	Á rekstrarreikningi	37 404
	Á lánahreyfingum	46 647
	Greiðsluhalli	9 243

2. gr.

Árið 1968 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. grein.

			Þús. kr.	Rekstrar- Þús. kr.
		0 Gjöld:		
1 00		**Æðsta stjórn ríkisins**		46 109
1 01		**Forsætis- og menntamálaráðuneytið**		931 201
	101	Yfirstjórn	10 197	
	102—199	Annað	17 938	
	201—403	Fræðslumál	823 074	
	404—999	Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	79 992	
1 02		**Utanríkisráðuneytið**		91 037
	101—102	Yfirstjórn	13 978	
	103	Löggæzla á Keflavíkurflugvelli	18 939	
	201—211	Sendiráð	40 918	
	300	Alþjóðastofnanir	17 202	
1 03		**Atvinnumálaráðuneytið**		855 286
	101	Yfirstjórn	4 740	
	103—104	Annað tengt yfirstjórn	10 500	
	201—249	Búnaðarmál	528 559	
	301—399	Útvegsmál	217 046	
	401—408	Raforkumál	82 171	
	501—599	Annað	12 270	
1 04		**Dóms- og kirkjumálaráðuneytið**		704 435
	101	Yfirstjórn	6 892	
	102—153	Dómgæzla, lögreglumál o. fl.	316 642	
	201—220	Heilbrigðismál	312 643	
	301, 401—402	Annað	16 867	
	501	Þjóðkirkjan	51 391	
1 05		**Félagsmálaráðuneytið**		1 832 354
	101	Yfirstjórn	4 399	
	201, 801	Almannatryggingar	1 383 900	
	202—706, 802—999	Ýmis félagsmál	444 055	
		Flyt á bls. 4		4 460 422

3. gr.

Árið 1968 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði þær, sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi skv. þessari grein.

reikningur.

1 Tekjur:

Beinir skattar:

			Þús. kr.	Þús. kr.
1 1		**Persónuskattar**		**501 850**
1 10 1		Almannatryggingagjald	284 800	
1 10 2		Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	124 600	
1 10 3		Slysatryggingaiðgjald atvinnurekenda, áhættuiðgjald af trillubátum og áhættuiðgjald af búvélum	43 000	
1 10 4		Iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs	42 500	
1 10 5		Námsbókagjald	6 950	
1 2		**Eignarskattar**		**164 170**
1 20 1		Eignarskattur einstaklinga	116 000	
1 20 2		Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga	1 160	
1 20 3		Eignarskattur félaga	41 000	
1 20 4		Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti félaga	410	
1 20 5		Erfðafjárskattur	5 500	
1 20 6		Stóreignaskattur	100	
1 3		**Tekjuskattar**		**568 630**
1 30 1		Tekjuskattur einstaklinga	468 000	
1 30 2		Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga	4 680	
1 30 3		Tekjuskattur félaga	95 000	
1 30 4		Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti félaga	950	

Óbeinir skattar:

2			**Gjöld af innflutningi**		**2 245 758**
2 10 1			Aðflutningsgjöld	1 871 800	
			Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	93 600	
				1 778 200	
2 10 2			Aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum	20 000	
2 10 3			Gúmmígjald	14 700	
2 10 4			Innflutningsgjald af benzíni	252 600	
2 10 5			Byggingariðnaðarsjóðsgjald	2 000	
2 10 6			Gjald af bifreiðum og bifhjólum	150 600	
2 10 7			Hagnaður af sölu varnarliðseigna	8 940	
2 10 8			Tollstöðvargjald	9 359	
2 10 9			Byggingarsjóðsgjald af innflutningi	9 359	
			Flyt á bls. 5		3 480 408

Rekstrar-

0 Gjöld:

			Þús. kr.	Þús. kr.
		Flutt af bls. 2		4 460 422
1 06	**Fjármálaráðuneytið**			358 930
	101—102	Yfirstjórn	18 881	
	201—304	Toll- og skattheimta	104 869	
	401—901	Annað	235 180	
1 07	**Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið**			639 815
	101	Yfirstjórn	3 099	
	111—171	Samgöngumál	610 408	
	200—205	Iðnaðarmál	26 308	
1 08	**Viðskiptaráðuneytið**			530 570
	101	Yfirstjórn	3 400	
	301	Niðurgreiðslur	519 300	
	201—204	Annað	7 870	
1 09	**Hagstofa Íslands**			7 629
1 10	**Ríkisendurskoðun**			8 206
		Flyt á bls. 6		6 005 572

reikningur.

1 Tekjur:

			Þús. kr.	Þús. kr.
		Flutt af bls. 3		3 480 408
2 2		**Gjöld af framleiðslu**		88 300
2 20 1		Gjöld af innlendum tollvörum	62 000	
2 20 3		Sælgætisgjald	2 300	
2 20 4		Flöskugjald	24 000	
2 3		**Gjöld af seldum vörum og þjónustu**		2 056 353
2 30 1		Söluskattur	1 331 300	
		Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	106 500	
			1 224 800	
2 30 2		Miðagjald til Menningarsjóðs	3 400	
2 30 3		Skemmtanaskattur	16 500	
2 30 4		Launaskattur	107 000	
2 30 5		Ferskfiskmatsgjald	9 500	
2 30 6		Síldarmatsgjald	50	
2 30 7		Síldargjald	10 200	
2 30 8		Iðnaðargjald	2 400	
2 30 9		Gjald af seldum vindlingum	13 100	
2 31 0		Gjald af seldum eldspýtum	1 800	
2 31 1		Sérleyfisgjald	1 500	
2 31 2		Rekstrarhagnaður Á. T. V. R.	658 000	
2 31 3		Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	7 900	
2 31 4		Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	200	
2 31 5		Síldarsölugjald	3	
2 4		**Aðrir óbeinir skattar**		370 397
2 40 1		Lestagjald	1 300	
2 40 2		Vitagjald	3 800	
2 40 3		Stimpilgjald	95 000	
2 40 4		Skoðunargjald bifreiða	6 000	
2 40 5		Skrásetningargjald bifreiða	6 600	
2 40 6		Prófgjöld bifreiðastjóra	1 100	
2 40 7		Skipaskoðunargjald	2 700	
2 40 8		Skipulagsgjald	6 800	
2 40 9		Prófgjald iðnnema	400	
2 41 0		**Bifreiðaskattur**	74 700	
2 41 0		Bifreiðaskattur vegna hægri umferðar	16 160	
2 41 2		Rafstöðvagjald	30	
2 41 3		Rafmagnseftirlitsgjald	5 500	
2 41 4		Verðjöfnunargjald	22 500	
2 41 5		Einkaleyfisgjald frá Happdrætti H. Í.	3 600	
2 41 6		Þinglýsingar	30 000	
2 41 7		Aukatekjur	30 000	
2 41 8		Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	9 000	
2 42 0		Leyfisgjald	7 800	
		Flyt á bls. 7		5 995 458

Rekstrar-

0 Gjöld:

	Þús. kr.	Þús. kr.
Flutt af bls. 4		6 005 572
Gjöld samtals		6 005 572
Tekjur umfram gjöld		37 404
		6 042 976

reikningur.

1 Tekjur:

			Þús. kr.	Þús. kr.
		Flutt af bls. 5.		5 995 458
2	42	1 Hluti af umboðsþókn. og gengismun viðsk.bankanna	32 000	
2	42	2 Hvalveiðigjald	7	
2	42	4 Sérlyfjagjald	400	
2	42	5 Vegagjald	15 000	
3		**Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta**		**12 218**
3	00	1 Afgjöld ríkisjarða	400	
3	00	2 Keflavíkurflugvöllur, flugmálastjórn	8 888	
3	00	3 Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	535	
3	00	4 Fríhöfnin, Keflavíkurflugvelli	2 395	
9		**Ýmsar tekjur**		**35 300**
9	00	1 Vextir	20 000	
9	00	2 Arður af hlutabréfum	2 000	
9	00	3 Söluandvirði óeignfærðra fjármuna	—	
9	00	4 Endurgreitt stofnfé	—	
9	00	5 Gjafafé frá innlendum aðilum	—	
9	00	6 Gjafafé frá erl. aðilum	—	
9	00	7 Yfirverð líknarfrímerkja	100	
9	00	8 Samúðarskeyti Landssímans	1 400	
9	00	9 Sektir og upptækar vörur til Menningarsjóðs	1 500	
9	01	2 Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	10 000	
9	09	9 Ýmsar óvissar tekjur	300	
		Tekjur samtals		6 042 976

4. gr.

1 00 Æðsta stjórn ríkisins.

			Þús. kr.	Þús. kr.
100	**Embætti forseta Íslands:**			
	0 10	Laun	1 861	
	0 20	Viðhald	451	
	0 50	Önnur rekstrargjöld	1 549	
		Gjöld samtals		3 861
200	**Alþingi:**			
	0 10	Laun	23 056	
	0 50	Önnur rekstrargjöld	16 320	
		Gjöld samtals		39 376
300	**Ríkisstjórn:**			
	0 10	Laun	2 648	
	0 50	Önnur rekstrargjöld	224	
		Gjöld samtals		2 872
		Samtals		46 109

1 01 Forsætis- og menntamálaráðuneytið.

			Þús. kr.	Þús. kr.
101	**Forsætis- og menntamálaráðuneytið, aðalskrifstofa:**			
	0 10	Laun	4 549	
	0 50	Önnur rekstrargjöld	5 648	
		Gjöld samtals		10 197
102	**Efnahagsstofnunin:**			
	0 10	Laun	1 654	
	0 20	Viðhald	110	
	0 50	Önnur rekstrargjöld	720	
		Gjöld samtals		2 484
103	**Byggingarsjóður stjórnarráðshúss:**			
	0 90	Yfirfærslur:		
	0 91	Til fyrirtækja í B-hluta	1 440	
		Gjöld samtals		1 440
199	**Ýmislegt:**			
	0 10	Laun	2 197	
	0 20	Viðhald	550	
	0 40	Gjaldfærður stofnkostnaður	10 075	
	0 50	Önnur rekstrargjöld	1 192	
		Gjöld samtals		14 014
		Viðfangsefni:		
	02	Fræðileg rannsókn á skólakerfinu	1 368	
	03	Málnefnd, nýyrðasöfnun o. fl.	129	
	04	Ritun og útgáfa sögu stjórnarráðsins	240	
	05	Menntamálaráðuneytið, byggingadeild	1 727	
	06	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu	550	
	07	Kaup og endurbætur á Viðeyjarstofu	10 000	
		Gjöld samtals	14 014	
201	**Háskóli Íslands:**			
	0 10	Laun	31 637	
	0 20	Viðhald	638	
	0 40	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 100	
	0 50	Önnur rekstrargjöld	7 807	
	0 90	Yfirfærslur:		
	0 94	Til einstaklinga, heimila og samtaka	600	
		Gjöld samtals	41 782	
	1 00	Tekjur	340	
		Mismunur		41 442

			Þús. kr.	Þús. kr.
202	**Tilraunastöð Háskólans á Keldum:**			
	0 10	Laun	4 066	
	0 20	Viðhald	616	
	0 40	Gjaldfærður stofnkostnaður	860	
	0 50	Önnur rekstrargjöld	9 485	
		Gjöld samtals	15 027	
	1 00	Tekjur	11 223	
		Mismunur		3 804
203	**Raunvísindastofnun Háskólans:**			
	0 10	Laun	4 446	
	0 20	Viðhald	440	
	0 40	Gjaldfærður stofnkostnaður	500	
	0 50	Önnur rekstrargjöld	1 800	
		Gjöld samtals	7 186	
	1 00	Tekjur	200	
		Mismunur		6 986
		Viðfangsefni:		
	01	Yfirstjórn	1 999	
	02	Rannsóknarstofa í stærðfræði	530	
	03	Rannsóknarstofa í eðlisfræði	2 493	
	04	Rannsóknarstofa í efnafræði	1 072	
	05	Rannsóknarstofa í jarðeðlisfræði	1 092	
		Gjöld samtals	7 186	
204	**Reiknistofnun Háskólans:**			
	0 90	Yfirfærslur:		
	0 91	Til fyrirtækja í B-hluta	400	
		Gjöld samtals		400
205	**Handritastofnun Íslands:**			
	0 10	Laun	1 517	
	0 40	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 300	
	0 50	Önnur rekstrargjöld	240	
		Gjöld samtals		3 057
206	**Orðabók Háskólans:**			
	0 10	Laun	1 137	
	0 50	Önnur rekstrargjöld	60	
		Gjöld samtals		1 197
208	**Náttúrufræðistofnun Íslands:**			
	0 10	Laun	2 125	
	0 40	Gjaldfærður stofnkostnaður	300	
	0 50	Önnur rekstrargjöld	568	
		Gjöld samtals		2 993

		Þús. kr.	Þús. kr.
209	**Rannsóknaráð ríkisins:**		
0 10	Laun	670	
0 20	Viðhald	55	
0 50	Önnur rekstrargjöld	1 490	
	Gjöld samtals		2 215
	Viðfangsefni:		
01	Yfirstjórn	1 355	
02	Til frumathugana á nýtingu náttúruauðæfa landsins	860	
	Gjöld samtals	2 215	
210	**Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna:**		
0 90	Yfirfærslur:		
0 91	Til fyrirtækja í B-hluta	3 600	
	Gjöld samtals		3 600
211	**Menntaskólinn í Reykjavík:**		
0 10	Laun	17 413	
0 20	Viðhald	1 238	
0 30	Vextir	654	
0 40	Gjaldfærður stofnkostnaður	300	
0 50	Önnur rekstrargjöld	2 178	
	Gjöld samtals		21 783
3 00	Lánahreyfingar út	574	
212	**Menntaskólinn á Akureyri:**		
0 10	Laun	8 018	
0 20	Viðhald	770	
0 40	Gjaldfærður stofnkostnaður	6 000	
0 50	Önnur rekstrargjöld	2 184	
	Gjöld samtals		16 972
213	**Menntaskólinn á Laugarvatni:**		
0 10	Laun	3 221	
0 20	Viðhald	385	
0 40	Gjaldfærður stofnkostnaður	7 900	
0 50	Önnur rekstrargjöld	679	
0 90	Yfirfærslur:		
0 94	Til einstaklinga, heimila og samtaka	25	
	Gjöld samtals		12 210
214	**Menntaskólinn við Hamrahlíð:**		
0 10	Laun	5 626	
0 30	Vextir	946	
0 40	Gjaldfærður stofnkostnaður	11 700	
0 50	Önnur rekstrargjöld	1 032	
	Gjöld samtals		19 304
3 00	Lánahreyfingar út	1 008	

			Þús. kr.	Þús. kr.
215	**Kennaraskólinn:**			
	0 10	Laun	12 834	
	0 20	Viðhald	352	
	0 30	Vextir	1 267	
	0 50	Önnur rekstrargjöld	3 301	
	0 90	Yfirfærslur:		
	0 94	Til einstaklinga, heimila og samtaka	75	
		Gjöld samtals		17 829
	3 00	Lánahreyfingar út	2 494	
218	**Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraskólans, byggingarstyrkur:**			
	0 40	Gjaldfærður stofnkostnaður	5 700	
		Gjöld samtals		5 700
219	**Menntaskóli á Ísafirði, byggingarstyrkur:**			
	0 40	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 350	
		Gjöld samtals		1 350
220	**Menntaskóli á Austurlandi, byggingarstyrkur:**			
	0 40	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 350	
		Gjöld samtals		1 350
221	**Fræðslumálaskrifstofan:**			
	0 10	Laun	7 230	
	0 40	Gjaldfærður stofnkostnaður	47	
	0 50	Önnur rekstrargjöld	3 944	
	0 90	Yfirfærslur:		
	0 92	Til sveitarfélaga	11 300	
	0 94	Til einstaklinga, heimila og samtaka	5 648	
		Gjöld samtals		28 169
		Viðfangsefni:		
	01	Yfirstjórn	4 664	
	02	Námsstjórar	2 899	
	03	Almenningsbókasöfn	5 500	
	04	Ferðakennsla í íþróttum	186	
	05	Íþróttaskóli Sigurðar Greipssonar	143	
	06	Íþróttasjóður	5 000	
	07	Bókmenntakynning í skólum	106	
	08	Miðskólapróf í bóknámsdeild, landspróf	240	
	09	Námsflokkar	150	
	10	Fræðslu- og kynningarmót ísl. skólastjóra	36	
	11	Eftirlit með veikindaforföllum	16	
	12	Til framkvæmdar sundskyldu í skólum	5 400	
	13	— skíðakennslu í barnaskólum	90	
	14	— skíðakennslu í gagnfræðaskólum	130	
	15	— útgáfu handbóka um skólaíþróttir	35	
	16	— fyrrv. barnakennara eftir tillögum fræðslumálastjóra	103	
	17	Gjöld samkvæmt 28. og 40. gr. laga um almannatryggingar	2 171	
	18	Til fræðslumyndasafns ríkisins skv. l. nr. 49/1967	800	
	19	Til unglingafræðslu eftir tillögum fræðslumálastjóra	500	
		Gjöld samtals	28 169	

			Þús. kr.	Þús. kr.
222	**Fjármálaeftirlit skóla:**			
0	10	Laun	982	
0	50	Önnur rekstrargjöld	720	
		Gjöld samtals		1 702
223	**Íþróttakennaraskóli Íslands:**			
0	10	Laun	716	
0	20	Viðhald	473	
0	40	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 800	
0	50	Önnur rekstrargjöld	390	
		Gjöld samtals	3 379	
1	00	Tekjur	30	
		Mismunur		3 349
224	**Heyrnleysingjaskólinn:**			
0	10	Laun	2 523	
0	20	Viðhald	39	
0	40	Gjaldfærður stofnkostnaður	77	
0	50	Önnur rekstrargjöld	875	
		Gjöld samtals		3 514
231	**Húsmæðrakennaraskóli Íslands:**			
0	10	Laun	889	
0	20	Viðhald	160	
0	50	Önnur rekstrargjöld	252	
		Gjöld samtals		1 301
232	**Húsmæðraskólinn í Reykjavík:**			
0	10	Laun	1 645	
0	50	Önnur rekstrargjöld	408	
		Gjöld samtals		2 053
233	**Húsmæðraskólinn á Ísafirði:**			
0	10	Laun	848	
0	50	Önnur rekstrargjöld	187	
		Gjöld samtals		1 035
234	**Húsmæðraskólinn á Akureyri:**			
0	10	Laun	331	
0	50	Önnur rekstrargjöld	115	
		Gjöld samtals		446
235	**Húsmæðraskólar í kaupstöðum almennt:**			
0	10	Laun	186	
0	20	Viðhald	495	
		Gjöld samtals		681
		Viðfangsefni:		
	02	Viðhald	495	
	03	Orlofs- og forfallakennsla	186	
		Gjöld samtals	681	

			Þús. kr.	Þús. kr.
241	**Hjúkrunarskóli Íslands:**			
	0 10	Laun	6 183	
	0 20	Viðhald	275	
	0 30	Vextir	82	
	0 40	Gjaldfærður stofnkostnaður	530	
	0 50	Önnur rekstrargjöld	2 196	
		Gjöld samtals	9 266	
	1 00	Tekjur	700	
		Mismunur		8 566
	3 00	Lánahreyfingar út	113	
242	**Vélskólinn:**			
	0 10	Laun	3 246	
	0 40	Gjaldfærður stofnkostnaður	750	
	0 50	Önnur rekstrargjöld	1 800	
		Gjöld samtals		5 796
		Viðfangsefni:		
	01	Yfirstjórn	355	
	02	Bókleg kennsla	1 859	
	03	Verkleg kennsla og smíðar	2 146	
	04	Námskeið utan Reykjavíkur	480	
	05	Ósundurliðað	956	
		Gjöld samtals	5 796	
243	**Tækniskólinn:**			
	0 10	Laun	2 893	
	0 40	Gjaldfærður stofnkostnaður	4 500	
	0 50	Önnur rekstrargjöld	1 250	
		Gjöld samtals		8 643
		Viðfangsefni:		
	02	Tækniskólinn í Reykjavík	8 062	
	03	Undirbúningsdeild á Akureyri	581	
		Gjöld samtals	8 643	
244	**Iðnskólinn í Reykjavík:**			
	0 10	Laun	7 224	
	0 20	Viðhald	1 100	
	0 50	Önnur rekstrargjöld	2 615	
		Gjöld samtals		10 939
245	**Iðnskólar utan Reykjavíkur:**			
	0 10	Laun	4 024	
	0 20	Viðhald	209	
	0 50	Önnur rekstrargjöld	1 191	
		Gjöld samtals		5 424
246	**Iðnskólar, almennt:**			
	0 10	Laun (orlofs- og forfallakennsla)	300	
	0 40	Gjaldfærður stofnkostnaður	5 338	
		Gjöld samtals		5 638

			Þús. kr.	Þús. kr.
247	**Iðnfræðsluráð:**			
	0 10	Laun	794	
	0 50	Önnur rekstrargjöld	278	
		Gjöld samtals		1 072
248	**Myndlista- og handíðaskólinn:**			
	0 10	Laun	1 538	
	0 20	Viðhald	11	
	0 40	Gjaldfærður stofnkostnaður	100	
	0 50	Önnur rekstrargjöld	540	
		Gjöld samtals	2 189	
	1 00	Tekjur	140	
		Mismunur		2 049
251	**Héraðsskólinn í Reykholti:**			
	0 10	Laun	1 825	
	0 50	Önnur rekstrargjöld	428	
		Gjöld samtals	2 253	
	1 00	Tekjur	174	
		Mismunur		2 079
252	**Héraðsskólinn á Núpi:**			
	0 10	Laun	1 516	
XXVI. Að selja „sameignarfélaginu Þingholtsstræti 18" lóðarspildu, er liggur austan við nýja menntaskólahúsið við Bókhlöðustíg og að lóðinni nr. 18 við Þingholtsstræti.
XXVII. Að selja húseignina nr. 15 við Tómasarhaga.
XXVIII. Að taka lán vegna kaupa á húseigninni nr. 75 við Bergstaðastræti sem biskupsbústað.
XXIX. Að kaupa 2. hæð fasteignarinnar Skipholts 37 til afnota fyrir Tækniskóla Íslands.
XXX. Að greiða uppbót á greiðslur skv. liðum 06 772—774 á 4. gr. fjárlaga, samsvarandi almennri hækkun, sem verða kann á launum starfsmanna ríkisins.
XXXI. Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldamegin, ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1967 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.
XXXII. Að ábyrgjast fyrir Norðurstjörnuna h.f. í Hafnarfirði allt að 8.5 millj. kr. lán. Er heimilt að taka forgangshlutabréf í fyrirtækinu til tryggingar sjálfskuldarábyrgð fyrir láninu.
XXXIII. Að ábyrgjast allt að 1 millj. kr. lán til að ljúka byggingu vegna Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á Keldnaholti.
XXXIV. Að endurgreiða Veðurstofu Íslands tolla og aðflutningsgjöld, samtals að fjárhæð 337 556 kr., vegna innflutnings tækja og áhalda, sem eru hluti af tækniaðstoð Sameinuðu þjóðanna.
XXXV. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af dísilrafstöðvum, samtals 5 502 000 kr.
XXXVI. Að endurgreiða Surtseyjarfélaginu aðflutningsgjöld og söluskatt af vísindatækjum, sem félagið fær að gjöf eða láni frá Bandaríkjunum á árinu 1968.
XXXVII. Að ábyrgjast in solidum með öðrum eigendum Iceland Food Centre skuld að fjárhæð £ 20.000.0.0 við brezkan banka.
XXXVIII. Að framselja án endurgjalds helming af hlutafjáreign ríkissjóðs í Iceland Food Centre.
XXXIX. Að verja 90 þús. kr. til þess að reisa skýli í Vatnsfirði á Barðaströnd yfir teinæringinn Egil á Hvallátrum.

SÉRSTÖK YFIRLIT

		Þús. kr.	Þús. kr.
1. Fyrirhleðslur (03 245 03).			
a. Til fyrirhleðslna:			
1.	Þverá og Markarfljót	900	
2.	Stigá í Öræfum	40	
3.	Jökulsá í Lóni	140	
			1 080
b. Til fyrirhleðslna gegn ⅛ kostnaðar annars staðar frá:			
1.	Holtsá í Fróðárhreppi	20	
2.	Reykjadalsá hjá Fellsenda	30	
3.	Víðidalsá hjá Árnesi	30	
4.	Vatnsdalsá hjá Marðarnúpi	10	
5.	Giljá í Austur-Húnavatnssýslu	20	
6.	Héraðsvötn	100	
7.	Norðfjarðará í Norðfirði	25	
8.	Norðurdalsá í Breiðdal	20	
9.	Tunguá í Fáskrúðsfirði	15	
10.	Djúpá í Mýrahreppi	40	
11.	Laxá hjá Blómsturvöllum	10	
12.	Ölfusá hjá Kaldaðarnesi	50	
13.	Tunguá hjá Kvennabrekku	25	
14.	Fjarðarhornsá í Gufudalshreppi	30	
15.	Haukadalsá hjá Jörfa II.	15	
16.	Miðá hjá Neðri-Hundadal	10	
17.	Hvolsá hjá Hvítadal	20	
18.	Hvolsá hjá Belgsdal	10	
19.	Hörðudalsá hjá Hlíð	10	
20.	Kúludalsá hjá Kúludalsá	15	
21.	Hofsá í Álftafirði	60	
22.	Selá í Álftafirði	40	
23.	Sellækur í Mýrahreppi	20	
24.	Kambsgil hjá Setbergi	10	
25.	Fnjóská hjá Draflastöðum	25	
26.	Eystri-Rangá hjá Keldum	40	
			700
			1 780
2. Byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa (04 213 03).			
a. Framlög til sjúkrahúsa- og sjúkraskýlabygginga:			
1.	Reykjavík	18 000	
2.	Akranes	2 000	
3.	Hvammstangi	12	
4.	Sauðárkrókur	500	
5.	Siglufjörður	1 200	
6.	Ólafsfjörður	1 140	
7.	Akureyri, röntgentækjakaup	600	
8.	Akureyri, þvottahúsbygging	900	
9.	Húsavík	1 440	
10.	Vestmannaeyjar	2 200	
11.	Kópavogur, heilsuverndarstöð	100	
			28 092

b. Framlög til læknisbústaða:	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Álafoss	310	
2. Borgarnes	450	
3. Kleppjárnsreykir	300	
4. Ólafsvík	614	
5. Bíldudalur	150	
6. Patreksfjörður	400	
7. Suðureyri	35	
8. Ísafjörður, héraðsl.	350	
9. Ísafjörður, sjúkrahúsl.	168	
10. Hvammstangi, starfsfólksb.	102	
11. Blönduós	400	
12. Skagaströnd	230	
13. Sauðárkrókur, sjúkrahúsl.	281	
14. Húsavík, héraðsl.	149	
15. Húsavík, sjúkrahúsl.	500	
16. Þórshöfn	300	
17. Norður-Egilsstaðir	175	
18. Austur-Egilsstaðir	420	
19. Vopnafjörður	200	
20. Seyðisfjörður	300	
21. Neskaupstaður	534	
22. Eskifjörður	350	
23. Reyðarfjörður	109	
24. Hvoll	13	
25. Laugarás	320	
26. Selfoss, héraðsl.	200	
27. Selfoss, sjúkrahúsl.	294	
28. Vestmannaeyjar	200	
		7 854
		35 946

3. Til dagheimila, byggingarstyrkir (05 999 47).

1. Á Egilsá	75
2. Í Kumbaravogi	50
3. Á Flateyri	50
4. Á Selfossi	75
5. Á Akranesi	75
6. Í Kópavogi	100
7. Á Eskifirði	75
	500

4. Skipting lögboðinna og ólögboðinna eftirlauna og styrktarfjár.

06 772 Samkvæmt launalögum:	Kr.	Kr.
a. Embættismannaekkjur	214 000.00	
b. Samkvæmt sérstökum lögum	1 283 000.00	
Samtals		1 497 000.00

06 773 Embættismenn og aðrir starfsmenn:	Kr.	Kr.
Aðalheiður Níelsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Aðalheiður Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Aðalsteinn Jakobsson, fyrrv. næturvörður	25 913.00	
Ágúst Kvaran	43 188.00	
Ágúst Ólafsson, póstur	10 365.00	
Alexander Guðbjartsson, fyrrv. kennari	20 913.00	
Alfons Gíslason, fyrrv. símstjóri	25 913.00	
Andrés Eyjólfsson, fyrrv. skjalavörður og alþm.	51 899.00	
Anna Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Ari Sigurbjörnsson, fyrrv. póstur	10 365.00	
Arndís Eiríksdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Arndís Þorsteinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Árni S. Bjarnason, fyrrv. húsvörður Alþingis	48 577.00	
Árni Jónasson, fyrrv. ullarmatsmaður	31 095.00	
Arnleif Kristjánsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Ása Ásmundsdóttir	25 913.00	
Ásgeir Guðmundsson frá Æðey	20 730.00	
Áskell Snorrason, fyrrv. söngkennari	29 409.00	
Benedikt Benjamínsson, fyrrv. póstur	10 795.00	
Benedikt Gíslason	51 825.00	
Benjamín Sigvaldason, fyrrv. kjötmatsmaður	10 365.00	
Bjarni Bjarnason, fyrrv. söngkennari	20 730.00	
Bjarni Sigurðsson, fyrrv. póstur	10 365.00	
Bjarni Sveinsson, fyrrv. kjöt- og fiskmatsmaður	20 730.00	
Bjarni Þorsteinsson	13 820.00	
Björg Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Björg Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Björn Einarsson	43 809.00	
Björn Kristjánsson, fyrrv. póst- og símaafgrm.	25 933.00	
Björn Stefánsson, fyrrv. póstur	10 365.00	
Björn Vigfússon, fyrrv. lögregluþjónn	20 730.00	
Bóas Sigurðsson	20 730.00	
Brynjólfur Bjarnason, fyrrv. ráðherra	62 190.00	
Eggert Konráðsson, fyrrv. póstur	10 365.00	
Egill Jónsson, fyrrv. símamaður	20 730.00	
Einar Benediktsson, fyrrv. póst- og símstöðvarstj.	31 095.00	
Einar Einarsson, fyrrv. skipherra	41 520.00	
Einar G. Eyjólfsson, fyrrv. fiskmatsmaður	17 275.00	
Eiríkur Albertsson, fyrrv. sóknarprestur, biðlaun	84 584.00	
Elín Jóhannesdóttir, fyrrv. hjúkrunarkona	17 275.00	
Elínborg Brynjólfsdóttir, fyrrv. ráðskona	20 730.00	
Elísabet Eiríksdóttir, fyrrv. kennslukona	17 299.00	
Elísabet Friðriksdóttir, fyrrv. barnakennari	13 687.00	
Eyjólfur Hallfreðsson, fyrrv. póstur	13 820.00	
Eyjólfur Hannesson, fyrrv. símstjóri	34 550.00	
Finnur Thorlacius, fyrrv. kennari	25 913.00	
Fríða Sigurbjörnsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Friðleifur Jóhannsson, fyrrv. fiskmatsmaður	15 646.00	
Geir Finnur Sigurðsson, fyrrv. lögregluþjónn	25 913.00	
Guðbjörg Kristinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 820.00	
Guðfríður Jóhannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Guðjón Einarsson, fyrrv. fiskmatsmaður	15 570.00	
Guðjón Hermannsson, fyrrv. póstur	10 365.00	

	Kr.	Kr.
Guðjóna Brynhildur Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir ..	10 365.00	
Guðlaugur Sigmundsson, fyrrv. póstur	10 999.00	
Guðmundur B. Árnason, fyrrv. bréfberi	10 365.00	
Guðmundur Benónýsson, fyrrv. fiskmatsmaður ..	10 365.00	
Guðmundur Einarsson, fyrrv. fiskmatsmaður	10 365.00	
Guðmundur Einarsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	10 365.00	
Guðmundur Guðmundsson, fyrrv. símstjóri	20 730.00	
Guðmundur Jónsson, fyrrv. garðyrkjumaður	25 913.00	
Guðmundur Ólafsson, fyrrv. póstur	10 365.00	
Guðrún Indriðadóttir, leikkona	17 543.00	
Guðrún Jónsdóttir, fyrrv. kennari	34 550.00	
Guðrún Sigurbjörnsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Gunnar Andrew Jóhannesson	34 550.00	
Gunnar Jóhannsson, fyrrv. alþm.	43 188.00	
Gunnfríður Jónsdóttir, myndhöggvari	51 825.00	
Gunnlaugur Jóhannesson, fyrrv. vitavörður	10 365.00	
Hafliði Sveinsson, fyrrv. póstur	10 365.00	
Hálfdán Björnsson	20 730.00	
Halla Sigurðardóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Halldór Hansen, læknir	39 542.00	
Halldór Jónsson, fyrrv. yfirfiskmatsmaður	31 292.00	
Halldóra Bjarnadóttir, fyrrv. skólastjóri	44 979.00	
Hallgrímur Fr. Hallgrímsson, fyrrv. póstur	10 365.00	
Hannes Jónsson, fyrrv. póstur	15 383.00	
Helgi Ágústsson	34 550.00	
Helgi Ívarsson, fyrrv. fiskmatsmaður	17 275.00	
Helgi Jóhannesson, fyrrv. fiskmatsmaður	10 365.00	
Helgi Tryggvason, bókbindari	20 730.00	
Herdís Finnbogadóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Herdís Guðmundsdóttir, fyrrv. handavinnukennari	20 730.00	
Hermína Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Hildur Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Hólmfríður Jónsdóttir, fyrrv. kennari	20 730.00	
Inga Nielsen Beck, fyrrv. símstöðvarstjóri	14 991.00	
Ingibjörg V. Filippusdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Ingibjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. kennari	34 550.00	
Ingibjörg Jóhannsdóttir, fyrrv. kennari	15 646.00	
Ingibjörg Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Ingimar Baldvinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm. ..	18 743.00	
Ingiríður Helgadóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir, biðlaun ..	135 263.00	
Ingveldur Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Jakob J. Smári, fyrrv. adjunkt, biðlaun	101 097.00	
Jóhann Gunnarsson, fyrrv. rafstöðvarstjóri	20 730.00	
Jóhanna Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Jóhannes Erlendsson, fyrrv. póst- og símstöðvarstj.	25 913.00	
Jóhannes Þorgrímsson, fyrrv. kennari	20 730.00	
Jón Árnason, fyrrv. fiskmatsmaður	10 365.00	
Jón Bóasson, fyrrv. póstur	10 365.00	
Jón Guðmundsson, fyrrv. skrifstofustj., biðlaun ..	151 414.00	
Jón Hallgrímsson, fyrrv. starfsm. áfengisverzl. ..	43 188.00	
Jón Hallvarðsson, fyrrv. sýslumaður	54 758.00	
Jón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður, Dalvík	10 365.00	

	Kr.	Kr.
Jón G. Jónsson	20 730.00	
Jón Kjerúlf, fyrrv. tollgæzlumaður	20 730.00	
Jón Sigurgeirsson, fyrrv. skrifstofumaður	34 550.00	
Jón Stefánsson	25 913.00	
Jón Sumarliðason	12 093.00	
Jóna Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður	10 365.00	
Jónas Bjarnason, verkstjóri	10 365.00	
Jónas Gunnlaugsson, fyrrv. póstur	10 365.00	
Jónas Tómasson, tónskáld	17 275.00	
Jóninna Pétursdóttir, fyrrv. ráðskona	10 365.00	
Júlíana Sigurðardóttir, fyrrv. símaafgreiðslukona	51 825.00	
Júlíus Jónsson, fyrrv. póstur	10 365.00	
Jörundur Brynjólfsson, fyrrv. alþm.	51 825.00	
Kári Arngrímsson, fyrrv. póstur	10 365.00	
Kjartan Jóhannesson, fyrrv. söngkennari	25 913.00	
Kjartan Ólafsson	62 190.00	
Klara Guðmundsdóttir	25 913.00	
Kristín V. Hjaltalín, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Kristín Ingileifsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	20 730.00	
Kristín L. Sigurðardóttir, fyrrv. alþm.	43 188.00	
Kristinn Benediktsson, fyrrv. póstafgreiðslum.	20 614.00	
Kristinn Jónsson	20 730.00	
Kristinn Kristjánsson, Nýhöfn	23 069.00	
Kristjana V. Hannesdóttir, fyrrv. skólastjóri	13 494.00	
Kristjana Jónsdóttir, fyrrv. ritari	48 577.00	
Kristján Albertsson, rithöfundur	32 952.00	
Kristján Jónsson frá Garðsstöðum	20 730.00	
Kristján Steingrímsson, fyrrv. bæjarfógeti	46 938.00	
Kristmundur Kr. Meldal, fyrrv. póstur	10 365.00	
Kristólína Kragh, fyrrv. hárgreiðslukona	13 820.00	
Lárus Sigurjónsson, skáld	46 938.00	
Lúðvík R. Kemp	41 460.00	
Lydía Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Magdalena Guðlaugsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Magnús Guðmundsson, fyrrv. þingvörður	12 093.00	
Magnús Magnússon, rithöfundur	20 730.00	
María Einarsdóttir, fyrrv. matráðskona	20 730.00	
María Sigurðardóttir, fyrrv. starfsk. Alþingis	10 365.00	
Markús Guðmundsson, fyrrv. verkstjóri	17 275.00	
Marsibil Sigurðardóttir, fyrrv. fiskmatskona	10 365.00	
Matthildur Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Njáll Guðmundsson, fyrrv. póstur	10 365.00	
Oddný Högnadóttir, fyrrv. ráðskona	20 730.00	
Oddný Wíum	10 365.00	
Oddur Bjarnason, fyrrv. fulltrúi	13 841.00	
Ólafur Bjarnason, fyrrv. umboðsmaður	17 275.00	
Ólafur Guðmundsson	20 730.00	
Ólafur Guðmundsson, fyrrv. póstur	10 365.00	
Ólafur Tryggvason, fyrrv. starfsm. Alþingis	41 460.00	
Ólafur Þorsteinsson, læknir	16 477.00	
Ólöf Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Páll Ólafsson, fyrrv. ræðismaður	16 477.00	

	Kr.	Kr.
Páll Pálsson	25 913.00	
Páll Sigurjónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	10 365.00	
Pétur Jónsson, fyrrv. vegavinnuverkstjóri	17 275.00	
Pétur Ottesen, fyrrv. alþm.	51 825.00	
Pétur Pétursson, fyrrv. póstur	10 795.00	
Ragnar Benediktsson, fyrrv. prestur	17 299.00	
Ragnheiður Þorsteinsdóttir, fyrrv. yfirröntgenkona	37 482.00	
Rósamunda Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Runólfur Guðmundsson, fyrrv. póstur	15 548.00	
Rögnvaldur Jónsson, fyrrv. verkstjóri	10 365.00	
Sigmundur Gestsson, fyrrv. póstur	13 820.00	
Sigríður Einarsdóttir, fyrrv. póst- og símaafgr.kona	18 643.00	
Sigríður Ásgeirsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Sigríður Björnsdóttir, fyrrv. kennari	17 275.00	
Sigríður Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Sigríður Magnúsdóttir, fyrrv. kennari	18 743.00	
Sigríður Þórðardóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Sigrún Sigurjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Sigtryggur Jónsson, fyrrv. hreppstjóri	20 730.00	
Sigurborg Kristjánsdóttir, fyrrv. kennari	23 067.00	
Sigurður Hjartarson, fyrrv. póstur	13 820.00	
Sigurður Jónsson, fyrrv. kennari	34 550.00	
Sigurður Nordal, prófessor	41 704.00	
Sigurður Sigfússon, fyrrv. póstur	10 380.00	
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur	10 365.00	
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur,Krossi	10 365.00	
Sigurður Þórðarson	17 275.00	
Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	20 730.00	
Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	17 275.00	
Sigurlás Nikulásson	31 095.00	
Sigursteinn Steinþórsson	25 913.00	
Stefán Kristjánsson, fyrrv. verkstjóri	10 365.00	
Stefán Steinþórsson, fyrrv. póstur	10 365.00	
Stefanía Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Steindór Jóhannsson, fyrrv. fiskmatsmaður	13 820.00	
Steinn Ármannsson, fyrrv. póstur	10 365.00	
Steinunn Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Svava Jónsdóttir, fyrrv. leikkona	13 820.00	
Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur	10 365.00	
Sölvína Konráðsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Tómas Guðmundsson, fyrrv. póstur	10 365.00	
Tryggvi Jóhannsson, fyrrv. fiskmatsmaður	10 365.00	
Valdís Böðvarsdóttir, fyrrv. símstjóri og póstafgrk.	13 494.00	
Valgerður Kristjánsdóttir	10 365.00	
Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur	10 365.00	
Vigdís Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Vigdís Torfadóttir	34 550.00	
Vilhelm Erlendsson, fyrrv. póstafgrm.	34 550.00	
Þóra Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Þórarinn Stefánsson, fyrrv. fiskmatsmaður	10 365.00	
Þorbergur Þorvaldsson, fyrrv. póstur	15 548.00	
Þorbjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Þorlákur Stefánsson	20 730.00	

		Kr.	Kr.
	Þorleifur Jóhannesson, fyrrv. fiskmatsmaður	17 275.00	
	Þórný Friðriksdóttir, fyrrv. húsmæðraskólastjóri ..	23 468.00	
	Þorsteinn Gíslason, fyrrv. fiskmatsmaður	10 365.00	
	Þorvaldur Þorvaldsson, fyrrv. fiskmatsmaður	10 365.00	
	Þuríður Guðnadóttir, fyrrv. ljósmóðir	20 730.00	
	Samtals		4 711 346.00
06 774	Ekkjur:		
	Aðalbjörg Sigurðardóttir	26 313.00	
	Agnethe Kamban	24 829.00	
	Ágústa Sigurðardóttir	17 275.00	
	Anna Bjarnadóttir	10 365.00	
	Anna Ólafsdóttir	11 244.00	
	Anna Þuríður Sæmundsdóttir	13 820.00	
	Anna Tómasdóttir	20 730.00	
	Árný Stígsdóttir	10 365.00	
	Arnþrúður Daníelsdóttir	11 244.00	
	Ásdís Þorgrímsdóttir	10 365.00	
	Ásta Jónsdóttir, ekkja Bjarna Ásgeirssonar	58 884.00	
	Ásta Ólafsdóttir	20 730.00	
	Ásta Þorvaldsdóttir	10 365.00	
	Ástríður Eggertsdóttir, ekkja Þórarins Víkings ..	17 275.00	
	Ástríður Magnúsdóttir	10 365.00	
	Björg Jónasdóttir	15 383.00	
	Bryndís Þórarinsdóttir	23 468.00	
	Camilla Hallgrímsson	17 601.00	
	Dagbjört Guðjónsdóttir	16 477.00	
	Eleanor Sveinbjörnsson	26 313.00	
	Elín Einarsdóttir	17 275.00	
	Elínborg Vigfúsdóttir	10 365.00	
	Elísabet Jónsdóttir, ekkja Sig. Björnss., fiskmatsm.	10 365.00	
	Erna Stefánsson	41 460.00	
	Eufemía Ólafsdóttir	43 188.00	
	Fríða Hlíðdal	74 891.00	
	Guðbjörg Guðmundsdóttir	17 275.00	
	Guðbjörg Kristjánsdóttir	26 313.00	
	Guðfinna Blöndal	41 460.00	
	Guðlaug Magnúsdóttir	43 789.00	
	Guðný Halldórsdóttir	20 730.00	
	Guðríður Sigurðardóttir	10 365.00	
	Guðrún Guðnadóttir	17 275.00	
	Guðrún Hálfdánardóttir	10 365.00	
	Guðrún Jóhannesdóttir	10 365.00	
	Guðrún P. Jónsdóttir	26 313.00	
	Guðrún Pálsdóttir	24 185.00	
	Guðrún Ragúels	10 365.00	
	Halldóra Þórðardóttir	13 158.00	
	Helga Friðbjarnardóttir	20 730.00	
	Helga Hinriksdóttir	17 275.00	
	Helga Pétursdóttir	25 913.00	
	Hildur Blöndal	34 550.00	
	Hjaltlína Guðjónsdóttir	25 913.00	

	Kr.	Kr.
Hólmfríður Guðmundsdóttir	41 460.00	
Hólmfríður Rögnvaldsdóttir	20 730.00	
Hulda Þ. Björnæs	20 759.00	
Indíana Sturludóttir	25 913.00	
Ingibjörg Björnsdóttir	13 687.00	
Ingibjörg Eyjólfsdóttir	31 095.00	
Ingibjörg Gamalíelsdóttir	25 913.00	
Ingibjörg Högnadóttir	10 365.00	
Ingibjörg Þ. Jónsdóttir	20 730.00	
Ingunn Eyjólfsdóttir	25 913.00	
Ingunn Hlíðar	16 477.00	
Ingveldur Ólafsdóttir	10 365.00	
Irma Weile Jónsson	43 188.00	
Jakobína Thorarensen	17 275.00	
Jóhanna Jónsdóttir	19 555.00	
Jóhanna Vigfúsdóttir	10 365.00	
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	18 892.00	
Jónína Kristjánsdóttir	25 913.00	
Katrín Sveinsdóttir	31 095.00	
Kristín Guðmundsdóttir, ekkja Eggerts Eggertss.	10 381.00	
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	10 365.00	
Kristín Pálsdóttir	10 999.00	
Kristín Þórarinsdóttir	19 555.00	
Kristólína Kragh	10 365.00	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Gísla Lárussonar	16 594.00	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar	13 820.00	
Lára Svansdóttir	10 365.00	
Lára M. Vigfúsdóttir	34 550.00	
Lelia Stefánsson	51 825.00	
Lilja H. Arndal	34 550.00	
Lilja Eyþórsdóttir	31 140.00	
Lilja Jörundsdóttir	20 730.00	
Lilja Steinsen	60 463.00	
Lovísa Sveinbjörnsson	68 684.00	
Lydia Einarsson	43 188.00	
Magdalena Ásgeirsdóttir	10 365.00	
Málfríður Bjarnadóttir	10 365.00	
Margrét Árnadóttir	25 913.00	
Margrét Björnsdóttir	13 181.00	
Margrét Guðbrandsdóttir	31 095.00	
Margrét Jónasdóttir	43 188.00	
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	28 683.00	
Margrét Jónsdóttir, vitavarðarekkja	10 365.00	
Margrét L. Lárusdóttir	10 365.00	
María Guðlaugsson	16 192.00	
Marta Oddsdóttir	10 365.00	
Melitta Urbancic	16 477.00	
Ólafía Finnbogadóttir	10 365.00	
Olga E. Jónsson	19 555.00	
Rannveig Tómasdóttir	13 158.00	
Rósa Jónsdóttir	10 365.00	
Rósa Þórarinsdóttir	17 275.00	
Sigríður Árnadóttir	62 190.00	

	Kr.	Kr.
Sigríður Bjarnason	43 939.00	
Sigríður Einarsson	67 469.00	
Sigríður Gísladóttir	10 365.00	
Sigríður Guðmundsdóttir	10 365.00	
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	33 359.00	
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	10 999.00	
Sigríður Jónsdóttir, ekkja Þórh. Vilhjálmssonar	20 730.00	
Sigrún Thorarensen	13 820.00	
Sigurlaug Jónsdóttir	25 913.00	
Sigurlaug Sigurðardóttir	20 730.00	
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	19 555.00	
Sólveig Árnadóttir	20 730.00	
Sólveig Eggerz	57 995.00	
Stefanía Stefánsdóttir	21 511.00	
Steinunn P. Eyjólfsson	11 657.00	
Steinunn Tómasdóttir	17 275.00	
Súsanna Friðriksdóttir	19 555.00	
Sveinbjörg Kristinsdóttir	17 275.00	
Sveindís Hansdóttir	10 365.00	
Torfhildur Magnúsdóttir	10 365.00	
Unnur Skúladóttir	21 929.00	
Valborg Einarsson	21 929.00	
Valgerður Helgadóttir	17 299.00	
Valgerður Ólafsdóttir	15 646.00	
Vigdís G. Blöndal	10 999.00	
Vigdís Guðmundsdóttir	20 730.00	
Þóra Magnúsdóttir	13 820.00	
Þóra Sigfúsdóttir	10 365.00	
Þóra Sigurðardóttir	10 365.00	
Þóra Skaftason	10 365.00	
Þorbjörg Kjartansdóttir	25 913.00	
Þorbjörg Sigmundsdóttir	21 929.00	
Þorbjörg Sigurjónsdóttir	15 548.00	
Þórey Jóhannsdóttir	10 365.00	
Barnastyrkur:		
Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 16. júlí 1924, sjúklingur	10 365.00	
Samtals		2 905 559.00

Ed. 144. Frumvarp til laga [77. mál]

um ráðstafanir á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

Fé það, sem kemur á reikning ríkissjóðs í Seðlabankanum, vegna útfluttra sjávarafurða, samkvæmt ákvæði í 4. gr. laga nr. 69/1967, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, skal lagt í sérstakan

gengishagnaðarsjóð, er varið skal í þágu sjávarútvegsins, skv. ákvæðum 2. gr. þessara laga, og skal sjóður þessi vera í vörzlu Seðlabankans. Áður en umrætt fé er greitt í gengishagnaðarsjóð, skal af því greiða ýmis gjöld og kostnað vegna umræddrar framleiðslu, svo sem hér segir:

a. Hækkanir á rekstrarkostnaði vegna gengisbreytingarinnar við framleiðslu sjávarafurða, eftir að hið nýja gengi kom til framkvæmda og til ársloka 1967. Sama gildir um hækkanir á flutningsgjaldi af afurðum, sem framleiddar hafa verið fyrir árslok 1967, en fluttar eru út eftir gengisbreytinguna.
b. Bætur til skreiðarframleiðenda vegna markaðserfiðleika.
c Bætur til bræðslusíldariðnaðar vegna vinnslu á Norður- og Austurlandssíld haustið 1967.
d. Bætur vegna verðfalls á frystri rækju framleiddri á árinu 1967.
e. Útflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, er miðist við verðmætishækkun vegna gengisbreytingarinnar á þeim útflutningi, er á sér stað eftir 24. nóvember 1967, enda hafi útflutningsgjöld aðeins verið greidd miðað við hið eldra gengi. Sama gildir um gjald til Aflatryggingasjóðs skv. 1. tölulið 9. gr. laga nr. 77 1962, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, svo og gjald samkvæmt 7. gr. laga nr. 42 9. júní 1966, um ferskfiskeftirlit, og gjald samkvæmt lögum nr. 40 7. maí 1966, um smíði síldarleitarskips og um síldargjald. Útflutningsgjöld, sem ákveðin eru í krónutölu á smálest, skulu hækkuð til samræmis við gengisbreytinguna. Ráðstöfun útflutningsgjaldsins fer eftir 1. gr. laga nr. 38 29. apríl 1967 um breytingu á fyrrgreindum lögum um útflutningsgjald.
f. Framlög ríkissjóðs samkvæmt 1., 3., 8. og 9. gr. laga nr. 4 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, sem greidd hafa verið eða greidd verða vegna framleiðslu ársins 1967, sem fellur undir ákvæði 4. gr. laga nr. 69 1967, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Framkvæmd á ákvæðum a—d-liða þessarar greinar fer eftir ákvörðun sjávarútvegsmálaráðherra.

2. gr.

Gengishagnaðarsjóði er ríkisstjórninni heimilt að ráðstafa í þágu sjávarútvegsins sem hér segir:

a. Allt að einum fjórða til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa.
b. Allt að einum fjórða til Fiskveiðasjóðs Íslands og Ríkisábyrgðasjóðs til að greiða fyrir endurskipulagningu fiskiðnaðarins til framleiðniaukningar.
c. Allt að einum fjórða til sérstaks gengisjöfnunarsjóðs við Fiskveiðasjóð Íslands, er varið skal til lánveitinga vegna gengistaps af lánum til fiskiskipa, sem bundin eru gengi erlends gjaldeyris. Stjórn Fiskveiðasjóðs setur nánari reglur um sjóð þennan að fengnu samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.
d. Afganginum sem stofnframlagi til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sbr. 6. gr. laga nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, og enn fremur 3. gr. þessara laga.

3. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, og sé hlutverk hans að bæta verðfall, sem verða kann á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins.

Skal sjóðnum skipt í deildir eftir tegundum afurða og hafi deildirnar aðskilinn fjárhag.

Stofnfé Verðjöfnunarsjóðs skal vera:

a. Afgangur, sem kann að verða af verðbótasjóði frystra fiskafurða 1967, sbr. 6. gr. laga nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.
b. Fé samkvæmt 2. gr. d þessara laga og sé því skipt á deildir í samræmi við það, af hvaða afurðum það hefur verið greitt.

Tekjur Verðjöfnunarsjóðs skulu vera:

a. Hluti í verðhækkunum sjávarafurða, sem verða á framleiðslu hvers árs, miðað við meðalverðlag undanfarinna þriggja ára.
b. Hluti af útflutningsgjaldi sjávarafurða, svo sem ákveðið verður í endurskoðuðum lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Nánari ákvæði um sjóð þennan skulu sett með sérstökum lögum.

4. gr.

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests á árinu 1967 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, svo og að setja um þetta nánari reglur með samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 24. nóvember 1967, þegar Seðlabanki Íslands ákvað nýtt gengi íslenzkrar krónu, voru fyrirliggjandi í landinu nokkrar birgðir sjávarafurða og enn fremur voru ógreiddar afurðir, sem fluttar höfðu verið úr landi. Nokkur vandkvæði eru á því að áætla verðmæti birgðanna, þar sem það fer að sjálfsögðu eftir því, hvert þær verða seldar og fyrir hvaða gjaldeyri. Í hlutfalli við framleiðsluverðmæti sjávarafurða á árinu 1967 er hér um óvenju miklar birgðir og ógreiddan útflutning að ræða, sem m. a. stafar af nær algerri sölustöðvun á skreið af þessa árs framleiðslu vegna borgarastyrjaldarinnar í Nígeríu og tregari sölu á bræðslusíldarafurðum á undanförnum mánuðum en venja hefur verið, vegna mikilla verðlækkana á þeim afurðum.

Með ákvæði 4. gr. laga nr. 69 1967 um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu var svo kveðið á, að mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á eldra gengi og andvirðis hans á hinu nýja gengi skyldi færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum og jafnframt kveðið svo á, að því fé, sem á reikninginn kæmi, skyldi ráðstafað í þágu þeirra atvinnuvega, sem eiga viðkomandi afurðaandvirði. Hér var sú meginstefna mörkuð, að gengishagnaðinum, sem yrði af birgðunum, sem voru í landinu við gengislækkunina, og enn fremur af þeim afurðum, sem framleiddar yrðu til ársloka 1967, skyldi varið í þágu viðkomandi atvinnuvega. Þetta frumvarp er flutt í framhaldi af ákvæði fyrrnefndrar lagagreinar.

Frumvarpið fjallar um ráðstöfun á þeim gengishagnaði, sem kemur af útflutningi sjávarafurða, skv. áður nefndri 4. gr.

Þegar greiddur hefur verið ýmiss konar kostnaður og gjöld samkvæmt 1. gr. vegna þeirrar framleiðslu, sem gengishagnaðar nýtur, skal afgangurinn, sem er hinn eiginlegi gengishagnaður, ganga til sjóðs, sem ráðstafað skal til sameiginlegra þarfa sjávarútvegsins. Í fyrsta lagi skal sjóðnum varið til greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa. Í öðru lagi skal sjóðnum varið til eflingar Fiskveiðasjóðs, svo að sá sjóður verði færari um að stuðla að endurskipulagningu fiskiðnaðarins og geti veitt fyrirgreiðslu þeim aðilum, sem hafa staðið að endurnýjun fiskiskipaflotans, en hafa orðið að gera það að miklu leyti með erlendum lánum. Loks er svo ætlunin að verja afganginum af gengishagnaðinum sem stofnframlagi til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, en grundvallarákvæði um stofnun slíks sjóðs er að finna í 3. gr. frumvarpsins.

Fara hér á eftir athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er í upphafi greinarinnar kveðið á um það meginatriði, að gengishagnaðurinn skuli lagður í sérstakan sjóð, er varið skal í þágu sjávarútvegsins. Áður en

til þess kemur að féð sé lagt í þennan sjóð, er þó óhjákvæmilegt að greiða ýmis gjöld og kostnað, sem stafa af þeirri framleiðslu ársins 1967, sem gengishagnaðar nýtur.

Í fyrsta lagi er þar um að ræða hækkanir, sem verða á rekstrarkostnaði í sjávarútveginum, vegna gengisbreytingarinnar á tímabilinu til ársloka 1967. Með því að gengishagnaðurinn er tekinn í sjóðinn en ekki ráðstafað til útflytjendanna eða eigenda afurðanna, sem gengishagnaðurinn kemur af, þá er ekki rétt, að þeir beri þann aukna kostnað, sem verður á rekstrinum vegna gengisbreytingarinnar. Ýmsar rekstrarvörur hafa hækkað þegar eftir gengisbreytinguna og sama gildir að sjálfsögðu um hækkanir, sem urðu strax eftir gengisbreytinguna á flutningsgjaldi á afurðum, sem framleiddar verða fyrir árslok 1967, en fluttar eru út eftir gengisbreytinguna. Um þetta er ákvæði í a-lið 1. gr.

Í b-lið er gert ráð fyrir bótum til skreiðarframleiðenda vegna sérstakra erfiðleika á sölu skreiðar, sem stafa af borgarastyrjöldinni í Nígeríu. Nígería hefur um langt árabil verið aðalmarkaðurinn fyrir íslenzka skreið og framleiðslan á árinu 1967 var að langmestu leyti miðuð við það, að seljast á þann markað. Áður en sú framleiðsla yrði tilbúin til útflutnings skall hins vegar á borgarastyrjöld þar í landi, sem hefur leitt til þess, að nær allur útflutningur á skreið til Nígeríu hefur stöðvazt. Er talið, að nú liggi í landinu óseldar um 6 þús. lestir af skreið og er það um helmingi meira magn en vanalega er í birgðum um þetta leyti. Eru þetta þungar búsifjar fyrir skreiðarframleiðendur ekki sízt vegna þess, að með öllu er óvíst, hversu lengi þeir þurfa að geyma framleiðslu sína, þar sem enn sér ekki fyrir endann á stríðsástandi í Nígeríu. Má segja, að hér sé um hreina neyðarráðstöfun að ræða til þess að létta nokkuð á þeim miklu erfiðleikum, sem steðja að þessari framleiðslu.

Þegar verðlagning síldar til bræðslu var ákveðin á s. l. vori, við upphaf sumarvertíðarinnar, voru blikur á lofti að því er snerti verðlag á mjöli og lýsi. Í stað þess að ákveða verðið fyrir alla vertíðina var því horfið að því ráði að láta verðlagninguna gilda aðeins fyrir hálft tímabilið, til júlíloka. Það var þó þegar ljóst, að verksmiðjurnar tóku á sig verulegan hluta þeirrar verðlækkunar, sem þá var orðin. Ástandið á mörkuðunum fór enn versnandi, þegar á sumarið leið og þegar síldarverðið var ákveðið óbreytt fyrir tímabilið ágúst/september, versnaði hlutur verksmiðjanna enn til muna. Nýtt verðlagstímabil hófst svo 1. október. Þrátt fyrir, að verðlag á lýsi og mjöli færi þá enn lækkandi, var hráefnaverðið ákveðið óbreytt til ársloka. Jafnframt var verksmiðjunum heitið því, að reynt yrði að veita þeim nokkra aðstoð, ef reksturshállinn yrði meiri en fjárhagsgeta þeirra þyldi.

Svipað gildir um efni d-liðar þessarar greinar, þar sem fjallað er um bætur á frysta rækju, sem framleidd er á árinu 1967, en þar varð einmitt mjög tilfinnanlegt verðfall á meginhluta þeirrar framleiðslu, og við verðlagningu rækjunnar á s. l. hausti var framleiðendum frystrar rækju heitið því að þeim skyldi bætt verðfallið að einhverju leyti.

Með því að útflutningsgjald ber að sjálfsögðu að innheimta af öllu andvirði hinna útfluttu sjávarafurða, er rétt, að einnig sé greitt útflutningsgjald af þeim hlutanum, sem fer til gengishagnaðarsjóðsins, en útflytjendur sjálfir greiði aðeins útflutningsgjald miðað við hið gamla gengi. Skipting útflutningsgjaldsins fer svo eftir sérstökum lögum þar um. Eðlilegt er að sama gildi um gjald til Aflatryggingasjóðs og um útflutningsgjaldið, svo og um gjald til ferskfiskeftirlits og síldargjald.

Í lögum nr. 4 1967 um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, voru ákvæði um framlög ríkissjóðs til ýmissa greina sjávarútvegsins. Þessi framlög koma á alla framleiðslu ársins 1967 eftir því sem við á. Verður því að gera ráð fyrir, að framlög til þeirrar framleiðslu, sem nýtur gengishagnaðar, endurgreiðist af þeim hagnaði, svo að ekki sé greitt tvisvar með sömu framleiðslunni. Ákvæði er um þetta í f-lið þessarar greinar.

Gert er ráð fyrir því, að sjávarútvegsmálaráðherra setji nánari reglur um framkvæmd að því er varðar a—d-liði þessarar greinar.

Um 2. gr.

Þegar greitt hefur verið, það sem kemur undir 1. gr. og rakið var í skýringum við þá grein frumvarpsins, er ráð fyrir því gert, að afgangur gengishagnaðarins gangi til sameiginlegra þarfa sjávarútvegsins.

Í fyrsta lagi skal allt að einum fjórða sjóðsins renna til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa. Sjóður sá, sem vátryggingariðgjöld greiðast af, fær tekjur sínar af útflutningsgjaldi. Vegna minnkandi útflutningsverðmætis hafa þær tekjur stórlækkað undanfarið, en hins vegar hafa útgjöld sjóðsins farið hækkandi undanfarin ár með tilkomu mikils fjölda nýrra og dýrra skipa. Í lok ársins 1966 skorti kr. 83 milljónir upp á, að sjóðurinn gæti greitt að fullu iðgjöld fiskiskipaflotans, og á þessu ári, sem nú er að líða, hefur ástandið enn versnað til muna, og mun nú í árslok skorta um kr. 186 millj. upp á að unnt sé að greiða öll iðgjöldin, sem útistandandi eru. Mundi með því fé, sem hér er gert ráð fyrir, mega grynnka verulega á þessari skuld sjóðsins.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að Fiskveiðasjóður og Ríkisábyrgðasjóður fái allt að einum fjórða gengishagnaðarsjóðsins í því skyni sérstaklega að greiða fyrir endurskipulagningu fiskiðnaðarins til framleiðniaukningar. Með 10. gr. laga nr. 4 1967 um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins var lagður grundvöllur að því, að gagnger athugun færi fram á uppbyggingu og rekstraraðstöðu frystiiðnaðarins. Hefur verið unnið að þessu undanfarna mánuði af þeim helztu lánastofnunum, sem starfa fyrir sjávarútveginn, í samvinnu við fulltrúa samtaka frystiiðnaðarins. Er þess að vænta, að bráðlega liggi fyrir niðurstöður þeirrar athugunar, er byggja megi á tillögur um endurskipulagningu þess iðnaðar, og bæta fjárhagslega uppbyggingu. Þeir tveir sjóðir, er mest mundu koma hér við sögu eru Fiskveiðasjóður og Ríkisábyrgðasjóður, og er því eðlilegt, að hluti af fé gengishagnaðarsjóðs renni til þeirra. Hins vegar er eðlilegt að gera ráð fyrir því, að aðrar greinar fiskiðnaðarins njóti hér einnig fyrirgreiðslu, ef um er að ræða aðgerðir, sem leitt geta til hagkvæmari reksturs og framleiðniaukningar.

Samkvæmt c-lið þessarar greinar er ætlað, að allt að einum fjórða gengishagnaðarsjóðsins renni til Fiskveiðasjóðs, þar sem myndaður verði sérstakur gengisjöfnunarsjóður, er varið verði til lánveitinga vegna gengistaps af þeim lánum til fiskiskipa, sem bundin eru gengi erlends gjaldeyris. Uppbygging hins mikla síldveiðiflota undanfarinna ára hefur að verulegu leyti gerzt fyrir erlent lánsfé, þar sem innlent fjármagn hefur ekki verið nægjanlegt fyrir hendi. Þá hefur Fiskveiðasjóður um árabil einnig veitt lán, sem bundin eru að hluta við gengi erlends gjaldeyris, þar sem sjóðurinn hefur tekið erlend lán til starfsemi sinnar. Loks hafa þeir togarar, sem byggðir hafa verið, nær eingöngu verið byggðir fyrir erlent lánsfé. Vegna þess fjölda báta, sem byggðir hafa verið erlendis á undanförnum árum, eru enn ógreiddar stórar fjárhæðir, sem gjaldfalla munu á næstu árum. Mun þetta augljóslega verða þung byrði mörgum þeim, sem eiga slíka báta. Er ekki óeðlilegt, að notaður sé hluti af hinum sameiginlega sjóði í því skyni að gera Fiskveiðasjóði kleift með lánveitingum að létta nokkuð byrði þeirra, sem eru með lán á skipum sínum, sem bundin eru gengi erlends gjaldeyris.

Í d-lið þessarar greinar er loks ákveðið, að afgangurinn af gengishagnaðarsjóði skuli renna í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, en grundvallarákvæði um stofnun slíks sjóðs eru í 3. gr. þessa frumvarps.

Um 3. gr.

Þessi grein frv. kveður á um stofnfé og tekjur Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sem stofna skal með sérstökum lögum. Í fyrsta lagi er um að ræða stofnfé, sem kemur frá þeim afgangi verðbótasjóðs, sem ráð er fyrir gert í 6. gr. laga nr. 4 31. marz 1967 um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. Í öðru lagi er svo afgangur af gengishagnaðarsjóði skv. d-lið 2. gr. þessa frumvarps.

Tekjur Verðjöfnunarsjóðs eru áætlaðar tvenns konar. Annars vegar hluti

af verðhækkunum sjávarafurða, sem verður á framleiðslu hvers árs, og þá gert ráð fyrir, að miðað sé við meðalverðlag undanfarinna þriggja ára. Hér liggur sú hugsun til grundvallar, að móti verðlækkunum, sem leiði til greiðslu úr sjóðnum komi það, að af verðhækkunum, sem verða umfram meðaltal tiltekins tímabils, eða eins og hér er gert ráð fyrir, meðaltal þriggja ára, verði greitt til sjóðsins tiltekinn hluti. Um þessar meginreglur sjóðsins verður að setja nánari ákvæði í sérstökum lögum.

Aðrar tekjur sjóðsins eru ætlaðar af útflutningsgjaldi og verður þar um að ræða tekjur, sem eru stöðugri og ekki eins háðar verðlagsþróun og þær, sem ætlaðar eru skv. a-lið. Verður hér um að ræða hluta af útflutningsgjaldi, sem ákveða verður með endurskoðuðum lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Um 4. gr.

Ákvæði þessarar greinar er samhljóða ákvæði 5. gr. laga nr. 4 21. marz 1967 um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. Hefur þessi regla um greiðslu bóta til togaranna úr Aflatryggingasjóði verið viðhöfð skv. ákvæðum í lögum nú um nokkurra ára skeið og hefur sú reynsla gefizt vel.

Sþ. 145. Nefndarálit [1. mál]

um framlög til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Eins og jafnan áður hefur samvinnunefnd samgöngumála unnið að undirbúningi og tillögugerð um framlög ríkissjóðs til flóabáta og vöruflutninga. Í því starfi hefur nefndin notið aðstoðar forstjóra Skipaútgerðar ríkisins. En hann stendur fyrir öflun upplýsinga um rekstur og afkomu einstakra flóabáta og samgöngufyrirtækja.

Nokkur hækkun hefur á þessu ári orðið á rekstrarkostnaði flóabátanna. Í fyrsta lagi vegna hækkunar á olíuverði. Enn fremur hlýtur gengisbreytingin að valda verulegri hækkun á rekstrarkostnaði bátanna á næsta ári og í lok þessa árs. Hefur nefndin því orðið að gera tillögur um hækkun framlaga til flestra flóabátanna. Hefur þó verið reynt að stilla þeim hækkunum sem mest í hóf og það fyrst og fremst haft fyrir augum, að þessari nauðsynlegu þjónustu verði haldið uppi í þágu félags- og athafnalífs í hinum einstöku byggðarlögum. Rétt er, að það komi fram, að fjárhagur einstakra flóabáta hefur undanfarin ár verið mjög þröngur og erfiður. Hefur nefndin ekki treyst sér til þess að mæta að fullu kröfum þeirra um stórhækkaða rekstrarstyrki. Hins vegar hefur verið reynt að greiða fyrir þeim eftir föngum og tryggja þar með, að ekki kæmi til stöðvunar á rekstri bátanna.

Um rekstrarafkomu hinna einstöku flóabáta vill samvinnunefndin taka eftirfarandi fram:

Norðurlandssamgöngur.

Um Norðurlandsbátinn Drang er það fyrst að segja, að gjörbreyting hefur orðið á aðstöðu hans að ýmsu leyti. Bætt akvegasamband hefur nú skapazt á landi við kaupstaðina Ólafsfjörð og Siglufjörð. Má gera ráð fyrir, að það geti haft veruleg áhrif á rekstrarafkomu bátsins. Hins vegar hafa bæjarstjórnir beggja þessara kaupstaða sent samvinnunefndinni eindregnar áskoranir um það, að haldið verði áfram að styrkja rekstur Drangs og gert ráð fyrir áframhaldandi ferðum hans um sitt gamla farsvæði. Er bent á, að mjög sé ótryggt akvegasambandið við þessi byggðarlög að vetrarlagi, þar sem leiðir þangað teppist oftlega af snjóum. Útgerðar-

maður Drangs hefur hins vegar ekki treyst sér til þess að reka skip sitt með svipuðum hætti og áður með óbreyttum rekstrarstyrk. Var það því niðurstaðan, að nefndin lagði til, að styrkur til Drangs yrði hækkaður um 250 þús. krónur, enda haldi hann uppi ferðum um farsvæði sitt eftir þörfum. Nokkur reynsla ætti að fást fyrir því í vetur, hversu tryggt hið nýja akvegasamband verður við Siglufjörð og Ólafsfjörð.

Þá er lagt til, að framlag til Strandaferða verði hækkað um 40 þús. krónur, upp í 100 þúsund. Strandabátur hefur s. l. tvö ár, eftir að akvegasamband skapaðist við Árneshrepp, haldið uppi ferðum nokkurn tíma síðari hluta vetrar og á vorin, þar til vegir hafa opnazt. Nú hefur þess verið óskað, að póstferðir þær, sem haldið er uppi frá Hólmavík norður á Djúpuvík og að Gjögri yfir vetrarmánuðina, verði styrktar nokkuð og stuðlað að því, að bátur sá, er þessar ferðir annast, geti tekið farþega. Hefur nefndin orðið við þessari ósk, og sprettur þessi hækkun styrksins af því. Leggur nefndin til, að þessi viðbótarstyrkur verði notaður í samráði við samgöngumálaráðuneytið til þess að bæta vetrarsamgöngur við Árneshrepp.

Lagt er til, að framlag til Haganesvíkurbáts verði óbreytt, en heildarframlag til Hríseyjarbáts lækki um 30 þús. krónur. Hins vegar hækkar rekstrarstyrkur til þessa báts um 30 þús. krónur.

Nefndin leggur til, að styrkur til flugsamgangna við Grímsey hækki um 10 þús. krónur. Hefur Tryggvi Helgason á Akureyri haldið uppi áætlunarflugi til Grímseyjar með svipuðum hætti og á s. l. ári. Munu hafa verið farnar um 100 flugferðir þangað á þessu ári.

Byggð hefur nú lagzt niður að vetrarlagi í Flatey á Skjálfanda. En flóabátur eyjarskeggja hafði á þessu ári 120 þús. króna rekstrarstyrk. Leggur nefndin nú til, að Flateyjarbátur á Skjálfanda fái 80 þús. kr. rekstrarstyrk. En gert er ráð fyrir, að eyjarbúar dvelji í eynni næsta sumar eða rúmlega hálft árið.

Austfjarðasamgöngur.

Um Austfjarðasamgöngur er það fyrst að segja, að gert er ráð fyrir, að styrkur til Loðmundarfjarðarbáts falli niður, þar sem byggðin í firðinum er nú að mestu komin í eyði. Mun aðeins einn einsetumaður dvelja þar á þessum vetri. Hins vegar leggur nefndin til, að styrkur til Mjóafjarðarbáts hækki um 25 þús. krónur.

Þá leggur nefndin til, að styrkur til snjóbifreiðar, er gengur yfir Fjarðarheiði, verði hækkaður um 30 þús. og upp í 150 þús. krónur. Enn fremur verði veittur sérstakur styrkur til snjóbifreiðar, er haldi uppi ferðum um Fagradal. Er lagt til, að til þessarar starfrækslu verði veittar 75 þús. krónur. Er hér um að ræða nýjan styrk. Hafa bæði byggðarlögin á Austfjörðum og Flugfélag Íslands lagt á það mikla áherzlu við nefndina, að nauðsyn bæri til þess að styrkja ferðir með snjóbifreiðum, þar sem flugsamgöngur við Egilsstaði byggist mjög á þessari þjónustu.

Suðurlandssamgöngur.

Nefndin leggur til samkv. margra ára venju, að haldið verði áfram að veita ríkisstyrk vegna vöruflutninga til hinna hafnlausu héraða í Skaftafellssýslum. Er það tillaga nefndarinnar nú, að styrkur til vöruflutninga á Suðurlandi, það er til V.-Skaftafellssýslu, hækki um 85 þús. krónur. Sprettur sú styrkhækkun fyrst og fremst af hækkun benzínverðs.

Þá er lagt til, að styrkur til vöruflutninga til Öræfa lækki um 85 þús. krónur. En framlagi til vöruflutninga til Öræfa hefur á undanförnum árum aðallega verið varið til að greiða niður flutningskostnað með flugvélum. Með hinni nýju brú á Jökulsá opnaðist akvegasamband við Öræfasveit. Öræfingar eru nú að undirbúa þá breytingu, að loftflutningar þaðan geti fallið niður, en sláturafurðirnar verði fluttar landveg til Hornafjarðar. Þessi breyting getur þó ekki orðið á næsta ári, nema að

takmörkuðu leyti. Er því lagt til, að veittar verði að þessu sinni til vöruflutninga til Öræfa 80 þús. krónur. Er það, eins og fyrr segir, 85 þús. króna lækkun.

Þá hefur nefndin tekið upp nýja smáfjárveitingu til vatnadreka við Skeiðará, að upphæð 35 þús. krónur. Er hér um að ræða öryggistæki, sem héraðsbúar telja mjög mikils virði að sé staðsett á þessum slóðum, fyrst og fremst til þess að aðstoða, ef á þarf að halda, bifreiðar, sem leið eiga yfir Skeiðará.

Þá er lagt til, að styrkur til Vestmannaeyjabáts hækki um 50 þús. krónur.

Faxaflóasamgöngur.

Fjárhagur h/f Skallagríms, sem heldur uppi ferðum milli Reykjavíkur og Akraness, er enn sem fyrr mjög þröngur. Telur útgerðarstjórnin sig þurfa a. m. k. 1 millj. króna hækkun á ríkisstyrk, í senn til að mæta rekstrarhalla og kostnaði vegna flokkunarviðgerðar, sem fram fór á skipi félagsins, „Akraborg", á árinu 1965.

Útgerðarstjórn „Akraborgar" hefur upplýst, að skipið hafi á s. l. ári flutt rúmlega 48 þús. farþega. Er af þessu auðsætt, að hér er um mjög nauðsynlega og þýðingarmikla þjónustu að ræða. Samvinnunefndin hefur þó ekki talið sér mögulegt að mæla með svo mikilli styrkhækkun sem útgerðarstjórnin fer fram á. Leggur nefndin til, að heildarstyrkur til Skallagríms verði hækkaður um 500 þús. krónur, upp í 2.5 millj. króna.

Nefndinni er ljóst, að óhjákvæmilegt er að taka þennan rekstur til sérstakrar athugunar. Má í því sambandi benda á, að nefnd vinnur nú að athugun samgangna umhverfis Hvalfjörð. Er gert ráð fyrir, að hún taki samgöngumál þessa landshluta í heild til athugunar. Nefndin vekur athygli á því, að lagt var til í síðasta nefndaráliti hennar, að sérstök nefnd yrði skipuð til að rannsaka flutningaþörf og samgöngur milli Akraness og Reykjavíkur, með það fyrir augum að finna hagkvæmari lausn á flutningavandamáli þessa farsvæðis. Verður að vænta þess, að fyrrgreind milliþinganefnd taki þetta mál í heild til athugunar.

Lagt er til, að styrkur til Mýrabáts hækki um 3 þús. krónur.

Breiðafjarðarsamgöngur.

Lagt er til, að rekstrarstyrkur til Flateyjarbáts á Breiðafirði verði óbreyttur frá s. l. ári, eða 455 þús. krónur. Bátur þessi heldur uppi samgöngum milli vestureyja Breiðafjarðar og landhreppanna í A.-Barðastrandarsýslu á vetrum. Í fyrrgreindri styrkupphæð er innifalið 25 þús. króna framlag til ferða af Barðaströnd með beltisdráttarvél yfir Kleifaheiði til Patreksfjarðar, þegar snjóar hindra ferðir bifreiða á þessari leið. Það er tillaga nefndarinnar, að hreppsnefnd Flateyjarhrepps hafi framvegis umsjón með rekstri og ferðum Flateyjarbáts.

Afkoma Stykkishólmsbátsins Baldurs hefur á árinu reynzt mjög bágborin. Tekjur bátsins af farmgjöldum og fargjöldum hafa orðið töluvert minni en gera hefði mátt ráð fyrir. Enn fremur hvíla á honum þung lán, sem nauðsynlegt er að koma í betra horf. Kostnaðarverð bátsins varð enn fremur miklu meira en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir. Benti nefndin á það í síðasta nefndaráliti sínu, að nauðsynlegt væri að fjárhagsvandamál þessa báts yrðu tekin til ýtarlegrar athugunar og úrlausnar. Er það skoðun hennar, að á því megi ekki verða frekari dráttur. Nefndin leggur til, að rekstrarstyrkur Stykkishólmsbáts hækki um 500 þús. krónur.

Þá er lagt til, að styrkur til Langeyjarnesbáts hækki um 20 þús. krónur.

Vestfjarðasamgöngur.

Styrkur til Djúpbátsins h/f á Ísafirði, sem rekur m.s. „Fagranes", hefur hækkað tiltölulega lítið síðustu árin. Ferðir skipsins hafa verið með svipuðum hætti og áður, en það heldur uppi ferðum um Ísafjarðardjúp og til kauptúnanna í V.-Ísafjarðar-

sýslu. Óhjákvæmilegt var nú talið að hækka styrk til bátsins verulega, og er lagt til, að hann verði 1700 þús. krónur og hækki um 350 þús. krónur.

Gert er ráð fyrir smávægilegri styrkhækkun til þriggja smábáta á Vestfjörðum: Dýrafjarðarbáts, Patreksfjarðarbáts og Skötufjarðarbáts.

Samkv. framansögðu leggur samvinnunefnd samgöngumála til, að heildarfjárveiting til flóabáta og vöruflutninga verði á árinu 1968 kr. 10 465 000.00. Er það rúmum 1 780 þúsund krónum hærra en á árinu 1967.

Nefndin leggur til, að heildarfjárhæð skiptist þannig:

1.	Norðurlandsbáturinn Drangur	1600	þús. kr.
2.	Til Strandaferða	100	— —
3.	Haganesvíkurbátur	25	— —
4.	Hríseyjarbátur	80	— —
5.	Grímsey, vegna flugferða	70	— —
6.	Flateyjarbátur á Skjálfanda	80	— —
7.	Mjóafjarðarbátur	200	— —
8.	Til snjóbifreiðar á Fjarðarheiði	150	— —
9.	Til snjóbifreiðar á Fagradal	75	— —
10.	Til vöruflutninga á Suðurlandi	675	— —
11.	Til vöruflutninga til Öræfa	80	— —
12.	Til vatnadreka við Skeiðará	35	— —
13.	Vestmannaeyjabátur, vegna mjólkurflutninga	400	— —
14.	H/f Skallagrímur — „Akraborg“	2500	— —
15.	Mýrabátur	10	— —
16.	Flateyjarbátur á Breiðafirði	455	— —
17.	Stykkishólmsbátur — „Baldur“	2000	— —
18.	Langeyjarnesbátur	120	— —
19.	Djúpbátur — „Fagranes“	1700	— —
20.	Dýrafjarðarbátur	55	— —
21.	Patreksfjarðarbátur	30	— —
22.	Skötufjarðarbátur	25	— —
	Samtals	10 465	þús. kr.

Alþingi, 12. des. 1967.

Sigurður Bjarnason, form. Nd.-nefndar, frsm.
Benedikt Gröndal, fundaskr. Nd.-nefndar.
Jón Árm. Héðinsson, form. Ed.-nefndar.
Jón Árnason, fundaskr. Ed.-nefndar.
Steinþór Gestsson.
Ásgeir Bjarnason.
Karl Guðjónsson.
Steingrímur Pálsson.
Friðjón Þórðarson.
Guðlaugur Gíslason.
Björn Pálsson, með fyrirvara.
Páll Þorsteinsson.
Jónas G. Rafnar.
Sigurvin Einarsson.

Ed. 146. Frumvarp til laga [4. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Eftir 3. umr. í Nd., 13. des.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1968 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfagjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.
b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Nd. 147. Frumvarp til laga [72. mál]

um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenzkrar krónu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 13. des.)

1. gr.

Endurskoða skal verð í kostnaðar- og tekjuhlið verðlagsgrundvallar landbúnaðarafurða fyrir framleiðsluárið 1967/68 með tilliti til þeirra verðbreytinga, sem breytt gengi íslenzku krónunnar frá 24. nóvember 1967 hefur í för með sér. Sexmannanefnd sú, sem um getur í 5. gr. laga nr. 101 1966, skal framkvæma þessa endurskoðun að fengnum skýrslum og gögnum frá Hagstofu Íslands. Náist ekki meiri hluti í Sexmannanefnd, skal skjóta málinu til úrskurðar yfirnefndar samkvæmt 3. málsgr. 6. gr. laga nr. 101 1966. Sexmannanefnd og yfirnefnd skulu ljúka endurskoðuninni fyrir 23. desember 1967. Þær breytingar á verði landbúnaðarafurða, sem af endurskoðuninni leiðir, skulu taka gildi 1. janúar 1968.

2. gr.

Fé það, er kemur vegna útfluttra landbúnaðarafurða á reikning þann, sem um getur í 4. gr. laga nr. 69 1967, skal nota til þarfa landbúnaðarins samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 148. Tillaga til þingsályktunar [78. mál]

um endurskoðun laga um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða löggjöfina um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis. Með þeirri endurskoðun skal eink-

um stefnt að því að gera utanríkisþjónustuna hagkvæmari og ódýrari en nú. Endurskoðunin skal gerð í samráði við þingflokkana, og skulu niðurstöður hennar lagðar fyrir næsta þing.

Greinargerð.

Hinn 10. apríl 1940, eftir hernám Danmerkur, samþykkti Alþingi, að Ísland skyldi, að svo stöddu, taka meðferð utanríkismála í sínar hendur. Nokkru síðar eða 8. júlí 1940 voru gefin út bráðabirgðalög um utanríkisþjónustu erlendis. Þessi bráðabirgðalög voru síðan lögð fyrir Alþingi 1941, er gerði á þeim nokkrar breytingar. Voru þau síðan staðfest og birt sem lög 31 frá 27. júní 1941. Hafa þau síðan staðið óbreytt.

Lögin um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis eru þannig sett við óvenjulegar aðstæður og án þess að við nokkra verulega reynslu í meðferð utanríkismála væri að styðjast. Þau voru upphaflega sett af nokkurri skyndingu sem bráðabirgðalög. Hefur sennilega verið gert ráð fyrir, að skipan utanríkismálanna yrði fljótlega tekin til gagngerrar endurskoðunar og um meðferð þeirra sett fullkomin löggjöf. En af því hefur enn ekki orðið.

Þegar þess er gætt, sem á undan er sagt, er sízt að undra, þó að í ljós hafi komið að fenginni reynslu, að í lögum þessum hefði sitthvað mátt betur fara. Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að nú megi ekki öllu lengur dragast, að þau séu tekin til endurskoðunar. Ber til þess margt og ekki hvað sízt hinn sívaxandi kostnaður við utanríkisþjónustuna, sem er að verða landinu ofviða. Það er óhugsandi, að hægt sé að halda áfram á sömu braut í þeim efnum. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að halda uppi óhjákvæmilegri utanríkisþjónustu, og að henni verður að búa svo, að hún geti rækt hlutverk sitt á viðunandi hátt. En við verðum að sníða okkur stakk eftir vexti í þessum efnum. Það þarf að fenginni reynslu að athuga, hvar nauðsynlegt er að hafa sendiráð, hvort ekki sé hægt að sameina tvö eða fleiri sendiráð í eitt og hvort ekki sé með öðrum hætti hægt að draga úr útgjöldum við þessa starfsemi. Jafnframt þarf að kanna, hvers konar menntun og reynsla henti starfsmönnum utanríkisþjónustunnar bezt, svo og hver skuli vera staða útsendra fulltrúa.

Í l. 31/1941 er það lagt á vald ríkisstjórnarinnar að ákveða, hvar Ísland skuli hafa sendiráð. Þessu þarf að breyta. Það er eðlilegra, að löggjafinn ákveði, hvar sendiráð skuli vera, eða setji a. m. k. um þetta nánari reglur. Það er í samræmi við meginreglur íslenzks réttar um stofnun embætta. Það er a. m. k. lágmarkskrafa, að um þessi efni sé haft samráð við utanríkismálanefnd og að það sé beinlínis bundið í lögum. Skipun utanríkisþjónustunnar þarf að koma í fastara horf, svo að hún sé ekki komin undir geðþótta ríkisstjórnar á hverjum tíma.

Lagt er til, að hér um rædd endurskoðun fari fram í samráði við þingflokkana. Með því er bezt tryggt, að nauðsynleg samstaða skapist um skipan þessara mála.

Fyrir tillögu þessari verður gerð nánari grein í framsögu.

Sþ. 149. Tillaga til þingsályktunar [79. mál]

um breytta skipan lögreglumála í Reykjavík.

Flm.: Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa breytta skipan á yfirstjórn lögreglunnar í Reykjavík, þannig, að bæði hin almenna lögregla og rannsóknarlögregla heyri framvegis undir yfirstjórn lögreglustjóra.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, nr. 98 frá 23. des. 1961, fer lögreglustjóri með lögreglustjórn almennt, en sakadómarar með stjórn rannsóknarlögreglu. Samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála, nr. 82 frá 21. ágúst 1961, 32. gr., fer sakadómari í Reykjavík með stjórn þeirra lögreglumanna, sem ætlað er að rannsaka brot „að því er þau störf varðar". Þessi starfsskipting, sem raunar er á ýmsan hátt óljós, verður að teljast miður æskileg. Eðlilegt virðist og sjálfsagt, að lögreglan í heild lúti yfirstjórn eins og sama aðila. Samkvæmt lögum er hlutverk lögreglumanna að halda uppi lögum og reglu, greiða götu manna, þar sem það á við, stemma stigu við ólögmætri hegðun og vinna að uppljóstran brota, sem framin eru, og vera rannsóknardómara til aðstoðar í hvívetna. Þetta ákvæði tekur til allra lögreglumanna.

Í bók þeirri um lögregluna í Reykjavík, er út var gefin að tilhlutan lögreglustjórnarinnar árið 1938, segir svo á bls. 151 m. a.: „Einn þáttur í starfi lögreglunnar hefur frá öndverðu verið athugun og undirbúningur við rannsókn opinberra mála, og í vel og rétt skipuðu lögregluliði er það einn merkasti þáttur starfanna."

Utan Reykjavíkur starfa lögreglumenn undir stjórn bæjarfógeta og sýslumanna jöfnum höndum að almennri löggæzlu og frumrannsóknum mála. Á hinn bóginn verður jafnan verkaskipting í fjölmennu lögregluliði. Starfa þá sumir aðallega að almennri löggæzlu, en aðrir í sérhæfðum deildum að lausn ákveðinna verkefna: umferðarmála, útlendingaeftirlits, ungmennamála, tæknilegra verkefna, eða að rannsókn afbrota, svo að dæmi séu nefnd. Hvernig svo sem deildaskiptingu er hagað, verður það ávallt grundvallarskilyrði fyrir öflugri og góðri löggæzlu, að náið samstarf sé milli allra deildanna og fullkomið samræmi í starfsemi þeirra. Stjórnendur nútímalögreglu vinna að þeirri samræmingu á skipulagsbundinn hátt. — Yfirstjórn allrar lögreglu í Reykjavík var í höndum lögreglustjóra, þar til sett voru lög nr. 67 frá 31. des. 1939, um dómsmálastörf o. fl. í Reykjavík. Þá var sakadómaraembættið stofnað og kveðið svo á, að sakadómari skyldi fara með stjórn rannsóknarlögreglu, en lögreglustjóri með stjórn hinnar almennu lögreglu. Má vera, að ákvæði þetta hafi mótazt af því, að samkvæmt lögum nr. 67/1939 þurfti lögreglustjóri ekki að fullnægja skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti. Nú er því á annan veg farið. Þarf lögreglustjóri ekki einasta að fullnægja skilyrðum til skipunar í dómaraembætti, heldur er það skilyrði einnig sett til veitingar lögreglustjóraembættisins, að viðkomandi aðili hafi raunhæfa þekkingu á háttum og stjórn lögreglumanna og skipulagi lögreglumála. — Með áðurnefndum lögum hefst þannig tvískipting lögreglunnar árið 1939. Hefur sú skipan mála haldizt síðan og gengið furðanlega, en samstarfið þó ekki orðið eins náið og æskilegt væri. Þess ber og að geta, að jafnan hafa valizt hæfir og samvinnuþýðir menn í embætti lögreglustjóra og sakadómara, bæði fyrr og nú. Það skal og skýrt tekið fram, að tilgangurinn með því að vekja máls á þessari breyttu skipan er ekki sá að halla á einn eða neinn, sem vinna eða unnið hafa að lögreglumálum í Reykjavík, hvorki yfirmenn né aðra lögreglumenn. Til þess er engin ástæða. Þetta skipulag er hins vegar hæpið af ýmsum ástæðum, eins og drepið verður á hér á eftir.

Stjórnarskrá Íslands byggir á þrískiptingu valdsins í dóms-, framkvæmda- og löggjafarvald. Leitazt er sérstaklega við að gera dómendur sem óháðasta öðrum störfum alls staðar, þar sem því verður við komið. M. a. er af sumum talið óæskilegt, að einn og sami dómari rannsaki og dæmi sama málið, þar sem hann kunni að hafa myndað sér ákveðna skoðun um niðurstöðu, áður en mál er fullrannsakað og tekið til dóms.

Á Norðurlöndum og annars staðar, þar sem vitað er, mun lögreglan hvarvetna sem heild lúta lögreglustjóra, en ekki handhafa dómsvalds. Þykir þetta sjálfsögð og ótvíræð meginregla.

Allir, sem til þekkja, vita fullvel, hversu brýna nauðsyn ber til, að öll lögreglan vinni saman sem heild og ekki skapist fáleikar eða togstreita milli starfsbræðra, sem vinna við aðgreind embætti. Vafalaust getur nýting starfskrafta orðið mun betri og samvinna nánari og virkari, þegar allir eru í sama báti, undir einni stjórn, og kemur þetta þeim mun betur í ljós sem íbúatala og athafnalíf í borginni vex meira. — Mun það og sanni næst, að almenningur átti sig ekki á þeirri sérstæðu skiptingu á stjórn lögreglunnar, sem er í höfuðborginni, og líti á það sem sjálfsagðan hlut, að öll lögreglan lúti sömu stjórn.

Ljóst má vera, hversu mikilvægt það er fyrir öryggi og traust borgaranna, að sem hæfastir menn veljist til löggæzlustarfa. — Með lögum skal land byggja, en með ólögum eyða. — Starfið verður aðgengilegra og eftirsóknarverðara ungum mönnum og tápmiklum, ef lögreglan starfar sem ein heild. Gefst þeim þá fyrr en ella kostur á að kynnast öllum þáttum starfsins nánar og leggja rækt við þau starfssvið, er sérstakan áhuga vekja, hvort sem um er að ræða rannsóknar- og tæknistörf eða almenna löggæzlu.

Þess ber að geta, að verði slík breyting gerð, sem hér er rædd, verður lögreglan að sjálfsögðu hér eftir sem hingað til að hafa nána og góða samvinnu við saksóknara ríkisins, sakadóm o. fl. opinbera aðila, eftir nánari reglum og ákvörðun dómsmálaráðherra.

Rétt er að geta þess, að ekki verður séð, að umrædd nýskipan hafi aukinn kostnað í för með sér, heldur þvert á móti. Horfir hún tvímælalaust til aukinnar hagræðingar frá hagsýslusjónarmiði.

Hin gamla lögreglustöð í Pósthússtræti hefur hingað til sniðið lögreglunni og starfi hennar þröngan stakk. Vera má, að þetta atriði hafi átt sinn þátt í því, að umrædd skipulagsbreyting hefur verið lítið rædd opinberlega á undanförnum árum. En nú er ný og vegleg bygging í smíðum við Hverfisgötu, sem ætluð er starfsemi lögreglunnar í framtíðinni. Ætla má, að hún verði fullbúin eftir 2 ár eða svo. Mun rannsóknardeild lögreglunnar fá þar rúmgott og fullkomið húsnæði við hlið annarra lögregludeilda. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir, að sakadómur fái þar aðsetur. Til þess að skipulagsbreyting sú, sem hér hefur verið nefnd, nái fram að ganga, þarf nokkurn undirbúning, m. a. þarf að breyta ákvæðum fyrrgreindra laga um dómsmálastörf, lögreglustjórn o. fl. í Reykjavík, og laga um meðferð opinberra mála. Væri einkar hentugt að nota tíma þann, sem fer í að ljúka byggingu hinnar nýju lögreglustöðvar, til að undirbúa þetta mál, svo að lögreglan geti að þeim tíma liðnum flutt sem ein heild undir nýtt þak, í nýjar aðalstöðvar, sem fullnægja kröfum tímans.

Nd. 150. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. nefndarinnar mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. des. 1967.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Gunnar Gíslason.

Guðl. Gíslason.

Nd. 151. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggur meiri hl. til, að það verði samþ. óbreytt, en minni hl. mun skila séráliti.

Alþingi, 14. des. 1967.

Matthías Á. Mathiesen, form.
Sigurður Ingimundarson, fundaskr.
Guðl. Gíslason, frsm.
Gunnar Gíslason.

Ed. 152. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenzkrar krónu.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Undirritaður meiri hluti nefndarinnar mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. des. 1967.

Steinþór Gestsson, form., frsm.
Jón Þorsteinsson, fundaskr.
Jónas G. Rafnar.
Jón Árnason.

Ed. 153. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenzkrar krónu.

Frá 1. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Ég er sammála um meginatriði frv., þ. e. að verðhækkanir á rekstrarvörum landbúnaðarins vegna gengislækkunarinnar skuli koma inn í verðlag landbúnaðarvara 1. janúar og að gengishagnað af framleiðslu landbúnaðarins á þessu ári skuli nota til þarfa landbúnaðarins.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en ég tel rétt að gera á því breytingu.

Ég tel sjálfsagt, að Hagstofu Íslands verði falið að reikna út rekstrarvöruhækkanirnar skv. 1. gr. frv., og flyt breytingartillögu þess efnis.

Þá þykir mér rétt að kveða nánar á um það, hversu verja skuli gengishagnaði á útfluttum landbúnaðarvörum skv. 2. gr., enda er það í fullu samræmi við ákvæði gengislaganna. Áætlanir þær, sem gerðar hafa verið um útflutning landbúnaðarvara á yfirstandandi verðlagsári, benda til þess, að hámark útflutningsuppbóta hrökkvi ekki til þess, að fullt grundvallarverð náist. Og þegar þess er enn fremur gætt, að í greinargerð yfirnefndar segir, að ríkisstjórnin hafi ákveðið, að gengishagnaður af landbúnaðarvörum renni fyrst og fremst til verðuppbótar á ull og gærur, og að

nefndin hafi ákveðið verð á þeim vörum með tilliti til þess, þá virðist eðlilegt að taka fram í lögunum, að svo skuli gert.

Samkvæmt framansögðu legg ég til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist svo:

Endurskoða skal verð á kostnaðar- og tekjuhlið verðlagsgrundvallar landbúnaðarafurða fyrir framleiðsluárið 1967/68 með tilliti til þeirra verðbreytinga, sem breytt gengi íslenzku krónunnar frá 24. nóvember 1967 hefur í för með sér.

Hagstofa Íslands skal reikna út verðhækkanir á innfluttum rekstrarvörum landbúnaðarins, þar á meðal kjarnfóðri, tilbúnum áburði, efnivörum til viðhalds húsa og girðinga, varahlutum, benzíni, olíum og öðru til véla. Einnig meti hún hækkanir á flutningum og öðrum kostnaði.

2. 2. gr. orðist svo:

Fé það, er kemur vegna útfluttra landbúnaðarafurða á reikning þann, sem um getur í 4. gr. laga nr. 69 1967, skal nota til verðuppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir, til viðbótar því fé, sem greitt er skv. 12. gr. laga nr. 101 1966.

Alþingi, 14. des. 1967.

Karl Guðjónsson.

Ed. 154. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenzkrar krónu.

Frá 2. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Minni hl. nefndarinnar er samþykkur því meginatriði þessa frv., að verðhækkanir á rekstrarvörum landbúnaðarins vegna gengisbreytingarinnar verði reiknaðar út og færðar inn í verðlag landbúnaðarvara um næstu áramót, svo og að gengishagnað af framleiðslu landbúnaðarins á þessu ári skuli nota til þarfa landbúnaðarins.

En með tilliti til þess, hve óhæfilegar tafir hafa orðið á verðlagningu landbúnaðarvara á þessu hausti hjá þeim aðilum, sem um verðlagninguna hafa fjallað, þá leggjum við til, að Hagstofu Íslands verði falið að reikna út hækkanir þær á rekstrarvörum landbúnaðarins, sem eru afleiðingar gengisbreytingarinnar, og að framleiðsluráð landbúnaðarins felli þær síðan inn í verðlagið. Með því móti ætti að vera tryggt, að þeirri endurskoðun, sem mælt er fyrir um í 1. gr. frv., verði lokið fyrir tilsettan tíma.

Enn fremur telur minni hl. n. rétt, að í lögunum verði kveðið nánar á um það en gert er í 2. gr. frv., hvernig verja skuli gengishagnaði á útfluttum landbúnaðarvörum.

Við leggjum til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist svo:

Endurskoða skal verð á kostnaðar- og tekjuhlið verðlagsgrundvallar landbúnaðarafurða fyrir framleiðsluárið 1967/68 með tilliti til þeirra verðbreytinga, sem breytt gengi íslenzku krónunnar frá 24. nóvember 1967 hefur í för með sér.

Hagstofa Íslands skal reikna út verðhækkanir á innfluttum rekstrarvörum landbúnaðarins, þar á meðal kjarnfóðri, tilbúnum áburði, efnivörum til viðhalds

húsa og girðinga, varahlutum, benzíni, olíum og öðru til véla. Einnig meti hún hækkanir á flutningum og öðrum kostnaði.

Framleiðsluráð landbúnaðarins verðskráir landbúnaðarvörurnar í einstökum atriðum á grundvelli útreikninga Hagstofu Íslands.

Hagstofa Íslands skal hafa lokið útreikningum samkv. 2. málsgr. fyrir 23. desember 1967. Þær breytingar á verði landbúnaðarafurða, sem af endurskoðuninni leiðir, skulu taka gildi 1. janúar 1968.

2. 2. gr. orðist svo:

Fé það, er kemur vegna útfluttra landbúnaðarafurða á reikning þann, sem um getur í 4. gr. laga nr. 69 1967, skal nota til verðuppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir, eftir tillögum framleiðsluráðs landbúnaðarins, til viðbótar því fé, sem greitt er skv. 12. gr. laga nr. 101 1966.

Alþingi, 15. des. 1967.

Páll Þorsteinsson, frsm. Ásgeir Bjarnason.

Nd. 155. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hlutinn leggur til, að það verði samþykkt óbreytt, en á það gat minni hlutinn ekki fallizt.

Með frv., ef að lögum verður, er ríkisstjórninni heimilað að leggja söluskatt á rekstur pósts og síma. Með þeim hætti yrði innheimta og bókhald þessara fyrirtækja nokkru þyngra í vöfum en ella. Hins vegar þarf ekki sérstakar heimildir í lögum til þess að hreyfa gjaldskrár pósts og síma, það geta stjórnarvöld gert, hvenær sem þeim býður svo við að horfa. Frumvarp þetta virðist því gersamlega þarflaust og meira en það, því að ákvæði þess mundu, ef til framkvæmda kæmu, verða til verulegs óhagræðis fyrir viðkomandi stofnanir. Við leggjum því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 15. des. 1967.

Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Lúðvík Jósefsson. Skúli Guðmundsson.

Nd. 156. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Undirritaður minni hl. nefndarinnar mælir með því, að 1. gr. frv. verði samþykkt. Þar eru fyrirmæli um, að tekjufrádráttur hjá sjómönnum við skattálagningu skuli gerður víðtækari en nú er.

Öðru máli gegnir um 2. grein frv. Þar eru ákvæði um, að við mat á fasteignum, öðrum en bújörðum til eignarskatts, skuli bæta 800% ofan á núgildandi fasteignamat, en 350% á fasteignamat jarða. Við erum andvígir þessum fyrirmælum og leggjum því til, að 2. gr. verði numin burt úr frv.

Nú er fasteignamat í kaupstöðum og kauptúnum hækkað um 500%, þegar eignarskattur er á lagður, og við teljum ekki rétt að auka þær álögur, svo sem gert er ráð fyrir í frv. Viljum við í því sambandi m. a. benda á eftirfarandi:

Við teljum ósanngjarnt að bæta slíkum álögum á almenning, sem nú verður að taka á sig þungar klyfjar vegna gengisbreytingarinnar.

Ríkissjóður fær mjög auknar tekjur, í sambandi við gengislækkun krónunnar, og er því ástæðulaust að hækka skatta.

Núgildandi fasteignamat er mjög ótraustur grundvöllur undir skattálagningu.

Við teljum ranglátt að hækka fasteignamatið við álagningu eignarskatts hlutfallslega jafnmikið í öllum kaupstöðum og kauptúnum, þar sem gangverð á þeim eignum er ákaflega misjafnt í hlutfalli við fasteignamat.

Víða um land eru jarðir ekki seljanlegar fyrir fasteignamatsverð með 350% álagi, eins og frv. gerir ráð fyrir að þær verði metnar til eignarskatts.

Loks skal tekið fram, að ef fært og sanngjarnt þykir að leggja aukna skatta á fasteignir, teljum við, að sveitarfélögin eigi að njóta þess.

Geti hv. þingdeild ekki fallizt á þá tillögu okkar að fella 2. gr. úr frv., munum við bera fram brtt. við 3. umr. frv. um neðangreind atriði:

Álagið á fasteignamatið, við útreikning á eignarskatti, verði lækkað í fámennari kaupstöðum, kauptúnum og sveitum.

Skattfrjáls eign verði hækkuð frá því, sem er í 3. gr. frv.

Ákvæði 2. gr. gildi aðeins þar til nýtt fasteignamat tekur gildi. Fasteignamat er búið að vera lengi í smíðum, og er þess að vænta, að því verði lokið innan skamms. En í frv. vantar fyrirmæli um, að margföldun fasteignamatsins skuli niður falla, um leið og nýja matið kemur í gildi.

Samkv. framansögðu er það tillaga okkar, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Greinin falli burt.

Alþingi, 15. des. 1967.

Skúli Guðmundsson, frsm. Lúðvík Jósefsson. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Nd. 157. Nefndarálit [35. mál]

um frv. til l. um breyt. á framfærslulögum, nr. 80 5. júní 1947.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 15. des. 1967.

Guðl. Gíslason, form., frsm. Bragi Sigurjónsson, fundaskr. Jón Skaftason. Stefán Valgeirsson.

Friðjón Þórðarson. Hannibal Valdimarsson. Matthías Bjarnason.

Nd. 158. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til l. um breyt á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. des. 1967.

Guðl. Gíslason, form.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Friðjón Þórðarson, frsm.
Stefán Valgeirsson.	Hannibal Valdimarsson.	Jón Skaftason.
	Matthías Bjarnason.	

Ed. 159. Lög [72. mál]

um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenzkrar krónu.

(Afgreidd frá Ed. 15. des.)

Samhljóða þskj. 147.

Nd. 160. Breytingartillaga [75. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Þórarni Þórarinssyni, Birni Pálssyni og Sigurvin Einarssyni.

Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Á eftir E-lið 13. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:
Bætur almannatrygginga.

Nd. 161. Breytingartillögur [75. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Lúðvík Jósefssyni, Vilhjálmi Hjálmarssyni og Skúla Guðmundssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Í kaupstöðum með yfir 3000 íbúa skal virðing á fasteignum til eignarskatts skv. 22. gr. A-lið laganna miðuð við gildandi fasteignamat nífaldað. Í öðrum kaupstöðum og kauptúnum skal miðað við fasteignamatið sexfaldað. Virðing á bújörðum með tilheyrandi íbúðar- og peningshúsum og öðrum mannvirkjum skal þó fara eftir fasteignamatinu margfölduðu með þremur.
   Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, þar til nýtt fasteignamat hefur tekið gildi.
2. Við 3. gr. Í stað „200 þús. kr.“ komi: 400 þús. kr.

Ed. 162. Nefndarálit [77. mál]

um frv. til l. um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það á fundum með fulltrúum sjávarútvegsins. Flytur nefndin breytingartillögur á sérstöku þingskjali og leggur til, að frv. verði samþykkt þannig breytt.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja fleiri brtt. eða fylgja þeim.

Alþingi, 15. des. 1967.

Pétur Benediktsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Gils Guðmundsson.
Ólafur Jóhannesson.	Bjarni Guðbjörnsson.	Sveinn Guðmundsson.
	Jón Árnason.	

Ed. 163. Breytingartillögur [77. mál]

við frv. til l. um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd

1. Við 1. gr. a-lið. Í stað orðanna „við framleiðslu“ komi: við öflun og vinnslu.
2. Við 1. gr. a-lið. Á eftir orðinu „flutningsgjaldi“ bætist við: vátryggingariðgjaldi og öðrum sambærilegum kostnaði.
3. Við 1. gr. c-lið. Stafliðurinn orðist svo:
   Bætur til bræðslusíldariðnaðar og fiskimjölsverksmiðja vegna vinnslu haustið 1967.
4. Við 1. gr. e-lið. Í stað orðanna „Útflutningsgjald ... Sama gildir“ í upphafi greinarinnar komi: Útflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, að þeim hluta, sem það er lagt á verðmætishækkun vegna gengisbreytingarinnar á útflutningi, sem hefur átt sér stað eftir 24. nóvember 1967. Þetta gildir þó ekki, þegar útflutningur hefur verið undanþeginn kvöðinni um að greiða mismun hins nýja gengis og hins eldra í gengishagnaðarsjóð, enda greiðist útflutningsgjald þá af öllu andvirði vörunnar. Sömu reglur gilda.
5. Við 1. gr. f-lið. Þessi liður falli niður.
6. Við 1. gr. síðustu málsgrein. Í stað þessarar málsgreinar komi:
   Sjávarútvegsmálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd ákvæðanna í stafliðum a—d í þessari grein. Til að sjá um úthlutun bóta samkvæmt a-lið skal skipa nefnd 3 manna. Formaður nefndarinnar skal tilnefndur af ráðherra, en annar hinna skal skipaður samkvæmt tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna og hinn þriðji samkvæmt tilnefningu Sölusambands hraðfrystihúsanna, Sambands ísl. samvinnufélaga og Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda. Komi þessir aðilar sér ekki saman um fulltrúa, velur ráðherra í hans stað mann með þekkingu á fiskvinnslu.
   Bætur samkvæmt stafliðunum b, c og d skulu ekki fara fram úr 45 milljónum króna.
7. Við 2. gr. 1. mgr. Í stað orðanna „er ríkisstjórninni heimilt að“ komi: skal ríkisstjórnin.

8. Við 2. gr. b. Stafliðurinn orðist svo:
   b. Allt að einum fjórða til Fiskveiðasjóðs Íslands til þess að greiða fyrir endurskipulagningu fiskiðnaðarins til framleiðniaukningar. Skal fé þetta renna til sérstakrar deildar innan Fiskveiðasjóðs, og setur sjóðsstjórnin nánari reglur um starfsemi deildarinnar að fengnu samþykki sjávarútvegsmálaráðherra. Áherzla skal lögð á nána samvinnu við Ríkisábyrgðasjóð í samræmi við tilgang 10. gr. laga nr. 4 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.
9. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Stofnfé Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins skv. d-lið 2. gr. skal varðveitt í Seðlabanka Íslands, þar til sett hafa verið lög um sjóðinn.
   Er gert ráð fyrir, að honum verði skipt í deildir eftir tegundum afurða og hafi deildirnar aðskilinn fjárhag. Í samræmi við það skiptist stofnféð milli deilda eftir því, af hvaða afurðum það hefur verið greitt.
   Sá afgangur, sem verða kann af verðbótasjóði frystra fiskafurða 1967, sbr. 6. gr. laga nr. 4 31. marz 1967, skal renna til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins sem stofnfé.

Nd. 164. Frumvarp til laga [80. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Flm.: Björn Pálsson, Jón Skaftason.

1. gr.

2. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:
Nýmjólk og unnar mjólkurvörur, alls konar kjötvörur og fiskafurðir, nema um veitingasölu sé að ræða.

2. gr.

2. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:
Vinna við skipaviðgerðir, flugvélaviðgerðir og iðgjaldagreiðslur af fiskiskipum og veiðarfærum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1960 var söluskattur lagður á allar mjólkurvörur nema nýmjólk og allar kjötvörur. Söluskattur þessi er nú 7½%. Allt þetta tímabil hefur ríkið greitt vörur þessar niður meira og minna. Það virðist vera skopleg ráðstöfun að skattleggja vöru á þennan hátt, en verja jafnhliða hærri upphæðum til að greiða þá sömu vöru niður. Ríkissjóður getur ekki hagnazt við slíka tilhögun, en henni fylgja meðal annars þessir ókostir:

a. Aukin, en nytjalaus vinna fyrir þá, sem verzla með þessar vörur.
b. Ólíklegt er, að söluskatturinn innheimtist að fullu frekar en af öðrum vörum.
c. Söluskatturinn hækkar útsöluverð vörunnar, en það dregur úr neyzlu og hækkar framfærsluvísitölu, nema niðurgreiðslur séu auknar úr ríkissjóði. Hvort tveggja er til tjóns og leiðinda fyrir þá, sem framleiða þessar vörur.

Ókostir við að greiða söluskatt af fiski eru m. a. þessir:

a. Allmargir þjóðfélagsþegnar fá fiskinn frá fyrstu hendi, án þess að greiða söluskatt. Sá aðstöðumunur veldur ranglæti. Líklegt er, að aukin áherzla verði lögð á að fara þá leið vegna bættrar aðstöðu við að geyma fisk óskemmdan og lækkandi tekna neytenda.

b. Söluskattur af fiski veldur tilfinnanlegri hækkun á almennri neyzluvöru og hækkar því framfærsluvísitöluna. Það á sinn þátt í að hækka starfslaun hjá ríki og atvinnurekendum. Á það má enn fremur benda, að sérstök ástæða er til þess að breyta þessum ákvæðum nú, þegar nauðsyn ber til að draga sem mest úr hækkun neyzluvara vegna gengislækkunarinnar.

Gengi íslenzkrar krónu hefur verið lækkað hvað eftir annað. Ein meginorsök þess er, að rekstur fiskiskipa og fiskvinnslustöðva hefur verið óhagstæður. Vafalaust eiga forráðamenn þessara fyrirtækja og framámenn stéttasamtaka einhverja sök á þessu. En stjórnarvöld landsins eru engan veginn án saka. Óhagkvæm og óviturleg lagaákvæði hafa átt sinn þátt í því, að útgerð fiski- og síldarskipa ber sig illa eða alls eigi. Eitt þeirra ákvæða, sem þessu valda, er söluskattur af tryggingariðgjöldum skipa.

Ákveðin prósenta af útflutningsafurðum sjávarafurða gengur til að greiða tryggingargjöldin. Sú greiðsla nægir fyrir þau skip, sem ekki hafa orðið fyrir miklum tjónum. Fari tjónabætur yfir ákveðna iðgjaldaupphæð, hækka tryggingargjöldin á viðkomandi skipi. Ýmsir útgerðarmenn þurfa því að greiða stórar fjárhæðir í iðgjöld af skipum sínum umfram það, sem greitt er úr sameiginlegum sjóði. Óhóflegur dráttur hefur orðið á greiðslu tryggingargjalda úr hinum sameiginlega sjóði. Þeir, sem orðið hafa fyrir miklum tjónum, skulda einnig tryggingarfélögunum. Fjárhagur þeirra er því þannig nú, að þau geta ekki innt bótagreiðslur af hendi á réttum tíma. Gert er ráð fyrir að bæta úr þessu að nokkru leyti í bili. Það breytir eigi þeirri staðreynd, að hinn sameiginlegi sjóður nægir eigi til að greiða öll iðgjöldin. Söluskattur af tryggingariðgjöldum á sinn þátt í því, að svo er komið. Þeir, sem verða fyrir mestum tjónum, þurfa að greiða hæstu iðgjöldin og af þeim orsökum mestan söluskatt. Nefndur skattur ásamt mörgum fleiri á sinn þátt í því, hve rekstur fiskiskipa er óhagstæður. Algengt mun vera, að iðgjöld stærri fiskibáta séu hálf til heil milljón. Söluskattur af slíkum bátum er 37—75 þús. kr. á ári. Þetta eru því stórar upphæðir, sem leggjast með fullum þunga á útgerðina. Ljóst er því, að söluskattur á tryggingargjald fiskiskipa er ranglátur, því að þeir borga mest, sem verða fyrir mestum óhöppum. Hann er því óviturlegur og óhagkvæmur fyrir þjóðarheildina.

Nd. 165. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Mætti ráðuneytisstjóri félagsmálaráðuneytisins á fundi nefndarinnar og gerði ýtarlega grein fyrir efni frv. og svaraði fyrirspurnum einstakra nefndarmanna. Nefndin mælir einróma með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1967.

Guðlaugur Gíslason, form., frsm.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Friðjón Þórðarson.	Jón Skaftason.	Stefán Valgeirsson.
	Hannibal Valdimarsson.	

Ed. 166. Frumvarp til laga [77. mál]

um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. des.)

1. gr.

Fé það, sem kemur á reikning ríkissjóðs í Seðlabankanum, vegna útfluttra sjávarafurða, samkvæmt ákvæði í 4. gr. laga nr. 69/1967, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, skal lagt í sérstakan gengishagnaðarsjóð, er varið skal í þágu sjávarútvegsins, skv. ákvæðum 2. gr. þessara laga, og skal sjóður þessi vera í vörzlu Seðlabankans. Áður en umrætt fé er greitt í gengishagnaðarsjóð, skal af því greiða ýmis gjöld og kostnað vegna umræddrar framleiðslu, svo sem hér segir:

a. Hækkanir á rekstrarkostnaði vegna gengisbreytingarinnar við öflun og vinnslu sjávarafurða, eftir að hið nýja gengi kom til framkvæmda og til ársloka 1967. Sama gildir um hækkanir á flutningsgjaldi, vátryggingariðgjaldi og öðrum sambærilegum kostnaði af afurðum, sem framleiddar hafa verið fyrir árslok 1967, en fluttar eru út eftir gengisbreytinguna.
b. Bætur til skreiðarframleiðenda vegna markaðserfiðleika.
c. Bætur til bræðslusíldariðnaðar og fiskimjölsverksmiðja vegna vinnslu haustið 1967.
d. Bætur vegna verðfalls á frystri rækju framleiddri á árinu 1967.
e. Útflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, að þeim hluta, sem það er lagt á verðmætishækkun vegna gengisbreytingarinnar á útflutningi, sem hefur átt sér stað eftir 24. nóvember 1967. Þetta gildir þó ekki, þegar útflutningur hefur verið undanþeginn kvöðinni um að greiða mismun hins nýja gengis og hins eldra í gengishagnaðarsjóð, enda greiðist útflutningsgjald þá af öllu andvirði vörunnar. Sömu reglur gilda um gjald til aflatryggingasjóðs skv. 1. tölulið 9. gr. laga nr. 77 1962, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, svo og gjald samkvæmt 7. gr. laga nr. 42 9. júní 1960, um ferskfiskeftirlit, og gjald samkvæmt lögum nr. 40 7. maí 1966, um smíði síldarleitarskips og um síldargjald. Útflutningsgjöld, sem ákveðin eru í krónutölu á smálest, skulu hækkuð til samræmis við gengisbreytinguna. Ráðstöfun útflutningsgjaldsins fer eftir 1. gr. laga nr. 38 29. apríl 1967, um breytingu á fyrrgreindum lögum um útflutningsgjald.

Framkvæmd á ákvæðum a—d-liða þessarar greinar fer eftir ákvörðun sjávarútvegsmálaráðherra.

2. gr.

Gengishagnaðarsjóði skal ríkisstjórnin ráðstafa í þágu sjávarútvegsins sem hér segir:

a. Allt að einum fjórða til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa.
b. Allt að einum fjórða til Fiskveiðasjóðs Íslands til þess að greiða fyrir endurskipulagningu fiskiðnaðarins til framleiðniaukningar. Skal fé þetta renna til sérstakrar deildar innan Fiskveiðasjóðs, og setur sjóðsstjórnin nánari reglur um starfsemi deildarinnar að fengnu samþykki sjávarútvegsmálaráðherra. Áherzla skal lögð á nána samvinnu við Rikisábyrgðasjóð í samræmi við tilgang 10. gr. laga nr. 4 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.
c. Allt að einum fjórða til sérstaks gengisjöfnunarsjóðs við Fiskveiðasjóð Íslands, er varið skal til lánveitinga vegna gengistaps af lánum til fiskiskipa, sem bundin eru gengi erlends gjaldeyris. Stjórn Fiskveiðasjóðs setur nánari reglur um sjóð þennan að fengnu samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.

d. Afganginum sem stofnframlagi til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sbr. 6. gr. laga nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, og enn fremur 3. gr. þessara laga.

3. gr.

Stofnfé Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins skv. d-lið 2. gr. skal varðveitt í Seðlabanka Íslands, þar til sett hafa verið lög um sjóðinn.

Er gert ráð fyrir, að honum verði skipt í deildir eftir tegundum afurða og hafi deildirnar aðskilinn fjárhag. Í samræmi við það skiptist stofnfé milli deilda eftir því, af hvaða afurðum það hefur verið greitt.

Sá afgangur, sem verða kann af verðbótasjóði frystra fiskafurða 1967, sbr. 6. gr. laga nr. 4 31. marz 1967, skal renna til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins sem stofnfé.

4. gr.

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests á árinu 1967 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, svo og að setja um þetta nánari reglur með samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 167. Breytingartillaga [77. mál]

við frv. til l. um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr. síðustu málsgrein. Í stað þessarar málsgreinar komi:

Sjávarútvegsmálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd ákvæðanna í stafliðum a—d í þessari grein. Til að sjá um úthlutun bóta samkvæmt a-lið skal skipa nefnd 5 manna. Formaður nefndarinnar skal tilnefndur af ráðherra, en hinir skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Landssambands íslenzkra útvegsmanna; Síldarverksmiðja ríkisins og annarra síldarverksmiðja sameiginlega; Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda; Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Sambands íslenzkra samvinnufélaga sameiginlega. Komi aðilar sér ekki saman um fulltrúa, skipar ráðherra í hans stað mann með þekkingu á þeirri atvinnugrein, sem um er að ræða.

Bætur samkvæmt stafliðunum b, c og d skulu ekki fara fram úr 45 milljónum króna.

Nd. 168. Frumvarp til laga [77. mál]

um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed., 16. des.).

1. gr.

Fé það, sem kemur á reikning ríkissjóðs í Seðlabankanum, vegna útfluttra sjávarafurða, samkvæmt ákvæði í 4. gr. laga nr. 69/1967, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, skal lagt í sérstakan gengishagnaðarsjóð, er varið skal í þágu sjávarútvegsins, skv. ákvæðum 2. gr. þessara laga, og

skal sjóður þessi vera í vörzlu Seðlabankans. Áður en umrætt fé er greitt í gengishagnaðarsjóð, skal af því greiða ýmis gjöld og kostnað vegna umræddrar framleiðslu, svo sem hér segir:

a. Hækkanir á rekstrarkostnaði vegna gengisbreytingarinnar við öflun og vinnslu sjávarafurða, eftir að hið nýja gengi kom til framkvæmda og til ársloka 1967. Sama gildir um hækkanir á vátryggingariðgjaldi og öðrum sambærilegum kostnaði af afurðum, sem framleiddar hafa verið fyrir árslok 1967, en fluttar eru út eftir gengisbreytinguna.
b. Bætur til skreiðarframleiðenda vegna markaðserfiðleika.
c. Bætur til bræðslusíldariðnaðar og fiskimjölsverksmiðja vegna vinnslu haustið 1967.
d. Bætur vegna verðfalls á frystri rækju framleiddri á árinu 1967.
e. Útflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, að þeim hluta, sem það er lagt á verðmætishækkun vegna gengisbreytingarinnar á útflutningi, sem hefur átt sér stað eftir 24. nóvember 1967. Þetta gildir þó ekki, þegar útflutningur hefur verið undanþeginn kvöðinni um að greiða mismun hins nýja gengis og hins eldra í gengishagnaðarsjóð, enda greiðist útflutningsgjald þá af öllu andvirði vörunnar. Sömu reglur gilda um gjald til Aflatryggingasjóðs skv. 1. tölulið 9. gr. laga nr. 77 1962, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, svo og gjald samkvæmt 7. gr. laga nr. 42 9. júní 1960, um ferskfiskeftirlit, og gjald samkvæmt lögum nr. 40 7. maí 1966, um smíði síldarleitarskips og um síldargjald. Útflutningsgjöld, sem ákveðin eru í krónutölu á smálest, skulu hækkuð til samræmis við gengisbreytinguna. Ráðstöfun útflutningsgjaldsins fer eftir 1. gr. laga nr. 38 29. apríl 1967, um breytingu á fyrrgreindum lögum um útflutningsgjald.

Sjávarútvegsmálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd ákvæðanna í stafliðum a—d í þessari grein. Til að sjá um úthlutun bóta samkvæmt a-lið skal skipa nefnd 5 manna. Formaður nefndarinnar skal tilnefndur af ráðherra, en hinir skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Landssambands íslenzkra útvegsmanna; Síldarverksmiðja ríkisins og annarra síldarverksmiðja sameiginlega; Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda; Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Sambands íslenzkra samvinnufélaga sameiginlega. Komi aðilar sér ekki saman um fulltrúa, skipar ráðherra í hans stað mann með þekkingu á þeirri atvinnugrein, sem um er að ræða.

Bætur samkvæmt stafliðunum b, c og d skulu ekki fara fram úr 45 milljónum króna.

2. gr.

Gengishagnaðarsjóði skal ríkisstjórnin ráðstafa í þágu sjávarútvegsins sem hér segir:

a. Allt að einum fjórða til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa.
b. Allt að einum fjórða til Fiskveiðasjóðs Íslands til þess að greiða fyrir endurskipulagningu fiskiðnaðarins til framleiðniaukningar. Skal fé þetta renna til sérstakrar deildar innan Fiskveiðasjóðs, og setur sjóðsstjórnin nánari reglur um starfsemi deildarinnar að fengnu samþykki sjávarútvegsmálaráðherra. Áherzla skal lögð á nána samvinnu við Ríkisábyrgðasjóð í samræmi við tilgang 10. gr. laga nr. 4 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.
c. Allt að einum fjórða til sérstaks gengisjöfnunarsjóðs við Fiskveiðasjóð Íslands, er varið skal til lánveitinga vegna gengistaps af lánum til fiskiskipa, sem bundin eru gengi erlends gjaldeyris. Stjórn Fiskveiðasjóðs setur nánari reglur um sjóð þennan að fengnu samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.
d. Afganginum sem stofnframlagi til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sbr. 6. gr. laga nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, og enn fremur 3. gr. þessara laga.

3. gr.

Stofnfé Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins skv. d-lið 2. gr. skal varðveitt í Seðlabanka Íslands, þar til sett hafa verið lög um sjóðinn.

Er gert ráð fyrir, að honum verði skipt í deildir eftir tegundum afurða og hafi deildirnar aðskilinn fjárhag. Í samræmi við það skiptist stofnfé milli deilda eftir því, af hvaða afurðum það hefur verið greitt.

Sá afgangur, sem verða kann af verðbótasjóði frystra fiskafurða 1967, sbr. 6. gr. laga nr. 4 31. marz 1967, skal renna til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins sem stofnfé.

4. gr.

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests á árinu 1967 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, svo og að setja um þetta nánari reglur með samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 169. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hluti leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1967.

Geir Hallgrímsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Pétur Benediktsson.
	Sveinn Guðmundsson.	

Sþ. 170. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1968.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Við 4. gr. 1 07 121 0 93 Til fyrirtækja og atvinnuvega (flóabáta).	Þús. kr.
Fyrir „9 497“ kemur	10 465

Sþ. 171. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1968.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

		Þús. kr.
1.	Við 3. gr. 1 10 5 Námsbókagjald.	
	Fyrir „6 950“ kemur	7 825
2.	Við 3. gr. 1 20 1 Eignarskattur einstaklinga.	
	Fyrir „116 000“ kemur	93 500

			Þús. kr.
3.	Við 3. gr. 1 20 2 Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga.		
	Fyrir „1 160“ kemur		935
4.	Við 3. gr. 1 20 3 Eignarskattur félaga.		
	Fyrir „41 000“ kemur		30 500
5.	Við 3. gr. 1 20 4 Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti félaga.		
	Fyrir „410“ kemur		305
6.	Við 3. gr. 1 30 1 Tekjuskattur einstaklinga.		
	Fyrir „468 000“ kemur		467 500
7.	Við 3. gr. 1 30 2 Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga.		
	Fyrir „4 680“ kemur		4 675
8.	Við 3. gr. 1 30 3 Tekjuskattur félaga		
	Fyrir „95 000“ kemur		87 500
9.	Við 3. gr. 1 30 4 Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti félaga.		
	Fyrir „950“ kemur		875
10.	Við 3. gr. 2 10 1. Liðurinn orðist svo:		
	Aðflutningsgjöld	1 927 000	
	Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	96 350	
			1 830 650
11.	Við 3. gr. 2 10 8 Tollstöðvargjald.		
	Fyrir „9 359“ kemur		9 635
12.	Við 3. gr. 2 10 9 Byggingarsjóðsgjald af innflutningi.		
	Fyrir „9 359“ kemur		9 635
13.	Við 3. gr. 2 30 1. Liðurinn orðist svo:		
	Söluskattur	1 472 500	
	Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	117 800	
			1 354 700
14.	Við 3. gr. 2 30 7 Síldargjald.		
	Fyrir „10 200“ kemur		15 342
15.	Við 3. gr. 2 40 3 Stimpilgjald.		
	Fyrir „95 000“ kemur		100 000
16.	Við 3. gr. 2 41 6 Þinglýsingar.		
	Fyrir „30 000“ kemur		31 500
17.	Við 3. gr. 2 42 0 Leyfisgjald.		
	Fyrir „7 800“ kemur		9 800
18.	Við 3. gr. 2 42 1 Hluti af umboðsþókn. og gengismun viðskiptabankanna.		
	Fyrir „32 000“ kemur		40 000
19.	Við 4. gr. 1 01 101 Forsætis- og menntamálaráðuneytið, aðalskrifstofa 0 50 Önnur rekstrargjöld.		
	Fyrir „5 648“ kemur		5 398
20.	Við 4. gr. 1 01 201 Háskóli Íslands 0 10 Laun.		
	Fyrir „31 637“ kemur		31 810
21.	Við 4. gr. 1 01 202 Tilraunastöð Háskólans á Keldum 0 20 Viðhald.		
	Fyrir „616“ kemur		741
22.	Við 4. gr. 1 01 221 Fræðslumálaskrifstofan. Viðfangsefni 01 Yfirstjórn.		
	Fyrir „4 664“ kemur		4 914
	Önnur rekstrargjöld hækki um 250 þús. kr.		
23.	Við 4. gr. 1 01 233 Húsmæðraskólinn á Ísafirði. Nýr liður:		
	0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður (til undirbúnings framkvæmda) ..		300
24.	Við 4. gr. 1 01 243 Tækniskólinn. Nýir liðir:		
	0 30 Vextir		254
	3 00 Lánahreyfingar út		287
25.	Við 4. gr. 1 01 246 Iðnskólar, almennt 0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður.		
	Fyrir „5 338“ kemur		5 540
	Sundurliðun komi á sérstöku yfirliti á þessa leið:		
	Til byggingar iðnskóla (01 246 040).		

		Þús. kr.
a. Skólar, sem verið hafa í byggingu:		
1. Iðnskólinn í Reykjavík	2 840	
2. Iðnskólinn á Akureyri	1 100	
3. Iðnskólinn í Hafnarfirði	1 100	
		5 040
b. Nýr skóli:		
Iðnskólinn í Vestmannaeyjum	500	
		500
		5 540

26. Við 4. gr. 1 01 247 Iðnfræðsluráð 0 10 Laun.
Fyrir „794“ kemur 844
27. Við 4. gr. 1 01 251 Héraðsskólinn í Reykholti. Nýr liður:
0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður 2 200
28. Við 4. gr. 1 01 252 Héraðsskólinn á Núpi.
a. Nýr liður:
0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður 4 550
b. Við 0 50 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „864“ kemur 1 064
29. Við 4. gr. 1 01 253 Héraðsskólinn í Reykjanesi. Nýr liður:
0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður 3 100
30. Við 4. gr. 1 01 254 Héraðsskólinn á Reykjum. Nýr liður:
0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður 1 300
31. Við 4. gr. 1 01 255 Alþýðuskólinn á Eiðum. 0 40 orðist svo:
Gjaldfærður stofnkostnaður 2 675
32. Við 4. gr. 1 01 256 Héraðsskólinn í Skógum. Nýr liður:
0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður 1 000
33. Við 4. gr. 1 01 257 Héraðsskólinn að Laugarvatni. Nýr liður:
0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður 800
34. Við 4. gr. 1 01 258 Viðfangsefni 02 Viðhald héraðsskóla.
Fyrir „5 060“ kemur 5 560
35. Við 4. gr. 1 01 258 Viðfangsefni 03 Héraðsskólar, byggingarframlög. Liðurinn fellur niður.
36. Við 4. gr. 1 01 298. Liðurinn orðist svo:

298	**Framlag til byggingar gagnfræðaskóla utan sex kaupstaða:**		
0 40	Gjaldfærður stofnkostnaður	12 416	
	Gjöld samtals		12 416

Sundurliðun komi á sérstöku yfirliti á þessa leið:

Framlag til byggingar gagnfræðaskóla utan kaupstaðanna Reykjavíkur, Akureyrar, Hafnarfjarðar, Kópavogs og Akraness (01 298).

A. Skólar, sem verið hafa í byggingu og á framkvæmdaáætlun 1967. Fimm ára greiðslutímabil:		
1. Miðskóli Stykkishólms	140	
2. Gagnfræðaskóli Keflavíkur	25	
3. Gagnfræðaskóli Selfoss	902	
4. Héraðsskólinn, Laugum	840	
5. Gagnfræðaskólinn, Sauðárkróki	2 410	
		4 317
B. Skólar með framhaldsfjárveitingu til framkvæmda eða undirbúnings:		
1. Keflavík, 2. áf.	700	
2. Húsavík	900	
3. Hrafnagil	1 400	
		3 000

		Þús. kr.
C. Nýir skólar, sem áður hafa fengið fjárveitingu til undirbúnings:		
a. 1. Ólafsfjörður	619	
2. Hvolsvöllur	490	
3. Hella	490	
b. 1. Lundur í Öxarfirði	300	
		1 899
D. Til undirbúnings framkvæmda:		
1. Nesjaskóli, unglingaskóli	500	
2. Neskaupstaður, 2. áf.	500	
3. Kópavogur, 3.—4. áf.	500	
4. Mosfellssveit	300	
5. Dalvík, heimavist	300	
6. Héraðsskólinn, Laugum	300	
7. Grindavík	300	
8. Siglufjörður, íþróttahús	500	
		3 200
		12 416

37. Við 4. gr. 1 01 316. Liðurinn orðist svo:

316 **Framlög til byggingar barnaskóla, íbúða fyrir skólastjóra og til gagnfræðaskóla í fimm kaupstöðum:**

0 40	Gjaldfærður stofnkostnaður	100 752	
	Gjöld samtals		100 752

Sundurliðun komi á sérstöku yfirliti á þessa leið:

Framlög til byggingar barnaskóla, íbúða fyrir skólastjóra og til gagnfræðaskóla í fimm kaupstöðum (01 316).

I.

Framlög til byggingar barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra utan kaupstaðanna Reykjavíkur, Akureyrar, Hafnarfjarðar, Kópavogs og Akraness:

a. Skólar, sem verið hafa í byggingu og á framkvæmdaáætlun 1967:

A. **Fimm ára greiðslutímabil:**

1. Reykhólar, eldri áfangi	227
2. Egilsstaðir	143
3. Þelamerkurskóli, 1. áf.	530
4. Varmárskóli, Mosfellssveit	177
5. Höfn í Hornarfirði	92
6. Nesjaskóli	574
7. Kleppjárnsreykir, 1. áf.	439
8. Sandgerði	16
9. Bíldudalur	182
10. Öngulsstaðaskóli	87
11. Reykjadalur, S.-Þing., 1. áf.	43
12. Ýmsir skólar	600
13. Seltjarnarnes, 2. áf.	1 183
14. Aðaldalur, 2. áf.	14
15. Hella, skólastjóraíbúð	134
16. Keflavík, skólastjóraíbúð	16
17. Mývatnssveit	402
18. Svarfaðardalur	554

		Þús. kr.	
19.	Varmaland, Mýrasýslu	570	
20.	Árskógsströnd	558	
21.	Reykjadalur, S.-Þing., 2. áf.	862	
22.	Hnífsdalur, skólastjóraíbúð	212	
23.	Selfoss, skólastjóraíbúð	193	
24.	Hellissandur, íþr.hús	726	
25.	Klúka, Bjarnarfirði	680	
26.	Laugar, Dalasýslu, sundlaug	168	
27.	Reykhólar, sundlaug	134	
28.	Þorlákshöfn	405	
29.	Neskaupstaður, íþr.hús	883	
30.	Njarðvík, íþr.hús	1 427	
31.	Keflavík, barnaskóli	424	
32.	Vatnsleysuströnd, íbúð	241	
33.	Laugaland í Holtum	420	
34.	Borgarfjörður, N.-Múl.	251	
35.	Vík í Mýrdal	51	
36.	Hvamms- og Dyrhólaskóli	89	
37.	Lýtingsstaðaskóli	255	
38.	Kirkjubæjarklaustur	2 015	
39.	Kleppjárnsreykir, 2. áf.	833	
40.	Eyrarsveit, íbúð	237	
41.	Norðfjarðarhreppur, S.-Múl.	231	
42.	Eiðar, 1. áf.	157	
43.	Djúpárskóli, íbúð	22	
44.	Eskifjörður, íþróttahús	1 000	
45.	Staðarskólahv., Skagaf., bifreið	55	
			18 512

B. **Þriggja ára greiðslutímabil:**

1.	Hella, barnaskóli	35
2.	Laugar, Dalasýslu	630
3.	Tálknafjörður	1 503
4.	Kolviðarnes, Laugargerði	1 568
5.	Hallormsstaður	2 624
6.	Öxarfjörður	348
7.	Bolungarvík	1 257
8.	Raufarhöfn	257
9.	Búðir, Fáskrúðsfirði, skólastjóraíbúð	67
10.	Hólmavík, skólastjóraíbúð	214
11.	Hvammstangi, skólastjóraíbúð	28
12.	Garðaskólahverfi, 2. áf.	1 200
13.	Leirárskóli	1 744
14.	Seyðisfjörður, íbúð	75
15.	Flúðir, Árnessýslu	1 303
16.	Laugardalur, Árnessýslu	91
17.	Ísafjörður	559
18.	Vopnafjörður	411
19.	Reykir, Reykjabraut	5 052
20.	Ólafsvík, íþróttahús	522
21.	Dalvík, íþróttahús	967
22.	Grindavík, íbúð	56

		Þús. kr.
23. Borgarnes, 2. áf.	64	
24. Grímsey	129	
25. Rauðisandur	666	
		21 370

b. Skólar og íbúðir, sem ekki voru á framkvæmdaáætlun 1967. Skulu byggingar þessar teknar á framkvæmdaáætlun eftir ákvörðun menntamálaráðuneytisins og byrjunarframkvæmdir háðar samþykki þess og skilyrðum:

A. Skólar með framhaldsfjárveitingu til framkvæmda:

1. Blönduós, barnaskóli	40	
2. Varmárskóli, íþróttahús	898	
3. Garðaskólahverfi, íþróttahús	800	
4. Hafralækur, Aðaldal	1 400	
5. Háls- og Ljósavatnsskólahv.	1 400	
6. Reykhólar, 3. áf.	1 000	
7. Mýraskóli, V.-Ís.	500	
8. Seltjarnarnes, íþróttahús	700	
9. Sauðárkrókur, sundlaug	600	
10. Svalbarðsströnd, S.-Þing.	500	
11. Svalb.- og Sauðanesskóli	600	
12. Þverárhreppur	600	
13. Lýsuhóll, Snæfellsnesi	200	
14. Neskaupstaður, barnaskóli	370	
15. Laugar, Dalasýslu, íbúðir	1 080	
16. Leirá, íþróttahús	300	
17. Súðavík, íbúð	230	
18. Kolviðarnes, sundlaug	150	
19. Hveragerði, íbúð	230	
20. Leirá, bifreið	100	
		11 698

B. Skólar með framhaldsfjárveitingu til undirbúnings skólabygginga:

1. Reykir í Miðfirði	400	
2. Hveragerði, íþróttahús	20	
3. Skagaströnd, íþróttahús	20	
4. Stykkishólmur, sundlaug	20	
5. Stykkishólmur, barnaskóli	50	
6. Sandgerði, íþróttahús	20	
7. Þelamörk, 2. áf.	250	
8. Eiðar, barnaskóli, 2. áf.	250	
9. Eskifjörður, barnaskóli	250	
10. Grundarfjörður	250	
11. Seyðisfjörður	250	
12. Krýsuvík	250	
13. Reykholt í Biskupst.	250	
		2 280

		Þús. kr.
C. Nýir skólar.		
a. Skólar, sem áður hafa fengið fjárv. til undirbúnings:		
1. Hraungerði	331	
2. Grenivík, íbúð	223	
3. Vopnafjörður, íbúð	223	
4. Gerðar í Gullbringusýslu	425	
		1 202
b. Skólaframkvæmdir, sem ekki hafa áður hlotið fjárveitingu:		
1. Ljósafossskóli, íbúð,	180	
2. Varmahlíð, Skagafirði, íbúð	180	
3. Fáskrúðsfjarðarhreppur, íbúð	230	
4. Hrísey, íbúð	150	
5. Kleppsjárnsreykir, íbúð	90	
6. — bifreið	63	
7. Vatnsleysuströnd, bifreið	50	
8. Lýtingsstaðaskóli, jarðhitakostn.	182	
		1 125

II.

Skólar í eftirtöldum kaupstöðum (framlög ríkissjóðs til barna- og gagnfræðaskóla eru tekin í einu lagi á fjárlög):

A. Reykjavík.		
a. Barna- og gagnfræðaskólar, sem þegar hefur verið veitt fé til	23 136	
b. Nýir barnaskólar	5 600	
B. Akureyri.		
a. Barna- og gagnfræðaskólar, sem þegar hefur verið veitt fé til	2 048	
b. Nýr barnaskóli	500	
C. Hafnarfjörður.		
a. Barnaskólar, sem þegar hefur verið veitt fé til	1 798	
b. Nýr skyldunámsskóli	1 000	
D. Kópavogur.		
a. Barnaskólar, sem þegar hefur verið veitt fé til	6 436	
b. Til undirbúnings nýrra skóla	1 500	
E. Akranes.		
Barna- og gagnfræðaskólar, sem þegar hefur verið veitt fé til	2 547	
		44 565

38. Við 4. gr. 1 01 403 Ríkisútgáfa námsbóka 1 00 Tekjur.
Fyrir „3 352" kemur 2 040

39. Við 4. gr. 1 01 501 Viðfangsefni.
a. Við 02 Norrænt samstarf.
Fyrir „600" kemur 700
b. Nýr liður:
50 Til Norræns húss, bifreiðastæði 500

40. Við 4. gr. 1 01 602 Þjóðminjasafnið 0 92 Til sveitarfélaga.
Fyrir „300" kemur 500

Þús. kr.

41. Við 4. gr. 1 01 Nýr liður:
608 **Byggingarsjóður safnahúss:**
0 90 Yfirfærslur:
1 91 Til fyrirtækja í B-hluta 1 500
Gjöld samtals 1 500

42. Við 4. gr. 1 01 701 Viðfangsefni.
a. Við 11. Liðurinn orðist svo:
Til að taka heimildarkvikmyndir um merka Íslendinga 100
b. Við 14 Listamenn.
Fyrir „4 080" kemur 4 215
c. Við 14. Nýr liður:
Til byggingar sýningarskála á Miklatúni eftir ákvörðun menntamálaráðuneytisins 500

43. Við 4. gr. 1 01 991 Náttúruverndarráð 0 50 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „103" kemur 271

44. Við 4. gr. 1 01 999 Viðfangsefni.
a. Við 09 Ýmis félög.
Fyrir „1 875" kemur 1 955
b. Nýir liðir:
12 Barnaheimilið á Lyngási, kennaralaun 179
13 Til minnisvarða um Stefán skáld Ólafsson 25

45. Við 4. gr. 1 02 209 Sendinefnd Íslands hjá S. Þ., New York 0 10 Laun.
Fyrir „3 190" kemur 3 250

46. Við 4. gr. 1 02 300 Nýr liður:
33 Heimssýningin í Montreal 275

47. Við 4. gr. 1 03 228 Húsmæðraskólar utan kaupstaða, almennt 0 20 Viðhald.
Fyrir „3 630" kemur 4 000

48. Við 4. gr. 1 03 228 Húsmæðraskólar utan kaupstaða, almennt 0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „5 740" kemur 5 855
Sundurliðun komi á sérstöku yfirliti á þessa leið:
Til byggingar húsmæðraskóla utan kaupstaða (03 228 0 40).

A. Eldri áfangar.		
1. Varmaland, Mýrasýslu	350	
2. Laugaland, Eyjafirði	25	
3. Hallormsstaður, íbúðir	450	
4. Blönduós, íbúðir	1 200	
5. Laugarvatn, ný bygging	3 400	
		5 425
B. Nýr skóli, áður með fjárv. til undirbúnings:		
1. Húsmæðraskólinn, Laugum, S-Þing.	250	
		250
C. Til undirbúnings bygginga, framhaldsfjárveitingar:		
1. Langamýri, Skagafirði	90	
2. Staðarfell	90	
		180
		5 855

49. Við 4. gr. 1 03 235 Landgræðsla 0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður:
Fyrir „7 100" kemur 8 100

50. Við 4. gr. 1 03 245 Viðfangsefni 02. Svofelld sundurliðun komi á sérstöku yfirliti:
Sjóvarnargarðar (05 245 02).
Akranes 225

		Þús. kr.
Borgarfjörður eystri	50	
Búðardalur	50	
Flateyri	60	
Garður, Gerðahreppi	100	
Garðskagi	75	
Höfn í Hornafirði	150	
Seltjarnarnes	100	
Stokkseyri	150	
Vestmannaeyjar	150	
Þórshöfn	150	
		1 260

51. Við 4. gr. 1 03 245 Viðfangsefni 03 Fyrirhleðslur.
Fyrir „1 780“ kemur 2 045
Sundurliðun á sérstöku yfirliti breytist þannig:
a. a-liður orðist svo:

1. Þverá og Markarfljót	750	
2. Stigá í Öræfum	80	
3. Jökulsá í Lóni	100	
4. Kaldaklifsá, Svaðbælisá og Laugará	150	
5. Keldná	50	
		1 130

b. Aftan við b-lið bætist nýir liðir:

1. Kúðafljót	50	
2. Miðskálaá, Holtsá og Írá	100	
3. Djúpá hjá Maríubakka, Fossá á Síðu, Skaftá við Stjórnarsand og Eldvatn	50	
4. Þverá hjá Kvíum í Þverárhlíð	15	
		215

52. Við 4. gr. 1 03 245 Viðfangsefni 04 Landþurrkun.
Fyrir „255“ kemur 200
Sundurliðun í sérstöku yfirliti orðist svo:
Landþurrkun (03 245 04).

1. Í Austur-Landeyjum	50	
2. Í Vestur-Landeyjum	50	
3. Í Leiðvallahreppi	50	
4. Í Út-Hjaltastaðaþinghá	50	
		200

53. Við 4. gr. 1 03 249 Viðfangsefni 02 Ýmis félög á sviði landbúnaðarmála.
Fyrir „853“ kemur 868
54. Við 4. gr. 1 03 306 Byggingarsjóður síldarleitarskips.
Fyrir „10 200“ kemur 15 342
55. Við 4. gr. 1 03 321 Verðlagsráð sjávarútvegsins 100 Tekjur.
Liðurinn fellur niður.
56. Við 4. gr. 1 03 322 Viðfangsefni 05 Fiskveiðasjóður Íslands.
Fyrir „50 000“ kemur 30 000
57. Við 4. gr. 1 03 599 Viðfangsefni.
Nýr liður:
04 Til kvikmyndatöku vegna kynningar á sjóvinnu í sjónvarpi 250
58. Við 4. gr. 1 04 202 Landspítalinn 0 91 Til fyrirtækja í B-hluta.
Fyrir „129 968” kemur 126 468
59. Við 4. gr. 1 04 203 Fæðingardeild Landspítalans 0 91 Til fyrirtækja í B-hluta.
Fyrir „17 582- kemur 16 742

		Þús. kr.
60.	Við 4. gr. 1 04 204 Geðveikrahælið á Kleppi 0 91 Til fyrirtækja í B-hluta.	
	Fyrir „25 765“ kemur	22 881
61.	Við 4. gr. 1 04 205 Heilsuhælið á Vífilsstöðum 0 91 Til fyrirtækja í B-hluta.	
	Fyrir „13 502“ kemur	12 382
62.	Við 4. gr. 1 04 206 Heilsuhælið í Kristnesi 0 91 Til fyrirtækja í B-hluta.	
	Fyrir „3 263“ kemur	2 507
63.	Við 4. gr. 1 04 207 Fávitahælið í Kópavogi 0 91 Til fyrirtækja í B-hluta.	
	Fyrir „5 470“ kemur	4 174
64.	Við 4. gr. 1 04 213 Viðfangsefni 03 Byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa.	
	Fyrir „35 946“ komi	36 171
	Sérstakt yfirlit nr. 2 breytist þannig:	
	1. Í a-lið bætist nýr liður á eftir 8:	
	Akureyri, til undirbúnings viðbótarbyggingar	150
	2. Liðurinn b. 17. Norður-Egilsstaðir.	
	Fyrir „175“ kemur	250
65.	Við 4. gr. 1 04 219 Viðfangsefni. Nýr liður:	
	17 Aðstoð við heyrnardaufa eftir ákvörðun heilbrigðismálaráðuneytisins	100
66.	Við 1 04 501 Viðfangsefni. Nýr liður:	
	30 Viðbót við eftirlaun þau, er uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	200
67.	Við 4. gr. 1 05 201 Tryggingastofnun ríkisins.	
	Fyrir „1 254 400“ kemur	1 293 700
68.	Við 4. gr. 1 05 202 Ríkisframfærsla. Viðfangsefni. Liðurinn orðist svo:	
	01 Læknalaun 821	
	02 Berklasjúklingar 11 635	
	03 Geðveikissjúklingar 50 596	
	04 Áfengissjúklingar 2 283	
	05 Fávitar 27 720	
	06 Langvinnir sjúkdómar 20 377	
	07 Ellikramarsjúklingar 37 231	
	Gjöld samtals ———	150 663
69.	Við 4. gr. 1 05 301 Viðfangsefni 05 Byggingarsjóðsgjald.	
	Fyrir „16 559“ kemur	16 425
70.	Við 4. gr. 1 05 401 Viðfangsefni. Nýr liður:	
	03 Vatnsveitur, aðrar	225
71.	Við 4. gr. 1 05 999. Viðfangsefni. Nýir liðir:	
	07 Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, byggingarstyrkur	1 500
	10 Til orlofsheimilis BSRB	1 000
	14 Til byggingar sjómannastofa, gegn ⅔ annars staðar frá	800
	16 Til Foreldra- og styrktarfélags heyrnardaufra, útgáfustyrkur	50
	17 Herferð gegn hungri	150
72.	Við 4. gr. 1 05 999 Viðfangsefni 20 Félagið Heyrnarhjálp.	
	Fyrir „10” kemur	110
73.	Við 4. gr. 1 05 999 Viðfangsefni 43 Barnaheimilið á Lyngási.	
	Liðurinn fellur niður.	
74.	Við 4. gr. 1 05 999 Viðfangsefni 47 Dagheimili, byggingarstyrkir.	
	Fyrir „500“ kemur	575
	Á sérstöku yfirliti komi nýr liður:	
	8. Í Neskaupstað	75

		Þús. kr.
75.	Við 4. gr. 1 06 304 Tollstöðvar, framlag.	
	Fyrir „9 359“ kemur	9 635
76	Við 4. gr. 1 06 772 Eftirlaun skv. launalögum.	
	Fyrir „1 497“ kemur	1 726
	Sundurliðun er á sérstöku yfirliti aftast í þessu þingskjali.	
77.	Við 4. gr. 1 06 773 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn.	
	Fyrir „4 711“ kemur	5 571
	Sundurliðun er á sérstöku yfirliti aftast í þessu þskj.	
78.	Við 4. gr. 1 06 774 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur og börn.	
	Fyrir „2 906“ kemur	3 886
	Sundurliðun er á sérstöku yfirliti aftast í þessu þskj.	
79.	Við 4. gr. 1 07 111 Vegagerð.	
	a. Við 0 92 Til sveitarfélaga.	
	Fyrir „56 050“ kemur	56 200
	b. Við 0 94 Til einstaklinga, heimila og samtaka.	
	Fyrir „610“ kemur	710
80.	Við 4. gr. 1 07 131 Vita- og hafnarmál, aðalskrifstofa. Nýr liður:	
	0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður	200
81.	Við 4. gr. 1 07 133 Viðfangsefni 03 Hafnarmannvirki og lendingarbætur.	
	Fyrir „20 655“ kemur	49 300
	Sundurliðun í sérstöku yfirliti orðist svo:	
	Hafnarmannvirki og lendingarbætur (07 133 03).	
	Akranes 4 300	
	Akureyri 1 100	
	Búðardalur 100	
	Dalvík 3 800	
	Drangsnes 200	
	Eyrarbakki 1 700	
	Eskifjörður 700	
	Flateyri 600	
	Grindavík 1 800	
	Hafnarfjörður 2 500	
	Hrísey 700	
	Höfn í Hornafirði 4 400	
	Ísafjörður 2 300	
	Norðfjörður 3 200	
	Ólafsfjörður 2 500	
	Ólafsvík 800	
	Patreksfjörður 700	
	Raufarhöfn 2 200	
	Sauðárkrókur 3 800	
	Seyðisfjörður 1 100	
	Skagaströnd 400	
	Suðureyri 1 100	
	Súðavík 2 100	
	Vestmannaeyjar 1 300	
		43 500
	Dráttarbrautir:	
	Akureyri 4 500	
	Neskaupstaður 200	
	Stykkishólmur 1 100	
		5 800
		49 300

			þús. kr.
82.	Við 4. gr. 1 07 133. Viðfangsefni 04 Ferjubryggjur.		
	Fyrir „540“ kemur		650
	Sundurliðun í sérstöku yfirliti orðist svo:		
	Ferjubryggjur (07 133 04).		
	Staður á Reykjanesi		50
	Eyri í Mjóafirði		100
	Brjánslækur		500
			650
83.	Við 4. gr. 1 07 133 Viðfangsefni 06 Hafnarmannvirki, eftirstöðvar framlaga.		
	Fyrir „20 350“ kemur		10 000
84.	Við 4. gr. 1 07 155 Stýrimannaskóli í Vestmannaeyjum.		
	Fyrir „400“ kemur		500
85.	Við 4. gr. 1 07 202 Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins 0 50 Önnur rekstrargjöld.		
	Fyrir „720“ kemur		1 020
86.	Við 4. gr. 1 08 301 Niðurgreiðslur á vöruverði.		
	Fyrir „519 300“ kemur		569 300
87.	Við 5. gr. 2 01. Nýr liður:		
	608 **Byggingarsjóður safnahúss:**		
	1 80 Framlög úr ríkissjóði	1 500	
	Tekjur samtals, óráðstafað		1 500
88.	Við 5. gr. 2 01 611 Ríkisútvarpið.		
	a. Við 0 20 Viðhald.		
	Fyrir „7 370“ kemur		8 025
	b. Við 0 50 Önnur rekstrargjöld.		
	Fyrir „44 188“ kemur		41 978
	c. Við 1 10 Seldar vörur og þjónusta.		
	Fyrir „119 407“ kemur		117 852
89.	Við 5. gr. 2 03 306 Byggingarsjóður síldarleitarskips. Liðurinn orðist svo:		
	0 30 Vextir	2 255	
	Gjöld samtals	**2 255**	
	1 80 Framlög úr ríkissjóði	15 342	
	Mismunur		13 087
	Fjármunahreyfingar:		
	Út:		
	3 10 Afborgun lána	13 087	
	Inn:		
	4 50 Ráðstöfun eigin fjár	13 087	
90.	Við 5. gr. 2 04 202 Landspítalinn 1 10 Seldar vörur og þjónusta.		
	Fyrir „57 450“ kemur		60 950
91.	Við 5. gr. 2 04 203 Fæðingardeild Landspítalans 1 10 Seldar vörur og þjónusta.		
	Fyrir „13 890“ kemur		14 730
92.	Við 5. gr. 2 04 204 Geðveikrahælið á Kleppi 1 10 Seldar vörur og þjónusta.		
	Fyrir „37 700“ kemur		40 584
93.	Við 5. gr. 2 04 205 Heilsuhælið á Vífilsstöðum 1 10 Seldar vörur og þjónusta.		
	Fyrir „15 410“ kemur		16 530
94.	Við 5. gr. 2 04 206 Heilsuhælið í Kristnesi 1 10 Seldar vörur og þjónusta.		
	Fyrir „9 900“ kemur		10 656

95. Við 5. gr. 2 04 207 Fávitahælið í Kópavogi 1 10 Seldar vörur og þjónusta. Þús. kr.
Fyrir „17 044“ kemur 18 340

96. Við 5. gr. 2 05 201 Tryggingastofnun ríkisins.
a. Við 0 92 Yfirfærslur til sjúkrasamlaga.
Fyrir „203 700“ kemur 211 500
b. Við 0 94 — bótagreiðslur.
Fyrir „1 132 800“ kemur 1 164 300
c. Við 1 80 Framlög úr ríkissjóði til lífeyristrygginga.
Fyrir „598 300“ kemur 629 800
d. Við 1 80 Framlög úr ríkissjóði til sjúkratrygginga.
Fyrir „203 700“ kemur 211 500

97. Við 5. gr. 2 05 301 Byggingarsjóður ríkisins.
a. Við 1 80 Framlög úr ríkissjóði.
Fyrir „187 959“ kemur 187 849
b. Við 3 20 Veitt lán.
Fyrir „400 559“ kemur 400 449
c. Við 4 50 Ráðstöfun eigin fjár .....
Fyrir „230 259“ kemur 235 149

98. Við 5. gr. 2 06 501 Áfengisverzlun ríkisins 1 10 Seldar vörur og þjónusta.
Fyrir „1 034 597“ kemur 1 069 097

99. Við 5. gr. 2 11. Liðurinn orðist svo:

2 11	**Póstur og sími:**			
0 10	Laun		296 620	
0 20	Viðhald		51 500	
0 30	Vextir		3 600	
0 50	Önnur rekstrargjöld		73 180	
0 60	Afskriftir		114 800	
	Gjöld samtals		539 700	
1 10	Seldar vörur og þjónusta		529 500	
	Mismunur, gjöld umfram tekjur		———	10 200
	Fjármunahreyfingar:			
	Út:			
3 30	Fjárfestingar		145 400	
	Inn:			
4 20	Tekin lán		15 300	
4 40	Afskriftir		114 800	
4 90	Annað, stofn- og flutningsgjöld		25 500	
	÷ Rekstrarhalli		10 200	

100. Við 6. gr. XXVII. (Hús nr. 15 við Tómasarhaga).
Liðurinn fellur niður.

101. Við 6. gr. XXXV. Nýr liður:
Að endurgreiða aðflutningsgjöld af kvikmyndasýningarvélum fyrir samkomuhús í kauptúnum með innan við 600 íbúa, þó ekki nema einni vélasamstæðu á hverjum stað.

102. Við 6. gr. XXXVI. Liðurinn orðist svo:
Að endurgreiða Surtseyjarfélaginu aðflutningsgjöld og söluskatt af vísindatækjum, sem félagið fær að gjöf eða láni erlendis frá á árinu 1968.

103. Við 6. gr. XXXVI. Nýr liður:
Að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán vegna Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins á Keldnaholti.

104. Við 6. gr. XXXIX. Nýr liður:
Að taka allt að 2 millj. kr. lán fyrir jarðhitasjóð.

Skipting lögboðinna og ólögboðinna eftirlauna og styrktarfjár.

		Kr.	Kr.
06 772	Samkvæmt launalögum:		
	a. Embættismannaekkjur	247 019	
	b. Samkvæmt sérstökum lögum	1 479 080	
	Samtals		1 726 099
06 773	Embættismenn og aðrir starfsmenn.		
	Aðalheiður Níelsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
	Aðalheiður Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
	Aðalsteinn Jakobsson, fyrrv. næturvörður	30 878	
	Ágúst Kvaran	51 463	
	Ágúst Ólafsson, póstur	12 350	
	Alexander Guðbjartsson, fyrrv. kennari	24 920	
	Alfons Gíslason, fyrrv. símstjóri	30 878	
	Andrés Eyjólfsson, fyrrv. skjalavörður og alþm.	61 843	
	Anna Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
	Ari Sigurbjörnsson, fyrrv. póstur	12 350	
	Arndís Eiríksdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
	Arndís Þorsteinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
	Árni S. Bjarnason, fyrrv. húsvörður Alþingis	57 884	
	Árni Jónasson, fyrrv. ullarmatsmaður	37 053	
	Árni Vilhjálmsson, fyrrv. erindreki	24 702	
	Arnleif Kristjánsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
	Ása Ásmundsdóttir	30 878	
	Ásgeir Guðmundsson frá Æðey	24 702	
	Áskell Snorrason, fyrrv. söngkennari	35 044	
	Benedikt Benjamínsson, fyrrv. póstur	12 863	
	Benedikt Gíslason	61 755	
	Benjamín Sigvaldason, fyrrv. kjötmatsmaður	12 350	
	Bjarni Bjarnason, fyrrv. söngkennari	24 702	
	Bjarni Sigurðsson, fyrrv. póstur	12 350	
	Bjarni Þorsteinsson	16 468	
	Björg Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
	Björg Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
	Björn Einarsson	52 203	
	Björn Kristjánsson, fyrrv. póst- og símaafgrm.	30 902	
	Björn Stefánsson, fyrrv. póstur	12 350	
	Björn Vigfússon, fyrrv. lögregluþjónn	30 878	
	Bóas Sigurðsson	24 702	
	Brynjólfur Bjarnason, fyrrv. ráðherra	74 106	
	Eggert Konráðsson, fyrrv. póstur	12 350	
	Egill Jónsson, fyrrv. símamaður	34 702	
	Einar Einarsson, fyrrv. skipherra	49 475	
	Einar Eiríksson	20 585	
	Einar G. Eyjólfsson, fyrrv. fiskmatsmaður	20 585	
	Einar Jóhannsson, fyrrv. póstur	16 468	
	Eiríkur Albertsson, fyrrv. sóknarprestur, biðlaun	100 790	
	Elín Jóhannesdóttir, fyrrv. hjúkrunarkona	20 585	
	Elínborg Brynjólfsdóttir, fyrrv. ráðskona	24 702	
	Elísabet Eiríksdóttir, fyrrv. kennslukona	20 613	
	Elísabet Friðriksdóttir, fyrrv. barnakennari	16 309	
	Eyjólfur Hallfreðsson, fyrrv. póstur	16 468	
	Eyjólfur Hannesson, fyrrv. símstjóri	41 170	

	Kr.	Kr.
Finnur Thorlacius, fyrrv. kennari	30 878	
Fríða Sigurbjörnsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
Gísli Sigurðsson	20 585	
Guðbjörg Kristinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 468	
Guðfríður Jóhannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
Guðjón Einarsson, fyrrv. fiskmatsmaður	18 553	
Guðjón Hermannsson, fyrrv. póstur	12 350	
Guðjóna Brynhildur Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
Guðlaugur Sigmundsson, fyrrv. póstur	13 106	
Guðmundur B. Árnason, fyrrv. bréfberi	12 350	
Guðmundur Benónýsson, fyrrv. fiskmatsmaður	12 350	
Guðmundur Einarsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	12 350	
Guðmundur Guðmundsson, fyrrv. símstjóri	24 702	
Guðmundur Jónsson	41 170	
Guðmundur Ólafsson, fyrrv. póstur	12 350	
Guðrún Indriðadóttir, leikkona	20 904	
Guðrún Sigurbjörnsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
Gunnar Andrew Jóhannesson	41 170	
Gunnar Jóhannsson, fyrrv. alþm.	51 463	
Gunnfríður Jónsdóttir, myndhöggvari	65 340	
Gunnlaugur Jóhannesson, fyrrv. vitavörður	12 350	
Hafliði Sveinsson, fyrrv. póstur	12 350	
Hálfdán Björnsson	24 702	
Halldór Hansen, læknir	47 118	
Halldóra Bjarnadóttir, fyrrv. skólastjóri	53 597	
Halldóra Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 468	
Hallgrímur Fr. Hallgrímsson, fyrrv. póstur	12 350	
Hannes Einarsson, fyrrv. fiskmatsmaður	24 702	
Hannes Jónsson, fyrrv. póstur	18 330	
Helgi Ágústsson	41 170	
Helgi Ívarsson, fyrrv. fiskmatsmaður	20 585	
Helgi Jóhannesson, fyrrv. fiskmatsmaður	12 350	
Helgi Tryggvason, bókbindari	24 702	
Herdís Finnbogadóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
Herdís Guðmundsdóttir, fyrrv. handavinnukennari	24 702	
Hermína Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
Hildur Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
Hólmfríður Jónsdóttir, fyrrv. kennari	24 702	
Inga Nielsen Beck, fyrrv. símstöðvarstjóri	17 863	
Ingibjörg V. Filippusdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
Ingibjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. kennari	41 170	
Ingibjörg Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
Ingibjörg Pétursdóttir	53 320	
Ingimar Baldvinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm.	22 334	
Ingiríður Helgadóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
Ingólfur Árnason, fyrrv. póstur	16 468	
Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir, biðlaun	161 179	
Ingveldur Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
Jakob Jóh. Smári, fyrrv. adjunkt, biðlaun	120 467	
Jóhann Gunnarsson, fyrrv. rafstöðvarstjóri	24 702	
Jóhanna Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
Jóhannes Erlendsson, fyrrv. póst- og símstöðvarstj.	30 878	
Jóhannes Þorgrímsson, fyrrv. kennari	24 702	

	Kr.	Kr.
Jón Árnason, fyrrv. fiskmatsmaður	12 350	
Jón Bóasson, fyrrv. póstur	12 350	
Jón Guðmundsson, fyrrv. skrifstofustj., biðlaun	180 425	
Jón Hallvarðsson, fyrrv. sýslumaður	65 250	
Jón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður, Dalvík	12 350	
Jón G. Jónsson	24 702	
Jón Kjerúlf, fyrrv. tollgæzlumaður	24 702	
Jón Sigurgeirsson, fyrrv. skrifstofumaður	41 170	
Jón Stefánsson	30 878	
Jón Sumarliðason	14 410	
Jóna Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður	12 350	
Jónas Bjarnason, verkstjóri	12 350	
Jónas Gunnlaugsson, fyrrv. póstur	12 350	
Jóninna Pétursdóttir, fyrrv. ráðskona	12 350	
Júlíana Sigurðardóttir, fyrrv. símaafgreiðslukona	61 755	
Júlíus Jónasson, fyrrv. vegaverkstjóri	24 702	
Júlíus Jónsson, fyrrv. póstur	12 350	
Kári Arngrímsson, fyrrv. póstur	12 350	
Karl Árnason, fyrrv. póstur	16 486	
Kjartan Jóhannesson, fyrrv. söngkennari	30 878	
Kjartan Ólafsson	74 106	
Klara Guðmundsdóttir	30 878	
Kristín V. Hjaltalín, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
Kristín Ingileifsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	24 702	
Kristín L. Sigurðardóttir, fyrrv. alþm.	51 463	
Kristinn Jónsson	24 702	
Kristinn Kristjánsson,, Nýhöfn	27 489	
Kristjana V. Hannesdóttir, fyrrv. skólastjóri	24 079	
Kristjana Jónsdóttir, fyrrv. ritari	57 884	
Kristján Albertsson, rithöfundur	39 266	
Kristján Jónsson frá Garðsstöðum	24 702	
Kristján Steingrímsson, fyrrv. bæjarfógeti	55 901	
Kristmundur Kr. Meldal, fyrrv. póstur	12 350	
Kristólína Kragh, fyrrv. hárgreiðslukona	16 468	
Lilja Sigurðardóttir	24 702	
Lúðvík R. Kemp	49 404	
Lydía Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
Magdalena Guðlaugsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
Magnús Guðmundsson, fyrrv. þingvörður	14 410	
Magnús Magnússon, rithöfundur	24 702	
Margrét Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 468	
Margrét Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 468	
Margrét Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 468	
Margrét Júníusdóttir	20 585	
María Einarsdóttir, fyrrv. matráðskona	24 702	
María Sigurðardóttir, fyrrv. starfsk. Alþingis	12 350	
Markús Guðmundsson, fyrrv. verkstjóri	20 585	
Marsibil Sigurðardóttir, fyrrv. fiskmatskona	12 350	
Matthildur Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
Njáll Guðmundsson, fyrrv. póstur	12 350	
Oddný Högnadóttir, fyrrv. ráðskona	24 702	
Oddný Wíum	12 350	

	Kr.	Kr.
Oddur Bjarnason, fyrrv. fulltrúi	16 493	
Ólafur Bjarnason, fyrrv. umboðsmaður	20 585	
Ólafur Guðmundsson	24 702	
Ólafur Guðmundsson, fyrrv. póstur	12 350	
Ólafur Tryggvason, fyrrv. starfsm. Alþingis	49 404	
Ólafur Þorsteinsson, læknir	19 634	
Ólafur Þorvaldsson, fyrrv. starfsm. Alþingis	55 580	
Ólöf Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
Páll Ólafsson, fyrrv. ræðismaður	19 634	
Páll Pálsson	30 878	
Páll Sigurjónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	12 350	
Pétur Jónsson, fyrrv. vegavinnuverkstjóri	20 585	
Pétur Ottesen, fyrrv. alþingismaður	61 755	
Pétur Pétursson, fyrrv. póstur	12 350	
Ragnar Benediktsson, fyrrv. prestur	20 614	
Ragnheiður Þorsteinsdóttir, fyrrv. yfirröntgenkona	44 664	
Rósamunda Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
Runólfur Guðmundsson, fyrrv. póstur	18 527	
Sesselja Jónsdóttir, fyrrv. símstöðvarstjóri	30 878	
Sigmundur Gestsson, fyrrv. póstur	16 468	
Sigríður Einarsdóttir, fyrrv. póst- og símaafgr.kona	22 215	
Sigríður Ásgeirsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
Sigríður Björnsdóttir, fyrrv. kennari	20 585	
Sigríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 468	
Sigríður Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	24 702	
Sigríður Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
Sigríður Magnúsdóttir, fyrrv. kennari	22 334	
Sigríður Þórðardóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
Sigrún Sigurjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
Sigtryggur Jónsson, fyrrv. hreppstjóri	24 702	
Sigurborg Kristjánsdóttir, fyrrv. kennari	27 487	
Sigurður Hjartarson, fyrrv. póstur	16 468	
Sigurður Nordal, prófessor	49 695	
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur	12 350	
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur, Krossi	12 350	
Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	24 702	
Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	20 585	
Sigurlás Nikulásson	49 404	
Sigursteinn Steinþórsson	30 878	
Stefán Kristjánsson, fyrrv. verkstjóri	12 350	
Stefán Steinþórsson, fyrrv. póstur	12 350	
Stefanía Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
Steindór Jóhannsson, fyrrv. fiskmatsmaður	16 468	
Steinn Ármannsson, fyrrv. póstur	12 350	
Steinunn Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
Svava Jónsdóttir, fyrrv. leikkona	16 468	
Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur	12 350	
Sölvína Konráðsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
Tómas Guðmundsson, fyrrv. póstur	12 350	
Tryggvi Jóhannsson, fyrrv. fiskmatsmaður	12 350	
Valgerður Kristjánsdóttir	12 350	
Valves Kárason, fyrrv. fiskmatsmaður	24 702	
Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur	12 350	

		Kr.	Kr.
	Vigdís Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
	Vigdís Torfadóttir	41 170	
	Vilhelm Erlendsson, fyrrv. póstafgrm.	41 170	
	Þóra Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
	Þorbergur Þorvaldsson, fyrrv. póstur	18 527	
	Þorbjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 350	
	Þorlákur Stefánsson	24 702	
	Þorleifur Jóhannesson, fyrrv. fiskmatsmaður	20 585	
	Þórný Friðriksdóttir, fyrrv. húsmæðraskólastjóri	27 965	
	Þorsteinn Baldvinsson, fyrrv. fiskmatsmaður	24 702	
	Þorsteinn Gíslason, fyrrv. fiskmatsmaður	12 350	
	Þorvaldur Þorvaldsson, fyrrv. fiskmatsmaður	12 350	
	Þuríður Guðnadóttir, fyrrv. ljósmóðir	24 702	
	Samtals		5 570 911
06 774	Ekkjur:		
	Aðalbjörg Sigurðardóttir	31 355	
	Agnethe Kamban	38 400	
	Ágústa Sigurðardóttir	20 585	
	Anna Ólafsdóttir	13 398	
	Anna Þuríður Sæmundsdóttir	16 468	
	Anna Tómasdóttir	24 702	
	Árný Stígsdóttir	12 350	
	Arnþrúður Daníelsdóttir	13 398	
	Ásdís Þorgrímsdóttir	12 350	
	Ásta Jónsdóttir, ekkja Bjarna Ásgeirssonar	70 166	
	Ásta Ólafsdóttir	24 702	
	Ástríður Eggertsdóttir, ekkja Þórarins Víkings	20 585	
	Ástríður Magnúsdóttir	12 350	
	Björg Jónasdóttir	18 330	
	Bryndís Þórarinsdóttir	27 965	
	Camilla Hallgrímsson	20 973	
	Dagbjört Guðjónsdóttir	19 634	
	Eleanor Sveinbjörnsson	31 355	
	Elín Einarsdóttir	37 053	
	Elísabet Jónsdóttir, ekkja Sig. Björnssonar	12 350	
	Erla Stefánsson	49 404	
	Eufemía Ólafsdóttir	51 463	
	Fríða Hlíðdal	89 240	
	Guðbjörg Erlendsdóttir, ekkja Einars Benediktss.	24 702	
	Guðbjörg Guðmundsdóttir	20 585	
	Guðbjörg Kristjánsdóttir	31 355	
	Guðfinna Blöndal	49 404	
	Guðlaug Magnúsdóttir	52 179	
	Guðný Halldórsdóttir	24 702	
	Guðný Sigurðardóttir, ekkja Guðm. Péturssonar	20 585	
	Guðný Vigfúsdóttir, ekkja Hermanns Vilhjálmss.	24 702	
	Guðríður Sigurðardóttir	12 350	
	Guðrún Guðnadóttir	20 585	
	Guðrún Jóhannesdóttir	12 350	
	Guðrún P. Jónsdóttir	31 355	
	Guðrún Pálsdóttir	28 819	
	Guðrún Ragúels	12 350	

	Kr.	Kr.
Halldóra Þórðardóttir	15 679	
Helga Friðbjarnardóttir	24 702	
Helga Hinriksdóttir	20 585	
Helga Pétursdóttir	30 878	
Hildur Blöndal	50 757	
Hildur Sívertsen	51 463	
Hjaltlína Guðjónsdóttir	30 878	
Hólmfríður Guðmundsdóttir	49 404	
Hólmfríður Rögnvaldsdóttir	24 702	
Hulda Þ. Björnæs	24 736	
Indíana Sturludóttir	30 878	
Ingibjörg Björnsdóttir	16 309	
Ingibjörg Eyjólfsdóttir	37 053	
Ingibjörg Gamalíelsdóttir	30 878	
Ingibjörg Högnadóttir	12 350	
Ingibjörg Þ. Jónsdóttir	37 053	
Ingibjörg Karlsdóttir, ekkja Kristins Halldórss.	51 170	
Ingunn Eyjólfsdóttir	30 878	
Ingunn Hlíðar	19 634	
Ingveldur Ólafsdóttir	12 350	
Irma Weile Jónsson	62 048	
Jakobína Thorarensen	20 585	
Jóhanna Jónsdóttir	23 302	
Jóhanna Vigfúsdóttir	12 350	
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	22 512	
Jónína Kristjánsdóttir	30 878	
Karen Louise Jónsson, ekkja Péturs Jónss. óperus.	30 878	
Katrín Sveinsdóttir	37 053	
Kolbrún Jónsdóttir, ekkja Gísla Halldórssonar	61 755	
Kristín Guðmundsdóttir, ekkja Eggerts Eggertss.	12 370	
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	12 350	
Kristín Pálmadóttir, ekkja Sveinbjarnar Jakobss.	24 702	
Kristín Pálsdóttir	13 106	
Kristólína Kragh	12 350	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Gísla Lárussonar	19 779	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar	16 468	
Lára Svansdóttir	12 350	
Lára M. Vigfúsdóttir	41 170	
Lelia Stefánsson	61 755	
Lilja H. Arndal	41 170	
Lilja Eyþórsdóttir	37 106	
Lilja Jörundsdóttir	24 702	
Lilja Steinsen	72 048	
Lovísa Sveinbjörnsson	81 844	
Lydia Einarsson	51 463	
Mabel Sigurjónsson, ekkja Lárusar Sigurjónssonar	41 170	
Magdalena Ásgeirsdóttir	12 350	
Málfríður Bjarnadóttir	12 350	
Margrét Árnadóttir	30 878	
Margrét Björnsdóttir	15 707	
Margrét Eyjólfsdóttir, ekkja Axels Jónssonar	24 702	
Margrét Guðbrandsdóttir	37 053	
Margrét Jónasdóttir	51 463	

	Kr.	Kr.
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	34 179	
Margrét Jónsdóttir, vitavarðarekkja	12 350	
Margrét L. Lárusdóttir	12 350	
María Guðlaugsson	19 295	
Marta Oddsdóttir	12 350	
Melitta Urbancic	19 634	
Ólafía Finnbogadóttir	12 350	
Olga E. Jónsson	23 302	
Ragnheiður Hafstein, ekkja Jónasar Sveinssonar	49 404	
Ragnheiður Konráðsdóttir, ekkja Ólafs Sigurðssonar	20 585	
Rannveig Tómasdóttir	15 679	
Rósa Jónsdóttir	12 350	
Rósa Þórarinsdóttir	20 585	
Sigríður Árnadóttir	74 106	
Sigríður Bjarnason	52 358	
Sigríður Einarsson	80 396	
Sigríður Gísladóttir	12 350	
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	39 751	
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	13 106	
Sigríður Jónsdóttir, ekkja Þórh. Vilhjálmssonar	24 702	
Sigrún Sigurbjörnsdóttir, ekkja Halldórs Jónssonar	30 878	
Sigrún Thorarensen	16 468	
Sigurlaug Jónsdóttir	30 878	
Sigurlaug Sigurðardóttir	24 702	
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	23 302	
Sólveig Árnadóttir	24 702	
Sólveig Eggerz	69 107	
Stefanía Stefánsdóttir	25 633	
Steinunn P. Eyjólfsson	13 891	
Steinunn Tómasdóttir	20 585	
Súsanna Friðriksdóttir	23 302	
Sveinbjörg Kristinsdóttir	20 585	
Sveindís Hansdóttir	12 350	
Torfhildur Magnúsdótir	12 350	
Unnur Skúladóttir	26 131	
Valborg Einarsson	26 131	
Valgerður Helgadóttir	20 614	
Valgerður Ólafsdóttir	18 644	
Vigdís G. Blöndal	13 106	
Vigdís Guðmundsdóttir	24 702	
Þóra Magnúsdóttir	16 468	
Þóra Sigfúsdóttir	10 350	
Þóra Sigurðardóttir	10 350	
Þóra Skaftason	10 350	
Þorbjörg Kjartansdóttir	30 878	
Þorbjörg Sigmundsdóttir	26 131	
Þorbjörg Sigurjónsdóttir	18 527	
Þórey Jóhannsdóttir	12 350	
Barnastyrkur:		
Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 16. júlí 1924, sjúklingur	12 350	
Samtals		3 885 700

Nd. 172. Breytingartillaga [23. mál]

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við **Ákvæði til bráðabirgða** bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Athuga skal möguleika á að draga úr kostnaði við rekstur Tryggingastofnunar ríkisins, með því að semja við banka eða sparisjóði um, að þær stofnanir annist útborgun á bótum frá almannatryggingunum.

Sþ. 173. Tillaga til þingsályktunar [81. mál]

um aðild Íslands að GATT og Genfarbókun.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni, að gerast fyrir Íslands hönd aðili að Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti, þ. e. General Agreement on Tariffs and Trade, og bókun þeirri við Hið almenna samkomulag, sem gerð var 30. júní 1967, og kennd er við Genf (Geneva Protocol).

Greinargerð.

1. Inngangsorð.

Á árum seinni heimsstyrjaldarinnar var hafinn undirbúningur að víðtækri alþjóðasamvinnu á sviði efnahags- og viðskiptamála að ófriði loknum. Viðræður voru hafnar, sem leiddu til Bretton Woods samninganna árið 1944, en með þeim voru stofnaðir Alþjóðagjaldeyrissjóður og Alþjóðabankinn, sem sérstofnanir innan hinna fyrirhuguðu Sameinuðu þjóða. Ætlunin var, að þriðja stofnunin, nátengd þessum tveim innan vébanda Sameinuðu þjóðanna, skyldi sett á stofn á sviði viðskiptamála, Alþjóðaviðskiptastofnunin („International Trade Organization"). Sú samningsgerð reyndist langdregin, enda flókin og yfirgripsmikil, og lá stofnskrá Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (hinn svonefndi Havana-sáttmáli) ekki fyrir fullgerð fyrr en árið 1948.

Lönd þau, sem unnu að samningsgerðinni um Alþjóðaviðskiptastofnunina, ákváðu að hefja jafnhliða henni viðræður um lækkun tolla og minnkun viðskiptatálmana á grundvelli samkomulags, sem hugsað var, að gilti til bráðabirgða áður en hin fyrirhugaða stofnun tæki til starfa. Viðræður þessar fóru fram í Genf árið 1947 og var Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti („General Agreement on Tariffs and Trade" eða GATT) niðurstaða þeirra. Var samningurinn undirritaður hinn 30. október 1947 og öðlaðist gildi 1. janúar 1948. Að samningsgerðinni stóðu 23 lönd. Í október 1967 höfðu 74 lönd öðlazt fulla aðild að GATT, 3 lönd (þ. á m. Ísland) bráðabirgðaaðild og 9 lönd önnur tengsl. (Sjá fylgiskjal I.)

Eftir að Havana-sáttmálinn hafði verið undirritaður, varð ljóst, að Bandaríkjaþing var ófúst til að staðfesta hana. Án þátttöku Bandaríkjanna gat Alþjóðaviðskiptastofnunin ekki komizt á legg og árið 1950 voru fyrirætlanir um hana lagðar á hilluna. Af þessum sökum hefur GATT, sem einungis var ætlað að vera bráðabirgðasamkomulag, verið síðan 1948 aðalvettvangurinn fyrir viðræður um tollamál á breiðum alþjóðlegum grundvelli. Eftir fyrstu tollaviðræðurnar árið 1947 beitti GATT sér fyrir samningum aðildarríkjanna um tollalækkanir fyrst í Annecy í Frakklandi árið 1949, síðan í Torquay í Englandi árið 1951 og í Genf árið 1956, aftur þar 1960—62 („Dillon-viðræðurnar") og nú síðast einnig í Genf árin 1964—1967 („Kennedy-viðræðurnar").

Á aðalfundi GATT haustið 1954 var ákveðið, að samkomulagið skyldi endurskoðað. Kom þetta til af því, að nú var ljóst, að um var að ræða annað og meira en bráðabirgðaráðstöfun, og því æskilegt að bæta við nýjum ákvæðum og breyta þeim upphaflegu. Þessi endurskoðun var framkvæmd árin 1954—55. Kom verulegur hluti hins endurskoðaða samkomulags til framkvæmda árið 1957 og síðar. Ekki var þó svo um öll hin fyrirhuguðu nýmæli, m. a. það, að sett skyldi á laggirnar stofnun, sem átti að heita „Organistation for Trade-Cooperation" og sjá um framkvæmd samkomulagsins. Í tæknilegum skilningi er GATT því öllu fremur samkomulagsgerð en alþjóðastofnun, þó í reynd virðist það skipta litlu máli.

Á ráðherrafundi GATT árið 1963 var ákveðið, að bæta þyrfti við og endurskoða ákvæði hins almenna samkomulags varðandi þróunarlöndin sérstaklega, þannig að unnt væri að stuðla að aukningu viðskipta og efnahagslegra framfara þeirra landa. Náðist samkomulag um ýmis sérákvæði vegna þróunarlandanna og gekk það í gildi í júní 1966.

2. Aðalatriði hins almenna samkomulags.

Tilgangur GATT er að stuðla að auknum milliríkjaviðskiptum með lækkun tolla og afnámi viðskiptahafta. I. grein GATT samkomulagsins, sem fylgir í heild hér á eftir í íslenzkri þýðingu, hefur að geyma almennt ákvæði um að beztu kjör skuli gilda í viðskiptum milli aðildarríkjanna. Þetta ákvæði, sem er víðtækt, nær t. d. til allra tolla, bæði þeirra, sem um hefur samizt, og nefndir eru ívilnunartollar, svo og annarra tolla. 3. gr. fjallar um innlenda skatta og kveður á um, að innfluttar vörur skuli í þeim efnum njóta sömu meðferðar og innlend framleiðsla.

Í fyrstu tollaviðræðunum náðist samkomulag um s. k. bindingar á lækkuðum eða gildandi tollum á grundvelli beztu kjara meðal viðsemjanda. Þessar svonefndu tollabindingar eru þó ekki óhagganlegar eða óafturkallanlegar. Samkvæmt ákvæðum 19. gr. má segja upp umsaminni tollaívilnun, ef innlendum framleiðendum stafar alvarleg hætta af auknum innflutningi. Samkvæmt 28. gr. gilda tollabindingarnar 3 ár í senn. Að þeim tíma liðnum má segja umsaminni bindingu upp og skal þá leitazt við að veita bætur með öðrum ívilnunum. Náist ekki samningar um það, má segja umsaminni bindingu upp einhliða. Þetta eru nefndar „open season" uppsagnir og mátti framkvæma þær á þriggja ára fresti frá og með 1. janúar 1958. Síðasta þriggja ára tímabilið hófst því 1. janúar 1967. Auk þess má leita uppsagnar umsaminnar ívilnunar hvenær sem er innan þriggja ára tímabilsins skv. ákvæðum 28. gr. 4. tl. svonefndir „waivers". Uppsagnir á umsömdum ívilnunum eru algengar í GATT. Er t. d. ekki fágætt að samið sé um tímabundna einhliða uppsögn og hún síðan framlengd. Má fullyrða, að tollabindingarákvæðin í GATT séu mjög sveigjanleg með hinum ýmsu heimildum um uppsögn eða undanþágu.

Önnur ákvæði í hinu almenna samkomulagi en ofangreind, er verulegu máli skipta, hafa það að markmiði, að samningsaðilar grípi ekki til annarra viðskiptaaðgerða, sem gætu spillt að einhverju eða öllu leyti fyrir umsömdum tollaívilnunum. Ef samningsaðilar hefðu algjörlega frjálsar hendur á öðrum sviðum, er ljóst, að raunverulegt gildi tollaívilnana gæti verið vafasamt.

Í samræmi við þetta eru ákvæði 11. gr. um, að óheimilt sé að hafa höft á milliríkjaviðskiptum, hvort heldur er með kvótum, leyfum eða á annan hátt. Þessi regla er þó háð ýmsum undantekningum, sem varla eru þýðingarminni en sjálf aðalreglan. Í 11. gr. er tekið fram, að undanþágur frá hinu almenna banni gegn höftum eru af ýmsum ástæðum, en aðalundanþáguákvæðið er að finna í 12. gr. Með þeirri grein er heimilað að beita höftum, sé það nauðsynlegt vegna greiðslujafnaðarins eða gjaldeyrisstöðunnar. Skylt er að framkvæma árlega athugun á höftum, sem leyfð eru af þessum ástæðum. Sé höftum beitt í samræmi við ákvæði 12. gr. (eða 18. gr. B hvað snertir þróunarlöndin), heimilar 14. gr. enn fremur undan-

þágur frá reglunni um, að ekki skuli viðhöfð mismunun í 13. gr. Er tekið fram, að slíkar undanþágur séu heimilaðar í samræmi við sambærilegar undanþágur um greiðsluviðskipti, skv. stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Lætur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn GATT í té álit á því, hvort gjaldeyrisástand viðkomandi lands réttlæti beitingu hafta í samræmi við ofangreind ákvæði.

Hvað þessi ákvæði snertir, er rétt að taka fram, að Ísland hefur þegar reynslu af framkvæmd þeirra. Samkvæmt ákvæðum bráðabirgðaaðildarsamnings Íslands að GATT frá 5. marz 1964, sem síðar verður vikið að, féllst Ísland á að virða þessi sem önnur ákvæði GATT. Í maí 1965 og nóvember 1966 var stefna og framkvæmd Íslands í málum varðandi utanríkisviðskipti, og þá sérstaklega hvað snerti viðskiptahöft, tekin til meðferðar í nefnd, sem um þau mál fjallar innan GATT. Var niðurstaðan sú, að viðskiptastefnan almennt, þar með talin innflutningshöft voru talin fyllilega réttlætanleg með tilliti til ákvæða Hins almenna samkomulags, enda hafði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn komizt að sömu niðurstöðu um gildandi gjaldeyrishöft.

Þessar kvaðir GATT gefa því ekki tilefni til sérstakra athugasemda, enda má minna á, að Ísland hafði samskonar skuldbindingar á sínum tíma gagnvart Efnahagssamvinnustofnun Evrópu (OEEC). Á þeim tíma, meðan sú stofnun fékk miklu ágengt um afnám hafta á viðskiptum, var mikill meirihluti viðskipta Íslands háður höftum, og voru fullnægjandi undanþáguákvæði fyrir því. Þá eru í 16. gr. og 17. gr. ákvæði um opinbera styrki og ríkiseinkasölur.

Af öðrum ákvæðum ber að geta greinanna 4—20, sem nefndar eru tæknilegu greinarnar. Hafa þær að geyma almennar reglur um frjálsan framhaldsflutning, undirboðstolla, tollverð vara, tollafgreiðslu, upprunamerkingar o. fl. Þessi ákvæði stangast ekki á við íslenzkar lagasetningar og eru t. d. ákvæði tollalaganna frá 1963 um undirboðs- og jöfnunartolla samin eftir ákvæðum GATT).

19.—21. gr. fjalla um neyðarráðstafanir, almennar undanþágur og undanþágur af öryggisástæðum. Í greinum 22 og 23 eru ákvæði um samráð o. fl., en í 24. gr. undanþáguákvæði frá beztu-kjara meðferð fyrir tollabandalög og fríverzlunarsvæði. Um tollabandalag er það skilyrði sett samkvæmt 24. gr. 5. tl. a), að tollunin samkvæmt hinum nýju tollum aðildarríkja tollabandalags skuli ekki vera yfirleitt eða í heild hærri en þeir tollar, sem áður giltu. Sé um að ræða tollahækkun frá fyrri bindingum er gert ráð fyrir, að hún sé bætt með tollalækkun annarra vöruflokka. Ytri tollur Efnahagsbandalags Evrópu var t. d. á sínum tíma ræddur í GATT með tilliti til þessara ákvæða og var túlkun þessarar greinar þá mjög umdeild. Auk ofangreindra skilyrða, sem tollabandalagi ber að uppfylla, er þess að geta, að því og fríverzlunarsvæði er ætlað að ná til „verulegs hluta allra viðskipta“ þeirra ríkja, sem að því standa, sbr. 24. gr. 8. tl.

Loks eru í 28. gr. og viðauka við þá grein ákvæði um tollaviðræður. Aðrar greinar fjalla um ýmis framkvæmdaratriði, sameiginlegar ráðstafanir (25. gr.), úrsögn (31. gr.), aðild nýrra ríkja (33. gr.) o. fl. Í hinum nýju greinum (35.—38.), sem áður er vikið að og settar voru vegna þróunarlandanna, er m. a. kveðið á um, að af þeim löndum verði ekki vænzt gagnkvæmi í viðskiptasamningum.

3. Um starfsemi GATT fyrir Kennedy-viðræðurnar.

Þó að erfitt sé að meta árangur marghliða tollaviðræðna, er það almennt viðurkennt, að GATT-viðræðurnar í Genf 1947, í Annecy 1949 og í Torquay 1950—51 hafi leitt til allverulegra tollalækkana. Með GATT var fundin ný leið til frjálsari heimsviðskipta, þar sem allir aðilarnir öðluðust aðgang að þeim ívilnunum, sem veittar voru á tvíhliða grundvelli. Þetta stuðlaði mjög að jákvæðum árangri. Meira um vert var þó sjálfsagt það, að Bandaríkjamönnum var kleift, samkvæmt þágildandi lagaheimildum („Reciprocal Trade Agreements Act“) að gegna forystuhlutverki í GATT. Þær ívilnanir, sem Evrópulöndin gátu veitt, munu ekki hafa

verið sambærilegar til að koma til móts við tollalækkanir Bandaríkjanna. Á fyrstu árunum eftir stríðið notuðu Vestur-Evrópulöndin öll gjaldeyrishöft í ríkum mæli (vegna hinnar veiku gjaldeyrisaðstöðu) í samræmi við ákvæði Hins almenna samkomulags, og höftin gerðu að litlu tollaívilnanirnar. Bandaríkjamenn litu þetta hins vegar mildu auga, bæði vegna þess, að iðnaði þeirra var lítil hætta búin af innflutningi frá Evrópu á þeim tíma, og eins vegna þess, að eitt aðalmarkmið þeirra í utanríkismálum var að stuðla að endurreisn Evrópuríkjanna. En árangurinn í tollaviðræðum GATT, sem fyrstu árin eftir stríðið var verulegur, minnkaði þegar frá leið, þegar höfuðáherzlan var lögð á afnám viðskiptahafta á vegum Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu.

OEEC setti sér það markmið að koma á frjálsari viðskiptum milli aðildarríkjanna (það voru þá V.-Evrópulönd, en ekki Bandaríkin og Kanada, sem nú eiga einnig aðild að OECD, arftaka þeirrar stofnunar). Innan OEEC var ákveðið að vinna að frjálsari viðskiptum með afnámi viðskiptahafta, en láta GATT um minnkun tollverndar. Tollar voru á þessum árum miklu þýðingarminni en innflutningshöftin, sem mikilli útbreiðslu höfðu náð síðan á kreppuárunum, og eru yfirleitt miklu skaðlegri viðskiptatálmun en tollar. Önnur ástæða fyrir stefnunni, sem OEEC markaði, voru beztu-kjara ákvæði GATT um tollameðferð, sem áður er vikið að. Samkvæmt ákvæðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og GATT var, svo sem bent hefur verið á, heimilt undir vissum kringumstæðum að beita viðskiptahöftum, sem fela í sér mismunun. Með þessu móti gat OEEC beitt sér fyrir afnámi viðskiptahafta innan Vestur-Evrópu, án þess að brjóta í bága við gerðar alþjóðasamþykktir. Með samþykkt OEEC árið 1950 um, að framkvæmd skyldi 50% „liberalisering" og síðar frekari aðgerðir á því sviði, beindist athyglin í vaxandi mæli að tollum og lækkun þeirra.

Við afnám haftanna meðal OEEC-landanna komu áhrif tollanna skýrar í ljós vegna þess, að sum þessara landa, þ. e. Holland, Belgía, Sviss, Danmörk, Noregur og Svíþjóð, voru lágtollalönd, en önnur lönd, sér í lagi Frakkland og Ítalía, hátollalönd. Eftir því, sem lengra gekk í afnámi haftanna, hlutu lágtollalöndin að verða að miklu leyti án verndar, en hátollalöndin að njóta, að öðru óbreyttu, áfram sinnar verndar. Í tollaviðræðum í GATT höfðu lágtollalöndin mjög lélega samningsaðstöðu, því þau höfðu bundið sína tolla gegn lækkun af hálfu hátollalandanna, sem hátollalöndin vildu líta á, að ekki væru fullnægjandi mótívilnanir. Rætt var um, að OEEC beitti sér eftir 1950 fyrir jöfnun tolla innan Evrópu, en sú tillaga hlaut lítinn hljómgrunn, enda hefði þurft undanþágu frá GATT-ákvæðunum.

Innan GATT komu fram tillögur til úrlausnar þessum vandamálum, en voru þó ekki samþykktar. Var það í fyrsta lagi tillaga Benelux-landanna um einhliða tollalækkanir hátollalandanna og í annan stað hin öllu merkari tillaga Frakka frá 1951. Tillaga Frakka var í aðalatriðum sú, að öll aðildarríki GATT lækkuðu tolla sína í stigum og eftir ákveðnum reglum um 30% á þremur árum. Ástæðurnar fyrir því, að ekki náðist meiri árangur með að lækka tolla í GATT, eru einkum tvær. Í fyrsta lagi var það, að Bandaríkjamenn gegndu ekki því hlutverki, sem þeir einir gátu þá innt af hendi um forystu í tollalækkunum. Heimildirnar, sem Bandaríkjaþing veitti til tollalækkana skv. Trade Agreements Act, voru ónógar og auk þess háðar víðtækum fyrirvörum. Í annan stað verður að teljast, að ýmsir erfiðleikar séu á að framkvæma nána efnahagssamvinnu á alheimsgrundvelli eins og starfsemi GATT og einnig IMF byggist á. Eins og reynslan hefur sýnt, var slíkt auðveldara innan takmarkaðra landssvæða. Því er það, að þegar OEEC hafði að mestu leyti náð tilsettu marki, afnámi hafta á verzlun- og greiðsluviðskiptum, snúa Evrópulöndin sér að því að leitast við að leysa tollavandamálin sín á milli. Það gerðu þau með stofnun Kola- og stálbandalagsins og síðan Efnahagsbandalags Evrópu, með viðræðum um fríverzlunarsvæði OEEC-ríkjanna 1957—58, með stofnun EFTA og síðar með viðræðum um aðild eða aukaaðild að Efnahags-

bandalagi Evrópu. Sú saga verður ekki nánar rakin hér, en að sjálfsögðu hafa viðræður þessar haft víðtækari markmið en það að leysa tollavandamál. Hér verður aðeins staðhæft, að tilraunir til stofnunar tollfrjálsra viðskipta innan Evrópu eru ekki hvað sízt afleiðing af þróun samstarfsins í OEEC og í GATT frá stríðslokum. Þá er það og staðreynd, að tilkoma Efnahagsbandalagsins markar tímamót fyrir GATT.

Fullyrða má, að í viðskiptalegum skilningi sé stofnun Efnahagsbandalags Evrópu einn af stórviðburðum seinni tíma. Þegar árið 1958, er Rómarsamningurinn gekk í gildi, hófust umræður um Efnahagsbandalagið í GATT, en svo sem að framan greinir verður tollabandalag að samræmast ákvæðum 24. gr. í Hinu almenna samkomulagi. Hér verða ekki rakin þau tæknilegu atriði, sem um er að ræða í slíkum viðræðum, en eitt þeirra er endurskoðun tolla, sem bundnir voru af hinum einstöku ríkjum, en hækka vegna hins sameiginlega tolls og hugsanlegra bóta („compensations") af þeim sökum. Jafnhliða því, að þessar viðræður við Efnahagsbandalagið hófust í GATT árið 1958, gerðu Bandaríkin aðildarríkjunum tilboð um almennar tollaviðræður, sem kallaðar voru Dillon-viðræðurnar, eftir þáverandi varautanríkisráðherra Bandaríkjanna. Heimild til þeirra veitti Bandaríkjaþing aðallega út frá þeirri forsendu, að nauðsynlegt væri að fá lækkaðan væntanlegan sameiginlegan toll Efnahagsbandalagsins. Átti að stefna að 20% lækkun á hinum væntanlega sameiginlega tolli Efnahagsbandalagsins á iðnaðarvörum gegn tilsvarandi lækkun af hálfu annarra. (Allar s. k. G-listavörur Efnahagsbandalagsins og þar með langflestar sjávarafurðir voru undanþegnar samningum.)

Þessar GATT-viðræður drógust mjög á langinn og lauk ekki fyrr en 1962. Að því er „compensations"-viðræðurnar snertir, var árangurinn í stuttu máli sá, að tilboð sex-veldanna reyndust yfirleitt mjög ófullnægjandi. Aðalþætti Dillon-viðræðnanna lauk með undirritun bráðabirgðasamkomulags Bandaríkjanna og Efnahagsbandalagsins í janúar 1962, en það fól í sér 20% lækkun á hinum væntanlega tolli Efnahagsbandalagsins. Af hálfu Bandaríkjamanna var fallizt á að lækka þar á móti ýmsa tolla iðnaðarvarnings, og voru þær lækkanir yfirleitt nálægt 20%. Auk þess gerði Efnahagsbandalagið bráðabirgðasamkomulag við ýmis önnur lönd um tollalækkanir gegn 20% lækkun hins væntanlega sameiginlega tolls.

4. Kennedy-viðræðurnar.

Kennedy-viðræðurnar, sem lauk þann 15. maí s. l., eru víðtækasta viðskiptasamningsgerð, sem efnt hefur verið til. Í heild voru þær árangursríkar. Og þótti þeim mun meira koma til, þar sem um langt skeið fyrir samningslok leit út fyrir, að viðræðurnar færu alveg út um þúfur. (Sjá fylgiskjal II.)

Frumkvæðið að þessum samningum áttu Bandaríkjamenn, eftir að Bandaríkjaþing hefði árið 1962 að tilhlutan Kennedy forseta samþykkt löggjöf, sem nefnist „Trade Expansion Act". Með þessari lagasetningu var ríkisstjórninni heimilað að lækka bandarískа tolla um allt að 50% í samningum við önnur ríki um gagnkvæmar tollalækkanir. Þá var heimilað að fella alveg niður tolla á vörum, ef viðskipti þeirra á milli næðu til 80% alheimsviðskipta. Framkvæmd þessa ákvæðis hefði í raun þýtt fríverzlun með iðnaðarvörur hjá Bandaríkjunum og Efnahagsbandalaginu, ef Bretland hefði gerzt aðili að bandalaginu, eins og þá voru horfur á. Þegar það mál varð úr sögunni með lokum fyrri aðildarviðræðna Breta, var um leið vonlaust, að GATT-samningar gætu leitt til slíks árangurs. Eitt heimildarákvæði Trade Expansion Act var, að afnema mætti að fullu tolla, sem væru 5% eða lægri.

Formleg ákvörðun um Kennedy-viðræðurnar var tekin á ráðherrafundi GATT í maí 1963. Var þá ákveðið, að markmið viðræðnanna skyldi vera fjórþætt:

1. Stefnt skyldi að 50% tollalækkun á iðnaðarvörum.
2. Dregið skyldi verulega úr öðrum viðskiptahömlum.
3. Tollaviðræðurnar skyldu að verulegu leyti ná til landbúnaðarvara.
4. Þróunarlöndin skyldu njóta góðs af samningum tollaviðræðnanna, án þess að þess yrði krafizt, að þau létu jafnmikið á móti.

Samkvæmt þessari ákvörðun ráðherrafundar GATT skyldi höfuðreglan vera sú, að sérhvert iðnaðarríki, sem tæki þátt í viðræðunum, byði 50% jafna lækkun allra tolla og undantekningar þar frá skyldu eins fáar og frekast væri unnt. Undanþágur skyldu því aðeins heimilar, ef sérstakar ástæður réttlættu þær, efnahagslegar, tæknilegar, lagalegar eða annars eðlis. Hins vegar skyldu þátttökuríkin hafa fullan rétt til þess að draga tilboð sitt til baka, ef jöfnuði væri ekki náð á annan hátt miðað við tilboð annarra.

Í sambandi við landbúnaðarafurðir var ákveðið að stefna að því að tryggja þeim jafnan aðgang að heimsmarkaðnum. Bandaríkin lýstu því yfir þegar í upphafi viðræðnanna, að samkomulag um kornviðskiptin væri algert skilyrði fyrir farsælum lyktum Kennedy-viðræðnanna. Þegar Kennedy-viðræðurnar hófust, kom Gatt á fót nefnd til þess að fjalla um kornviðskipti, og síðar voru skipaðar nefndir til þess að fjalla um kjöt- og mjólkurafurðir.

Kennedy-viðræðurnar hófust formlega með ráðherrafundi í Genf 4. maí 1964. Bandarísku heimildarlögin giltu til 30. júní 1967, og voru Kennedy-viðræðunum sett þau tímatakmörk að vera lokið fyrir þann tíma.

Enda þótt ráðgert hefði verið að hafa tollaviðræðurnar eins einfaldar og frekast væri kleift, m. a. með því að hafa lækkanir tolla jafnar og eftir sjálfkrafa reglum, risu þegar í upphafi viðræðnanna mörg vandamál, sem áttu eftir að gera þær flóknar og vandasamar. Eitt fyrsta vandamálið átti rætur sínar að rekja til mishæðar tolla hinna ýmsu landa. Tollar í Efnahagsbandalagi Evrópu voru t. d. jafnari að hæð en tollar í Bretlandi og sérstaklega Bandaríkjunum. Var það sjónarmið Efnahagsbandalagsins, að 50% lækkanir á meðalháum tollum bandalagsins mundi hafa í för með sér meiri hag fyrir Bandaríkin en 50% lækkun Bandaríkjanna á mjög háum tollum hefði í för með sér fyrir Efnahagsbandalagið.

Annað vandamál, sem einnig kom upp snemma í viðræðunum, var í sambandi við viðskiptin með landbúnaðarafurðir. Bandaríkin lögðu mikla áherzlu á, að Kennedy-viðræðurnar tækju til landbúnaðarafurða. En Efnahagsbandalag Evrópu hafði ekki mótað stefnu sína í landbúnaðarmálum og taldi sig því ekki geta lagt fram tilboð um tollalækkanir eða afnám viðskiptahafta á þeim afurðum, fyrr en stefnan lægi fyrir. Tafði þetta allar tollaviðræðurnar og varð þess valdandi, að ekki komst verulegur skriður á þær fyrr en haustið 1966. Hið sama gilti um sjávarafurðir, svo sem síðar kemur fram.

Fyrstu tillögurnar í Kennedy-viðræðunum voru lagðar fram í nóvember 1965. Voru þá lagðir fram svonefndir undanþágulistar fyrir iðnaðarvörur, þ. e. listar yfir þær vörur, sem þátttökuríkin vildu ekki láta 50% tollalækkanirnar ná til. Í september 1965 var lagt fram tilboð um viðskipti með ýmsar lítt mikilvægar landbúnaðarafurðir og hitabeltisafurðir. En aðallandbúnaðartilboðið var ekki lagt fram fyrr en í ágúst 1966, eftir að Efnahagsbandalagið hafði mótað stefnu sína í landbúnaðarmálum að verulegu leyti.

Undanþágulistarnir, sem lagðir voru fram í nóvember 1964, gerðu ekki ráð fyrir miklum undanþágum. Lengsti listinn var frá Japan, en sá næstlengsti frá Efnahagsbandalaginu. Tók sá síðarnefndi til 21% af innflutningi bandalagsins. Þó bauð Efnahagsbandalagið nokkrar tollalækkanir á verulegum hluta þar af. Hin smærri EFTA-ríki, eins og Danmörk, Noregur og Svíþjóð lögðu ekki fram neina undanþágulista, en áskildu sér rétt til þess að draga hluta tilboða sinna til baka, ef það reyndist nauðsynlegt til að ná gagnkvæmni.

Tilboðin varðandi viðskiptin með landbúnaðarafurðir voru mjög takmörkuð,

jafnvel á hinum þýðingarminni afurðum. Norðurlöndin (önnur en Ísland) lögðu fram sérstakt tilboð um viðskiptin með hitabeltisafurðir, sem var hið mikilvægasta fyrir þróunarlöndin. Nokkur önnur iðnaðarlönd fylgdu fordæmi þeirra.

Samningarnir um iðnaðarvörur fóru að lokum þannig fram, að fjallað var um hvern vöruflokk fyrir sig, og ekki náðist samkomulag um, að fyrir allar skyldu gilda sömu jöfnu lækkanirnar. Fjallað var sérstaklega um vefnaðarvöru úr baðmull, járn og stálvörur, svo og efnaiðnaðarvörur. Efnahagsbandalagið gerði það að skilyrði fyrir tollalækkunum á baðmullarvefnaðarvörum, að gildandi samkomulag um viðskipti með þær vörur yrði framlengt. Í sambandi við járn- og stálviðskipti var stefnt að því að samræma tolla helztu framleiðslulandanna. Í sambandi við viðskiptin með efnaiðnaðarvörur reis sérstakt vandamál, þar eð í Bandaríkjunum var það að verulegu leyti svo, að tollur á efnavörum var ekki lagður á cif-verð þeirra, heldur var söluverð innanlands lagt til grundvallar við tollútreikninginn (American Selling Price-system).

Í þeim þætti Kennedy-viðræðnanna, sem fjallaði um viðskiptahömlur aðrar en tolla, var m. a. rætt um undirboð. Var fjallað um reglur um setningu undirboðstolla, og samkomulag náðist, sem tryggja á sams konar túlkun á undirboðsviðskiptum og samræmdar aðgerðir til þess að sporna gegn þeim.

Í því skyni að koma til móts við útflutningshagsmuni þróunarlandanna var saminn listi yfir vörur, sem taldar voru sérstaklega mikilvægar fyrir þau. Reyndist hér um 600 vörutegundir að ræða. Boðnar voru verulegar tollalækkanir á ýmsum þeirra vara, en ekki náðist samkomulag um algera niðurfellingu tolla á vissum hitabeltisafurðum, sem þróunarlöndin lögðu áherzlu á. Ýmis þróunarlönd njóta ívilnana fyrir þessar afurðir hjá ákveðnum iðnaðarríkjum. Torveldaði það samningana um hitabeltisafurðir. Þetta og takmarkaður árangur um baðmullarvefnaðarvörur gerði það ekki hvað sízt að verkum, að þróunarlöndin litu á niðurstöður samninganna sem mjög ófullnægjandi.

Á landbúnaðarsviðinu var ágreiningurinn mestur milli Efnahagsbandalags Evrópu og Bandaríkjanna. Að lokum náðist samkomulag um kornviðskiptin. Var samið um nýtt lágmarksverð á hveiti, 0.19 dollarar hærra pr. skeppu en lágmarksverð International Wheat Agreement miðað við þáverandi farmgjöld. Er hið nýja verð 1.73 dollarar pr. skeppu. Einnig var samið um 4.1 millj. tonna árlega korngjöf til þróunarlandanna. Bera Bandaríkin 42% kostnaðarins og Efnahagsbandalagið 23%. Að öðru leyti varð árangur á landbúnaðarsviðinu lítill. Ekki náðist t. d. samkomulag um viðskipti með kjöt og mjólkurafurðir.

Það háði hinum smærri ríkjum í Kennedy-viðræðunum, svo sem Norðurlöndunum, að viðræðurnar snerust fyrst og fremst um hagsmuni hinna stærstu samningsaðila, Efnahagsbandalagsins, Bretlands og Bandaríkjanna. Norðurlöndin áttu af þessum ástæðum erfitt með að koma óskum sínum á framfæri. Af þessum sökum og vegna þess, að Norðurlöndin áttu sameiginlegra hagsmuna að gæta gagnvart Efnahagsbandalaginu, ákváðu þau (önnur en Ísland) hinn 21. nóvember 1966 á fundi í Stokkhólmi að koma fram sameiginlega í viðræðunum. Ísland taldi ekki rétt að taka þátt í þessu samstarfi, þar sem tollalækkanir okkur í vil myndu greinilega verða minni en þær ýmsu tollalækkanir, sem Norðurlöndin myndu njóta góðs af. Afturköllun á íslenzka tilboðinu hlaut því að verða mjög víðtæk gagnstætt því, sem varð um Norðurlöndin.

Heildarmat á talnalegum grundvelli á þeim niðurstöðum, sem hér hefur verið drepið lauslega á, liggur ekki fyrir. Þó hefur starfslið GATT gert yfirlit um niðurstöðurnar hvað snertir aðaliðnaðarlöndin, þ. e. Bandaríkin, Bretland, Efnahagsbandalagið, Japan, Svíþjóð og Sviss, sem gefur all góða mynd af árangrinum. Eru þessar upplýsingar dregnar saman í meðfylgjandi töflu. Samkvæmt töflunni nam heildarinnflutningur þessarra landa árið 1964 $ 60 milljörðum, en það er síðasta árið, sem þessar upplýsingar liggja nægilega sundurgreindar. Af heildarinnflutningnum voru $ 23 milljarðar þá þegar tollfrjáls innflutningur. Tollalækkanir voru

boðnar á innflutningi, sem nam $ 26 milljörðum, en það er 70% af tollskyldum innflutningi eða 43% af heildarinnflutningnum. Meirihluti þessara tollalækkana var 50% eða meiri. Viðskipti með vörur, sem engar tollalækkanir voru boðnar á, námu árið 1964 um $ 11.3 milljörðum eða um 19% innflutnings viðkomandi landa. Loks eru kornvörur, kjöt og mjólkurafurðir undanskildar.

Tollalækkanir Kennedy-viðræðnanna og alheimsviðskipti.

Innflutn. árið 1964	Þegar tollfrjáls $ milljarðar	%	Tollar lækkaðir $ milljarðar	%	Engar tollalækkanir $ milljarðar	%	Samtals $ milljarðar
Hitabeltisafurðir	2.2	46	1.1	23	1.5	31	4.8
Aðrar landbúnaðarafurðir .	1.4	22	2.5	40	2.4	38	6.3
Eldsneyti	5.3	58	0.6	7	3.2	35	9.1
Önnur hráefni	8.5	83	1.4	14	0.3	3	10.2
Járn og stál	0.1	5	1.2	60	0.7	35	2.0
Aðrir málmar	1.1	30	2.1	57	0.5	13	3.7
Efnaiðnaðarvörur	0.8	22	2.6	72	0.2	6	3.6
Trjákvoða og pappír	1.3	52	1.1	44	0.1	4	2.5
Vélar og bifreiðar	0.4	4	8.9	87	0.9	9	10.2
Vefnaðarvörður og fatnaður	0.1	4	1.3	57	0.9	39	2.3
Aðrar iðnaðarvörur	1.5	33	2.5	54	0.6	13	4.6
	22.7	38	25.7	43	11.3	19	59.7

Svo sem fram kemur og áður er tekið fram, nema tollalækkunarboðin um $ 26 milljörðum. Heildarívilnanir, þ. e. tollalækkanir og bindingar núlltolla þeirra landa, sem um ræðir, námu hins vegar $ 32 milljörðum. Heildarívilnanir allra þátttakenda Kennedy-viðræðnanna námu $ 40 milljörðum innflutnings árið 1964, en utanríkisviðskipti þessarra landa nema 75% alheimsviðskiptanna það ár.

Tollalækkanir þessar verða framkvæmdar á fimm árum. Bandaríkjamenn voru bundnir heimildarlöggjöf sinni um að framkvæma lækkanir í fimm jöfnum árlegum áföngum. Efnahagsbandalagið, Bretland, Norðurlöndin fjögur, Sviss og Japan framkvæma tvo fimmtu lækkunarinnar í fyrsta áfanga, sem ýmist verður 1. janúar eða 1. júlí 1968, en þann dag kemur ytri tollur Efnahagsbandalagsríkjanna að fullu til framkvæmda. Þá munu þessi lönd framkvæma þrjár lækkanir, sem hver um sig nemur einum fimmta í ársbyrjun 1970, 1971 og 1972, sem fellur þá saman við síðustu lækkun Bandaríkjanna.

5. Samningar Íslands.

Á árunum 1961 og 1962 gerði þáverandi ríkisstjórn ýmsar athuganir og hóf könnunarviðræður í þeim tilgangi, að mynda mætti afstöðu til markaðsbandalaganna í Evrópu. Á þeim tíma þóttu líkur benda til, að Bretar og önnur aðildarríki EFTA myndu tengjast Efnahagsbandalaginu á einn eða annan hátt. Til þess kom þó ekki, eftir að aðildarviðræður Breta að Efnahagsbandalaginu fóru út um þúfur í ársbyrjun 1963. Jafnhliða þessari þróun hafði verið fylgzt með undirbúningi Kennedy-viðræðnanna í GATT, en þær gátu augljóslega veitt tækifæri til leiðréttingar á tollamálum Íslands.

Seinni hluta árs 1963 fékk ríkisstjórnin boð frá aðalframkvæmdastjóra GATT fyrir hönd samtakanna um, að Íslandi væri boðið að taka þátt í starfsemi GATT á bráðabirgðagrundvelli. Væri tilgangurinn sá, að Ísland gæti með því tekið fullan þátt í Kennedy-viðræðunum og að þeim loknum öðlazt aðild að GATT, ef um semdist. Var ákveðið að taka þessu boði. Viðskiptastefna Íslands og framkvæmd hennar var tekin til athugunar í sérstakri nefnd GATT í febrúar 1964. Var niður-

staðan sú, að málefni Íslands á þessu sviði væru í samræmi við ákvæði GATT. Þann 5. marz 1964 var bráðabirgðaaðildin samþykkt á aðalfundi GATT, og var bráðabirgðaaðildarsamningur, sem gilti til úrsloka 1965, síðan undirritaður fyrir Íslands hönd og af flestum samningsaðilum GATT, a. m. k. öllum þeim, sem einhverja þýðingu hafa fyrir Ísland í viðskiptalegu tilliti. Fyrir áramót 1964 var bráðabirgðaaðildin framlengd til ársloka 1967.

Svo sem frá hefur verið greint, var sú almenna stefna mörkuð í upphafi Kennedy-viðræðnanna, að reynt skyldi að ná 50% lækkun tolla iðnaðarvara. Enda þótt það markmið gæti ekki talizt fyllilega raunhæft, var hins vegar ljóst, að árangurinn á sviði landbúnaðarafurða yrði allur annar og minni. Var því greinilega heppilegast hagsmunum Íslands, að leitazt yrði við að fá sjávarafurðirnar undir almennar tollalækkunarreglur iðnaðarvara, ef settar yrðu. Ekki þarf að orðlengja, að helmingslækkun allra tolla útfluttra íslenzkra sjávarafurða í innflutningslöndunum hefði orðið landinu mikil hagsbót.

Á daginn kom, að Kennedy-viðræðurnar drógust meir á langinn heldur en upphaflega var búizt við. Hin raunverulegu tilboð komu seinna fram en gert hafði verið ráð fyrir. Mikið þóf stóð fyrstu 2 árin um sjálfkrafa almenna reglu um tollalækkun iðnaðarvara, sem reyndar lítið varð úr. Frá upphafi var því sjónarmiði stöðugt haldið fram af Íslands hálfu, að hinar væntanlegu almennu tollalækkunarreglur iðnaðarvara ættu einnig að ná til sjávarafurða. Var jafnan viðurkennt, að þetta ætti ekki við um landbúnað vegna ýmissa séraðstæðna þeirrar atvinnugreinar. Sjávarútvegur nútímans væri hins vegar miklu skyldari iðnaði, og þar sem aðalviðskiptatálminn væru tollar, væri eðlilegast, að almenna reglan um tollalækkun næði einnig til sjávarafurða. Þessu sjónarmiði var einnig fylgt að fullu af ýmsum öðrum útflytjendum sjávarafurða, t. d. Norðmönnum og Dönum. Af Íslands hálfu var jafnframt lögð á það áherzla, að þar sem við stæðum utan viðskiptabandalaganna í Evrópu, væru okkur á höndum sérstök vandamál vegna þar af leiðandi tollamismununar, sem sumpart ætti ekki við um keppinauta okkar í fiskverzluninni.

Skemmst er frá því að segja, að ofangreind sjónarmið um meðferð sjávarafurða í samningunum hlutu ekki almenna viðurkenningu. Einungis af hálfu Bandaríkjanna voru sjávarafurðir teknar með í iðnaðarvörutilboðinu, sem fyrst kom fram, en á því tilboði var þó veigamikil takmörkun. Efnahagsbandalagið tók þá stefnu og hélt fast við, að sjávarafurðir heyrðu með landbúnaði, og lagði bandalagið fyrst fram mjög takmarkað sjávarafurðatilboð í ágúst 1966. Efnahagsbandalagið og ekki síður Bretar lögðu til, að sjávarafurðunum og meðferð þeirra yrði skotið til sérfræðiathugunar á breiðum grundvelli. Var svo að skilja, að í slíkum umræðum skyldi athugað, að hve miklu leyti mætti veita viðskiptaleg fríðindi gegn ívilnunum á öðrum sviðum, t. d. varðandi löndunarréttindi og „transit"-réttindi. Þessum hugmyndum var algerlega hafnað af hálfu Íslands, Noregs og Danmerkur. En það var ekki fyrr en nokkrum dögum áður en samningum lauk í maí s. l., að Bretar gerðu loks boð um lækkun tolls á einni sjávarafurð.

Fram til þess, að nokkur hreyfing fór að komast á viðræður um sjávarafurðir s. l. sumar, gat ekki talizt tímabært, að ákveðið tilboð kæmi fram af Íslands hálfu. Í samræmi við þá upphaflegu ósk, að tollar sjávarafurða yrðu felldir niður um 50%, ákvað ríkisstjórnin að leggja fram almenna yfirlýsingu um 50% lækkun íslenzkra tolla. Var þetta tilboð lagt fram í ágúst s. l., en jafnframt gert að skilyrði að Ísland hlyti sambærileg tollfríðindi í staðinn skv. gagnkvæmisreglu. Algjörlega undanþegnir þessu tilboði Íslands voru tollar á kjöti, mjólkurafurðum og garðávöxtum (Bruxelles-tollskrárflokkar 2, 4 og 7). Jafnframt var það atriði hins íslenzka tilboðs, að s. k. grunntollar, sem tollalækkanir okkar skyldu miðast við, yrðu tollar í gildi, þegar Ísland gerðist bráðabirgðaaðili að GATT þann 5. marz 1964. Með því voru tollalækkanirnar, sem lögfestar voru af Alþingi eftir þann tíma, teknar með í tilboðið og hluti þess.

Eins og ástatt var í samningunum, þegar tilboðið kom fram — og öllu lengur gat það ekki beðið, að Ísland legði sjálft fram ákveðið tilboð — kom ekki til mála, að við tækjumst á hendur nema mjög takmarkaðar tollalækkanir til að ná gagnkvæmi. Meirihluti tilboðsins hlaut m. ö. o. að verða dreginn til baka, nema algert hughvarf yrði hjá viðsemjendunum um hagsmunamál Íslands. Mjög neikvæð afstaða Íslands með að leggja fram takmarkað tilboð gat aðeins orðið til að gefa öðrum afsökun um að halda fast við óbreytta, neikvæða afstöðu í okkar garð. Jákvæð afstaða Íslands bundin ákveðnu gagnkvæmisskilyrði gat aðeins hjálpað okkar málstað, og valdi ríkisstjórnin því þá leið.

Fram eftir hausti 1966 skeði fátt í málefnum Íslands. Hafnar voru á ný ræki-legar tvíhliða viðræður í Genf við aðalsamningsaðilana, Bandaríkin, Efnahagsbandalagið og Bretland. Af hálfu Bandaríkjanna hafði fyrr m. a. verið boðin helmingslækkun tollsins á blokkfrystum fiski, sem er 1 sent pr. lb., og samsvarar það um 4—5% verðtolli. Í nóvemberlok bættu Bandaríkin tilboð sitt með því að bjóða niðurfellingu tollsins á blokkfrystum fiskflökum og frystum steinbít. Á hinn bóginn höfðu Bandaríkin undanþegið frystan fisk í neytendapökkum frá samningum í upphafi skv. einu ákvæði „Trade Expansion Act". Taldist þetta mjög veruleg takmörkun á afstöðu Bandaríkjanna, sem annars var jákvæð í okkar garð og hjálpaði óefað til hvað aðra viðsemjendur snerti.

Tilboð Efnahagsbandalagsins á sjávarafurðum, sem lagt var fram í ágúst 1966, var næsta lítilfjörlegt. Boðin var lækkun tolls á síldar- og fiskimjöli úr 4% í 2%. Boðin var hækkun á tollfrjálsum innflutningskvóta fyrir síld úr 32 000 tonnum í 46 000 tonn. Þessi kvóti, sem gilti fyrir Þýzkaland, hafði hins vegar verið 80 000—90 000 tonn árlega. Boðin var lækkun tolls á freðfiski úr 18% í 17%. Önnur tilboð bandalagsins skiptu Ísland litlu máli. Ekkert tilboð hafði komið frá Bretum.

Með tilliti til þess ákvað ríkisstjórn að vekja sérstaka athygli á stöðu mála hvað Ísland snerti. Var það gert með orðsendingu til samningsaðila í miðjum desember s. l. Var ofangreindu lýst og tekið fram, að tilboð Bandaríkjanna eitt gæti talizt hafa þýðingu fyrir Ísland, þótt takmarkað væri. Yrði ekki veruleg breyting á, mætti líta á Kennedy-viðræðurnar sem árangurslitlar fyrir Ísland og yrði þá tilboð okkar dregið að mestu leyti til baka.

Næstu þrjá mánuðina voru sjónarmið Íslands þráfaldlega rædd á ný við aðalsamningsaðila, sem þá áttu í hörðum innbyrðis deilum um eigin hagsmunamál á hinum ýmsu sviðum iðnaðar og landbúnaðar. Þokaði málefnum Íslands ekki áfram að öðru leyti en því, að í apríl var gengið til bráðabirgða frá samningum við Bandaríkin. Af Íslands hálfu var því sjónarmiði haldið fram og á því fékkst viðurkenning, að af okkar hálfu gæti ekki verið um að ræða nema mjög takmarkað gagntilboð við Bandaríkin. Þó tilboð þeirra sjálfra hefði ákveðið gildi, væri það takmörkum háð, en Efnahagsbandalagið hefði lítið sem ekkert boðið og Bretar alls ekkert. Það, sem um samdist við Bandaríkin og greinilega var lágmarkskrafa af þeirra hálfu, voru aðallega lækkanir tolla á þurrkuðum ávöxtum, eplum, niðursoðnum spergli, ávöxtum, ávaxtasafa og maís, svo og binding núlltolla á kornvöru. Hið endanlega íslenzka tilboð nær til 236.0 millj. kr. innflutnings frá Bandaríkjunum miðað við 1965 eða 32% innflutningsins þaðan. Bandarísku tilboðin í Kennedy-viðræðunum nær til um 450 millj. kr. útflutnings frá Íslandi árið 1964 eða um ⅔ hans til Bandaríkjanna. Svo til allur annar útflutningur Íslands kemur undir fyrri GATT bindingar.

Auk þess að vera samningar innan Kennedy-viðræðnanna um aðild Íslands að GATT, ber þess að geta, að þessir tvíhliða samningar við Bandaríkin voru einnig gerðir í þeim tilgangi að láta hinar gagnkvæmu ívilnanir koma í stað tvíhliða tollabindingar Íslands og Bandaríkjanna samkvæmt viðskiptasamningnum frá árinu 1943.

Það var loks í maí s. l., að nokkuð bætt sjávarafurðatilboð var lagt fram af hálfu Efnahagsbandalagsins. Höfðu fulltrúar Íslands þá átt fjölmarga viðræðufundi við fulltrúa bandalagsins í Genf og sömuleiðis í Bruxelles og einnig í höfuðborgum sex-veldanna. Höfðu m. a. verið lagðar fram ýtarlegar skriflegar greinargerðir um viðskiptahagsmuni Íslands gagnvart bandalaginu. Var á það lögð áherzla, að aðalútflutningsvara Íslendinga, freðfiskur, hlyti að útilokast að meira eða minna leyti frá bandalagssvæðinu vegna hins háa sameiginlega tolls. Áframhaldandi tollkvóti fyrir ísfisk í Þýzkalandi væri skilyrði fyrir þeim útflutningi, sem væri íslenzkri togaraútgerð afar mikilvægur, en hún stæði nú höllum fæti. Þá var þess óskað með öðru, að tollfrjáls kvóti fyrir nýja og frysta síld væri aukinn, þannig að hann væri festur að stærð í samræmi við innflutningsþörfina og hinn gamli bundni tollkvóti fyrir saltfisk og skreið einnig aukinn til að mæta innflutningsþörfinni. Hvað síldina snerti, vantaði þarna mikið á, en fyrir saltfisk og skreið minna. Aðrar óskir snertu afurðir, sem minna máli skipta, s. s. súrsíld, niðurlögð grásleppuhrogn o. fl.

Seinni hluta vetrar var þess stöðugt vænzt, að Efnahagsbandalagið legði fram bætt tilboð, sem gengi a. m. k. eitthvað til móts við óskir okkar. Meðan það dróst á langinn, og fyrir því báru fulltrúar bandalagsins ýmsar ástæður, var því hreyft, að fyrri tollalækkanir og bindingar bandalagsins á sjávarafurðum gæfu því tilefni til gagnóska við Ísland. Á grundvelli talna fyrir árið 1964 var 97% útflutnings Íslands til sexveldanna vörur, sem bandalagið hafði samið um í GATT. Gegn þessu var af Íslands hálfu boðin binding núverandi tolla á 66 tollskrárnúmerum, og kennir þar ýmissa grasa og tollar mjög misjafnir.

Rétt fyrir miðjan maí tilkynnti Efnahagsbandalagið loks endurbót sjávarafurðatilboðsins. Var um að ræða takmarkaða lækkun tolls á ísfisk, þ. e. a. s. aðeins á karfa, skötu og grálúðu. Var boðin lækkun tollsins á karfa og grálúðu úr 15% í 8%. Tekið skal fram, að þessi lækkun á við hinn **fyrirhugaða** ytri toll bandalagsins, en hann kemur að fullu til framkvæmda þann 1. júlí 1968. Á ósöltuðum hrognum var boðin lækkun úr 14% í 10% og á salthrognum úr 15% í 11%. Loks var endanlega boðið á freðfiskflökum 15% í stað 17% fyrr og 18% upphaflega. Aðrar afurðir í þessu nýja tilboði hafa tiltölulega mjög lítla þýðingu fyrir Ísland.

Í viðræðunum við bandalagið um þessa endurbót, var íslenzka tilboðið bætt nokkuð, enda var það, eins og það lá fyrir, að sjálfsögðu sérstaklega miðað við bandaríska viðskiptahagsmuni. Ákvað ríkisstjórnin endanlega að bjóða lækkaða tolla á skrifstofuvélum í 84. kafla tollskrárinnar og bindingu á 18 tollum, sem lækkaðir hafa verið frá árinu 1964.

Rétt fyrir lok samninga aðalaðilanna, þ. e. þann 11. maí, gerðu Bretar loks tilboð um eina sjávarafurð. Var það lækkun tolls á síldarlýsi úr 10% í 5%. Þegar tvíhliða viðræður við Breta komust fyrir alvöru af stað árið 1966, var fljótlega gefið í skyn af þeirra hálfu, að tollar á ísuðum, frystum eða verkuðum fiski (3. Bruxelles-tollskrárkafli) yrðu ekki hreyfðir. Voru þeir hins vegar vongóðir um, að all gagnlegt tilboð mætti gera um aðrar afurðir, þ. e. einkum mjöl og lýsi, en aðalhagsmunamál Íslands í þeim efnum snertu fiskimjöl og síldarlýsi (síldarmjöl var þegar tollfrjálst).

Þessari afstöðu Breta var að sjálfsögðu mótmælt afdráttarlaust þráfaldlega við brezku sendinefndina í Genf, en einnig voru viðræður um málið við rétt stjórnarvöld í London. Allt kom það þó fyrir ekki, og var jafnvel útlit fyrir all lengi, að af hálfu Breta kæmi ekki einu sinni neitt tilboð hvað snerti mjöl og lýsi. Helmingslækkun tollsins á síldarlýsi, sem boðin var á elleftu stundu, er íslenzkum sjávarútvegi all verulegt hagsmunamál. Þessi tollur hefur verið felldur niður gagnvart bandalagsþjóðum Breta í EFTA. Hefur íslenzkt síldarlýsi staðið í þeim mun lægra verði, sem tollmismuninum nemur á brezka markaðnum. Árið 1965 nam útflutningur íslenzks síldarlýsis til Bretlands yfir 150 millj. kr. og árið 1966 nær

60 millj. kr. Helmingslækkun tollabyrðarinnar nemur því að meðaltali um 5 millj. kr. hvert árið.

Íslenzka tilboðið, eins og það lá fyrir endanlegt eftir samningana við Bandaríkin og Efnahagsbandalagið, náði til lækkana og bindinga um 130 tollskrárnúmera. Það tilboð náði þó aðeins til 100 millj. kr. innflutnings frá Bretlandi á grundvelli innflutningsins árið 1965. Í viðræðunum við Breta kom í ljós, að þeir álitu þetta ekki fullt gagnkvæmi, og ákvað ríkisstjórnin því að ganga að nokkru leyti til móts við óskir Breta um lækkun tolls á brauðvörum og kexi úr 100% í 80% og á karlmannaskóm sömuleiðis úr 100% í 80%. Svo sem við mátti búast var viðskiptalegt hagræði fyrir Breta vegna tollalækkunar í þessum vöruflokkum tiltölulega mikið.

Með samningum við Breta var tollasamningum Íslands í Kennedy-viðræðunum lokið. Allar tollalækkanir, sem boðnar voru, eru taldar upp í frumvarpi því til laga um tollabreytingar vegna samnings í sambandi við Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti, sem ríkisstjórnin hefur lagt fram. Hvort tveggja tekið saman, lækkanir og bindingar tolla námu 849 millj. kr. eða 14% innflutningsins 1965. Í frumvarpinu eru og talin tollnúmer þau, sem binding var boðin á. Miðað við óbreyttan innflutning ársins 1965 hefði tap tolltekna numið um 30 millj. kr., ef hinir umsömdu tollar hefðu þá verið komnir til framkvæmda.

Á grundvelli viðskipta undanfarinna ára virðist mega meta sjávarafurðatilboð Bandaríkjanna og Bretlands á u. þ. b. 25 millj. kr. Íslandi í hag í tollunarlækkun. Erfitt er að gefa tilboði Efnahagsbandalagsins slíkt talnalegt gildi. Tilboðið fyrir fiski- og síldarmjöl og freðfisk myndi lækka tollunina um nær 5 millj. kr. miðað við útflutninginn árið 1965. Önnur tilboð s. s. lækkun tolls á ísuðum karfa og hrognum hafa einnig gildi, þótt ekki sé þá miðað við núverandi aðstæður eða toll fyrri ára, heldur ytri toll Efnahagsbandalagsins settan. Þá er hin gamla binding núll-tolls á saltfiski og skreið á Ítalíu að sjálfsögðu mikilvæg trygging fyrir þeim viðskiptum. Í heild verður því að teljast, að niðurstaða Kennedy-viðræðnanna og gerð aðildarsamnings að GATT sé Íslandi viðskiptalegt hagræði.

Í þessu sambandi er vert að benda á, að svo til allir tollar á útfluttum sjávarafurðum okkar hjá aðalviðskiptaþjóðunum falla nú undir GATT-bindingar. Hugsanleg hækkun einhvers slíks tolls yrði því að þýða bót í lækkun einhvers annars sjávarafurðatolls, þar sem útflutningur okkar er nær einvörðungu slíkar afurðir. Eftir Kennedy-viðræðurnar og gerð aðildarsamnings að GATT er hins vegar mikill meiri hluti hins íslenzka tolls enn óbundinn. Ef um hækkun einhvers hinna bundnu tolla yrði að ræða, ætti að vera tiltölulega auðvelt að bjóða bót í formi lækkunar annarra tolla, þar sem ganga má út frá, að Ísland muni stefna að því í framtíðinni að endurskoða tollakerfið í heild í átt til lækkunar, svo sem aðstæður leyfa á hverjum tíma.

Aðildarsamningur Íslands að GATT, ásamt aðildarsamningum Argentínu, Írlands og Póllands, var staðfestur af GATT aðilunum, sem hluti niðurstaðna Kennedy-viðræðnanna þann 30. júní s. l. Samningurinn var undirritaður fyrir Íslands hönd þann 16. október s. l. Sú undirritun var háð staðfestingu Alþingis, en gildistaka verður 30 dögum eftir að GATT hefur verið tilkynnt, að sú staðfesting liggi fyrir. Samningana önnuðust fyrir Íslands hönd Þórhallur Ásgeirsson, ráðuneytisstjóri, og Einar Benediktsson, sendiráðunautur.

Fylgiskjal I.

HIÐ ALMENNA SAMKOMULAG UM TOLLA OG VIÐSKIPTI

Ríkisstjórnir samveldisins Ástralíu, konungsríkisins Belgíu, bandaríkja Brazilíu, Burma, Kanada, Ceylon, lýðveldisins Chile, lýðveldisins Kína, lýðveldisins Kúba, tékkneska lýðveldisins, franska lýðveldisins, Indlands, Líbanon, stórhertogadæmisins Lúxemborgar, konungsríkisins Hollands, Nýja Sjálands, konungsríkisins Noregs, Pakistan, Suður Rhodesíu, Sýrlands, Suður Afríku sambandsins, hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og Bandaríkja Ameríku:

Viðurkenna, að viðskiptaleg og efnahagsleg samskipti þeirra skuli hafa það að markmiði að bæta lífskjör, tryggja næga atvinnu og miklar, stöðugt vaxandi tekjur og raunverulega eftirspurn, sem nýti að fullu náttúrugæði heimsins og auki framleiðslu og vöruviðskipti.

Vilja stuðla að því, að þessum markmiðum sé náð með því að gera með sér gagnkvæma samninga öllum til hagsbóta, sem lækki verulega tolla og dragi úr öðrum viðskiptahömlum og afnemi mismunun í alþjóðaviðskiptum.

Hafa með fulltrúum sínum gert svofellt samkomulag:

FYRSTI HLUTI

1. gr.

Almenn beztu-kjara meðferð.

1. Sérhvert hagræði, fyrirgreiðsla, forréttindi eða undanþága, sem samningsaðili veitir vegna vöru, sem kemur frá eða fer til hvaða annars lands sem er, skal þá þegar og skilyrðislaust veitt samsvarandi vöru, sem kemur frá eða fer til landssvæða allra annarra samningsaðila. Þetta á við um tolla og hvers konar álögur, sem lagðar eru á eða í sambandi við

THE GENERAL AGREEMENT ON TARIFFS AND TRADE

The Governments of the Commonwealth of Australia, the Kingdom of Belgium, the United States of Brazil, Burma, Canada, Ceylon, the Republic of Chile, the Republic of China, the Republic of Cuba, the Czechoslovak Republic, the French Republic, India, Lebanon, the Grand-Duchy of Luxemburg, the Kingdom of the Netherlands, New Zealand, the Kingdom of Norway, Pakistan, Southern Rhodesia, Syria, the United Kingdom of South Africa, the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland, and the United States of America:

Recognizing that their relations in the field of trade and economic endeavour should be conducted with a view to raising standards of living, ensuring full employment and a large and steadily growing volume of real income and effective demand, developing the full use of the rescources of the world and expanding the production and exchange of goods.

Being desirous of contributing to these objectives by entering into reciprocal and mutually advantageous arrangements directed to the substantial reduction of tariffs and other barriers to trade and to the elimination of discriminatory treatment in international commerce,

Have through their Representatives agreed as follows:

PART I

Article I

General Most-Favoured-Nation Treatment.

1. With respect to customs duties and charges of any kind imposed on or in connection with importation or exportation or imposed on the international transfer of payments for imports or exports, and with respect to the method of levying such duties and charges, and with respect to all rules and formalities in connection with importation and ex-

innflutning eða útflutning, eða í sambandi við færslu greiðslna milli landa fyrir innflutning eða útflutning og aðferðir þær, sem beitt er við álagningu slíkra tolla og gjalda. Enn fremur á þetta við um allar reglur og fyrirmæli í sambandi við innflutning og útflutning og um öll þau atriði, sem vísað er til í 2. og 4. málsgr. 3. greinar.

2. Ákvæði 1. málsgr. þessarar greinar þurfa ekki að leiða til afnáms neinna þeirra sérréttinda um tolla eða gjöld, sem talin eru upp hér að neðan, þegar þau sérréttindi eru ekki umfram það, sem kveðið er á um í 4. málsgr. þessarar greinar.

a) Sérréttindi, sem einvörðungu eru í gildi milli tveggja eða fleiri þeirra landssvæða, sem talin eru upp í viðauka A, og eru í samræmi við skilyrði þau, sem þar er að finna.

b) Sérréttindi, sem einvörðungu eru í gildi milli tveggja eða fleiri þeirra landssvæða, sem tengd voru, þann 1. júlí 1939, með sameiginlegu fullveldi eða með sambandi, sem náði til verndar eða yfirráða, og sem talin eru upp í viðauka B, C og D, og eru í samræmi við skilyrði þau, sem þar er að finna.

c) Sérréttindi, sem einvörðungu eru í gildi milli Bandaríkja Ameríku og lýðveldisins Kúbu.

d) Sérréttindi, sem einvörðungu eru í gildi milli grannríkja þeirra, sem talin eru upp í viðaukum E og F.

3. Ákvæði 1. málsgr. skulu ekki ná til sérréttinda milli ríkja, sem fyrrum voru hluti tyrkneska keisaradæmisins og voru aðskilin þann 24. júlí 1923, svo fremi slíkar ívilnanir séu heimilar samkvæmt ákvæðum 5. málsgr. a-liðs í 25. grein, sem skal beitt í þessu tilviki með tilliti til ákvæða 1. málsgr. 29. greinar.

4. Takmörk sérréttinda fyrir vöru, sem leyfð eru sérréttindi fyrir samkvæmt 2. málsgr. þessarar greinar, en sem ekki er tekið sérstaklega fram um, að sé hámark sérréttinda í þar að lútandi lista með þessum samningi, skulu ekki vera umfram það, sem hér segir:

a) Þegar um er að ræða tolla eða álögur á vöru, sem tilgreind er á slíkum

portation, and with respect to all matters referred to in paragraphs 2 and 4 of Article III, any advantage, favour, privilege or immunity granted by any contracting party to any product originating in or destined for any other country shall be accorded immediately and unconditionally to the like product originating in or destined for the territories of all other contracting parties.

2. The provisions of paragraph 1 of this Article shall not require the elemination of any preferences in respect of import duties or charges which do not exceed the levels provided for in paragraph 4 of this Article and which fall within the following descriptions:

a) preferences in force exclusively between two or more of the territories listed in Annex A, subject to the conditions set forth therein;

b) preferences in force exclusively between two or more territories which on July 1, 1939, were connected by common sovereignty or relations of protection or suzerainty and which are listed in Annexes B, C and D, subject to the conditions set forth therein;

c) preferences in force exclusively between the United States of America and the Republic of Cuba;

d) preferences in force exclusively between neighbouring countries listed in Annexes E and F.

3. The provisions of paragraph 1 shall not apply to preferences between the countries formerly a part of the Ottoman Empire and detached from it on July 24, 1923, provided such preferences are approved under sub-paragraph 5 a) of Article XXV, which shall be applied in this respect in the light of paragraph 1 of Article XXIX.

4. The margin of preference on any product in respect of which a preference is permitted under paragraph 2 of this Article but is not specifically set forth as a maximum margin of preference in the appropriate Schedule annexed to this Agreement shall not exceed:

a) in respect of duties or charges on any product described in such Schedule,

lista, skal það vera mismunurinn á þeim beztu-kjara tolli og sérréttindatolli, sem þar er tilgreindur. Ef enginn sérréttindatollur er tilgreindur, skal sá tollur, sem í gildi var þann 10. apríl 1947, skoðaður sem sérréttindatollur, vegna ákvæða þessarar málsgreinar. Ef enginn beztu-kjaratollur er tilgreindur, skulu takmörkin ekki vera umfram þann mismun, sem var milli beztu-kjara og sérréttinda tollanna þann 10. apríl 1947.

b) Þegar um er að ræða tolla eða álögur á vöru, sem ekki er tilgreind í viðkomandi lista, skal það vera mismunurinn á beztu-kjara og sérréttinda tollum, sem í gildi voru þann 10. apríl 1947.

Fyrir þá samningsaðila, sem tilgreindir eru í viðauka G, skal í stað dagsetningarinnar 10. apríl 1947, sem vísað er til í a- og b-liðum í þessari málsgrein, setja þær dagsetningar, sem getið er í viðaukanum.

2. gr.

Listar tollaívilnana.

1. a) Sérhver samningsaðili skal veita öðrum samningsaðilum viðskiptakjör, sem ekki eru lakari en þau, sem gert er ráð fyrir í viðkomandi listum með samningi þessum.

b) Vörur, sem tilgreindar eru í 1. hluta listans, en hann tekur til sérhvers lands, og framleiddar eru á landssvæðum annarra samningsaðila, skulu við innflutning til landssvæðisins, sem listi tekur til, vera undanþegnar venjulegum tollum umfram það, sem þar er tekið fram, og samkvæmt þeim skilmálum og skilyrðum, sem tilgreind eru í þeim lista. Þessar vörur skulu einnig undanþegnar öllum öðrum tollum og hvers kyns gjöldum, sem lögð kunna að vera á eða í sambandi við innflutning, umfram það, sem lagt er á, á þeim degi, þegar samningur þessi var gerður eða þá tolla og gjöld, sem skylt er að leggja á síðar vegna laga, sem í gildi voru á innflutningssvæðinu á þeim degi.

c) Vörur, sem tilgreindar eru í 2. hluta listans, en hann tekur til sérhvers lands, og eru framleiddar á landssvæðum, sem samkvæmt 1. gr. hljóta sérréttindi við

the difference between the most-favoured-nation and preferential rates provided for therein; if no preferential rate is provided for, the preferential rate shall for the purposes of this paragraph be taken to be that in force on April 10, 1947, and, if no most-favoured-nation rate is provided for the margin shall not exceed the difference between the most-favoured-nation and preferential rates existing on April 10, 1947;

b) in respect of duties or charges on any product not described in the appropriate Schedule, the difference between the most-favoured- nation and preferential rates existing on April 10, 1947.

In the case of the contracting parties named in Annex G, the date of April 10, 1947, referred to in sub-paragraphs a) and b) of this paragraph shall be replaced by the respective dates set forth in that Annex.

Article II

Schedules of Conncessions.

1. a) Each contracting party shall accord to the commerce of the other contracting parties treatment no less favourable than that provided for in the appropriate Part of the appropriate Schedule annexed to this Agreement.

b) The products described in Part I of the Schedule relating to any contracting party, which are the products of territories of other contracting parties, shall, on their importation into the territory to which the Schedule relates, and subject to the terms, conditions or qualifications set forth in that Schedule, be exempt from ordinary customs duties in excess of those set forth and provided for therein. Such products shall also be exempt from all other duties or charges of any kind imposed on or in connection with importation in excess of those imposed on the date of this Agreement or those directly and mandatorily required to be imposed thereafter by legislation in force in the importing territory on that date.

c) The products described in Part II of the Schedule relating to any contracting party which are the products of territories entitled under Article I to re-

innflutning til landssvæðis, sem listinn nær til, skulu, við innflutning til þess landssvæðis, vera undanþegnar venjulegum tollum umfram það, sem tekið er fram og gert ráð fyrir í 2. hluta þess lista, og samkvæmt skilmálum og skilyrðum, sem tilgreind eru í þeim lista. Vörur þessar skulu ennfremur undanþegnar hvers kyns öðrum tollum og álögum, sem lagðar eru á innflutning eða í sambandi við hann umfram þær, sem álagðar voru, þegar samningur þessi var gerður eða þær, sem skylt var að leggja á síðar samkvæmt lögum, sem í gildi voru á innflutningssvæðinu á þeim degi. Ákvæði þessarar greinar skulu á engan hátt hefta neinn samningsaðila í að viðhalda skilyrðum þess að flytja inn vörur með sérréttindatollum, ef þau skilyrði voru í gildi á þeim degi, er samningur þessi var gerður.

2. Ákvæði þessarar greinar skulu þó á engan hátt hefta neinn samningsaðila í að leggja á hvaða vöru sem er og hvenær sem er við innflutning hennar:

a) Gjald samsvarandi gjaldi, sem lagt er á heima fyrir, í samræmi við ákvæði 2. málsgr. 3. greinar, á hliðstæða innlenda framleiðslu eða vöru, sem hin innflutta vara er að nokkru eða öllu leyti framleidd úr.

b) Hvaða undirboðs- eða jöfnunartoll sem er í samræmi við ákvæði 6. gr.

c) Gjöld eða aðrar álögur, sem samsvara kostnaði við veitta þjónustu.

3. Enginn samningsaðila skal breyta þeim reglum, sem beitt er við ákvörðun tollverðmætis eða skiptingu gjaldmiðils í annan, þannig að slíkt dragi úr ívilnunum þeim, sem veittar eru samkvæmt viðeigandi vörulistum við samning þennan.

4. Ef samningsaðili setur á fót, heldur áfram rekstri á, eða leyfir rekstur einkasölu í innflutningi, hvort heldur er formlega eða í reynd með einhverja þá vöru, sem tiltekin er í þar að lútandi listum með samningi þessum, þá skal einkasalan ekki haga starfsemi sinni þannig, að vernd sé veitt umfram þá meðalvernd, sem gert er ráð fyrir í listanum, nema

ceive preferential treatment upon importation into the territory to which the Schedule relates shall, on their importation into such territory, and subject to the terms, conditions or qualifications set forth in that Schedule, be exempt from ordinary customs duties in excess of those set forth and provided for in Part II of that Schedule. Such products shall also be exempt from all other duties or charges of any kind imposed on or in connection with importation in excess of those imposed on the date of this Agreement or those directly and mandatorily required to be imposed thereafter by legislation in force in the importing territory on that date. Nothing in this Article shall prevent any contracting party from maintaining its requirements existing on the date of this Agreement as to the eligibility of goods for entry at preferential rates of duty.

2. Nothing in this Article shall prevent any contracting party from imposing at any time on the importation of any product:

a) a charge equivalent to an internal tax imposed consistently with the provisions of paragraph 2 of Article III in respect of the like domestic product or in respect of an article from which the imported product has been manufactured or produced in whole or in part;

b) any anti-dumping or countervailing duty applied consistently with the provisions of Article VI;

c) fees or other charges commensurate with the cost of services rendered.

3. No contracting party shall alter its method of determining dutiable value or of converting currencies so as to impair the value of any of the concessions provided for in the appropriate Schedule annexed to this Agreement.

4. If any contracting party establishes, maintains or authorizes, formally or in effect, a monopoly of the importation of any product described in the appropriate schedule annexed to this Agreement, such monopoly shall not, except as provided for in that Schedule or as otherwise agreed between the parties which initially negotiated the concession, operate so as

því aðeins að gert sé ráð fyrir því í listanum eða á annan hátt hafi náðst um það samkomulag milli þeirra aðila, sem upphaflega sömdu um ívilnunina. Ákvæði þessarar málsgreinar skulu ekki takmarka heimild samningsaðila til hvers kyns aðstoðar við innlenda framleiðendur, sem leyfð er með öðrum ákvæðum samnings þessa.

5. Áliti samningsaðili, að af hálfu annars samningsaðila hljóti vara ekki þau kjör, sem hinn fyrrnefndi hyggur að hafi verið fyrirhuguð með ívilnun, sem gert er ráð fyrir í viðeigandi lista með samningi þessum, skal hann bera málið beint upp við hinn samningsaðilann. Fallist hinn síðarnefndi á, að það hafi verið fyrirætlun sín að veita vörunni þau kjör, sem álitið var að veitt væru af hinum fyrst nefnda samningsaðila, en lýsir því yfir, að ógjörlegt sé að veita slík kjör, vegna þess að dómstóll eða önnur hlutaðeigandi yfirvöld hafi úrskurðað, að viðkomandi vöru hafi ekki mátt flokka samkvæmt tollalöggjöf viðkomandi lands, þannig að leyfð væri sú veiting kjara, sem fyrirhuguð er með samningi þessum, skulu hinir tveir samningsaðilar, ásamt hverjum þeim öðrum samningsaðilum, sem verulegra hagsmuna hafa að gæta, hefja samninga hið fyrsta með það fyrir augum, að málið sé leyst með bótum.

6. a) Vörumagnstollar og -álögur, sem taldar eru upp í listanum fyrir þá samningsaðila, sem aðild eiga að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, og takmörk sérréttinda á vörumagnstollum og -gjöldum þessara samningsaðila, eru tilgreind í viðkomandi mynt á því skrásetta gengi, sem viðurkennt er eða bráðabirgðaviðurkenning hefur fengizt á hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum þann dag, sem samningur þessi var gerður. Sé nú skrásett gengi fellt í samræmi við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um meira en tuttugu af hundraði, má breyta slíkum vörumagnstollum og -álögum og takmörkum sérréttinda, þannig að tillit sé tekið til gengisfallsins. Forsenda þessa er þó, að Samningsaðilar (þ. e. a. s. sameiginleg aðgerð samningsaðila, svo sem gert er ráð fyrir í 25. gr.) séu sammála um, að slíkar breytingar dragi ekki úr gildi sérréttinda,

to afford protection on the average in excess of the amount of protection provided for in that Schedule. The provisions of this paragraph shall not limit the use by contracting parties of any form of assistance to domestic producers permitted by other provisions of this Agreement.

5. If any contracting party considers that a product is not receiving from another contracting party the treatment which the first contracting party believes to have been contemplated by a consession provided for in the appropriate Schedule annexed to this Agreement, it shall bring the matter directly to the attention of the other contracting party. If the latter agrees that the treatment contemplated was that claimed by the first contracting party, but declares that such treatment cannot be accorded because a court or other proper authority has ruled to the effect that the product involved cannot be classified under the tariff laws of such contracting party so as to permit the treatment contemplated in this Agreement, the two contracting parties, together with any other contracting parties substantially interested, shall enter promptly into further negotiations with a view to a compensatory adjustment of the matter.

6. a) The specific duties and charges included in the Schedules relating to contracting parties members of the International Monetary Fund, and margins of preference in specific duties and charges maintained by such contracting parties, are expressed in the appropriate currency at the par value accepted or provisionally recognized by the Fund at the date of this Agreement. Accordingly, in case this par value is reduced consistently with the Articles of Agreement of the International Monetary Fund by more than twenty per centum, such specific duties and charges and margins of preference may be adjusted to take account of such reduction; Provided that the CONTRACTING PARTIES (i. e., the contracting parties acting jointly as provided for in Article XXV) concur that such adjustments will not impair the

sem gert er ráð fyrir í viðeigandi listum eða annars staðar í samningnum, enda hafi fullt tillit verið tekið til allra atriða, sem áhrif geta haft á nauðsyn eða hraða slíkra breytinga.

b) Samsvarandi ákvæði skulu gilda um alla samningsaðila, sem ekki eiga aðild að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, frá þeim degi, sem þeir samningsaðilar gerast aðilar að gjaldeyrissjóðnum eða gera við hann sérstakan samning samkvæmt 15. gr.

7. Listarnir með samningi þessum eru hér með gerðir óaðskiljanlegur hluti fyrsta hluta samningsins.

value of the concessions provided for in the appropriate Schedule or elsewhere in this Agreement, due account being taken of all factors which may influence the need for, or urgency of, such adjustments.

b) Similar provisions shall apply to any contracting party not a member of the Fund, as from the date on which such contracting party becomes a member of the Fund or enteres into a special exchange agreement in pursuance of Article XV.

7. The Schedules annexed to this Agreement are hereby made an integral part of Part I of this Agreement.

ANNAR HLUTI

3. gr.

Jafnréttiskjör við eigin borgara, að því er varðar innlenda skattlagningu og reglugerðir.

1. Samningsaðilar viðurkenna, að innlendir skattar og aðrar innlendar álögur skuli ekki lagðar þannig á innfluttar vörur eða innlenda framleiðslu, að vernd sé veitt innlendu framleiðslunni. Þetta á einnig við um lög, reglugerðir og fyrirmæli um innlenda sölu, sölutilboð, kaup, flutning, dreifingu eða notkun vöru, svo og innlendar reglugerðir um magn við blöndun, vinnslu eða notkun ákveðins magns eða hlutfalls vöru.

2. Á framleiðsluvörur sérhvers samningsaðila, sem fluttar eru til landssvæðis annars samningsaðila, skal ekki, hvorki beint né óbeint, leggja hærri innlenda skatta eða aðrar innlendar álögur umfram það, sem beint eða óbeint er lagt á samsvarandi innlenda framleiðslu. Ennfremur skal enginn samningsaðila leggja innlenda skatta eða aðrar innlendar álögur á innfluttar vörur eða innlenda framleiðslu á nokkurn hátt gagnstætt þeirri meginreglu, sem sett er fram í 1. málsgr.

3. Þegar um er að ræða innlendan skatt, sem er í ósamræmi við ákvæði 2. málsgr., en sérstaklega heimilaður samkvæmt viðskiptasamningi í gildi þann 10. apríl 1947, þar sem innflutningstollurinn

PART II

Article III

National Treatment on Internal Taxation and Regulation.

1. The contracting parties recognize that internal taxes and other internal charges, and laws, regulations and requirements affecting the internal sale, offering for sale, purchase, transportation, distribution or use of products, and internal quantitative regulations requiring the mixture, processing or use of products in specified amounts or proportions, should not be applied to imported or domestic products so as to afford protection to domestic production.

2. The products of the territory of any contracting party imported into the territory of any other contracting party shall not be subject, directly or indirectly, to internal taxes or other internal charges of any kind in excess of those applied, directly or indirectly, to like domestic products. Moreover, no contracting party shall otherwise apply internal taxes or other internal charges to imported or domestic products in a manner contrary to the principles set forth in paragraph 1.

3. With respect to any existing internal tax which is inconsistent with the provisions of paragraph 2, but which is specifically authorized under a trade agreement, in force on April 10, 1947, in

á hinni skattlögðu vöru var bundinn, skal samningsaðila þeim, sem leggur á skattinn, frjálst að fresta framkvæmd ákvæða 2. málsgr. að því er slíkan skatt varðar, þar til samningsaðilinn hefur verið leystur frá kvöðum slíks viðskiptasamnings og þar með leyfð hækkun viðkomandi tolls að því marki, sem nauðsynlegt er, til að bæta upp afnám þess hluta skattsins, sem fól í sér vernd.

4. Þegar framleiðsluvörur hvers eins samningsaðila eru fluttar til annars samningsaðila, skulu þeim ekki veitt lakari kjör en samsvarandi vörum af innlendum uppruna, að því er varðar öll lög, reglugerðir og fyrirmæli varðandi innlenda sölu, sölutilboð, kaup, flutning, dreifingu eða notkun vöru. Ákvæði þessarar málsgreinar skulu ekki hindra notkun mismunandi innlendra flutningsgjalda, sem einvörðungu miðast við hagkvæman rekstur flutningstækja og ekki við uppruna vörunnar.

5. Enginn samningsaðili skal koma á eða viðhalda neins konar innlendum reglugerðum um magn við blöndun, vinnslu eða notkun ákveðins magns eða hlutfalls, sem beint eða óbeint mæla fyrir um, að fyrirfram ákveðið magn eða hlutfall vöru, sem reglugerðin nær til, skuli vera af innlendum uppruna. Enn fremur skal enginn samningsaðili beita innlendum reglugerðum varðandi magn á þann hátt, að gagnstætt sé ákvæðum 1. málsgr.

6. Ákvæði 5. málsgr. skulu ekki ná til innlendra reglugerða um magn, sem voru í gildi á landssvæði samningsaðila þann 1. júlí 1939, þann 10. apríl 1947 eða þann 24. marz 1948, að eigin vali viðkomandi samningsaðila. Þetta á þó aðeins við, að hverri reglugerð, sem í ósamræmi er við ákvæði 5. málsgr., sé ekki breytt innflutningi til tjóns og, að hún hljóti sömu meðferð og tollar í samningaviðræðum.

7. Engin innlend reglugerð um blöndun, vinnslu eða notkun ákveðins magns eða hlutfalls vöru skal framkvæmd þann-

which the import duty on the taxed product is bound against increase, the contracting party imposing the tax shall be free to postpone the application of the provisions of paragraph 2 to such tax until such time as it can obtain release from the obligations of such trade agreement in order to permit the increase of such duty to the extent necessary to compensate for the elimination of the protective element of the tax.

4. The products of the territory of any contracting party imported into the territory of any other contracting party shall be accorded treatment no less favourable than that accorded to like products of national origin in respect of all laws, regulations and requirements affecting their internal sale, offering for sale, purchase, transportation, distribution or use. The provisions of this paragraph shall not prevent the applications of differential internal transportation charges which are based exclusively on the economic operation of the means of transport and not on the nationality of the product.

5. No contracting party shall establish or maintain any internal quantitative regulation relating to the mixture, processing or use of products in specified amounts or proportions which requires, directly or indirectly, that any specified amount or proportion of any product which is the supbject of the regulation must be supplied from domestic cources. Moreover, no contracting party shall otherwise apply internal quantitative regulations in a manner contrary to the principles set forth in paragraph 1.

6. The provisions of paragraph 5 shall not apply to any internal quantitative regulation in force in the territory of any contracting party on July 1, 1939, April 10, 1947, or March 2, 1948, at the option of that contracting party; Provided that any such regulation which is contrary to the provisions of paragraph 5 shall not be modified to the detriment of imports and shall be treated as a customs duty for the purpose of negotiation.

7. No internal quantitative regulation relating to the mixture, processing or use of products in specified amounts or

ig, að nokkru slíku magni eða hlutfalli sé úthlutað erlendum seljendum.

8. a) Ákvæði þessarar greinar taka ekki til laga, reglugerða eða fyrirmæla um kaup vöru á vegum ríkisstofnana til notkunar í þágu hins opinbera, enda sé varan ekki ætluð til endursölu á viðskiptagrundvelli eða með það fyrir augum að hún sé notuð til framleiðslu á varningi, sem ætlaður sé til almennrar sölu.

b) Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hindra, að greiddir séu styrkir einvörðungu til innlendra framleiðenda. Þar með teljast styrkir greiddir innlendum framleiðendum, þegar fjárins er aflað með tekjum af innlendum sköttum og álögum, sem lagðar eru á í samræmi við ákvæði þessarar greinar svo og styrkir, sem veittir eru með kaupum opinberra aðila á innlendri framleiðslu.

9. Samningsaðilar viðurkenna, að innlend ákvæði um hámarksverðlag séu í samræmi við önnur ákvæði þessarar greinar, enda þótt þau geti verið til skaða hagsmunum aðildarríkja, sem selja vörur til innflutnings. Í samræmi við þetta skulu samningsaðilar, sem slíkum aðgerðum beita, taka tillit til hagsmuna þeirra samningsaðila, sem út flytja með það fyrir augum að koma í veg fyrir slík skaðleg áhrif eins og framast er unnt.

10. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hindra neinn samningsaðila í að koma á eða viðhalda innlendum magntakmörkunum vegna framkallaðra kvikmynda, enda séu skilyrði 4. greinar uppfyllt.

4. gr.

Sérákvæði varðandi kvikmyndir.

Ef samningsaðili kemur á eða viðheldur innlendum magntakmörkunum fyrir framkallaðar kvikmyndir, skulu slíkar takmarkanir vera sýningarkvótar, er uppfylli eftirtalin skilyrði:

a) Sýningarkvótar geta kveðið á um sýningu innlendra kvikmynda, sem ákveðið lágmarkshlutfall alls sýningar-

proportions shall be applied in such a manner as to allocate any such amount or proportion among external sources of supply.

8. a) The provisions of this Article shall not apply to laws, regulations or requirements governing the procurement by governmental agencies of products purchased for gorvernmental purposes and not with a view to commercial resale or with a view to use in the production of goods for commercial sale.

b) The provisions of this Article shall not prevent the payment of subsidies exclusively to domestic producers, including payments to domestic producers derived from the proceeds of internal taxes or charges applied consistently with the provisions of this Article and subsidies effected through governmental purchases of domestic products.

9. The contracting parties recognize that internal maximum price control measures, even though conforming to the other provisions of this Article, can have effects prejudicial to the interests of contracting parties supplying imported products. Accordingly, contracting parties applying such measures shall take account of the interests of exporting contracting parties with a view to avoiding to the fullest practicable extent such prejudicial effects.

10. The provisions of this Article shall not prevent any contracting party from establishing or maintaining internal quantitative regulations relating to exposed cinematograph films and meeting the requirements of Article IV.

Article IV

Special Provisions relating to Cinematograph Films.

3. The contracting parties recognize finally that with those additional facilities which are provided for in Sections

séu ákvæði samningsins fullnægjandi til að mæta þeim kröfum, sem samningsaðilar gera, undir eðlilegum kringumstæðum vegna efnahagslegrar framþróunar sinnar. Þeir eru, engu að síður, ásáttir um, að þær kringumstæður geti verið, að engar aðgerðir í samræmi við þessi ákvæði eigi við til að gera samningsaðila, sem er á efnahagslegu þróunarskeiði, það kleift að veita þá opinberu aðstoð, sem þarf til stofnunar ákveðinna iðngreina, sem hafi það að markmiði að bæta lífskjör þjóðarinnar almennt. Í C og D köflum þessarar greinar er að finna sérreglur, sem gilda í þeim tilvikum.

4. a) Samningsaðila, sem af efnahagslegum ástæðum getur aðeins veitt þegnum sínum lág lífskjör og sem er á frumstigum þróunar, skal af þessum ástæðum frjálst að víkja um stundarsakir frá ákvæðum annarra greina þessa samnings í samræmi við A, B og C kafla þessarar greinar.

b) Samningsaðili, sem er á efnahagslegu þróunarskeiði, en sem ákvæði aliðs hér að ofan ná ekki til, getur lagt fram umsókn til Samningsaðila samkvæmt D-kafla þessarar greinar.

5. Samningsaðilar viðurkenna, að útflutningstekjur samningsaðila, sem efnahagslega svo er ástatt um, sem lýst er í a- og b-lið 4. málsgr. og sem eru háðir útflutningi fárra hráefna, geti minnkað alvarlega vegna minni sölu slíkra vara. Þegar útflutningur hráefna slíks samningsaðila verður fyrir alvarlegum áhrifum vegna aðgerða annars samningsaðila, getur hann, af þessum sökum, þurft að nota heimild til viðræðna samkvæmt 22. grein þessa samnings.

6. Samningsaðilar skulu framkvæma árlegar athuganir á öllum þeim úrræðum, sem gripið hefur verið til samkvæmt C og D kafla þessarar greinar.

Kafli A.

7. a) Ef samningsaðili, sem ákvæði aliðs 4. málsgr. þessarar greinar ná til, álítur æskilegt, með það fyrir augum að

A and B of this Article, the provisions of this Agreement would normally be sufficient to enable contracting parties to meet the requirements of their economic development. They agree, however, that there may be circumstances where no measure consistent with those provisions is practicable to permit a contracting party in the process of economic development to grant the governmental assistance required to promote the establishment of particular industries with a view to raising the general standard of living of its people. Special procedures are laid down in Sections C and D of this Article to deal with those cases.

4. a) Consequently, a contracting party the economy of which can only support low standars of living and is in the early stages of development shall be free to deviate temporarily from the provisions of the other Articles of this Agreement, as provided in Sections A, B and C of this Article.

b) A contracting party the economy of which is in the process of development but which does not come within the scope of sub-paragraph a) above, may submit applications to the CONTRACTING PARTIES under Section D of this Article.

5. The contracting parties recognize that the export earnings of contracting parties the economies of which are of the type described in paragraph 4 a) and b) above, and which depend on exports of a small number of primary commodities may be seriously reduced by a deline in the sale of such commodities. Accordingly, when the export of primary commodities by such a contracting party are seriously affected by measures taken by another contracting party, it may have resort to the consultation provisions of Article XXII of this Agreement.

6. The CONTRACTING PARTIES shall review annually all measures applied pursuant to the provisions of Sections C and D of this Article.

Section A

7. a) If a contracting party coming within the scope of paragraph 4 a) of this Article considers it desirable, in order to

stuðla að stofnun sérstakrar iðngreinar til að bæta lífskjör þjóðar sinnar, að breyta eða fella niður ívilnun, sem veitt er samkvæmt hlutaðeigandi tollalista, sem aukið er við samning þennan, skal hann tilkynna Samningsaðilum það og hefja viðræður við hvern þann samningsaðila, sem í byrjun hafði verið samið við um ívilnunina, og við hvern þann annan samningsaðila, sem Samningsaðilar ákveða að hafi verulegra hagsmuna að gæta í þessu efni. Ef samningar takast milli hlutaðeigandi samningsaðila, skal þeim frjálst að breyta eða fella niður ívilnanir í viðeigandi tollalistum þessa samnings til framkvæmdar slíku samkomulagi, þar með taldar hverjar þær bætur, sem um væri að ræða.

b) Ef samkomulag næst ekki innan 60 daga frá því að tilkynning var gefin samkvæmt a-lið hér að ofan, getur samningsaðili, sem hyggst breyta eða fella niður ívilnun, lagt málið fyrir Samningsaðila, sem þá þegar skulu taka það til athugunar. Ef niðurstaða þeirra er sú, að samningsaðili sá, sem hyggst breyta eða fella niður ívilnun, hefur gert allt í sínu valdi til að ná samkomulagi og að bætur boðnar af honum eru fullnægjandi, skal samningsaðilanum frjálst að breyta eða fella niður ívilnunina, ef bæturnar koma til framkvæmda samtímis. Ef Samningsaðilar komast að þeirri niðurstöðu, að bætur samningsaðila sem fyrirhugar að breyta eða fella niður ívilnun, séu ekki nægar, en komast að þeirri niðurstöðu, að hann hafi gert allt það, sem sanngjarnt má telja, til að bjóða nægar bætur, skal samningsaðilanum frjálst að framkvæma slíka breytingu eða niðurfella ívilnunina. Ef til slíkra aðgerða er gripið, skal hverjum öðrum þeim samningsaðila, sem getið er í a-liðnum hér að ofan, frjálst að breyta eða fella niður ívilnanir, sem að verulegu leyti samsvara þeim ívilnunum, sem í byrjun var samið um við þann samningsaðila, sem til aðgerðanna greip.

Kafli B.

8. Samningsaðilar viðurkenna, að samningsaðilar, sem ákvæði a-liðs 4. promote the establishment of a particular industry with a view to raising the general standard of living of its people, to modify or withdraw a concession included in the appropriate Schedule annexed to this Agreement, it shall notify the CONTRACTING PARTIES to this effect and enter into negotiations with any contracting party with which such concession was initially negotiated, and with any other contracting party determined by the CONTRACTING PARTIES to have a substantial interest therein. If agreement is reached between such contracting parties concerned, they shall be free to modify or withdraw concessions under the appropriate Schedules to this Agreement in order to give effect to such agreement, including any compensatory adjustments involved.

b) If agreement is not reached within sixty days after the notification provided for in sub-paragraph a) above, the contracting party which proposes to modify or withdraw the concession may refer the matter to the CONTRACTING PARTIES, which shall promptly examine it. If they find that the contracting party which proposes to modify or withdraw the concession has made every effort to reach an agreement and that the compensatory adjustment offered by it is adequate, that contracting party shall be free to modify or withdraw the concession if at the same time, it gives effect to the compensatory adjustment. If the CONTRACTING PARTIES do not find that the compensation offered by a contracting party proposing to modify or withdraw the concession is adequate, but find that it has made every reasonable effort to offer adequate compensation, that contracting party shall be free to proceed with such modification or withdrawal. If such action is taken, any other contracting party referred to in sub-paragraph a) above shall be free to modify or withdraw substantially equivalent concessions initially negotiated with the contracting party which has taken the action.

Section B

8. The contracting parties recognize that contracting parties coming within

málsgreinar þessarar greinar ná til, sem séu í örri efnahagslegri framþróun, hafi tilhneigingu til greiðsluerfiðleika vegna tilrauna til að stækka innanlandsmarkaði sína og eins vegna óstöðugra viðskiptakjara við útlönd.

9. Samningsaðili, sem ákvæði a-liðs 4. málsgreinar þessarar greinar ná til, getur í samræmi við ákvæði 10. og 12. málsgreina, haft stjórn á innflutningnum almennt með því að takmarka magn eða verðmæti vara þeirra, sem leyft er að flutt sé inn, með höftum, í þeim tilgangi að varðveita hina ytri efnahagslegu stöðu og tryggja þann gjaldeyrisforða, sem er nauðsynlegur til að framkvæma efnahagsáætlanir. Þetta er háð því skilyrði, að innflutningshöft, sem sett eru, viðhaldið eða aukin, séu ekki umfram það, sem er nauðsynlegt:

a) til að koma í veg fyrir hættu á alvarlegu tapi gjaldeyrisforða, eða til þess að stöðva slíkt tap.

b) til að ná viðunanlegri aukningu gjaldeyrisforða samningsaðila, ef sá forði er ónógur.

Í báðum tilvikum skal taka viðeigandi tillit til hverra þeirra séraðstæðna, sem áhrif kunna að hafa á gjaldeyrisforða samningsaðila eða nauðsyn hans á gjaldeyrisforða, þar með talin — þegar sérstök erlend lán og aðrir fjármunir eru fáanleg — nauðsyn þess að sjá um rétta notkun slíkra lána og fjármuna.

10. Þegar höftum þessum er beitt, getur samningsaðili ákveðið að hve miklu leyti þau snerta innflutning ýmissa vara eða vöruflokka, á þann hátt, að forréttindi séu veitt innflutningi þeirra vara, sem nauðsynlegri eru en aðrar með tilliti til stefnunnar um efnahagslega framþróun. Þetta er þó háð því skilyrði, að höftum sé þannig beitt, að forðazt sé nauðsynjalaust tjón á viðskiptalegum eða efnahagslegum hagsmunum annarra samningsaðila, og að ekki sé um að ræða, að takmarkaður sé á ósanngjarnan hátt innflutningur einhverrar ákveðinnar vörutegundar, þannig að ókleift sé að flytja hana inn í því lágmarks viðskiptamagni, sem þarf til að viðhalda ótruflaðum viðskiptaháttum. Þetta er enn

the scope of paragraph 4 a) of this Article tend, when they are in rapid process of development, to experience balance of payments difficulties arising mainly fram efforts to expand their internal markets as well as from the instability in their terms of trade.

9. In order to safeguard its external financial position and to ensure a level of reserves adequate for the implementation of its programme of economic development, a contracting party coming within the scope of paragraph 4 a) of this Article may, subject to the provisions of paragraph 10 to 12, control the general level of its imports by restricting the quantity or value of merchandise permitted to be imported; Provided that the import restrictions instituted, maintained or intensified shall not exceed those necessary:

a) to forestall the threat of, or to stop, a serious decline in its monetary reserves, or

b) in the case of a contracting party with inadequate monetary reserves to achieve a reasonable rate of increase in its reserves.

Due regard shall be paid in either case to any special factors which may be affecting the reserves of the contracting party or its need for reserves including, where special external credits or other resources are available to it, the need to provide for the appropriate use of such credits or resources.

10. In applying these restrictions, the contracting party may determine their incidence on imports of different products or classes of products in such a way as to give priority to the importation of those products which are more essential in the light of its policy of economic deevelopment; Provided that the resctrictions are so applied as to avoid unnecessary damage to the commercial or economic interest of any other contracting party and not to prevent unreasonably the importation of any description of goods in minimum commercial quantities the exclusion of which would impair regular channels of trade; and Provided further that the restrictions are not so applied as to prevent the im-

fremur háð því skilyrði, að höftum sé ekki þannig beitt, að komið sé í veg fyrir innflutning vörusýnishorna eða komið í veg fyrir, að haldin séu ákvæði um einkaleyfi, vörumerki, útgáfurétt eða annað því um líkt.

11. Samningsaðili, sem um ræðir, skal, við framkvæmd stefnu sinnar í þjóðmálum, taka viðhlítandi tillit til nauðsynjar þess að koma á jafnvægi í greiðslujöfnuði sínum á traustum og varanlegum grundvelli og til þess, að æskilegt er, að framleiðsluþættir séu nýttir á hagkvæman hátt. Eftir því sem aðstæður batna, skal samningsaðili jafnt og þétt létta af þeim höftum, sem beitt er samkvæmt þessum kafla, og viðhalda þeim einungis að svo miklu leyti, sem nauðsynlegt er, vegna ákvæða 9. málsgreinar þessarar greinar og nema þau brott, þegar ríkjandi aðstæður réttlæta ekki lengur, að þeim sé viðhaldið. Þetta þýðir þó ekki, að þess sé krafizt af samningsaðila, að hann afnemi eða breyti höftum vegna þess, að breyting á stefnu í efnahagslegri framþróun geri ónauðsynleg höft, sem beitt er samkvæmt þessum kafla.

12. a) Samningsaðili, sem setur ný viðskiptahöft eða eykur þau höft, sem fyrir eru, með því að herða verulega á aðgerðum, sem gripið hefur verið til samkvæmt þessum kafla, skal strax eftir að slík höft hafa verið sett eða aukin (eða áður en það er gert, þegar hægt er að koma við samráði fyrirfram) eiga viðræður við Samningsaðila um eðli greiðsluvandamála sinna, þau önnur úrræði til umbóta, sem tiltæk eru, og hugsanleg áhrif haftanna á efnahag annarra samningsaðila.

b) Á degi, sem þeir ákveða, skulu Samningsaðilar gera athugun á öllum höftum, sem þá er enn beitt, samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Að liðnum tveim árum frá þeim degi, skulu samningsaðilar, sem innflutningshöftum beita samkvæmt þessum kafla, hefja viðræður við Samningsaðila á þann hátt, sem ráð er fyrir gert í a-lið þessarar málsgreinar, með um það bil, en þó ekki skemmra millibili en tveggja ára, samkvæmt starfsáætlun, sem gerð er árportation of commercial samples or to prevent compliance with patent, trademark, copyright or similar procedures.

11. In carrying out its domestic policies, the contracting party concerned shall pay due regard to the need for restoring equilibrium in its balance of payments on a sound and lasting basis and to the desirability of assuring an economic employment of productive resources. It shall progressively relax any restrictions applied under this Section as conditions improve, maintaining them only to the extent necessary under the terms of paragraph 9 of this Article and shall eliminate them when conditions no longer justify such maintenance; Provided that no cotracting party shall be required to withdraw or modify restrictions on the ground that a change in its development policy would render unnecessary the restrictions which it is applying under this Section.

12. a) Any contracting party applying new restrictions or raising the general level of its existing restrictions by a substantial intensification of the measures applied under this Section, shall immediately after instituting or intensifying such restrictions (or, in circumstances in which prior consultation is practicable, before doing so) consult with the CONTRACTING PARTIES as to the nature of its balance of payments difficulties, alternative corrective measures which may be available, and the possible effect of the restrictions on the economies of other contracting parties.

b) On a date to be determined by them, the CONTRACTING PARTIES shall review all restrictions still applied under this Section on that date. Beginning two years after that date, contracting parties applying restrictions under this Section shall enter into consultations of the type provided for in sub-paragraph a) above with the CONTRACTING PARTIES at intervals of approximately, but not less than, two years according to a programme to be drawn up each year by

lega af Samningsaðilum. Þetta er þó háð því skilyrði, að engar viðræður samkvæmt ákvæðum þessarar greinar fari fram innan tveggja ára frá því, að lokið var almennum viðræðum samkvæmt öðrum ákvæðum þessarar málsgreinar.

c) i) Ef viðræður samningsaðila samkvæmt a-lið eða b-lið þessarar málsgreinar, leiða til þess, að Samningsaðilar komast að þeirri niðurstöðu, að höftin séu ekki í samræmi við ákvæði þessa kafla eða við ákvæði 13. gr. (með tilliti til ákvæða 14. gr.) skulu þeir skýra frá hvers eðlis ósamræmið sé, og geta þeir gert tillögur um, á hvern hátt viðeigandi breytingar verði gerðar á höftunum.

ii) Ef Samningsaðilar ákveða samkvæmt niðurstöðu viðræðna, að höftum sé beitt á þann hátt, að þau brjóti alvarlega í bága við ákvæði þessa kafla eða ákvæði 13. gr. (með tilliti til ákvæða 14. gr.) og að það valdi eða skapi hættu á viðskiptalegu tjóni fyrir samningsaðila, skulu þeir gefa samningsaðila þeim. sem höftunum beitir, það til kynna og gefa viðeigandi ráð um á hvern hátt ákvæðunum skuli hlýtt innan ákveðins tíma. Ef sá samningsaðili hlýðir ekki ráðleggingunum innan ákveðins tíma, geta Samningsaðilar leyst hvern þann samningsaðila, sem hefur orðið fyrir óhagstæðum viðskiptalegum áhrifum vegna haftanna, frá þeim kvöðum, sem á honum hvíla, samkvæmt þessum samningi, gagnvart þeim samningsaðila, sem höftunum beitir, eftir því sem þeir álíta að henti hverju sinni.

d) Að boði Samningsaðila skal samningsaðili, sem höftum beitir samkvæmt þessum kafla, hefja viðræður við þá að ósk samningsaðila, sem sýnt getur fram á, að höftin séu í ósamræmi við ákvæði þessa kafla eða ákvæði 13. greinar (með tilliti til ákvæða 14. gr.) og að viðskipti hafi af þessum sökum orðið fyrir óhagstæðum áhrifum. Ekkert slíkt boð skal gera nema því aðeins, að Samningsaðilar hafi fullkannað, að beinar viðræður hlutaðeigandi samningsaðila hafi ekki borið árangur.

the CONTRACTING PARTIES; Provided that no consultation under this sub-paragraph shall take place within two years after the conclusion of a consultation of a general nature under any other provision of this paragraph.

c) i) If, in the course of consultations with a contracting party under sub-paragraph a) or b) of this paragraph, the CONTRACTING PARTIES find that the restrictions are not consistent with the provisions of this Section or vith those of Article XIII (subject to the provisions of Article XIV), they shall indicate the nature of the inconsistency and may advise that the restrictions be suitably modified.

ii) If, however, as a result of the consultations, the CONTRACTING PARTIES determine that the restrictions are being applied in a manner involving an inconsistency of a serious nature with the provisions of this Section or with those of Article XIII (subject to the provisions of Article XIV) and that damage to the trade of any contracting party is caused or threatened thereby, they shall so inform the contracing pary applying the restrictions and shall make appropriate recommendations for securing conformity with such provisions within a specified period. If such contracting party does not comply with these recommendations within the specified period, the CONTRACTING PARTIES may release any contracting party the trade of which is adversely affected by the restrictions from such obligations under this Agreemen toward the contracting party applying the restrictions as they determine to be appropriate in the circumstances.

d) The CONTRACTING PARTIES shall invite any contracting party which is applying restrictions under this Section to enter into consultations with them at the request of any contracting party which can establish a prima facie case that the restrictions are inconsistent with the provisions of this Section or with those of Article XIII (subject to the provisions of Article XIV) and that its trade is adversely affected thereby. However, no such invitation shall be issued unless the CONTRACTING PART-

Ef ekkert samkomulag næst eftir viðræður við Samningsaðila og þeir ákveða, að höftunum sé beitt í ósamræmi við slík ákvæði og að það valdi eða skapi hættu á viðskiptalegu tjóni fyrir þann samningsaðila, sem málið hóf, skulu þeir mæla með því, að höftin séu felld niður eða þeim breytt. Ef höftin eru ekki felld niður eða þeim breytt innan þess tíma, sem Samningsaðilar kunna að ákveða, geta þeir leyst samningsaðila þann, sem málið hóf, frá slíkum kvöðum, samkvæmt samningi þessum, gagnvart samningsaðila þeim, sem höftunum beitir, eftir því, sem þeir álíta að henti hverju sinni.

e) Ef samningsaðili, sem gripið hefur verið til aðgerða gegn samkvæmt síðustu setningu c-liðs (ii) eða d-liðs þessarar málsgreinar, kemst að þeirri niðurstöðu, að sú lausn undan kvöðum, sem Samningsaðilar hafa leyft, hafi óhagstæð áhrif á framkvæmd áætlana og stefnu hans til efnahagslegrar framþróunar, skal honum frjálst, ekki síðar en 60 dögum eftir að til slíkra aðgerða hefur verið gripið, að gefa framkvæmdastjóra Samningsaðila skriflega yfirlýsingu um það, að hann hyggist segja upp samningi þessum. Uppsögnin skal koma til framkvæmda á sextugasta degi frá því, að framkvæmdastjórinn fékk skriflega yfirlýsingu um það.

f) Þegar ákvæðum þessarar málsgreinar er framfylgt, skulu Samningsaðilar taka viðeigandi tillit til þeirra atriða, sem nefnd eru í 2. málgsr. þessarar greinar. Ákvarðanir samkvæmt þessari málsgrein skal taka skjótt og, ef mögulegt er, innan 60 daga frá því að viðræður hófust.

IES have ascertained that direct discussions between the contracting parties concerned have not been successful. If, as a result of the consultations with the CONTRACTING PARTIES no agreement is reached and they determine that the restrictions are being applied inconsistently with such provisions, and that damage to the trade of the contracting party initiating the procedure is caused or threatened thereby, they shall recommend the withdrawal or modification of the restrictions. If the restrictions are not withdrawn or modified within such time as the CONTRACTING PARTIES may prescribe, they may release the contracting party initiating the procedure from such obligations under this Agreement towards the contracting party applying the restrictions as they determine to be appropriate in the circumstances.

e) If a contracting party against which action has been taken in accordance with the last sentence of sub-paragraph c) ii) or d) of this paragraph, finds that the release of obligations authorized by the CONTRACTING PARTIES adversely affects the operation of its programme and policy of economic development, it shall be free, not later than sixty days after such action is taken, to give written notice to the Executive Secretary to the CONTRACTING PARTIES of its intention to withdraw from this Agreement and such withdrawal shall take effect on the sixtieth day following the day on which the notice is received by him.

f) In proceeding under this paragraph, the CONTRACTING PARTIES shall have due regard to the factors referred to in paragraph 2 of this Article. Determinations under this paragraph shall be rendered expeditiously and, if possible, within sixty days of the initiation of the consultations.

Kafli C.

13. Ef samningsaðili, sem ákvæði a-liðs 4. málsgreinar þessarar greinar ná til, kemst að þeirri niðurstöðu, að opinber aðstoð sé nauðsynleg til að stuðla að stofnun sérstakrar iðngreinar með það

Section C

13. If a contracting party coming within the scope of paragraph 4 a) of this Article finds that governmental assistance is required to promote the establishment of a particular industry with

fyrir augum að bæta lífskjör þjóðar sinnar almennt, en að engar aðgerðir, sem eru í samræmi við önnur ákvæði þessa samnings, henta því markmiði, má hann styðjast við ákvæði þau og reglur, sem er að finna í þessum kafla.

14. Viðkomandi samningsaðili skal tilkynna Samningsaðilum þá sérstöku erfiðleika, sem hann verður fyrir við að ná marki því, sem lýst er í stórum dráttum í 13. málsgr. þessarar greinar, og skal hann gefa til kynna þær sérstöku aðgerðir varðandi innflutning, sem hann hefur í hyggju að grípa til, til að yfirstíga þá erfiðleika. Ekki skal hann grípa til aðgerða fyrr en útrunninn er tímafrestur sá, sem gerður er í 15. og 17. málsgr., eftir því sem við á, eða, ef aðgerðirnar snerta innflutning vöru, sem ívilnun hefur verið veitt á, samkvæmt viðeigandi tollalista með þessum samningi, nema hann hafi fengið samþykki Samningsaðila í samræmi við ákvæði 18. málsgreinar. Þó getur samningsaðili, ef iðngreinin, sem styrks nýtur, hefur þegar hafið framleiðslu, og eftir að hafa tilkynnt það Samningsaðilum, gripið til slíkra aðgerða sem nauðsynlegar eru til að koma í veg fyrir, að innflutningur viðkomandi vöru eða vara aukist verulega umfram það, sem eðlilegt er á hinu tilgreinda tímabili.

15. Ef Samningsaðilar æskja þess ekki, innan 30 daga frá því að aðgerðirnar voru tilkynntar, að viðkomandi samningsaðili eigi viðræður við þá, skal samningsaðilanum frjálst að víkja frá viðeigandi ákvæðum annarra greina samnings þessa, að svo miklu leyti, sem nauðsynlegt er, vegna hinna fyrirhuguðu ráðstafana.

16. Ef Samningsaðilar æskja, skal viðkomandi samningsaðili ræða við þá um tilgang hinna fyrirhuguðu aðgerða, um aðrar hugsanlegar aðgerðir, sem grípa mætti til samkvæmt samningi þessum, og um væntanleg áhrif hinna fyrirhuguðu aðgerða á viðskiptalega og efnahagslega hagsmuni annarra samningsaðila. Ef Samningsaðilar fallast á eftir slíkar viðræður, að engar aðgerðir,

a view to raising the general standard of living of its people, but that no measure consistent with the other provisions of this Agreement is practicable to achieve that objective, it may have recourse to the provisions and procedures set out in this Section.

14. The contracting party concerned shall notify the CONTRACTING PARTIES of the special difficulties which it meets in the achievement of the objective outlined in paragraph 13 of this Article and shall indicate the specific measure affecting imports which it proposes to introduce in order to remedy these difficulties. It shall not introduce that measure before the expiration of the time-limit laid down in paragraph 15 or 17, as the case may be, or if the measure affects imports of a product which is the subject of a concession included in the appropriate Schedule annexed to this Agreement, unless it has secured the concurrence of the CONTRACTING PARTIES in accordance with the provisions of paragraph 18; Provided that, if the industry receiving assistance has already started production, the contracting party may, after informing the CONTRACTING PARTIES, take such measures as may be necessary to prevent, during that period, imports of the product or products concerned from increasing substantially above a normal level.

15. If, within thirty days of the notification of the measure, the CONTRACTING PARTIES do not request the contracting party concerned to consult with them, that contracting party shall be free to deviate from the relevant provisions of the other Articles of this Agreement to the extent necessary to apply the proposed measure.

16. If it is requested by the CONTRACTING PARTIES to do so, the contracting party concerned shall consult with them as to the purpose of the proposed measure, as to alternative measures which may be available under this Agreement, and as to the possible effect of the measure proposed on the commercial and economic interests of other contracting parties. If, as a result of such

samrýmanlegar öðrum ákvæðum samnings þessa, séu tiltækar til að ná takmörkum þeim, sem getið er í 13. málsgrein þessarar greinar, og fallast á hinar fyrirhuguðu aðgerðir, skal viðkomandi samningsaðili vera laus frá skuldbindingum sínum samkvæmt viðeigandi ákvæðum annarra greina þessa samnings, að svo miklu leyti, sem nauðsynlegt er, til að framkvæma þær aðgerðir.

17. Ef Samningsaðilar hafa ekki gefið samþykki sitt fyrir slíkum ráðstöfunum innan 90 daga frá því að tilkynnt var um ráðstafanirnar samkvæmt 14. málsgr. þessarar greinar, getur viðkomandi samningsaðili gripið til ráðstafananna, eftir að hafa tilkynnt það Samningsaðilum.

18. Ef hinar fyrirhuguðu aðgerðir snerta vöru, sem ívilnun hefur verið veitt á í viðeigandi tollalista með þessum samningi, skal viðkomandi samningsaðili hefja viðræður við hverja þá aðra samningsaðila, sem upphaflega var samið við um ívilnunina, og við hverja þá aðra samningsaðila, sem Samningsaðilar ákveða að hafi verulegra hagsmuna að gæta. Samningsaðilar skulu fallast á aðgerðirnar, ef þeir eru ásáttir um, að engar aðgerðir samrýmanlegar öðrum ákvæðum samningsins séu tiltækar til að ná takmörkum þeim, sem er getið í 13. málsgrein þessarar greinar, og ef þeir eru ásáttir um:

a) að samkomulag hafi náðst við aðra samningsaðila með viðræðum þeim, sem skírskotað er til að ofan, eða

b) ef ekkert slíkt samkomulag hefur náðst innan 60 daga frá því, að tilkynning sú, sem ráð er fyrir gert í 14. málsgr., barst Samningsaðilum, að samningsaðili sá, sem hagnýtti sér ákvæði þessa kafla, hafi gert allt, sem sanngjarnt getur talizt, til að ná samkomulagi og að hagsmuna annarra samningsaðila hafi verið nægilega vel gætt.

Samningsaðilinn, sem hagnýtti sér ákvæði þessa kafla, skal þar með frjáls

consultation, the CONTRACTING PARTIES agree that there is no measure consistent with the other provisions of this Agreement which is practicable in order to achieve the objective outlined in paragraph 13 of this Article, and concur in the proposed measure, the contracting party concerned shall be released from its obligations under the relevant provisions of the other Articles of this Agreement to the extent necessary to apply that measure.

17. If, within ninety days after the date of the notification of the proposed measure under paragraph 14 of this Article, the CONTRACTING PARTIES have not concurred in such measure, the contracting party concerned may introduce the measure proposed after informing the CONTRACTING PARTIES.

18. If the proposed measure affects a product which is the subject of a consession included in the appropriate Schedule annexed to this Agreement, the contracting party concerned shall enter into consultations with any other contracting party with æhich the concession was initially negotiated, and with any other contracting party determined by the CONTRACTING PARTIES to have a substantial interest therein. The CONTRACTING PARTIES shall concur in the measure if they agree that there is no measure consistent with the other provisions of this Agreement, which is practicable in order to achieve the objective set forth in paragraph 13 of this Article, and if they are satisfied:

a) that agreement has been reached with such other contracting parties as a result of the consultations referred to above, or

b) if no such agreement has been reached within sixty days after the notification provided for in paragraph 14 has been received by the CONTRACTING PARTIES, that the constracting party having recourse to this Section has made all reasonable efforts to reach an agreement and that the interests of other contracting parties are adequately safeguarded.

The contracting party having recourse to this Section shall thereupon be releas-

frá kvöðum sínum samkvæmt ákvæðum annarra greina þessa samnings, að svo miklu leyti, sem nauðsynlegt er, til að hann geti framkvæmt aðgerðirnar.

19. Ef fyrirhugaðar aðgerðir af því tagi, sem lýst er í 13. málsgr. þessarar greinar, snerta iðngrein, sem auðveldað hefur verið að stofna á byrjunarskeiðinu með höftum, sem ekki höfðu verndartilgang, en voru sett af viðkomandi samningsaðila vegna greiðslujafnaðarins, í samræmi við þar að lútandi ákvæði þessa samnings, getur sá samningsaðili hagnýtt sér ákvæði og reglur þessa kafla. Þetta er þó háð því skilyrði, að hann framkvæmi ekki hinar fyrirhuguðu aðgerðir án samþykkis Samningsaðila.

20. Ekkert það, sem er í málsgreinum þessarar greinar hér að framan, skal leyfa neitt frávik frá ákvæðum 1., 2. og 12. gr. þessa samnings. Ákvæði 10. málsgr. þessarar gr. skulu einnig taka til allra hafta samkvæmt þessari gr.

21. Ef aðgerðir eru framkvæmdar samkvæmt 17. málsgr. þessarar greinar, getur samningsaðili, sem fyrir verulegum áhrifum verður af þeim sökum, hvenær sem er frestað framkvæmd ívilnana, sem nokkurn veginn hafa gagnkvæmt gildi, og annarra kvaða samkvæmt þessum samningi, varðandi viðskipti þess samningsaðila, sem hagnýtti sér ákvæði þessarar greinar, svo fremi Samningsaðilar séu því ekki mótfallnir. Þetta er þó háð því skilyrði, að Samningsaðilum sé tilkynnt frestunin með 60 daga fyrirvara ekki síðar en 6 mánuðum eftir að til aðgerðanna var gripið eða þeim breytt verulega til tjóns þeim samningsaðila, sem fyrir varð. Sérhver slíkur samningsaðili skal veita næg tækifæri til viðræðna í samræmi við ákvæði 22. gr. þessa samnings.

Kafli D.

22. Samningsaðili, sem ákvæði b-liðs 4. málsgr. þessarar gr. ná til og sem æskir þess að grípa til aðgerða af því tagi, sem lýst er í 13. málsgr. þessarar greinar, til að koma á fót ákveðinni iðngrein, í þeim tilgangi að stuðla að efnahagslegri framþróun, getur æskt samþykkis Samningsed from its obligations under the relevant provisions of the other Articles of this Agreement to the extent necessary to permit it to apply the measure.

19. If a proposed measure of the type described in paragraph 13 of this Article concerns an industry the establishment of which has in the initial period been facilitated by incidental protection afforded by restrictions imposed by the contracting party concerned for balance of payments purposes under the relevant provisions of this Agreement, that contracting party may resort to the provisions and procedures of this Section; Provided that it shall not apply the proposed measure without the concurrance of the CONTRACTING PARTIES.

20. Nothing in the preceding paragraphs of this Section shall authorize any deviation from the provisions of Articles I, II and XIII of this agreement. The provisos to paragraph 10 of this Article shall also be applicable to any restriction under this Section.

21. At any time while a measure is being applied under paragrph 17 of this Article any contracting party substantially affected by it may suspend the application to the trade of the contracting party having recourse to this Section of such substantially equivalent concessions or other obligations under this Agreement the suspension of which the CONTRACTING PARTIES do not disapprove; Provided that sixty days notice of such suspension is given to the CONTRACTING PARTIES not later than six months after the measure has been introduced or changed substantially to the detriment of the contracting party affected. Any such contracting party shall afford adequate opportunity for consultation in accordance with the provisions of Article XXII of this Agreement.

Section D.

22. A contracting party coming within the scope of sub-paragraph 4 b) of this Article desiring, in the interest of the development of its economy, to introduce a measure of the type described in paragraph 13 of this Article in respect of the establishment of a particular in-

aðila fyrir slíkum aðgerðum. Samningsaðilar skulu strax eiga viðræður við samningsaðilann og skulu taka ákvörðun sína í samræmi við ákvæði 16. málsgr. Ef Samningsaðilar fallast á hinar fyrirhuguðu aðgerðir, skal viðkomandi samningsaðili leystur undan kvöðum sínum samkvæmt öðrum viðeigandi greinum þessa samnings, að svo miklu leyti, sem nauðsynlegt er til að framkvæma aðgerðirnar. Ef hinar fyrirhuguðu aðgerðir snerta vöru, sem ívilnun hefur verið veitt á samkvæmt viðeigandi tollalista með þessum samningi, skulu ákvæði 18. málsgr. gilda.

23. Allar aðgerðir samkvæmt þessum kafla skulu vera í samræmi við ákvæði 20. málsgr. þessarar greinar.

dustry may apply to the CONTRACTING PARTIES for approval of such measure. The CONTRACTING PARTIES shall promptly consult with such contracting party and shall, in making their decision, be guided by the considerations set out in paragraph 16. If the CONTRACTING PARTIES concur in the proposed measures the contracting party concerned shall be released from its obligations under the relevant provisions of the other Articles of this Agreement to the extent necessary to permit it to apply the measure. If the proposed measure affects a product which is the subject of a concession included in the appropriate Schedule annexed to this Agreement, the provisions of paragraph 18 shall apply.

23. Any measure applied under this Section shall comply with the provisions of paragraph 20 of this Article.

19. gr.

Neyðarráðstafanir vegna innflutnings einstakra vara.

1. a) Ef vara er flutt til landssvæðis samningsaðila, vegna ófyrirséðrar þróunar og vegna þeirra kvaða, þar með taldar tollaívilnanir, sem samningsaðili hefur tekið á sig með samningi þessum, í slíku auknu magni og undir slíkum skilyrðum, að það orsaki eða valdi hættu á alvarlegum skaða fyrir innlenda framleiðendur landssvæðisins á líkri vöru, eða vöru, sem innflutta varan beint keppir við, skal samningsaðilanum frjálst, að svo miklu leyti og svo lengi, sem nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir eða bæta úr slíkum skaða, að fresta framkvæmd kvaðar vegna slíkrar vöru, að öllu eða nokkru leyti, eða draga til baka eða breyta ívilnun.

b) Ef vara, sem ívilnun hefur verið veitt á, flyzt til landssvæðis samningsaðila, undir þeim kringumstæðum, sem getið er í a-lið þessarar málsgreinar, þannig að það orsaki eða valdi hættu á alvarlegum skaða fyrir innlenda framleiðendur á líkri vöru, eða vöru, sem innflutta varan beint keppir við, á landssvæði samningsaðila, sem er eða var aðnjótandi slíkrar ívilnunar, skal þeim samningsaðila, sem inn flytur — ef hinn

Article XIX

Emergency Action on Imports of Particular Products.

1. a) If, as a result of unforeseen developments and of the effect of the obligations incurred by a contracting party under this Agreement, including tariff concessions, any product is being imported into the territory of that contracting party in such increased quantities and under such conditions as to cause or threaten serious injury to domestic producers in that territory of like or directly competitive products, the contracting party shall be free, in respect of such product, and to the extent and for such time as may be necessary to prevent or remedy such injury, to suspend the obligation in whole or in part or to withdraw or modify the concession.

b) If any product which is the subject of a concession with respect to a preference, is being imported into the territory of a contracting party in the circumstances set forth in sub-paragraph a) of this paragraph, so as to cause or threaten serious injury to domestic producers of like or directly competitive products in the territory of a contracting party which receives or received such preference, the importing contracting

samningsaðilinn æskir þess — vera frjáls að fella niður þær kvaðir, sem um er að ræða, að öllu eða nokkru leyti eða draga til baka eða breyta ívilnun á vöru, að svo miklu leyti og svo lengi, sem nauðsynlegt er, til að koma í veg fyrir eða bæta slíkan skaða.

2. Áður en samningsaðili grípur til aðgerða samkvæmt ákvæðum 1. málsgr. þessarar greinar, skal hann tilkynna það Samningsaðilum skriflega, eins fljótt fyrirfram og auðið er, og veita Samningsaðilum og þeim samningsaðilum, sem verulegra hagsmuna hafa að gæta sem útflytjendur viðkomandi vöru, tækifæri til viðræðna vegna hinna fyrirhuguðu aðgerða. þegar til slíkra aðgerða er gripið vegna veittrar ívilnunar, skal í yfirlýsingunni tekið fram, hvaða samningsaðili hafi farið fram á aðgerðirnar. Ef um varhugavert ástand er að ræða, og töf myndi orsaka tjón, sem erfitt yrði að bæta, má grípa til bráðabirgðaráðstafana samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar, án þess að viðræður séu haldnar fyrirfram, svo fremi sem viðræður fari fram þá þegar eftir að til ráðstafananna hefur verið gripið.

3. a) Ef samkomulag næst ekki milli þeirra samningsaðila, sem hagsmuna hafa að gæta, um aðgerðirnar, skal samningsaðila þeim, sem fyrirhyggur eða halda vill áfram aðgerðum, frjálst að gera þær. Ef slíkar aðgerðir hafa verið hafnar eða þeim haldið áfram, skal samningsaðilum þeim, sem fyrir áhrifum verða, frjálst, ekki síðar en 90 dögum eftir að til aðgerðanna var gripið, og 30 dögum eftir að Samningsaðilar fengu um það skriflega tilkynningu, að undanþiggja viðskipti samningsaðila, sem til slíkra aðgerða hefur gripið eða — samkvæmt því, sem gert er ráð fyrir í b-lið 1. málsgr. þessarar greinar — að undanþiggja viðskipti samningsaðila, sem hefur æskt slíkra aðgerða, slíkum mótsvarandi gagnívilnunum eða öðrum kvöðum, sem á hvíla samkvæmt samningi þessum og sem Samningsaðilar neita ekki að samþykkja.

b) Þegar til aðgerða er gripið án fyrirfram viðræðna samkvæmt 2. málsgr. þessarar greinar og það orsakar eða

party shall be free, if that other contracting party so requests, to suspend the relevant obligation in whole or in part or to withdraw or modify the concession in respect of the product, to the extent and for such time as may be necessary to prevent or remedy such injury.

2. Before any contracting party shall take action pursuant to the provisions of paragraph 1 of this Article, it shall give notice in writing to the CONTRACTING PARTIES as far in advance as may be practicable and shall afford the CONTRACTING PARTIES and those contracting parties having a substantial interest as exporters of the product concerned an opportunity to consult with it in respect of the proposed action. When such notice is given in relation to a concession with respect to a preference, the notice shall name the contracting party which has requested the action. In critical circumstances, where delay would cause damage which it would be difficult to repair, action under paragraph 1 of this Article may be taken provisionally without prior consultation, on the condition that consultation shall be effected immediately after taking such action.

3. a) If agreement among the interested contracting parties with respect to the action is not reached, the contracting party which proposes to take or continue the action shall, nevertheless, be free to do so, and if such action is taken or continued, the affected constracting parties shall then bee free, not later than ninety days after such action is taken, to suspend, upon the expiration of thirty days from the day on which written notice of such suspension is received by the CONTRACTING PARTIES, the application to the trade of the contracting party taking such action, or, in the case envisaged in paragraph 1 b) of this Article, to the trade of the contracting party requesting such action, of such substantially equivalent concessions or other obligations under this Agreement the suspension of which the CONTRACTING PARTIES do not disapprove.

b) Notwithstanding the provisions of sub-paragraph a) of this paragraph, where action is taken under paragraph

skapar alvarlega hættu á tjóni fyrir innlenda framleiðendur á landssvæði samningsaðilanna á vörum, sem verða fyrir áhrifum af aðgerðunum, og þegar töf myndi orsaka tjón, sem erfitt yrði að bæta, skal samningsaðilum, þrátt fyrir ákvæði a-liðs þessarar málsgr., frjálst að draga til baka þær ívilnanir eða aðrar kvaðir, sem nauðsynlegt kann að vera til að koma í veg fyrir eða bæta úr tjóninu. Þetta frelsi nær frá þeim tíma, þegar til aðgerðanna var gripið, og þar til viðræðum lýkur.

20. gr.

Almennar undanþágur.

Ekkert í samningi þessum skal svo skilið, að það komi í veg fyrir, að gripið sé til og framkvæmdar eftirtaldar aðgerðir af samningsaðilunum, svo fremi slíkar aðgerðir séu ekki framkvæmdar á þann hátt, að þær séu óréttlát og óréttlætanleg mismunun milli landa, þar sem sömu aðstæður ríkja, og séu hulin höft á alþjóðlegum viðskiptum:

a) Aðgerðir, sem nauðsynlegar eru vegna almenns siðferðis;

b) Aðgerðir, sem nauðsynlegar eru til verndar lífi eða heilsu manna, dýra eða jurta;

c) Aðgerðir, sem snerta innflutning eða útflutning gulls eða silfurs;

d) Aðgerðir, sem nauðsynlegar eru til að tryggja, að lögum og reglugerðum, sem ekki eru í ósamræmi við ákvæði þessa samnings, sé hlýtt, þar með talin þau lög og reglugerðir um framkvæmd tollamála, framkvæmd einkasala, samkvæmt 4. málsgr. 2. gr. og 17. gr., vernd einkaleyfa, vörumerkja og höfundarréttar og að fyrirbyggðir séu sviksamlegir viðskiptahættir;

e) Aðgerðir, sem snerta framleiðslu gerða af föngum;

f) Aðgerðir, sem gripið er til til verndar þjóðarverðmætum, sem hafa listrænt, sögulegt eða fornleifalegt gildi;

g) Aðgerðir til að tryggja, að ekki sé eytt upp auðlindum, sem til þurrðar geta gengið, ef slíkar aðgerðir eru framkvæmdar með höftum á innlendri framleiðslu eða neyzlu;

h) Aðgerðir, sem gripið er til vegna

2 of this Article without prior consultation and causes or threatens serious injury in the territory of a contracting party to the domestic producers of products affected by the action, that contracting party shall, where delay would cause damage difficult to repair, be free to suspend, upon the taking of the action and throughout the period of consultation, such concessions or other obligations as may be necessary to prevent or remedy the injury.

Article XX

General Exceptions.

Subject to the requirement that such measures are not applied in a manner which would constitute a means of arbitrary or unjustifiable discrimination between countries where the same conditions prevail, or a disguised restriction on international trade, nothing in this Agreement shall be construed to prevent the adoption or enforcement by any contracting party of measures:

a) necessary to protect public morals;

b) necessary to protect human, animal or plant life or health;

c) relating to the importation or exportation of gold or silver;

d) necessary to secure compliance with laws or regulations which are not inconsistent with the provisions of this Agreement, including those relating to customs enforcement, the enforcement of monopolies operated under paragraph 4 of Article II and Article XVII, the protection of patents, trade marks and copyrights, and the prevention of deceptive practices;

e) relating to the products of prison labour;

f) imposed for the protection of national treasures of artistic, historic or archæological value;

g) relating to the conservation of exhaustible natural resources if such measures are made effective in conjunction with restrictions on domestic production or consumption;

h) undertaken in pursuance of obliga-

kvaða alþjóðasamnings um vörur, enda sé hann í samræmi við skilyrði, sem lögð eru fyrir Samningsaðila og sem þeir hafa ekki verið á móti, eða samningurinn hafi sjálfur á þann hátt verið lagður fyrir og ekki mótmælt;

i) Aðgerðir, sem í sér fela höft á útflutningi innlendra hráefna, sem nauðsynleg eru til að tryggja nægt magn slíkra efna fyrir vinnsluiðnað heima fyrir á tímum þegar verðinu á slíkum efnum á innlenda markaðinum er haldið fyrir neðan heimsmarkaðsverð, sem lið í opinberum jafnvægisaðgerðum. Þetta er þó háð því skilyrði, að slíkum höftum sé ekki þannig beitt, að útflutningur aukist eða vernd sé veitt innlenda iðnaðinum og ekki sé vikið frá ákvæðum þessa samnings gegn mismunun;

j) Aðgerðir, sem nauðsynlegar eru til að tryggja öflun eða dreifingu á vörum, sem á er almennur eða staðbundinn skortur. Þetta er þó háð því skilyrði, að slíkar aðgerðir séu í samræmi við þá reglu, að öllum samningsaðilum beri jafn hlutur í alheimsframboði slíkra vara og að sérhverjar þær aðgerðir, sem eru í ósamræmi við önnur ákvæði þessa samnings, skuli afnumin svo fljótt, sem aðstæðurnar, sem ollu þeim, eru ekki lengur fyrir hendi. Samningsaðilar skulu taka til athugunar nauðsyn þessa liðs ekki síðar en 30. júní 1960.

tions under any intergovernmental commodity agreement which conforms to criteria submitted to the CONTRACTING PARTIES and not disapproved by them or which is itself so submitted and not so disapproved;

i) Involving restrictions on exports of domestic materials necessary to assure essential quantities of such materials to a domestic processing industry during periods when the domestic price of such materials is held below the world price as part of a governmental stabilization plan; Provided that such restrictions shall not operate to increase the exports of or the protection afforded to such domestic industry, and shall not depart from the provisions of this Agreement relating to non-discrimination;

j) essential to the acqisition or distribution of products in general or local short supply; Provided that any such measures shall be consistent with the principle that all contracting parties are entitled to an equitable share of the international supply of such products, and that any such measures, which are inconsistent with the other provisions of this Agreement shall be discontinued as soon as the conditions giving rise to them have ceased to exist. The CONTRACTING PARTIES shall review the need for this sub-paragraph not later than 30 June 1960.

21. gr.

Undanþágur af öryggisástæðum.

Ekkert í samningi þessum skal skiljast svo

a) að það leggi samningsaðila þá skyldu á herðar að veita neinar upplýsingar, sem hann álítur gagnstætt öryggishagsmunum sínum;

b) að það hefti samningsaðila í að grípa til aðgerða, sem hann álítur nauðsynlegar til verndar öryggishagsmunum sínum:

i) að því er snertir kjarnkleyf efni eða hráefni, sem þau efni eru unnin úr;

ii) að því er snertir viðskipti með vopn, skotfæri og hernaðartæki og þau viðskipti með aðrar vörur og efni, sem

Article XXI

Security Exeptions.

Nothing in this Agreement shall be construed

a) to require any contracting party to furnish any information the disclosure of which it considers contrary to its essential security interests; or

b) to prevent any contracting party from taking any action which it considers necessary for the protection of its essential security interests

i) relating to fissionable materials or the materials from which they are derived;

ii) relating to the traffic in arms, ammunition and implements of war and to such traffic in other goods and

beint eða óbeint eru til að birgja herstöðvar;

iii) og sem gripið er til á stríðstímum eða öðrum tímum hættu í alþjóðlegri sambúð, eða

c) að það hindri samningsaðila í að grípa til aðgerða til verndar alþjóða friði og öryggi í samræmi við skyldur hans samkvæmt Stofnskrá Sameinuðu þjóðanna.

materials as is carried on directly or indirectly for the purpose of supplying a military establishment;

iii) taken in time of war or other emergency in international relations; or

c) to prevent any contracting party from taking any action in pursuance of its obligations under the United Nations Charter for the maintenance of international peace and security.

22. gr.
Viðræður.

1. Sérhver samningsaðili skal taka til velviljaðrar athugunar erindi, sem annar samningsaðili kann að eiga við hann, og veita næg tækifæri til viðræðna, þegar um er að ræða sérhver þau mál, sem snerta framkvæmd samnings þessa.

2. Samningsaðilar geta, að beiðni samningsaðila, átt viðræður við sérhvern eða sérhverja samningsaðila um mál, sem ekki hefur tekizt að fá fullnægjandi lausn á með viðræðum samkvæmt 1. málsgr.

Article XXII
Consultation

1. Each contracting party shall accord sympathetic consideration to, and shall afford adequate opportunity for consultation regarding, such representations as may be made by another contracting party with respect to any matter affecting the operation of this Agreement.

2. The CONTRACTING PARTIES may, at the request of a contracting party, consult with any contracting party or parties in respect of any matter for which it has not been possible to find a satisfactory solution through consultation under paragraph 1.

23. gr.
Ákvæði gegn því, að réttindi séu að öllu eða nokkru leyti ekki virt.

1. Sé samningsaðili þeirrar skoðunar, að hann njóti að einhverju eða öllu leyti ekki góðs af einhverju því, sem honum ber samkvæmt þessum samningi eða, að það, að hindrað sé, að einhverju markmiði þessa samnings verði náð vegna þess, að a) annar samningsaðili hefur brugðizt því að gegna skyldum sínum samkvæmt þessum samningi eða b) annar samningsaðili grípur til ákveðinna aðgerða hvort sem þær stríða mót ákvæðum þessa samnings eða ekki eða c) að fyrir liggi einhverjar aðrar kringumstæður, getur samningsaðili, í því augnamiði að fá fullnægjandi lausn á málinu, snúið sér skriflega eða gert tillögu til annars eða annarra samningsaðila, sem hann álítur að málið sé skylt. Sérhver samningsaðili, sem þannig er leitað til, skal taka til velvilj-

Article XXIII
Nullification or Impairment.

1. If any contracting party should consider that any benefit accruing to it directly or indirectly under this Agreement is being nullified or impaired or that the attainment of any objective of the Agreement is being impeded as the result of a) the failure of another contracting party to carry out its obligations under this Agreement, or b) the application by another contracting party of any measure, whether or not it conflicts with the provisions of this Agreement, or c) the existence of any other situation, the contracting party may, with a view to the satisfactory adjustment of the matter make written representations or proposals to the other contracting party or parties which it considers to be concerned. Any contracting

aðra athugunar álit og tillögur, sem hann fær.

2. Ef viðunandi samkomulag næst ekki milli samningsaðila, sem hlut eiga að máli, innan sanngjarns tímafrests eða ef um er að ræða erfiðleika svo sem lýst er í c-lið 1. málsgr. þessarar greinar, má vísa málinu til Samningsaðila. Samningsaðilar skulu þá þegar rannsaka mál, sem þannig hefur verið vísað til þeirra, og beina viðeigandi tillögum til þeirra samningsaðila, sem þeir álíta að hlut eigi að máli, eða gefa úrskurð um málið, allt eftir því sem við á. Samningsaðilar geta átt viðræður við samningsaðila, Efnahags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna eða aðrar alþjóðastofnanir, þegar þeir álíta, að slíkar viðræður séu nauðsynlegar.

Ef Samningsaðilar álíta, að kringumstæðurnar séu nægilega alvarlegs eðlis, geta þeir leyft samningsaðila eða aðilum að draga til baka að framkvæma gagnvart samningsaðila eða samningsaðilum þær ívilnanir eða aðrar kvaðir samkvæmt samningi þessum, sem þeir telja henta kringumstæðunum. Ef framkvæmd ívilnunar eða annarrar kvaðar gagnvart samningsaðila er í reynd dregin til baka, skal samningsaðilanum frjálst ekki síðar en 60 dögum eftir að til slíkrar aðgerðar hefur verið gripið, að gefa framkvæmdastjóra Samningsaðila um það skriflega yfirlýsingu, að hann hyggist segja upp samningi þessum, og skal uppsögnin taka gildi á sextugusta degi, sem líður frá því, að hann fékk í hendur uppsögnina.

party thus approached shall give sympathetic consideration to the representations or proposals made to it.

2. If no satisfactory adjustment is effected between the contracting parties concerned within a reasonable time, or if the difficulty is of the type described in paragraph 1 c) of this Article, the matter may be referred to the CONTRACTING PARTIES. The CONTRACTING PARTIES shall promptly investigate any matter so referred to them and shall make appropriate recommendations to the contracting parties which they consider to be concerned, or give a ruling on the matter, as appropriate. The CONTRACTING PARTIES may consult with contracting parties, with the Economic and Social Council of the United Nations and with any appropriate intergovernmental organization in cases where they consider such consultation necessary.

If the CONTRACTING PARTIES consider that the circumstances are serious enough to justify such action, they may authorize a contracting party or parties to suspend the application to any other contracting party or parties of such concessions or other obligations under this Agreement as they determine to be appropriate in the circumstances. If the application to any contracting party of any concession or other obligation is in fact suspended, that contracting party shall then be free, not later than sixty days after such action is taken to give written notice to the Executive Secretary to the CONTRACTING PARTIES of its intention to withdraw from this Agreement and such withdrawal shall take effect upon the sixtieth day following the day on which such notice is received by him.

ÞRIÐJI HLUTI

24. gr.

Lögsaga — Landamæraviðskipti — Tollabandalög og fríverzlunarsvæði.

1. Ákvæði samnings þessa ná til tollsvæðis móðurlands samningsaðilanna og til hvers þess annars tollsvæðis, sem samningur þessi hefur verið viðurkenndur

PART III

Article XXIV

Territorial Application — Frontier Traffic — Customs Union and Free-trade Areas.

1. The provisions of this Agreement shall apply to the metropolitan customs territories of the contracting parties and to any other customs territories in re-

fyrir samkvæmt 26. grein eða er framkvæmdur við samkvæmt 33. grein eða í samræmi við bókun um bráðabirgðagildistöku. Sérhvert slíkt tollsvæði skal farið með sem samningsaðili væri, en einvörðungu að því er varðar lögsögu samnings þessa. Ákvæði samnings þessa skal ekki skilja svo, að þau skapi nein réttindi eða skyldur í sambúð tveggja eða fleiri tollsvæða, sem samningur þessi hefur verið samþykktur fyrir af einum samningsaðila samkvæmt 26. grein eða er framkvæmdur við samkvæmt 33. grein eða í samræmi við bókun um bráðabirgðagildistöku.

2. Í samningi þessum er með tollsvæði átt við hvert það landssvæði, þar sem sérstakur tollur eða aðrar viðskiptareglur eru í gildi að því er snertir verulegan hluta viðskipta slíks landssvæðis við önnur landssvæði.

3. Ákvæði samnings þessa skal ekki skilja svo, að þau hindri:

a) samningsaðila í að veita ívilnanir samliggjandi löndum til að auðvelda landamæraviðskipti;

b) ívilnanir, sem veittar eru hinu frjálsa landssvæði Trieste af löndum, sem liggja að því landssvæði, svo fremi slíkar ívilnanir séu ekki í ósamræmi við friðarsamninga eftir seinni heimsstyrjöldina.

4. Samningsaðilarnir viðurkenna, að æskilegt sé að auka viðskiptafrelsi með því að komið sé á, með frjálsum samþykktum, nánari tengslum hagkerfa þeirra landa, sem aðild eiga að slíkum samningum. Þeir viðurkenna einnig, að markmið tollabandalags eða fríverzlunarsvæðis skuli vera að auðvelda viðskipti milli þátttökusvæðanna og ekki að setja tálmanir á viðskipti annarra samningsaðila við þau landssvæði.

5. Með tilliti til þessa, skulu ákvæði þessa samnings ekki hindra, að stofnað sé til, með landssvæðum samningsaðila, tollabandalags eða fríverzlunarsvæðis eða gerðar séu bráðabirgðaráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til stofnunar tolla-

spect of which this Agreement has been accepted under Article XXVI or is being applied under Article XXXIII or pursuant to the Protocol of Provisional Application. Each such customs territory shall, exclusively for the purposes of the territorial application of this Agreement, be treated as though it were a contracting party; Provided that the provisions of this paragraph shall not be construed to create any rights or obligations as between two or more customs territories in respect of which this Agreement has been accepted under Article XXVI or is being applied under Article XXXIII or pursuant to the Protocol of Provisional Application by a single contracting party.

2. For the purposes of this Agreement a customs territory shall be understood to mean any territory with respect to which separate tariffs or other regulations of commerce are maintained for a substantial part of the trade of such territory with other territories.

3. The provisions of this Agreement shall not be construed to prevent:

a) advantages accorded by any contracting party to adjacent countries in order to facilitate frontier traffic;

b) advantages accorded to the trade with the Free Territory of Trieste by countries contiguous to that territory, provided that such advantages are not in conflict with the Treaties of Peace arising out of the Second World War.

4. The contracting parties recognize the desirability of increasing freedom of trade by the development, through voluntary agreements, of closer integration between the economies of the countries parties to such agreements. They also recognize that the purpose of a customs union or of a free-trade area should be to facilitate trade between the constituent territories and not to raise barriers to the trade of other contracting parties with such territories.

5. Accordingly, the provisions of this Agreement shall not prevent, as between the territories of contracting parties the formation of a customs union or of a free-trade area or the adoption of an interim agreement necessary for the

bandalags eða fríverzlunarsvæðis. Þetta er þó háð þeim skilyrðum að:

a) að því er varðar tollabandalag, eða bráðabirgðasamkomulag, sem leiði til myndunar tollabandalags, skulu tollar og aðrar viðskiptareglur, sem beitt var þegar til slíks bandalags eða bráðabirgðasamkomulags var stofnað við samningsaðila, sem ekki eiga aðild að slíku bandalagi eða samkomulagi, ekki vera hærri eða meiri tálmun á viðskiptum en hin almenna tollun eða viðskiptareglur þær voru, sem giltu á þátttökusvæðunum, áður en til slíks bandalags var stofnað eða slíkur bráðabirgðasamningur gerður, eftir því hvað við á;

b) að því er varðar fríverzlunarsvæði eða bráðabirgðasamkomulag, sem leiðir til myndunar fríverzlunarsvæðis, skulu tollar og aðrar viðskiptareglur, sem giltu í hverju aðildarsvæðanna og beitt, þegar slíkt fríverzlunarsvæði var myndað eða bráðabirgðasamningur gerður, við viðskipti samningsaðila, sem ekki eru í slíku svæði eða aðilar að slíkum samningi, ekki vera hærri eða meiri tálmun en samsvarandi tollar og aðrar viðskiptareglur voru, sem giltu á aðildarsvæðunum fyrir myndun fríverzlunarsvæðisins eða gerð bráðabirgðasamningsins, eftir því sem við á; og

c) sérhvert bráðabirgðasamkomulag, sem vísað er til í a- og b-lið, skal hafa inni að halda áætlun og tímaákvæði um myndun slíks tollabandalags eða fríverzlunarsvæðis innan sanngjarns tíma.

6. Ef samningsaðili, sem uppfyllir ákvæði a-liðs í 5. málsgr., fyrirhyggur að hækka tolla í ósamræmi við ákvæði 2. greinar, skal sú málsmeðferð, sem ákveðin er með 28. grein, gilda. Þegar breytingar eru gerðar til bóta, skal taka viðeigandi tillit til bóta, sem þegar hafa verið veittar með lækkun tilsvarandi tolls hjá öðrum aðilum bandalagsins.

7. a) Sérhver samningsaðili, sem ákveður að ganga í tollabandalag eða fríverzlunarsvæði eða að eiga aðild að

formation of a customs union or of a free-trade area; Provided that:

a) with respect to a customs union, or an interim agreement leading to the formation of a customs union, the duties and other regulations of commerce imposed at the institution of any such union or interim agreement in respect of trade with contracting parties not parties to such union or agreement shall not on the whole be higher or more restrictive than the general incidence of the duties and regulations of commerce applicable in the constituent territories prior to the formation of such union or the adoption of such interim agreement, as the case may be;

b) with respect to a free-trade area, or an interim agreement leading to the formation of a free-trade area, the duties and other regulations of commerce maintained in each of the constituent territories and applicable of the formation of such free-trade area, or the adoption of such interim agreement to the trade of contracting parties not included in such area or not parties to such agreement shall not be higher or more restrictive than the corresponding duties and other regulations of commerce existing in the same constituent territories prior to the formation of the free-trade area, or interim agreement, as the case may be; and

c) any interim agreement referred to in sub-paragraphs a) and b) shall include a plan and schedule for the formation of such a customs union or of such a free-trade area within a reasonable length of time.

6. If, in fulfilling the requirements of sub-paragraph 5 a), contracting party proposes to increase any rate of duty inconsistently with the provisions of Article II, the procedure set forth in Article XXVIII shall apply. In providing for compensatory adjustment, due account shall be taken of the compensation already afforded by the reductions brought about in the corresponding duty of the other constituents of the union.

7. a) Any contracting party deciding to enter into a customs union or free-trade area, or an interim agreement lead-

bráðabirgðasamkomulagi, sem leiði til myndunar slíks bandalags eða svæðis, skal þá þegar tilkynna það Samningsaðilum og láta þeim í té þær upplýsingar um hið fyrirhugaða bandalag og svæði, sem geri þeim kleift að leggja slíkar skýrslur og ráðleggingar fyrir samningsaðila, sem þeir álíta, að við eigi.

b) Ef Samningsaðilar, eftir að hafa kynnt sér áætlun og tímaákvæði, sem vísað er til í 5. málsgr., í samráði við aðila að þeim samningi og hafandi tekið viðeigandi tillit til upplýsinga, sem veittar hafa verið í samræmi við a-liðinn, komast að þeirri niðurstöðu, að ekki sé sennilegt, að slíkur samningur leiði til myndunar tollabandalags eða fríverzlunarsvæðis innan þess tíma, sem fyrirhugaður var af aðilum að samningnum eða að það tímabil sé ekki sanngjarnt, skulu Samningsaðilar gefa aðilum að samningnum ráðleggingar. Eftir því sem við á, skulu aðilarnir ekki viðhalda slíkum samningi eða láta hann koma til framkvæmda, ef þeir eru ekki reiðubúnir að breyta honum í samræmi við þessar ráðleggingar.

c) Samningsaðilum skal tilkynnt sérhver veruleg breyting í áætlun eða tímaákvæðum þeim, sem getið er í c-lið 5. málsgr. og geta þeir æskt þess, að viðkomandi samningsaðilar eigi viðræður við þá, ef sennilegt þykir, að breytingin stofni í hættu myndun tollabandalags eða fríverzlunarsvæðis eða tefji það óhóflega.

8. Með tilliti til samnings þessa:

a) Skal tollabandalag merkja, að eitt tollsvæði komi í stað tveggja eða fleiri tollsvæða, þannig að

i) tollar og aðrar opinberar aðgerðir, sem úr viðskiptum draga (nema, þar sem nauðsynlegt er, það sem leyft er samkvæmt greinunum 11, 12, 13, 14, 15 og 20) séu afnumin á verulegum hluta allra viðskipta milli þeirra landssvæða, sem hlut eiga að bandalaginu eða að minnsta kosti á verulegum hluta allra viðskipta með vörur, sem uppruna sinn eiga á þeim landssvæðum, og

ii) sömu tollar og aðrar opinberar aðgerðir, sem úr viðskiptum draga, gildi

ing to the formation of such a union or area, shall promtly notify the CONTRACTING PARTIES and shall make available to them such information regarding the proposed union or area as will enable them to make such reports and recommendations to contracting parties as they may deem appropriate.

b) If, after having studied the plan and schedule included in an interim agreement referred to in paragraph 5 in consultation with the parties to that agreement and taking due account of the information made available in accordance with the provisions of sub-paragraph a), the CONTRACTING PARTIES find that such agreement is not likely to result in the formation of a customs union or of a free-trade area within the period contemplated by the parties to the agreement or that such period is not a reasonable one, the CONTRACTING PARTIES shall make recommedations to the parties to the agreement. The parties shall not maintain or put into force, as the case may be, such agreement if they are not prepared to modify it in accordance with these recommendations.

c) Any substantial change in the plan or schedule referred to in paragraph 5 c) shall be communicated to the CONTRACTING PARTIES, which may request the contracting parties concerned to consult with them if the change seems likely to jeapardize or delay unduly the formation of the customs union or of the free-trade area.

8. For the purposes of this Agreement:

a) A customs union shall be understood to mean the substitution of a signle customs territory for two or more customs territories, so that

i) duties and other restrictive regulations of commerce (except, where necessary, those permitted under Article XI, XII, XIII, XIV XV and XX) are eliminated with respect to substantially all the trade between the constituent territories of the union or at least with respect to substantially all the trade in products orginating in such territories, and,

ii) subject to the provisions of paragraph 9, substantially the same duties

yfirleitt, í samræmi við ákvæði 9. málsgr. í viðskiptum meðlima bandalagsins við landssvæði, sem ekki eru í bandalaginu.

b) Með fríverzlunarsvæði er átt við hóp tveggja eða fleiri tollsvæða, þar sem tollar og aðrar opinberar aðgerðir, sem úr viðskiptum draga (nema, þar sem nauðsynlegt er, það sem leyft er samkvæmt greinunum 11, 12, 13, 14. 15, og 20) séu afnumin á verulegum hluta allra viðskipta milli þeirra landssvæða, sem hlut eiga að, með vörur, sem uppruna sinn eiga á þeim landssvæðum.

9. Ívilnanir þær, sem getið er í 2. málsgr. 1. greinar, breytast ekki vegna myndunar tollabandalags eða fríverzlunarsvæðis, en þær má nema brott eða breyta með samningum við þá samningsaðila, sem hlut eiga að máli. Við samningsaðila þá, sem hlut eiga að máli, skal sérstaklega beitt fyrrgreindum samningahætti, þegar um er að ræða brottnám ívilnana, sem nauðsyn krefst til að skilyrði liðs a) i) í 8. málsgr. og b-liðs í 8. málsgr. séu uppfyllt.

10. Samningsaðilar geta með tveggja þriðju hluta meirihluta samþykkt tillögur, sem uppfylla ekki að öllu skilyrði 5.—9. málsgr., að báðum meðtöldum, svo fremi slíkar tillögur leiði til myndunar tollabandalags eða fríverzlunarsvæðis í skilningi þessarar greinar.

11. Með tilliti til þeirra séraðstæðna, sem leiðir af stofnun sjálfstæðra ríkja á Indlandi og í Pakistan, og í viðurkenningu á þeirri staðreynd, að þau hafa lengi verið efnahagsleg heild, fallast samningsaðilar á, að ákvæði þessa samnings skuli ekki hindra löndin tvö í að gera sérstakar ráðstafanir varðandi viðskipti þeirra í milli, þar til gagnkvæmum viðskiptasamböndum þeirra hefur verið komið fyrir með endanlegum hætti.

12. Sérhver samningsaðili skal gera þær ráðstafanir, sem sanngjarnar eru og hann getur gripið til, til að tryggja, að ákvæðum þessa samnings sé hlýtt af stjórnum og yfirvöldum svæða og héraða innan landssvæðis hans.

and other regulations of commerce are applied by each of the members of the union to the trade of territories not included in the union;

b) A free-trade area shall be understood to mean a group of two or more customs territories in which the duties and other restrictive regulations of commerce (except, where necessary, those permitted under Articles XI, XII, XIII, XIV, XV and XX) are eliminated on substantially all the trade between the constituent territories in products orginating in such territories.

9. The preferences referred to in paragraph 2 of Article I shall not be affected by the formation of a customs union or of a free-trade area but may be eliminated or adjusted by means of negotiations with contracting parties affected. This procedure of negotiations with affected contracting parties shall, in particular, apply to the elimination of perferences required to conform with the provisions of paragraph 8 a) i) and paragraph 8 b).

10. The CONTRACTING PARTIES may by a two-thirds majority approve proposals which do not fully comply with the requirements of paragraphs 5 to 9 inclusive, provided that such proposals lead to the formation of a customs union or a free-trade area in the sense of this Article.

11. Taking into account the exceptional circumstances arising out of the establishment of India and Pakistan as independent States and recognizing the fact that they have long constituted an economic unit, the contracting parties agree that the provisions of this Agreement shall not prevent the two countries from entering into special arrangements with respect to the trade between them, pending the establishment of their mutual trade relations on a definitive basis.

12. Each contracting party shall take such reasonable measures as may be available to it to ensure observance of the provisions of this Agreement by the regional and local governments and authorities within its territory.

25. gr.

Sameiginlegar ráðstafanir samningsaðilanna.

1. Fulltrúar samningsaðilanna skulu halda með sér fundi við og við, í þeim tilgangi að framkvæma þau ákvæði samnings þessa, sem krefjast sameiginlegra ráðstafana, og í þeim tilgangi yfirleitt að auðvelda framkvæmd og stuðla að markmiðum samnings þessa. Alls staðar þar sem í samningi þessum er gert ráð fyrir, að samningsaðilar grípi til sameiginlegra ráðstafana, eru þeir nefndir Samningsaðilar.

2. Framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna er falið að kalla saman fyrsta fund Samningsaðila, og skal hann haldinn ekki síðar en 1. marz 1948.

3. Sérhver samningsaðili skal hafa réttindi til eins atkvæðis á öllum fundum Samningsaðila.

4. Ákvarðanir Samningsaðila skulu teknar með meirihluta greiddra atkvæða, nema öðru vísi sé tekið fram í samningi þessum.

5. Þegar um sérstakar kringumstæður er að ræða, sem ekki er annars staðar gert ráð fyrir í samningi þessum, geta Samningsaðilar gert undanþágu frá kvöð, sem lögð er á samningsaðila samkvæmt samningi þessum. Þetta er þó háð því skilyrði, að slíkar ákvarðanir séu staðfestar af meirihluta, sem nemi tveim þriðju hlutum greiddra atkvæða og að meirihluti sá nái til meir en helmings samningsaðila. Samningsaðilar geta einnig með slíkri atkvæðagreiðslu

i) skilgreint ákveðna flokka sérástæðna, þar sem gilda skulu önnur skilyrði um atkvæðagreiðslur, þegar undanþágur eru gefnar frá kvöðum, og

ii) mælt fyrir um þau skilyrði, sem krafizt er að fullnægt sé, vegna framkvæmda þessa liðs málsgreinarinnar.

Article XXV

Joint Action by the Contracting Parties.

1. Representatives of the contracting parties shall meet from time to time for the purpose of giving effect to those provisions of this Agreement which involve joint action and, generally, with a view to facilitating the operation and furthering the objectives of this Agreement. Wherever reference is made in this Agreemnt to the contracting parties acting jointly they are designated as the CONTRACTING PARTIES.

2. The Secretary-General of the United Nations is requested to convene the first meeting of the CONTRACTING PARTIES, which shall take place not later than March 1, 1948.

3. Each contracting party shall be entitled to have one vote at all meetings of the CONTRACTING PARTIES.

4. Except as otherwise provided for in this Agreement, decisions of the CONTRACTING PARTIES shall be taken by a majority of the votes cast.

5. In exceptional circumstances not elsewhere provided for in this Agreement, the CONTRACTING PARTIES may waive an obligation imposed upon a contracting party by this Agreemnet; Provided that any such decision shall be approved by a two-thirds majority of the votes cast and that such majority shall comprise more than half of the contracting parties. The CONTRACTING PARTIES may also by such a vote

i) define certain categories of exceptional circumstances to which other voting requirements shall apply for the waiver of obligations, and

ii) prescribe such criteria as may by necessary for the application of this sub-paragraph.

26. gr.

Samþykki, gildistaka og skrásetning.

1. Samningsgerð þessi miðast við 30. október 1947.

2. Samningur þessi skal vera opinn

Article XXVI

Acceptance, Entry Into Force and Registration.

1. The date of this Agreement shall be 30 October 1947.

2. This Agreement shall be open for

til samþykktar hverjum þeim samningsaðila, sem var samningsaðili eða átti í samningum um aðild að samningnum þann 1. marz 1955.

3. Samningur þessi er gerður í einu frumeintaki á ensku og einu frumeintaki á frönsku, en báðir textar eru jafngildir, og skal hann geymdur hjá framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, sem skal sjá öllum ríkisstjórnum, sem hagsmuna hafa að gæta, fyrir staðfestum eintökum.

4. Sérhver ríkisstjórn, sem samþykkir samning þennan, skal afhenda framkvæmdastjóra Samningsaðila fullgildingarskjal, og skal hann tilkynna öllum ríkisstjórnum, sem hagsmuna hafa að gæta, dag þann, er sérhvert fullgildingarskjal hefur verið móttekið og dag þann, er samningur þessi tekur gildi samkvæmt 6. málsgrein þessarar greinar.

5. a) Sérhver ríkisstjórn, sem samþykkir samning þennan, gerir svo að því er varðar heimaland sitt og önnur landssvæði, sem hún ber ábyrgð á á alþjóðlegum vettvangi, að undanskildum þeim sérstöku tollsvæðum, sem hún tilkynnir framkvæmdastjóra Samningsaðila um, þegar hún sjálf samþykkir samninginn.

b) Sérhver ríkisstjórn, sem hefur tilkynnt framkvæmdastjóranum undanþágur samkv. a-lið þessarar málsgreinar, getur, hvenær sem er, tilkynnt framkvæmdastjóranum, að samþykki hennar taki einnig til sérstaks tollsvæðis eða sérstakra tollsvæða, sem svo hafa verið undanþegin. Yfirlýsingin tekur gildi á þrítugasta degi eftir að við henni var tekið af framkvæmdastjóranum.

c) Ef eitthvert þeirra tollsvæða, sem samningur þessi hefur verið samþykktur fyrir af samningsaðila, fær eða öðlast fulla stjórn á utanríkisviðskiptamálum sínum og öðru því, sem samningur þessi nær til, skal litið á það landssvæði sem samningsaðila, þegar sá samningsaðili, sem ábyrgðin hvílir á, mælir með því og gefur út yfirlýsingu þar að lútandi.

6. Samningur þessi skal taka gildi milli þeirra ríkisstjórna, sem hafa samþykkt hann, á þrítugasta degi frá þeim

acceptance by any contracting party which, on 1 March 1955, was a contracting party or was negotiating with a view to accession to this Agreement.

3. This Agreement, done in a single English original and in a single French original, both texts authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations, who shall furnish certified opies thereof to all interested governments.

4. Each government accepting this Agreement shall deposit an instrument of acceptance with the Executive Secretary to the CONTRACTING PARTIES, who will inform all interested governments of the date of deposit of each instrument of acceptance and of the day on which this Agreement enters into force under paragraph 6 of this Article.

5. a) Each government accepting this Agreement does so in respect of its metropolitan territory and of the other territories for which it has international responsibility, except such separate customs territories as it shall notify to the Executive Secretary to the CONTRACTING PARTIES at the time of its own acceptance.

b) Any government, which has so notified the Executive Secretary under exceptions in sub-paragraph a) of this paragraph, may at any time give notice to the Executive Secretary that its acceptance shall be effective in respect of any separate customs territory or territories so excepted and such notice shall take effect on the thirtieth day following the day on which it is receiced by the Executive Secretary.

c) If any of the customs territories, in respect of which a contracting party has accepted this Agreement, possesses or acquires full autonomy in the conduct of its external commercial relations and of the other matters provided for in this Agreement, such territory shall, upon sponsorship through a declaration by the responsible contracting party establishing the above-mentioned fact, be deemed to be a contracting party.

6. This Agreement shall enter into force, as among the governments which have accepted it, on the thirtieth day foll-

degi, er framkvæmdastjóra Samningsaðila voru afhent fullgildingarskjöl af hálfu þeirra ríkisstjórna, sem getið er í viðauka H, en á milli landssvæða þeirra eru 85% allra utanríkisviðskipta landssvæða þessara ríkisstjórna, reiknað í samræmi við viðeigandi prósentudálk, sem þar er að finna. Fullgildingarskjal hverrar ríkisstjórnar skal taka gildi á þrítugasta degi frá þeim degi, er skjalið var lagt fram.

7. Sameinuðu þjóðunum er falið að skrásetja samning þennan, þegar er hann tekur gildi.

owing the day on which instruments of acceptance have been deposited with the Executive Secretary to the CONTRACTING PARTIES on behalf of governments named in Annex H, the territories of which account for 85 per centum of the total external trade of the territories of such governments, computed in accordance with the applicable column of percentages set forth therein. The instrument of acceptance of each other government shall take effect on the thirtieth day following the day on which such instrument has been deposited.

7. The United Nations is authorized to effect registration of this Agreement as soon as it enters into force.

27. gr.

Frestun eða afnám ívilnana.

Sérhverjum samningsaðila skal frjálst hvenær sem er að fresta eða afnema, að nokkru eða öllu leyti, ívilnun, sem gert er ráð fyrir í viðeigandi lista með samningi þessum, á þeim forsendum, að samningsaðilinn ákveði, að um hann hafi upphaflega verið samið við ríkisstjórn, sem ekki hafi orðið, eða hætt hafi að vera samningsaðili. Samningsaðili, sem til slíkra aðgerða grípur, skal kunngera það Samningsaðilum og eftir beiðni eiga viðræður við samningsaðila, sem verulegra hagsmuna hafa að gæta, varðandi viðkomandi vöru.

Article XXVII

Withholding or Withdrawal. of Concessions.

Any contracting party shall at any time be free to withhold or to withdraw in whole or in part any concession, provided for in the appropriate Schedule annexed to this Agreement, in respect of which such contracting party determines that it was initially negotiated with a government which has not become, or has ceased to be, a contracting party. A contacting party taking such action shall notify the CONTRACTING PARTIES and, upon request, consult with contracting parties which have a substantial interest in the product concerned.

28. gr.

Breytingar á ívilnana-listum.

1. Á fyrsta degi hvers þriggja ára tímabils, en fyrsta tímabilið byrjar þann 1. janúar 1958 (eða á fyrsta degi hvers þess annars tímabils, sem Samningsaðilar ákveða með tveim þriðju hlutum greiddra atkvæða) getur samningsaðili (til hans er, hér eftir í greininni, vísað sem „samningsaðila, sem um sækir") breytt eða dregið til baka ívilnun, sem er í þar að lútandi vörulista með þessum samningi, með samningum og samkomulagi við hvern þann samningsaðila, sem við var samið um slíka ívilnun í upphafi, og við hvern þann annan samningsaðila, sem Samn-

Article XXVIII

Modification of Schedules.

1. On the first day of each three-year period, the first period beginning on 1, January 1958 (or on the first day of any other period that may be specified by the CONTRACTING PARTIES by two-thirds of the votes cast) a contracting party (hereafter in this Article referred to as the „applicant contracting party") may, by negotiation and agreement with any contracting party with which such concession was initially negotiated and with any other constracting party determined by the CONTRACTING PARTIES to have a principal supplying

ingsaðilar ákveða að hafi sérstaka hagsmuni seljanda (en þessir tveir flokkar samningsaðila ásamt samningsaðila, sem um sækir, eru hér á eftir í þessari grein nefndir „samningsaðilarnir, sem fyrst og fremst um ræðir") og með þeirri forsendu, að viðræður séu við hvern þann annan samningsaðila, sem Samningsaðilar ákveða, að hafi verulegra hagsmuna að gæta í sambandi við slíka ívilnun.

2. Í slíkum viðræðum og með slíku samkomulagi, sem getur haft að geyma ákvæði er feli í sér bætur að því er snertir aðrar vörur, skulu hlutaðeigandi samningsaðilar stefna að því að viðhalda í almennu marki, þeim gagnkvæmu ívilnunum, sem sérhverjum eru hagstæðar, þannig að þær verði ekki óhagstæðari verzlun en þær, sem þessi samningur inniheldur, áður en slíkar samningaviðræður fara fram.

3. a) Ef samkomulag næst ekki milli þeirra samningsaðila, sem fyrst og fremst um ræðir, fyrir þann 1. janúar 1958 eða áður en sá tímafrestur, sem gert er ráð fyrir í 1. málsgr. þessarar greinar, rennur út, skal samningsaðila þeim, sem fyrirhyggur að breyta eða draga til baka ívilnun, engu að síður frjálst að gera það. Sé til slíkra aðgerða gripið, er hverjum þeim samningsaðila, sem um ívilnunina var í upphafi samið við, samningsaðila, sem samkv. 1. málsgr. telst hafa sérstaka hagsmuni seljanda, og samningsaðila, sem samkvæmt 1. málsgr. telst hafa verulega hagsmuna að gæta, frjálst, ekki síðar en 6 mánuðum eftir að til slíkra aðgerða var gripið, að draga til baka, eftir að skrifleg tilkynning með 30 daga fyrirvara um að það skuli gert barst Samningsaðilum, ívilnanir, sem að verulegu leyti eru jafngildi ívilnana, sem upphaflega var um samið við samningsaðilann, sem um sækir.

b) Ef samkomulag næst milli samningsaðila, sem fyrst og fremst um ræðir, en annar samningsaðili, sem samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar telst hafa verulegra hagsmuna að gæta, hefur ekki fengið óskum sínum fullnægt, er hinum síðarnefnda samningsaðila frjálst ekki síðar en 6 mánuðum eftir að til aðgerða var gripið samkvæmt slíku samkomulagi að

interest (which two preceding categories of contracting parties, together with the applicant contracting party, are in this Article hereinafter referred to as the „contracting parties primarily concerned"), and subject to consultation with any other contracting party determined by the CONTRACTING PARTIES to have a substantial interest in such concession, modify or withdraw a concession included in the appropriate Schedule annexed to this Agreement.

2. In such negotiations and agreement, which may include provision for compensatory adjustment with respect to other products, the contracting parties concerned shall endeavour to maintain a general level of reciprocal and mutually advantageous concessions not less favourable to trade than that provided for in this Agreement prior to such negotiations.

3. a) If agreement between the contracting parties primarily concerned cannot be reached before 1 January 1958 or before the expiration of a period envisaged in paragraph 1 of this Article, the contracting party which proposes to modify or withdraw the concession shall, nevertheless, be free to do so and if such action is taken any contracting party with which such consession was initially negotiated, any contracting party determined under paragraph 1 to have a principal supplying interest and any contracting party determined under paragraph 1 to have a substantial interest shall then be free not later than six months after such action is taken, to withdraw, upon the expiration of thirty days from the day on which written notice of such withdrawal is received by the CONTRACTING PARTIES, substantially equivalent concessions initially negotiated with the applicant contracting party.

b) If agreement between the contracting parties primarily concerned is reached but any other contracting party determined under paragraph 1 of this Article to have a substantial interest is not satisfied, such other contracting party shall be free, not later than six months after action under such agreement is taken, to withdraw, upon the expiration of thirty

draga til baka, eftir að skrifleg tilkynning með 30 daga fyrirvara um að það skuli gert barst Samningsaðilum, ívilnanir, sem að verulegu leyti eru jafngildi ívilnana, sem um var samið við samningsaðilann, sem um sækir.

4. Samningsaðilarnir geta, hvenær sem er, undir sérstökum kringumstæðum, leyft samningsaðila að hefja samningaviðræður um breytingar eða afnám ívilnana, sem veittar eru samkvæmt þar að lútandi lista með þessum samningi, samkvæmt eftirfarandi aðferðum og skilyrðum:

a) Slíkum samningaviðræðum og sérhverjum viðræðum hliðstæðum þeim skal hagað í samræmi við ákvæði 1. og 2. málsgr. þessarar greinar.

b) Ef samningar takast í samningaviðræðum milli þeirra samningsaðila, sem fyrst og fremst um ræðir, skulu ákvæði b-liðs í 3. málsgr. þessarar greinar gilda.

c) Ef samkomulag næst ekki milli þeirra samningsaðila, sem fyrst og fremst um ræðir, innan 60 daga frá því að viðræður hafa verið leyfðar, eða innan lengra tímafrests, sem Samningsaðilar kunna að hafa ákveðið, getur samningsaðilinn, sem um sækir, skotið málinu til Samningsaðila.

d) Þegar slíkt málskot hefur farið fram, skulu Samningsaðilar þá þegar gera athugun á málinu og leggja álit sitt fyrir samningsaðilana, sem fyrst og fremst um ræðir, með það fyrir augum að ná samkomulagi. Náist samkomulag, gilda ákvæði b-liðs 3. málsgr., svo sem samkomulag milli þeirra samningsaðila, sem fyrst og fremst um ræðir, hefði náðst. Náist ekkert samkomulag milli þeirra samningsaðila, sem fyrst og fremst um ræðir, skal samningsaðilanum, sem um sækir, frjálst að breyta eða draga til baka ívilnunina, nema því aðeins að Samningsaðilar ákveði, að samningsaðilinn, sem um sækir, hafi á ósanngjarnan hátt ekki boðið upp á nægar bætur. Sé til slíkra aðgerða gripið, er hverjum samningsaðila, sem um ívilnunina var í upphafi samið við, samningsaðila, sem samkvæmt a-lið 4. málsgr. telst hafa sérstaka hagsmuni seljanda og samnings-

days from the day on which written notice of such wihdrawal is received by the CONTRACTING PARTIES, substantially equivalent concessions initially negotiated with the applicant contracting party.

4. The CONTRACTING PARTIES may, at any time, in special circumstances, authorize a contracting party to enter into negotiations for modification or withdrawal of a concession included in the appropriate Schedule annexed to this Agreement subject to the following procedures and conditions:

a) Such negotiations and any related consultations shall be conducted in accordance with the provisions of paragraphs 1 and 2 of this Article.

b) If agreement between the contracting parties primarily concerned is reached in the negotations, the provisions of paragraph 3 b) of this Article shall apply.

c) If agreement between the contracting parties primarily concerned is not reached within a period of sixty days after negotiations have been authorized, or within such longer period as the CONTRACTING PARTIES may have prescribed, the applicant contracting party may refer the matter to the CONTRACTING PARTIES.

d) Upon such reference, the CONTRACTING PARTIES shall promptly examine the matter and submit their views to the contracting parties primarily concerned with the aim of achieving a settlement. If a settlement is reached, the provisions of paragraph 3 b) shall apply as if agreement between the contracting parties primarily concerned had been reached. If no settlement is reached between the contracting parties primarily concerned, the applicant contracting party shall be free to mondify or withdraw the concession, unless the CONTRACTING PARTIES determine that the applicant contracting party has unreasonably failed to offer adequate compensation. If such action is taken, any contracting party with which the concession was initially negotiated, any contracting party determined under paragraph 4 a) to have a principal supplying interest and

aðila, sem samkvæmt a-lið 4. málsgr. telst hafa verulegra hagsmuna að gæta, frjálst, ekki síðar en 6 mánuðum eftir að til slíkra aðgerða var gripið, að breyta eða draga til baka, eftir að skrifleg tilkynning með 30 daga fyrirvara um að það skuli gert barst Samningsaðilum, ívilnanir, sem að verulegu leyti eru jafngildi ívilnana, sem upphaflega var um samið við samningsaðilann, sem um sækir.

5. Fyrir þann 1. janúar 1958 og innan loka hvers þess tímabils, sem ráð er fyrir gert í 1. málsgr., getur samningsaðili með tilkynningu til Samningsaðila, áskilið sér þann rétt á næsta tímabili, að breyta þar að lútandi listum í samræmi við aðferðir 1.—3. málsgr. Velji samningsaðili þann kost, skal öðrum samningsaðilum heimilt, á sama tímabili, að breyta eða draga til baka, samkvæmt sömu aðferðum, ívilnanir, sem upphaflega var samið um við þann samningsaðila.

any contracting party determined under paragraph 4 a) to have a substantial interest, shall be free, not later than six months after such action is taken, to modify or withdraw, upon the expiration of thirty days from the day on which written notice of such withdrawal is received by the CONTRACTING PARTIES, substantially equivalent concessions initially negotiated with the applicant contracting party.

5. Before 1 January 1958 and before the end of any period envisaged in paragraph 1 a contracting party may elect by notifying the CONTRACTING PARTIES to reserve the right, for the duration of the next period, to modify the appropriate Schedule in accordance with the procedures of paragraphs 1 to 3. If a contracting party so elects, other contracting parties shall have the right, during the same period, to modify or withdraw, in accordance with the same procedures, concessions initially negotiated with that contracting party.

28. gr. — viðauki.

Tollaviðræður.

1. Samningsaðilarnir viðurkenna, að tollar eru gjarnan alvarlegur viðskiptatálmi. Þýðingarmiklar til aukningar milliríkjaviðskipta eru af þessum sökum viðræður á gagnkvæmum grundvelli sem er sérhverjum til hagsbóta, með það fyrir augum að lækka verulega tolla almennt svo og aðrar álögur á innflutningi og útflutningi, og sér í lagi til lækkunar á þeim háu tollum, sem hindra innflutning jafnvel á mjög litlu magni. Slíkar viðræður skulu taka viðeigandi tillit til markmiða samnings þessa og hinna mismunandi þarfa einstakra samningsaðila. Samningsaðilar geta þess vegna við og við staðið fyrir slíkum samningaviðræðum.

2. a) Samningaviðræður samkvæmt þessari grein geta verið á grundvelli einstakra vara, sem valdar eru, eða með þeim marghliða aðferðum, sem samningsaðilar, sem hlut eiga að máli, kunna að velja. Slíkar viðræður geta haft það að markmiði að lækka tolla, binda tolla þá,

Article XXVIII bis.

Tariff Negotiations.

1. The contracting parties recognize that customs duties often constitute serious obstacles to trade; thus negotiations on a reciprocal and mutually advantageous basis, directed to the substantial reduction of the general level of tariffs and other charges on imports and exports and in particular to the reduction of such high tariffs as discourage the importation even of minimum quantities, and conducted with due regard to the objectives of this Agreement and the varying needs of individual contracting parties, are of great importance to the expansion of international trade. The CONTRACTING PARTIES may therefore sponsor such negotiations from time to to time.

2. a) Negotiations under this Article may be carried out on a selective product-by-product basis or by the application of such multilateral procedures as may be accepted by the contracting parties concerned. Such negotiations may be directed towards the reduction of duties,

sem eru, eða það, að skuldbindingar séu gerðar um, að einstakir tollar eða meðaltollar á sérstökum vöruflokkum fari ekki upp yfir ákveðin mörk. Binding lágra tolla gegn hækkun eða binding tollfrelsis skal vera viðurkennd jafngild ívilnun að verðmæti og lækkun hárra tolla.

b) Samningsaðilarnir viðurkenna, að almennt er árangur marghliða viðræðna háður þátttöku allra samningsaðila, sem eiga verulegan hluta utanríkisviðskipta sinna hvor við annan.

3. Samningaviðræður skulu haldnar á grundvelli, sem gefur næg tækifæri til að taka tillit til:

a) Þarfa einstakra samningsaðila og einstakra iðngreina.

b) Þarfa þeirra landa, sem skemmra eru á veg komin í hagþróuninni, til sveigjanlegri notkunar tollverndar til að stuðla að hagþróun þeirra og sérstakra þarfa þessara landa til notkunar tolla í fjáröflunarskyni; og

c) Allra annarra atriða, sem máli skipta, þar með fjármálalegra, þróunarlegra, hernaðarlegra og annarra þarfa samningsaðilanna, sem hlut eiga að máli.

the binding of duties at then existing levels or undertakings that individual duties or the average duties on specified categories of products shall not exceed specified levels. The binding against increase of low duties or of duty-free treatment shall, in principle, be recognized as a concession equivalent in value to the reduction of high duties.

b) The contracting parties recognize that in general the success of multilateral negotiations would depend on the participation of all contracting parties which conduct a substantial proportion of their external trade with one another.

3. Negotiations shall be conducted on a basis which affords adequate opportunity to take into account:

a) the needs of individual contracting parties and individual industries;

b) the needs of less-developed countries for a more flexible use of tariff protection to assist their economic development and the special needs of these countries to maintain tariffs for revenue purposes; and

c) all other relevant circumstances, including the fiscal, developmental, strategic and other needs of the contracting parties concerned.

29. gr.

Tengsl samnings þessa við Havana sáttmálann.

1. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að taka, eins og framkvæmdavaldi þeirra er frekast unnt, tillit til hinna almennu ákvæða I.—VI. kafla, að báðum meðtöldum, og IX. kafla Havana sáttmálans, þar til þeir hafa samþykkt hann í samræmi við stjórnarskrárleg ákvæði sín.

2. Annar hluti samnings þessa skal falla úr gildi á þeim degi, er Havana sáttmálinn tekur gildi.

3. Hafi Havana sáttmálinn ekki tekið gildi fyrir 30. september 1949, skulu samningsaðilarnir halda með sér fund fyrir 31. desember 1949, til að ná samkomulagi um, hvort auka beri þennan samning, bæta hann eða viðhalda honum.

4. Falli Havana sáttmálinn einhvern tíma úr gildi, skulu Samningsaðilar

Article XXIX

The Relation of this Agreement to observe to the Havana Charter.

1. The contracting parties undertake to observe to the fullest extent of their executive authority the general principles of Charters I to IV inclusive and of Chapter IX of the Havana Charter pending their acceptance of it in accordance with their constitutional procedures.

2. Part II of this Agreement shall be suspended on the day on which the Havana Charter enters into force.

3. If by September 30, 1949, the Havana Charter has not entered into force, the contracting parties shall meet before December 31, 1949, to agree whether this Agreement shall be amended, supplemented or maintained.

4. If at any time the Havana Charter should cease to be in force, the CON-

halda með sér fund svo fljótt sem auðið er, eftir að það er orðið, til að ná samkomulagi um, hvort auka beri samning þennan, bæta hann eða viðhalda honum. Meðan af slíku samkomulagi hefur ekki orðið, skal annar hluti þessa samnings taka gildi aftur. Þetta er þó háð því skilyrði, að ákvæði annars hluta, að undanskilinni 23. gr., verði tekin upp, að breyttu því, sem breyta þarf, svo sem þau koma fyrir í Havana sáttmálanum, og enn fremur því, að enginn samningsaðili sé bundinn neinum skilyrðum, sem hann var ekki bundinn á þeim tíma, er Havana sáttmálinn féll úr gildi.

5. Hafi samningsaðili ekki samþykkt Havana sáttmálann á þeim degi, sem hann gengur í gildi, skulu Samningsaðilar ræðast við um, hvort og þá á hvern hátt samning þennan skuli bæta eða auka, að svo miklu leyti, sem hann snertir samband slíks samningsaðila og annarra samningsaðila. Meðan slíkt samkomulag hefur ekki náðst, skulu ákvæði annars hluta samnings þessa halda áfram gildi milli slíks samningsaðila og annarra samningsaðila, án tillits til ákvæða 2. málsgr. þessarar greinar.

6. Samningsaðilar, sem eru aðilar að Alþjóðaviðskiptamálastofnuninni, skulu ekki beita ákvæðum samnings þessa þannig að hindruð sé framkvæmd ákvæða Havana sáttmálans. Framkvæmd þess stefnuatriðis, sem málsgr. þessi grundvallast á, við samningsaðila, sem ekki er aðili að Alþjóðaviðskiptamálastofnuninni, skal vera samningsatriði samkvæmt 5. málsgr. þessarar greinar.

TRACTING PARTIES shall meet as soon as practicable thereafter to agree whether this Agreement shall be supplemented, amended or maintained. Pending such agreement, Part II of this Agreement shall again enter into force; Provided that the provisions of Part II other than Article XXIII shall be replaced, mutatis mutandis, in the form in which they then appeared in the Havana Charter; and Provided further that no contracting party shall be bound by any provisions which did not bind it at the time when the Havana Charter ceased to be in force.

2. The provision that on 1 January 1958, and on other days determined pursuant to paragraph 1, a constracting party „may . . . modify or withdraw a concession" means that on such day, and on the first day after the end of each period, the legal obligation of such constracting party under Article II is altered; it does not mean that the changes in its customs tariff should necessarily be made effective on that day. If a tariff change resulting from negotiations undertaken pursuant to this Article is delayed, the entry into force of any compensatory concessions may be similarly delayed.

3. Eigi fyrr en sex mánuðum og eigi síðar en þremur mánuðum fyrir þann 1. janúar 1958, eða lokadag sérhvers tímabils, sem kemur þar næst á eftir, ætti sá samningsaðili, sem óskar eftir því að draga úr eða fella úr gildi einhverja þá tilslökun, sem fólgin er í áætlun þeirri, er við á, að senda Samningsaðilum tilkynningu þar að lútandi. Skulu Samningsaðilar þá ákveða við hvaða samningsaðila, einn eða fleiri, eigi að taka upp samn-

3. Not earlier than six months, nor later than three months, prior to 1 January 1958, or to the termination date of any subsequent period, a contracting party wishing to modify or withdraw any concession embodied in the appropriate Schedule, should notify the CONTRACTING PARTIES to this effect. The CONTRACTING PARTIES shall then determine the contracting party or contracting parties with which the negotiations or

ingaumleitanir eða viðræður þær, sem tilgreindar eru í 1. málsgr. Sérhver sá samningsaðili, sem þannig er tilgreindur, skal þá taka þátt í slíkum samningaumleitunum og viðræðum við þann samningsaðila, sem þess fer á leit, með það fyrir augum að ná samkomulagi fyrir lok tímabilsins, Sérhver framlenging á tryggðum gildistíma vöruskráa skal þá taka til vöruskránna eins og þeim kann að hafa verið breytt að loknum slíkum samningaumleitunum, samkvæmt ákvæðum 1., 2. og 3. málsgr. 28. gr. Ef Samningsaðilar hyggjast efna til samningaumleitana varðandi tolla, sem ná til fleiri en tveggja ríkja, innan sex mánaða tímabils fyrir 1. janúar 1958, eða fyrir einhvern annan dag, sem ákveðinn hefur verið samkvæmt ákvæðum 1. málsgr., þó skal undirbúningur þeirra að slíkum umleitunum einnig taka til viðeigandi leiða til þess að efna til samningaumleitana þeirra, sem kveðið er á um í þessari málsgrein.

4. Tilgangurinn með því að gera ráð fyrir þátttöku sérhvers samningsaðila í samningaumleitunum, sem hefur meginhagsmuni af því að sjá öðrum fyrir vörum, auk sérhvers þess samningsaðila, er í upphafi var samið við um tilslökun þá, er hefur á hendi stærri hluta þeirra viðskipta, sem tilslökunin tekur til heldur en samningsaðili sá, er í upphafi var samið við um hana, fái raunhæft tækifæri til þess að vernda samningsrétt þann, sem hann á samkvæmt ákvæðum þessa samkomulags. Hins vegar er ekki til þess ætlast að samningaumleitunum þessum verði þann veg háttað að það skapi erfiðleika við samningaumleitanir og samkomulag á grundvelli ákvæða XXVIII. gr., né heldur að þær valdi vandræðum við að beita ákvæðum þessarar greinar í framtíðinni í sambandi við tilslakanir, sem samkomulag hefur verið gert um á grundvelli umleitana, er fram hafa farið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Samkvæmt því ættu Samningsaðilar einungis að ályktа að samningsaðili hafi meginhagsmuni af því að sjá öðrum fyrir vörum, ef sá hinn sami samningsaðili hefur í hæfilegan langan tíma áður en samningaumleitanirnar hófust haft á hendi stærri hluta af viðskiptum á markaði þess

consultations referred to in paragraph 1 shall take place. Any contracting party so determined shall participate in such negotiations or consultations with the applicant contracting party with the aim of reaching agreement before the end of the period. Any extension of the assured life of the Schedules shall relate to the Schedules as modified after such negotiations, in accordance with paragraphs 1, 2 and 3 of Article XXVIII. If the CONTRACTING PARTIES are arranging for multilateral tariff negotiations to take place within the period of six months before 1 January 1958, or before any other day determined pursuant to paragraph 1, they shall include in the arrangements for such negotiations suitable procedures for carrying out the negotiations referred to in this paragraph.

4. The object of providing for the participation in the negotiations of any contracting party with a principal supplying interest, in addition to any contracting party with which the concession was initially negotiated, is to ensure that a contracting party with a larger share in the trade affected by the concession than a contracting party with which the concession was initially negotiated shall have an effective opportunity to protect the contractual right which it enjoys under this Agreement. On the other hand, it is not intended that the scope of the negotiations should be such as to make negotiations and agreement under Article XXIII unduly difficult nor to create complications in the application of this Article in the future to concessions which result from negotiations thereunder. Accordingly, the CONTRACTING PARTIES should only determine that a contracting party has a principal supplying interest if that contracting party has had, over a reasonable period of time prior to the negotiations, a larger share in the market of the applicant contracting party than a contracting with which the concession was initially negotiated or would, in the judgement of the CONTRACTING PART-

samningsaðila, sem umsóknina leggur fyrir, heldur en samningsaðili sá, sem upphaflega var samið við um tilslökunina, eða myndi að dómi samningsaðila hafa notið þeirra viðskipta ef samningsaðili sá sem umsóknina leggur fram, hefði ekki beitt vörumagnshöftum, er gerðu mönnum mishátt undir höfði. Það teldist því eigi vera réttmætt af samningsaðilum að álykta, að fleiri en einn samningsaðili, eða í þeim alveg sérstöku tilvikum, þar sem þeir stæðu hér um bil jafnfætis, fleiri en tveir samningsaðilar hefðu meginhagsmuni af að sjá öðrum fyrir vörum.

5. Þrátt fyrir skilgreiningu þá á meginhagsmunum af að sjá öðrum fyrir vörum, sem felst í athugasemd 4 við 1. málsgr., þá geta Samningsaðilar í sérstökum undantekningartilvikum ályktað að samningsaðili hafi meginhagsmuni af að sjá öðrum fyrir vörum svo og fremi að tilslökun sú, sem í hlut á, hefur áhrif á viðskipti, sem teljast vera meginhluti alls útflutnings slíks samningsaðila.

6. Ekki er til þess ætlast að ákvæðið um þátttöku í samningsumleitunum af hálfu einhvers samningsaðila, sem hefur meginhagsmuni af að sjá öðrum fyrir vörum, og um viðræður við einhvern þann samningsaðila, sem hefur verulega hagsmuni af tilslökun þeirri, er sá samningsaðili, sem leggur fram umsóknina um samningsumleitanir, leitast við að takmarka eða ógilda, hafi þau áhrif að hann þurfi að greiða skaðabætur eða þola miska, sem nemur meiru en þeirri takmörkun eða ógildingu, sem sótzt er eftir, og skal slíkt þá metið í ljósi þess viðskiptaástands, er ríkir þegar farið er fram á ógildinguna eða takmörkunina, og skal þá tekið tillit til sérhverra vörumagnshafta, sem gera mönnum mishátt undir höfði og samningsaðili sá, er umsókn leggur fram, kann að beita.

7. Hugtakið „verulegir hagsmunir" er ekki unnt að skilgreina nákvæmlega, og af þeim sökum getur það valdið Samningsaðilum erfiðleikum. Eigi að síður er til þess ætlazt að í hugtakið sé lagður sá skilningur, að það taki einungis til þeirra samningsaðila, er hafa með höndum eða, ef ekki er beitt vörumagnshöftum, sem gera mönnum mishátt undir höfði og

IES, have had such a share in the absence of discriminatory quantitative restrictions maintained by the applicant contracting party. It would therefore not be appropriate for the CONTRACTING PARTIES to determine that more than one contracting party, or in those exceptional cases where there is near equality more than two contracting parties, had a principal supplying interest.

5. Notwithstanding the definition of a principal supplying interest in note 4 to paragraph 1, the CONTRACTING PARTIES may exceptionally determine that a contracting party has a principal supplying interest if the concession in question affects trade which constitutes a major part of the total exports of such contracting party.

6. It is not intended that provision for participation in the negotiations of any contracting party with a principal supplying interest, and for consultation with any contracting party having a substantial interest in the concession which the applicant contracting party is seeking to modify or withdraw, should have the effect that it should have to pay compensation or suffer retaliation greater than the withdrawal or modification sought, judged in the light of the conditions of trade at the time of the proposed withdrawal or modification, making allowance for any discriminatory quantitative restrictions maintained by the applicant contracting party.

7. The expression „substantial interest" is not capable of a precise definition and accordingly may present difficulties for the CONTRACTING PARTIES. It is however, intended to be construed to cover only those contracting parties which have, or in the absence of discriminatory quantitative restrictions affecting their exports could reasonably be

hafa áhrif á útflutning þeirra, mætti með sanngirni búast við að hefðu með höndum verulegan hluta af viðskiptum á markaði þess samningsaðila, sem leitast við að takmarka eða ógilda tilslökunina.

4. málsgr.

1. Sérhverri beiðni um heimild til þess að taka upp samningsumleitanir skulu fylgja allar viðeigandi hagskýrslur og aðrar heimildir. Ákvörðun um slíka beiðni skal tekin innan 30 daga frá því að hún var borin fram.

2. Viðurkennt er að ef vissum samningsaðilum, sem byggja afkomu sína að mestu leyti á tiltölulega fáum undirstöðuafurðum og treysta á tollinn sem mikilvæga hjálp við að auka fjölbreytni innan efnahagskerfa sinna eða sem mikilvæga tekjulind, er venjulega heimilað að semja um takmörkun eða ógildingu tilslakana einungis á grundvelli ákvæða 1. málsgr. 28. gr., þá gæti slíkt leitt til þess að þeir myndu þá grípa til takmörkunar eða ógildingar, sem þegar til lengdar lætur myndi reynast ónauðsynlegt. Til þess að koma í veg fyrir að slíkt ástand skapist skulu Samningsaðilar heimila sérhverjum slíkum samningsaðila, samkvæmt ákvæðum 4. málsgr., að hefja samningsumleitanir, nema því aðeins að þeir líti svo á að það myndi hafa því líka hækkun á tollum í för með sér, eða stuðla verulega að slíkri hækkun tolla, að jafnvægi þeirra vörulista, sem fylgja þessu samkomulagi, væri stefnt í hættu, eða valda óhæfilegum truflunum á alþjóðaviðskiptum.

3. Gert er ráð fyrir því að samningsumleitunum, sem heimilaðar eru samkvæmt ákvæðum 4. málsgr., um takmörkun eða ógildingu á tilslökunum varðandi einstaka vörutegund, eða mjög lítinn flokk vörutegunda, megi venjulega ljúka innan 60 daga. Hin vegar er það viðurkennt að slík tímatakmörk nægja ekki, þegar um er að ræða samningsumleitanir varðandi takmörkun eða ógildingu á tilslökunum, væri því rétt að Samningsaðilar ákveði rýmri tímatakmörk.

4. Ákvörðun þá, sem vísað er til í 4. málsgr. d), skulu Samningsaðilar taka innan 30 daga frá því að málið er lagt

expected to have, a significant share in the market of the contracting party seeking to modify or withdraw the concession.

Paragraph 4

1. Any request for authorization to enter into negotiations shall be accompanied by all relevant statistical and other data. A decision on such request shall be made within thirty days of its submission.

2. It is recognized that to permit certain contracting parties, depending in large measure on a relatively small number of primary commodities and relying on the tariff as an important aid for furthering diversification of their economies or as an important source of revenue, normally to negotiate for the modification or withdrawal of concessions only under paragraph 1 of Article XXVIII, might cause them at such a time to make modifications or withdrawals which in the long run would prove unnecessary. To avoid such a situation the CONTRACTING PARTIES shall authorize any such contracting party, under paragraph 4, to enter into negotiations unless they consider this would result in, or contribute substantially towards, such an increase in tariff levels as to threaten the stability of the Schedules to this Agreement or lead to undue disturbance of international trade.

3. It is expected that negotiations authorized under paragraph 4 for modification or withdrawal of a single item, or a very small group of items, could normally be brought to a conclusion in sixty days. It is recognized, however, that such a period will be inadequate for cases involving negotiations for the modification or withdrawal of a larger number of items and in such cases, therefore, it would be appropriate for the CONTRACTING PARTIES to prescribe a longer period.

4. The determination referred to in paragraph 4 d) shall be made by the CONTRACTING PARTIES within thirty

fyrir þá, nema sá samningsaðilinn, sem umsókn sendir, samþykki lengri tímatakmörk.

5. Þegar tekin er ákvörðun um það samkvæmt ákvæðum 4. málsgr. d) hvort samningsaðili, sem umsókn leggur fyrir, hefur á ósanngjarnan hátt látið undir höfuð leggjast að bjóða fullnægjandi skaðabætur, þá er þannig litið á að Samningsaðilar taki fullnægjandi tillit til þeirrar sérstöðu samningsaðila, sem hefur bundið stóran hluta af tollum sínum við mjög lágan tolltaxta og hefur því að þessu leyti minna svigrúm en aðrir samningsaðilar til þess að framkvæma lagfæringar, er fela í sér bætur.

Um 28. gr. (til viðbótar).

3. málsgr.

Þannig er litið á að tilvitnunin í fjármálaþarfir taki einnig til tolla sem leið til tekjuöflunar, og sérstaklega tolla, sem lagðir eru á aðallega til að afla tekna, eða tolla, sem lagðir eru á vörur, er gætu komið í stað annarra vara, sem háðar eru tekjuöflunartollum, til þess að koma í veg fyrir að einhverjir geti komið sér undan því að greiða slíkan tolla.

Um 29. gr.

1. málsgr.

Ákvæði 1. málsgr. taka ekki til VII. og VIII. kafla Havanasáttmálans, þar sem þeir fjalla almennt um skipulag, verkefni og starfsreglur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Um fjórða hluta.

Orðin „þróaðir samningsaðilar“ og orðin „vanþróaðir samningsaðilar“, eins og þau eru notuð í fjórða hluta, skal skilja þannig að þau eigi við þróuð og vanþróuð lönd, sem aðilar eru að almenna samkomulaginu um tolla og viðskipti.

Um 36. gr.

1. málsgr.

Grein þessi byggist á þeim stefnumiðum, sem lýst er í 1. grein eins og henni er breytt samkv. A kafla 1. málsgreinar bókunar um breytingu á fyrsta hluta og 29. og 30. grein, þegar sú bókun öðlast gildi.

days of the submission of the matter to them, unless the applicant contracting party agrees to a longer period.

5. In determining under paragraph 4 d) whether an applicant contracting party has unreasonably failed to offer adequate compensation, it is understood that the CONTRACTING PARTIES will take due account of the special position of a constracting party which has bound a high proportion of its tariffs at very low rates of duty and to this extent has less scope than other contracting parties to make compensatory adjustment.

Ad Article XXVIII bis

Paragraph 3

It is understood that the reference to fiscal needs would include the revenue aspect of duties and particularly duties imposed primarily for revenue purposes or duties imposed on products which can be substituted for prouducts subject to revenue duties to prevent the avoidance of such duties.

An Article XXIX

Paragraph 1.

Chapters VII and VIII of the Havana Charter have been excluded from paragraph 1 because they generally deal with the organization, functions and procedures of the International Trade Organization.

Ad Part IV

The words „developed contracting parties“ and the words „less-developed contracting parties“ as used in Part IV are to be understood to refer to developed and less-developed countries which are parties to the General Agreement on Tariffs and Trade.

Ad Article XXXVI

Paragraph 1

This Article is based upon the objectives set forth in Article I as it will be amended by Section A of paragraph 1 of the Protocol Amending Part I and Article XXIX and XXX when that Protocol enters into force.

4. málsgr.

Hugtakið „undirstöðuafurðir“ tekur til landbúnaðarafurða, sbr. 2. málsgrein athugasemdar, sem bætist við 16. grein, B kafla.

5. málsgr.

Áætlun um aukna fjölbreytni í framleiðslu myndi venjulega taka til eflingar þeirrar starfsemi, sem lýtur að vinnslu undirstöðuafurða og þróun iðnaðarframleiðslu, og skal þá haft í huga ríkjandi ástand hjá þeim sérstaka samningsaðila, sem hlut á að máli, og horfur í heiminum með framleiðslu og neyzlu ýmissa vörutegunda.

8. málsgr.

Svo er litið á að orðin „búist ekki við gagnkvæmi“ merki, samkvæmt markmiðum þeim, sem lýst er í þessari grein, að í viðræðum um viðskiptasamninga skuli eigi búast við því af vanþróuðum samningsaðilum, að þeir leggi af mörkum það, sem ekki getur talizt samrímanlegt efnahagsþróun þeirra hvers og eins og þörfum á sviði fjármála og viðskipta, og skal þá tillit tekið til undangenginnar þróunar í viðskiptamálum.

Ákvæði þessarar málsgreinar myndu eiga við, ef til aðgerða kemur samkvæmt ákvæðum þeim, sem felast í A kafla 18. greinar, 28. grein, 28. grein eftir breytingu (sem verður 29. grein eftir að breyting sú, sem felst í A-kafla 1. málsgreinar bókunar um breytingu á fyrsta hluta og 29. og 30. grein hefur öðlast gildi), 33. grein eða öðrum reglum, sem í þessu samkomulagi felast.

Um 37. gr.

1. málsgr. a).

Ákvæði þessarar málsgreinar myndu eiga við, ef til samninga er gengið um lækkun eða afnám tolla eða annarra reglna, sem lúta að takmörkun verzlunar samkvæmt ákvæðum þeim, sem felast í 28. grein, 28. grein eftir breytingu (sem verður 29. grein eftir að breyting sú, sem felst í A-kafla 1. málsgreinar bókunar um breytingu á fyrsta hluta og 29. og 30. grein hefur öðlazt gildi), og 33. grein, svo og í sambandi við aðrar þær að-

Paragraph 4

The term „primary products“ includes agricultural products, vide paragraph 2 of the note ad Article XVI, Section B.

Paragraph 5

A diversification programme would generally include the intensification of activities for the processing of primary products and the development of manufacturing industries, taking into account the situation of the particular contracting party and the world outlook for production and consumption of different commodities.

Paragraph 8

It is understood that the phrase „do not expect reciprocity“ means, in accordance with the objectives set forth in this Article, that the less-developed contracting parties should not be expected, in the course of trade negotiations, to make contributions which are inconsistent with their individual development, financial and trade needs, taking into consideration past trade developments.

This paragraph would apply in the event of action under Section A of Article XVIII, Article XXVIII, Article XXVIII bis (Article XXIX after the amendment set forth in Section A of paragraph 1 of the Protocol Amending Part I and Article XXIX and XXX shall have become effective), Article XXXIII, or any other procedure under this Agreement.

Ad Article XXXVII

Paragraph 1 a)

This paragraph would apply in the event of negotiations for reduction or elimination of tariffs or other restrictive regulations of commerce under Articles XXVIII, XXVIII bis (XXIX after the amendment set forth in Section A of paragraph 1 of the Protocol Amending Part I and Article XXIX and XXX shall have become effective), and Article XXXIII, as well as in connexion with other action to effect such reduction or

gerðir, sem samningsaðilar kunna að geta gripið til í þeim tilgangi að koma á slíkri lækkun eða afnámi.

1. málsgr. b).

Þær aðgerðir aðrar, sem vikið er að í þessari málsgrein, kynnu að taka til ráðstafana til að koma á skipulagsbreytingum heima fyrir, hvetja til neyzlu á tilteknum afurðum eða til að koma á starfsemi til eflingar viðskiptum.

elimination which contracting parties may be able to undertake.

Paragraph 3 b)

The other measures referred to in this paragraph might include steps to promote domestic structural changes, to encourage the consumption of particular products, or to introduce measures of trade promotion.

Fylgiskjal II.

BÓKUN VIÐ ALMENNA SAMKOMULAGIÐ UM TOLLA OG VIÐSKIPTI GENF 1967

Ríki þau, sem aðild eiga að hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti og Efnahagsbandalag Evrópu, er tóku þátt í viðskiptaráðstefnu þeirri, sem haldin var á árunum 1964—1967 (hér á eftir nefnd „þátttakendur"), og stefndu síðan til samningsumleitana samkvæmt ákvæðum 6. málsgr. 24. gr., 28. gr., með viðauka, 33. gr., svo og öðrum þeim ákvæðum hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti (hér á eftir nefnt „almenna samkomulagið"), er máli skipta, hafa fyrir milligöngu fulltrúa sinna gert með sér svo hljóðandi samkomulag:

I. Ákvæði varðandi lista.

1. Listi sá, sem fylgir bókun þessari og varðar hvern þátttakanda, skal teljast vera listi, er fylgir hinu almenna samkomulagi og varðar þann tiltekna þátttakanda þann dag, sem bókun þessi öðlast gildi að því er til tekur samkvæmt ákvæðum 6. málsgreinar.

2. Sérhver þátttakandi skal tryggja það, að svo miklu leyti sem sérhver sá taxti, sem færður er í dálkinn á lista hans og gefur til kynna tilslökunartaxtann (hér á eftir nefndur „lokataxti") öðlast ekki gildi hinn 1. janúar 1968, að sérhver lokataxti öðlist gildi eigi síðar en 1. janúar 1972. Innan tímabilsins frá 1. janúar 1968 til 1. janúar 1972 skal þátttakandi lækka tolltaxta sína eigi minna og eigi

GENEVA (1967) PROTOCOL TO THE GENERAL AGREEMENT ON TARIFFS AND TRADE

The contracting parties to the General Agreement on Tariffs and Trade and the European Economic Community which participated in the 1964—67 Trade Conference (hereinafter referred to as „participants"),

HAVING carried out negotiations pursuant to paragraph 6 of Article XXIV, Article XXVIII bis, Article XXXIII and other relevant provisions of the General Agreement on Tariffs and Trade (hereinafter referred to as „the General Agreement"),

HAVE, through their representatives, agreed as follows:

I — Provisions Relating to Schedules

1. The Schedule annexed to this Protocol relating to a participant shall become a Schedule to the General Agreement relating to that participant on the day on which this Protocol enters into force for it pursuant to paragraph 6.

2. Each participant shall ensure that, in so far as any rate specified in the column of its schedule setting out the concession rate (hereinafter referred to as the „final rate") does not become effective on 1 January 1968, each final rate shall become effective not later than 1 January 1972. Within the period of 1 January 1968 to 1 January 1972 a participant shall make rate reductions in

síðar en kveðið er á um í eftirfarandi stafliðum, nema að því leyti sem sérstaklega kann að vera tilgreint í lista hans:

a) Þátttakandi, sem byrjar að lækka tolla sína hinn 1. janúar 1968 skal sjá um að einn fimmti hluti heildarlækkunar á lokataxtanum öðlist gildi þann sama dag, og að fjórir fimmtu hlutar heildarlækkunar lokataxtans öðlist gildi í fjórum jöfnum áföngum hinn 1. janúar 1969, 1970, 1971 og 1972.

b) Þátttakandi, sem byrjar að lækka tolla sína hinn 1. júlí 1968, eða einhvern dag milli 1. janúar og 1. júlí 1968, skal sjá svo um að tveir fimmtu hlutar heildarlækkunar á lokataxtanum öðlist gildi þann sama dag, og að þrír fimmtu hlutar heildarlækkunar lokataxtans öðlist gildi í þremur jöfnum áföngum hinn 1. janúar 1970, 1971 og 1972.

3. Eftir að listi sá, sem tekur til einhvers ákveðins þátttakanda og fylgir þessari bókun er orðinn að lista, sem fylgir almenna samkomulaginu samkvæmt ákvæðum 1. málsgr. þessarar bókunar, þá skal sérhver þátttakandi vera frjáls að því að fresta eða ógilda að einhverju eða öllu leyti, og hvenær sem er, ívilnun þá, sem í slíkum lista felst, að því er tekur til einhverrar þeirrar vörutegundar, sem þátttakandi eða ríkisstjórn, sem hefur samið um bráðabirgðaaðild á viðskiptaráðstefnu þeirri, sem haldin var á árunum 1964—1967 (hér á eftir nefnd „bráðabirgðaaðild"), svo fremi að listi hans, sem fylgir þessari bókun, eða bókun þeirri, sem gildir um aðild bráðabirgðaaðila, sé ekki enn orðin að lista, sem fylgir almenna samkomulaginu, þá skal sérhver þátttakandi teljast hafa meginhagsmuni af vörusölu; að því tilskildu þó:

a) að skrifleg tilkynning um sérhverja slíka frestun á framkvæmd tilslökunar verði afhent samningsaðilum innan 30 daga frá því að hún öðlaðist gildi;

b) að skrifleg tilkynning varandi fyrirætlun um að nema slíka tilslökun úr gildi verði afhent samningsaðil-

amounts not less than and on dates not later than those laid down in one of the following sub-paragraphs, except as may be otherwise clearly provided for in its schedule.

a) A participant which begins rate reductions on 1 January 1968 shall make effective one fifth of the total reduction to the final rate on that date and four fifths of the total reduction in four equal instalments on 1 January of 1969, 1970, 1971 and 1972.

b) A participant which begins rate reductions on 1 July 1968, or on a date between 1 January and 1 July 1968, shall make effective two fifths of the total reduction to the final rate on that date and three fifths of the total reduction in three equal instalments on 1 January of 1970, 1971 and 1972.

3. Any participant, after the schedule relating to it annexed to this Protocol has become a Schedule to the General Agreement pursuant to the provisions of paragraph 1 of this Protocol, shall be free at any time to withhold or to withdraw in whole or in part the concession in such schedule with respect to any product in which a participant or a government having negotiated for accession during the 1964—67 Trade Conference (hereinafter referred to as an „acceding government"), but the schedule of which annexed to this Protocol or to the protocol for the accession of the acceding government has not yet become a Schedule to the General Agreement, has a principal supplying interest, provided that:

a) Written notice of any such withholding of a concession shall be given to the CONTRACTING PARTIES within thirty days after the date of such withholding.

b) Written notice of intention to make any such withdrawal of a concession shall be given to the CONTRACTING

um að minnsta kosti 30 dögum áður en slík fyrirhuguð ógilding er framkvæmd;

c) að efnt verði til viðræðna, ef óskað er, við hvaða þátttakanda sem er, eða hvaða aðila með bráðabirgðaaðild sem er, sem jafnframt hefur lista, sem orðinn er hluti af almenna samkomulaginu, og hefur verulega hagsmuni af vörutegund þeirri, sem um er að ræða;

d) að sérhver tilslökun, sem þannig er frestað eða felld úr gildi, skuli taka gildi frá og með þeim degi er listi þess þátttakanda eða aðila með bráðabirgðaaðild, sem hefur meginhagsmuni af að sjá öðrum fyrir vörum, verður að lista, er fylgir almenna samkomulaginu.

4. a) Í hverju tilviki þar sem málsgr. 1 b) og c) í II. gr. almenna samkomulaginu vísar til dagsetningar þess samkomulags, þá skal dagsetning sú, sem við á við hverja þá vörutegund, sem fjallað er um í tilslökun, er felst í lista, er fylgir þessari bókun, vera dagsetning þessarar bókunar, án þess þó að brjóta í bága við nokkra þá skuldbindingu, sem kann að vera í gildi þann dag.

b) Að því er tekur til tilvísunar þeirrar, sem felst í málsgr. 6 a) í II. gr. almenna samkomulagsins um dagsetningu samkomulagsins, þá skal dagsetning sú, sem gildir um lista, er fylgir þessari bókun, vera dagsetning þessarar bókunar.

II. Lokaákvæði.

5. a) Bókun þessi skal standa opin til staðfestingar af hálfu þátttakanda, með undirritun eða á annan hátt, til 30. júní 1968.

b) Fulltrúanefndin getur ákveðið að framlengja tímabil það, sem þátttakandi getur staðfest þessa bókun á, en þó eigi fram yfir 31. desember 1968. Slík ákvörðun skal tilgreina reglur þær og skilyrði, sem gilda um lista þann, sem fylgir þessari bókun og varðar þátttakanda þann, sem í hlut á.

6. Bókun þessi skal öðlast gildi hinn 1. janúar 1968 fyrir þá þátttakendur, sem hafa staðfest hana fyrir 1. desember 1967, en fyrir þá þátttakendur, sem staðfesta hana síðar, skal hún öðlast gildi þann

PARTIES at least thirty days before the date of such intended withdrawal.

c) Consultations shall be held upon request, with any participant or any acceding government, the relevant schedule relating to which has become a Schedule to the General Agreement and which has a substantial interest in the product involved.

d) Any concession so withheld or withdrawn shall be applied on and after the day on which the schedule of the participant or the acceding government which has the principal supplying interest becomes a Schedule to the General Agreement.

4. a) In each case in which paragraph 1 b) and c) of Article II of the General Agreement refers to the date of that Agreement, the applicable date in respect of each product which is the subject of a concession provided for in a schedule annexed to this Protocol shall be the date of this Protocol, but without prejudice to any obligations in effect on that date.

b) For the purpose of the reference in paragraph 6 a) of Article II of the General Agreement to the date of that Agreement, the applicable date in respect of a schedule annexed to this Protocol shall be the date of this Protocol.

II — FINAL PROVISIONS

5. a) This Protocol shall be open for acceptance by participants, by signature or otherwise, until 30 June 1968.

b) The period during which this Protocol may be accepted by a participant may be extended, but not beyond 31 December 1968, by a decision of the Council of Representatives. Such decision shall lay down the rules and conditions for the implementation of the schedule annexed to this Protocol relating to that participant.

6. This Protocol shall enter into force on 1 January 1968 for those participants which have accepted it before 1 December 1967, and for participants accepting after that date it shall enter into force on the

dag, sem þeir staðfesta hana, að því tilskildu þó eigi síðar en hinn 1. desember 1967 skuli þátttakendur þeir, sem þá hafa staðfest þessa bókun, eða eru reiðubúnir að gera það, íhuga hvort þeir telji þátttakendur nægilega marga til þess að réttlæta það, að hafin verði lækkun tollataxta samkvæmt ákvæðum 2. málsgr., og ef þeir líta þá svo á að þeir eigi telji þátttakendur nægilega marga til þess, þá skulu þeir tilkynna það aðalframkvæmdastjóranum, sem þá skal fara þess á leit að allir þátttakendur athugi hvernig ástatt er, með það fyrir augum að tryggja staðfestingu sem allra flestra svo fljótt sem auðið er.

7. Bókun þessi skal fengin í vörzlu aðalframkvæmdastjóra samningsaðila, sem skal skjótlega láta sérhverjum aðila að hinu almenna samkomulagi, ásamt Efnahagsbandalagi Evrópu, í té staðfest eftirrit af bókuninni og sömuleiðis tilkynna um sérhverja staðfestingu á henni.

8. Bókun þessi skal skrásett í samræmi við ákvæði 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna.

Gert í Genf 30. júní 1967 í einu eintaki á ensku og frönsku, nema að því leyti sem öðruvísi er tilgreint að því er varðar áætlanir þær, sem fylgja þessari bókun, og skulu báðir textar teljast jafngildir.

dates of acceptance; provided that not later than 1 December 1967 the participants which have accepted or are then prepared to accept this Protocol shall consider whether they constitute a sufficient number of participants to justify the beginning of rate reductions according to paragraph 2, and if they consider that they do not constitute a sufficient number they shall so notify the Director-General who shall request all participants to review the situation with a view to securing the greatest possible number of acceptances at the earliest practicable date.

7. This Protocol shall be deposited with the Director-General to the CONTRACTING PARTIES, who shall promptly furnish a certified copy thereof and a notification of each acceptance thereof, pursuant to paragraph 5 above, to each constracting party to the General Agreement and to the European Economic Community.

8. This Protocol shall be registered in accordance with the provisions of Article 102 of the Charter of the United Nations.

Done at Geneva this thirtieth day of June one thousand nine hundred and sixty-seven, in a single copy, in the English and French languages, except as otherwise specified with respect to the schedules annexed hereto, both texts being authentic.

Ed. 174. Frumvarp til laga [82. mál]

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo.

Aðstöðugjald skal miða við rekstrarútgjöld næstliðið almanaksár samkvæmt ákvæðum skattalaga, þar með taldar fyrningar, vöru- og efnisnotkun.

Aldrei skal reikna aðstöðugjald af hærri uphæð en sem nemi brúttótekjum.

Hafi gjaldandi með höndum fjölþættan atvinnurekstur og verðmæti eru flutt milli atvinnurekstrarþátta, þá skal telja verðmæti, sem þannig eru flutt, til brúttótekna hjá þeim þætti atvinnurekstrarins, sem af hendi lætur, en til aðstöðugjaldsskyldra rekstrarútgjalda hjá þeim þætti, sem á móti tekur.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um álagningu gjaldsins.

2. gr.

Síðasta málsgrein 31. gr. orðist svo:

Útsvör s. l. árs skulu einnig dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd að fullu fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun. Hafi gjalddagar samkvæmt a-lið 47. gr. verið ákveðnir, gildir regla þessi því aðeins, að jafnframt hafi verið gerð full skil á fyrirframgreiðslu eigi síðar en 30. júní álagningarárið. Sé innheimta gjalda til ríkis og sveitarfélags sameiginleg samkvæmt ákvæðum laga nr. 68 27. apríl 1962, um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda, er það enn fremur skilyrði, að öll gjaldfallin, opinber gjöld, sem hin sameiginlega innheimta tekur til, séu að fullu greidd fyrir ofangreind tímamörk.

3. gr.

B-liður 32. gr. orðist svo:

Af hreinum eignum skal greiða eignaútsvar, lagt á eftir sömu reglum og gilda um álagningu eignarskatts, samkvæmt 26. gr. laga nr. 90 7. okt. 1965.

4. gr.

Í stað orðanna: „1962—1967“ í e-lið ákvæða til bráðabirgða komi orðin: „1968—1973“.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 2. málsliður 1. mgr. 31. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. lög nr. 67 21. maí 1965, um breyting á þeim lögum, sjá 2. málslið 2. gr. þeirra laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er flutt samkvæmt eindreginni ósk stjórnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga.

Efni frumvarpsins er í stuttu máli þetta:

1. Skýrari ákvæði um aðstöðugjaldsstofn í samræmi við þá framkvæmd álagningar skattayfirvalda sem tíðkazt hefur. Breytingin er nauðsynleg vegna nýgengins Hæstaréttardóms.
2. Að útsvör verði aðeins frádráttarbær, ef helmingur þeirra er greiddur fyrir 1. júlí ár hvert og hinn helmingurinn fyrir árslok. Samkvæmt núgildandi ákvæðum eru þau dregin frá tekjum, ef þau eru aðeins greidd að fullu fyrir áramót.
3. Að samræma álagningu eignaútsvara álagningu eignarskatts, svo að eignaútsvar verði jafnhátt og eignarskattur. Vegna þeirrar hækkunar, sem nú er áformuð á eignarskatti, verður hér um að ræða möguleika á nokkurri tekjuhækkun hjá kaupstöðum og kauptúnahreppum.
4. Framlengd verði heimild til að víkja frá ákvæðum skattalaga um frádrátt vegna tekna, sem eiginkona aflar, um tapfrádrátt á milli ára, um gjafir til menningarmála o. fl., um sjómannafrádrátt og um varasjóðsfrádrátt. Í e-lið bráðabirgðaákvæða er þessi heimild og gildir hún til ársloka 1967. Nú er lagt til að heimildin gildi áfram árin 1968—1973.

Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar greinar, sem hér fara á eftir.

Um 1. gr.

Skattayfirvöld hafa talið, að þegar verðmæti eru flutt milli þátta í fjölþættum atvinnurekstri hjá sama aðila, þá skuli þau teljast til bruttótekna hjá þeim, sem af hendi lætur, en til aðstöðugjaldsskyldra rekstrarútgjalda hjá þeim þætti atvinnurekstrarins, er á móti þeim tekur. Í rökstuðningi ríkisskattanefndar varðandi þessa framkvæmd skattayfirvalda segir svo:

„Rétt virðist að líta svo á, þegar um er að ræða atvinnurekstur hjá sama aðila, sem í eðli sínu er tvíþættur eða margþættur, skapist sjálfstæður aðstöðugjaldsstofn hjá hverjum atvinnuþætti fyrir sig, þar með talið andvirði millifluttra verðmæta milli hinna ýmsu atvinnuþátta. Slíkur milliflutningur skapi því aðstöðugjaldsstofn, sem vörukaup eða efniskaup hjá þeim þætti atvinnurekstrarins, sem móttekur vöruna eða efnið. **Að öðrum kosti myndi tvíþættur eða margþættur atvinnurekstur greiða minna fyrir sömu aðstöðu en ef hver þáttur hans væri rekinn af sjálfstæðum aðila, og þar með væri gjaldendum mismunað.** Í þessu sambandi má taka sem dæmi aðila, sem rekur fiskiskip og jafnframt frystihús eða vinnslustöð fyrir fiskafurðir. Aðstöðugjaldsstofn af fiskiskipinu yrði rekstrarkostnaður þess. Eigandi frystihússins eða vinnslustöðvarinnar yrði því að reikna andvirði móttekins afla úr eigin fiskiskipi til tekna hjá því, en til gjalda, sem hráefniskaup hjá frystihúsinu eða vinnslustöðinni. Sama myndi og gilda um t. d. andvirði millifluttra vara eða hráefni milli sútunarverksmiðju og skóverksmiðju, milli skóverksmiðju og skóverzlunar, milli ullarverksmiðju og saumastofu eða fataverksmiðju, og frá þeim til heildsölu eða smásöluverzlunar, milli prentunar bóka og tímarita og bóka- eða tímaritaútgáfunnar og þaðan til verzlunarinnar eða áskrifenda, milli húsgagnaverkstæðis- eða verksmiðju til smásöluverzlunar o. s. frv.“

Dómstólar hafa nú talið, að lagaheimild skorti, til að leggja aðstöðugjald á slík rekstrarútgjöld í fjölþættum atvinnurekstri. Er því nauðsynlegt að afla beinnar lagaheimildar til álagningar aðstöðugjalda, þegar um er að ræða fjölþættan atvinnurekstur.

Um 2. gr.

Í grein þessari er gert ráð fyrir tveimur breytingum frá gildandi ákvæðum laga um frádrátt útsvara frá útsvarsskyldum tekjum næsta árs á eftir.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir þeirri reglu, að útsvör síðast liðins árs komi því aðeins til frádráttar við álagningu útsvara, að tilskilinni fyrirframgreiðslu útsvara samkvæmt a-lið 47. gr. laganna verði lokið fyrir 30. júní álagningarárið jafnframt því sem útsvarið sé að fullu greitt fyrir árslok. Samkvæmt núgildandi ákvæðum laga er útsvar frádráttarbært, ef það er að fullu greitt fyrir árslok og njóta því þeir gjaldendur, sem draga greiðslur til síðasta dags ársins sömu kjara og þeir, sem greiða útsvar reglulega á gjalddögum alls ársins.

Þetta nýmæli mundi væntanlega leiðrétta nokkuð þetta misrétti og að auki mundi reglan flýta útsvarsinnheimtu sveitarfélaga og þannig leysa að verulegu leyti úr þeim tímabundnu greiðsluörðugleikum, sem mörg sveitarfélög eiga árlega við að stríða á miðju sumri.

Síðari breytingin tekur einungis til þeirra staða, þar sem notuð hefur verið heimild 1. gr. laga nr. 68 frá 27. apríl 1962 og innheimta opinberra gjalda er sameiginleg. Í Reykjavík hefur þetta fyrirkomulag verið síðan 1. september 1962 og þykir hafa gefið góða raun. Má ætla, að hliðstæður háttur verði víðar tekinn upp við innheimtu opinberra gjalda.

Sameiginleg innheimta er því aðeins raunhæf, að innheimtufé sé skipt milli hinna einstöku gjaldaliða hlutfallslega eftir hlutdeild hvers þeirra í heildarfjárhæð álagðra gjalda samanlagt.

Enda þótt sveitarsjóður fái samkvæmt þessum reglum ekki fulla greiðslu útsvars hjá hverjum einstökum gjaldanda, fyrr en gjaldandinn hefur greitt að fullu öll þau gjöld, sem á hann eru lögð sameiginlega, hefur þótt óvarlegt að skýra gildandi lög á annan veg en þann, að gjaldandinn ætti rétt á útsvarsfrádrætti, þegar hann hefur greitt af hinum sameiginlegu gjöldum fjárhæð, sem er jafnhá útsvari eða hærri. Hefur þessi framkvæmd verið höfð á í Reykjavík frá þeim tíma, er innheimta opinberra gjalda var sameinuð þar. Þykir rétt að setja nú í lögum skýrt ákvæði, sem tryggi þeim sveitarfélögum, er notað hafa og nota vilja heimild laga nr. 68/1962 til sameiginlegrar innheimtu, sömu aðstöðu og hinum, sem ekki hafa samið um þetta innheimtukerfi.

Í samræmi við breytingu þá, sem getið var hér að framan, skal gjaldandi enn fremur hafa verið skuldlaus hinn 30. júní til þess að njóta frádráttar á greiddu útsvari við álagningu næsta ár á eftir.

Um 3. gr.

Samkvæmt 31. gr. laganna skal miða eignaútsvar við eign samkvæmt skattskrá. Nú hefur verið lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um breyting á ákvæðum um eignarskatt, sem gerir ráð fyrir því, að virðing fasteigna til eignarskatts skuli vera nífalt fasteignamatsverð en þó aðeins 4.5 falt fasteignamatsverð á bújörðum með tilheyrandi íbúðarhúsum, peningshúsum og mannvirkjum þar. Þar eð fasteignamat er nú aðeins þrefaldað til eignaútsvars, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1965 hækkar eign til eignaútsvars mjög verulega samkvæmt lögunum og þar af leiðandi eignaútsvörin. Í téðu frumvarpi um breytingu á lögunum um eignarskatt, er lagt til að skattlaus eign hækki úr 100 þús. krónum í 200 þús. krónur og dregur það verulega úr hækkun eignarskattsins, sem annars yrði að óbreyttum skattstigum. Til samræmis þykir nauðsyn bera til þess að breyta skattstigum, sem nú gilda til eignaútsvars. Með ákvæðum þessarar greinar er því lagt til, að eignaútsvar verði hið sama og eignarskattur.

Af þessu leiðir verulega hækkun eignaútsvaranna í kaupstöðum og kauptúnum, sem eftir atvikum er rétt að lögfesta, þar eð nýgerð gengislækkun leiðir af sér útgjaldahækkun sveitarfélaga, sem nauðsynlegt er að mæta með auknum tekjum þeim til handa. Hækkun eignaútsvaranna er spor í þá átt. Í sveitahreppunum verður ekki um að ræða teljandi tekjuhækkun af þessum ástæðum þar eð breytingin á skattstigunum vegur á móti þeirri 50% hækkun virðingarverðs fasteignanna, sem lagabreytingar þessar hafa í för með sér. Á það má hinsvegar benda, að tekjuútsvör í sveitahreppum eru yfirleitt ekki svo há, að nokkur hækkun á þeim vegna fyrirsjáanlegrar útgjaldaaukningar getur naumast talizt varhugaverð.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa, sbr. framanritað.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 175. Frumvarp til laga [83. mál]

um heimild til stöðvunar atvinnurekstrar vegna vanskila opinberra gjalda.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

Þar sem í lögum er mælt fyrir um skyldu kaupgreiðanda til þess að halda eftir opinberum gjöldum af launum starfsmanna og settur er ákveðinn frestur til skila, má innheimtumaður láta lögregluna stöðva atvinnurekstur kaupgreiðanda, þar til full skil eru gerð, með því m. a. að setja verkstofur, skrifstofur, útsölur tæki og vörur undir innsigli. Eigi skal heimilt að beita þessum ákvæðum fyrr en liðinn er mánuður frá lokum skilafrests.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt eindreginni ósk Sambands íslenzkra sveitarfélaga.

Eftir gildandi reglum ábyrgist kaupgreiðandi sem geymslufé þá fjárhæð, sem hann hefur haldið eftir af launum starfsmanns til greiðslu opinberra gjalda hans og fylgir lögtaksréttur hjá kaupgreiðanda til tryggingar greiðslu þess fjár. Hafi kaupgreiðandi eigi skilað fénu innan tiltekins frests, en freistazt til að nota það sem eigið rekstrarfé, hefur hann gerzt sekur um auðgunarbrot samkv. ákvæðum hegningarlaga. Engu að síður eru veruleg brögð að því, að kaupgreiðendur draga að gera skil á opinberum gjöldum starfsmanna sinna og þótt lögtaksinnheimtu sé beitt, þá reynist hún seinvirk og hafa þannig þeir kaupgreiðendur, sem telja sér hag að því, getað notað opinbert fé til eigin reksturs um alllangan tíma. Þegar þannig stendur á þykir því rétt að heimila innheimtumönnum opinberra gjalda að láta lögregluna stöðva atvinnurekstur kaupgreiðanda unz full skil hafa verið gerð og eru ákvæði frumvarpsins að þessu leyti samhljóða gildandi ákvæðum 12. gr. laga um söluskatt nr. 10 frá 22. marz 1960. Á það skal bent, að eigi er gert ráð fyrir heimild til stöðvunar fyrr en vanskilin teljast veruleg, þannig að liðinn er mánuður frá lokum skilafrests.

Nd. 176. Breytingartillaga [77. mál]

við frv. til laga um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl.

Frá Birni Pálssyni, Lúðvík Jósefssyni og Jóni Skaftasyni.

2. gr. orðist svo:

Gengishagnaðarsjóði skal ríkisstjórnin ráðstafa sem hér segir:

a. Allt að 40 millj. króna til áhafna fiskiskipa. Skal því fé skipt þannig, að ákveðin upphæð sé greidd hverjum skipverja fyrir hvern mánuð (eða brot úr mánuði), sem hann hefur verið skráður á fiskiskip árið 1967. Tryggt skal, að fé þetta sé fyrst og fremst notað til þess að greiða opinber gjöld viðkomandi sjómanna. Hafi opinber gjöld verið greidd að fullu, skal fjárupphæðin greidd viðkomandi sjómanni. Aflatryggingasjóður skal annast um þessar greiðslur.
b. Allt að 80 millj. króna til greiðslu á vöxtum af stofnlánum fiskiskipa og fiskvinnslustöðva við Fiskimálasjóð og Fiskveiðasjóð Íslands. Vaxtagreiðslur þessar skulu skiptast milli aðila í hlutfalli við vexti ársins 1967.
c. Allt að 80 millj. króna til greiðslu á vátryggingargjöldum fiskiskipa.
d. Allt að 80 millj. króna til sérstaks gengisjöfnunarsjóðs við Fiskveiðasjóð Íslands, er varið skal til lánveitinga að hálfu og óafturkræfra framlaga að hálfu vegna gengistaps af lánum til fiskiskipa, sem bundin eru gengi erlends gjaldeyris. Stjórn fiskveiðasjóðs setur nánari reglur um sjóð þennan að fengnu samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.
e. Það, sem eftir er af gengishagnaði, skal afhenda Fiskveiðasjóði Íslands til þess að greiða fyrir endurskipulagningu fiskiðnaðarins og til framleiðniaukningar. Fé þetta skal renna til sérstakrar deildar innan Fiskveiðasjóðs Íslands, og setur sjóðsstjórnin nánari reglur um starfsemi deildarinnar.

Nd. **177. Nefndarálit** [77. mál.]

um frv. til laga um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Líklegt er, að gengishagnaðarsjóður muni nema 420 milljónum. Upphæð þessi er hluti af verðmætum, sem fiskiskip, vinnslustöðvar og fólk, sem vinnur að öflun sjávarafurða, hefur skapað. Þetta fé er því réttmæt eign þessara aðila, en er af þeim tekið með því að greiða afurðirnar í verðminni krónum en gert var ráð fyrir í upphafi. Þessu fé ber því að skila til réttra aðila eftir þeim leiðum, sem hagkvæmastar eru.

Gera má ráð fyrir, að 93 milljónir fari til þess að fullnægja ákvæðum 1. gr. frumvarpsins. Eru þá eftir 327 milljónir. Samkv. 2. gr. á ¼ hluti þess fjár að fara til að greiða tryggingargjöld, ¾ hlutar eða ca. 240 milljónir eiga að afhendast Fiskveiðasjóði Íslands til eignar og umráða. Fiskveiðasjóður er eign ríkisins eins og Búnaðarbankinn. Hann hefur ekki aflað þessara verðmæta, og er því um ránsfeng að ræða. Sjómenn munu hafa allt að hálfu minni tekjur árið 1967 en árið 1966. Þeir þurfa að greiða há opinber gjöld frá fyrra ári, sem ógerlegt er fyrir þá að inna af hendi jafnhliða því að sjá fyrir sér og sínum. Allir, sem til þekkja, vita, að hagur sjómanna er mjög þröngur nú og hvergi er lán að fá. Við leggjum því til, að 40 milljónir séu greiddar til sjómanna til að hjálpa þeim yfir tímabundna erfiðleika og greiða fyrir því, að opinber gjöld séu greidd, því að mörg bæjarfélög búa við þröngan fjárhag.

Fjárhagur útgerðarfyrirtækja og fiskvinnslustöðva er mjög þröngur. Ársvextir þessara aðila við Fiskveiðasjóð munu nema 100—120 milljónum. 13 milljónir hafa verið greiddar af vöxtum ársins 1967. Það er ljóst, að vextir og afborganir verða eigi greiddar í Fiskveiðasjóð í ár nema að mjög litlu leyti. Útgerðarmenn vita, að vonlaust er að inna umsamdar greiðslur af hendi, nema afli og verðlag sé mjög hagstætt. Sjávarútvegsnefnd er sammála um, að fiskveiðasjóður þurfi að fá ca. 240 milljónir af fé gengishagnaðarsjóðs. Ágreiningurinn er aðeins um það, hvort fé þetta á að koma útvegsmönnum og sjómönnum að gagni að einhverju leyti eða hvort á að afhenda það Fiskveiðasjóði til eignar. Fyrir Fiskveiðasjóð er óhagkvæmast, ef skuldunautar hans gefa upp alla von um, að þeir geti staðið í skilum. Fiskveiðasjóður þarf að fá fé til að geta staðið við skuldbindingar sínar. Um það er enginn ágreiningur. Ágreiningurinn er um það, hvort afla á Fiskveiðasjóði fjár með því að ræna raunverulegri eign sjómanna og útgerðarmanna og skilja þá eftir fjárvana og vonlausa, eða hvort á að leyfa nefndum aðilum að nota það fé, sem þeir hafa ómótmælanlega aflað, til að greiða hluta af skuldavöxtum, svo að þeir glati ekki allri von um að geta staðið í skilum og týni niður viðskiptalegu siðgæði. Við höldum því fram, að síðari leiðin sé hagkvæmari fyrir Fiskveiðasjóð. Illur fengur verður jafnan til lítilla nytja. Við leggjum því til, að 80 milljónum af tekjum gengishagnaðarsjóðs verði varið til greiðslu á vöxtum af stofnlánum útgerðar og fiskvinnslustöðva.

Við leggjum til, að 80 milljónir gangi til Fiskveiðasjóðs vegna ógreiddra erlendra skulda. Hins vegar leggjum við til, að þessi upphæð verði óafturkræf að hálfu. Álítum við það sanngjarnt, því að ekki eiga eigendur þeirra skipa, sem keypt hafa verið erlendis frá, sök á því frekar en aðrir, að gengi íslenzkrar krónu var lækkað. Ástæða er til að ætla, að hagstæðara hafi verið að byggja skipin ytra miðað við óbreytt gengi, og því ekki ástæða til að bæta gengislækkunina að fullu.

Eigi verður um það deilt, að afkoma sjávarútvegsins hefur verið það slæm í ár, að leita þarf áratugi aftur í tímann til að finna hliðstæðu. Það er því ástæðulaust og andstætt stefnu og eðli málsins að taka verulega upphæð í ár frá sjávar-

útvegi í verðjöfnunarsjóð. Þar er einnig um sérmál að ræða, óviðkomandi gengishagnaði, sem þarf ýtarlegrar athugunar við. Við leggjum því til, að 3. gr. frumvarpsins falli niður.

Alþingi, 18. des. 1967.

Björn Pálsson, frsm. Jón Skaftason.

Nd. 178. Nefndarálit [77. mál.]

um frv. til laga um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls, en það er nú til meðferðar í síðari deild. Undirritaðir mæla með frv. óbreyttu, en minni hluti nefndarinnar, þeir LJós, BP og JSk, skilar séráliti og flytur breytingartillögur.

Við meðferð frv. í Ed. voru gerðar á því veigamiklar breytingar, eftir að sjávarútvegsnefndir beggja deilda höfðu kynnt sér efni þess á sameiginlegum fundi. Þær breytingar voru gerðar í samráði við þingflokka Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins, þar á meðal undirritaða, og urðu til þess, að frv. var afgreitt samhljóða frá Ed.

Vegna orðalags á a-lið 1. gr. frv. viljum við taka fram, að við teljum, að greiða beri hækkaðan rekstrarkostnað vegna gengisbreytingarinnar af öllum sjávarafurðum, sem afreiknaðar verða á gamla genginu, einnig þótt slíkur kostnaður falli á þær eftir árslok 1967.

Alþingi, 18. des. 1967.

Birgir Finnsson, form., frsm. Sverrir Júlíusson, fundaskr. Guðl. Gíslason.

Pétur Sigurðsson.

Nd. 179. Nefndarálit [77. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í nefndinni töldu sig ekki geta breytt frumv. og vildu því samþykkja það óbreytt. Fulltrúar Framsóknarflokksins og ég töldum hins vegar nauðsynlegt, að gerðar yrðu ýmsar breytingar á frumvarpinu, og flytjum við því saman breytingartillögur á sérstöku þingskjali.

Með frumv. þessu gerir ríkisstjórnin tillögur um ráðstöfun á svonefndum gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum. Í rauninni er hér ekki um beinan gengishagnað að ræða nema að nokkru leyti. Sú verðhækkun, sem til fellur af útflutningsvörum, sem framleiddar eru eftir gengisbreytingardag og til áramóta, getur ekki kallazt gengishagnaður, og þannig er einnig varið verðhækkunum á vörubirgðum, að því leyti sem á þær hlýtur að falla aukinn kostnaður vegna gengisbreytingarinnar.

Samkvæmt upplýsingum, sem fram hafa komið, er talið, að verðmæti þeirrar útflutningsframleiðslu ársins 1967, sem falla undir ákvæði frumvarpsins, muni nema um 1700 millj. króna og verðhækkun hennar verði um 400 milljónir króna. Frumvarpið fjallar um, hvernig skipta skuli umræddum 400 milljónum króna, sem teknar verða af útflutningi ársins 1967 og í fyrstu verða lagðar inn á sérstakan reikning í Seðlabankanum.

Í upphaflegum tillögum ríkisstjórnarinnar, eins og þær komu fram í frv., þegar það var lagt fyrir efri deild, var gert ráð fyrir, að um 145 milljónum króna af heildarfjárhæðinni yrði varið til beinna þarfa útvegsins, aðallega til greiðslu vátryggingariðgjalda og til greiðslu á beinum kostnaðarauka vegna gengisbreytingarinnar. En 255 milljónum króna átti að verja til framlaga í ýmsa sjóði og sem nýjum tekjuauka í ríkissjóð.

Í efri deild hefur frv. tekið allmiklum breytingum til bóta, og má það einstakt telja, þar sem hér er um stjórnarfrumvarp að ræða og án efa samið af sérfræðingum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, en slíkum frumvörpum hefur aldrei mátt breyta, svo að nokkru næmi, varla er hægt að segja, að á þeim hafi mátt gera augljósar leiðréttingar.

Eftir breytingar þær, sem gerðar voru á frv. í efri deild, má áætla, að ráðgert sé, að beinar greiðslur til útvegsins samkv. frv. geti numið um 170 milljónum króna, en greiðslur til ýmissa sjóða verði um 230 milljónir.

Eins og kunnugt er, hefur aðalröksemdin fyrir gengislækkuninni verið sú, að hagur sjávarútvegsins væri orðinn með þeim hætti, að óhjákvæmilegt væri að koma honum til hjálpar. Það hefur verið á allra vitorði, að svo var komið, að nær allar greinar útvegsins voru reknar með tapi. Við það hefur svo bætzt, að óvenjuerfitt tíðarfar á þessu ári hefur stórkostlega dregið úr aflamagni, og auk þess hefur orðið verulegt verðfall á ýmsum útflutningsafurðum.

Af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur sérstök áherzla verið lögð á það mikla áfall, sem sjávarútvegurinn hefur orðið fyrir á þessu ári, og því haldið fram, að útflutningsverðmætið muni minnka um 1500—2000 milljónir króna. Allir vita, að þetta áfall hefur skollið með miklum þunga á sjómönnum og útvegsmönnum og reyndar einnig á öllum þeim, sem við sjávarframleiðsluna vinna.

Enginn vafi er á því, að vegna minni afla og lægra verðlags hafa sjómenn tekið á sig kauplækkun, sem nemur nokkrum hundruðum milljóna króna, og hið sama er að segja um eigendur fiskiskipanna. Augljóst er, að fiskvinnslustöðvarnar hafa einnig orðið fyrir áfalli af þessum ástæðum og tekjur þeirra, sem hjá þeim vinna, hafa stórlækkað.

Það hlýtur því að vekja undrun allra, að þegar um það er að ræða að ráðstafa um 400 milljón króna verðhækkun á framleiðslu þeirra, sem orðið hafa fyrir þessum stórkostlegu áföllum, þá telur ríkisstjórnin réttmætt að taka meginhlutann af verðhækkuninni frá þessum aðilum og afhenda hana til eignar ýmsum sjóðum. Gengislækkunin átti að vera gerð til þess að rétta við fjárhag sjávarútvegsins, en samkvæmt því, sem nú er ráðgert, er ljóst, að ætlunin er ekki sú. Ætlunin er sú að nota gengislækkunina til fjáröflunar fyrir ýmsa sjóði, og eins og fram kemur í ýmsum öðrum tillögum frá ríkisstjórninni til fjáröflunar fyrir ríkissjóð.

Það er skoðun mín, að ráðstafa eigi allri þeirri verðhækkun á útflutningsvörum, sem til fellur, í því skyni að bæta afkomu útflutningsatvinnuveganna og þeirra, sem við þá vinna.

Ég tel, að verja hefði þurft meira fé samkv. 1. gr. frv. til stuðnings við skreiðarframleiðendur og síldarverksmiðjur. Enginn vafi leikur á, að þessir aðilar hafa orðið fyrir miklu áfalli vegna lokunar markaða og mikils verðfalls.

Í tillögum þeim, sem ég flyt á sérstöku þingskjali ásamt þeim Birni Pálssyni og Jóni Skaftasyni, er lagt til að verja 40 milljónum króna til sérstakrar hækkunar á kaupi sjómanna og þeirri fjárhæð verði fyrst og fremst varið til að greiða

opinber gjöld þeirra á þessu ári. Hlutarsjómenn eiga að réttu lagi nokkurn hluta þeirrar verðhækkunar, sem hér kemur fram, m. a. af þeim afla, sem veiddur er eftir gengisbreytingardag.

Hlutarsjómenn eiga nú í miklum fjárhagserfiðleikum, þar sem aflahlutur þeirra hefur stórminnkað á þessu ári, en hins vegar hvíla á þeim mikil og há opinber gjöld vegna góðra tekna árið áður. Óhjákvæmilegt er að hlaupa undir bagga með sjómönnum í þessum efnum, og sýnist þá eðlilegt að greiða þeim nokkurn hluta verðhækkunarinnar, sem verður á útfluttum afurðum.

Þá er í tillögum okkar gert ráð fyrir, að 80 milljónum króna verði varið sem beinum greiðslum á vaxtagjöldum sjávarútvegsins af lánum í Fiskveiðasjóði og Fiskimálasjóði. Við teljum algerlega óeðlilegt, að verðhækkunin vegna gengisbreytingarinnar verði látin renna sem gjöf til Fiskveiðasjóðs.

Fiskveiðasjóður er öflugur sjóður, sem stendur fjárhagslega vel, ef hann fær umsamdar greiðslur af lánum skilvíslega greiddar. Það, sem Fiskveiðasjóð skiptir því mestu máli, er það, að útgerðarfyrirtækin, sem hann hefur lánað, búi við hagstæðan rekstur og geti greitt af lánum sínum.

Í tillögum okkar er gert ráð fyrir að verja 80 milljónum króna til sérstakra ráðstafana vegna gengistapa, sem fiskiskipaeigendur verða fyrir við gengisbreytinguna. Við leggjum til, að helmingur þessarar fjárhæðar teljist sem framlag skipaeigenda, en hinn helmingurinn gangi sem viðbótarlán Fiskveiðasjóðs til þeirra, sem fyrir gengistöpunum verða.

Meginatriðin í tillögum okkar eru því þau, að umræddum 400 milljónum króna verði varið til sjávarútvegsfyrirtækja og til hlutarsjómanna, en ekki til stofnframlaga í ýmsa sjóði.

Alþingi, 18. des. 1967.

Lúðvík Jósefsson.

Ed. 180. Frumvarp til laga [84. mál]

um breyting á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Bjarni Guðbjörnsson, Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Öll lán Fiskveiðasjóðs til fiskiskipa skulu tryggð með 1. veðrétti í skipunum. Til nýrra fiskiskipa, sem smíðuð eru innanlands mega lán nema 85% kostnaðar — eða matsverðs, þess er lægra reynist, en allt að 67% kostnaðar — eða matsverðs með sama hætti, séu skipin smíðum erlendis.

Enn fremur er Fiskveiðasjóði heimilt að lána út á eldri skip, sem endurbyggð hafa verið, allt að 45% af matsverði skipanna, enda hafi matið verið framkvæmt af trúnaðarmönnum Fiskveiðasjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur átt sér stað allmikil uppbygging skipasmíðastöðva í landinu. Byggðar hafa verið dráttarbrautir og skipasmíðastöðvar í öllum landsfjórðungum og þessi fyrirtæki búin allgóðum tækjum og sums staðar mjög góðum tækjum.

Við rekstur þessara skipasmíðastöðva hafa verið bundnar miklar vonir í sambandi við atvinnuuppbyggingu þeirra byggðarlaga, þar sem þau eru staðsett. En þessar skipasmíðastöðvar hafa verið verkefnalitlar og sumar verkefnalausar hvað nýsmíði skipa snertir, því að sú endurnýjun bátaflotans, sem átt hefur sér stað, hefur að langmestu leyti stafað af innflutningi skipa erlendis frá. Þeir, sem lagt hafa í þau stórræði að kaupa ný skip, hafa talið hagkvæmara að láta byggja þau erlendis. Flm. þessa frumvarps telja þó þann hagnað mjög vafasaman, þegar allt er tekið með í reikninginn. Verður t. d. að telja það mjög óhagkvæmt, séð frá þjóðhagslegu sjónarmiði, að nýta ekki það vinnuafl, sem fyrir hendi er í þessum iðnaði og sannanlega getur innt af hendi þessi verkefni. Auk þess hlýtur það að verða þannig, ef engin nýsmíði á sér stað í þessum iðnaðarfyrirtækjum, að iðnaðarmennirnir kunna bókstaflega ekki að framkvæma þær viðgerðir, sem óhjákvæmilega verður að viðhafa í sambandi við flokkunarviðgerðir á hinum nýju stálskipum, en að því kemur nú sem óðast, að slíkar viðgerðir þurfi að fara fram.

Það hlýtur að vera mikið hagsmunamál hins íslenzka skipasmíðaiðnaðar, að slíkar viðgerðir verði framkvæmdar hér innanlands, enda ekki vansalaust slíkri þjóð sem Íslendingum, sem á svo til allt sitt undir fiskveiðum komið, að bæði nýsmíði og viðgerðir fiskiskipa fari fram erlendis.

Eitt af þýðingarmestu atriðum í sambandi við skipasmíðar innanlands eru lánamálin. Er ekki óeðlilegt, að lán til skipa, sem byggð eru innanlands, séu mun hærri en lánin til skipa, sem byggð eru erlendis. Enda þótt mismunur á lánum í þessu efni hafi verið nokkur, teljum við, sem að þessu frumvarpi stöndum, þann mismun of lítinn, og leggjum því til, að sá mismunur verði enn meiri og að lána skuli 85% af kostnaðar- eða matsverði. Verði þetta samþykkt, mun það hafa í för með sér mjög auknar skipasmíðar innanlands, öllum til mikilla hagsbóta.

Flm. þessa frumvarps er ljóst, að margt annað þarf að gera til eflingar skipasmíðaiðnaðinum, sem vinda verður bráðan bug á að koma í framkvæmd, en það verður að gerast á öðrum vettvangi en hér er rætt um.

Hvað viðvíkur lánum til eldri skipa, er rétt að taka fram, að slík lán hafa verið veitt í vissum tilfellum og þá með aukaveðum. Hins vegar hafa þau lán verið mjög lág og hvergi nærri komið að því gagni, sem þyrfti. Hér er lagt til að koma til móts við þá, sem lagt hafa fjármuni í að endurbyggja gömul skip, sem talin hafa verið mjög vel nothæf, einmitt í sambandi við þær veiðar, sem einna þýðingarmestar verða að teljast, bolfiskveiðar til hráefnisöflunar fyrir frystihúsin. En út á þessi skip hafa engin viðhlítandi lán fengizt.

Nd. 181. Nefndarálit [41. mál]

um frv. til l. um Bjargráðasjóð Íslands.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 18. des. 1967.

Guðl. Gíslason, form., frsm.
Bragi Sigurjónsson, fundaskr.
Jón Skaftason.
Hannibal Valdimarsson.
Matthías Bjarnason.
Stefán Valgeirsson.
Friðjón Þórðarson.

Nd. **182. Frumvarp til laga** [23. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. des.)

Samhljóða þskj. 23 með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:

Í stað orðsins í 51. gr. 1. málsgr.: „sjúkrasamlög" komi: sjúkrasamlög og héraðssamlög.

Í stað orðanna í 51. gr. 2. mgr.: „49. gr. b. og c." komi: 49. gr. 4. mgr. a. og b.

Í stað 51. gr. 3. mgr. komi:

Frá og með 1. janúar 1969 skulu daggjöld opinberra sjúkrahúsa, hæla og annarra stofnana, sem 1.—3. mgr. 49. gr. tekur til, svo og gjaldskrár sömu stofnana vegna þjónustu við sjúklinga, sem ekki eru lagðir inn, greidd samkvæmt ákvörðun 5 manna nefndar, sem er þannig skipuð: Fjármálaráðherra skipar einn, Tryggingastofnun ríkisins skipar einn, Landssamband sjúkrahúsa skipar einn, Samband íslenzkra sveitarfélaga skipar einn og heilbrigðismálaráðherra skipar einn, sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Verði atkvæði jöfn í nefndinni, ræður atkvæði formanns.

Nefndin ákveður daggjöld og gjaldskrá á þann hátt, að heildartekjur stofnananna miðast við að standa straum af eðlilegum rekstrarkostnaði, enda séu gjöldin í samræmi við hagkvæman rekstur og þá þjónustu, sem stofnunin veitir. Heilbrigðismálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfssvið nefndarinnar og framkvæmd.

Sé um sjálfseignarstofnun eða einkaaðila að ræða, jafngildir það samningi, ef hlítt er ákvörðun nefndarinnar um daggjöld, er vera skulu í einu lagi fyrir vist og þjónustu, en að öðrum kosti getur Tryggingastofnunin ákveðið, að sjúklingum skuli endurgreidd tiltekin upphæð fyrir hvern legudag upp í kostnaðinn.

10. gr. hljóðar svo:

55. gr. orðist svo:

Ríkissjóður greiði Tryggingastofnuninni framlag til sjúkratrygginga, er nemur 25% greiddra sjúkrasamlagsiðgjalda samlagsmanna. Framlag þetta greiðist með jöfnum greiðslum mánaðarlega.

Tryggingastofnun ríkisins heldur eftir hluta af framlagi ríkissjóðs til þess að standa undir útgjöldum sjúkratryggingadeildar samkvæmt áætlun, sem stofnunin skal gera árlega fyrir hvert almanaksár og senda öllum sjúkrasamlögum fyrir lok nóvembermánaðar. Áætlunin skal við það miðuð, að leiðrétting náist á þeim mismun, sem orðið hefur á áætlun og ársreikningi síðastliðins árs, og enn fremur skal taka tillit til nauðsynlegrar endurskoðunar á áætlun yfirstandandi árs. Auk áætlaðra útgjalda má gera ráð fyrir tillagi til varasjóðs allt að 2% af útgjöldum sjúkratryggingadeildar.

Sá hluti af framlagi ríkissjóðs, sem ekki fer til sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar, rennur til sjúkrasamlaga og skiptist milli þeirra í hlutfalli við greidd iðgjöld. Enn fremur greiðir hlutaðeigandi sveitarsjóður framlag til sjúkrasamlagsins, sem nemur 85% greiddra iðgjalda.

Framlög til samlaga samkvæmt þessari grein greiðast ársfjórðungslega eftir á og miðast í hvert sinn við innheimt iðgjöld á ársfjórðungum. Þar sem iðgjöld til sjúkrasamlaga eru greidd í einu lagi fyrir hálft eða heilt ár, greiðast þó framlögin í samræmi við það. Séu framlögin ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða vexti frá gjalddaga, eru séu 1% hærri en hæstu útlánsvextir banka á hverjum tíma.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Þeim sjúklingum, sem úrskurðaðir hafa verið styrkhæfir samkvæmt lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla og njóta styrks vegna dvalar í sjúkrahúsi eða hæli hinn 31. desember 1967, skal tryggð sjúkrahúss- eða hælisvist, af sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunarinnar frá 1. janúar 1968 án tilltis til, um hve langa vist hefur verið að ræða.

Lífeyristryggingarnar greiða, án sérstaks úrskurðar um örorku til langframa, sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra, sem tryggð er sjúkrahúss- eða hælisvist samkvæmt 1. málgr. þessarar greinar.

Frá því að dvöl samkvæmt 1. málsgr. lýkur eða hún telst ekki lengur nauðsynleg, fer um tryggingu sjúkrahúss- og hælisvistar og greiðslu sjúkrasamlagsiðgjalda eftir almennum ákvæðum laga þessara.

Á árinu 1968 skal framlag ríkissjóðs samkv. 1. mgr. 55. gr. vera 170% greiddra sjúkrasamlagsiðgjalda samlagsmanna, og framlag sveitarsjóðs samkv. 3. mgr. skal vera 65% greiddra iðgjalda.

Daggjöld samkv. 51. gr., sbr. 49. gr., skulu á árinu 1968 ákveðin á sama hátt og verið hefur.

Sú leiðrétting, sem ákveðin er í 4. mgr. 24. gr. laganna á framlögum hinna tryggðu og atvinnurekenda, sbr. b- og d-liði 2. mgr. 23. gr. laganna, fyrir árið 1967, skal falla niður. Halli, sem af þessu leiðir, skal tekinn úr varsjóði lífeyristrygginga.

Athuga skal möguleika á að draga úr kostnaði við rekstur Tryggingastofnunar ríkisins, með því að semja við banka eða sparisjóði um, að þær stofnanir annist útborgun á bótum frá almannatryggingunum.

Nd. 183. Lög [35. mál]

um breyting á framfærslulögum, nr. 80 5. júní 1947.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 35.

Nd. 184. Lög [52. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 54.

Ed. 185. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um frv. Við erum samþykkir því, að tekjufrádráttur hjá sjómönnum við skattálagningu sé gerður viðtækari en hann er nú, svo sem lagt er til í 1. gr. frv., en við erum því andvígir, að þeim álögum, sem fjallað er um í frv. að öðru leyti, sé nú bætt á almenning, sem verður nú að taka á sig miklar byrðar vegna gengislækkunarinnar. Ríkissjóður þarf ekki á þessari skattlagningu að halda vegna þeirra auknu ríkistekna, er af gengisbreytingunni leiðir.

Það er auk þess skoðun okkar, að fasteignir eigi fyrst og fremst að vera skatt-

stofn fyrir sveitarfélögin. Við leggjum því til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, að 2. gr. verði felld brott.

Ef ekki verður fallizt á tillögu okkar um að fella niður 2. gr. frv., munum við flytja breytingartillögur við 3. umr. frv. og freista þannig nokkurrar lagfæringar á ákvæðum þess varðandi álagið á fasteignamat og skattfrjálsa eign við útreikning á eignarskatti.

Alþingi, 18. des. 1967.

Einar Ágústsson, frsm. Bjarni Guðbjörnsson. Björn Jónsson.

Ed. 186. Breytingartillaga [75. mál]

við frv. til l. um breyt á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Einari Ágústssyni, Bjarna Guðbjörnssyni og Birni Jónssyni.

2. gr. frv. falli niður.

Nd. 187. Frumvarp til laga [85. mál]

um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Sigurvin Einarsson, Ágúst Þorvaldsson, Halldór E. Sigurðsson, Björn Pálsson.

1. gr.

4. málsgrein 7. gr. laganna orðist svo:
Lán til húsa er heimilt að veita í áföngum, eftir að hús er fokhelt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í gildandi lögum er bannað að lána út á byggingar í sveitum, fyrr en þær eru fullgerðar, að undanskildum lánum til íbúðarhúsa. Hér er um að ræða óhentugt fyrirkomulag, sem bæta þarf úr.

Algengast er að hefja útihúsabyggingar að vori, þó að slíkt fari alltaf eftir tíðarfari og fleiru. Bændum, sem ráðast í slíkar framkvæmdir, er yfirleitt nauðsynlegt að fá stofnlán fyrir áramót. Slík lán eru nú aðeins veitt í heilu lagi og ekki fyrr en framkvæmd er lokið. Möguleikinn til að fá lán á árinu er því einungis fyrir hendi, takist að ljúka framkvæmdinni að fullu fyrir miðjan nóvember eða um það bil, þ. e. svo snemma, að hægt sé að afhenda Stofnlánadeildinni vottorð byggingafulltrúa og virðingargjörð í tæka tíð.

Til þess að ná þessu marki verða menn oft á tíðum að leggja í aukakostnað við vinnu og fleira, og verða byggingarnar af þessum ástæðum dýrari en ella. Þó getur svo farið vegna tíðarfars og af öðrum ástæðum, að ekki takist að ljúka verkinu á tilsettum tíma, og verður bóndinn þá af láninu í það sinn og getur orðið að bíða jafnvel heilt ár í viðbót. Nú eru líka mörg útihús, t. d. fjós og fjárhús, það stór og mikið til þeirra vandað á ýmsan hátt, að tæpast er rétt að gera ráð fyrir, að þeim verði lokið á einu ári.

Flm. telja því, að breyta beri lögunum á þá leið, að veita megi stofnlán til útihúsa í áföngum, þannig að hægt sé að fá verulegan hluta láns, þegar hús er fokhelt, og að veitt verði viðbótarlán síðar.

Flm. er ljóst, að fleiri breytingar þyrfti að gera á lögum þessum. T. d. þyrfti að lengja lánstímann og lækka vexti. En þar sem kunnugt er um ágreining á Alþingi um þau mál, telja flm. eftir atvikum ráðlegt, að þetta frumvarp fjalli um þá breytingu eina, sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

Ed. 188. Breytingartillaga [75. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Páli Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Í stað „sex“ í 2. málsgr. komi: þrjá.

Sþ. 189. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1968.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar (HS, GeirG, ÁÞ, IG).

		Þús. kr.
1.	Við 3. gr. 2 10 1. Liðurinn orðist svo:	
	Aðflutningsgjöld 2 107 000	
	Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 105 350	
		2 001 650
2.	Við 4. gr. 1 01 317. Nýr liður:	
	Byggingarsjóður barna- og gagnfræðaskóla	25 000
	Til ráðstöfunar við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1969.	
3.	Við 4. gr. 1 03 402 Viðfangsefni.	
	a. Við 02 Rafvæðing í sveitum.	
	Fyrir „22 140“ kemur	32 140
	b. Við 04 Lán til jarðhitaleitar o. fl.	
	Fyrir „3 000“ kemur	8 000
4.	Við 4. gr. 1 05 301 Viðfangsefni 02 Framlag samkv. 4. gr. laga nr. 19/1965.	
	Fyrir „40 000“ kemur	90 000
5.	Við 4. gr. 1 05 302 Byggingarsjóður verkamanna 0 91 Til fyrirtækja í B-hluta.	
	Fyrir „15 000” kemur	20 000
6.	Við 4. gr. 1 05 999 Viðfangsefni.	
	a. Við 02 Elliheimili.	
	Fyrir „680“ kemur	1 500
	b. Við 06 Sumardvalarheimili o. fl.	
	Fyrir „750“ kemur	1 500
	c. Við 12 Mæðrastyrksnefndir.	
	Fyrir „120“ kemur	250
	d. Við 47 Dagheimili, byggingarstyrkir.	
	Fyrir „500“ kemur	1 500
7.	Við 4. gr. 1 07 111 Vegagerð 0 91 Til fyrirtækja í B-hluta.	
	Fyrir „15 000” kemur	47 000

8. Við 6. gr. XVI. Nýir liðir:
   a. Að taka lán, svo að hægt sé að greiða á næstu þremur árum ógreidd framlög ríkissjóðs vegna skólabygginga, sjúkrahúsa, læknisbústaða, hafnargerða, íþróttasjóðs og félagsheimilasjóðs.
   b. Að taka lán til raforkuframkvæmda, eftir því sem þörf krefur, til þess að rafveitur ríkisins geti lagt raflínur á árunum 1968 og 1969 til allra heimila, sem ekki hafa rafmagn frá samveitum, á þeim svæðum, þar sem meðallínulengd milli býla er 2 km eða styttri.

Ed. 190. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggur meiri hl. til, að það verði samþ. óbreytt, en minni hl. mun skila séráliti.

Alþingi, 18. des. 1967.

Geir Hallgrímsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Sveinn Guðmundsson.
Pétur Benediktsson.

Ed. 191. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Við leggjum til, að frv. þetta sé fellt.

Við athugun málsins kom hæstv. fjármálaráðherra á fund nefndarinnar og upplýsti, að e. t. v. mundi hann nota undanþáguheimild 20. gr. laganna til þess að innheimta ekki söluskatt af póst- og símaþjónustu á næsta ári og mundi sú afstaða ráðast af því, hvort þessi fyrirtæki kæmust af án þess að hækka gjaldskrár sínar eða ekki. Ef athugun sú, sem nú er sagt að yfir standi, leiðir til þess, að gjaldskránar þurfi að hækka, þá verður 7½% hækkun vegna söluskattsins bætt þar ofan á, verði frv. samþykkt. Miklar líkur eru þess vegna á því, að samþykkt frumvarpsins muni leiða til verulegrar hækkunar á þjónustu pósts- og síma, ef ekki strax, þá síðar. Við teljum fráleitt að lögfesta slíka dýrtíðaraukningu nú, þegar almenningur í landinu þarf að mæta stórfelldum útgjaldaauka vegna gengisfellingarinnar án bóta og allur atvinnurekstur berst í bökkum.

Við teljum, að til greina geti komið að taka einhvern hluta af rekstrarafgangi pósts og síma til annarra ríkisþarfa, eins og ráðgert var í fjárlagafrumvarpi 1968, en fráleitt að hækka nú afnotagjöld og aðra þjónustu þessara stofnana, eins og hér virðist að stefnt. Gjöld almennings og atvinnufyrirtækja eru sannarlega nógu há eins og þau eru.

Alþingi, 18. des. 1967.

Einar Ágústsson, form. Bjarni Guðbjörnsson. Björn Jónsson.

Nd. 192. Frumvarp til laga [86. mál]

um breyting á lögum nr. 65 frá 13. maí 1966, um hægri handar umferð.

Flm.: Steingrímur Pálsson, Þórarinn Þórarinsson, Jónas Árnason, Ágúst Þorvaldsson, Stefán Valgeirsson.

1. gr.

2. málsgr. 17. gr. laganna orðist þannig:

Ákvæði 1. gr. koma þó eigi til framkvæmda fyrr en á þeim degi apríl-, maí- eða júnímánaðar 1969, sem dómsmálaráðherra ákveður, að fenginni tillögu framkvæmdanefndar, enda hafi þá áður verið samþykkt við þjóðaratkvæðagreiðslu að taka upp hægri handar umferð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum frá 13. maí 1966 var ákveðið, að tekin skyldi upp hægri handar umferð á íslenzkum vegum. Var frumvarp um þetta efni samþykkt á Alþingi 3. maí með 36 atkvæðum gegn 17, en 7 þingmenn tóku ekki afstöðu til málsins. Lagafrumvarpið, sem samþykkt var, hafði verið undirbúið af sérstakri umferðarlaganefnd, skipaðri af dómsmálaráðherra, samkvæmt tillögu til þingsályktunar, sem samþykkt var á Alþingi 13. maí 1964. — Í lögunum er svo kveðið á, að þau skuli koma til framkvæmda á tímabilinu apríl til júní 1968, og hefur nú verið ákveðið, að breytingin taki gildi hinn 26. maí 1968 eða eftir tæplega hálft ár.

Allur undirbúningur, meðferð og ákvarðanir í sambandi við þetta mál hefur frá upphafi sætt mikilli og margvíslegri gagnrýni fjölda manna, og hefur komið æ betur í ljós, eftir því sem það hefur lengur verið á döfinni, að stór hluti kjósenda eru þessari lagasetningu andvígur. Um þetta vitna þúsundir undirritaðra mótmæla, sem fram komu, meðan málið var til meðferðar á Alþingi og einnig síðar, bæði frá einstaklingum og félagssamtökum. Er vafamál, að nokkurt ópólitískt mál hafi um áratuga skeið valdið svo almennri og harðri andstöðu. Aðeins fáir aðilar hafa hins vegar mælt með ráðagerðum þessum á fyrri stigum málsins, og þegar meðmælin komu frá félagssamtökum, varð raunin æði oft sú, að þau höfðu verið gefin af fyrirsvarsmönnum viðkomandi samtaka í fullri óþökk og andstöðu við flesta þá, sem samtökin skipa. Virðist svo, að einstaka stjórnir félagssamtaka hafi að lítið eða ekki athuguðu máli lagt trúnað á órökstuddar eða lítt rökstuddar fullyrðingar um ágæti þessarar gerbreytingar á umferðarlögunum, en hafi hins vegar láðst að gæta þeirrar skyldu sinnar að kynna félagsmönnum sínum eðli málsins, rök og gagnrök. Slík meðmæli með frumvarpinu áttu örugglega ríkan þátt í að fleyta því í gegn til samþykktar á Alþingi, þótt síðan hafi sannazt, að aðeins fáir liðsmenn í viðkomandi samtökum hafi í raun verið þeim samþykkir, svo sem sannað er með nær einróma mótmælum fjölmargra félagsdeilda innan samtakanna.

Með þessu frumvarpi er lagt til að fresta framkvæmd hægri handar umferðar á Íslandi í eitt ár. Eins og kunnugt er, hefur nú verið boðuð stórkostleg kjaraskerðing, og það hefur verið sérstaklega brýnt fyrir þjóðinni, að hún verði að sýna þegnskap og þjóðhollustu með því að taka á sínar herðar tímabundna kjaraskerðingu og hjá því verði ekki komizt, — en á sama tíma er svo ákveðið að breyta umferð frá vinstri til hægri — framkvæmd, sem ef til vill mun kosta hundruð millj. króna. Þó að kostnaðaráætlun varðandi breytinguna sé talin vera 50 milljónir ísl. króna, er vitað, að hún verður margfalt dýrari. T. d. áætluðu Svíar, að breytingin hjá þeim mundi kosta rúmlega 500 milljónir sænskar, en vitað er, að þegar breytingin var framkvæmd frá vinstri til hægri, kostaði hún um 800 milljónir

sænskra króna, og ekki eru öll kurl komin til grafar hjá þeim. Þess vegna má reikna með, að breytingin hjá okkur kosti ekki undir 100 milljónum króna og hugsanlega mun meira, og þá er eðlilegt, að fólk spyrji, hvort slíkt geti samrýmzt því, að á sama tíma og boðuð er stórfelld kjaraskerðing launþega í landinu, þá sé rétti tíminn til að eyða stórfelldum fjárhæðum til svo umdeildra framkvæmda sem hér er um að ræða, og hvort Íslendingar geti ekki notað þetta fjármagn nú til þarfari hluta.

Við flutningsmenn teljum rétt að bíða með þessa framkvæmd að minnsta kosti í eitt ár eða lengur. Hins vegar mætti nota tímann til að láta rannsaka nákvæmlega, hve mikið þessi breyting yfir í hægri handar akstur kostar þjóðina, og fylgjast vel með þeirri reynslu, sem Svíar öðlast í þessu máli, — og loks til að gefa þjóðinni tækifæri til að ákveða með þjóðaratkvæðagreiðslu, hvort breytingin skuli fram fara eða ekki.

Þess má geta, að í Svíþjóð var stofnað félag á sínum tíma, sem hafði það markmið að vinna að hægri handar umferð, en hér á Íslandi hefur verið stofnað „Félag íslenzkra vegfarenda". Tilgangur þess er að vinna að bættri umferðarmenningu, enn fremur að því, að þjóðvegakerfið verði endurbætt og því komið í viðunandi og varanlegt horf. Þetta félag berst á móti hægri handar umferð. Það telur — og svo er um fjölda annarra, að meiri hluti þjóðarinnar sé á móti breytingunni og að um þetta mál eigi að fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla, og hefur haldið því fram sem aðalrökum gegn breytingunni:

að þessi lagasetning sé algerlega þarflaus vegna legu landsins sem eylands;
að sá mikli og ófyrirsjáanlegi kostnaður, sem breytingin hlýtur óhjákvæmilega að hafa í för með sér, sé óhæfilegur;
að sú augljósa hætta, sem breytingin skapar, sérstaklega um hinar dreifðu byggðir landsins vegna hinna mjóu og ófullkomnu vega, sé gífurleg;
— þá er talið, að yfirgnæfandi meiri hluti atvinnubifreiðastjóra í landinu sé breytingunni andvígur.

Félag íslenzkra vegfarenda hefur látið gera áætlun um aukið löggæzlulið, sem nauðsynlegt væri að hafa, meðan á breytingunni stendur og eftir, og það telur, að kostnaðurinn við þann lið verði ekki undir 250 milljónum króna í eitt ár, ef fyllsta öryggis ætti að gæta. Þá hefur engin vissa fengizt fyrir því, að tryggingarfélögin muni ekki hækka iðgjöld sín vegna breytingarinnar.

Að öllu þessu athuguðu virðist eðlilegt að fresta framkvæmd um hægri handar umferð í eitt ár og láta rannsaka til hlítar, hver raunverulegur kostnaður yrði við hana og hvort meiri hluti þjóðarinnar er breytingunni samþykkur.

Nd. 193. Lög [77. mál]

um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 168.

Sþ. 194. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1968 og við brtt. á þskj. 171.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

		Þús. kr.
1.	Við 4. gr. 1 01 215 Kennaraskólinn. Nýr liður:	
	0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður	1 000
2.	Við 4. gr. 1 01 219 Menntaskóli á Ísafirði 0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „1 350" kemur	2 500

3. Við 4. gr. 1 01 220 Menntaskóli á Austurlandi 0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður. Þús. kr.
   Fyrir „1 350“ kemur 2 500
4. Við 4. gr. 1 01 223 Íþróttakennaraskóli Íslands 0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður.
   Fyrir „1 800“ kemur 3 000
5. Við 4. gr. 1 02 300 Viðfangsefni. Nýr liður:
   Heimildarkvikmynd um Ísland á vegum kvikmyndadeildar Atlantshafsbandalagsins 350
6. Við 4. gr. 1 05 601 Bjargráðasjóður.
   Fyrir „5 500“ kemur 6 500
7. Við brtt. 171 (Við 4. gr. 1 07 133. — Hafnarmannvirki, sundurliðun, Stykkishólmur).
   Fyrir „1 1000“ kemur (leiðrétting) 1 100
8. Við 5. gr. 2 05 601 Bjargráðasjóður Íslands.
   a. Við 1 80 Framlög úr ríkissjóði.
      Fyrir „5 500“ kemur 6 500
   b. Við 3 20 Veitt lán.
      Fyrir „9 791“ kemur 10 791
   c. Við 4 50 Ráðstöfun eigin fjár.
      Fyrir „6 711“ kemur 7 711
9. Við 6. gr. XXXIII. Nýir liðir:
   a. Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán til greiðslu á byggingarskuldum Kvennaheimilisins Hallveigarstaða, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.
   b. Að endurgreiða aðflutningsskatt og söluskatt af geislunartæki, sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins fær lánað fyrir milligöngu Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar.

Sþ. 195. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1968 og við brtt. á þskj. 171.

I. Frá *Gils Guðmundssyni.*
   Við 4. gr. 1 01 401 Viðfangsefni 02 Til styrktar íslenzkum námsmönnum. Þús. kr.
   Fyrir „28 365“ kemur 35 000

II. Frá *Jónasi Árnasyni.*
   1. Við 4. gr. 1 01 701 Viðfangsefni 08 Leiklistarstarfsemi.
      Fyrir „1 300“ kemur 2 000
   2. Við 4. gr. 1 05 999 Viðfangsefni 33 Æskulýðsnefnd Borgarfjarðar- og Mýrasýslna.
      Fyrir „25“ kemur 100

III. Frá *Ingvari Gíslasyni, Gísla Guðmundssyni, Stefáni Valgeirssyni* og *Birni Jónssyni.*
   Við 4. gr. 1 05 999 Viðfangsefni 47. Nýr liður:
   Til Sambands norðlenzkra kvenna 50

IV. Frá *fjárveitinganefnd.*
   1. Við brtt. 171, 77. (Við 4. gr. 1 06 773 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn).
      Fyrir „5 571“ kemur (leiðrétting) 5 602

2. Við brtt. 171, 78. (Við 4. gr. 1 06 774 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur). Þús. kr.
Fyrir „3 886“ kemur (leiðrétting) 3 892
Eftirtaldir liðir í sundurliðun breytast þannig:
a. Þóra Sigfúsdóttir.
Fyrir „10 350“ kemur 12 350
b. Þóra Sigurðardóttir.
Fyrir „10 350“ kemur 12 350
c. Þóra Skaftason.
Fyrir „10 350“ kemur 12 350
3. Við 4. gr. 1 07 121 Strandferðir, framlög.
a. Við 0 93 Til fyrirtækja og atvinnuvega. Kr.
Fyrir „9 497“ kemur 11 899
b. Aftan við liðinn bætist:
Viðfangsefni:
01 Framlag til Skipaútgerðar ríkisins 29 000
02 Rekstrarstyrkir til flóabáta og vöruflutninga 10 465
03 Til byggingar flóabáta fyrir farsvæði Djúpbáts og Breiðafjarðarbáts 1 434
Gjöld samtals 40 899

4. Við brtt. 171, 81. (Við 4. gr. 1 07 133 Viðfangsefni 03 Hafnarmannvirki).
Fyrir „49 300“ kemur (leiðrétting) 49 200

V. Frá *Karli Guðjónssyni.*
Við brtt. 171, 81. (Við 4. gr. 1 07 133 Viðfangsefni 03 Hafnarmannvirki). Í sundurliðun komi nýr liður, og breytist samtala skv. því: Þús. kr.
Stokkseyri 400

VI. Frá *Ásgeiri Bjarnasyni, Jónasi Árnasyni* og *Halldóri E. Sigurðssyni.*
Við brtt. 171, 83. (Við 4. gr. 07 133 Viðfangsefni 06 Hafnarmannvirki, eftirstöðvar framlaga).
Fyrir „10 000“ kemur 14 000

VII. Frá *Ingvari Gíslasyni, Gísla Guðmundssyni, Stefáni Valgeirssyni* og *Birni Jónssyni.*
Við 6. gr. XXXII. Nýir liðir:
1. Að ábyrgjast allt að 1.2 millj. kr. lán til þess að koma nýrri lögreglustöð á Akureyri í nothæft ástand á árinu 1968.
2. Að ábyrgjast allt að 1 millj. króna lán, sem varið yrði til þess að kosta nauðsynlegar framkvæmdir til undirbúnings nýjum áfanga við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

VIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 6. gr. XXXIV. Nýr liður:
Að endurgreiða Andakílsárvirkjun aðflutningsgjöld og söluskatt af efni í háspennuveitu.

IX. Frá *Karli Guðjónssyni.*
Við brtt. 171, 104 (Við 6. gr. XXXIX). Nýr liður:
Að láta 15% af heildarsölu Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins í Vestmannaeyjum 1968 renna til stofnkostnaðar Vatnsveitu Vestmannaeyja.

Sþ. 196. Tillaga til þingsályktunar [87. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 20. desember 1967 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 16. janúar 1968.

Sþ. 197. Skýrsla

samgöngumálaráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1967.

Framkvæmdir samkvæmt vegáætlun 1967.

I. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

Unnið hefur verið að framkvæmd vegáætlunar á yfirstandandi ári, eins og nánar greinir í eftirfarandi skýrslu.

1. **Endurskoðun vegáætlunar 1967 og 1968.** Þegar greinargerð með tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á vegáætlun 1967 og 1968 var samin í marz s. l., lágu ekki fyrir endanleg reikningsskil vegasjóðs fyrir árið 1966. Var í greinargerðinni reiknað með, að eftirstöðvar tekna fyrri ára, sem yrðu til ráðstöfunar í ár, yrðu 18.2 millj. kr. Var þar miðað við, að heildarútgjöld Vegasjóðs árið 1966 yrðu 313.7 millj. kr., en heildartekjur 331.9 millj. kr., og yrðu því eftirstöðvar tekna til ráðstöfunar 1967 um 18.2 millj. kr.

Þegar lokareikningsskil Vegasjóðs lágu fyrir, kom í ljós, að heildarútgjöld á árinu urðu 320.4 millj. kr. eða 6.7 millj. kr. hærri en áætlað var í marz, en heildartekjur 331.6 millj. kr. eða 0.3 millj. kr. lægri en áætlað var. Eftirstöðvar tekna til ráðstöfunar í ár urðu því aðeins 11.2 millj. kr. eða 7.0 millj. kr. lægri en gert er ráð fyrir í hinni endurskoðuðu vegáætlun.

Þessi hækkun á heildarútgjöldum Vegasjóðs á árinu 1966 stafar nær eingöngu af því, að kostnaður við vegaviðhaldið á árinu varð meiri en vitað var í byrjun þessa árs. Stafar þetta fyrst og fremst af óvenju miklum kostnaði við vetrarviðhald seinustu mánuði ársins.

2. **Áhrif verðhækkana.** Frá því vegáætlun var endurskoðuð í marz s. l. hafa engar verðbreytingar orðið, sem áhrif hafa á vísitölu hinna einstöku framkvæmdaliða.

Hinn 1. sept. 1966 hækkaði kaupgjaldsvísitala úr 185 í 188 stig. Þessi breyting hafði í för með sér hækkun vísitölu vegaviðhalds og vegagerðarkostnaðar um 1 stig í marz, en vísitala brúargerðarkostnaðar stóð í stað vegna lítilsháttar lækkunar á efniskostnaði.

Breytingar á framkvæmdavísitölu frá ágúst 1966 til ágúst 1967 hafa því orðið, svo sem hér segir:

	Ágúst 1966	Marz 1967	Ágúst 1967
Vegaviðhald	570	571	571
Vegagerð	526	527	527
Brúargerð	691	691	691

Verðbreytingar á yfirstandandi ári hafa því ekki haft nein áhrif til hækkunar á framkvæmdakostnað.

Hins vegar hefur það valdið talsverðum erfiðleikum, að fjárveitingar til einstakra vegaframkvæmda í vegáætlun voru ekki endurskoðaðar með tilliti til verðhækkana við vegagerð frá því að vegáætlun var samin í febrúar—marz 1965, en framkvæmda-

kostnaður við vegagerð hefur síðan hækkað um 13%, þ. e. vísitala vegagerðarkostnaðar hefur á þessu tímabili hækkað úr 466 í 527.

3. **Áhrif veðurfars og náttúruhamfara.** Síðastliðinn vetur var óvenju snjóþungur um allt, land, og stafar hækkun á heildarútgjöldum ársins 1966 umfram það, sem vitað var við endurskoðun á vegáætlun, nær eingöngu af vetrarviðhaldi seinustu mánuði ársins 1966, eins og vikið er að hér að framan.

Mjög stórfelldar skemmdir á vegum og brúm urðu af vatnavöxtum í janúar þessa árs, eins og greint var frá í greinargerð með till. til þingsályktunar um endurskoðun á vegáætlun 1967 og 1968. Var þar áætlað, að kostnaður við viðgerðir á þessum skemmdum yrði um 4.0 millj. kr., og mun sú áætlun hafa verið nærri lagi.

4. **Umferðartalning og vegaeftirlit.** Í hinni endurskoðuðu vegáætlun var tekin upp sérstök fjárveiting á þessum lið. Hefur umferðartalningum verið haldið áfram í ár með líku sniði og á s. l. ári, en þó auknar nokkuð, m. a. vegna sérstakrar athugunar á samgönguleiðinni fyrir Hvalfjörð. Enn hefur aðeins verið unnið úr þessum talningum að mjög litlu leyti.

Umferð um Reykjanesbraut hjá gjaldstöðinni við Straum jókst um 8.1% á tímabilinu jan.—okt. 1967 miðað við sama tímabil árið 1966 (1540 bílar á dag í báðar áttir 1967 á móti 1425 bílum á dag 1966). Umferð yfir sumarmánuðina, þ. e. júní—sept., var á þessum vegi 1530 bílar á dag 1966 á móti 1740 bílum 1967, og er það um 14% aukning. Þessi aukning á sumarumferðinni stafar m. a. af flutningi á utanlandsflugi Flugfélags Íslands h.f. til Keflavíkur í byrjun júlí og einnig af mjög auknum flutningum á steypuefni frá Suðurnesjum til Reykjavíkur og víðar.

Á öðrum vegum varð aukning þó minni, t. d. á Hafnarfjarðarvegi við Kópavogslæk 12.9% (11.137 bílar á dag). Á Vesturlandsvegi austan við vegamót Borgarnesbrautar hefur aukningin numið 8—9% á ári undanfarin 2 ár (815 bílar á dag), svo að nokkur dæmi séu nefnd.

Svo sem gert var ráð fyrir við endurskoðun vegáætlunar, hefur í ár verið haldið uppi sérstöku vegaeftirliti í náinni samvinnu við lögregluyfirvöld, þannig að vegagerðin hefur lagt til bifreiðar, bifreiðavogir og aðstoðarmenn, en lögregluyfirvöld lögregluþjóna. Voru tvær sérstaklega búnar bifreiðar keyptar í þessu skyni, svo og fullkomnar færanlegar bílavogir. Þeir starfsmenn, sem séð hafa um vegaeftirlitið, hafa svo jöfnum höndum séð um umferðarteljara á ýmsum stöðum. Hefur þetta reynzt mjög hagkvæmt fyrirkomulag.

Í júlí s. l. voru undanþágur frá 55. og 56. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958, um mestu breidd og hámarksöxulþunga ökutækja, rýmkaður verulega á öllum vegum og þó sérstaklega á þjóðbrautum. Í þessu efni hefur verið gengið eins langt og frekast er unnt með hliðsjón af öryggi vega og brúa, og er leyfður öxulþungi á þessum vegum orðinn jafnhár og tíðkast í flestum löndum Evrópu.

Í apríl og maí s. l. varð að takmarka mjög öxulþunga á ýmsum vegum vegna aurbleytu, og fylgdist vegaeftirlitið með því, að þeim takmörkunum væri hlýtt. Eftir að þeim takmörkunum var aflétt, var fylgzt áfram með öxulþunga bifreiða víðs vegar um landið.

Síðari hluta sumars og í haust hefur borið mun minna á yfirhleðslu bifreiða, en fyrri hluta ársins. Standa því vonir til, að umferðaeftirlitið beri tilætlaðan árangur. Það verður að teljast mjög nauðsynlegt, að kærur vegna brota hljóti skjóta afgreiðslu réttra yfirvalda.

5. **Innheimta tekna og greiðsluyfirlit.** Í greinargerð með tekjuáætlun vegasjóðs af benzínskatti fyrir yfirstandandi ár er benzínsala á tekjuáætlun (nóv.—okt.) áætluð 71.0 millj. lítrar og er það um 2.8% aukning frá árinu á undan. Á tímabilinu nóv. 1966 til septemberloka 1967 hefur benzínsalan aukizt um 3 millj. lítra eða 4.7% miðað við sama tímabil árið áður. Þar sem hér er um að ræða 11 af 12 tekjumánuðum vegasjóðs af benzínsölu, má gera ráð fyrir, að heildartekjur af benzínskatti á árinu verði um 4 millj. kr. hærri en áætlað er.

Tekjur af þungaskatti eru í vegáætlun áætlaðar 71.2 millj. kr. á árinu brúttó. Í lok október námu tekjur af þungaskatti um 67 millj. kr. brúttó, en voru á sama tíma 1966 um 61.2 millj. kr. Verði tekjur af þungaskatti síðustu 2 mánuði ársins svipaðar og á s. l. ári, ættu heildartekjur af þungaskatti að verða um 72.8 millj. kr. eða 1.6 millj. kr. umfram áætlun.

Í vegaáætlun eru tekjur af gúmmígjaldi áætlaðar 13.2 millj. kr. í ár, en voru tæpar 12.1 millj. kr. s. l. ár. Til loka október í ár hafa þessar tekjur numið 9.4 millj. kr., en voru á sama tíma á s. l. ári 10.0 millj. kr. Verði innflutningur á bifreiðagúmmíi svipaður í nóv. og des. í ár og á s. l. ári, verða heildartekjur af þessum lið tæplega meiri en 11.5 millj. kr. eða 1.7 millj. kr. lægri en áætlað var.

Endurgreiðslur af benzínskatti og þungaskatti voru í októberlok 16.5 millj. kr., en eru áætlaðar alls 21.9 millj. kr. Eins og er verður ekki spáð með neinni vissu um, hvort sú áætlun stenzt eða ekki, en s. l. ár námu endurgreiðslur alls 17.7 millj. kr.

Eftirstöðvar tekna frá fyrra ári verða 11.2 millj. kr. í stað 18.2 millj. kr., af ástæðum, sem greindar eru undir lið I, 1.

Samkvæmt framansögðu, má búast við, að innheimta tekna verði sem hér segir á árinu 1967:

	Áætlaðar tekjur samkv. vegáætl., í millj. kr.	Innheimtar tekjur samkv. áætl. í okt., í millj. kr.
1. Benzínskattur, nettó	239.4	243.4
2. Þungaskattur, nettó	70 5	72.1
3. Gúmmígjald	13.2	11.5
4. Ríkisframlag	27.0	27.0
5. Eftirstöðvar tekna	18.2	11.2
Alls	368.3	365.2

Samkvæmt framansögðu má því gera ráð fyrir, að um 3 millj. kr. vanti á, að tekjuáætlun standist.

Gjöld vegasjóðs áætlast þannig:

Gjöld:		
1. Útgjöld samkv. vegáætlun	368.3	millj. kr.
2. Kostnaður við vegaviðhald umfram áætlun, sbr. lið II. 1 (vetrarviðhald)	5.0	— —
3. Halli á Reykjanesbraut vegna gengisbreytingar m. m., sbr. lið III. 1.1	2.7	— —
4. Umframgreiðslur vegna smábrúa, sbr. lið V. 3	0.5	— —
Alls	376.5	millj. kr.

Þar sem horfur eru á, að tekjur vegasjóðs verði ekki nema 365.2 millj. kr. á árinu, má gera ráð fyrir, að greiðsluhalli vegasjóðs í ár verði um 11.3 millj. kr.

6. **Föst lán til vegaframkvæmda.** Með heimild í III. kafla vegáætlunar 1967 hefur ráðuneytið í samráði við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar og Vestfjarðaáætluð aflað fastra lána til lagningar nokkurra þeirra vega, sem tilgreindir eru í III. kafla vegáætlunar í ár. Til einstakra vegaflokka nema lán þessi eftirtöldum upphæðum:

1. Hraðbrautir	24.2	millj. kr.
2. Þjóðbrautir	30.4	— —
3. Landsbrautir	3.0	— —
Alls	57.6	millj. kr.

Af þessum lánum eru 48.0 millj. kr. samkv. framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar, en 9.6 millj. kr. samkv. Vestfjarðaáætlun. Um skiptingu lána þessara vísast til greinargerðar um framkvæmdir á einstökum vegum.

Yfirlit yfir föst lán vegasjóðs, í millj. kr.:

	Árslok 1966	Árslok 1967
1. Hraðbrautir	237.6 millj. kr.	236.5 millj. kr.
2. Þjóðbrautir	60.0 — —	85.9 — —
3. Landsbrautir	9.7 — —	12.6 — —
Alls	307.3 millj. kr.	335.0 millj. kr.

7. **Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda.** Í ár hefur verið fylgt sömu reglu og síðastliðin ár, að samþykkja aðeins bráðabirgðalán til þeirra vegaframkvæmda, sem fjárveitingu hafa í vegáætlun næstu ár, og hámark lána miðað við þær fjárveitingar. Hafa slík lán þó aðeins verið samþykkt, að verulegur ávinningur væri að því að vinna verk í einum áfanga eða ljúka tilteknu verki.

Í eftirfarandi yfirliti eru tilgreind bráðabirgðalán til hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta í árslok 1966 og 1967, sem greiðast eiga af fjárveitingum í vegáætlun 1968:

	Árslok 1966	Árslok 1967
1. Hraðbrautir	0 000 þús. kr.	4 258 þús. kr.
2. Þjóðbrautir	2 676 — —	2 807 — —
3. Landsbrautir	5 955 — —	5 087 — —
Alls	8 631 þús. kr.	12 152 þús. kr.

Af bráðabirgðalánum í árslok 1967 eru 4.3 millj. kr. lán frá 1966 eða eldri, og hafa því verið samþykkt ný lán á árinu, að upphæð 7.8 millj. kr., sem notuð hafa verið að einhverju eða öllu leyti.

Í árslok 1966 eru ný lán nú talin hafa verið nær 0.6 millj. kr. lægri en þau voru talin í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1966. Þessi mismunur stafar af því, að mikið af veittum lánsheimildum á árinu 1966 voru ekki notaðar.

II. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

1. Viðhaldskostnaður þjóðvega.

Vetrarviðhald. Fjárveiting var 134.0 millj. kr., og hafði sú upphæð verið hækkuð um 31.2 millj. kr. við endurskoðun á vegáætlun í marz s. l. Í greinargerð um þessa fjárveitingu við endurskoðun á vegáætlun í marz s. l. var kostnaður við vetrarviðhald í ár áætlaður 14 millj. kr. og að auki 1 millj. kr. vegna endurskoðunar á reglum um snjómokstur frá 1958, sem heitið var að rýmkaðar yrðu á þessu hausti, og hefur það þegar verið gert.

Hins vegar var s. l. vetur óvenju snjóþungur um allt land, eins og vikið er að undir lið I. 1. Varð beinn kostnaður við snjómokstur á tímabilinu janúar—maí um 16 millj. kr. eða 1 millj. kr. hærri en áætlaður heildarkostnaður á þessum lið fyrir allt árið. Á þessu hausti hefur vetur gengið mun fyrr í garð en oft áður, og er þegar orðinn verulegur kostnaður við snjómokstur það sem af er. Má því búast við, að snjómokstur á árinu verði a. m. k. um 20 millj. kr. eða um 5 millj. kr. hærri en áætlað var í vegáætlun. Kemur þar og til, að við endurskoðun á snjómokstursreglum, þá lengist sá hluti vegakerfisins, sem Vegagerð ríkisins greiðir allan kostnað við snjómokstur á, úr 1337 km í um 2664 km, þ. e. um 100%. Er augljóst, að þessi aukning mun hafa verulega aukinn kostnað í för með sér, en þó fyrst og fremst á næsta ári.

Skemmdir vegna vatnavaxta. Í janúar s. l. urðu mjög stórfelldar skemmdir á vegum og brúm vegna stórflóða á Suður-, Vestur- og Norðurlandi. Var tjón af þessum skemmdum við endurskoðun á vegáætlun í marz lauslega áætlað um 4 millj. kr., og mun láta nærri, að kostnaður við viðgerðir hafi numið þeirri upphæð.

Önnur stóráföll af völdum náttúruhamfara hafa ekki orðið á þessu ári, enn sem komið er.

Aukning umferðar og almennt ástand malarvega. Umferð á flestum vegum eykst jöfnum höndum við fjölgun bifreiða í landinu, eins og vikið er að undir lið I og er á hinum fjölfarnari aðalvegum næst þéttbýli víða komin yfir það, sem malarvegir þola.

Miklar skemmdir urðu á vegum s. l. vor af völdum holklaka. Tímabundnar takmarkanir á öxulþunga á einstökum vegum eru miklum erfiðleikum bundnar, einkum á hinum fáfarnari vegum, þar sem beinu eftirliti verður ekki við komið. Eina varanlega lausnin á þessum vanda er endurbygging burðarlagsins, eins og gert var með góðum árangri á Suðurlandsvegi í Flóa árið 1966.

Þá hefur viðgerðarkostnaður á gömlum brúm aukizt verulega hin síðari ár vegna vaxandi þyngdar ökutækja. Af þeirri reynslu, sem fengizt hefur af umferðareftirliti í ár, er ljóst, að vakandi eftirlit með settum reglum um öxulþunga bifreiða kemur að miklu gagni til að fyrirbyggja of mikið álag á vegi og brýr og að það er einnig til hagsbóta fyrir bifreiðaeigendur sjálfa að ofhlaða ekki ökutækin.

2. Vegamerkingar samkv. umferðarlögum.

Fjárveiting var 1.2 millj. kr. Sett voru upp umferðarmerki samkv. reglugerð nr. 61/1959 á 195 km af þjóðbrautum og landsbrautum. Enn fremur voru sett upp 42 stór leiðarmerki (töflur) við veigamikil vegamót. Af einstökum flokkum vega samkv. vegáætlun 1965—1968 er nú lokið merkingum, eins og hér segir:

Af	112 km	af hraðbrautum	eru merktir	112 km	eða 100%
—	2911 —	— þjóðbrautum	— —	2675 —	— 92.0%
—	5736 —	— landsbrautum	— —	1650 —	— 28.5%
	Alls 8759 km			Alls 4437 km	

Nokkru minna var sett upp af nýjum umferðarmerkjum í ár en undanfarin ár. Stafar þetta af því, að samkvæmt ósk H-nefndar voru á s. l. sumri flutt frá vinstri yfir á hægri vegarkant nær öll umferðarmerki á þjóðvegum vegna breytingarinnar úr vinstri í hægri umferð á vori komanda. Einnig voru að beiðni H-nefndar settar niður á tólfta hundrað stangir fyrir sérstök leiðbeiningarmerki, sem sett verða upp á H-daginn 26. maí n. k.

Mikið verk var að flytja til öll umferðarmerki á þjóðvegum, og varð því vegna skorts á þjálfuðu starfsliði að draga úr uppsetningu nýrra umferðarmerkja meira en æskilegt hefði verið.

Tekið skal fram, að allur kostnaður við flutning umferðarmerkja og uppsetningu stanga fyrir sérstök leiðbeiningarmerki vegna umferðarbreytingarinnar verður greiddur af H-nefndinni.

III. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA.

1. Til hraðbrauta.

1. **Reykjanesbraut (A 2):**

Lokið var lagningu Reykjanesbrautar ofan Hafnarfjarðar, og var sá 0.9 km kafli malbikaður. Vegna húsa, sem standa mjög nærri veginum, varð að

byggja á þessum kafla dýran varnarvegg milli vegar og lóða. Þá varð einnig vegna hækkunar vegarins við Hafnarfjarðarlæk og ný gatnamót við Lækjargötu að breyta hliðarvegum beggja vegna Reykjanesbrautar á þessum kafla. Þá var talið nauðsynlegt vegna byggðarinnar beggja vegna vegarins á þessum nýja kafla að setja sérstakar öryggisgrindur meðfram veginum. Af þessum sökum hefur orðið allkostnaðarsamt að ljúka lagningu þessa vegarkafla. Var verk þetta unnið af Íslenzkum aðalverktökum samkv. sérstökum samningi.

Í ár var fjáröflun til vegarins og gjöld áætluð, eins og hér segir:

	Fjáröflun:		
1.	Fjárveiting í vegáætlun	6.8	millj. kr.
2.	Framlag varnarliðsins	0.3	— —
3.	Áætlaðar nettótekjur af umferðargjaldi	14.0	— —
4.	Lán samkv. framkvæmdaáætlun	24.2	— —
5.	Yfirfærðar tekjur frá 1966	3.8	— —
6.	Bráðabirgðalán verktaka	5.0	— —
	Alls	54.1	millj. kr.
	Gjöld:		
1.	Greiðslur vaxta og afborgana af lánum	41.4	millj. kr.
2.	Kostnaður við að ljúka lagningu vegar ofan við Hafnarfjörð	10.0	— —
3.	Greiðslur fyrir efnistöku og bætur fyrir landsspjöll vegna lagningar vegarins 1960—1965	2.0	— —
4.	Lántökukostnaður	0.7	— —
	Alls	54.1	millj. kr.

Marta Oddsdóttir	12 350	
Melitta Urbancic	19 634	
Ólafía Finnbogadóttir	12 350	
Olga E. Jónsson	23 302	
Ragnheiður Hafstein, ekkja Jónasar Sveinssonar	49 404	
Ragnheiður Konráðsdóttir, ekkja Ólafs Sigurðssonar	20 585	

	Kr.	Kr.
Rannveig Tómasdóttir	15 679	
Rósa Jónsdóttir	12 350	
Rósa Þórarinsdóttir	20 585	
Sigríður Árnadóttir	74 106	
Sigríður Bjarnason	52 358	
Sigríður Einarsson	80 396	
Sigríður Gísladóttir	12 350	
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	39 751	
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	13 106	
Sigríður Jónsdóttir, ekkja Þórh. Vilhjálmssonar	24 702	
Sigrún Sigurbjörnsdóttir, ekkja Halldórs Jónssonar	30 878	
Sigrún Thorarensen	16 468	
Sigurlaug Jónsdóttir	30 878	
Sigurlaug Sigurðardóttir	24 702	
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	23 302	
Sólveig Árnadóttir	24 702	
Sólveig Eggerz	69 107	
Stefanía Stefánsdóttir	25 633	
Steinunn P. Eyjólfsson	13 891	
Steinunn Tómasdóttir	20 585	
Súsanna Friðriksdóttir	23 302	
Sveinbjörg Kristinsdóttir	20 585	
Sveindís Hansdóttir	12 350	
Torfhildur Magnúsdóttir	12 350	
Unnur Skúladóttir	26 131	
Valborg Einarsson	26 131	
Valgerður Helgadóttir	20 614	
Valgerður Ólafsdóttir	18 644	
Vigdís G. Blöndal	13 106	
Vigdís Guðmundsdóttir	24 702	
Þóra Magnúsdóttir	16 468	
Þóra Sigfúsdóttir	12 350	
Þóra Sigurðardóttir	12 350	
Þóra Skaftason	12 350	
Þorbjörg Kjartansdóttir	30 878	
Þorbjörg Sigmundsdóttir	26 131	
Þorbjörg Sigurjónsdóttir	18 527	
Þórey Jóhannsdóttir	12 350	
Barnastyrkur:		
Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 16. júlí 1924, sjúklingur	12 350	
Samtals		3 891 700

11. **Hafnarmannvirki og lendingarbætur (07 133 03).**	Þús. kr.	Þús. kr.
Akranes	4 300	
Akureyri	1 100	
Búðardalur	100	
Dalvík	3 800	
Drangsnes	200	
Eyrarbakki	1 700	

	Þús. kr.	Þús. kr.
Eskifjörður	700	
Flateyri	600	
Grindavík	1 800	
Hafnarfjörður	2 500	
Hrísey	700	
Höfn í Hornafirði	4 400	
Ísafjörður	2 300	
Norðfjörður	3 200	
Ólafsfjörður	2 500	
Ólafsvík	800	
Patreksfjörður	700	
Raufarhöfn	2 200	
Sauðárkrókur	3 800	
Seyðisfjörður	1 100	
Skagaströnd	400	
Suðureyri	1 100	
Súðavík	2 100	
Vestmannaeyjar	1 300	
		43 400
Dráttarbrautir:		
Akureyri	4 500	
Neskaupstaður	200	
Stykkishólmur	1 100	
		5 800
		49 200
12. **Ferjubryggjur (07 133 04).**		
Staður á Reykjanesi		50
Eyri í Mjóafirði		100
Brjánslækur		500
		650

Nd. 212. Frumvarp til laga [89. mál]

um verzlunaratvinnu.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að tryggja eftir því sem tök eru á:

1. Að borgararnir eigi völ á sem beztri verzlunarþjónustu á hverjum stað og tíma;
2. að þeir aðilar, sem fást við verzlun, séu búnir þeim hæfileikum, að þeir geti uppfyllt skyldur, sem slíkur rekstur leggur þeim á herðar gagnvart viðskiptavinum sínum og samfélaginu;
3. að verzlun geti þrifizt í landinu sem atvinnugrein.

2. gr.

Með orðinu verzlun í lögum þessum er átt við heildverzlun, umboðsverzlun, þar með talin tilboðasöfnun um vörusölu og vörukaup, og smásöluverzlun.

Lög þessi taka þó ekki til:
1. Lyfjaverzlunar, að því leyti sem lyfsalar hafa einkasölu á lyfjum.
2. Sölu á búsafurðum eða fiskfangi, sem maður hefur aflað sjálfur eða skyldulið hans.
3. Sölu framleiðsluvara, hvers konar iðju eða iðnaðar, sem seljandi hefur sjálfur gert.

Verði ágreiningur um, hvort leyfi þurfi samkvæmt lögum þessum til tiltekinnar tegundar verzlunar, sker ráðherra úr, en þann úrskurð má bera undir dómstóla til úrlausnar með málssókn á hendur lögreglustjóra, sem í hlut á.

3. gr.

Verzlun samkvæmt 2. gr. er óheimilt að reka á Íslandi eða í íslenzkri landhelgi, nema til komi leyfi samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Hver einstaklingur, sem fullnægir eftirgreindum skilyrðum, á rétt á leyfi eða endurnýjun leyfis til verzlunar, enda hafi réttur til verzlunarrekstrar ekki verið af honum dæmdur:
1. Hefur íslenzkt ríkisfang og er heimilisfastur á Íslandi.
2. Er fjárráða.
3. Hefur lokið háskólaprófi í viðskiptafræðum, hagfræði eða lögfræði eða prófi úr verzlunarskóla, sem viðurkenndur er af ráðherra, eða hefur aðra menntun, sem ráðherra leggur að jöfnu slíku prófi. Enn fremur má veita þeim verzlunarleyfi, sem um þriggja ára skeið hefur starfað við verzlun og að þeim starfstíma loknum sótt sérstakt námskeið í verzlunarfræðum, sem ráðherra viðurkennir, og lokið þaðan prófi. Meðan ekki er völ á slíkum verzlunarnámskeiðum, sem gert er ráð fyrir í þessum tölulið, má veita þeim verzlunarleyfi, sem starfað hefur þrjú ár við verzlun og sannar með vottorðum vinnuveitenda, að hann hafi vegna starfsreynslu sinnar þá þekkingu á bókhaldi, vörum og lagafyrirmælum, sem snerta verzlunarrekstur, sem telja má nauðsynlega til að reka verzlun.
4. Fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett eru eða sett kunna að verða í lögum og reglugerðum til að mega reka verzlun.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda að svo miklu leyti, sem þau stangast ekki á við ákvæði í samningum Íslands við erlend ríki eða ákvæði alþjóðlegra samninga, sem Ísland kann að gerast aðili að.

5. gr.

Félag eða stofnun á rétt á verzlunarleyfi eða endurnýjun verzlunarleyfis sem hér segir:
1. Beri einhverjir félagar fulla og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, skal það eiga skráð heimili og varnarþing á Íslandi og félagsstjórnin öll og þeir, sem firmað rita, fullnægja skilyrðum 1., 2. og 4. töluliðs 4. gr. Þó skal einn stjórnandi og fulltrúi eða prókúruhafi félagsins fullnægja öllum skilyrðum 4. greinar.
2. Beri enginn félaga fulla og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, skal félagið eiga skrásett heimili og varnarþing á Íslandi og stjórnendur þess fullnægja skilyrðum 2. og 4. töluliðs 4. greinar. Þó skal einn stjórnenda, endurskoðendur og framkvæmdastjórar slíks félags fullnægja öllum skilyrðum 4. gr.

Sé félag hlutafélag, skal hlutafé enn fremur vera að meiru en helmingi eign manna búsettra hér á landi, enda sé ekkert í samþykktum félags, er brjóti í bág við íslenzk lög.

6. gr.

Verzlunarleyfi má ekki veita starfsmönnum ríkisins eða ríkisstofnana, starfsmönnum sveitarfélaga eða stofnana þeirra og heldur ekki opinberum sýslunarmönnum né mökum þeira, ef hjón búa saman, nema ráðherra hafi úrskurðað að verzlunarreksturinn megi samrýmast stöðu þeirra.

7. gr.

Verzlunarleyfi er bundið við nafn, persónu eða firma. Eftirlifandi maka er þó heimilt að halda áfram verzlun látins maka síns án nýs leyfis, enda þótt hann fullnægi ekki skilyrðum 4. gr., enda ráði eftirlifandi maki forstöðumann að verzluninni, er fullnægi öllum skilyrðum 4. gr.

Sömu reglur gilda eftir því sem við á um bú aðila, svo og í því tilfelli, að verzlunarleyfishafi missi um stundarsakir hæfi samkvæmt 4. gr.

8. gr.

Í verzlunarleyfi skal skráð, hvers konar verzlun samkvæmt 2. gr. leyfð er, og takmarkast heimildin við þá tegund verzlunar. Þó má sá, sem fengið hefur leyfi til heildverzlunar, einnig reka umboðsverzlun eftir sama leyfisbréfi.

9. gr.

Verzlunarleyfi skal annað tveggja gefið út fyrir staðbundna verzlun í ákveðnu lögsagnarumdæmi, sem tiltekið er í leyfisbréfi, eða fyrir landið allt. Verzlun, sem rekin er í hreyfanlegri starfsstöð, skal í þessu tillliti talin með staðbundnum verzlunum.

Verzlunarleyfi, sem gefið er út fyrir landið allt, veitir heimild til smásöluverzlunar:

a. utan löggiltra verzlunarstaða,
b. innan löggiltra verzlunarstaða með vörutegundir, sem ekki er verzlað með í þeim verzlunarstað.

Leyfi til verzlunar skv. 2. mgr. veitir þó ekki leyfishafa heimild til verzlunar utan lögsagnarumdæmis þar sem leyfi er út gefið, nema til komi samþykki lögreglustjóra þar sem verzlun á að reka hverju sinni.

Leyfi til heildverzlunar og umboðsverzlunar veitir rétt til að safna tilboðum í vörur hvar á landi sem er og í íslenzkri landhelgi.

10. gr.

Borgarfógeti í Reykjavík eða lögreglustjóri í umdæmi, þar sem aðili ætlar að verzla, lætur leyfisbréf af hendi. Leyfisbréf til verzlunar, sem gildir fyrir landið allt, gefur lögreglustjóri út á þeim stað, þar sem umsækjandi á heimilisfesti eða firma er skráð. Lögreglustjóri annast einnig um, að tilkynning um útgáfu leyfisbréfsins birtist í Lögbirtingablaði þegar í stað eftir útgáfu leyfisbréfs.

Í tilkynningu skal greina nafn leyfishafa eða firma, heimilisfang, tegund verzlunar, hvar verzla megi samkvæmt leyfinu og hvenær það var útgefið.

Verzlunarleyfi gildir í fimm ár, en skal endurnýjað að þeim tíma liðnum, ef leyfishafi fullnægir þá skilyrðum þessara laga.

11. gr.

Hagstofa Íslands heldur skrá um þá aðila, sem á hverjum tíma hafa leyfi til verzlunarrekstrar.

12. gr.

Hverjum þeim, sem hefur leyfi til að stunda verzlunaratvinnu, ber að hafa fasta starfsstöð eða starfsstöðvar og ber að tilkynna heimilisfang slíkrar starfsstöðvar og breytingu á því heimilisfangi til Hagstofu Íslands.

13. gr.

Verzlunarleyfishafi samkvæmt lögum þessum fyrirgerir leyfi sínu, ef hann fullnægir ekki lengur einhverjum þeirra skilyrða, sem lögin setja fyrir verzlunarleyfi, sbr. þó 2. mgr. 7. gr., eða ef réttur til verzlunar er af honum dæmdur. Sé hæfismissir einstaklings, sem í hlut á, þannig vaxinn, að úr honum verði bætt eða stjórnandi eða framkvæmdastjóri félags eða stofnunar eigi í hlut, eða slíkt félag eða stofnun fullnægir ekki lengur skilyrðum 4. gr., skal aðili hafa komið þessum atriðum í löglegt horf innan þriggja mánaða frá því breytingin varð, en fyrirgeri ella leyfi sínu. Ráðherra getur lengt þennan frest, ef sérstaklega stendur á.

14. gr.

Fyrir útgáfu leyfisbréfs til að stunda verzlun skal lögreglustjóri (í Reykjavík borgarfógeti) innheimta gjald í ríkissjóð, samkv. 7., 8. og 10. tölulið 29. gr. laga nr. 104/1965, um aukatekjur ríkissjóðs. Fyrir endurnýjun verzlunarleyfis skal innheimta gjald samkvæmt 20. tölulið 29. gr. Endurnýjunargjald skal taka fyrir útgáfu verzlunarleyfis til fyrirtækis, sem starfrækt hefur verið samkvæmt verzlunarleyfi stjórnanda þess.

15. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

16. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1968. Frá sama tíma eru úr gildi felld lög nr. 52 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu, svo og lög nr. 11 13. febrúar 1943 og nr. 38 29. marz 1961, um breytingu á þeim lögum. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 78 22. nóvember 1907, um farandsala og umboðssala, og lög nr. 45 30. júlí 1909, um námskeið verzlunarmanna.

Ákvæði til bráðabirgða.

Innan eins árs frá gildistöku þessara laga, skulu þeir aðilar, sem samkvæmt gildandi lögum hafa rétt til að stunda verzlunaratvinnu á Íslandi, endurnýja þau leyfi í samræmi við ákvæði laga þessara. Séu leyfi ekki endurnýjuð fyrir 1. júlí 1969, falla þau úr gildi.

Aðilar, sem öðlazt hafa leyfi til einhverrar tegundar verzlunar skv. eldri lögum og stunda slíkan verzlunarrekstur við gildistöku laga þessara, skulu fá leyfi sín endurnýjuð skv. ákvæðum þessara laga, þótt þeir ekki fullnægi kröfum 4. gr. laganna að því leyti sem þær eru strangari en ákvæði 3. gr. laga nr. 52/1925.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfum, dags. 11. desember 1964, skipaði atvinnumálaráðuneytið nefnd til að endurskoða gildandi löggjöf um verzlunaratvinnu. Í nefndina voru skipaðir þeir Hafsteinn Sigurðsson, hrl., samkvæmt tilnefningu Félags íslenzkra stórkaupmanna, Jón Arnþórsson, fulltrúi samkvæmt tilnefningu Sambands íslenzkra samvinnufélaga, Sveinn Ásgeirsson, hagfræðingur, samkvæmt tilnefningu Neytendasamtakanna, Sveinn Snorrason, hrl., samkvæmt tilnefningu Kaupmannasamtaka Íslands og Jón Sigurðsson, deildarstjóri í atvinnumálaráðuneytinu, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Vegna brottflutnings Jóns Arnþórssonar var Gunnar Grímsson, starfsmannastjóri, skipaður til að taka sæti hans í nefndinni 27. sept. 1965.

Nefndin var skipuð vegna ítrekaðra óska Félags íslenzkra stórkaupmanna og Kaupmannasamtaka Íslands um endurskoðun á gildandi lögum um verzlunaratvinnu

til samræmis við breyttar aðstæður og verzlunarhætti frá þeim tíma, sem gildandi lög voru sett.

Nefndin er á einu máli um, að þau markmið, sem stefna ber að við setningu laga um verzlunaratvinnu, séu þessi:

1. Að borgararnir eigi völ á sem beztri verzlunarþjónustu á hverjum stað og tíma.
2. Að tryggja, að þeir aðilar, sem fást við verzlun, séu búnir þeim hæfileikum, að þeir geti uppfyllt þær skyldur, sem slíkur rekstur leggur þeim á herðar, ekki hvað sízt gagnvart samfélaginu í heild.
3. Að tryggja, að verzlun sem atvinnugrein geti þrifizt í landinu.

Nefndin gerir sér ljóst, að á þeim tíma, sem liðinn er síðan gildandi lög um verzlunaratvinnu voru sett, hefur átt sér stað mjög greinileg þróun í þá átt að veita einstökum hópum manna einkarétt eða forgangsrétt til ákveðinnar tegundar vinnu. Þannig hafa iðnaðarmenn í löggiltum iðngreinum einkarétt til að selja iðnaðarvinnu af því tagi, vélstjórar hafa forgangsrétt að slíkum störfum og sama máli gegnir um skipstjórnarmenn, matsveina, leigubifreiðarstjóra, vörubifreiðarstjóra o. s. frv. Nefndin telur, að sú þróun, sem hér um ræðir, miðist um of við hagsmuni þeirra aðila, sem sérréttindi eignast, og jafnframt hafi hagsmunir þeirra aðila, sem áttu að njóta starfa eða þjónustu þessari starfsstétta, verið fyrir borð bornir.

Nefndin telur því ekki æskilegt, með hliðsjón af þeim markmiðum, sem sett hafa verið hér að framan, að rétturinn til að stunda verzlun verði gerður að neins konar sérréttindum. Nefndin telur þvert á móti æskilegt, að einstaklingar og fyrirtæki séu eins frjálsir að því að stunda verzlun og frekast er kostur, svo framarlega sem tryggt sé eins og kostur er, að verzlunin fullnægi skyldum sínum gagnvart borgurunum og samfélaginu.

Nefndinni er enn fremur ljóst, að ýmis mjög sérstök vandamál rísa í sambandi við verzlun í strjálbýli. Hefur nefndin í tillögum sínum leitazt við að gera ráðstafanir, sem veiti íbúum í strjálbýli eins góða verzlunarþjónustu og kostur er, jafnvel þótt samkeppnin um hylli kaupendanna geti ekki þróazt þar með sama hætti og gerist í þéttbýli.

Í endurskoðun laganna hefur nefndin orðið ásátt um þá aðferð að taka núgildandi lög um verzlunaratvinnu, sníða af þeim helztu agnúana, sem nefndin og þeir aðilar, sem hún hefur haft samvinnu við um þetta mál, hafa fundið á þeim og jafnframt að gera ráðstafanir til að tryggja trausta og örugga framkvæmd laganna.

Því hefur nefndin orðið sammála um að leitast við að skapa með frumvarpi þessu nokkurn ramma fyrir verzlunaratvinnu sem atvinnugrein, þannig að ekki kreppi um of að henni, en atvinnugreininni sé gefið gott svigrúm til að þróast í samræmi við þær kröfur, sem borgararnir gera á hendur henni á hverjum tíma.

Nefndin ritaði öllum sýslumönnum og bæjarfógetum bréf og óskaði athugasemda og ábendinga um drög að frumvarpinu eins og það þá var. Nokkur svör bárust nefndinni, sum mjög vönduð og hafa sumar þær athugasemdir, sem þar voru gerðar, verið teknar í frumvarpið. Nokkurra athugasemda frá sýslumönnum, sem ekki hafa verið teknar til greina, vill nefndin geta hér.

Bæjarfógeti Akureyrar er því mjög andvígur, að verzlunarleyfi gildi um takmarkaðan tíma og telur með því stofnað til óþarfrar skriffinnsku. Nefndinni er ljóst, að hér er um nokkra verkefnisaukningu að ræða. Hins vegar telur nefndin mjög mikilsvert fyrir opinbera aðila og einkaaðila, að rétt skrá sé á hverjum tíma til um þá, sem hafa heimild til að stunda verzlun. Telur nefndin annaðhvort þurfa að gera að afnema með öllu verzlunarleyfisfyrirkomulagið og lögfesta einungis hæfniskröfur til þeirra, sem verzlun stunda, eða gefa út leyfi og halda áreiðanlega skrá um þá, sem leyfi hafa. Sé það gert, missir leyfisveitingin verulega marks.

Bæjarfógetinn dregur í efa, hversu æskilegt sé að sporna gegn því með löggjöf, að verzlanir, t. d. í Reykjavík, geti haft vörumarkaði úti um land, enda sé augljóst hagræði að slíkum mörkuðum fyrir neytendur. Vísast um þetta atriði til athugasemda um 9. gr. frumvarpsins.

Eins og getið var hér að framan, var lagaendurskoðun þessi hafin að beiðni Félags íslenzkra stórkaupmanna og Kaupmannasamtaka Íslands. Leitaði nefndin álits þessara félaga á frumvarpinu. Atriði, sem Félag íslenzkra stórkaupmanna óskaði breytinga á og ekki hafa verið tekin til greina í frumvarpinu eru:

1. Í 3. tl. 4. gr. frumvarpsins komi 5 ára störf við verzlun sem mark við verzlunarleyfisveitingu í stað 3 ára starfa. Meiri hluti nefndarinnar telur ósennilegt, að síðustu tvö árin auki hæfni verzlunarmannsins verulega í þessu tilliti.
2. Í 6. gr. frumvarpsins verði fortakslaust bann gegn veitingu verzlunarleyfis til handa þeim, sem gegna opinberum störfum og getið er í greininni. Meiri hluti nefndarinnar taldi sig ekki geta lagt til svo umfangsmikla skerðingu á atvinnurekstrarréttindum þessa stóra hóps manna.
3. Verzlunarleyfi gildi ævilangt og því komi ekki til endurnýjunar þess.

Atriði, sem Kaupmannasamtök Íslands gerðu athugasemdir við, voru þessi:

1. Verzlun í hreyfanlegri starfsstöð (s. s. kjörbúðarbílar) sé óheimil nema utan löggiltra verzlunarstaða, ef verzlað er með vörur, sem í þeim verzlunarstað eru seldar. Meiri hluti nefndarinnar taldi svo mikilvæga þessa þjónustu þar sem svo hagar til, að langt er í verzlanir eða þær óbyggðar, að fyrir henni yrði að sjá með einhverjum hætti.
2. Bætt verði nýmæli í frumvarpið, sem banni leigusölum verzlunarhúsnæðis að hefja sjálfir að reka verzlun eða leigja húsnæði til verzlunar, sams konar og verið hefur í húsnæðinu, 5 ár eftir að leigutaka hefur verið sagt upp leigu. Nefndin taldi meginefni laganna um verzlunaratvinnu varða form og efniskröfur til að mega reka verzlun. Vandamál, sem upp rísa vegna „good will" verzlunar í leiguhúsnæði, taldi nefndin því ekki eiga heima í þessum lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er stefnuyfirlýsing um þau meginmarkmið, sem setningu og framkvæmd laganna er ætlað að ná, í samræmi við það sem sagt er um það efni hér að framan.

Eins og þegar hefur verið, rætt, telur nefndin meginmarkmið laganna vera þríþætt. Telur nefndin þar komu fyrst, að borgararnir njóti hinnar beztu verzlunarþjónustu, sem völ er á.

Nefndin telur það enn fremur markmið laganna, að þau stuðli að því, svo sem verða má, að þeir, sem verzlunarrekstur stunda, fullnægi skyldum sínum gagnvart samfélaginu, þar eð kröfur nútíma þjóðfélags til atvinnurekstrar af þessu tagi eru orðnar mjög flóknar og umfangsmiklar.

Í sama tölulið frumvarpsgreinarinnar er rætt um skyldur þeirra, sem þessa atvinnu stunda, gagnvart viðskiptavinum sínum. Ekki eru önnur kvæði í lögunum, sem beinlínis snúa að þessu atriði, enda má ætla, ef viðskipti þróast án þess að upp komi einhvers konar einokunarsamvinna, að þeir aðilar, sem ekki uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart viðskiptavinunum, megi fljótlega hætta þessum atvinnurekstri sjálfkrafa.

Nefndin telur að lokum ástæðu til að gera það að einu stefnuatriðanna í sambandi við þessa lagasetningu, að verzlun sem atvinnugrein geti átt sæmileg lífsskilyrði í landinu. Með þessu ákvæði er áréttuð sú skoðun nefndarinnar, að verzlun sé atvinnurekstur, sem eigi jákvætt framlag til þjóðarbúskaparins á sama hátt og aðrar atvinnugreinar í landinu.

Um 2. gr.

Frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir allmiklum breytingum á gildandi lögum. Gerð er breyting á tegundaheitum í verzlun, t. d. heildverzlun í stað stórsölu, til samræmis við málvenju, sem nú er ríkjandi. Í 1. mgr. er enn fremur gert ráð fyrir

þeirri breytingu, að tilboðasöfnun um vörusölu og vörukaup verði ekki sérstök tegund verzlunar samkvæmt frumvarpinu eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum, heldur skuli þess konar atvinnurekstur falla undir hugtakið umboðsverzlun.

Í 2. tölulið greinarinnar er gerð sú breyting frá gildandi lögum, að sleppt er orðunum „og sala á öðrum slíkum innlendum afla eða framleiðslu“. Nefndin sá ekki ástæðu til að halda þessu óljósa ákvæði í lögunum.

Í frumvarpsgreininni er enn fremur felldur niður allur 4. og 5. töluliður greinarinnar. 4. töluliður fjallar um, að ekki þurfi verzlunarleyfi til vöruútvegunar manna í félagi til eigin þarfa og er þá átt við, að félagsskapur eins og pöntunarfélög þurfi ekki verzlunarleyfi, ef um er að ræða pöntun, sem gerð er fyrir fram, áður en til innkaupanna kemur. Nefndin viðurkennir, að ekki sé ástæða til að meina mönnum að reka pöntunarfélög, ef þeim sýnist svo. Á hinn bóginn sér nefndin ekki ástæðu til annars en krefjast þess, að slíkt pöntunarfélag öðlist verzlunarleyfi og fullnægi þar með almennum skilyrðum, sem gerð eru til manna, sem stunda verzlun. Fram kom í nefndinni sú skoðun, sem mun vera ríkjandi meðal kaupmanna, sem reka smásöluverzlanir, að nauðsynlegt sé a. m. k. að krefjast þess, að pöntunarfélög af þessu tagi, sem eiga vörubirgðir og séu því raunverulega smásöluverzlanir, þurfi að fullnægja sömu skilyrðum að því er varðar aðbúnað og hreinlætiskröfur eins og smásöluverzlanir almennt þurfa að gera. Halda kaupmenn því fram, að þessir aðilar geti dreift vörum í smásölu ódýrar en kaupmenn meðal annars vegna þess, að þeir stunda þennan rekstur í ófullkomnu og ódýru húsnæði. Auk þess hafa þeir bent á, að í mörgum tilfellum er húsnæðið lagt til án endurgjalds af vinnuveitanda, svo og flutningar á vörum að verzluninni. Að því er varðar heilbrigðissjónarmið í þessu sambandi, telur nefndin þau vera óviðkomandi verkefni nefndarinnar og tekur því ekki afstöðu til þeirra. Á hinn bóginn bendir nefndin á, að sú fullkomna skráning verzlunarleyfishafa, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, muni auðvelda allt eftirlit með þeim aðilum, sem verzlunarrekstur stunda. Um þetta sjónarmið kaupmanna að öðru leyti var nefndin þeirrar skoðunar, að einungis skyldi gert ráð fyrir, að pöntunarfélög þurfi verzlunarleyfi til að starfa.

5. töluliður greinarinnar, eins og hún er í núgildandi lögum, hefur sömuleiðis verið felldur niður. Í þeim tölulið er sala á innlendri mjólk, rjóma, skyri, eggjum, brauði og kökum, undanþegin lögunum. Nefndin fær ekki séð nein sérstök rök liggja til þess, að þessar vörutegundir séu undanþegnar ákvæðum laganna um verzlunaratvinnu umfram það, sem þær eru sjálfkrafa undanþegnar lögunum, ef þær falla undir ákvæði 2. eða 3. töluliðar greinarinnar.

Þá er enn fremur felld úr þessari grein málsgrein um farandsala, sem ekki eru búsettir hér á landi. Nefndin ætlar ákvæðum lagafrumvarpsins, ef að lögum verður, að gilda um farandsala, enda er gert ráð fyrir í 17. gr. frumvarpsins, að lög nr. 78 22. nóvember 1907, verði úr gildi felld.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir heimild til að krefja dómstóla fyrir fram úrlausnar um það, hvort leyfi þurfi til tiltekinnar tegundar verzlunar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir ráðherraúrskurði, sem bera megi undir dómstóla eftir á með málssókn á hendur lögreglustjóra, sem í hlut á.

Efni 3. töluliðar greinarinnar er breytt verulega frá gildandi lögum þannig, að í stað þess að handavinna manns, skylduliðs, nemenda og sveina, sé undanþegin lögunum, er sala á framleiðsluvörum iðju eða iðnaðar, sem seljandi hefur sjálfsagt gert, undanþegin lögunum. Efnislega er greinin þannig þrengd, gagnvart framleiðanda vöru, hafi hann mann í vinnu.

Í sambandi við skýringu á þessari grein er vert að geta umræðna, sem orðið hafa í nefndinni um þann vanda að greina glögglega á milli verzlunaratvinnu annars vegar og sölu á framleiðsluvöru iðju eða iðnaðar hins vegar. Hér er um að ræða skilgreiningaratriði, sem nefndin telur að skera verði úr í framkvæmd laganna í sambandi við almenn skil á milli framkvæmdar laganna um iðju og iðnað annars vegar og hins vegar laganna um verzlunaratvinnu. Nefndin telur, að þau megin

sjónarmið, sem hljóti að ráða við þessi skil, séu, að það sé verzlun, þegar vara er keypt til að selja hana aftur í óbreyttu formi, nema að því er varðar magn einingar, t.d. í sambandi við pökkun vöru og þess háttar. Á hinn bóginn mundi vera um að ræða sölu á framleiðsluvörum, ef vara er keypt í því skyni að breyta henni, þannig, að um sé að ræða nýja vörutegund og hún síðan seld þannig. Í þessu sambandi hljóta að koma upp mörg vafaatriði, sem ógerlegt er að taka afstöðu til með lagasetningu, en verður að láta framkvæmdinni eftir. Sem dæmi má nefna efnivörur, sem rafvirki selur í sambandi við vinnu sína. Hann kaupir þessa efnivöru í því skyni að selja hana aftur, en selur hana, svo sem rafmagnsrör og þess konar, í nýju formi að því leyti, að rörin eru seld sem hluti af rafkerfi húss.

Um 3. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. gr. gildandi laga.

Um 4. gr.

Greinin er að stofni til hin sama og 3. gr. gildandi laga, en á henni eru gerðar allmiklar breytingar.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir endurnýjun verzlunarleyfis. Um það efni vísast til greinargerðar með 10. gr., þar sem verzlunarleyfi er gefinn ákveðinn gildistími.

Í 1. tölulið 3. gr. laganna nr. 52/1925, er gert ráð fyrir, að maður, sem er heimilisfastur á Íslandi, þegar leyfið er veitt og hefur verið það síðasta árið, geti fengið verzlunarleyfi. Frumvarpsgreinin gerir það að skilyrði á hinn bóginn, að einstaklingur þurfi íslenzkt ríkisfang til þess að öðlast verzlunarleyfi, jafnframt heimilisfesti.

Ákvæði 2. töluliðar 4. gr. frumvarpsins er óbreytt frá gildandi lögum.

Ákvæði 3. töluliðar 3. gr. gildandi laga er hins vegar fellt niður úr frumvarpinu. Þessi töluliður fjallar um heimild aðila til að öðlast verzlunarleyfi, þegar bú hans hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta. Meiri hluti nefndarinnar telur gjaldþrot ekki vera atriði, sem skiptir máli gagnvart meginstefnu frumvarpsins, eins og hún er mörkuð í 1. gr. þess. Raunar telur nefndin, að gildandi ákvæði ýti undir verzlun gjaldþrota manna á nafni annarra og telur nefndin þá aðferð óæskilega. — Þó nefndin ætlist þannig til, að gjaldþrota menn geti öðlazt hina formlegu heimild til verzlunarreksturs, gerir hún sér ljóst, að í raun mundi slíkum aðilum verða örðugt um vik að setja á stofn verzlun vegna skorts á lánstrausti. Ef hins vegar einhver vill hætta fé sínu í verzlunarrekstri gjaldþrota manns, telur meiri hluti nefndarinnar, að formreglur ættu ekki að vera því til fyrirstöðu.

4. töluliður 3. gr. laganna nr. 52/1925, hefur verið felldur úr gildi með 1. gr. laga nr. 38/1961. Ákvæði þetta fjallar um óflekkað mannorð sem skilyrði fyrir verzlunarleyfi og hefur því ekki verið tekið upp í frumvarpið.

Ákvæði 3. töluliðar 4. gr. frumvarpsins svarar til ákvæða 5. töluliðar 3. gr. gildandi laga og 5. töluliðar reglugerðar nr. 43/1926.

Gert er ráð fyrir ferns konar leiðum til að fullnægt sé þekkingarkröfum til að öðlast verzlunarleyfi.

1. Háskólaprófi í viðskiptafræðum, hagfræði eða lögfræði.
2. Burtfararprófi frá verzlunarskóla, sem ráðherra viðurkennir, eða samsvarandi menntun.
3. Þriggja ára störfum við verzlun og námskeið í verzlunarfræðum að þeim tíma liðnum.
4. Meðan ekki hefur verið komið á fót námskeiðum eins og ráðgerð eru undir lið 2, megi vottorð um starfsreynslu koma þess í stað.

Fellt er niður úr frumvarpinu ákvæði um, til hverra skuli leita eftir áliti, áður en reglugerð er sett um þetta efni. Víðtæk samvinna um reglugerð af þessu tagi er svo sjálfsögð í stjórnsýslunni, að óþarft verður að telja að taka slíkt fram í lögum.

4. tölulíður 4. gr. frumvarpsins er óbreyttur frá 6. tölulíð 3. gr. laganna.

Tekið er upp nýtt ákvæði um, að ákvæði greinarinnar víki fyrir milliríkjasamningum, sem Ísland kann að gera og snertir þetta svið.

Um 5. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um skilyrði, sem félög eða stofnanir þurfa að fullnægja til þess að öðlast verzlunarleyfi eða endurnýjun verzlunarleyfis. Greinin er efnislega óbreytt frá gildandi lögum að því frá töldu, að erlendir menn geti átt sæti í stjórn hlutafélags, sem reki verzlun.

Í nefndinni kom fram sá skoðun, að ástæða væri til þess, að öll félagsstjórn félags, sem stundar verzlun, fullnægi öllum skilyrðum 4. gr. frumvarpsins, en ekki látið nægja, að einn stjórnarmaður geri það. Hér er um að ræða kröfuna um þekkingarskilyrði. Var bent á í umræðum um þetta efni í nefndinni, að þess eru allmörg dæmi, að stjórnarmenn í hlutafélögum hafi verið sakfelldir fyrir ýmiss konar brot sem framin hafa verið í félaginu og taldir bera „objektiva“ ábyrgð á þeim brotum. Í sumum tilfellum hefur þar verið um að ræða brot, sem stjórnarmenn þurftu gagngert bókhaldsþekkingu til að komast að, hvað þá koma í veg fyrir.

Var nefndin þeirrar skoðunar, að í þessu efni væri ósamræmi milli refsiábyrgðarinnar, sem á. stjórn slíks félag er lögð og þeirra krafna, sem lögin um verzlunaratvinnu gera til stjórnarmannanna.

Á hinn bóginn treystist nefndin ekki til að taka þessa kröfu upp í frumvarpsgreinina, vegna þess að í mörgum tilvikum mundu ekki verða tök á að kjósa stjórn manna í félögum þannig, að allir fullnægðu þessum skilyrðum.

Um 6. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru ákvæði um, hverjum megi ekki veita verzlunarleyfi, ef verzlunarrekstur samrýmist ekki stöðu þeirra. Samsvarandi ákvæði eru í 4. gr. gildandi laga, þar sem kveðið er á um, að verzlunarleyfi megi ekki veita skipstjórum, hafnsögumönnum, embættismönnum né sýslunar né maka þeirra, ef hjón búa saman, nema ráðherra hafi úrskurðað, að verzlunarreksturinn megi samrýmast stöðu þeirra.

Nefndin hefur orðað þessa grein að nýju og látið hana ná til starfsmanna ríkisins eða ríkisstofnana, starfsmanna sveitarfélaga eða stofnana þeirra og til opinberra sýslunarmanna, og maka þeirra, ef hjón búa saman.

Ástæða er til að undirstrika, að þessi grein miðar ekki að því að koma í veg fyrir, að ríkisstarfsmenn almennt eða starfsmenn bæjarfélaga geti fengið verzlunarleyfi. Á hinn bóginn er greininni ætlað að tryggja, að þeir slíkra starfsmanna, sem gegna opinberum störfum, sem eru ósamrýmanleg verzlunarrekstri, hljóti ekki verzlunarleyfi. Þannig yrði að telja fráleitt, svo dæmi sé nefnt, að starfsmenn Innkaupastofnunar ríkisins eða tollstjóraskrifstofunnar ræku innflutnings- og heildverzlun.

Verður að telja æskilegt, að sú stefna, sem ráðherra markar í þessu efni, verði sett í reglugerð.

Um 7. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er kveðið á um, að verzlunarleyfi sé bundið við nafn, hvort heldur er persónu eða firma. Greinin er í megindráttum sama efnis og 6. gr. gildandi laga. 1. tölulíður 7. gr. frumvarpsins tekur þó af vafa, sem var ríkjandi um 6. gr. laganna, að verzlunarrekstur undir ákveðnu firmanafni eða verzlunarrekstur hlutafélag verður ekki starfsræktur, þótt einhver aðili að félaginu hafi öðlazt verzlunarleyfi.

Í greininni eru ákvæði um, að eftirlifandi maki og erfingjar verzlunarlevfishafa megi halda áfram verzlun látins manns án nýs leyfis með ákveðnum skilyrðum. Ákvæði eru um, að sama máli gegni, þegar verzlunarleyfishafi missir um stundarsakir hæfi samkvæmt 4. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Í þessari grein er ákvæði um efni verzlunarleyfisbréfs og samsvarar að því leyti 1. málsgr. 10. gr. gildandi laga. Skal skráð í verzlunarleyfi, hvers konar verzlun samkvæmt 2. gr. frumvarpsins er leyfð og tekið fram, að heimildin takmarkist við þá tegund verzlunar. Þó er veitt undanþága frá þessu í 2. málslið greinarinnar, þar sem tekið er fram, að sá aðili, sem fengið hefur leyfi til heildverzlunar, megi einnig reka umboðsverzlun eftir sama leyfisbréfi.

Um 9. gr.

Í þessari grein er framhald ákvæða um efni leyfisbréfs.

Í 10. gr. 2. málsgr. gildandi laga er tekið fram, að verzlunarleyfi veiti einungis heimild til verzlunar í ákveðnum kaupstað eða löggiltum verzlunarstað eða í ákveðinni sveit. Í 3. málsgr. 10. gr. eru ákvæði um það að veita megi sama aðila leyfi til verzlunar á mörgum stöðum og til fleiri en einnar tegundar í senn.

Frumvarpið gerir ráð fyrir allmikilli efnisbreytingu að þessu leyti. Er gert ráð fyrir, að verzlunarleyfi sé samkvæmt 9. gr. frumvarpsins annaðhvort gefið út fyrir ákveðið lögsagnarumdæmi, sem tiltekið sé í leyfisbréfi, eða fyrir landið allt.

Í því sambandi er gert ráð fyrir sérstöku ákvæði um verzlun í hreyfanlegri starfsstöð (t. d. kjörbúðarbílar). Er með þessu ákvæði viðurkennd nauðsyn þess, að slík verzlun sé rekin. Jafnframt er tekið fram í 9. gr. frumvarpsins, að verzlunarleyfi, sem gefið er út fyrir landið allt, veiti takmarkaða heimild til verzlunar þannig að það veiti í fyrsta lagi heimild til verzlunar utan löggiltra verzlunarstaða og í öðru lagi veiti það heimild til verzlunar innan löggiltra verzlunarstaða með þær vörutegundir, sem ekki er verzlað með í þeim verzlunarstað.

Hér er um að ræða nýmæli, sem vert er að skýra nokkru frekar. Nefndin hefur gert sér ljóst, að víða á landinu, þar sem viðskiptavinahópur verzlana er mjög þröngur, getur verið örðugt að halda uppi verzlun sem lífvænlegri atvinnugrein, þannig að séð sé fyrir sæmilegu úrvali vara. Þessi aðstaða hefur orðið kaupmönnum og kaupfélögum þeim mun erfiðari sem þeir viðskiptahættir hafa tíðkazt allmikið og færzt í vöxt, að verzlanir, aðallega í Reykjavík, setji upp stóra markaði, aðallega í sjávarplássum úti um land, þegar ætla má, að fólk á þessum stöðum hafi handbært fé. Vöruúrval á slíkum mörkuðum er skiljanlega miklum mun meira en kaupmenn eða kaupfélög þessara staða geta boðið, og því fer svo, að þessir aðilar njóta viðskipta, sem eru miklu meiri en svarar til þeirrar takmörkuðu þjónustu, sem þeir veita íbúum þessara þorpa og kaupstaða, þegar litið er á allt árið. Nefndin telur æskilegt, að löggjöfin um verzlunaratvinnu sporni gegn þessari þróun og reyni að sjá til þess, að þeir aðilar, sem sjá tilteknum stað fyrir verzlunarþjónustu allt árið, megi að sem mestu leyti njóta allra viðskipta íbúanna. Nefndin telur þá takmörkun, sem hér er gert ráð fyrir, engan veginn að koma í veg fyrir, að neytendur á þessum stöðum njóti þeirrar þjónustu, sem þeir nú fá með stórum vörumörkuðum, sem koma og fara. Á hinn bóginn telur hún eðlilegt, að slík þjónusta sé veitt á vegum þeirra aðila, sem reka verzlun á viðkomandi stað sem umboðsmanna verzlana í Reykjavík eða annars staðar.

Í samræmi við þetta gerir nefndin tillögu um nýmæli í 3. mgr. 9. gr., þar sem leyfi til verzlunar skv. 2. mgr. 9. gr. er bundið samþykki viðkomandi lögreglustjóra hverju sinni. Er lögreglustjóra þannig veitt vald til að meta þá hagsmuni, sem hér eru í húfi með hliðstjón af 1. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. 9. gr. frumvarpsins er tekið upp ákvæði úr 4. mgr. 9. gr. laganna, þar sem tekið er fram, að leyfi til heildverzlunar og umboðsverzlunar veiti rétt til að safna tilboðum í vörur, hvar á landi sem er og í íslenzkri landhelgi.

Vert er að vekja athygli á því í sambandi við þessa grein frumvarpsins, að ákvæði um sveitaverzlun eru felld niður úr frumvarpinu, miðað við gildandi lög. Þau ákvæði eru í 11. gr. laganna, þar sem segir, að leyfi til sveitaverzlunar megi ekki af hendi láta, nema sýslunefnd telji heppilegt, að verzlun sé í þeirri sveit, enda sé

umsækjandi þar heimilisfastur og að hennar dómi hæfur til að reka verzlunina. Nefndin hefur ekki fundið rök til að gera þennan mun á aðstöðu til að koma á fót verzlun í sveit annars vegar og verzlunarstað hins vegar.

Um 10. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru ákvæði um útgáfu leyfisbréfs. Samsvarar greinin að því leyti 8. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir, að lögreglustjóri í umdæmi, þar sem aðili ætlar að verzla, láti leyfisbréf af hendi og enn fremur, að leyfisbréf verzlunar, sem gildi fyrir landið allt, gefi lögreglustjóri út á þeim stað, þar sem umsækjandi á heimilisfesti eða firma er skráð.

Það er nýmæli í þessari grein frumvarpsins, að gert er ráð fyrir tilkynningu, sem birtist í Lögbirtingablaði, um útgáfu leyfisbréfs til að stunda verzlunaratvinnu. Eru ákvæði í frumvarpsgreininni, sem kveða á um, að í tilkynningunni skuli greina nafn leyfishafa eða firma, tegund verzlunar, hvar verzla megi samkvæmt leyfinu og hvenær það var útgefið.

Það er enn fremur nýmæli í 3. mgr. þessarar greinar frumvarpsins, að verzlunarleyfi er gert tímabundið og þá ætlazt til, að það gildi í fimm ár, en sé endurnýjað að þeim tíma liðnum, ef leyfishafi fullnægir þá enn skilyrðum þessara laga.

Tilgangurinn með þessum nýmælum er að reyna að tryggja betri vitneskju almennings og ekki síst opinberra aðila um þá, sem leyfi hafa til að stunda verzlunaratvinnu. Sama tilgangi þjónar ákvæðið í 11. gr., sem kveður á um, að Hagstofa Íslands skuli halda skrá um þá aðila, sem á hverjum tíma hafa leyfi til verzlunarrekstrar. Má ætla, að slík heildarskrásetning þeirra aðila, sem við verzlunarrekstur fást, auðveldi ýmiss konar eftirlit, svo sem skatteftirlit, heilbrigðiseftirlit o. s. frv.

Í nefndinni kom fram tillaga um, að Félag íslenzkra stórkaupmanna og Kaupmannasamtök Íslands ættu umsagnarrétt um hverja umsókn um verzlunarleyfi. Meiri hluti nefndarinnar gat ekki fallizt á þessa tillögu.

Um 12. gr.

Í þessari grein er ákvæðið á um, að hverjum þeim, sem hefur leyfi til að stunda verzlunaratvinnu, beri að hafa fasta starfsstöð og beri að tilkynna heimilisfang hennar og breytingu á því til Hagstofu Íslands, sbr. 11. gr. frumvarpsins.

Efni þessa ákvæðis er nýmæli, sem þjónar svipuðum tilgangi og ákvæði 10. og 11. gr., sbr. það, sem segir hér að framan.

Um 13. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru ákvæði um missi verzlunarleyfis. Ákvæði greinarinnar svara þannig til 7. gr. laganna um verzlunaratvinnu og eru ekki gerðar efnisbreytingar frá gildandi lögum, en greinin orðuð að nýju.

Um 14., 15. og 16. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Rétt þykir að gefa nokkurn frest til gildistöku laganna, vegna undirbúnings, sem myndi verða nauðsynlegur t. d. hjá Hagstofu Íslands. Í greininni er gert ráð fyrir að fella úr gildi lögin um verzlunaratvinnu og lög um breyting á þeim lögum. Jafnframt eru úr gildi felld með ákvæðinu lög nr. 78 22 .nóvember 1907, um farandsala og umboðssala. Þessi síðast nefnda breyting mundi hafa það í för með sér, að erlendir menn munu ekki geta komið hingað til lands til að hefja þar verzlun, umboðssölu eða tilboðasöfnun af neinu tagi í eigin nafni.

Loks er gert ráð fyrir niðurfellingu laga nr. 45 30. júlí 1909, um námskeið verzlunarmanna. Lög þessi hafa ekki verið framkvæmd og eru með öllu úrelt. Gert er ráð fyrir, að ákvæði 3. töluliðar 4. gr. þjóni þeim markmiðum, sem þessum gömlu lögum um námskeið verzlunarmanna var ætlað að ná.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæðum þessum er gert ráð fyrir, að gildandi verzlunarleyfi séu endurnýjuð í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Gert er ráð fyrir, að leyfi, sem ekki hafa verið endurnýjuð innan árs frá gildistöku laganna, falli úr gildi.

Ákvæði þetta miðar að því meðal annars, að skrá sú, sem gert er ráð fyrir að Hagstofa Íslands haldi samkvæmt 11. gr. frumvarpsins, verði tæmandi.

Nd. 213. Frumvarp til laga [90. mál]

um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

Sveitarfélög annast heilbrigðiseftirlit hvert fyrir sig með þeim undantekningum, sem ákveðnar kunna að vera í sérstökum lögum og reglum, en yfirstjórn heilbrigðiseftirlitsins í landinu skv. þessum lögum er í höndum ráðherra heilbrigðismála.

2. gr.

Heilbrigðisnefnd skal vera í hverju sveitarfélagi landsins. Með leyfi ráðherra er þó sveitarfélögum innan sama læknishéraðs, öðrum en kaupstöðum og kauptúnshreppum, heimilt að sameina umdæmi heilbrigðisnefnda, þannig að það nái yfir tvo eða fleiri hreppa.

Sveitarstjórn ákveður tölu heilbrigðisnefndarmanna, en þó skulu ekki færri en 3 menn eiga sæti í nefndinni.

Heilbrigðisnefnd skal kosin af sveitarstjórn til 4 ára í senn að afloknum hverjum almennum sveitarstjórnarkosningum. Heilbrigðisnefnd samkvæmt fyrri málsl. 1. málsgr. skal kosin hlutfallskosningu, ef einn fjórði hluti sveitarstjórnarmanna krefst þess, en um kosningartilhögun heilbrigðisnefndar samkvæmt öðrum málsl. skulu vera ákvæði í samningum hreppa um sameiningu umdæma.

Sveitarstjórn kýs formann heilbrigðisnefndar úr hópi nefndarmanna.

3. gr.

Heilbrigðisnefndir skulu sjá um, að framfylgt sé ákvæðum laga þessara, heilbrigðisreglugerðar, svo og heilbrigðissamþykkta einstakra sveitarfélaga, ef til eru, og sömuleiðis ákvæðum í sérstökum lögum eða reglum, sem heilbrigðisnefndum er falið að annast um framkvæmdir á.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að stöðva starfrækslu eða notkun, ef skilyrðum laga, heilbrigðisreglugerðar eða heilbrigðissamþykktar eða fyrirmælum heilbrigðisnefndar samkvæmt heimildum í þeim ákvæðum er ekki fullnægt um starfrækslu eða húsnæði það, land eða tæki, sem notað er.

Almennar fyrirskipanir og áminningar varðandi framkvæmd heilbrigðisreglugerðar eða heilbrigðissamþykktar birtir heilbrigðisnefnd á þann hátt, sem títt er að birta opinberar auglýsingar á þeim stað, sem í hlut á.

4. gr.

Sveitarstjórn skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir eða framkvæmdir, er varða heilbrigðismál á einn eða annan hátt.

5. gr.

Héraðslæknir (í Reykjavík borgarlæknir eins og annars staðar í lögum þessum, þar sem vikið er að héraðslæknum) er faglegur ráðunautur heilbrigðisnefndar. Hann getur krafizt þess, að heilbrigðisnefndarfundur sé haldinn, þegar honum þykir þörf, og sömuleiðis getur hann krafizt þess, að mál séu tekin á dagskrá og til meðferðar á fundum.

Héraðslækni er skylt að sitja heilbrigðisnefndarfundi í því sveitarfélagi, þar sem hann er búsettur, þótt hann eigi ekki sæti í nefndinni, og heimilt er honum að sitja fundi allra heilbrigðisnefnda í læknishéraði hans. Á fundum hefur hann málfrelsi og tillögurétt. Skal tilkynna honum í tækan tíma stund, stað og dagskrá hvers fundar. Nú situr héraðslæknir ekki heilbrigðisnefndarfund, og skal þá senda honum afrit af fundargerð þegar að fundi loknum.

Héraðslækni skal gefinn kostur á að sitja sveitarstjórnarfund, þegar heilbrigðismál eru til umræðu, og hefur hann þar sama rétt og á fundum heilbrigðisnefnda.

6. gr.

Héraðsdýralækni skal gefinn kostur á að sitja heilbrigðisnefndarfund, þegar formaður eða héraðslæknir telja þess þörf, og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt.

7. gr.

Í hverjum kaupstað með 10 000 íbúum eða fleiri skal ráða heilbrigðisfulltrúa, sem er sérmenntaður í heilbrigðiseftirliti, einn eða fleiri eftir íbúafjölda, þannig að ekki komi að jafnaði fleiri en 15 000—16 000 íbúar á einn og sama fulltrúa. Ef ekki er völ á sérmenntuðum manni, getur landlæknir þó heimilað, að ráðinn sé annar maður í starfið um stundarsakir, eða þar til völ er á sérmenntuðum manni. Starf heilbrigðisfulltrúa samkvæmt þessari málsgr. skal teljast fullt starf.

Í hverjum kaupstað með færri en 10 000 íbúum og í hverjum kauptúnshreppi, þar sem 800 manns eða fleiri eru búsettir í kauptúninu, skal ráða heilbrigðisfulltrúa, og ákveður sveitarstjórn daglegan eða vikulegan starfstíma hans.

Í öðrum sveitarfélögum en þeim, sem um getur í 1. og 2. málsgr. þessarar greinar, skal ráða heilbrigðisfulltrúa með sama hætti og segir í 2. málsgr., þegar sveitarstjórn ákveður, að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar.

Heimilt er sveitarfélögum með samningi að sameinast um heilbrigðisfulltrúa, en ekki mega að jafnaði koma fleiri en 15 000—16 000 íbúar á einn og sama fulltrúa.

Sveitarstjórn ræður heilbrigðisfulltrúa, að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar og héraðslæknis, og setur honum erindisbréf með ráði sömu aðila. Laun hans skulu greidd úr sveitarsjóði.

Áður en ráðinn er heilbrigðisfulltrúi samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar, skal leita álits landlæknis um undirbúningsmenntun umsækjenda, og má ráða þann einn, sem er sérmenntaður til slíks starfs að dómi hans, sbr. þó annan málsl. 1. málsgr.

Heilbrigðisfulltrúi situr fundi heilbrigðisnefndar skv. ákvæðum í heilbrigðisreglugerð og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Heilbrigðisfulltrúi annast, undir umsjón héraðslæknis, alla daglega eftirlitsstarfsemi fyrir hönd heilbrigðisnefndar samkvæmt nánari fyrirmælum erindisbréfs.

Þar sem heilbrigðisfulltrúi er ekki, skipta heilbrigðisnefndarmenn eftirlitsstarfseminni með sér undir umsjón héraðslæknis og eftir nánari ákvörðun formanns heilbrigðisnefndar.

8. gr.

Ríkið starfrækir stofnun, sem nefnist Heilbrigðiseftirlit ríkisins. Skal það skipað forstöðumanni (yfirlækni, ef um lækni er að ræða) og fyrst í stað tveimur heilbrigðisráðunautum honum til aðstoðar. Heimilt skal að fjölga ráðunautum eftir tillögum landlæknis, þegar fé er veitt til þess á fjárlögum.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur aðalaðsetur í Reykjavík, en þegar heilbrigðisráðunautum verður fjölgað skv. heimildarákvæði 1. málsgr. þessarar greinar, er ráðherra heimilt að ákveða einum ráðunaut a. m. k. aðsetur í hverjum hinna þriggja landshluta, Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi. Ekki skulu þó færri en tveir ráðunautar, auk forstöðumannsins, hafa aðsetur í Reykjavík.

Ráðherra skipar forstöðumann (yfirlækni) Heilbrigðiseftirlitsins og heilbrigðisráðunauta, að fengnum tillögum landlæknis, sem leitar álits prófessorsins í heilbrigðisfræði við Háskóla Íslands. Forstöðumaðurinn skal vera læknir eða dýralæknir með sérmenntun í heilbrigðisfræði, maður með háskólaprófi í heilbrigðisfræði eða maður með aðra háskólamenntun, er fullnægir kröfum um sérþekkingu í heilbrigðiseftirliti að mati ráðherra. Heilbrigðisráðunautar skulu hafa aflað sér þeirrar undirbúningsmenntunar, sem ráðherra metur gilda.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur, undir stjórn landlæknis, yfirumsjón með heilbrigðiseftirlitinu í landinu samkvæmt þessum lögum, heilbrigðisreglugerð og þeim ákvæðum annarra laga og reglna, er hollustuhætti varða og heilbrigðisnefndum ber að sjá um framkvæmdir á. Það er til ráðuneytis yfirstjórn heilbrigðismála, heilbrigðisnefndum og öðrum opinberum aðilum, er um heilbrigðiseftirlit fjalla. Það skal stuðla að því, að haldið sé uppi skipulegri fræðslu um hreinlætishætti fyrir þá, sem fást við matvæli og aðra neyzluvöru. Ráðherra setur forstöðumanni og heilbrigðisráðunautum starfsreglur.

Forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins og heilbrigðisráðunautar eiga rétt til setu á fundum heilbrigðisnefnda og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

9. gr.

Ráðherra setur með ráði landlæknis heilbrigðisreglugerð, og gildir hún fyrir öll sveitarfélög landsins, eftir því sem við getur átt. Skal tekið fram í reglugerðinni, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að taka af tvímæli, hvaða ákvæði hennar gilda einungis fyrir þéttbýli (skipulagsskylda staði) og hver einungis fyrir deifbýli. Heilbrigðiseftirlit ríkisins gerir tillögur um endurskoðun heilbrigðisreglugerðar.

Heimilt er að setja sérstakar heilbrigðissamþykktir, er gilda fyrir einstök sveitarfélög a) um þætti, sem ekki eru ákveði um í heilbrigðisreglugerð, enda sé þá gætt ákvæða fyrri málsgr. 11. greinar, b) til að gera um einstök atriði ríkari kröfur en gerðar eru í heilbrigðisreglugerð. Hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd semur með aðstoð héraðslæknis, og ef með þarf annarri sérfræðilegri aðstoð, frumvarp að heilbrigðissamþykkt og frumvarp til breytinga á henni og leggur fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórn. Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt frumvarpið, afgreiðir hún það til ráðherra, er staðfestir það eða synjar því staðfestingar, að fengnum tillögum landlæknis. Nú er frumvarpi synjað staðfestingar, og endursendir þá ráðherra frumvarpið til sveitarstjórnar með leiðbeiningum um, hverjar breytingar þurfi að gera á því, til þess að það geti hlotið staðfestingu.

Heilbrigðisreglugerð og staðfestar heilbrigðissamþykktir skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

10. gr.

Í heilbrigðisreglugerð skulu vera almenn ákvæði um:

1. valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefndar;
2. hreinlæti og þrifnað utan húss, svo sem á torgum, götum eða öðrum alfaraleiðum, opnum eða umgirtum svæðum í þéttbýli, fjörum, hafnarbökkum og bryggjum, görðum og lóðum kringum hús, hvort sem eru opinber eign eða einstakra manna;
3. vatnsveitur, vatnsból, salerni og frárennsli;
4. hirðingu á sorpi og hvers kyns öðrum úrgangi;
5. meindýr hvers konar, svo og ónytjadýr í óskilum;
6. íbúðarhúsnæði;

7. vinnustöðvar úti og inni, svo sem verksmiðjur hvers konar, verkstæði eða vinnustofur fyrir iðnað, sláturhús, frystihús, útgerðar- og fiskverkunarstöðvar, matvælagerðar(vinnslu)-stöðvar, verzlanir hvers konar, útisölu, vörugeymslur, verbúðir og verkamannaskýli, afgreiðslustöðvar flutninga- og farartækja, þvottahús, skrifstofur, bókasöfn og annað tilsvarandi;
8. gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði;
9. skóla og aðra kennslustaði;
10. rakarastofur, hárgreiðslustofur og hvers konar aðrar snyrtistofur;
11. barnaheimili, þ. á m. sumardvalarheimili, upptökuheimili svo og leikvelli;
12. heilbrigðisstofnanir skv. sjúkrahúsalögum, heilsuverndarstöðvar, fávitahæli og tilsvarandi, lyfjabúðir og lækningastofur;
13. íþróttastöðvar, íþróttahús, sundhallir, almenn baðhús, gufubaðstofur, almenna baðstaði og því um líkt;
14. fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna;
15. kirkjur og hvers konar samkomuhús;
16. kirkjugarða, líkhús og bálstofur, svo og meðferð líka;
17. báta og skip, vélknúin ökutæki, flugvélar o. s. frv.;
18. gripahús, svo og meðferð og gæzlu húsdýra, þ. á m. hunda;
19. eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, svo og um húsakynni og tæki til matvælaframleiðslu, matvælaiðnaðar, matvælageymslu og matvæladreifingar, sbr. og 7. lið;
20. þátttöku heilbrigðisnefnda í sóttvörnum.

Enn fremur er heimilt að setja ákvæði um:

21. hávaða, hvort heldur af starfrækslu hvers konar eða umferð á landi eða í lofti;
22. loftmengun.
23. Heilbrigðisreglugerð skal ljúka með því að kveða á um heimild til að veita undanþágur frá reglugerðinni og hvaða takmörkunum slík heimild skuli háð.

11. gr.

Nú þykir ástæða til að kveða á um atriði í heilbrigðisreglugerð eða heilbrigðissamþykktum, sem ekki verður heimfært undir neinn tölulið 10. greinar, og skal þá heimilt að taka atriðið upp í reglugerðina eða samþykktina, enda sé það sambærilegt við þau atriði, sem hér eru talin upp.

Ákvæði heilbrigðisreglugerðar og heilbrigðissamþykkta skulu ætíð vera í sem fyllstu samræmi við ákvæði í sérstökum lögum eða reglum um sama efni og aldrei vægari en þau.

12. gr.

Ef ágreiningur rís milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórnar um tilhögun eða framkvæmd heilbrigðisráðstöfunar, skulu aðilar leggja málið fyrir Heilbrigðiseftirlit ríkisins. Nú tekst því ekki að miðla málum, og má þá leita úrskurðar ráðherra. Sömu málsmeðferð má hafa, ef héraðslæknir eða héraðsdýralæknir fá ekki framgengt þeim heilbrigðisráðstöfunum, sem þeir telja nauðsynlegar.

13. gr.

Nú telur landlæknir nauðsyn á heilbrigðisráðstöfun, sem varðar almenningsheill, en hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd fæst ekki til að láta málið til sín taka eða gengur ekki nægilega ríkt eftir framkvæmdum, og er þá ráðherra heimilt, að fengnum tillögum landlæknis, að gefa út fyrirmæli um framkvæmd ráðstöfunarinnar. Í slíkum tilvikum skal landlæknir jafnan ráðgast við Heilbrigðiseftirlit ríkisins, svo fremi að honum hafi ekki þegar borizt tillögur þess um málið.

Nú telur Heilbrigðiseftirlit ríkisins, að svo alvarleg hætta stafi af tiltekinni starfrækslu eða notkun, að aðgerðir þoli enga bið, og er því þá heimilt til bráða-

birgða að stöðva starfræksluna eða notkunina, en tilkynna skal það tafarlaust hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd. Nú fellst heilbrigðisnefndin ekki á ráðstöfunina, og skal þá Heilbrigðiseftirlitið, er heilbrigðisnefnd hefur skriflega tilkynnt því ágreininginn, skjóta málinu til úrskurðar ráðherra. Ein greinargerð frá hvorum aðila skal fylgja málsskotinu. Frestur heilbrigðisnefndar til málsskots skv. þessari málsgr. skal vera 1 vika, frá því er henni berst tilkynningin, en innan viku þar frá skal Heilbrigðiseftirlitið hafa afgreitt skjöl málsins til ráðherra. Málsskotið frestar ekki upphaflegri ákvörðun Heilbrigðiseftirlitsins.

14. gr.

Nú er öðrum aðila eða aðilum en heilbrigðisnefnd falið með sérstökum lögum eftirlit með starfrækslu, stofnun eða notkun, sem þessi lög taka til, og fara fyrirmæli þess eða þeirra aðila í bág við fyrirmæli heilbrigðisnefndar, og reynast tilraunir til samræmingar fyrirmælanna árangurslausar, og skal þá leggja málið fyrir landlækni, sem sker úr um ágreininginn. Nú sættir annar hvor aðili sig ekki við úrskurðinn, og má hann þá skjóta málinu til ráðherra til fullnaðarúrskurðar.

15. gr.

Heilbrigðiseftirliti ríkisins, héraðslæknum, heilbrigðisnefndum og heilbrigðisfulltrúum skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits að öllum þeim stöðum, þar sem fram fer starfræksla eða notkun, sem ákvæði 10. gr. fjalla um.

16. gr.

Rannsóknarstofnanir ríkisins skulu annast nauðsynlegar rannsóknir á sýnishornum vegna heilbrigðiseftirlits skv. lögum þessum. Þó er sveitarfélögum heimilt að láta rannsaka sýnishorn á öðrum rannsóknarstofnunum, enda hafi ráðherra úrskurðað þær fullgildar til slíkra rannsókna.

17. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum, heilbrigðisreglugerð, heilbrigðissamþykktum einstakra sveitarfélaga eða fyrirmælum gefnum samkvæmt þeim ákvæðum skal refsa með sektum, en með varðhaldi, ef miklar sakir eru.

Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrirmælum heilbrigðisnefndar, getur hún ákveðið honum dagsektir, allt að 2000 krónum, þar til úr er bætt. Dagsektir renna í sveitarsjóð. Ef nokkur vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur fyrirskipað samkvæmt heilbrigðisreglugerð eða heilbrigðissamþykkt, er nefndinni heimilt að láta vinna verkið á kostnað hins vinnuskylda. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en innheimta síðan hjá hlutaðeiganda.

Kostnað og dagsektir samkvæmt 2. málsgr. má innheimta með lögtaki.

18. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, heilbrigðisreglugerð eða heilbrigðissamþykktum, skal farið að hætti opinberra mála.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1969. Með gildistöku þeirra falla úr gildi lög nr. 35/1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, og lög nr. 19/1962, um breytingu á þeim lögum. Einnig falla úr gildi fyrri málsl. 2. málsgr. 7. gr. laga nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, og 19. gr. laga nr. 53/1963, um veitingasölu, gististaðhald o. fl., svo og annað í síðast nefndum lögum og öðrum lögum, er fer í bág við þessi lög. Starfsemi sú, er ofangreind ákvæði laga nr. 24/1936 og laga nr. 53/1963 fjalla um, skal þó ekki niður falla, fyrr en fullnægt er fyrsta málsl. 1. málsgr. 8. gr. þessara laga.

Þar til sett verður heilbrigðisreglugerð samkvæmt ákvæðum laga þessara, skulu staðfestar heilbrigðissamþykktir einstakra sveitarfélaga halda gildi sínu, en við gildistöku heilbrigðisreglugerðar falla þær úr gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 10. marz 1967, skipaði ráðherra heilbrigðismála, Jóhann Hafstein, fjögurra manna nefnd „til þess að endurskoða lög nr. 35/1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, og gera tillögur, eftir því sem þurfa þykir, til nýskipunar, sem stuðli að því að tryggja raunhæfa og hagkvæma framkvæmd heilbrigðiseftirlitsins á þessu sviði."

Í nefndina voru skipaðir:
Grímur Jónsson, héraðslæknir í Hafnarfirði,
Sigurgeir Jónsson, bæjarfógeti í Kópavogi,
Þórhallur Halldórsson, framkvæmdarstjóri heilbrigðiseftirlitsins í Reykjavík, og
Benedikt Tómasson, læknir, og var hann skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin hélt alls 26 fundi. Hún kynnti sér eftir föngum íslenzka löggjöf, sem varðar á einhvern hátt heilbrigðiseftirlit, beint eða óbeint. Einnig kynnti hún sér löggjöf og tilhögun heilbrigðiseftirlits í Svíþjóð og Noregi. Í Danmörku er unnið að endurskoðun löggjafar um heilbrigðiseftirlit, og taldi nefndin því gagnslaust að kynna sér að ráði tillögun þess þar. Auk þess áttu nefndarmenn viðtöl við ýmsa þá aðila, sem hafa með höndum eftirlit sérstakrar tegundar, er kemur jafnframt inn á hið almenna eftirlit, svo og við nokkra bæjarstjóra og héraðslækna.

Með bréfi dagsettu 29. nóvember 1967 sendi nefndin heilbrigðismálaráðherra tillögur sínar í formi frumvarps þess til laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem prentað er hér að framan, ásamt athugasemdum sínum við frumvarpið, sem fara hér á eftir, ásamt skrá um löggjöf sem fylgiskjal.

I. Helztu nýmæli frumvarpsins.

1. Heilbrigðisnefnd skal vera í hverju sveitarfélagi landsins. Sveitarfélögum er heimilt að sameinast um heilbrigðisnefnd með vissum takmörkunum.
2. Heilbrigðisnefnd skal öll kosin af sveitarstjórn, þ. e. skylda lögreglustjóra og héraðslækna til setu í nefndunum er felld niður.
3. Ákvæði er um vald heilbrigðisnefnda til stöðvunar á starfrækslu eða notkun.
4. Héraðslæknir er gerður faglegur ráðunautur heilbrigðisnefndar.
5. Heimila má héraðsdýralækni að sitja heilbrigðisnefndarfund.
6. Kaupstaðir með 10 000 íbúum eða fleiri skulu ráða sér sérmenntaðan heilbrigðisfulltrúa í fullu starfi, einn eða fleiri eftir íbúafjölda. Í kauptúnum með 800 íbúum eða fleiri skal ráða heilbrigðisfulltrúa, en undirbúningsmenntun og starfstími er ótiltekið. Sveitarfélögum er heimilað með vissum takmörkunum að sameinast um heilbrigðisfulltrúa. Heilbrigðisnefndir annast, undir umsjón héraðslæknis, heilbrigðiseftirlit, þar sem ekki er heilbrigðisfulltrúi.
7. Komið skal á fót nýrri stofnun, Heilbrigðiseftirliti ríkisins, er hefur, undir stjórn landlæknis, yfirumsjón með heilbrigðiseftirlitinu í landinu. Hún tekur einnig að sér yfireftirlit skv. lögum nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum. Í staðinn er felld niður heimild þeirra laga til að fela yfirumsjónina sérstökum „kunnáttumönnum". Skv. því verður starf sérstaks mjólkureftirlitsmanns lagt niður. Stofnunin tekur einnig að sér eftirlit með gisti- og veitingastöðum skv. lögum nr. 53/1963. Starf sérstaks eftirlitsmanns verður því lagt niður.
8. Ráðherra setur heilbrigðisreglugerð fyrir allt landið. Þó er sveitarfélögum heimilað að fá settar sérstakar heilbrigðissamþykkir sem viðauka með tilteknum takmörkunum.

9. Heilbrigðiseftirlit ríkisins er málamiðlunaraðili, ef ágreiningur verður milli sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar, en ráðherra er fengið úrskurðarvald.
10. Ráðherra er heimilað að gefa út fyrirmæli skv. tillögu landlæknis um brýna heilbrigðisráðstöfun, ef heilbrigðisnefnd fæst ekki til að láta málið til sín taka eða kemur því ekki fram.
11. Heilbrigðiseftirliti ríkisins er heimilað að stöðva starfrækslu eða notkun í brýnni nauðsyn og ef málið þolir enga bið. Heilbrigðisnefnd má skjóta slíkri ráðstöfun til úrskurðar ráðherra.
12. Úrskurðaraðili er settur, ef ágreiningur verður milli heilbrigðisnefndar og annars aðila, sem fer með sams konar eftirlit.
13. Rannsóknarstofnunum ríkisins er gert skylt að annast rannsóknir á sýnishornum.
14. Viðurlög við brotum eru þyngd.

Um núgildandi lög nr. 35/1940 vísast til næsta kafla athugasemda með frumvarpi þessu.

II. Núverandi skipan heilbrigðiseftirlits skv. lögum nr. 35/1940.

Samkvæmt núgildandi lögum um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir fara heilbrigðisnefndir með almennt heilbrigðiseftirlit, þ. e. eftirlit með hreinlæti og öðrum hollustuháttum, hver í sínu umdæmi, en umdæmi er eitt sveitarfélag. Skylt er, að heilbrigðisnefnd sé starfandi í hverjum kaupstað og hverju kauptúni með yfir 500 íbúum, en önnur sveitarfélög eru sjálfráð að því, hvort þar er heilbrigðisnefnd eða ekki, nema ráðherra mæli beinlínis svo fyrir. Samkvæmt skýrslum héraðslækna voru alls 59 heilbrigðisnefndir í landinu í árslok 1965, og er ekki vitað til, að þeim hafi fjölgað síðan. Í kaupstöðum er heilbrigðisnefnd skipuð 3 eða 5 mönnum, en annars staðar 3 mönnum. Lögreglustjóri er lögskipaður formaður heilbrigðisnefndar, þar sem hann er búsettur, en annars staðar kemur hreppstjóri í hans stað. Héraðslæknir er lögskipaður nefndarmaður, þar sem hann er búsettur, en annars staðar fulltrúi hans, tilnefndur af honum. Aðrir nefndarmenn eru kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórn, og skal einn þeirra a. m. k. eiga sæti í henni. Ef nefndarmenn eru 5, skal einn þeirra vera verkfræðingur, sérfróður um heilbrigðistækni. Héraðslækni er heimilt að sitja fundi allra heilbrigðisnefnda í læknishéraði hans og sömuleiðis sveitarstjórnarfundi, þegar heilbrigðismál eru til umræðu.

Heilbrigðisnefnd semur frumvarp að heilbrigðissamþykkt fyrir umdæmi sitt, svo og breytingar á henni, þegar þurfa þykir, en sveitarstjórn leitar staðfestingar ráðherra, þegar hún hefur samþykkt frumvarpið. Í heilbrigðissamþykkt skulu (eða mega) í aðalatriðum vera ákvæði um: a. hreinlæti og þrifnað úti og inni, b. hvers konar meindýr, d. vatn, frárennsli, salerni og sorphirðingu, e. húsakynni til hvers konar nota, f. stöðvar úti við til vinnu, íþróttaiðkana eða annarra nota, g. farar- og flutningatæki, h. eftirlit með matvælum og öðrum neyzluvörum, i. aðstoð við sóttvarnir. Ákvæði heilbrigðissamþykktar skulu vera í sem fyllstu samræmi við ákvæði sérstakra laga og reglugerð um sama efni og aldrei vægari.

Í kaupstöðum skulu vera heilbrigðisfulltrúar, sem annast daglega eftirlitsstarfsemi fyrir hönd nefndarinnar undir eftirliti héraðslæknis. Í öðrum sveitarfélögum má ráða heilbrigðisfulltrúa, þegar sveitarstjórnir ákveða. Laun fulltrúanna skulu greidd úr sveitarsjóði. Engin ákvæði eru um undirbúningsmenntun heilbrigðisfulltrúa, og sveitarstjórnir ákveða vinnutíma þeirra. Í Reykjavík eru nú 8 heilbrigðisfulltrúar í fullu starfi (að meðtöldum framkvæmdarstjóra), og hafa þeir allir hlotið nokkra undirbúningsmenntun og flestir lokið tilskildu námi til slíkra starfa erlendis. Í árslok 1965 var skv. skýrslum héraðslækna einn heilbrigðisfulltrúi í hverjum eftirtalinna kaupstaða: Ísafirði, Sauðárkróki, Siglufirði, Akureyri, Vestmannaeyjum, Keflavík, Hafnarfirði og Kópavogi. Samkvæmt þessu hafa 5 kaupstaðir ekki farið að ákvæðum laganna í þessu efni. Einn heilbrigðisfulltrúi

er skráður utan kaupstaða (í Garðahreppi). Allir hafa þessir fulltrúar starfið sem aukastarf, sumir aðeins sem mjög óverulegan hluta af starfi, og enginn þeirra mun hafa hlotið sérstaka undirbúningsmenntun til þess.

Sveitarstjórn ber að leita umsagnar heilbrigðisnefndar um allar ráðstafanir eða framkvæmdir, er varða heilbrigðismál.

Ákvæði eru um viðurlög við brotum á heilbrigðissamþykkt eða vanrækslu á að hlýða fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

III. Önnur löggjöf, er varðar heilbrigðiseftirlit.

Um flestalla þá þætti, sem upp eru taldir í lögum um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, er í gildi sérstök löggjöf, sem varðar heilbrigðiseftirlit meira eða minna. Verður hér á eftir gerð grein fyrir þeirri löggjöf, sem þykir skipta mestu máli með sérstöku tilliti til hollustuhátta og heilbrigðiseftirlits, en að öðru leyti vísað til sérstakrar skrár um löggjöf (fylgiskjal). Fylgt er sömu röð og í upptalningu 10. gr. frumvarpsins og tölusett á sama hátt. Vísast að nokkru leyti til þessa kafla sem greinargerðar um þá grein frumvarpsins.

1. **Valdsvið o. s. frv. heilbrigðisnefndar. Sjá 10. gr.**

2. **Hreinlæti utan húss.**

   Engin sérlöggjöf.

3. **Vatn og frárennsli.**

   Vatnalög (nr. 15/1923).

   Bæjarstjórn er heimilt að koma upp vatnsveitu og hefur þá einkasölu á vatni. Hreppsnefnd er rétt að koma upp vatnsveitu, ef það er hagfellt fyrir a. m. k. helming fasteigna í hreppnum. Sveitarfélögum er einnig heimilt að leggja holræsi og krefjast notkunargjalds. Rétt er mönnum að gera með sér félag um vatnsveitu og holræsi. Atvinnumálaráðherra hefur yfirstjórn vatnamála, en verkfræðilegur ráðunautur hans er vegamálastjóri. Bannað er að spilla vatni, svo að það verði hættulegt mönnum eða búpeningi.

4. **Sorphirðing.**

   Engin sérlöggjöf.

5. **Meindýr o. s. frv.**

   Lög um eyðing á rottum (nr. 27/1945).

   Sveitarstjórnir skulu sjá um rottueyðingu undir yfirstjórn heilbrigðisstjórnar (svo). Rottueyðingu í skipum annast sóttvarnarnefndir skv. sóttvarnarreglugerð.

6. **Íbúðarhúsnæði.**

   Sjá sérskrá um löggjöf varðandi skipulag og húsakynni, sem á einnig við um aðra liði 10. gr., þá er um húsakynni fjalla. Útdrættir óþarfir.

7. **Vinnustöðvar úti og inni.**

   Lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum (nr. 23/1952) (með breytingum) ásamt reglugerðum.

   Starfsmenn eru öryggismálastjóri, öryggiseftirlitsmenn, skoðunarmenn og umdæmisskoðunarmenn hver í sínu umdæmi. Tilgangur eftirlitsins er slysavarnir, almenn heilsuvernd og vernd gegn atvinnusjúkdómum. Auk ákvæða um öryggiseftirlit í þrengri merkingu (þ. e. um vélar, tæki og efni) eru ákvæði um gerð og búnað húsakynna þeirra, sem lögin taka til, svo sem loftrými, loftræstingu, upphitun, almennt hreinlæti o. s. frv. Starfsmenn eftirlitsins hafa

m. ö. o. á hendi bæði sérhæft og almennt eftirlit. Hafa skal samband við héraðslækni um allt, er snertir heilbrigði verkamanna.

8. **Gisti- og veitingastaðir.**

Lög um veitingasölu, gististaðahald o. fl. (nr. 53/1963) ásamt reglugerð.

Sérfróður eftirlitsmaður hefur eftirlit með gisti- og veitingastöðum undir stjórn landlæknis. Þó er landlækni heimilt að fela eftirlit í kaupstöðum „sérstökum heilbrigðiseftirlitsmönnum". (Mun átt við heilbrigðisfulltrúa.) Lögin gera einnig ráð fyrir afskiptum heilbrigðisnefnda og héraðslækna. Ákvæði eru um gerð og búnað veitingastaða, þrifnað o. s. frv.

9. **Skólar og kennslustaðir.**

Lög um heilsuvernd í skólum (nr. 61/1957) ásamt reglugerð.

Skólayfirlæknir og skólalæknar hafa eftirlit með aðbúnaði og hollustuháttum í skólum. Dýralæknar (eða héraðslæknar) hafa eftirlit með ógerilsneyddri neyzlumjólk í heimavistarskólum skv. sérstökum reglum (skv. l. nr. 24/1936). Engin sérlöggjöf er um kröfur til skólahúsnæðis, að undanskildum leikfimihúsum.

10. **Rakara-, hárgreiðslu- og aðrar snyrtistofur.**

Engin sérlöggjöf.

11. **Barnaheimili og leikvellir.**

Lög um vernd barna og ungmenna (nr. 53/1966) (með breytingu) ásamt reglugerðum fyrir einstök sveitarfélög.

Barnaverndarnefndir hafa, undir yfirumsjón barnaverndarráðs, eftirlit með barnaheimilum og uppeldisstofnunum, þar með talin sumardvalarheimili barna (sérstök reglugerð, þar sem gerðar eru tilteknar kröfur um húsakynni og aðbúð).

12. **Heilbrigðisstofnanir o. fl.**

Sjúkrahúsalög (nr. 54/1964).

Undir lögin falla sjúkrahús, sjúkraskýli, geðveikrahæli, heilsuhæli, hjúkrunar- eða hressingarheimili, baðstaðir, nuddstofur, ljóslækningastofnanir, fæðingarheimili, elliheimili, barnahæli eða aðrar tilsvarandi heilbrigðisstofnanir. Ákvæði er um, að heilbrigðisyfirvöld skuli jafnan eiga greiðan aðgang að stofnunum þeim, er lögin taka til. Engin ákvæði eru um kröfur til húsakynna eða útbúnaðar.

Lyfsölulög (nr. 30/1963).

Eftirlit með lyfjabúðum er í höndum sérstaks eftirlitsmanns (kennara í lyfjafræði lyfsala skv. lögum um Háskóla Íslands).

13. **Íþróttir.**

Íþróttalög (nr. 49/1956) ásamt reglugerð um skólaíþróttir.

Íþróttafulltrúi ríkisins hefur eftirlit með íþróttamannvirkjum og búnaði þeirra. Í reglugerðinni eru ákvæði um gerð og búnað íþróttahúsa fyrir skóla, þ. á m. um hitastig, loftræstingu, baðvörzlu, leikfimitæki, svo og um skólaleiksvæði úti við og áhöld þar. Engin sérlöggjöf er um gerð sund- eða baðstaða, almennra baðhúsa, gufubaðstofa eða almennra baðstaða, þó að því undanskildu, að settar hafa verið reglugerðir um rekstur nokkurra sundlauga.

14. **Fangahús.**

Sjá sérskrá um löggjöf.

15. **Kirkjur og almenn samkomuhús.**
Sjá sérskrá um löggjöf.

16. **Kirkjugarðar o. s. frv.**
Sjá sérskrá um löggjöf.

17. **Bátar, skip o. s. frv.**

Lög um eftirlit með skipum (nr. 50/1959) ásamt reglugerðum.

Starfsmenn eru skipaskoðunarstjóri, ásamt sérfróðum fulltrúum. Landinu er skipt í 5 eftirlitssvæði, og skipar skipaskoðunarstjóri eftirlitsmann á hvert svæði. Í löggjöfinni eru ákvæði um gerð og skoðun skipa og nákvæm fyrirmæli um vistarverur og aðbúð, hreinlæti, svo og aðbúð sjúkra, lyf og læknisáhöld. Eftirlitið er m. ö. o. bæði sérhæft og almennt.

Umferðarlög (nr. 26/1958) ásamt reglugerð.

Lög um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum (nr. 83/1966) ásamt reglugerð.

Bifreiðaeftirlit ríkisins annast skoðun og eftirlit ökutækja. Í fyrrnefndu löggjöfinni eru m. a. ákvæði um, að ekki megi stafa af ökutækjum óþarfa hætta né óþægindi, þar með talinn hávaði, reykur eða óþefur, svo og um útbúnað til varnar því, að kolsýrlingur berist inn í bifreiðar, um loftræstingu og um, að þannig skuli gengið frá farmi, að ekki stafi af óþrifnaður né óþarfa hávaði. Í síðarnefndu löggjöfinni er ákvæði um, að bifreiðum skuli halda þrifalegum að utan og innan, eftir því sem við verði komið.

Lög um stjórn flugmála (nr. 119/1950).

Flugmálastjóri annast undir stjórn flugráðs og ráðherra rekstur og viðhald flugvalla og öll önnur störf, sem flugið varða, svo sem nýbyggingu flugvalla, loftferðaeftirlit og öryggisþjónustu.

18. **Gripahús o. s. frv.**
Sjá sérskrá um löggjöf.

19. **Matvæli o. s. frv.**

Lög um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum (nr. 24/1936) ásamt reglugerðum.

Lögin ná yfir hvers konar matvæli og aðrar neyzlu- og nauðsynjavörur, þar með talið drykkjarvatn, og er tilgangur þeirra að vernda menn gegn tjóni, sem stafað getur af því að neyta þeirra eða nota þær. Almennt eftirlit með framkvæmd laganna hafa lögreglustjórar með aðstoð héraðslækna, heilbrigðisnefnda og tollvörzlumanna. Auk þess er ráðherra heimilt að fela sérstökum kunnáttumönnum eða opinberum stofnunum, sem hafa kunnáttumönnum á að skipa, einstakar greinir eftirlitsins eða jafnvel stjórn þess í heild.

Með reglugerð skv. þessum lögum (nr. 17/1939) er almennt eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum og dreifingu þeirra falið héraðslæknum með aðstoð heilbrigðisfulltrúa, þar sem þeir eru, en í umboði heilbrigðisnefnda eða lögreglustjóra. Skal héraðslæknir skoða eða láta skoða allt viðkomandi tilkynningarskyldri starfsemi minnst einu sinni á ári og taka sýnishorn til rannsóknar, þegar þurfa þykir. Ef sérstökum mönnum er falið eftirlit með einstökum greinum, má leysa héraðslækni undan eftirlitsskyldu í þeim greinum, en eftir sem áður hefur hann rétt til eftirlits í þeim greinum sem öðrum. Ákvæði er um, að ráðherra ráði sérstakan lækni, sérfróðan í heilbrigðisfræði, til þess að hafa yfirumsjón með framkvæmd eftirlitsins í heild. — Auk áðurnefndar reglugerðar og reglugerðar um tilbúning og dreifingu á mat-

vælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum (nr. 49/1936), sem er almenns efnis, hafa verið settar allmargar reglugerðir um einstakar vörur skv. lögunum.

Lög um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum (nr. 30/1966) ásamt reglugerðum.

Ákvæði eru m. a. um löggildingu sláturhúsa og frystihúsa, heilbrigðisskoðun á sláturfénaði, kjöti og slátri, mat og flokkun á kjöti, gerð sláturhúsa og frystihúsa, svo og um hreinlætiskröfur, svo sem vatn, frárennsli, loftræstingu o. s. frv. Kjötmat er falið sérstökum matsmönnum, en kjötskoðun dýralæknum (eða þeim, sem yfirdýralæknir fær til hennar). Hvort tveggja er utan verkahrings heilbrigðisnefnda, en þó geta þær fyrirskipað sérstaka skoðun á kjöti og slátri, sem þegar hefur verið löglega skoðað. Dýralæknum er falin skoðun á sláturhúsum og eftirlit með þeim. Skv. lögunum getur atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum heilbrigðisstjórnar (svo), sett reglur um útbúnað kjötbúða (nú í heilbrigðissamþykktum) og annað, er lýtur að verzlun með sláturafurðir o. s. frv., svo og um atvinnurekstur við tilbúning matvæla úr sláturafurðum, svo sem pylsugerð, niðursuðu og fleira, en heimild til að setja reglur um þetta er einnig í 6. lið 6. greinar laga um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum. (Hin nýja heimild ætti því að vera óþörf.)

Lög um hvalveiðar (nr. 26/1949) ásamt reglugerð.

Auk ákvæða um mat á hvalkjöti og eftirlit dýralækna með því eru ákvæði um meðferð á kjötinu, til þess að það spillist ekki, um hreinlæti við hvalskurð, útbúnað og hollustuhætti á vinnustöðvum, þ. á m. um kröfur til vatns.

Lög um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl. (nr. 101/1966).

Hér er aðeins ástæða til að geta um ákvæði 28. gr., þar sem héraðslækni eða mjólkureftirlitsmanni er heimilað að stöðva sölu á mjólk, ef þessir aðilar telja hana óhæfa til neyzlu.

Lög um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl. (nr. 32/1933) ásamt reglugerðum.

Sérstökum eftirlitsmanni er falið eftirlit með smjörlíkisgerðum (má vera forstöðumaður „efnarannsóknarstofu ríkisins"), en lögreglustjórar hafa eftirlit með rekstri smjörlíkisgerða og útsölustöðum í samráði við eftirlitsmann. Ákvæði eru um gerð smjörlíkis, hollustuhætti o. s. frv. (Enginn eftirlitsmaður mun nú vera starfandi og því aðeins um eftirlit heilbrigðisnefnda og héraðslækna að ræða.)

Lög um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski (nr. 46/1948) og lög um ferskfiskeftirlit (nr. 42/1960) ásamt reglugerðum.

Starfslið skv. lögum um fiskmat er fiskmatsstjóri, 8 yfirfiskmatsmenn og fiskmatsmaður (-menn) á hverri fiskverkunarstöð. Ferskfiskeftirlitið annast eftirlit með meðferð og gæðum nýs og ísaðs fisks og fer á því sviði með þau störf, sem fiskmatsstjóra eru falin í lögum um fiskmat. Yfirstjórn þess er í höndum Fiskmatsráðs. Auk ákvæða um mat og gæðaflokkun á fiski eru í löggjöfinni ákvæði um útbúnað, viðhald og hreinsun lesta á fiskiskipum, fiskflutningaáhöld og gerð, útbúnað og hreinlætiskröfur í fiskmóttökuhúsum og aðgerðarhúsum, þ. á m. ákvæði um, að vatn skuli fullnægja sömu kröfum og neyzluvatn. Eftirlitið er m. ö. o. bæði sérhæft og almennt.

Lög um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis (nr. 42/1933) ásamt reglugerð.

Lýsisvinnslustöðvar skulu löggiltar. Ráðherra skipar yfirlýsismatsmann, en lögreglustjórar lýsismatsmenn. Ákvæði eru um útbúnað við lýsisvinnslu,

meðferð á lýsi, hreinlætiskröfur o. s. frv. (Kaldhreinsun á lýsi fer nú eingöngu fram í Reykjavík undir eftirliti lýsismatsmanns og Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins, en yfirlýsismatsmaður mun enginn.)

20. **Þátttaka í sóttvörnum.**
Sjá sérskrá um löggjöf.

21. **Hávaði.**
Engin sérlöggjöf. Heimildin er ný.

22. **Loftmengun.**
Sjá sérskrá um löggjöf. Heimildin er ný.

IV. Yfirlit.

Eftirlit heilbrigðisnefnda er almennt, en staðbundið, þ. e. það tekur til einstakra sveitarfélaga. Að sjálfsögðu lýtur það stjórn yfirstjórnar heilbrigðismála, en í reynd er ekki um að ræða samræmt yfireftirlit fyrir landið í heild með framkvæmd laganna um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, með því að ekki er til nein stofnun eða starfslið, sem er ætlað það hlutverk sérstaklega. Landlæknisembættið hefur alltaf verið og er enn svo liðfátt, að það hefur engin tök á að sinna slíku yfireftirliti, þótt stöku sinnum beri við, að heilbrigðisnefndum eða héraðslæknum sé veitt aðstoð í einstökum málum, þegar sérstaklega er eftir því leitað. (Um „kunnáttumenn" skv. löggjöf um eftirlit með matvælum o. s. frv. verður rætt síðar.)

Eftirlit dýralækna er bæði sérhæft (heilbrigðisskoðun á sláturfénaði og kjöti) og almennt, og það er einnig staðbundið, þ. e. bundið við dýralæknisumdæmi, en er undir umsjón yfirdýralæknis. Eins og ljóst er af framanskráðum útdráttum úr löggjöf, er sérhæft heildareftirlit, þ. e. eftirlit sérstakrar tegundar, með ýmsum þáttum. Veigamestu þættirnir eru öryggiseftirlit, kjötmat, fiskmat og ferskfiskeftirlit og skipaeftirlit. Sumt af þessu eftirliti verður ekki talið til heilbrigðiseftirlits (t. d. gæðaflokkun á matvælum), og sumt er á mörkum, en þeir aðilar, sem þetta sérhæfða eftirlit er falið, hafa einnig með höndum almennt eftirlit með hollustuháttum á tilteknum, takmörkuðum sviðum. Hér koma því til ýmsir aðilar, sem hafa á hendi sams konar eftirlit og heilbrigðisnefndir. Hið almenna eftirlit getur m. ö. o. í mörgum tilfellum orðið tvöfalt eða jafnvel fleirfalt. Þessi tilhögun er sennilega eðlileg og óhjákvæmileg að vissu marki, þó að hún gæti virzt sóun á starfskröftum og kunni í sumum tilvikum að stafa af því, að ekki hafi verið höfð hliðsjón af ákvæðum, sem fyrir voru í löggjöf, þegar ný löggjöf var sett. En hún léttir engum skyldum af heilbrigðisnefndum og hnekkir vitaskuld ekki heldur valdi þeirra til afskipta. Hins vegar hafa sennilega fæstar heilbrigðisnefndir haft skilyrði til að halda einar uppi öllu hinu almenna eftirliti, svo víðtækt og fjölþætt sem það er skv. lögunum, með því að utan Reykjavíkur hafa þær ýmist mjög takmörkuðum eða engum starfskröftum á að skipa til daglegrar eftirlitsstarfsemi. Úr þessu mætti að vísu bæta með verulegri fjölgun heilbrigðisfulltrúa sveitarfélaga, og að fjölgun þeirra verður að vinna á næstunni, þótt nefndin vilji fara mjög gætilega í að lögbjóða hana, svo sem frumvarpið ber með sér. En jafnvel þótt slíkri fjölgun yrði komið á, væri varhugavert að taka allt almennt heilbrigðiseftirlit úr höndum hinna sérstöku eftirlitsaðila og kæmi raunar í sumum tilvikum ekki til greina. Hver eftirlitsaðili lítur málin frá nokkuð sérstöku sjónarmiði, sem m. a. fer eftir því, hvert hið sérhæfða eftirlit er. Eftirlit fleiri en eins aðila getur m. ö. o. bætt hvað annað upp. Aðalhætturnar við þessa tilhögun eru annars vegar fólgnar í hugsanlegri togstreitu milli eftirlitsaðila og hins vegar í því, að þeir treysti um of hver á annan. Kröfur um hollustuhætti eru eðli sínu samkvæmt mjög oft matsatriði, sem ekki verða ákveðin með skýlausum ákvæðum í löggjöf. Fyrirmæli gætu því orðið misströng eða jafnvel stangazt á. Í reynd munu þó hafa orðið mjög lítil brögð að þessu, sízt þannig að um óþarfa afskipti eða óhóflegar

kröfur hafi verið að ræða. Núgildandi löggjöf gerir ekki ráð fyrir neinum úrskurðaraðila, ef til árekstra kæmi, og er bætt úr þeirri ávöntun með 14. gr. frumvarpsins. Nefndin telur það m. a. hlutverk forstöðumanns hins nýja Heilbrigðiseftirlits ríkisins að fylgjast með nýrri löggjöf um sérhæft eftirlit, sem sett kann að verða og kemur jafnframt inn á hið almenna eftirlit, svo og að taka til athugunar í samvinnu við hlutaðeigandi eftirlitsaðila sams konar löggjöf núgildandi og gera tillögur um, hvenær eðlilegt sé, að aðrir aðilar en heilbrigðisnefndir eigi þátt í almenna eftirlitinu. Könnun á þessu og tillögur um samræmdar breytingar er miklu umfangsmeira verkefni en svo, að þessi nefnd telji sér kleift að færast hana í fang.

Eftirlitið með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum er kafli fyrir sig. Samkvæmt lögum nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, er lögreglustjórum falið almennt eftirlit með framkvæmd þeirra laga með aðstoð héraðslækna, heilbrigðisnefnda og tollvörzlumanna. Í reglugerð skv. þessum lögum nr. 17/1939 er héraðslæknum falið hið almenna eftirlit „með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum . . . og dreifingu þeirra“ með aðstoð heilbrigðisfulltrúa, þar sem þeir eru, en í umboði heilbrigðisnefnda eða lögreglustjóra. Loks er svo heilbrigðisnefndum með lögum nr. 35/1940 falið hið almenna „eftirlit með matvælum og öðrum neyzluvörum“, en tekið fram, að í heilbrigðissamþykktum skuli sérstaklega kveðið á um verksvið nefndanna til fullnægingar ákvæðum laga nr. 24/1936. Hið almenna eftirlit er m. ö. o. falið tveimur aðilum, sem eiga sæti í heilbrigðisnefndum, en auk þess nefndunum í heild með áðurnefndum fyrirvara, en enga vísbendingu er um það að finna, í hverju hann skuli fólginn, og ekki hefur nefndin séð þess merki, að neitt tillit hafi verið tekið til hans við samningu heilbrigðissamþykkta. Í 7. gr. laga nr. 24/1936 er ráðherra heimilað að fela sérstökum kunnáttumönnum eða opinberum stofnunum, sem hafa kunnáttumönnum á að skipa, einstakar greinir matvælaeftirlitsins og jafnvel stjórn þess í heild. Þar er m. ö. o. heimild fyrir samræmdu yfireftirliti fyrir allt landið. Í áðurnefndri reglugerð (nr 17/1939) eru bein fyrirmæli um, að ráðherra skuli ráða lækni, sérfróðan í heilbrigðisfræði, til þess að hafa yfirumsjón með framkvæmd eftirlitsins í heild. Heimild laganna hefur aðeins verið notuð í einu tilviki, þ. e. til ráðningar mjólkureftirlitsmanns, sem hefur verið starfandi sl. 20 ár. Ákvæði reglugerðarinnar um ráðningu læknis hefur ekki verið framfylgt. Er því aðeins um að ræða yfireftirlit fyrir allt landið með einni tegund matvæla skv. matvælalöggjöfinni, þ. e. mjólk, en með öðrum tegundum matvæla og annarra neyzlu- eða nauðsynjavara er aðeins staðbundið eftirlit. Löggjöf þessi er nú orðin úrelt um margt, og er mikil nauðsyn að endurskoða hana, svo og sérlöggjöf um einstakar vörutegundir, með hliðsjón af ákvæðum þessa frumvarps, ef að lögum verður. Virðist nefndinni hið nýja Heilbrigðiseftirlit ríkisins sjálfsagður aðili að þeirri endurskoðun, þótt naumast verði ætlazt til, að það annist hana aðstoðarlaust.

Í lok þessarar almennu greinargerðar skulu dregin saman nokkur atriði, þótt ýmis þeirra hafi komið fram beint eða óbeint hér á undan. Sum löggjöf um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit er úrelt eða hefur ekki verið framfylgt. Sett hafa verið lög og reglur án nægilegrar samræmingar innbyrðis vegna vöntunar á heildaryfirsýn. Heilbrigðisfulltrúar eru alltof fáir í landinu, og utan Reykjavíkur er starf þeirra aukastarf og víðast raunar mjög óverulegur hluti af starfi. Í nokkrum kaupstöðum eru engir fulltrúar þrátt fyrir skýlaus lagafyrirmæli. Löggjöfin ætlar héraðslæknum meiri þátt í eftirlitinu en hægt er að ætlast til af þeim nú orðið a. m. k. sökum annríkis við lækningastörf, er farið hafa sívaxandi undanfarna áratugi. Er þar að nefna skyldusetu þeirra í heilbrigðisnefndum, eftirlitið allt (með aðstoð annarra heilbrigðisnefndarmanna), þar sem heilbrigðisfulltrúar eru ekki (sbr. síðari málsgr. 6. gr. laga nr. 35/1940), og síðast en ekki sízt eftirlitið með framkvæmd matvælalaganna (nr. 24/1936), sbr. reglugerð nr. 17/1939, en það verkefni getur krafizt mikillar vinnu í þéttbýli. Mjög aukið los á héraðslæknaþjónustu kemur hér

einnig til, þar sem í mörgum héruðum sitja ungir og reynslulausir læknar e. t. v. aðeins nokkra mánuði hver, svo að þeir fá hvorki tóm til að kynnast ástandinu né nægilega æfingu í heilbrigðiseftirliti. Yfireftirlit fyrir landið í heild er aðeins á takmörkuðum sviðum, eins og þegar hefur verið gerð grein fyrir, og verður ekki varizt þeim grun, að tilviljun hafi stundum ráðið, hvaða atriði voru tekin út úr. Almennt hreinlæti í landinu hefur að vísi farið mjög batnandi á undanförnum áratugum, en þó er því í ýmsum efnum mjög ábótavant, og er hættan að sjálfsögðu mest, að því er varðar meðferð á hvers konar neyzluvöru, og því meiri sem meira er framleitt af unninni matvöru. Í þessu sambandi er rétt að leggja áherzlu á, að almennur skilningur á iðkun hreinlætis er eitt frumskilyrði góðra hollustuhátta og jafnframt þess, að heilbrigðiseftirlit beri tilætlaðan árangur. Að því er varðar matvæli, valda tíð mannaskipti við vinnslu og meðhöndlun þeirra vandkvæðum. T. d. fer starfsmaður við matvælaiðnað eða matvælaafgreiðslu iðulega í annað starf, þegar hann er vel á vegi að temja sér nauðsynlega hreinlætissiði, og í stað hans kemur annar, sem ef til vill ber ekki skyn á að þvo sér um hendur, þegar við á, eða kann ekki að þvo sér að gagni (sbr. óhreinindi á handklæðum, sem iðulega má sjá á opinberum stöðum, sem almenningur sækir). Af þessum sökum er nauðsyn á fræðslu og öflugu eftirliti enn ríkari. Því hefur lengstum verið trúað, að hér á landi væri heilnæmt vatn og óspilltur sjór, en hætta á megun þessa er jafnan fyrir hendi, eins og rannsóknir hafa sýnt. Þess vegna gaf Fiskmatsráð út fyrirmæli hinn 8. okt. 1962 til fiskverkunarstöðva þess efnis, að setja skyldi klór í allan sjó, sem stöðvarnar notuðu til þvotta á fiski eða þrifa á húsum. Og hinn 23. des. 1963 gaf Fiskmat ríkisins út fyrirmæli til hraðfrystihúsanna um að blanda klóri í „allt vatn eða sjó, sem notað er til þvotta á fiski, áhöldum, húsnæði eða til handþvotta fyrir verkafólk". Nefndinni er ekki kunnugt um, að klórað vatn sé notað við meðferð og vinnslu annarra matvæla og þá vitaskuld ekki heldur til drykkjar.

Nefndin telur þarflaust að rökstyðja nauðsyn góðra hollustuhátta og öflugs heilbrigðiseftirlits, en vill þó leggja áherzlu á, að sífellt er verið að herða á hreinlætiskröfum á erlendum matvælamarkaði, og varðar því afar miklu, að útflutt matvæli héðan standist þær kröfur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði fyrri málsliðar er efnislega samhljóða 10. gr. g. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 2. gr.

Lagt er til, að heilbrigðisnefnd skuli vera í öllum sveitarfélögum landsins, og er það nýmæli. Að sjálfsögðu verður hlutverk nefndanna mjög lítið í fámennum sveitarfélögum með engum eða óverulegum þéttbýliskjarna, en þó er í öllum sveitarfélögum einhver sú starfræksla, notkun eða stofnun, sem heilbrigðisnefndum er ætlað að hafa eftirlit með. Um það var allmikið rætt í nefndinni, hvort unnt mundi að binda umdæmi heilbrigðisnefnda við aðrar einingar en sveitarfélög, til þess að umdæmin yrðu ekki mjög fámenn, en af fámenni getur m. a. leitt, að örðugt reynist að skipa nefndirnar hæfum mönnum, og auk þess er óheppilegt, að þær séu svo verkefnasnauðar, að þær líti á sig eingöngu sem málamyndastofnanir. Á þessu fann nefndin þó ekki lausn. Læknishéruð eru ekki stjórnarfarsleg eining og þóttu því ekki koma til greina sem umdæmi. Mörg sýslufélög eru hins vegar svo víðlend, að nefndarmenn yrðu að ferðast langar leiðir, hvort heldur til fundarhalda eða til að kynna sér ástand á hverjum stað. Auk þess eru sum með nokkrum þéttbýliskjörnum, sem hver um sig er nægilega fjölmennt umdæmi. Sem millileið valdi nefndin það úrræði að heimila sveitarfélögum, með þeim takmörkunum, sem í greininni segir, að sameinast um heilbrigðisnefnd, en engu verður um það

spáð, hvort sveitarstjórnir vilja notfæra sér heimildina eða ná samkomulagi um framkvæmd hennar.

Óþarft þykir að binda tölu heilbrigðisnefndarmanna, að því tilskildu, að þeir séu 3 hið fæsta (efri mörk nú 5 manns). Vafalaust verður þorri nefndanna skipaður aðeins 3 mönnum, en vel gæti komið til mála, að Reykjavík og ef til vill aðrir stærstu kaupstaðir vildu hafa nefndarmenn fleiri en 5 til þess að koma inn mönnum með mismunandi sérþekkingu.

Lagt er til, að heilbrigðisnefnd skuli öll kosin af sveitarstjórn. Skylda lögreglustjóra (og hreppstjóra) og héraðslækna til setu í nefndunum er m. ö. o. felld niður. Nefndin sér hvorki ástæðu til að skylda þessa aðila til setu í heilbrigðisnefndum né til að taka af sveitarstjórnum vald til að skipa nefndirnar að eigin vild. Að sjálfsögðu er svo sveitarstjórnum eftir sem áður heimilt að kjósa þessa menn í nefndirnar. Með nýju ákvæði fyrstu málsgr. 5. gr. frumvarpsins, þar sem tekið er fram beinum orðum, að héraðslæknar skuli vera faglegir ráðunautar heilbrigðisnefnda, ætti aðstaða þeirra til að beita faglegu áhrifavaldi sínu að vera sízt lakari og sennilega betri en með því að skylda þá til setu í nefndunum. Héraðslæknir getur ekki heldur átt sæti nema í einni nefnd í læknishéraði (þ. e. í búsetusveitarfélagi), og þar sem fyrirsjáanleg er stofnun læknamiðstöðva og þar með fækkun læknishéraða á næstu árum, fækkar enn þeim nefndum, sem læknarnir gætu setið í.

Að því er varðar lögreglustjóra vísast til eftirfarandi sérgreinargerðar bæjarfógetans í Kópavogi, Sigurgeirs Jónssonar, sem er eini nefndarmaður, er skipar formannssæti í heilbrigðisnefnd:

„Nokkuð hefur verið um það í íslenzkri löggjöf, að sýslumönnum, bæjarfógetum og lögreglustjórum hafi verið falin seta í nefndum. Þekktustu dæmin eru störf sýslumanna sem oddvitar sýslunefnda, störf bæjarfógeta og sýslumanna sem oddvitar yfirskattanefnda (nú úr lögum numið) og störf sömu aðila og lögreglustjóra sem formenn heilbrigðisnefnda. Nú upp á síðkastið hafa nokkrar bæjarstjórnir gert lögreglustjóra að formönnum eða nefndarmönnum í umferðarnefndum. Eðlilegar ástæður lágu til þess, að þessi háttur var hafður á áður fyrr, þar sem lögfræðiþekking var ýmist nauðsynleg eða æskileg í nefndum þessum, en utan stærstu kaupstaða yfirleitt ekki öðrum til að dreifa með þá þekkingu en sýslumönnum og bæjarfógetum. Sá mikli galli er þó á þessari skipan, að sýslumenn, bæjarfógetar og lögreglustjórar þurfa síðar oft sem stjórnvöld (lögreglustjórar) eða (sjaldnar) sem héraðsdómarar að meta verulegan hluta af meiri háttar ákvörðunum nefndanna. Einkum á þetta við um heilbrigðisnefndir, þar sem fá verður aðstoð lögreglu og stundum dómstóla til framkvæmdar ýmissa af vandasömustu og viðkvæmustu ákvörðunum nefndanna. Þetta leiðir til þess, að í dómi víkur héraðsdómari sæti í slíkum málum, en það bindur hendur hans sem lögreglustjóra til sjálfstæðs mats, ef hann hefur áður tekið afstöðu til máls sem nefndarmaður á fundi í fjölskipaðri nefnd án þeirrar sjálfstæðu athugunar, sem gerð mundi í góðu tómi sem undanfari mikilvægrar lögregluaðgerðar. Sem dæmi um, til hve fráleitra niðurstaðna hin lögskipaða formennska lögreglustjóra í heilbrigðisnefndum getur leitt, má benda á, að í sumum heilbrigðissamþykktum eru ákvæði um, að formönnum heilbrigðisnefnda (lögreglustjórum) beri að framkvæma samþykktir meiri hluta heilbrigðisnefnda, þótt þeir telji þær rangar, ef bæjarstjórn hefur fallizt á gerðir meiri hluta heilbrigðisnefndar. Með slíkum ákvæðum, sem væntanlega mundu metin ógild af dómstólum, er ráðagerð höfð um, að meiri hluti sveitarstjórnar geti haft skipunarvald um, hvernig þessir tilteknu embættismenn beiti embættisvaldi sínu sem lögreglustjórar. Þar sem sú aðalástæða, sem áður var fyrir setu lögreglustjóra í heilbrigðisnefndum (lagaþekkingin), er þýðingarminni nú, með því að flestar sveitarstjórnir geta nú haft aðgang að lögfræðilegum upplýsingum og leiðbeiningum, þykir ekki ástæða til að lögákveða setu þessara embættismanna í heilbrigðisnefndum með þeim verulegu göllum, sem því

fylgja og lýst hefur verið hér að framan. Þá á einnig við, það sem sagt er um héraðslækna í greinargerð nefndarinnar hér að framan, að lögreglustjóri getur einungis verið formaður heilbrigðisnefndar í búsetusveitarfélagi. Nú eru í landinu alls 25 lögreglustjórar, sem til greina koma til formennsku í heilbrigðisnefnd, en sveitarfélög hins vegar hartnær 230. Yrði því ekki um formennsku lögreglustjóra að ræða nema í örlitlum hluta heilbrigðisnefnda í landinu og þá fyrst og fremst í þeim sveitarfélögum, þar sem auðveldast á að vera fyrir nefndirnar að fá lögfræðilega aðstoð.“

Önnur atriði greinarinnar ættu ekki að þarfnast skýringa.

Um 3. gr.

Fyrsta málsgr. er efnislega óbreytt frá 5. gr. núgildandi laga. Ákvæði 2. málsgr. eru efnislega í flestum heilbrigðissamþykktum, en rétt þykir, að í lögunum sjálfum séu ákvæði um vald heilbrigðisnefnda til að stöðva starfrækslu eða notkun, sem er óviðunandi eða hættuleg af hollustuástæðum að dómi nefndarinnar. Að sjálfsögðu á valdbeiting ekki að koma til nema í brýnni nauðsyn og því aðeins, að fortölur, fræðsla og leiðbeiningar beri engan árangur, en þetta eru þau vopn, sem heilbrigðisnefndum og starfsmönnum þeirra er framar öllu ætlað að beita í viðskiptum við eftirlitsskylda aðila. Rétt er þó að leggja áherzlu á, að heilbrigðisnefndum er aðeins skylt að veita almennar leiðbeiningar, en ekki sérfræðilegar, sbr. upphaf 10. gr.: „Í heilbrigðisreglugerð skulu vera **almenn** ákvæði um“. — Þriðja málsgr. er efnislega óbreytt frá 5. gr. núgildandi laga.

Um 4. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 7. gr. núgildandi laga.

Um 5. gr.

Um fyrri málslið fyrstu málsgr. vísast til athugasemda við 2. gr. Ákvæðið um, að héraðslæknir geti krafizt heilbrigðisnefndarfundar, er tekið inn í frumvarpið úr heilbrigðissamþykktum. Jafnframt þykir nauðsynlegt að tryggja honum rétt til að krefjast þess, að mál séu tekin á dagskrá og til meðferðar á fundum. Sjálfsagt þykir að gera héraðslækni skylt að sitja fundi heilbrigðisnefndar í búsetuhéraði sínu. Að öðru leyti er greinin efnislega óbreytt frá síðustu málsgr. 2. gr. núgildandi laga, að því undanskildu að heilbrigðisnefnd skuli senda héraðslækni afrit af fundargerð, ef hann situr ekki fund. Er þetta ákvæði sett til þess, að hann fylgist jafnan með gerðum heilbrigðisnefnda.

Um 6. gr.

Greinin er nýmæli. Þegar núgildandi lög voru sett, voru aðeins 6 dýralæknar í landinu og enginn yfirdýralæknir. Hlutur þeirra í heilbrigðiseftirliti hlaut því að verða óverulegur. Nú er skipaður sérstakur yfirdýralæknir, dýralæknisumdæmi eru orðin 20, en 4 þeirra að vísu óskipuð ennþá, og dýralæknar búsettir í landinu eru 22. Lögum samkvæmt eru dýralæknum faldir veigamiklir þættir í heilbrigðiseftirliti, eins og þegar hefur verið gerð grein fyrir. Þykir því einsætt, að þeim skuli gefinn kostur á að sitja heilbrigðisnefndarfundi, þegar formaður eða héraðslæknir telja þess þörf, eða m. ö. o. þegar til umræðu eru mál, sem varða sérstaklega verkahring dýralækna.

Um 7. gr.

Hér vísast til 6. gr. núgildandi laga. Hert hefur verið á ákvæðum um ráðningu heilbrigðisfulltrúa, og eru nýmæli greinarinnar skylda kaupstaða með yfir 10 000 íbúum til að ráða sérmenntaðan heilbrigðisfulltrúa í fullu starfi með hámarkstölu á hvern fulltrúa, skylda kauptúna með yfir 800 manns til að ráða heilbrigðisfulltrúa og heimild sveitarfélaga til að sameinast um heilbrigðisfulltrúa. Miðað við

manntal 1. des. 1965 ættu a. m. k. 12 sveitarfélög að ráða sér heilbrigðisfulltrúa skv. ákvæðinu um skyldu kauptúna. Skyldan til að ráða heilbrigðisfulltrúa í fullu starfi er miðuð við þá reynslu, að 10 000 manns í þéttbýli skapi næg verkefni handa einum fulltrúa, ef eftirlit á að verða sómasamlegt. Fjölgun heilbrigðisfulltrúa, frá því sem nú er, er mikil nauðsyn. Varla er hugsanlegt að halda uppi eftirliti, sem er meira en að nafni til, nema til þess sé ráðinn sérstakur maður, með því að annars er engum til að dreifa nema heilbrigðisnefndarmönnum. Ákvæði núgildandi laga, um að héraðslæknir annist eftirlitsstarfsemina, þar sem ekki er heilbrigðisfulltrúi, er fellt niður, enda eru héraðslæknar yfirleitt alltof störfum hlaðnir til þess að ætla þeim slíkt hlutverk. Eftir sem áður ber þeim samkvæmt erindisbréfi þeirra að hafa vakandi auga á öllu því, sem miður fer, bæði í þessu og öðrum heilbrigðismálum héraðs síns, og berjast fyrir umbótum.

Vissulega er mjög æskilegt, að sem flestir heilbrigðisfulltrúar hafi fengið nokkra sérmenntun, bæði fræðilega og í reynd. Starfsreynslu má fá innanlands og þá fyrst og fremst með því að leita samninga við borgarlæknisembættið í Reykjavík um að taka að sér heilbrigðisfulltrúaefni og leyfa þeim að fylgjast með daglegum störfum hinna sérmenntuðu fulltrúa, sem það embætti hefur á að skipa, og hefur þessi leið þegar verið farin. Fræðilegan undirbúning verður hins vegar að sækja til annarra landa, þar sem óhugsandi er að setja hér upp skóla í náinni framtíð sökum tilkostnaðar. Víðast mun þó erfitt að komast inn í skóla eða á námskeið erlendis, og gæti þurft til þess aðstoð yfirstjórnar heilbrigðismála. Það verður m. a. hlutverk hins nýja Heilbrigðiseftirlits ríkisins að hvetja sveitarfélög til að ráða sér heilbrigðisfulltrúa, ýmist hvert í sínu lagi eða sameiginlega eftir íbúafjölda og verkefnum, svo og að veita sveitarfélögum fyrirgreiðslu um að koma fulltrúaefnum til náms, ef óskað er.

Ákvæði greinarinnar valda einhverjum viðbótarútgjöldum nú eða síðar þeim kaupstöðum, sem skyldaðir eru til að hafa heilbrigðisfulltrúa í fullu starfi og ekki hafa þá þegar. (Ákvæðið um 10 000 íbúa.) Sama máli gegnir um kauptúnshreppa með yfir 800 íbúum í kauptúni, en þar er það þó algerlega á valdi sveitarstjórnanna sjálfra að ákveða vinnutíma fulltrúanna og þar með útgjöld sín til eftirlitsins.

Um 8. gr.

Greinin er nýmæli. Heilbrigðiseftirliti ríkisins er ætlað að hafa yfirumsjón með öllum þeim þáttum, sem heilbrigðisnefndir eiga að fjalla um, sbr. 10. gr. frumvarpsins, svo og með matvælum og annarri neyzlu- og nauðsynjavöru skv. lögum nr. 24/1936. Stofnun þessi kemur því m. a. í stað kunnáttumanna þeirra eða stofnana, sem hafa kunnáttumönnum á að skipa, sem ráðherra er heimilað að ráða skv. fyrri málsl. 2. málsgr. 7. gr. laga nr. 24/1936. Er lagt til, að sá málsliður verði úr gildi numinn, sbr. 19. gr. frumvarpsins. Fellur þá jafnframt úr gildi ákvæði reglugerðar nr. 17/1939 um sérfróðan lækni (sem aldrei hefur verið ráðinn), sbr. almennu greinargerðina hér að framan, og starf sérstaks mjólkureftirlitsmanns skv. reglugerð nr. 157/1953, um mjólk og mjólkurvörur, verður lagt niður. Þá gerir nefndin það að tillögu sinni, að ákvæði um sérstakan eftirlitsmann með veitinga- og gististöðum, sbr. 19. gr. laga nr. 53/1963, um veitingasölu, gististaðhald o. fl., verði úr gildi numið og að hin nýja stofnun taki einnig að sér verkefni hans. Eftirlit þetta er undir stjórn landlæknis, það er almenns eðlis og fellur því eðlilega í verkahring heilbrigðisnefnda og Heilbrigðiseftirlits ríkisins, sbr. og heimild 19. gr. laganna til að fela það heilbrigðisfulltrúum í kaupstöðum, en sú heimild hefur þegar verið notuð í Reykjavík.

Með því að fela framangreint eftirlit einni stofnun nýtast starfskraftar betur og eftirlitið á að geta orðið miklu samræmdara og heilsteyptara og tvímælalaust hlutfallslega til muna ódýrara heldur en með því að slíta það sundur og fela hvern þátt sérstökum manni, er vinnur einangraður og þarf sérstaka bækistöð ásamt sérstakri aðstoð. Þá hefur stofnun tvímælalaust sterkari aðstöðu til áhrifa

en einstakir eftirlitsmenn. Nefndin fær ekki séð, að nein þeirra stofnana, sem ríkið heldur nú uppi, hafi tök á að taka að sér matvælaeftirlitið sem aukaverkefni, svo sem heimilað er í matmælalöggjöfinni, auk þess sem slík tilhögun gæti ekki bætt úr brýnni þörf á samræmdu yfireftirliti með störfum heilbrigðisnefnda.

Að því er varðar sérstakan mjólkureftirlitsmann, verður ekki efast um, að ráðning hans hafi verið nauðsyn á sínum tíma, eins og aðbúnaði að mjólkurframleiðslu í landinu var háttað og með tilliti til fæðar dýralækna þá. Nú horfir málið hins vegar öðru vísi við. Dýralæknar sitja nú í öllum þeim dýralæknaumdæmum, þar sem mjólkurvinnsla og mjólkursala að nokkru ráði fer fram. Þeim er falið sérstaklega að hafa eftirlit með fjósum og heilbrigði kúa og ættu að vera einfærir um það eftirlit undir umsjón yfirdýralæknis. En auk þess veita mjólkurbúin mjólkurframleiðendum aðhald um vöruvöndun, og verður það aðhald að sjálfsögðu því áhrifaríkara sem gerðar eru meiri kröfur til búanna. Strangt eftirlit með mjólkurbúum er því nauðsynlegt, þó að vafasamt sé, að til þess þurfi mann í fullu starfi. Nefndin leggur ekki dóm á, hve umfangsmikið veitingahúsaeftirlitið er, en þykir ólíklegt, að eftirlitsmanni, sem á annað borð ferðast um landið til að líta eftir veitingahúsum, geti ekki unnizt tími til að líta jafnframt eftir fleiri stofnunum. En jafnvel þótt löggjafinn teldi þetta eftirlit a. m. k. fyrst í stað nægilegt starf einum manni, ætti sá maður tvímælalaust að vera starfsmaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins af þeim rökum, sem þegar hafa verið talin fram. — Áður en skilizt er við þetta atriði, vill nefndin taka skýrt fram, að tillögur hennar um að leggja niður framangreind störf, ber vissulega ekki að skilja svo, að hún geri á nokkurn hátt lítið úr störfum hinna tveggja eftirlitsmanna, sem ekki verður efazt um, að hafi rækt þau af fyllstu samvizkusemi. En hún kemst ekki hjá að benda á, hversu gífurlegt ósamræmi er í því að ætla svo ríflegan starfskraft til yfireftirlits með aðeins tveimur þáttum hins margþætta heilbrigðiseftirlits, en láta aðra þætti þess afskiptalausa. Ef núverandi skipan á eftirliti með mjólk og veitingahúsum yrði látin haldast og koma ætti á fót sambærilegu eftirliti með öllum öðrum álíka mikilvægum þáttum hreinlætis- og hollustuhátta, mundu yfireftirlitsmenn í fullu starfi sennilega skipta tugum.

Nefndin hefur ákveðið lágmarkstölu starfsmanna Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Ef mjólkureftirlitið og veitingahúsaeftirlitið verður falið stofnuninni, er aðeins um að ræða fjölgun um einn starfsmann, frá því sem nú er. Að vísu er nefndinni ljóst, að hér er um algert lágmark að ræða, ef eftirlitið á að vera meira en nafnið, og þess vegna er sett heimild um fjölgun heilbrigðisráðunauta, þegar Alþingi telur hana fjárhagslega kleifa. Æskilegast teldi nefndin, að heilbrigðisráðunautar yrðu sex þegar í upphafi, þrír þeirra sætu í Reykjavík, en þrír úti á landi. Með þeim mannafla ætti að vera allvel fyrir eftirlitinu séð. En það er hvort tveggja, að nefndin vill fara eins gætilega í sakirnar og unnt er af sparnaðarástæðum, enda eru þarfirnar margar í heilbrigðismálum, og að engar líkur eru til, að völ verði á svo mörgum hæfum ráðunautum fyrst um sinn. Aðalatriðið er, að stofnuninni verði komið á fót, en síðan verði hún látin þróast, eftir því sem nauðsyn þykir og fjárhagsleg geta leyfir. Við fjölgun heilbrigðisráðunauta þykir bæði réttlátt og að ýmsu leyti hentugt, að þeim verði dreift um landið, þannig að með tímanum sitji einn ráðunautur í hverjum hinna þriggja landshluta, sem tilgreindir eru í greininni, en þó aldrei færri en tveir í Reykjavík auk forstöðumannsins. Er þá miðað við, að menntun ráðunautanna verði svo alhliða, að þeir séu færir um að rækja alla þætti hins almenna eftirlits, þ. e. skipti landinu á milli sín. Hefur sú skipan verið höfð á í Reykjavík og þykir reynast allvel. Við þetta vinnst mikill tími og að því ætti einnig að verða verulegur sparnaður, þar sem aðeins einn maður þarf að heimsækja hvern stað á takmörkuðu svæði, í stað þess að hver ráðunautur verði að hafa allt landið undir, þannig að allir heimsæki sömu staði, einn líti t. d. eftir vatni og frárennsli, annar eftir matvælaiðnaði o. s. frv. Vel má þó vera, að síðar meir þyki nauðsynlegt, að Heilbrigðiseftirlitið hafi einnig á að

skipa ráðunautum, er séu sérhæfðir á þröngu sviði og hafi þá allt landið í umsjá sinni, en úr því sker reynslan.

Í greininni eru ábendingar um menntun forstöðumanns Heilbrigðiseftirlitsins. Ákjósanlegast telur nefndin, að læknir, sérmenntaður í heilbrigðisfræði, skipi stöðuna. Hins vegar er hún ekki bjartsýn á, að læknir fáist, og þýðir ekki að dyljast þess, að meginástæðan eru launakjörin. Jafnvel þótt hann væri settur í 26. launaflokk opinberra starfsmanna — og í þeim launaflokki telur nefndin hiklaust, að forstöðumaðurinn eigi heima — bæri hann ekki úr býtum nema hluta af því, sem læknar geta nú haft í tekjur við klínisk læknisstörf. Við þetta bætist, að áhugi lækna beinist nær undantekningarlaust að eiginlegum lækningum eða rannsóknarstörfum í sambandi við þær. Dýralækni með sérmenntun í heilbrigðisfræði telur nefndin einnig vel hæfan, og væri fremur von til, að hans væri kostur í starfið. Enginn maður er nú til með háskólaprófi í heilbrigðisfræði, en síðar kynni að verða völ á slíkum manni. Af mönnum með annars konar menntun, sem sömuleiðis væru vel hæfir, má t. d. nefna háskólamenntaðan matvælatæknifræðing, verkfræðing eða gerlafræðing, er hefðu aukalega undirbúningsmenntun í heilbrigðiseftirliti. Ekki er gefin nein bending í frumvarpinu um menntun heilbrigðisráðunauta, og má gera ráð fyrir, að þeir kunni að hljóta mismunandi undirbúning. Nefndin telur þó prýðilega hæfa menn, sem lokið hafa námi við Statens Institut för Folkhälsan í Svíþjóð, en þar hafa nokkrir heilbrigðisfulltrúanna í Reykjavík lokið prófi. Inntökuskilyrði munu nú vera stúdentspróf, og er próf úr stærðfræðideild að sjálfsögðu ákjósanlegast. Vegna skorts á sérmenntuðum mönnum má búast við, að talsverður aðdragandi geti orðið að því, að Heilbrigðiseftirlitið geti tekið til starfa, og kann að reynast óhjákvæmilegt, eftir að stöðurnar hafa verið auglýstar, að senda menn utan til náms og bíða þeirra. Gæti þetta átt við jafnt um forstöðumanninn sem ráðunautana.

Ekki gerir nefndin ráð fyrir, að Heilbrigðiseftirlit ríkisins þurfi að hafa teljandi afskipti af eftirlitinu í Reykjavík né öðrum þeim stöðum, sem síðar meir kunna að hafa sérmenntuðum heilbrigðisfulltrúum á að skipa (Kópavogi, Akureyri, og sennilega Hafnarfirði), enda verða verkefni þess ærin samt. Að sjálfsögðu yrði Heilbrigðiseftirlitið þó að kynna sér eftirlitið í Reykjavík, m. a. vegna samræmingar á ráðstöfunum í landinu í heild, og rétt hefur það til hverra þeirra afskipta, sem það telur nauðsynlegar. Eins á Reykjavík vitaskuld rétt á að leita til Heilbrigðiseftirlitsins um stuðning til að koma fram málum til jafns við önnur sveitarfélög landsins.

Nefndin hefur reynt að gera sér grein fyrir, hvernig eftirlitinu yrði skipað, þegar það verður komið í það horf, sem að er stefnt í frumvarpinu, þ. e. sérmenntaðir heilbrigðisfulltrúar í fullu starfi í Kópavogi, á Akureyri og í Hafnarfirði, auk Reykjavíkur, og heilbrigðisráðunautar í þeim þremur landshlutum, sem tilgreindir eru í frumvarpinu. Forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins mundi, auk þess sem hann stjórnar eftirlitinu í heild og samhæfir það, ferðast um landið, eftir því sem hann teldi ástæðu til. Ráðunautarnir, sem búsettir yrðu í Reykjavík, mundu þá aðallega hafa yfireftirlit á eftirtöldum svæðum (mannfjöldatölur frá 1. des. 1965): Keflavík 5128, Gullbringusýslu 6815, Kjósarsýslu 3148, Rangárvallasýslu 3059, Árnessýslu 7604, Vestmannaeyjum 5012, V-Skaftafellssýslu 1387, Borgarfjarðarsýslu 1489, Mýrasýslu 963, Snæfellsnessýslu 1978, Dalasýslu 580, Akraneskaupstað 4178, **samtals 41341 manns.** Ráðunautur á Vestfjörðum hefði í umsjá sinni: Barðastrandarsýslu, 512, Ísafjarðarkaupstað 2696, Ísafjarðarsýslur báðar 3711, Strandasýslu 1485, **samtals 10435 manns.** Ekki er gert ráð fyrir sérmenntuðum heilbrigðisfulltrúa á þessu svæði. Ráðunautur á Norðurlandi hefði aðallega í umsjá sinni: Húnavatnssýslur báðar 3765, Sauðárkrókskaupstað 1390, Skagafjarðarsýslu 2640, Siglufjarðarkaupstað 2472, Ólafsfjarðarkaupstað 1048, Eyjafjarðarsýslu 3886, Húsavíkurkaupstað 1841, Þingeyjarsýslur báðar 4733, **samtals 21775 manns.** Aðeins er gert ráð fyrir sérmenntuðum heilbrigðisfulltrúa á Akureyri. Ráðunautur á Austurlandi hefði í

umsjá sinni: Seyðisfjarðarkaupstað 853, Neskaupstað 1514, Múlasýslur báðar 7221, A-Skaftafellssýslu 1429, samtals 11017 manns. Ekki er gert ráð fyrir sérmenntuðum heilbrigðisfulltrúa á þessu svæði.

Meginmáli skiptir, að Heilbrigðiseftirlit ríkisins nái góðri samvinnu við heilbrigðisnefndir, gangi ekki fram hjá þeim og fái þeim í hendur framkvæmd ráðstafana, sem það telur nauðsynlegar. Eftirlitið verður m. ö. o. að vekja ábyrgðartilfinningu nefndanna til sjálfstæðra athafna, en leyfa ekki þeim skilningi að festa rætur, að nefndirnar geti varpað áhyggjum sínum yfir á Heilbrigðiseftirlitið og setið auðum höndum. Á því hvernig þetta tekst veltur ekki síst, hvert gagn verður að þessari nýju stofnun.

Stofnun Heilbrigðiseftirlitsins er eina nýmæli frumvarpsins, sem veldur ríkissjóði auknum útgjöldum. Nefndin telur ekki unnt á þessu stigi að áætla kostnaðinn nákvæmlega, en með hliðsjón af því, að rekstrarkostnaður mjólkureftirlitsins og veitingahúsaeftirlitsins er áætlaður samtals tæplega 930 þús. kr. í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1968, ætti heildarrekstrarkostnaður Heilbrigðiseftirlitsins varla að fara fram úr 1.5 milljónum króna, eða um 500—600 þús. kr. viðbót. Mjólkureftirlitsmaðurinn og veitingahúsaeftirlitsmaðurinn hafa alls um 1½ ritara, en ef Heilbrigðiseftirlitið hefði bækistöð á skrifstofu landlæknis, sem væri langheppilegast, kemur ekki til mála, að þar þyrfti að bæta við nema einum ritara vegna eftirlitsins, og ef til vill mundi ritari í hálfu starfi nægja, að landlæknisembættinu óbreyttu að öðru leyti. Húsakostur vegna Heilbrigðiseftirlitsins ætti varla að þurfa að verða meiri en núverandi húsakostur þessara tveggja eftirlitsmanna. Hins vegar má gera ráð fyrir, að ferðakostnaður á hvern starfsmann hækkaði eitthvað, þ. e. að starfsmenn Heilbrigðiseftirlitsins yrðu að ferðast meira en núverandi mjólkureftirlitsmaður og veitingahúsaeftirlitsmaður. Um þetta verður þó ekki vitað, fyrr en stofnunin er komin í gang og nokkur reynsla fengin af starfstilhögun hennar. Áður hefur verið vikið að því, að nefndin telur óhjákvæmilegt, að forstöðumaðurinn verði í 26. launaflokki, sbr. til dæmis öryggismálastjóra, og hæpið er, að hæfir heilbrigðisráðunautar fáist til starfs, sem krefst mjög mikilla ferðalaga, nema þeir séu í 20. — 21. launaflokki. Nánari greinargerð um kostnað treystir nefndin sér ekki til að láta í té.

Um 9. gr.

Í greininni er það nýmæli, að ein heilbrigðisreglugerð skuli gilda fyrir allt landið, og komi hún í stað núgildandi heilbrigðissamþykkta einstakra sveitarfélaga. Vera má, að ótrúlegt þyki í fljótu bragði, að þetta sé unnt sökum ólíkra staðhátta í kaupstað, þorpi og sveit. En málið leysist á þann einfalda hátt í langflestum tilvikum, að landsreglugerðin gildir fyrir hvern stað, eftir því sem við getur átt, þ. e. aðeins að svo miklu leyti sem þar er til sú starfsræksla, stofnun eða notkun, sem um er fjallað í reglugerðinni, og í sveitum gildir hún augljóslega að mjög litlu leyti. Sem dæmi má nefna ákvæði um kjötverzlanir. Ef kjötverzlun er ekki til í sveitarfélagi, á kaflinn um kjötverzlanir ekki við um það sveitarfélag, en tæki gildi, jafnskjótt og slík verzlun væri sett þar á stofn. Þetta er raunar engin nýjung, og má finna næg dæmi um þessa tilhögun í heilbrigðissamþykktum sveitarfélaga. Inn í þær hafa iðulega verið tekin ákvæði um ýmislegt, sem ekki var til í sveitarfélaginu, þegar samþykktin var samin. En sveitarstjórn hefur gert ráð fyrir, að tiltekin starfræksla eða stofnun gæti orðið þar til síðar og viljað hafa ákvæðin tilbúin, þegar að því kæmi. Hins vegar skiptir meginmáli, að gerðar séu sömu hollustukröfur til starfrækslu eða stofnunar, t. d. kjötbúðar, svo að það dæmi sé endurtekið, hvort sem hún er staðsett í Reykjavík eða á Þórshöfn, og á þessi krafa vitaskuld ekkert skylt við kröfur um íburð í húsakynnum og innréttingu. Aðeins um örfá atriði verður að hafa fyrirvara í reglugerðinni, eftir því hvort um er að ræða þéttbýli eða dreifbýli, en óþarft þykir að reifa það hér.

Fleira en samræming á ákvæðum mælir með því, að sett sé landsreglugerð. Það er mikið verk og kostnaðarsamt að endursemja og prenta fjölda heilbrigðissam-

þykkta á nokkurra ára fresti, en hjá því verður ekki komizt, ef þær eiga ekki að úreldast. Er heilbrigðisnefndum varla ætlandi að annast slíka endurskoðun lengur, sökum þess hve löggjöf, sem varðar heilbrigðiseftirlit á einn eða annan hátt, er orðin gífurlega umfangsmikill bálkur, enda hefur orðið mikill misbrestur á endurnýjun heilbrigðissamþykkta. Nú munu vera í gildi heilbrigðissamþykktir fyrir 56 sveitarfélög, og eru þær frá þessum áratugum: 1900—1910: 18; 1911—1920: 5; 1921—1930: 5; 1931—1940: 5; 1941—1950: 3; 1951—1960: 11 og eftir 1960: 9. Eins og sjá má á þessu, eru aðeins 20 þessara heilbrigðissamþykkta samdar eða endursamdar eftir 1950, en eldri samþykktir a. m. k. eru meira eða minna úreltar og hinar elztu vitaskuld gersamlega úreltar. Þá er þess að geta, að árið 1955 var staðfest heilbrigðissamþykkt með nokkuð nýju sniði. Heita má, að þær samþykktir, sem síðan hafa verið staðfestar, séu endurprentun hver á annarri, a. m. k. í öllum aðalatriðum. Verður að ályktа, að þetta sé vitnisburður um, að heilbrigðisnefndum hafi verið ljós nauðsyn á samræmingu ákvæða, og er þá orðið skammt yfir í það að setja eina reglugerð fyrir allt landið, eins og hér er lagt til. Sjálfsagt þykir þó að heimila sveitarfélögum að setja til viðbótar heilbrigðisreglugerð landsins samþykktir hvert fyrir sig, að svo miklu leyti sem reglugerðin þykir ekki fullnægjandi, en ekki er líklegt, að mörg sveitarfélög þurfi á því að halda.

Nefndin telur það í verkahring Heilbrigðiseftirlits ríkisins að gera tillögur um endurskoðun á heilbrigðisreglugerð, og væntanlega mundi stofnuninni falið að vinna verkið, en ekki þykir þó rétt að skylda hana til þess. Öllum heilbrigðisnefndum er svo að sjálfsögðu frjálst að gera tillögur um endurskoðun.

Um 10. gr.

Greinin er í aðalatriðum efnislega óbreytt frá 3. gr. núgildandi laga. Felldur er niður fyrsti liður þeirrar greinar, skipt hefur verið um röð á nokkrum liðum, efnisatriði hafa verið flutt milli liða, skipt hefur verið um nokkur heiti, nokkrum nýjum atriðum hefur verið bætt inn í, sleppt er tilvitnunum í löggjöf og gert ráð fyrir, að fullkomin skrá um löggjöf verði jafnan látin fylgja heilbrigðisreglugerð, heimildarákvæði um liði 13—18 er fellt niður, þannig að skylt verður að taka þá liði inn í heilbrigðisreglugerð, og loks eru tvær síðustu málsgreinarnar teknar út úr greininni og gerðar að sérstakri grein, þ. e. 11. gr. frumvarpsins. Í lok greinarinnar er sett heimild til að veita undanþágur frá heilbrigðisreglugerð. Hugsar nefndin sér þá undanþáguheimild notaða þannig, að heilbrigðisnefndum verði heimilað að veita undanþágur, ef um minni háttar atriði er að ræða, þó aldrei gegn mótmælum héraðslæknis, en tilkynna skuli þær Heilbrigðiseftirliti ríkisins ákvörðunina. Um allar meiri háttar undanþágur þurfi hins vegar að leita samþykkis Heilbrigðiseftirlits ríkisins eða landlæknis, sem geti, hvenær sem ástæða þykir til, lagt undanþágubeiðnina fyrir ráðherra. Framangreind tilhögun er að sjálfsögðu aðeins lausleg ábending frá nefndinni. Að öðru leyti þykir ekki þörf á skýringum við greinina.

Um 11. gr.

Sjá ath. við 10. gr.

Um 12. gr.

Í heilbrigðissamþykktum, a. m. k. hinum nýrri, eru ákvæði um, að ágreiningi milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórnar megi skjóta til úrskurðar yfirstjórnar heilbrigðismála, og sami réttur er veittur héraðslækni. Rétt þykir að taka þetta ákvæði inn í lögin, en þar er Heilbrigðiseftirlit ríkisins gert að millilið, en þó aðeins til málamiðlunar. Er það gert til að létta af ráðherra óþörfu ónæði af hugsanlegum ágreiningi framangreindra aðila.

Um 13. gr.

Greinin er nýmæli. Með fyrri málsgr. er heilbrigðisnefndum veitt aðhald, með því að vel er hugsanlegt, að þær skirrist við að beita valdi sínu, ef við mikla and-

spyrnu er að etja, jafnvel þótt um brýna ráðstöfun sé að ræða. Til þess hins vegar að forðast, að gripið sé fram í fyrir heilbrigðisnefndum að óþörfu eða í smávægilegum atriðum, er tekið fram, að ráðstöfunin verði að varða „almenningsheill", og landlæknir er gerður ábyrgur fyrir málsskoti til ráðherra.

Síðari málsgreinin, um heimild Heilbrigðiseftirlits ríkisins til að stöðva starfrækslu eða notkun fyrirvaralaust, á aðeins við, þegar mikil hætta er á ferðum, svo sem af háskalegum óþrifnaði, hættulegum efnum eða yfirvofandi smitun manna af menguðum matvælum eða menguðu vatni. Til að koma í veg fyrir misbeitingu heimildarinnar, er viðkomandi heilbrigðisnefnd heimilað að skjóta ráðstöfuninni til úrskurðar ráðherra, ef hún er henni ósamþykk.

Um 14. gr.

Um rökstuðning fyrir þessari grein vísast til almennu greinargerðarinnar hér að framan. Landlækni er falið fyrsta úrskurðarvald, en ekki Heilbrigðiseftirliti ríkisins, með því að sumir þeir aðilar, sem hér eiga hlut að, verða að teljast jafngildir Heilbrigðiseftirlitinu um faglega þekkingu.

Um 15. gr.

Ákvæði greinarinnar er til þess sett að taka af öll tvímæli um rétt heilbrigðisnefndar til skoðunar og eftirlits, en slíkt ákvæði er í flestum heilbrigðissamþykktum. Sett er inn sams konar ákvæði um Heilbrigðiseftirlit ríkisins, svo og um héraðslækna, sem ekki hafa lengur skyldusetu í heilbrigðisnefnd.

Um 16. gr.

Nauðsynlegt þykir að tryggja, að Heilbrigðiseftirlit ríkisins og sveitarfélög eigi aðgang að rannsóknarstofnunum til rannsókna á sýnishornum, og er skyldan lögð á rannsóknarstofnanir ríkisins. Með síðari málsl. greinarinnar er það haft í huga, að t. d. Reykjavík kynni að koma sér upp eigin rannsóknarstofnun, og mætti þá einnig, ef ástæða þætti til, leita samninga um rannsóknir fyrir fleiri sveitarfélög á þeirri rannsóknarstofnun.

Um 17. gr.

Í núgildandi lögum eru sektarákvæði við brotum á staðfestum heilbrigðissamþykktum, og renna sektir í sveitarsjóð. Í frumvarpinu eru tekin upp refsiákvæði við brotum á lögunum og reglugerð, svo og heilbrigðissamþykktum, og renna sektir í ríkissjóð. Einnig er heimilað að beita varðhaldsrefsingu, ef miklar sakir eru, og er það nýmæli. Þá eru felld niður ákvæði um ramma sektarfjárhæðar. Dagsektarfjárhæð er hækkuð úr 1000 krónum í 2000 krónur.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Sbr. 9 gr. núgildandi laga.

Um 19. gr.

Frestur á gildistöku laganna til 1. jan. 1969 er m. a. miðaður við það, að tími hafi unnizt til að semja heilbrigðisreglugerð, þegar þau taka gildi. Má ætla, að það verk taki alllangan tíma, ef það verður unnið í hjáverkum, og væri sennilega rétt að miða við ekki skemmri tíma en hálft ár. Málsliður sá, sem lagt er til, að feldur verði úr gildi í lögum nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, hljóðar svo: „Ráðherra má auk þess, svo sem nauðsyn krefur, fela sérstökum eiðsvörnum kunnáttumönnum eða opinberum stofnunum, sem hafa kunnáttumönnum á að skipa, einstakar greinir eftirlitsins og jafnvel stjórn þess í heild." Brottfelling hans raskar ekki lögunum að öðru leyti. 19. gr. laga nr. 53/1963, um veitingasölu, gististaðahald o. fl., hljóðar svo: „Ráða skal sérfróðan mann til þess að hafa á hendi eftirlit með starfsemi gisti- og veitingastaða, og starfar eftir-

litsmaður undir stjórn landlæknis. Heimilt er landlækni að fela sérstökum heilbrigðiseftirlitsmönnum, sem starfandi eru í kaupstöðum, eftirlit þar.

Eftirlitsmaður skal leita aðstoðar heilbrigðisnefnda og héraðslækna, þar sem hann eða landlæknir telja þess þörf. Ákvörðunum eftirlitsmanns (svo og heilbrigðiseftirlit) má skjóta til ráðuneytis". Brottfelling þessarar greinar krefst nýrrar greinar og auk þess breytinga á nokkrum öðrum greinum laganna, en að vísu smávægilegra, þ. e. að í stað „eftirlitsmanns" komi, eftir því sem við á, „heilbrigðisnefnd" eða „Heilbrigðiseftirlit ríkisins". Nefndin telur það þó ekki verkefni sitt að gera beinar tillögur um þessar breytingar.

Að lokum vill nefndin benda á nauðsyn þess að gefa út handbók handa heilbrigðisnefndum og heilbrigðisfulltrúum, og væri heppilegast, að hún yrði gefin út sem lausblaðabók. Í bókinni ættu að vera þessi lög (ef samþykkt verða), heilbrigðisreglugerð, hin almenna matvælalöggjöf, þeir kaflar úr sérlöggjöf, þar sem fjallað er um almenna hollustuhætti, og fullkomin skrá yfir löggjöf, er varðar heilbrigðiseftirlit á einhvern hátt. Bók þessi mundi einnig verða héraðslæknum til ómetanlegs léttis. Yfirstjórn heilbrigðismála þyrfti að sjá um útgáfuna og gefa út viðbætur jafnóðum, en ástæðulaust telur nefndin að selja ekki bókina fullu verði, hvort sem sala kynni að standa að öllu leyti undir kostnaði eða ekki. Þó að lög séu aðgengileg í lagasafni, svo langt sem það nær, verður að leita til Stjórnartíðinda um reglugerðir, og iðulega hefur komið í ljós, að héraðslæknar og heilbrigðisnefndir vita ekki, að til er ýmis löggjöf, sem þesir aðilar eiga að vinna eftir.

Fylgiskjal.

Skrá um löggjöf.

Á meðfylgjandi skrá eru taldar upp allar núgildandi heilbrigðissamþykktir, svo og löggjöf um þau atriði, sem um er fjallað í 10. gr. frumvarpsins (3. gr. laga nr. 35/1940). Ekki er tekin fyllsta ábyrgð á, að öll löggjöf skrárinnar sé enn í gildi, þótt öll viðleitni hafi verið höfð til að ganga úr skugga um það, og því síður verður fullyrt, að ekkert vanti í, t. d. ákvæði um heilbrigðiseftirlit, sem dreifð kunna að vera innan um löggjöf um annars óskyld efni. Þá getur vitanlega orkað tvímælis, hvað eðlilegt sé að telja upp af löggjöf, sem á einhvern hátt varðar atriði 10. greinar frumvarpsins, en sennilega er þó fremur gengið óþarflega langt en of skammt í því efni. Þótti rétt að ganga hér heldur lengra en skemmra til hægðarauka þeim mönnum, sem síðar yrði falið að semja heilbrigðisreglugerð fyrir landið í heild, ef frumvarp þetta verður að lögum.

Tölur í svigum á eftir fyrirsögn eru liðatölur 10. gr. Lög eru talin fyrst og síðan reglugerðir skv. þeim lögum. Innan hvers flokks er lögum raðað eftir aldri, þó þannig að hvert atriði er sér, ef fleiri en eitt atriði er undir sömu fyrirsögn (t. d. kjöt, fiskur o. fl.).

A. Heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir.

Lög nr. 35/1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir. Br. nr. 19/1962.
Akraneskaupstaður. Hbs. nr. 108/1947.
Akureyrarkaupstaður. Hbs. nr. 57/1955.
Bíldudalur, Litla-Eyri og Hóll. Hbs. nr. 57/1908.
Blönduóshreppur. Hbs. nr. 91/1936.
Borgarneshreppur. Hbs. nr. 60/1927.
Breiðdalshreppur í Suður-Múlasýslu. Hbs. nr. 107/1904.
Búðahreppur, Suður-Múlasýslu. Hbs. nr. 94/1910.
Dalvíkurkauptún. Hbs. nr. 44/1935.

Eskifjarðarhreppur í Suður-Múlasýslu. Hbs. nr. 30/1964.
Eyrarbakkahreppur, Árnessýslu. Hbs. nr. 12/1908.
Eyrarhreppur, Norður-Ísafjarðarsýslu. Hbs. nr. 79/1906.
Flatey á Breiðafirði. Hbs. nr. 71/1928.
Flateyrarhreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Hbs. nr. 137/1961.
Fljótsdalshreppur í Norður-Múlasýslu. Hbs. nr. 121/1916.
Garðahreppur. Hbs. nr. 17/1960.
Geithellnahreppur, Suður-Múlasýslu. Hbs. nr. 137/1908.
Hafnarfjarðarkaupstaður. Hbs. nr. 127/1955.
Hafnarhreppur í Austur-Skaftafellssýslu. Hbs. nr. 24/1949.
Kauptúnið Haukadalur, Vestur-Ísafjarðarsýslu. Hbs. nr. 68/1908.
Kauptúnið Hellisandur og sjóþorpið Keflavík í Snæfellsnessýslu. Hbs. nr. 89/1914.
Hjalteyrarkauptún. Hbs. nr. 62/1914.
Hofsóshreppur. Hbs. nr. 93/1961.
Hólshreppur, Norður-Ísafjarðarsýslu. Hbs. nr. 78/1906.
Hríseyjarhreppur. Hbs. nr. 116/1934.
Hrófbergshreppur, Strandasýslu. Hbs. nr. 97/1913.
Húsavíkurkaupstaður. Hbs. nr. 223/1952.
Hvammshreppur, Skaftafellssýslu. Hbs. nr. 56/1907.
Ísafjarðarkaupstaður. Hbs. nr. 90/1954.
Kaldrananeshreppur í Strandasýslu. Hbs. nr. 77/1932.
Keflavíkurkaupstaður. Hbs. nr. 132/1954.
Kirkjuhvammshreppur, Vestur-Húnavantssýslu. Hbs. nr. 95/1910.
Kópavogskaupstaður. Hbs. nr. 16/1958, br. nr. 108/1965.
Laxárdalshreppur í Dalasýslu. Hbs. nr. 99/1960.
Litla-Árskógssandssjóþorp, Eyjafjarðarsýslu. Hbs. nr. 80/1904.
Miðneshreppur. Hbs. nr. 162/1965.
Mosfellshreppur. Hbs. nr. 150/1963, br. nr. 8/1966.
Neskauptún í Norðfirði. Hbs. nr. 8/1928.
Njarðvíkurhreppur, Gullbringusýslu. Hbs. nr. 177/1966.
Norðfjarðarhreppur í Suður-Múlasýslu. Hbs. nr. 105/1904.
Ólafsfjarðarkaupstaður. Hbs. nr. 34/1954.
Ólafsvíkursjóþorp. Hbs. nr. 70/1903.
Patreksfjarðarkauptún. Hbs. nr. 9/1928.
Reyðarfjarðarhreppur í Suður-Múlasýslu. Hbs. nr. 106/1904.
Reykjavík. Hbs. nr. 11/1950, br. nr. 140/1951 og nr. 220/1963.
Sauðárkrókskaupstaður. Hbs. nr. 106/1951.
Seltjarnarneshreppur. Hbs. nr. 59/1961.
Seyðisfjarðarkaupstaður. Hbs. nr. 22/1966.
Siglufjarðarkaupstaður. Hbs. nr. 83/1929, br. nr. 106/1936 og viðauki nr. 71/1945.
Skagastrandarkauptún. Hbs. nr. 90/1936.
Stokkseyrarkauptún, Árnessýslu. Hbs. nr. 86/1912.
Stykkishólmskauptún. Hbs. nr. 69/1903.
Suðureyrarhreppur. Hbs. nr. 215/1962.
Súðavíkurhreppur, Norður-Ísafjarðarsýslu. Hbs. nr. 80/1906.
Vestmannaeyjakaupstaður. Hbs. nr. 21/1960.
Vopnafjarðarkauptún. Hbs. nr. 104/1904.
Þingeyri. Vestur-Ísafjarðarsýslu. Hbs. nr. 69/1908.

B. Önnur löggjöf.

Vatn og frárennsli (3):

Vatnal. nr. 15/1923.
L. nr. 93/1947, um aðstoð til vatnsveitna.

R. um vatnafélög og holræsi einstakra staða eða sveitarfélaga, sem ekki verða taldar upp.

Meindýr (5):

L. nr. 27/1945, um eyðing á rottum.
Sóttvarnarl. nr. 34/1954.
Sóttvarnarr. nr. 112/1954.

Húsakynni (6 o. fl.):

L. nr. 19/1905, um byggingarsamþykktir. (Br. nr. 84/1943).
A. nr. 23/1967, um fyrirmynd að byggingarsamþykkt fyrir skipulagsskylda staði utan Reykjavíkur.
Byggingarsamþykktir einstakra sveitarfélaga, sem ekki verða taldar upp.
L. nr. 57/1929, um íbúð í kjöllurum.
L. nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum (III. kafli).
L. nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl. (IV. kafli).
R. nr. 5/1956, um útrýmingu heilsuspillandi íbúða.
R. nr. 114/1958, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.
Skipulagsl. nr. 19/1964.
R. nr. 217/1966, um gerð skipulagsáætlana.

Vinnustöðvar (7):

L. nr. 23/1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.
(Br. nr. 57/1954; nr. 52/1955; nr. 39/1967).
R. nr. 10/1929, um eftirlit með verksmiðjum og vélum.
(Viðauki nr. 91/1933; nr. 15/1934; Br. nr. 95/1941).
R. nr. 56/1929, um eftirlit með lyftum.
R. nr. 49/1947, um öryggisútbúnað sýningartækja við kvikmyndasýningar.
R. nr. 201/1952, um öryggisráðstafanir gegn slysahættu við vinnu í kötlum, kerum og geymum.
R. nr. 202/1952, um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir við sprautumálun.
R. nr. 145/1953, um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á bifreiðaverkstæðum.
R. nr. 69/1953, um öryggisráðstafanir við fermingu og affermingu skipa.
R. nr. 83/1954, um flutning á ammóníumnítratáburði á landi og geymslu hans.
Starfsr. nr. 21/1953, fyrir öryggiseftirlit ríkisins. (Br. nr. 17/1955; nr. 41/1964).
Starfsr. nr. 124/1955, fyrir öryggisráð.
R. nr. 154/1956, um öryggisráðstafanir við notkun naglabyssu.
R. nr. 24/1956, um skráningu og tilkynningu atvinnusjúkdóma.
R. nr. 12/1965, um öryggisráðstafanir við frystikerfi og búnað í frystihúsum.

Gisti- og veitingastaðir (8):

L. nr. 53/1963, um veitingasölu, gististaðahald o. fl.
R. nr. 129/1964, um gisti- og veitingastaði.

Skólar og kennslustaðir (9):

Berklavarnal. nr. 66/1939 (9. gr.).
L. nr. 61/1957, um heilsuvernd í skólum.
R. nr. 214/1958, um heilsuvernd í skólum.
(Br. nr. 196/1965; nr. 284/1966).
R. nr. 217/1960, um eftirlit með neyzlumjólk í heimavistarskólum.
(L. nr. 24/1936).
Farsóttal. nr. 10/1958 (11. gr.).

Almennar r. nr. 132/1934, um opinberar sóttvarnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma (13. og 23. gr., skv. farsóttal.).
R. nr. 204/1964, um iðkun leikfimi og annarra íþrótta í skólum.

Börn (11):
L. nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.
(Br. nr. 8/1967).
R. nr. 31/1963, um sumardvalarheimili barna.
R. einstakra sveitarfélaga um vernd barna, sem ekki verða taldar upp.

Heilbrigðisstofnanir o. s. frv. (12):
Heilsuverndarl. nr. 44/1955.
Lyfsölul. nr. 30/1963.
Sjúkrahúsal. nr. 54/1964.
L. um fávitastofnanir nr. 53/1967.

Íþróttir (13):
Íþróttal. nr. 49/1956.

Fangahús (14):
L. nr. 18/1961, um ríkisfangelsi og vinnuhæli.
L. nr. 21/1961, um héraðsfangelsi.
Tilskipun frá 4. marz 1871, um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi m. fl.

Kirkjur og samkomuhús (15):
Tilskipun 24. júlí 1789, um ráðstafanir til viðhalds á eignum kirkna o. s. frv.
L. nr. 77/1947, um félagsheimili.

Kirkjugarðar o. s. frv. (16):
L. nr. 42/1913, um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.
L. nr. 41/1915, um líkbrennslu.
R. nr. 4/1951, um framkvæmd líkbrennslu.
L. nr. 21/1963, um kirkjugarða.
R. nr. 83/1934, um kirkjugarða.
R. nr. 159/1941, um flutning líka (sbr. 6. gr. farsóttal.).

Flutninga- og farartæki (17):
L. nr. 50/1959, um eftirlit með skipum.
Hleðslumerkjareglugerð nr. 45/1943.
R. nr. 260/1947, um smíði tréskipa.
R. nr. 160/1949, um gerð bjargbelta, bjargvesta, bjarghringa o. fl.
R. nr. 11/1953, um eftirlit með skipum og öryggi þeirra.
(Br. nr. 3/1957; nr. 32/1963; nr. 52/1965).
R. nr. 61/1953, um flutning á hættulegum varningi.
R. nr. 80/1954, um flutning á ammoniumnítratáburði í skipum.
R. nr. 2/1957, um gúmmíbjörgunarbáta á skipum.
R. nr. 59/1960, um smíði skarsúðaðra tréskipa.
R. nr. 242/1966, um lyf og læknisáhöld í ísl. skipum.
(Br. nr. 45/1967).
Umferðarl. nr. 26/1958 (II).
R. nr. 51/1964, um gerð og búnað ökutækja o. fl.
L. nr. 83/1966, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.
R. nr. 82/1956, um skipulagningu fólksflutninga með bifreiðum.

L. nr. 32/1929, um loftferðir.
L. nr. 24/1945, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar.
L. nr. 119/1950, um stjórn flugmála (sbr. l. nr. 56/1954).
Sóttvarnal. nr. 34/1954 (8. gr., sbr. IV. kafla r. nr. 112/1954).
Farsóttal. nr. 10/1958 (7. gr., sbr. 8. gr. r. nr. 132/1934).

Húsdýr (18):

L. nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki.
(Br. nr. 41/1965).
R. nr. 201/1957, um varnir gegn sullaveiki.
L. nr. 21/1957, um dýravernd.
L. nr. 44/1964, um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum.
R. nr. 209/1966, um varnir gegn útbreiðslu hundapestar. (Sbr. l. um dýralækna nr. 124/1947).

Matvæli og önnur neyzluvara (19):

L. nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.
R. nr. 49/1936, um tilbúning og dreifingu á matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.
R. nr. 50/1936, um aldinsultu og aldinmauk.
R. nr. 51/1936, um aldinsafa og aldinsöft.
R. nr. 128/1936, um edik og ediksýru.
R. nr. 111/1936, um gosdrykki. (Br. nr. 196/1943; nr. 273/1964).
R. nr. 53/1936, um kaffi.
R. nr. 52/1936 um kaffibæti og kaffilíki.
R. nr. 54/1936, um kakaó og kakaóvörur.
R. nr. 129/1936, um krydd og kryddvörur.
R. nr. 17/1939, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.
A. nr. 186/1940, um nokkrar vörur úr fiski.
A. nr. 185/1940, um nokkrar vörur úr kjöti.
Bráðabirgðar. nr. 57/1941, um framleiðslu og sölu á rjómaís, með eða án bragðbætandi efna.
A. nr. 201/1950, varðandi meðferð og útlát á tetraklórkolefni og tríklóretýlen o. s. frv.
R. nr. 157/1953, um mjólk og mjólkurvörur.
(Br. nr. 247/1963).
R. nr. 217/1960, um eftirlit með neyzlumjólk í heimavistarskólum.
A. nr. 97/1962, um sérstakar varúðarráðstafanir í sambandi við notkun eiturefna við úðun trjágarða.
L. nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.
R. nr. 155/1949, um kjötmat o. fl. (I. kafli úr gildi).
(Br. nr. 19/1951; nr. 132/1951; nr. 186/1953).
R. nr. 43/1958, um útbúnað sláturhúsa og kjötfrystihúsa.
L. nr. 101/1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl.
R. nr. 22/1935, um framleiðslu, meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.
R. nr. 160/1962, um gæðamat á smjöri og ostum.
R. nr. 162/1962, um Grænmetisverzlun landbúnaðarins, mat og flokkun kartaflna og grænmetis.
L. nr. 42/1933, um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis.
R. nr. 31/1935, um útbúnað löggiltra lýsisvinnslustöðva, lýsisverkunarstöðva o. fl.
R. nr. 32/1935, um flokkun meðalalýsis o. fl.
L. nr. 92/1935, um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum.

R. nr. 161/1966, um notkun rotvarnarefna til geymslu á síld, loðnu og öðrum bræðslufiski.
L. nr. 53/1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.
R. nr. 89/1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.
(Br. nr. 103/1938; nr. 153/1939; nr. 146/1940).
R. nr. 113/1954, um frjálst mat á ýmsum tegundum salt-, sykur- og kryddsíldar.
(Br. nr. 87/1957).
L. nr. 46/1948, um fiskmat, meðferð, verkun og útflutning á fiski.
R. nr. 56/1953, um mat á frystum fiski til útflutnings.
(A. um viðauka nr. 117/1953. Br. nr. 218/1966).
R. nr. 124/1953, um verkun og mat á skreið til útflutnings.
(Br. nr. 169/1956).
R. nr. 127/1953, um verkun og mat á saltfiski til útflutnings.
(Br. nr. 26/1954).
R. nr. 35/1956, um fiskmat (II. og III. kafli úr gildi).
R. nr. 247/1966, um mat á frystum hrognum til útflutnings.
L. nr. 26/1949, um hvalveiðar.
R. nr. 105/1949, um vinnslu og umbúnað á hvalkjöti.
L. nr. 42/1960, um ferskfiskeftirlit.
R. nr. 1/1961, um ferskfiskeftirlit.
(Br. nr. 37/1961; nr. 279/1964).
R. nr. 215/1966, um eftirlit með ferskum humar og rækju.
L. nr. 17/1927, um varnir gegn sýkingu nytjajurta.
L. nr. 32/1933, um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl.
(Br. nr. 61/1935).
R. nr. 104/1923, um verzlun með smjörlíki og líkar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m.
R. nr. 118/1934, um eftirlit með smjörlíkisgerðum.
R. nr. 41/1935, um fjörefnablöndun smjörlíkis.
(Br. nr. 9/1942; nr. 24/1955).
L. nr. 22/1938, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fyrirskipa blöndun á þurrmjólk í brauð í brauðgerðarhúsum, og til þess að ákveða hámarksverð á brauði og þurrmjólk.
R. nr. 80/1949, um blöndun undanrennudufts í brauð og aðrar brauðgerðarvörur.
L. nr. 30/1947, um að tryggja manneldisgildi hveitis.
Farsóttal. nr. 10/1958 (10. gr. sbr. 7. og 13. gr. r. nr. 132/1934).

Þátttaka heilbrigðisnefnda í sóttvörnum (20):

Farsóttal. nr. 10/1958 (2. gr., sbr. 4. gr. r. nr. 132/1934).

Loftmengun (22):

L. nr. 95/1962, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum.
R. nr. 190/1964, um skoðun tækja, sem hæf eru til að framleiða jónandi geisla.

Annað:

L. nr. 124/1947, um dýralækna.
(Br. nr. 8/1963; nr. 51/1965).
Erindisbréf héraðslækna nr. 35/1964 (sjá einkum 1. og 5. gr.).
Lögreglusamþykktir einstakra staða, en í þeim eru atriði varðandi heilbrigðiseftirlit.

Nd. 214. Frumvarp til laga [91. mál]

um tollheimtu og tolleftirlit.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

I. KAFLI
Um tollstjórn, tollsvæði, hafnir o. fl.

1. gr.

Í lögum þessum merkir:
Tollyfirvald: Tollstjórar og tollgæzlustjóri.
Vara: Sérhver hlutur, sem farið er með sem vöru skv. tollskránni.
Farartæki: Sérhvert tæki, sem nota má til flutnings á vörum.
Skip: Sérhvert fljótandi farartæki.
Flugfar: Sérhvert fljúgandi farartæki.
Far: Skip eða flugfar.
Aðkomufar: Far, sem kemur frá útlöndum og ekki hefur fengið fyrstu aðkomuafgreiðslu í þeirri ferð. Aðkomufar skoðast einnig far, sem tekið hefur við vörum eða mönnum utan tollhafnar úr öðru fari, sem er í utanlandsferðum, eða hefur haft önnur þess háttar samskipti við slík för.
Far í utanlandsferðum: Far telst vera í utanlandsferðum, ef það flytur ótollafgreiddar vörur frá útlöndum eða ferð þess er gerð til að lesta vörur til útlanda.

2. gr.

Yfirstjórn tollmála hefur fjármálaráðherra.
Tollstjórar annast tollheimtu og tolleftirlit. Í Reykjavík er sérstakur tollstjóri, en sýslumenn í sýslum, bæjarfógetar í kaupstöðum og sérstakir lögreglustjórar í kauptúnum eru tollstjórar í umdæmum sínum. Fjármálaráðherra getur þó með reglugerð breytt mörkum tollumdæma, ef sérstaklega stendur á.
Fjármálaráðherra getur falið tollstjóranum í Reykjavík yfirstjórn ákveðinna þátta tollmála, eftir því sem henta þykir.
Við tollstjóraembættið í Reykjavík skal vera sérstakur tollgæzlustjóri, skipaður með sama hætti og héraðsdómarar að fengnum tillögum tollstjóra, og skal hann fullnægja skilyrðum 1.—6. tölul. 32. gr. laga nr. 85 frá 1936. Tollgæzlustjórinn annast í umboði tollstjóra stjórn tollgæzlunnar í Reykjavík, eftir því sem nánar verður ákveðið, og yfirstjórn tollgæzlunnar utan Reykjavíkur, eftir því sem fjármálaráðherra ákveður í erindisbréfi, er hann setur honum.

3. gr.

Tollyfirvöldum til aðstoðar eru tollgæzlumenn og aðrir tollstarfsmenn. Með reglugerð skulu sett fyrirmæli um störf, starfssvið og stjórn tollstarfsmanna.
Í tollhöfnum, þar sem tollstjóri er ekki búsettur, skal vera fastur tollgæzlumaður eða annar umboðsmaður tollstjóra.

4. gr.

Utan Reykjavíkur eru fastir tollgæzlumenn skyldir til að gegna jafnframt almennum löggæzlustörfum eftir ákvörðun viðkomandi tollstjóra. Sama á við um fasta tollgæzlumenn í Reykjavík, að fengnu samþykki fjármálaráðherra. Ekki verða þó tollgæzlumenn, sem skipaðir hafa verið í starf fyrir gildistöku laga nr. 56 frá 20. apríl 1963, um lögreglumenn, skyldaðir til að gegna almennum löggæzlustörfum gegn vilja sínum.

Með samkomulagi dómsmálaráðherra, fjármálaráðherra og viðkomandi sveitarstjórnar má ákveða, að lögreglumenn gegni jafnframt tollgæzlustörfum þar sem henta þykir.

Fela má áhöfnum skipa og flugvéla landhelgisgæzlunnar að vinna við tolleftirlit.

Þegar lögreglumönnum, starfsmönnum landhelgisgæzlunnar eða öðrum er falið að vinna tollgæzlustörf, án þess að þeir hafi tollgæzlu að aðalstarfi, hafa þeir sömu heimildir til starfa og gegna sömu starfsskyldum og fastir tollgæzlumenn.

5. gr.

Við embætti tollstjórans í Reykjavík skal vera tollskóli, er veiti tollstarfsmönnum kennslu í tollfræðum.

Gera má það að skilyrði fyrir veitingu í fastar tollstöður, að viðkomandi hafi lokið prófi frá skólanum.

Ráðherra setur reglugerð um námstilhögun og prófkröfur í skólanum.

6. gr.

Tollsvæði ríkisins er landið ásamt eyjum og útskerjum, sem því tilheyra, og hafið 4 sjómílur út frá stórstraumsfjöruborði, talið frá yztu skerjum og hólmum, er upp úr sjó koma. Firðir og víkur teljast til tollsvæðisins 4 sjómílur til hafs frá línu, sem dregin er þar sem 12 sjómílur verða milli nesja, næst fjarðarmynni. Fjármálaráðuneytið getur þó ákveðið með reglugerð, að hafsvæðið milli þessarar línu og fiskiveiðitakmarkanna, eins og þau eru ákveðin í reglugerð nr. 3 frá 11. marz 1961, skuli einnig teljast til tollsvæðis ríkisins.

7. gr.

Aðaltollhöfn er höfn, þar sem för í utanlandsferðum mega fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi og þar sem hverskonar tollmeðferð vöru má fara fram.

Eftirtaldar hafnir eru aðaltollhafnir:

1. Reykjavík og Reykjavíkurflugvöllur.
2. Ísafjörður.
3. Siglufjörður.
4. Akureyri og Akureyrarflugvöllur.
5. Húsavík.
6. Seyðisfjörður.
7. Neskaupstaður
8. Eskifjörður.
9. Vestmannaeyjar.
10. Keflavík.
11. Keflavíkurflugvöllur.
12. Hafnarfjörður.

Tollhöfn er höfn, þar sem ferma má og afferma ótollafgreiddar vörur og geyma og tollafgreiða slíkar vörur án sérstakrar heimildar.

Auk aðaltollhafna eru hafnir í eftirtöldum kaupstöðum og kauptúnum tollhafnir samkvæmt lögum þessum:

1. Akranes.
2. Borgarnes.
3. Ólafsvík.
4. Stykkishólmur.
5. Patreksfjörður.
6. Þingeyri.
7. Flateyri.
8. Suðureyri.
9. Bolungarvík.
10. Hólmavík.
11. Hvammstangi.
12. Blönduós.
13. Sauðárkrókur.
14. Ólafsfjörður.
15. Raufarhöfn.
16. Vopnafjörður.
17. Reyðarfjörður.
18. Fáskrúðsfjörður.
19. Djúpivogur.
20. Höfn í Hornafirði.
21. Þorlákshöfn.

Þegar sérstaklega stendur á geta viðkomandi tollstjórar í samráði við tollgæzlustjóra veitt til þess leyfi hverju sinni að ferma megi eða afferma vörur úr fari utan tollhafna. Þeim, sem slíkt leyfi fær, er skylt að hlíta þeim skilyrðum, sem tollstjórar setja fyrir undanþágunni og greiða allan kostnað, sem af henni leiðir. Tollgæzlustjóri getur, þegar sérstaklega stendur á og með sama hætti, leyft fari að fá fyrstu eða síðustu afgreiðslu hér á landi utan aðaltollhafna.

Við ráðstöfun á hafnarsvæðum og hafnarlóðum, sem ætlaðar eru til uppskipunar eða geymslu á ótollafgreiddum vörum, skulu sveitar- og hafnarstjórnir hafa samráð við tollgæzlustjóra og viðkomandi tollstjóra.

Séu skilyrði til tolleftirlits og vörzlu á vörum í aðaltollhöfn eða tollhöfn ófullnægjandi að dómi fjármálaráðherra falla tollhafnarréttindi hafnarinnar niður.

8. gr.

Fjármálaráðherra setur reglur um almennan tollafgreiðslutíma. Tollyfirvöld geta heimilað að afgreiðsla fari fram á öðrum tímum, enda greiði viðkomandi þann kostnað, sem af því leiðir.

Fjármálaráðherra ákveður einnig fyrir hvaða störf tollstarfsmanna skuli tekin greiðsla, upphæð hennar og lögvernd. Krafa þessi nýtur lögtaksréttar.

II. KAFLI

Almenn ákvæði um tolleftirlit.

9. gr.

Þegar tollgæzlumenn eru að störfum skulu þeir vera einkennisklæddir, eða hafa í vörzlum sínum og sýna ef með þarf einkennismerki, sem ber skjaldarmerki ríkisins og áletrunina „Tollmerki Íslands.“ Rétt er og, að farartæki tollgæzlumanna hafi tollfánann, sem skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 34 frá 17. júní 1944 er þjóðfáninn, klofinn að framan, með upphafstéi (T) í efra stangarreit fánans.

Tollstarfsmenn, sem koma fram í einkennisbúningi sínum, sýna framangreint einkennismerki eða draga tollfánann að hún, hafa á fullnægjandi hátt gefið til kynna, að þeir séu réttir tollgæzlumenn að starfi.

Lögreglan og áhafnir varðskipa skulu veita tollgæzlunni aðstoð og vernd við framkvæmd tollgæzlustarfa.

Skylt er mönnum að verða við kvaðningu um aðstoð við tollgæzlumenn á sama hátt og mælt er fyrir um aðstoð við lögreglumenn í 41. gr. laga nr. 82 frá 1961.

10. gr.

Tollgæzlumönnum er heimil umferð hvarvetna um strendur landsins og meðfram þeim, um hafnarsvæði og flugvelli. Þeir skulu hafa frjálsan og óhindraðan aðgang til eftirlits og rannsóknar á vörum, sem geymdar eru í vörugeymsluhúsum á framangreindum svæðum, svo og að öðrum húsum og stöðum þar sem ótollafgreiddar vörur eru geymdar eða hafa verið geymdar. Enn fremur er tollgæzlumönnum heimill aðgangur að verzlunum og vörugeymslum þeirra, ef ætla má að þar séu geymdar vörur, sem skotið hefur verið undan greiðslu lögboðinna gjalda.

Tollgæzlumönnum er heimilt að veita þeim mönnum eftirför, sem skjóta sér undan eða þeir telja að hafi skotið sér undan tolleftirliti með innfluttar vörur, og mega af sjálfsdáðum framkvæma leit í húsum, þegar um beina eftirför er að ræða og bið eftir úrskurði dómara veldur hættu á sakarspjöllum.

11. gr.

Öll för, sem eru á tollsvæði ríkisins, eru háð eftirliti tollgæzlunnar.

Tollgæzlumönnum er heimilt að framkvæma leit og rannsókn alls staðar í skipum og flugförum, sem eru á tollsvæði ríkisins. Einnig er þeim heimilt að gera leit

í öllum farartækjum, sem eru á eða koma frá fermingar- og affermingarstöðum skipa og flugfara, svo og öðrum þeim stöðum, þar sem ótollafgreiddar vörur eru eða hafa verið geymdar. Tollgæzlumönnum er enn fremur heimilt að leita í öllum farartækjum, sem þeir hafa grun um að flytji ólöglega innfluttar vörur.

Stjórnendum farartækja er skylt að stöðva þau þegar tollgæzlumaður gefur um það merki.

Stjórnendum farartækja er skylt að veita tollgæzlumönnum, sem eru að störfum við farartæki þeirra, alla þá aðstoð og hjálp, sem þörf er á, til þess að störfin gangi sem greiðast, og gefa þeim nauðsynlegar upplýsingar. Þeim er einnig skylt að fara eftir fyrirmælum tollgæzlunnar, sem lúta að því að tryggja eftirlit með fermingu og affermingu.

12. gr.

Tollgæzlumönnum er heimilt að leita á mönnum, sem eru í farartækjum, húsum eða á svæðum eða á leið frá farartækjum eða stöðum, þar sem tollgæzlumönnum er heimil rannsókn og skoðun á vörum samkvæmt ákvæðum 10. og 11. greina hér að framan.

Leit á manni má aðeins framkvæma skv. skipun æðsta tollgæzlumanns, sem við er staddur, þegar leitarinnar er þörf. Skal framkvæma hana með svo mikilli tillitssemi sem unnt er, og má hún aldrei verða víðtækari en nauðsynlegt er vegna tolleftirlitsins. Við leit á manni getur viðkomandi krafizt þess, að ákveðið vitni sé tilkvatt. Við nákvæma leit á manni skal þess gætt, að hún sé framkvæmd af persónu af sama kyni.

Þegar leit er talin nauðsynleg getur tollgæzlumaður óskað aðstoðar lögreglunnar, ef með þarf.

13. gr.

Tollgæzlumönnum er heimilt að skoða og rannsaka allar vörur hverjar sem eru, er flytjast til landsins, hvort sem um er að ræða vörur á farmskrá, póstflutning, farþegaflutning eða annað. Heimilt er að krefjast þess, að vörurnar séu fluttar í tollbúð eða á annan tiltekinn stað, þar sem tolleftirlit er framkvæmt, og framvísað þar til skoðunar.

Tollgæzlumönnum er heimilt að skrá og merkja muni, sem eru í íslenzkum förum, hvort sem um er að ræða búnað þeirra eða einkaeign áhafnarinnar. Heimta má aðflutningsgjöld af hinum skráðu munum, ef þeir hverfa úr fari, nema gerð sé grein fyrir að þeir hafi farizt eða verið fluttir úr farartækinu erlendis.

14. gr.

Tollgæzlumönnum er heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna, ef nauðsyn krefur.

Tollgæzlumönnum er heimilt að handtaka mann, sem staðinn er að eða grunaður um tolllagabrot, og færa hann til yfirheyrslu eða fá hann lögreglunni í hendur.

Rétt er tollgæzlumönnum að leggja hald á muni, sem teljast til sakargagna eða ætla má að hafi sönnunargildi í málum vegna tolllagabrota.

15. gr.

Heimilt er að innsigla eða setja læsingar tollgæzlunnar fyrir farmrúm og vistageymslur farartækja, vörugeymslur eða aðra staði þar sem ótollafgreiddar vörur eru geymdar. Enn fremur að innsigla eða auðkenna ótollafgreiddar vörusendingar meðan á geymslu eða flutningi stendur. Skylt er stjórnendum farartækja og forstöðumönnum vörugeymslna að veita tolleftirlitsmönnum aðstoð við innsiglun og lokun, svo og að vekja athygli tollgæzlumanna á þeim stöðum, þar sem innsiglun eða læsing myndu ekki koma að haldi.

Tollgæzlustjóri ákveður gerð innsigla og úthlutar tækjum og efni, sem til þeirra þarf. Óheimilt er að nota önnur innsigli við innsiglun í fari nema sérstakt leyfi tollgæzlustjóra komi til hverju sinni.

Verði læsingu eða innsiglun ekki við komið, geta tollyfirvöld krafizt þess, að varzla varanna eða flutningur fari fram undir tolleftirliti á kostnað vörzluhafa eða farmflytjanda.

Innsigli eða læsingar, sem tollgæzlumenn setja, má enginn nema tollgæzlumaður rjúfa innan íslenzkra tollmarka eða í fari á leið milli staða á tollsvæðinu.

16. gr.

Tollgæzlumenn geta afkvíað far, sem komið er í höfn eða á flugvöll, svo og bannað umferð á svæðum, þar sem ferming eða afferming vöru fer fram eða farþegar fara um á leið til eða frá fari í utanlandsferðum. Þeir geta ákveðið, að farþegar eða aðrir megi einungis fara úr fari eða stíga um borð á ákveðnum stað. Einnig geta þeir ákveðið, í samráði við hafnaryfirvald, að ferming eða afferming fars skuli fara fram á tilteknum stað í höfn, er hentugastur þykir vegna eftirlits hverju sinni.

Óheimilt er að fara um borð í aðkomufar fyrr en tollgæzlumaður leyfir.

Enginn, sem er um borð í aðkomufari, má fara frá borði fyrr en tollgæzlumaður leyfir.

Hverjum, sem staddur er á hafnarsvæði, flugvöllum eða annars staðar, þar sem ótollafgreiddar vörur eru eða hafa verið geymdar, ber að nema staðar, þegar tollgæzlumaður óskar þess, og gera grein fyrir hvort hann hafi meðferðis ótollafgreiddar vörur.

17. gr.

Óheimilt er að flytja úr fari ótollafgreidda vöru, sem ekki er á farmskrá, nema henni sé samtímis framvísað við tollgæzluna og leyfi fengið fyrir flutningi hennar úr farinu. Ákveða má, að slíka vöru skuli flytja úr farinu innan ákveðins frests frá komu farsins og á þeim tíma og með þeim hætti, sem tollgæzlan tiltekur, eða ákveðið verður í reglugerð.

Skylt er farþegum og áhöfn að opna töskur og aðrar umbúðir um farangur þegar tollgæzlumaður óskar þess, taka upp úr þeim og veita alla aðstoð og gefa þær upplýsingar, sem óskað er eftir.

18. gr.

Tollyfirvald getur krafið hvern þann, sem flytur eða ætla má að flytji inn gjaldskyldar vörur eða hefur slíkar vörur til sölu, um skýrslu varðandi þessar vörur, kaupverð þeirra og magn. Tollyfirvald getur enn fremur krafið kaupsýslumenn, sem hér á landi selja mönnum búsettum í landinu útlenda vöru til afhendingar erlendis, um allar upplýsingar um kaupin og vöruna.

Nú eru tilteknar vörutegundir háðar ströngum innflutningshömlum, eða aðrar ástæður valda að nauðsynlegt er að fylgjast sérstaklega með innflutningi þeirra, og getur ráðuneytið þá með auglýsingu ákveðið, að þeim, sem bjóða vörur þessar til sölu eða hafa þær í verzlunum sínum ,skuli skylt að gera fulla grein fyrir því, hvaðan þær eru fengnar, að viðlögðum sektum og upptöku varanna. Þeim, sem eiga slíkar vörur, þegar auglýsing er gefin út, skal gefinn kostur á að fá þær merktar með tollmerkjum, sbr. næstu málsgrein hér á eftir.

Í reglugerð má ákveða, að tollyfirvöld geti fyrirskipað merkingu á tilteknum vörutegundum um leið og þær eru tollafgreiddar, til sönnunar því, að þær hafi hlotið löglega tollafgreiðslu. Ákveða skal þeim, sem eiga slíkar vörur, þegar merkingarfyrirmæli eru gefin út, frest til að framvísa þeim við tollyfirvöld og merkja þær. Finnist slík vara ómerkt að þeim fresti liðnum, telst hún eigi hafa hlotið löglega tollafgreiðslu, nema annað sannist.

III. KAFLI
Um för í utanlandsferðum.

19. gr.

Skylt er aðkomufari að hafa fyrstu viðkomu hér á landi í aðaltollhöfn, sbr. þó síðustu málsgrein 7. gr. Má það ekki hafa neitt samband við land eða menn úr landi fyrr en aðkomuafgreiðsla þess hefur farið fram og að fengnu leyfi tollgæzlunnar.

Íslenzk för mega ekki utan tollhafna taka við mönnum eða vörum úr aðkomuförum, hleypa mönnum út í þau né hafa við þau önnur samskipti nema tilneydd séu.

Ef tollgæzlumenn óska að komast um borð eða frá borði, er stjórnanda fars skylt að veita til þess nauðsynlega aðstoð.

Óheimilt er að leggja aðkomuskipi að bryggju eða öðru hafnarmannvirki fyrr en að fengnu leyfi tollgæzlunnar, sem einnig getur ákveðið í samráði við hafnaryfirvöld hvar í höfn skipið skuli leggjast. Flugför skulu afgreidd þar á flugvelli, sem tollgæzlan ákveður í samráði við vallarstjóra.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt, ef ástæða þykir til, að mæla svo fyrir, að skip megi ekki liggja eða hafast við innan tollsvæðisins nema í tollhöfnum.

Far, sem statt er í neyð, er undanþegið ákvæðum fyrstu málsgreinar þessarar greinar, en tilkynna skal þó stjórnandi farsins viðkomandi tollstjóra komu sína svo fljótt sem verða má og forðast öll ónauðsynleg samskipti við land þar til tollafgreiðslu er lokið.

20. gr.

Stjórnanda fars ber að tilkynna tollgæzlunni um komu þess með hæfilegum fyrirvara.

Flugumferðastjórnin skal gefa tollgæzlunni allar nauðsynlegar upplýsingar um komu og brottför flugvéla í utanlandsferðum. Slíkar upplýsingar skal jafnan gefa svo fljótt sem við verður komið. Flugumferðastjórninni ber einnig að öðru leyti að veita tollgæzlunni þá aðstoð, sem hún má, í sambandi við framkvæmd starfa hennar.

Starfsmenn hafna og skipaðir hafnsögumenn skulu gefa tollgæzlunni allar nauðsynlegar upplýsingar um ferðir skipa. Þeir skulu einnig gera henni viðvart, ef þeir í starfi sínu eða stöðu komast að því, að brotin hafi verið eða brjóta eigi ákvæði laga þessara.

21. gr.

Þegar eftir komu fars frá útlöndum ber stjórnanda þess að afhenda tollgæzlunni eftirtalin skjöl og skilríki:

1. Þjóðernisskírteini og mælibréf skips eða loftferðaskírteini flugfars.
2. Aðkomuskýrslu í fyrirskipuðu formi.
3. Sóttvarnaryfirlýsingu.
4. Farmskrá ásamt skriflegri yfirlýsingu um að á skrána séu færðar allar þær vörur, sem á farmskrá eiga að vera samkvæmt gildandi reglum.
5. Skrá yfir farþega.
6. Skrá yfir áhöfn farsins og eigur þær, sem henni tilheyra.
7. Skrá yfir vista- og birgðaforða farsins.
8. Skrá yfir allar aðrar vörur, sem farið kann að flytja.
9. Öll önnur tollskjöl, sem farið hefur fengið við brottför úr erlendum höfnum.
10. Önnur skjöl og skilríki, sem ákveðið kann að verða, eða samkvæmt venju eru afhent eða sýnd við komu fars frá útlöndum.

Auk þess, sem segir í 23.—25. gr. hér á eftir, skulu í reglugerð sett nánari fyrirmæli um skjöl þessi.

Stjórnanda fars ber að veita tollgæzlunni allar upplýsingar, sem þörf er á, um farið, farm þess og farþega. Hann skal visa á alla innganga í farmrúm, svo og allar geymslur og aðra staði, þar sem geyma má vörur og honum er eða ætti að vera kunnugt um.

Heimila má, að miðlarar eða aðrir umboðsmenn geti fyrir hönd stjórnanda fars afhent þau skjöl og gefið þær upplýsingar, sem honum ber að annast samkvæmt lögum þessum.

22. gr.

2. mgr. er nýmæli. Hér er aðeins leyft að ótollafgreidd vara sé framsend til tollhafnar, en ekki til annarra staða, og er það í samræmi við ákvæði 56. gr. tollreglugerðarinar. Er þetta gert til öryggis hvað tolleftirlit og innheimtu snertir, og er í samræmi við meginreglu 7. gr. frv.

Um 45. gr.

1. mgr. er aðeins tilvísun í 29. gr. og 3. kafla frv. yfirleitt um farmskrárútdrætti o. fl.

2. og 3. mgr. er í samræmi við 4. mgr. 25. gr. gildandi laga.

Um 46. og 47. gr.

Greinarnar samsvara 4. mgr. 25. gr. gildandi laga.

Um 48. gr.

Greinin samsvarar 5. mgr. 25. gr. gildandi laga.

Um 49. gr.

Greinin er sniðin eftir norsku tolllögunum og er sett til öryggis tryggilegri meðferð ótollafgreiddrar vöru.

Um VI. kafla.

Tilsvarandi ákvæði eru í 1. mgr. 25. gr. og 27.—28. gr. núgildandi laga. Eru ákvæði þessara greina látin haldast að nokkru, en í hinum nýja kafla eru þó verulegar efnisbreytingar.

Um 50. gr.

Greinin er efnislega eins og 27. gr. gildandi laga, sbr. upphaf 25. gr., að öðru leyti en því, að við er bætt tilvísun í lögin um tollvörugeymslur.

Um 51. gr.

Greinin svarar til 1. mgr. 25. gr. gildandi laga. Um efnisbreytingu er þar ekki að ræða, en orðalagið er gert skýrara. Meginregla greinarinnar er sú, að aðflutningsgjöld af vöru skuli greidd í því umdæmi, sem varan er í þegar tollafgreiðslan fer fram, og er það sama meginregla og gilt hefur að undanförnu.

Um 52. gr.

Hér er um nýmæli að ræða, þar sem gert er ráð fyrir að setja megi fyrir fram ákveðinn frest til greiðslu aðflutningsgjalda af vöru, hafi hún ekki verið sett í tollvörugeymslu skv. lögum nr. 47 frá 1960 áður en fresturinn er útrunninn, og viðurlög sett ef út af er brugðið.

Telja verður mjög nauðsynlegt að frestur þessi verði settur, þar sem mikil brögð eru að því, að innflytjendur láti vörur sínar liggja í uppskipunar- og af-

greiðsluhúsum í óhæfilega langan tíma. Hefur þetta m. a. orsakað mikil þrengsli í húsunum, dregið stórlega úr hagkvæmum rekstri þeirra og torveldað tolleftirlitið svo mjög að ekki verður við unað.

Um 53. gr.

Hér er einnig um nýmæli að ræða, þar sem fjármálaráðherra er heimilað að veita tiltekinn greiðslufrest á aðflutningsgjöldum gegn bankatryggingu eða annarri jafngildri tryggingu svo og því að varan sé tollafgreidd og flutt úr vöruafgreiðslu innan 20 daga frá komudegi. Er þá gert ráð fyrir, að innflytjandi gefi við tollafgreiðslu út skuldaryfirlýsingu fyrir upphæð aðflutningsgjaldanna og greiði þá upphæð síðan í peningum innan hins tiltekna frests.

Er ákvæði þessu eins og ákvæðum 52. gr. ætlað að flýta fyrir tollafgreiðslu og brottflutningi vara úr afgreiðslum.

Um 54. gr.

1. mgr. er samhljóða 28. gr. gildandi laga, nema að þess er nú sérstaklega getið að veðrétturinn nái einnig til dráttarvaxta.

2. mgr. er nýmæli að því leyti, að geymslugjöld eru við uppboð látin víkja fyrir aðflutningsgjöldum, og er það einnig gert til að reyna að koma í veg fyrir óhæfilega langa geymslu á ótollafgreiddum vörum í afgreiðslum. Sams konar ákvæði er í norsku tollalögunum.

Um VII. kafla.

Um 55. og 56. gr.

Greinar þessar koma í stað 29. gr. gildandi laga. Fjallar hin fyrri um vantanir en hin síðari um skemmdir. Í greinunum er það nýmæli að gert er ráð fyrir að í reglugerð verði sett ákvæði um fresti til að færa sönnur á vantanir og skemmdir.

Rétt virðist að fresturinn skv. 2. mgr. 55. gr. verði miðaður við eindaga settan skv. 52. gr.

Það má telja nýmæli í 1. mgr. 56. gr., að skemmdirnar séu verulegar, en slíkt ákvæði hefur þó verið sett um skemmdir á bifreiðum, sbr. auglýsingu frá 20. maí 1965.

Í 2. mgr. 56. gr. er heimild til að taka til greina skemmdir, sem verða á vöru í vörzlum tollgæzlunnar, í viðurkenndum vörugeymslum farmflytjanda eða í flutningi milli tollhafna. Er það í samræmi við ákvæði 2. tölul. 3. gr. og 4. mgr. 10. gr. tollskrárlaganna. Er þá gert ráð fyrir, að í reglugerðinni verði ákveðinn frestur til að færa sönnur á skemmdirnar.

Um 57. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 30. gr. gildandi laga að öðru leyti en því, að í stað „innan árs“ í 3. mgr. er sett: innan þess tíma, sem ákveðinn verður skv. 1. mgr. 52. gr., þ. e. eindaga tollafgreiðslu. Við greinina er þó bætt heimild til að krefjast peningatryggingar við endursendingu. Enn fremur er nú tekin inn heimild til að endurgreiða gjöld af vélum, sem reynast gallaðar, enda sé varan endursend innan 6 mánaða frá komu til landsins, og gjöldin nemi a. m. k. kr. 5000.00.

Um VIII. kafla.

Um 58. og 59. gr.

Í þessum kafla er ekki um nýmæli að ræða. Hins vegar hafa ýmis fyrirmæli, sem nú eru lögbundin, en reynzt hafa lítt framkvæmanleg eins og sakir standa, verið afnumin, en í staðinn koma heimildir til að skipa þeim atriðum með reglugerð.

Um IX. kafla.

Um 60. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru ný, en greinin svarar efnislega að nokkru leyti til 1. mgr. 38. gr., samanber og 42. gr. núgildandi laga. Í greininni er leitazt við að skil-

greina hugtakið ólöglegur innflutningur eða smygl, en varla er hægt að segja, að það sé skilgreint í gildandi lögum, nema óbeinlínis með skýringum á þeim. Til hliðsjónar hefur verið höfð skilgreining dönsku tollalaganna frá 1960 á smyglhugtakinu, en nokkuð stytt, þar sem í lögum um tollvörugeymslur nr. 47 frá 1960 eru ákvæði, er fjalla að nokkru leyti um sama efni.

Í 3. mgr. er nýmæli. Er þar lögð refsiábyrgð við aðgerðarleysi af hálfu yfirmanna fara. Þykir eigi rétt að sleppa þeim yfirmönnum við refsingu, sem láta það viðgangast, að undirmenn þeirra t. d. noti þau rúm í fari, sem þeir hafa umsjón með, til þess að geyma smyglvarning og jafnvel útbúa þar sérstaka felustaði. Sams konar ákvæði er í norsku tollalögunum.

Í síðustu málsgrein greinarinnar er lögð áherzla á ábyrgð eiganda vöru, og ef hann finnst ekki, þá á stjórnanda farartækis.

Um 61. gr.

Hámark fangelsisrefsingar fyrir ólöglegan innflutning er hér ákveðið 2 ár, en var ótilgreint áður. Er þetta í samræmi við það, sem gildir annar staðar á Norðurlöndum.

2. mgr. greinarinnar svarar til 2. mgr. 39. gr. gildandi laga, með þeirri breytingu, að brotið er hér gert sjálfstætt.

Um 62. gr.

1. mgr. er nýmæli í lögum, en rétt þykir samkv. eðli brotanna og hvernig þeim myndi venjulega vera háttað, að refsa fyrir tilraun eins og fyrir fullframið brot. Sama regla gildir í Danmörku og í Noregi. Ákvæðin um hlutdeild eru í 1. og 2. mgr. 39. gr. gildandi laga, og eru þau nokkuð þrengri en almenna hlutdeildarreglan í 22. gr. alm. hegningarlaga. Rétt þykir að orða ákvæðið hér, enda þótt 22. gr. alm. hgl. myndi vafalaust verða beitt með lögjöfnun um brot á tollalögum sem öðrum sérrefsilögum, sbr. 1. gr. almennra hegningarlaga. Fjórða mgr. leiðir af alm. refsiréttarreglum.

Um 63. gr.

Í grein þessari, sem er að nokkru leyti ný í lögum, er almenn refsiregla fyrir að gefa rangar skýrslur og upplýsingar til tollstarfsmanna. Grein þessi er miklu fyllri og ýtarlegri en í gildandi tolllögum, sem eru í 1. mgr. 38. gr., og að nokkru í 2. mgr. 40. gr., að því er útflutningsskýrslur varðar. Við samningu greinarinnar hefur verið höfð hliðsjón af ákvæðum danskra og norskra laga um sama efni. Hliðstæð ákvæði eru og í 38. gr. tollskrárlaganna að því er varðar aðflutningsskýrslur.

Um 64. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 2. mgr. 38. gr. gildandi laga að öðru leyti en því, að í stað skips er notað orðið far og að varðhaldsrefsing er heimiluð. Nauðsynlegt þótti að halda sérákvæðinu um tollfrjálsan forða, þar sem önnur ákvæði munu ekki að öllu leyti taka til þess brots, sem hér er lýst.

Um 65. gr.

1. mgr. samsvarar 2. mgr. 13. gr., sbr. 1. mgr. 37. gr. gildandi laga.
2. mgr. er nýmæli, sem sniðið er eftir dönsku og norsku tollalögunum.
3. mgr. er einnig nýmæli og sniðin eftir sömu fyrirmyndum.

Um 66. gr.

1. mgr. samsvarar efnislega 3. mgr. 38. gr. gildandi laga, en er nokkuð breytt, þar sem ákvæðin um ólögleg viðskipti við varnarlið og skyldulið þess eru þar ekki nógu glögg. Þannig hefur vantað í lögin beina refsiheimild gagnvart varnarliðs-

mönnum eða mönnum úr skylduliði varnarliðsins, sem selja eða afhenda vöru, er hefur verið flutt tollfrjálst inn samkv. lögum nr. 110 frá 1951.

2. mgr. er nýmæli í lögum. Beint refsiákvæði hefur til þessa vantað um þetta tilvik, og er sjálfsagt að bæta úr því, enda þótt jafnaðarlega myndi einnig vera um að ræða brot á öðrum ákvæðum.

Um 67. gr.

Greinin hefur að geyma almenna refsireglu um misnotkun á veittum leyfum o. fl. og er nýmæli. Svipuð ákvæði eru í tollalögum annarra Norðurlanda.

Um 68. gr.

Regla þessi er í 41. gr. gildandi laga, en gildir þar aðeins um brot á 20. gr. sömu laga. Þar sem sömu rök eiga einnig við um aðrar upplýsingar, sem skylt er að láta tollyfirvöldum í té, þykir rétt, að heimildin nái einnig til þeirra.

Hámark dagsektanna er hér hækkað úr kr. 60.00 í kr. 500.00.

Um 69. gr.

1. málsliður er samhljóða 1. málsl. 42. gr. gildandi laga, og 2. málsl. er efnislega í samræmi við síðasta málsl. 42. gr.

Um 70. gr.

Í greininni er tekið upp það nýmæli að refsa einnig viðtakanda ólöglega afhentrar vöru, enda myndi hann venjulega vera hlutdeildarmaður í broti þess, sem vöruna afhendir. Að öðru leyti er greinin samhljóða 45. gr. gildandi laga, nema hvað „stjórnandi farartækis“ er tekið upp í stað „skipstjóra“ og að tollyfirvald má áætla gjöldin, ef fullnægjandi skjöl hafa ekki verið lögð fram.

Um 71. gr.

Hér er sú breyting gerð, að sett er ein almenn refsiheimild fyrir brot á lögunum í stað þess að vitna í hverja grein um sig.

Þá er sektarrefsing ákveðin allt að 500 þúsund krónur fyrir brot á lögunum, en hámarksrefsing var áður 200 þús. kr.

Um 72. gr.

Heimildin til eignaupptöku á vörum og andvirði vara er hér gerð miklu ýtarlegri en í gildandi lögum um þetta efni, sbr. 4. mgr. 38. gr. þeirra.

Við samningu greinarinnar hafa ákvæði norsku laganna um sama efni verið höfð til hliðsjónar. Rétt þótti að taka upp heimild til að gera farartæki upptæk í vissum tilvikum, enda hníga öll sömu rök undir slíka heimild og hliðstæð ákvæði áfengislaganna.

Í lögum hefur ekki áður verið tekið fram að jafnframt skuli heimta tolla og gjöld af andvirði vöru, sem gerð er upptæk, en sjálfsagt þykir að hafa slíka heimild, þar sem annað gæti leitt til óeðlilegrar niðurstöðu. 5. mgr. er nýmæli, enda geta atvik verið þannig að upptaka sé eðlileg, þótt refsingu verði ekki fram komið.

Um 73. gr.

Greinin er nýmæli í tollalögum. Hliðstæð ákvæði eru í áfengislögunum fyrir brot á þeim lögum, og þykir rétt að taka upp sams konar ákvæði í sambandi við brot á tollalögunum, enda hníga sömu rök að því og með áfengislögin. Svipuð ákvæði eru í dönsku og norsku tollalögunum. Ákvæðið ætti að stuðla að því, að útgerðarfélög og stjórnendur farartækja reyni eftir megni að hindra það, að farar-

tæki þeirra séu notuð til ólöglegs flutnings á vörum. Jafnframt er sökunautum veitt aukið aðhald með ákvæðinu um aðför hjá þeim.

Um 74. gr.

Greinin er hliðstæð að efni og 5. mgr. 38. gr. gildandi laga.

Um 75. gr.

Samkvæmt 47. gr. gildandi laga skulu sektir og andvirði upptækrar vöru renna í ríkissjóð. Hér er lagt til að svo verði áfram, en fénu varið til eflingar og bættrar aðstöðu tolleftirlitsins í landinu.

Um 76. gr.

Það er nýmæli í lögum, að tollyfirvöldum sé heimilt að ákveða sektir allt að 10 000 krónum. Er hér farið að danskri fyrirmynd, en þarlendis afgreiða tollyfirvöld öll mál út af brotum á tolllögunum, nema ætla megi, að brotið varði frelsissviptingu, eða þau telji æskilegt að fá úrlausn dómstólanna um það. Ákvæðinu er ætlað að stuðla að einfaldari og hraðari málsmeðferð, þegar ekki er um stórvægileg brot að ræða og atvik að öðru leyti liggja ljóst fyrir, en einnig myndi það oft vera til hagræðis fyrir sökunaut að fá málið afgreitt sem fyrst.

Sökunautur getur þó jafnan skotið máli sínu til dómstólanna, og ætti réttur hans að vera nægilega tryggður með því.

Jafnframt er heimilt undir sama skilorði að tollyfirvald ákveði um eignaupptöku, ef verðmæti fer eigi fram úr 50 þúsund krónum.

Hliðstæð ákvæði eru í lögum um meðferð opinberra mála nr. 82 frá 1961, sbr. lög nr. 29 frá 28. apríl 1966 að því er varðar afgreiðslu lögreglustjóra og lögreglumanna á brotum gegn umferðalögum, áfengislögum, lögreglusamþykktum o. fl.

Um X. kafla.

Um 77. gr.

Greinin samsvarar 4. gr. gildandi laga, með þeirri breytingu, að nú er gert ráð fyrir, að einungis póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur fái innheimtulaun af innheimtum aðflutningsgjöldum, enda kostar tollgæzlan alla innheimtu í Reykjavík.

Um 78. gr.

Greinin samsvarar 50. gr. gildandi laga, en refsiákvæði þeirrar greinar er tekið upp í 71. gr. frumvarpsins.

Um 79. gr.

Greinin er hliðstæð ákvæðum 12. gr. dönsku tollalaganna, en er nýmæli hér. Gagnkvæmar upplýsingar tollyfirvalda í hinum ýmsu löndum hafa færzt mjög í vöxt og stuðlað að því að unnt hefur verið að fyrirbyggja ólöglegan innflutning. Nauðsynlegt er að við getum notið góðs af slíkri samvinnu, og virðist ljóst að í þeim efnum hljótum við frekar að vera þiggjendur en veitendur.

Um 80. gr.

Gefa þarf út nýja tollreglugerð, er lög þessi hafa öðlast gildi, en þangað til hún hefur verið gefin út, er nauðsynlegt að núverandi reglugerðir og önnur fyrirmæli haldi gildi sínu eftir því sem þau samræmast hinum nýju lögum.

Ed. 215. Frumvarp til laga [92. mál]

um heimild handa siglingamálaráðherra til að veita Hans Samúelssyni stýrimannsskírteini á íslenzkum skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

Siglingamálaráðherra skal heimilt að veita Hans Samúelssyni, stýrimanni, Bræðraborgarstíg 19, Reykjavík, undanþágu frá því að ganga undir farmannapróf við Stýrimannaskólann í Reykjavík, samkvæmt lögum nr. 5 14. marz 1955, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, og láta honum í té stýrimanns- og skipstjóraskírteini á fiski- og verzlunarskipum af hvaða stærð sem er, enda fullnægi hann ákvæðum laga nr. 66 17. júlí 1946 um siglingatíma. Skulu próf hans frá sjómannaskólanum í Marstal í Danmörku jafngilda íslenzkum prófum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hans Samúelsson (áður Hans Rasmussen), er fæddur hinn 27. júlí 1924 í Færeyjum.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins dags. 12. maí 1967 öðlaðist hann íslenzkan ríkisborgararétt. Hann lauk skipstjóraprófi frá sjómannaskólanum í Marstal, Danmörku, hinn 21. júní 1960.

Skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík hefur með bréfi til samgöngumálaráðuneytisins, dagsettu 16. október 1967, tekið fram að Hans Samúelsson hafi samkvæmt prófvottorði útgefnu 21. júní 1960 staðizt danskt skipstjórapróf (skibsförereksamen), en það próf jafnist fyllilega á við farmannapróf frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík. Þar sem téður Hans hafi nú fengið íslenzkan ríkisborgararétt, telur skólastjórinn eðlilegt, að Hans hljóti þau réttindi, sem íslenzka farmannaprófið veiti.

Um útgáfu stýrimanns- og skipstjóraskírteinis færi svo samkvæmt lögum um atvinnu við siglingar.

Fylgiskjal.

STÝRIMANNASKÓLINN

Reykjavík, 16. október 1967.

Samgöngumálaráðuneytið, Reykjavík.

Með bréfi, dags. 13. þ. m., sendi ráðuneytið mér til umsagnar, hvort unnt sé að veita Hans Samúelssyni (áður Hans Rasmussen), Bræðraborgarstíg 19, Reykjavík, íslenzk skipstjórnarréttindi með sérstökum lögum. Vil ég vegna þess leyfa mér að taka fram eftirfarandi:

Samkvæmt prófvottorði útg. 21. júní 1960, hefur Hans Samúelsson staðizt danskt skipstjórapróf (skibsförereksamen), en það próf jafnast fyllilega á við farmannapróf frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík. Þar sem téður Hans hefur nú fengið íslenzkan ríkisborgararétt, teldi ég eðlilegt, að hann hlyti þau réttindi, sem farmannaprófið íslenzka veitir. Um útgáfu stýrimanns- og skipstjóraskírteinis færi svo samkv. lögum um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Fylgiskjölin endursendast hér með.

Virðingarfyllst,

Jónas Sigurðsson.

Ed. 216. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nm. (JÁH) hefur þó fyrirvara um afstöðu sína, og annar nm. (HjH) var fjarstaddur, er málið var afgreitt úr nefndinni.

Alþingi, 17. jan. 1968.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Á. Héðinsson, fundaskr., með fyrirvara.	Bjarni Guðbjörnsson.
Einar Ágústsson.	Pétur Benediktsson.	Sveinn Guðmundsson.

Ed. 217. Lög [4. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Afgreidd frá Ed. 18. jan.)

Samhljóða þskj. 146.

Nd. 218. Frumvarp til laga [8. mál]

um sölu á prestssetursjörðinni Setberg í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, og húseignunum nr. 15 við Tómasarhaga í Reykjavík, nr. 18 við Brekkugötu í Hafnarfirði og nr. 2 við Vesturbraut í Grindavík.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. jan.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að bjóða til sölu og selja, ef viðunandi tilboð fást, eftirtaldar fasteignir ríkisins:

Prestssetursjörðina Setberg í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, að undanskilinni Melrakkaey.

Húseignina Tómasarhaga 15 í Reykjavík.

Húseignina Brekkugötu 18, Hafnarfirði.

Húseignina Vesturbraut 2, Grindavík.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. **219. Tillaga til þingsályktunar** [93. mál]

um lýsisherzluverksmiðju á Hjalteyri við Eyjafjörð.

Flm.: Hjalti Haraldsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hið fyrsta fram fara athugun á því, hvort ekki muni hagkvæmt að reisa og starfrækja lýsisherzluverksmiðju að Hjalteyri við Eyjafjörð.

Skal athugunin einkum beinast að eftirfarandi atriðum:

1. Hagkvæmni staðarins, m. a. með tilliti til þeirra ónotuðu mannvirkja, sem þar eru fyrir hendi, og yfirvofandi hættu á eyðingu viðkomandi byggðar.
2. Hvort ekki eru fyrir hendi möguleikar á hagstæðum samningum við eigendur mannvirkjanna á staðnum, sem leitt gætu til enn hagstæðari stofnkostnaðar og rekstrar en áætlað er í skýrslu Jóns Gunnarssonar verkfræðings.
3. Hvaða eignar- og rekstraraðild væri heppilegust varðandi fyrirtækið, ef heildarathugun sýnir, að hér sé um hagkvæma lausn málsins að ræða.

Greinargerð.

Annað slagið undanfarin ár hefur þeirri hugmynd skotið upp, að nauðsynlegt væri að koma upp lýsisherzluverksmiðju hér á landi, og síðast í maí 1965 var samþykkt á Alþingi tillaga um það að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar kanna möguleika á sölu hertrar síldarfeiti á erlendum mörkuðum og gera að öðru leyti rækilegar rannsóknir á því, hvort orðið sé tímabært að byggja verksmiðju til herzlu síldarlýsis hér á landi.

Þessi rannsókn var falin Jóni Gunnarssyni verkfræðing, og skilaði hann áliti sínu til stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins 10. júní 1966. Niðurstaða Jóns er sú, að rekstur slíks fyrirtækis geti verið mjög arðbær og til hagsbóta fyrir þjóðfélagið í heild.

Segja má, að ýmislegt hafi breytzt, síðan þessi rannsókn var gerð, en það breytir ekki niðurstöðum Jóns að öðru leyti en því, að segja má, að nauðsyn þess að koma slíku fyrirtæki upp sé enn þá brýnni nú en þá var, þ. e. a. s. fyrir þjóðarheildina, því að eftir því sem síldarafurðirnar verða þýðingarmeiri liður í okkar utanríkisverzlun, verði brýnni þörfin á því að brjótast úr þeim einokunarfjötrum, sem við erum í hvað verzlun síldarlýsis áhrærir. En Unilever-hringurinn hefur að heita má einokunaraðstöðu í þessum efnum, og verðið, sem við fáum fyrir síldarlýsið, er langt fyrir neðan heimsmarkaðsverð á slíkri feiti og olíum. En orðrétt segir um þetta í skýrslu Jóns:

„Þegar Unilever kaupir soyabaunaolíu, þá verður hann að greiða heimsmarkaðsverð fyrir hana, en verðinu á íslenzka síldarlýsinu ræður hann, þar sem hann kaupir um 80% af framleiðslunni og ekki sem stendur um aðra kaupendur að ræða.“

Þá er í skýrslunni bent á, að herzla á síldarlýsi mundi auka möguleika á meiri smjörlíkisframleiðslu, svo að um útflutning á þeirri vöru gæti orðið að ræða. Hvaða hagræði íslenzkum síldarútvegi yrði að slíkri verksmiðju, þarf varla um að tala, svo gjörbreyta mundi hún öllu viðhorfi útgerðarmanna, sjómanna og síldarverksmiðjueigenda.

Hvað staðsetningu verksmiðjunnar áhrærir má benda á, að Hjalteyri við Eyjafjörð hefur ýmsa kosti, sem gera staðinn ákjósanlegan fyrir slíka verksmiðju. Þar eru mannvirki, sem koma slíku fyrirtæki að fullu gagni, þar eru m. a. lýsisgeymar fyrir 7000 tonn lýsis, ketilhús ásamt miklum öðrum húsakosti, hafnarmannvirki góð með 18 feta dýpi við stórstraumsfjöru, góð vatnsveita og 320 kw. rafstöð. Hjalteyri er í góðu vegarsambandi við Akureyri, en á Akureyri er vel hægt að hugsa sér að fram færi sá iðnaður, sem þyrfti til hliðar við slíkt fyrirtæki, m. a. ståltunnugerð,

og engin ástæða til þess að ætla, að akureyrskir iðnaðarmenn yrðu ekki þeim vanda vaxnir, sem á þeirra herðar yrði lagður í því sambandi það hafa þeir sannað, svo að ekki verður um deilt, m. a. með skipasmíði, ullariðnaði, húsgagnagerð o. fl., o. fl.

En meginástæðan fyrir því að velja Hjalteyri fyrir þennan iðnrekstur er sú, að eins og sakir standa er allt atvinnulíf þar í rúst. Á Hjalteyri búa um 100 manns, sem horfa nú fram á það að verða að yfirgefa eigur sínar, flytjast þaðan í burt og leita nýrra úrræða til að framfleyta sér og sínum.

En þegar það getur farið saman að reisa atvinnulífið úr rúst á staðnum, nýta milljóna verðmæti, sem fyrir eru, og byggja upp iðnað, sem yrði til mikilla hagsbóta fyrir allt atvinnulíf í landinu, sýnist mér allt mæla með því, að slík athugun verði gerð sem þessi tillaga gerir ráð fyrir.

Ed. 220. Frumvarp til laga [94. mál]

um breyting á lögum um Iðnlánasjóð, nr. 68 10. október 1967.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 1. töluliðs 5. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Verja skal 10% af árlegu iðnlánasjóðsgjaldi frá 1. janúar 1968 til að greiða fyrir hagrannsóknum í þágu iðnaðarins og aðgerðum, sem stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri iðnþróun í landinu. Stjórn sjóðsins ráðstafar þessu fé í samráði við Félag íslenzkra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna.

2. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða til lánadeildar veiðarfæraiðnaðar allt að 1.5 millj. króna til að bæta innlendum veiðarfæraiðnaði það tjón, sem hann hefur, að mati stjórnar Iðnlánasjóðs, beðið vegna ákvarðana stjórnarvalda um breytingu á reglum um möskvastærðir fiskineta 1963 og 1964.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Breytingartillaga þessi er flutt vegna tilmæla Félags íslenzkra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna, og fylgdi málinu eftirfarandi greinargerð frá samtökum þessum:

„Með lögum um Iðnlánasjóð frá apríl 1963 var ákveðið að afla sjóðnum tekna með sérstöku gjaldi á allan iðnrekstur í landinu, svokölluðu Iðnlánasjóðsgjaldi, sem nemur 0.4% af aðstöðugjaldsstofni iðnfyrirtækja. Tekjustofn þessi hefur orðið Iðnlánasjóði veruleg lyftistöng, eins og sést á því, að álagt iðnlánasjóðsgjald á undanförnum 3 árum nemur tæplega 50 millj. kr. og er áætlað nálægt 20 millj. kr. á þessu ári. Tekjum af gjaldi þessu hefur hingað til eingöngu verið varið til beinna lánveitinga til iðnfyrirtækja, til byggingar iðnaðarhúsnæðis, til véla- og tækjakaupa og til endurskipulagningar iðnfyrirtækja.

Að undanförnu hefur verið rætt um það innan Félags íslenzkra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna, að nauðsynlegt væri að beina auknu fjármagni til

aðgerða, sem beinlínis leiddu til bættrar samkeppnisaðstöðu heilla iðngreina gagnvart erlendri samkeppni og stuðluðu á annan hátt að þjóðhagslega hagkvæmri iðnþróun almennt í landinu. Samtökin hafa því komið sér saman um að leita eftir því, að tilteknum hluta — 10% — af iðnlánasjóðsgjaldinu, sem er beint framlag iðnrekstursins í landinu verði ráðstafað á annan hátt en til beinna lánveitinga. Er þá m. a. haft í huga, að brýna nauðsyn ber til þess að gera ítarlegar athuganir á starfsgrundvelli eintakra iðngreina, ekki síst með tilliti til þeirrar þróunar í markaðsmálum Íslendinga, sem vænta má, að muni eiga sér stað í náinni framtíð, og í framhaldi af slíkum athugunum þarf að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að iðngreinarnar verði færar um að aðlagast nýjum markaðsviðhorfum.

Enn fremur þyrfti að verja nokkru fjármagni til athugana á lánsfjárþörf einstakra iðngreina, en með því móti mætti vafalaust tryggja betri nýtingu lánsfjár sjóðsins, en stjórn sjóðsins hefur enga möguleika, eins og nú er, til þess að kanna lánsfjárþörf einstakra iðngreina. Slíkar athuganir yrðu áreiðanlega til hagsbóta fyrir iðnaðinn í heild.

En til þess að hægt sé að reka framangreinda starfsemi þarf nokkurt fjármagn, sem ekki hefur verið fyrir hendi. Tillaga þessi felur í sér, að 10% af framlagi iðnaðarins til Iðnlánasjóðs verði varið með öðrum hætti en til lánveitinga. Lánamöguleikar sjóðsins mundu aðeins skerðast um ca. 3% miðað við útlán síðasta árs, en um leið opnast önnur leið fyrir sjóðinn til þess að efla iðnaðinn og styðja að jákvæðri iðnþróun í landinu."

Um 2. gr.

Allt frá því á ófriðarárunum hefur Hampiðjan verið aðalframleiðandi á botnvörpunetum fyrir togarana. Það var því orðin hefðbundin þjónusta við togaraflotann, að fyrirtækið hefði fyrirliggjandi birgðir af botnvörpunetum, sem útgerðin gat keypt eftir hendinni. Var Hampiðjan eina birgðastöð með umræddar vörur hér á landi.

Samkvæmt reglugerð nr. 33 18. marz 1954 var lágmarksstærð möskva í botnvörpunetum, án tillits til þess úr hvaða efni þau voru gerð, 110 mm. Með því fyrirkomulagi vildu togaraskipstjórar heldur nota net úr manillahampi en úr gerviefnum.

Hinn 1. október 1963 gekk í gildi ný reglugerð, nr. 166 13. september 1963, um möskvastærðir á veiðisvæðum togaranna, og var þá í fyrsta skipti ákveðin önnur möskvastærð á netum úr manillahampi en úr gerviefnum eða 120 mm lágmarksstærð á netum úr manillahampi og 110 mm á netum úr gerviefnum. Frá 1. júní 1964 var þessi mismunur látinn taka til enn stærri veiðisvæða en áður.

Hampiðjan hagaði þegar framleiðslu sinni í samræmi við hina nýju reglugerð, en nú brá svo við, að togaraskipstjórar tóku að kvarta um, að fiskur ánetjaðist í hampnetum til stórra tafa við veiðarnar. Beztu fiskimennirnir töldu nú hampnetin ónothæf, t. d. við karfaveiðar. Urðu þessar ráðstafanir stjórnarvalda til þess að flýta fyrir algjörri byltingu í efnisnotkun í botnvörpur, en það olli Hampiðjunni, sem átti birgðir af netum úr manillahampi með fyrirskipaðri lágmarksstærð á möskvum, tilfinnanlegu tjóni. Stjórnendur Hampiðjunnar hafa metið þetta tjón af úreldingu vörubirgða á kr. 1 487 000.00. Er þá ótalið það tjón, sem fyrirtækið varð fyrir við að missa mikinn hluta markaðsins fyrir botnvörpur. Þykir sanngjarnt að bæta Hampiðjunni það beina tjón, sem hún hefur þannig beðið.

Með 2. gr. frumvarps þessa er lagt til, að lánadeild veiðarfæraiðnaðar verði gert kleift að bæta Hampiðjunni umrætt tjón eftir mati stjórnar Iðnlánasjóðs og að heimilað verði að greiða lánadeildinni úr ríkissjóði nauðsynlegt fé til þessa, allt að 1.5 millj. króna.

Sþ. 221. Tillaga til þingsálvktunar [95. mál]

um hlutverk Seðlabankans.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Ingvar Gíslason, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að Seðlabanki Íslands kappkosti að fullnægja því hlutverki, sem honum er ætlað í lögum frá 24. marz 1961, að vinna að því, að framboð lánsfjár sé hæfilegt, miðað við það, að „framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt".

Greinargerð.

Það er kunnara en segja þurfi, að atvinnuleysi fer nú vaxandi víða um land, og er bersýnilegt, að það verður ekkert stundarfyrirbrigði, ef ekki verða skjótlega gerðar ráðstafanir til úrbóta. Vafalaust eru það ýmsar ástæður, sem valda þessu, en ein hin allra veigamesta er sú, að atvinnufyrirtækin hafa um langt skeið átt við mikinn lánsfjárskort að búa, jafnt skort á rekstrarfé og stofnfé. Þau hafa því orðið að draga saman reksturinn og sum orðið að gefast alveg upp.

Hinn mikli lánsfjárskortur, sem atvinnuvegirnir hafa búið við seinustu árin, stafar að miklu leyti af því, að Seðlabankinn hefur ekki verið látinn fylgja þeirri stefnu, sem lög hans þó ætla honum. Um hlutverk bankans segir svo í lögum um hann frá 24. marz 1961:

„Hlutverk Seðlabanka Íslands er:

1. að annast seðlaútgáfu og vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það, að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt."

Þrátt fyrir þessi skýlausu ákvæði seðlabankalaganna um þjónustu hans við atvinnuvegina hefur hann dregið úr henni stórlega hin síðari ár, þrátt fyrir sívaxandi lánsfjárskort þeirra. Bankinn endurkeypti áður 67% af framleiðsluvíxlum sjávarútvegsins, en kaupir nú aðeins 55%. Kaup hans á framleiðsluvíxlum landbúnaðar hafa einnig hlutfallslega stórminnkað. Á sama tíma hefur hann svo þrengt að viðskiptabönkum og sparisjóðum með því að heimta af þeim ákveðinn hluta innlagðs sparifjár og frysta það. Samkvæmt síðustu Hagtíðindum nam þetta bundna sparifé í nóvemberlok s. l. hvorki meira né minna en 1872.2 millj. kr. Þetta hefur þrengt stórkostlega að viðskiptabönkum og gert þeim með öllu ókleift að veita atvinnufyrirtækjunum fullnægjandi þjónustu hvað snertir rekstrarfé. Afleiðingarnar hafa orðið þær, að fyrirtækin hafa lent í vaxandi vanskilum, enda munu vanskil í viðskiptum óvíða eða hvergi vera meiri en hér á landi um þessar mundir. Ekkert fyrirtæki getur hins vegar til lengdar byggt rekstur sinn á vanskilum, og þrautalendingin hefur orðið sú að draga úr rekstrinum eða hætta honum alveg. Stefna Seðlabankans, sem hann að sjálfsögðu hefur fylgt að fyrirlagi ríkisstjórnarinnar, hefur þannig sett stimpil vanskila og samdráttar á íslenzkt atvinnulíf og viðskiptahætti.

Það er því ekki síðar vænna, að Alþingi grípi hér í tauma og krefjist þess, að Seðlabankinn hætti að bregðast því aðalhlutverki sínu að vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það, að verðlag haldist stöðugt og **„framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt"**.

Bregðist Seðlabankinn til lengdar þessu meginhlutverki sínu, er vanskilum, óreiðu, atvinnuleysi og skorti boðið heim.

Sþ. 222. Fyrirspurn [96. mál]

til viðskiptamálaráðherra um gengishagnað.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Hve miklu nemur gengishagnaður Seðlabankans og bankakerfisins af gengislækkuninni 24. nóv. s. l.?

Ed. 223. Frumvarp til laga [97. mál]

um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Ólafur Jóhannesson, Björn Fr. Björnsson, Bjarni Guðbjörnsson, Tómas Árnason, Einar Ágústsson.

1. gr.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa.

Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem ekki hafa fengið nægileg lán til hæfilegs tíma til framkvæmda, sem þeir hafa ráðizt í á bújörðum sínum 1960—67, svo og lausaskuldum vegna véla- og fóðurkaupa á sama tíma, að báðum árum meðtöldum, og enn fremur til lánveitinga handa fyrirtækjum, er á fyrrnefndu tímabili hafa komið upp vinnslustöðvum fyrir landbúnaðarafurðir, en ekki fengið nægilegt fjármagn til langs tíma til þeirra framkvæmda.

2. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum skulu veitt gegn veði í bújörðum bænda, ásamt mannvirkjum, sem á jörðunum eru, vélum og vinnslustöðvum landbúnaðarins.

Lánstími skal vera allt að 20 árum gegn veði í fasteign og allt að 10 árum gegn veði í vélum.

Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar að höfðu samráði við ráðherra, en þó séu vextirnir ekki hærri en 6½% á ári.

3. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum, að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 80% af matsverði veðsins, en matsverðið skal ákveðið af dómkvöddum mönnum á þann hátt, sem tíðkazt hefur vegna lántöku í veðdeild Búnaðarbankans.

4. gr.

Seðlabankinn kaupir bankavaxtabréfin, sem notuð verða til lánveitinga samkv. 1. gr., fyrir nafnverð.

5. gr.

Ákvæði 16. gr. 3. mgr. laga nr. 115 7. nóv. 1941 tekur ekki til bankavaxtabréfa, sem út eru gefin samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Að því leyti sem ekki brýtur í bága við ákvæði laga þessara, gilda ákvæði III. kafla laga nr. 115 7. nóv. 1941 um lánveitingar samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo og um frekari skilyrði fyrir lánveitingum, ef þurfa þykir.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir rúmum 5 árum voru sett lög um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán. Dýrtíðin hefur aukizt allmikið á þessu tímabili og valdið talsverðum erfiðleikum í landbúnaði eins og víðar.

Þá hafa breytingar þær, sem áttu sér stað á lánstíma og vaxtakjörum, orðið þungur baggi á landbúnaði, þar sem vextir af föstum lánum hækkuðu árið 1960 um 60—70%, og þar við bætist 1% búvörugjald á framleiðsluvörur bænda.

Árferði hin síðari ár hefur líka haft sitt að segja, þar sem grasbrestur hefur verið í heilum landshlutum, einstaka sveitum og nokkrum jörðum hér og þar á landinu. Það þarf því enginn að undrast, þótt tekjur bænda séu mjög lágar, þar sem bæði dýrtíð og harðæri hefur á þá herjað.

Eins og fram kom á stéttarsambandsfundi bænda s. l. sumar og skýrt er frá í 19. tölublaði Freys, hafa lausaskuldir bænda aukizt mjög í seinni tíð, en þar segir um skuldir bænda m. a.:

„Á framhaldsaðalfundinum í vetur var stjórn Stéttarsambandsins falið að afla upplýsinga um skuldir bænda. Stjórnin leitaði eftir samvinnu við Hagstofu Íslands um öflun þessara gagna, og leyfði hagstofustjóri notkun á landbúnaðarúrtaki Hagstofunnar til þess. Skuldir voru skrifaðar upp hjá bændum sem hér segir:

			Meðaltalsskuldir
Úr Suðurlandskjördæmi	117	bændum	339 þúsund
— Vesturlandskjördæmi	82	—	251 —
— Vestfjarðakjördæmi	39	—	178 —
— Norðurlandi vestra	99	—	255 —
— Norðurlandi eystra	72	—	243 —
— Austurlandi	58	—	247 —
Alls	**467**	**bændum**	**266 þúsund**

Flokkun á skuldum með 100 þúsund króna bili:

Minna en 100 þúsund	116/467	eru 24.83%
frá 100— 200 —	103/467	— 22.05%
— 200— 300 —	93/467	— 19.70%
— 300— 400 —	62/467	— 13.27%
— 400— 500 —	28/467	— 5.99%
— 500— 600 —	23/467	— 4.92%
— 600— 700 —	14/467	— 2.99%
— 700— 800 —	8/467	— 1.71%
— 800— 900 —	9/467	— 1.92%
— 900—1000 —	5/467	— 1.07%
— 1000—1100 —	1/467	— 0.21%
— 1100—1200 —	4/467	— 0.86%
— 1200—1300 —	1/467	— 0.21%
— 1300—1400 —	1/467	— 0.21%
		99.94%

Skipting skuldanna í þúsundum:

		Stofn-lánad.	Veðd.	Ótilg. sk. Búnaðarb.	Aðrar sk.	Alls
Vesturl.	82	7 193	1 011	5 044	7 373	20 621
Vestf.	39	2 565	182	1 598	2 617	6 962
N. vestra	99	6 566	606	8 840	9 261	25 273
N. eystra	72	5 523	976	4 338	6 706	17 543
Austurl.	58	6 028	690	3 157	4 447	14 322
Suðurl.	117	15 610	1 268	8 109	14 709	39 696
		43 485	4 733	31 086	45 113	124 417
		34.95%	3.80%	24.98%	36.25%	

Ekki eru hér með talin ógreidd árgjöld við Búnaðarbanka Íslands, en það eru 10% árgjalda 1966.“

Samkvæmt þessu úrtaki skulda 85% bænda undir 500 000 kr., 13% 500 000 og upp í 1 000 000 kr. og tæp 2% yfir 1 millj. kr.

Það, sem vekur mesta eftirtekt, er, að aðeins tæp 39% eru í lánum í stofnlánadeild og veðdeild. Rúmlega 60% af skuldum bænda eru lausaskuldir í verzlunum, bönkum og manna á milli. Það hefur líka sýnt sig, að frá því í árslok 1961 hafa skuldir vaxið allmikið. Í árslok 1961 eru lausaskuldir aðeins 35% af heildarskuldum bænda. Nú hefur þetta alveg snúizt við, þar sem lausaskuldir eru miklu meiri en nokkurn tíma áður, auk þess sem meðalskuld á bónda hefur þrefaldazt síðan 1960.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir lágu á s. l. sumri, voru heildarskuldir bænda nálægt hálfum öðrum milljarð króna, þar fyrir utan eru skuldir fyrirtækja bænda. Margt er það, sem veldur lausaskuldaaukningunni hin síðari ár:

1. Framkvæmdir allar og vélvæðing krefjast mikils fjármagns, enda hefur dýrtíðin farið ört vaxandi hin síðari ár.
2. Stofnlán landbúnaðarins hafa ekki hækkað í hlutfalli við stofnkostnað.
3. Lánstími stofnlána er allt of stuttur, enda styttri nú en áður, nema á lánum til íbúðarhúsabygginga. Lán eru nú til 15 ára út á járnvarðar timburbyggingar, t. d. hlöður, fjárhús og fjós, en til 20 ára út á steyptar byggingar og ræktun, en aðeins til 5 ára út á aflvélar.
4. Vaxtakjör Stofnlánadeildar landbúnaðarins eru miklu lakari nú en áður, eða 6% til íbúðarhúsalána, en voru áður 3½%, til allra annarra lána deildarinnar eru 6½% vextir, en voru áður 4%. Vaxtahækkun síðan 1960 er 60—70%.
5. Lagður er nú sérskattur á bændur, og rýrir það til muna tekjur þeirra, en tryggir þeim ekki lán sem skyldi, eins og þeim var heitið, er skatturinn var á þá lagður.
6. Ungt fólk eða byrjendur í búskap fá hvergi lán til bústofns- eða vélakaupa.
7. Þótt óðaverðbólga hafi ríkt síðan 1959, hafa rekstrarlán landbúnaðarins ekki hækkað.
8. Veðdeild Búnaðarbankans hefur allt of lítið fjármagn til umráða og vextir hennar ekki hagstæðir, þar sem þeir eru 8%.
9. Verðlag búvara er allt of lágt, og þar með komið úr samhengi við annað verðlag í landinu og þarfir landbúnaðarins.
10. Ræktaða landið er of lítið til þess að veita nægjanlegan heyforða fyrir það búfé, sem fyrir er í landinu.
11. Grasbrestur veldur því, að fóðurbætisnotkun hefur talsvert aukizt.

Vafalaust eru ýmsar aðrar orsakir samfara framantöldum atriðum þess valdandi, að margir bændur eiga í fjárhagserfiðleikum.

Frv. þetta er í meginatriðum eins og lög frá 23. marz 1962, um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán. Eftirtalin atriði eru þó í frv. þessu umfram það, sem var í lögum frá 1962:

1. að lögin nái einnig til lausaskulda hjá fyrirtækjum bænda og taki yfir tímabilið 1960—1967;
2. að vextir verði ekki hærri en 6½%;
3. að einnig verði tekið veð í vélum bænda og vinnslustöðvum landbúnaðarins;
4. að heildarlán megi vera 80% af matsverði því, sem dómkvaddir menn meta hlutaðeigandi eignir lántakenda;
5. að Seðlabankinn kaupi bankavaxtabréfin á nafnverði.

Nd. 224. Breytingartillögur [20. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959.

Frá dómsmálaráðherra.

Á eftir 3. gr. komi þrjár nýjar greinar, sem verði 4.—6. gr., og breytist greinatalan samkvæmt því:

a. (4. gr.) 2. málsgr. 27. gr. laganna orðist svo:
Framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing meðmælenda listans um það, fyrir hvern stjórnmálaflokk listinn sé boðinn fram, svo og skrifleg viðurkenning hlutaðeigandi flokksstjórnar fyrir því, að listinn skuli vera í kjöri fyrir flokkinn. Ekki getur stjórnmálaflokkur boðið fram fleiri en einn lista í sama kjördæmi. Vanti aðra hvora yfirlýsinguna, telst listinn utan flokka.

b. (5. gr.) 32. gr. laganna orðist svo:
Nú deyr frambjóðandi, áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu þremur sólarhringum, áður en framboðsfrestur er liðinn, og má þá innan viku, ef fullur helmingur meðmælenda listans krefst þess, setja annan mann í stað hins látna á listann, enda sé fyrir hendi samþykki hlutaðeigandi flokksstjórnar, ef því er að skipta, og öðrum almennum skilyrðum um framboðið fullnægt.

c. (6. gr.) 41. gr. laganna orðist svo:
Listi, sem boðinn er fram utan flokka, skal merktur bókstaf í áframhaldandi stafrófsröð á eftir flokkslistum.

Ed. 225. Frumvarp til laga [98. mál]

um breyting á lögum nr. 60 21. apríl 1962, um verkamannabústaði.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

8. tl. 6. gr. hljóði svo:

Að ákveðið sé í samþykktum félagsins, að enginn, sem keypt hefur íbúð af félaginu, megi selja hana, nema stjórn byggingarfélagsins hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og ekki framleigja, nema með leyfi stjórnar félagsins. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar, að viðbættri verðhækkun, sem skv. vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar sem fallið hefur í gjalddaga og verið greiddur af seljanda, þegar sala fer fram. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra end-

urbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja skv. mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda skv. mati á íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.

Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann að auki njóta verðhækkunar, sem svarar helmingi af eftirstöðvum byggingarlánsins, enda greiði hann upp helming af eftirstöðvum lánsins, þegar sala fer fram. En hafi maður átt íbúðina í 20 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir eftirstöðvar lánsins að fullu.

Nú er íbúð, sem keypt hefur verið af byggingarfélagi samkvæmt þessum tölulið, seld á nauðungaruppboði, samkvæmt lögum nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð, og getur þá stjórn byggingarfélagsins neytt forkaupsréttar síns og krafizt þess á uppboðsþingi, að eignin verði lögð félaginu út til eignar á því verði, sem hæst hefur verið boðið í eignina, eða á söluverði samkvæmt þessum tölulið, ef það er lægra en hæsta boð. Söluverð þetta skal ákveðið áður en liðinn er sá frestur, sem uppboðshaldari hefur, samkvæmt uppboðsskilmálum, til samþykkis eða synjunar á boði, enda veiti uppboðshaldari stjórn byggingarfélags hæfilegan frest til þess að fá ákvörðun söluverðsins. Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá í veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni samkvæmt 36. grein laga nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 3. gr. laga nr. 35 8. maí 1965, um breyting á lögum nr. 60/1962, um verkamannabústaði.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í dómi Hæstaréttar frá 30. nóv. 1966, sem fjallar um forkaupsrétt til íbúðar, sem byggð var af Reykjavíkurborg til þess að útrýma heilsuspillandi húsnæði segir m. a. svo, að 5. gr. reglugerðar nr. 155/1957, um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, veiti sveitarsjóði einungis forkaupsrétt til íbúða þeirra, sem þar greinir, þá er frjáls sala á þeim fari fram. Gildi því um nauðungarsölu á þeim ákvæði 9. gr. laga nr. 57/1949, sem eigi veiti forkaupsréttarhafa rétt til að ganga inn í boð annars manns á uppboðsþingi.

Samkvæmt þessu má búast við, að ákvæði 8. tl. 6. gr. laganna um verkamannabústaði um sölu og söluverð íbúða haldi ekki gildi sínu þegar um nauðungaruppboð er að ræða, nema að breyting sú verði lögfest, sem felst í 1. gr. þessa frumvarps. Til þess að tryggja, að lögin um verkamannabústaði nái fullkomlega tilgangi sínum að þessu leyti, virðist nauðsynlegt að gera umrædda breytingu á lögunum.

Ed. 226. Frumvarp til laga [99. mál]

um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

7. gr. B. hljóði svo:

Lánsfjárhæðin má nema allt að kr. 280 000.00 á hverja íbúð, þó ekki meira en ¾ hlutum verðmætis íbúðar samkvæmt mati trúnaðarmanna Veðdeildar Landsbanka Íslands. Lánsfjárhæðin, kr. 280 000.00, er miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. júlí 1964, en skal framvegis hækka eða lækka samkvæmt þeirri

vísitölu. Heimilt er þó að veita hærra lán til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga, og skal í þessu skyni verja 15—20 millj. kr. árlega af tekjum byggingarsjóðs ríkisins. Húsnæðismálastjórn ákveður lán þessi að fengnum tillögum stjórnar viðkomandi verkalýðsfélags. Um viðbótarlán þessi skal í samráði við miðstjórn Alþýðusambands Íslands setja nánari ákvæði með reglugerð.

Láglaunafólk í verkalýðsfélögum skal hafa forkaupsrétt að íbúðum þeim, sem byggðar eru skv. 3. mgr. 3. gr. laga þessara, og er heimilt að veita meðlimum verkalýðsfélaga lán til kaupa á íbúðunum, sem nemur ⅘ hlutum af verðmæti íbúða, og skal þá telja gatnagerðargjald með verðmæti íbúðanna. Enginn, sem eignazt hefur íbúð, samkvæmt þessari mgr., má selja hana, nema Húsnæðismálastofnun ríkisins hafi áður hafnað forkaupsrétti og ekki framleigja nema með leyfi stofnunarinnar. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en kaupverð hennar, að viðbættri verðhækkun, sem samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjalddaga og verið greiddur, þegar forkaupsréttar er neytt. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvoru tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann að auki njóta verðhækkunar, sem svarar helmingi af eftirstöðvum byggingarlánsins, enda greiði hann upp helming af eftirstöðvum lánsins, þegar sala fer fram. En hafi maður átt íbúðina í 20 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir eftirstöðvar lánsins að fullu. Nú er íbúð, sem keypt hefur verið samkvæmt þessari mgr., seld á nauðungaruppboði, samkvæmt lögum nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð, og getur Húsnæðismálastofnunin þá neytt forkaupsréttar síns og krafizt þess á uppboðsþingi, að eignin verði lögð stofnuninni út til eignar á því verði, sem hæst hefur verið boðið í eignina, eða á söluverði samkvæmt þessari mgr., ef það er lægra en hæsta boð. Söluverð þetta skal ákveðið áður en liðinn er sá frestur, sem uppboðshaldari hefur, samkvæmt uppboðsskilmálum, til samþykkis eða synjunar á boði, enda veiti uppboðshaldari stofnuninni hæfilegan frest til þess að fá ákvörðun um söluverðið. Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá í veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni samkvæmt 36. gr. laga nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð.

Ef fleiri en ein íbúð eru í sama húsi, má lána út á hverja íbúð fyrir sig, þó skal engum einstaklingi veitt lán nema út á eina íbúð.

2. gr.

Við 16. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar íbúðir, sem byggðar hafa verið samkvæmt þessum kafla, hafa verið seldar einstaklingum og lán frá ríki og hlutaðeigandi sveitarfélagi hafa verið a. m. k. eins hagstæð eða hagstæðari en lán, sem veitt voru á sama tíma samkvæmt lögum nr. 60 21. apríl 1962, um verkamannabústaði, skal hlutaðeigandi sveitarfélag eiga forkaupsrétt með sama hætti og Húsnæðismálastofnun ríkisins hefur við frjálsa sölu eða við nauðungaruppboð, samkvæmt 7. gr. B 2. mgr. í lögum þessum. Um kaupverð íbúða þessara gilda og ákvæði téðrar mgr. eftir því, sem við getur átt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 3. gr. laga nr. 97/1965, um breyting á lögum nr. 19/1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í dómi Hæstaréttar frá 30. nóv. 1966, sem fjallar um forkaupsrétt til íbúðar, sem byggð var af Reykjavíkurborg til þess að útrýma heilsuspillandi húsnæði segir m. a. svo, að 5. gr. reglugerðar nr. 155/1957, um útrýmingu heilsuspillandi

íbúða, veiti sveitarsjóði einungis forkaupsrétt til íbúða þeirra, sem þar greinir, þá er frjáls sala á þeim fari fram. Gildi því um nauðungarsölu á þeim ákvæði 9. gr. laga nr. 57/1949, sem eigi veiti forkaupsréttarhafa rétt til að ganga inn í boð annars manns á uppboðsþingi.

Samkvæmt þessu má búast við, að ákvæði reglugerða um sölu og söluverð íbúða, sem settar hafa verið samkvæmt lögum nr. 19/1965 um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sbr. lög nr. 97/1965, 1. gr. um breyting á þeim lögum, haldi heldur ekki gildi sínu, þegar um nauðungarsölu er að ræða, nema að breyting sú verði lögfest, sem um ræðir í 1. og 2. gr. þessa frumvarps. Til þess að tilgangi laga um þessi efni verði náð virðist nauðsynlegt að breyta lögunum eins og hér er lagt til.

Ed. 227. Frumvarp til laga [100. mál]

um hækkun á bótum almannatrygginga.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

Frá 1. janúar 1968 skulu bætur samkvæmt lögum nr. 40/1963, um almannatryggingar, aðrar en fjölskyldubætur, hækka eftir því, sem við getur átt, um 10% frá því, er þær að meðtalinni verðlagsuppbót voru í nóvembermánuði 1967.

Fjölskyldubætur skulu frá 1. desember 1967 vera jafnháar og þær voru í nóvembermánuði 1967.

Bótafjárhæðir almannatrygginga, eins og þær verða eftir gildistöku laga þessara, skulu frá 1. janúar 1968 teljast grunnupphæðir, sbr. lög nr. 70/1967, um verðlagsuppbót á laun og um vísitölu framfærslukostnaðar. Allar bótafjárhæðir, sem tilgreindar eru í almannatryggingalögum og gilda eiga samkvæmt 1. og 2. málsgr. þessarar greinar, skulu reiknaðar í heilum krónum, þannig að hálf króna eða stærra brot hækkar í heila krónu, en minna brot fellur niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1968 beitti ríkisstjórnin sér fyrir því, að framlag ríkissjóðs til lífeyristrygginga yrði hækkað um 31.5 millj. kr. frá því, sem það var áætlað, er frumvarp til fjárlaga var lagt fram í þingbyrjun. Nam fjárhæð þessi 10% af hluta ríkissjóðs til annarra útgjalda en fjölskyldubóta. Hefur verið gert ráð fyrir, að hlutur annarra framlagsaðila hækki um sama hundraðshluta, svo að unnt verði að bæta hlutaðeigandi bótaþegum verðhækkanir, sem gengislækkun íslenzkrar krónu hefur í för með sér, en lagaákvæði um sjálfkrafa breytingar á verðlagsuppbót á bætur hafa nú verið afnumin.

Í meðfylgjandi frumvarpi er lagt til, að bætur lífeyristrygginga, aðrar en fjölskyldubætur, verði ásamt bótum slysatrygginga og sjúkradagpeningum hækkaðar í samræmi við framangreinda hækkun framlaga til lífeyristrygginga. Í 10% hækkuninni er innifalin sú 3.39% hækkun, sem átti sér stað 1. desember s. l. vegna aukinnar verðlagsuppbótar.

Takmörkun sú á hækkun bóta, sem skírskotað er til með orðunum „eftir því sem við getur átt“ snertir þær bætur, sem ekki eru inntar af hendi í peningum, svo sem sjúkrahúsvist, lyf og læknishjálp, enn fremur kaup og aflahlut, sbr. 39.

gr. laga nr. 40/1963, og bætur frjálsra trygginga, sem ákvarðast af frjálsum samningi milli aðila. Sé hámark eða lágmark heimildarbóta tiltekið, hækka slík mörk, en um hækkun einstakra bótagreiðslna, sem fullnægja lágmarksákvæðum, fer eftir ákvörðun þeirra aðila, sem úrskurðarvald eiga í því efni.

Nd. 228. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um viðauka við lög nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta er flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum og fjallar um bætur til útvegsmanna vegna veiðarfæratjóns í óveðri dagana 17.—28. marz 1967.

Hlaut frv. einróma samþykki í Ed., og leggur nefndin til, að Nd. samþykki það einnig óbreytt.

Alþingi, 23. jan. 1968.

Birgir Finnsson, form., frsm. Sverrir Júlíusson, fundaskr. Lúðvík Jósefsson.
Jón Skaftason. Pétur Sigurðsson. Guðl. Gíslason. Björn Pálsson.

Ed. 229. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Hól í Ölfusi í Árnessýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með, að frumvarpið verði samþykkt. Einn nefndarmanna, Jón Þorsteinsson, var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt á nefndarfundi.

Alþingi, 23. jan. 1968.

Steinþór Gestsson, form., frsm. Jón Árnason. Ásgeir Bjarnason.
Jónas G. Rafnar. Karl Guðjónsson. Tómas Árnason.

Nd. 230. Frumvarp til laga [101. mál]

um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Jón Skaftason, Sigurvin Einarsson.

1. gr.

7. gr. laganna breytist þannig:

Þriðji málsliður í C-lið greinarinnar: „Hver árgreiðsla, afborgun, vextir og kostnaður skal hækkuð eða lækkuð, eftir því sem við á, samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu, sbr. lög nr. 63/1964“ — falli burt.

2. gr.

Húsnæðismálastofnun ríkisins skal breyta lánssamningum, sem gerðir hafa verið við húsbyggjendur, á þann veg, að hækkun eða lækkun á árgreiðslum samkv. vísitölu falli niður.

3. gr.

Ríkissjóður bætir Húsnæðismálastofnun ríkisins þann tekjumissi, sem hljótast kann af breytingum þeim, sem gerðar verða á lánssamningum samkv. 2. grein.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt svonefndu júnísamkomulagi, sem gert var milli verkalýðssamtakanna og ríkisstjórnarinnar 1964, var tekið upp það ákvæði í lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins, að lán, sem hún veitti húsbyggjendum, skyldu vísitölutryggð. Verkalýðsfélögin féllust á þetta í trausti þess, að ekki yrði horfið frá því meginatriði júnísamkomulagsins, að greiddar yrðu vísitölubætur á kaup. Nú hefur þetta meginatriði júnísamkomulagsins verið numið úr lögum og ekki verið tekið upp í samninga milli atvinnurekenda og launþega. Því er eðlilegt, að vísitölubreytingar á húsnæðismálastjórnarlánum til húsbyggjenda falli niður, þar sem þær byggðust á því, að launþegar fengju dýrtíðarbætur á kaup sitt.

Nánara verður þetta rætt í framsögu.

Nd. 231. Frumvarp til laga [102. mál]

um sérstakan stuðning við hlutarráðna fiskimenn.

Flm.: Karl G. Sigurbergsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði allt að 50 milljónum króna í því skyni að tryggja hlutarráðnum fiskimönnum á árinu 1968 sérstaka greiðslu upp í fæðiskostnað, sem nemi 1500 krónum á mánuði þann tíma, sem þeir eru ráðnir upp á aflahlut á fiskiskipi.

Sjávarútvegsmálaráðherra skal setja reglur um greiðslu þessa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sem kunnugt er, þurfa sjómenn að stunda alla sína atvinnu fjarri heimili, oft við erfið skilyrði, og lágmarkskauptrygging þeirra er miðuð við laun hinna tekjulægstu stétta í landi.

Það hefur lengi verið baráttumál sjómanna á fiskibátum að fá einhverja ívilnun sér til handa varðandi fæðiskostnað um borð í bátaflotanum.

Sú réttlætiskrafa frá þeirra hendi á vissulega fullan rétt á sér, sem meðal annars styðst við það, að allflestar, ef ekki allar launastéttir í landinu njóta þessara hlunninda, ef vinnustaður er fjarri heimili þeirra.

Varla dylst nokkrum, að sérstaða íslenzkra sjómanna taki af allan vafa um, að þeir fremur öðrum hafi til þess fyllsta rétt, að komið sé til móts við kröfur

þeirra um frítt fæði á sjónum, ef ekki væru önnur annarleg sjónarmið, sem þar hafa veruleg áhrif til hins gagnstæða.

Við samningaumleitanir, sem nú standa yfir milli sjómanna og bátaútvegsmanna, er það meginkrafa sjómanna, að þessi ívilnun fæðiskostnaðar verði samþykkt. Og virðist það ýta undir þá kröfu, að vitað er örugglega, að við verðákvörðun sjávarafla nú á byrjaðri vetrarvertíð var farin sú leið, að útvegsmönnum var lofað af ábyrgum aðilum allverulegri upphæð umfram skiptaverðið, sem sjómönnum var ætlað að búa við.

Upphæð sú, sem útvegsmenn fá þannig, verður trúlega réttlætt með því, að sjávarútvegurinn standi svo höllum fæti, að sérstaks stuðnings við hann sé þörf. En eigi er litið á þá hlið málsins, að bezti stuðningur við einn atvinnuveg er, að vinnuaflið, sem til hans leitar, sé nægilega starfsvant.

Með samþykkt þessa frumv. má ætla, að hinir starfsvönu menn leiti síður annarra fanga á vinnumarkaðnum en ella mætti búast við. Og enn fremur stuðlaði það að því, að þar með hæfist sú hringrás, sem sannarlega er full þörf fyrir, að hráefnisöflun hraðfrystihúsa og annarra fiskvinnslustöðva yrði öruggari, sem aftur kæmi fram í auknum gjaldeyristekjum fyrir þjóðarbúið í heild.

Ed. 232. Frumvarp til laga [103. mál]

um nýsmíði fiskiskipa.

Flm.: Tómas Árnason, Bjarni Guðbjörnsson, Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

Ríkisstjórninnni er heimilt að láta smíða innanlands fiskiskip með það fyrir augum, að þau verði seld einstaklingum, félögum eða bæjarfélögum í hendur til útgerðar.

Heimild þessi nái til nýsmíði fiskiskipa, samtals allt að 9 þúsund rúmlestum, og verði smíðinni dreift á árin 1968—1971.

2. gr.

Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimil lántaka, en lánin greiðist, er skipin hafa verið seld.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp það, sem hér er flutt, hefur þann megintilgang að efla skipasmíði landsmanna, svo og iðnaðinn almennt. Enn fremur að skapa verkefni fyrir þær skipasmíðastöðvar, sem geta smíðað stálfiskiskip.

Að undanförnu hefur átt sér stað nokkur uppbygging nýrra skipasmíðastöðva og endurbætur eldri stöðva, svo að unnt væri að smíða þar stálskip. Þessa starfsemi þarf að efla á alla lund.

Meginhluti þeirra fiskiskipa, sem bætzt hafa í skipastól landsins á síðustu árum, hefur verið byggður erlendis, enda þótt unnt hefði verið að smíða sambærileg skip innanlands. Innlendar stöðvar hafa því oft á tíðum verið verkefnalitlar. Úr þessu þarf að bæta með skipulegum aðgerðum, sem ríkisvaldið hafi forustu um.

Með öðru frumvarpi, sem liggur fyrir hv. Alþingi, er gert ráð fyrir, að lán til skipa, sem smíðuð verði hjá innlendum skipasmíðastöðvum, nemi allt að 85%

af kostnaðar- eða matsverði. Við umræðu um það frumvarp var því lýst yfir af hálfu ríkisstjórnarinnar, að ætlunin væri, að lánin yrðu hækkuð upp í 85% af kostnaðarverði, a. m. k. um sinn.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að ríkisstjórnin hafi forgöngu um skipabyggingar hjá innlendum stöðvum. Samkvæmt gildandi reglum um nýsmíði má ekki hefja byggingu skips, nema samið sé um það fyrir fram við ákveðinn kaupanda og Fiskveiðasjóður Íslands hafi samþykkt smíðasamninginn.

Eins og nú er ástatt í efnahagsmálum þjóðarinnar og óvissa um rekstrargrundvöll sjávarútvegsins, er þess tæpast að vænta, að margir treysti sér til að gera samninga um smíði nýrra fiskiskipa, nema til kæmi forusta af hálfu ríkisvaldsins. Hins vegar er árleg endurnýjunarþörf fiskiskipa allmikil. Auk þess kemur svo til eðlileg og nauðsynleg aukning fiskiskipastólsins, ekki sízt með hliðsjón af hráefnisskorti fiskvinnslustöðvanna víðs vegar um landið.

Frumvarpið gerir ráð fyrir nýsmíði fiskiskipa samtals allt að 9000 rúmlestum á 4 árum. Ráð er fyrir gert, að í framkvæmdinni yrði þetta þannig, að árið 1968 yrðu smíðuð fiskiskip allt að 1600 rúmlestum. Árið 1969 yrði rúmlestatalan allt að 2000, árið 1970 allt að 2400 og 1971 allt að 3000 rúmlestum. Gert er ráð fyrir mismunandi stærðum skipa, en þó verði lögð áherzla á smíði systurskipa (seríusmíði).

Með frumvarpinu er lagt til, að breytt verði um stefnu. Í stað þess að kaupa meginhluta fiskiskipanna frá erlendum skipasmíðastöðvum, verði skipin nú byggð innanlands í vaxandi mæli.

Með vaxandi þekkingu og tæknibúnaði er þess að vænta, að Íslendingar verði fullfærir um að taka í sínar hendur nauðsynlegar fiskiskipabyggingar, a. m. k. að verulegu leyti.

Íslenzk skipasmíði gæti orðið traustur hlekkur í eflingu íslenzkra atvinnuvega. Auk þess er hér um að ræða atvinnugrein, sem mundi treysta mjög atvinnulíf víðs vegar um landið og koma í veg fyrir samdrátt og atvinnuleysi á fjölmörgum stöðum.

Nd. 233. Frumvarp til laga [104. mál]

um heimild fyrir hreppsnefndina í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu til að selja jörðina Þykkvabæ I í Landbroti.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Guðlaugur Gíslason.

1. gr.

Hreppsnefndinni í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu er heimilt að selja Bjarna Bjarnasyni ábýlisjörð hans Þykkvabæ I í Landbroti fyrir það verð, sem um semst eða verður ákveðið eftir mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Hreppsnefndin skal sjá svo um, að söluverði jarðarinnar verði varið í sem nánustu samræmi við tilgang gjafabréfs hjónanna Helga Þórarinssonar og Höllu Einarsdóttur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk ábúanda Þykkvabæjar I og hreppsnefndarinnar í Kirkjubæjarhreppi. Með gjafabréfi hjónanna Helga Þórarinssonar og Höllu

Einarsdóttur, dagsettu 15. desember 1913, afhentu þau Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu hálfa jörðina Þykkvabæ í Landbroti til eignar með allmörgum skilmálum, sem í gjafabréfinu eru fram teknir.

Í VIII. grein gjafabréfsins segir m. a. svo: „Reglum þeim, sem settar eru að framan um gjöf þessa, getur enginn breytt nema löggjafarþing Íslendinga, og þó því aðeins, að eigi verði hjá því komizt sakir breyttrar tíðar og óviðráðanlegra atvika . . .“ Svo sem sjá má af skipulagsskrá þeirri, er gjafabréfið inniheldur, eru ýmis ákvæði þar þannig, að ekki er lengur grundvöllur fyrir því, að jörðin haldist í ábúð, sökum þeirra breytinga, er orðið hafa vegna óviðráðanlegra atvika, síðan skipulagsskráin var sett.

Núverandi ábúandi jarðarinnar, Bjarni Bjarnason, og kona hans, sem er sonardóttir gefendanna, telja sig ekki geta lengur búið á jörðinni, nema þau fái hana keypta. Ekki er vitað um aðra, sem mundu vilja taka hana til ábúðar við þau skilyrði, sem fyrir hendi eru.

Nauðsynlegt er að endurbyggja hús jarðarinnar, en til þess að slíkt geti átt sér stað, verður að vera hægt að veðsetja hana fyrir lánum til þeirra framkvæmda. Ábúandinn, sem þar hefur verið í undangengin 17 ár, hefur óskað eftir því við hreppsnefnd Kirkjubæjarhrepps að fá jörðina keypta, og hefur hreppsnefndin samþykkt einróma að verða við þeirri ósk, að tilskildu samþykki Alþingis.

Samþykkt hreppsnefndarinnar út af beiðni ábúandans um að fá jörðina keypta er birt hér sem fylgiskjal. Einnig eru prentuð hér með sem fylgiskjöl gjafabréfið sjálft og bréf þess gefandans, sem lengur lifði, Höllu Einarsdóttur, dags. 8. júlí 1946, þar sem hún fór þess á leit með samþykki allra niðja sinna og nánustu frænda, að hreppurinn annaðhvort gæfi eftir rétt sinn samkvæmt gjafabréfinu eða semdi um breytingar á því. Voru þá komnir í ljós annmarkar þeir, sem gerðu ábúð á jörðinni næstum óframkvæmanlega vegna breyttrar tíðar og óviðráðanlegra atvika.

Fylgiskjal I.

Beiðni hafði komið fram frá ábúanda Þykkvabæjar I í Landbroti um að fá meðmæli hreppsnefndarinnar með umsókn, er hann hyggst senda til Alþingis um að fá keypta ábýlisjörð sína.

En samkvæmt gjafabréfi hjónanna Helga Þórarinssonar og Höllu Einarsdóttur fyrir hálfri jörðinni Þykkvabæ í Landbroti o. fl. til handa Kirkjubæjarhreppi, er birt var í Stjórnartíðindum 1914, B-deild, bls. 137—140, getur enginn breytt reglunum um gjöf þessa nema löggjafarþing Íslendinga.

Hreppsnefndin samþ. einróma að mæla með sölunni fyrir sitt leyti.

Jörðin selst með öllu, sem henni fylgir og fylgja ber samkvæmt gjafabréfinu, ásamt skólahúsi hreppsins á staðnum.

Verði af sölu, mun hreppsnefndin sjá svo um, að andvirðinu verði varið í samræmi við tilgang gjafabréfsins, en ekki notað á neinn annan hátt sem almennur eyðslueyrir.

Kirkjubæ á Síðu, 14. des. 1965.

Siggeir Lárusson. Siggeir Björnsson. Páll Pálsson.
Sigurður Sveinsson. Sigfús H. Vigfússon.

Fylgiskjal II.

GJAFABRJEF

hjónanna Helga Þórarinssonar og Höllu Einarsdóttur fyrir ½ jörðinni Þykkvabæ í Landbroti o. fl. til handa Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu.

Við undirrituð hjón, ég Helgi Þórarinsson og ég Halla Einarsdóttir, gefum hér með frá fardögum 1914 Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu eignarjörð okkar ½

Þykkvabæ í Landbroti, 12,25 hndr. að dýrleika eftir jarðabókinni 1861, með öllu því, er jörð þessari fylgir og fylgja ber, öll hús og mannvirki, sem á jörðinni eru, og allt, er henni fylgir, múr- og naglfast, enn fremur upprekstrarland fyrir 100 — eitt hundrað — sauðfjár um sumartímann í Skálalandi og hina svonefndu Kirkju- og Brúarfjöru, með þeim skilmálum, er hér segir:

I. Jörðin skal vera ævarandi eign hreppsins, og má því eigi selja hana, gefa eða veðsetja, hvorki eignina í heild né heldur neinn hluta hennar, sbr. þó IV.

II. Jörðin með öllu því, sem áður er talið, skal jafnan byggð einum ábúanda ævilangt, og heldur ekkja ábúðarrétti manns síns á meðan hún giftist eigi aftur. Ef breyttir búnaðarhættir valda því, er fram líða stundir, að æskilegt þyki eða jafnvel nauðsynlegt, að jörðinni verði skipt sundur í 2 býli, skal það heimilt með því skilyrði, að hvort býli um sig standi eigi að notagildi að baki hinum beztu býlum eða bújörðum í sveitinni.

III. Gefendur áskilja sér rétt til að búa á jörðinni ævilangt og jafnframt til þess að mega verja ár hvert öllu afgjaldi jarðarinnar, eins og það verður ákveðið af hreppsnefndinni með hliðsjón af venjulegum leigumála á jörðum innsveitis, til jarðabóta eða húsabóta á jörðinni sjálfri, og skulu, ef á greinir, úttektarmenn meta, hvort unnið er ár hvert að endurbótum á jörðinni fyrir jafnmikið fé og eftirgjaldinu nemur. Árlegt afgjald af jörðinni, eins og það verður ákveðið, af hreppsnefndinni samkvæmt því, er að framan segir, skal standa óbreytt alla tíð.

IV. Gefendur, sem ætla sér að sækja um leyfi til að gera sér og sínum grafreit á jörðinni, áskilja sér rétt til að kjósa sér blett í landi jarðarinnar, að stærð allt að 1000 ferstikur, til afnota í þessu skyni, og skal jarðeiganda skylt að fullnægja þeim skilyrðum, sem sett kunna að verða í leyfisbréfinu fyrir grafreitnum um viðhald hans, og má, ef þess verður krafizt, veðsetja jörðina því til tryggingar.

V. Í hvert skipti, sem jörðin verður laus úr ábúð, eiga ættingjar síðasta ábúanda forgangsrétt að því að fá jörðina byggða fyrir öllum vandalausum, ef þeir óska þess og eru að áliti hreppsnefndar færir til þess. Skulu börn hans ganga fyrir, ef þeirra er kostur, en síðan aðrir ættingjar, fyrst þeir, er nánastir eru að frændsemi, og þá hinir næstu að frændsemi o. s. frv. Að öðru jöfnu skal karl ganga fyrir konu. Ef fleiri en einn jafnskyldir sækja um ábúðina, skal sá hljóta, sem líklegastur er til að sitja vel jörðina, enda skal þess vandlega gætt, að byggja hana þeim einum, sem vænta má að verði nýtur ábúandi, og sé á engum hæfum völ í allri ættinni, skal byggja jörðina vandalausum manni, og öðlast ættingjar hans síðan forgangsréttinn til ábúðarinnar o. s. frv.

VI. Þegar gefendur falla frá eða sleppa jörðinni úr ábúð sinni, skal ¼ hluti hins árlega afgjalds jarðarinnar upp frá því renna í sveitarsjóð Kirkjubæjarhrepps, en ¾ hlutum af hinu árlega afgjaldi jarðarinnar skal varið til að stofna sjóð, er nefnist Ræktunarsjóður ½ Þykkvabæjar í Landbroti. Sjóðnum setjum við eftirfarandi skipulagsskrá:

SKIPULAGSSKRÁ

Ræktunarsjóðs ½ Þykkvabæjar í Landbroti.

1. gr.

Þegar við Helgi Þórarinsson og Halla Einarsdóttir sleppum ábúð á ½ Þykkvabæ, skulu ¾ hlutar hins árlega afgjalds jarðarinnar settir á vöxtu í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands ár hvert, unz sjóðurinn með vöxtum og vaxtavöxtum er orðinn 50 þúsund krónur. Vextir og vaxtavextir leggjast við höfuðstólinn, unz ársvextir nema 50 kr. Eftir það leggst ⅕ hluti ársvaxtanna við höfuðstólinn, en ⅘ koma til útborgunar. En er ársvextir nema 1000 kr., koma til útborgunar árlega 9/10 hlutar þeirra, en 1/10 leggst við höfuðstólinn upp frá því.

2. gr.

Vöxtum sjóðsins, sem eigi leggjast við höfuðstólinn samkvæmt 1. gr., skal varið til þess að bæta og prýða jörðina ½ Þykkvabæ, sbr. þó niðurlag 3. gr. og 5. gr.

3. gr.

Þegar sá tími kemur, að vextir koma til útborgunar, skal greiða ábúanda jarðarinnar þann hluta þeirra, sem útborga má árlega, gegn vottorði úttektarmanna hreppsins, eða þess manns, sem mælir jarðabætur í hreppnum, um að hann hafi næsta ár á undan varið að minnsta kosti jafnmiklu fé jörðinni til umbóta og prýði, svo sem til þess að auka hið ræktaða land hennar, til húsabóta á henni, til skógræktar, til blómaræktar, til nauðsynlegs viðhalds á eldri mannvirkjum jarðarinnar o. s. frv. Verði hið áskilda verk eigi unnið eitthvert ár, skal fresta vaxtagreiðslunni fyrir það ár til næsta árs. Hafi ábúandi þá unnið áskilið verk tveggja ára, skal greiða honum vexti þá, sem frestað var að borga; ella leggjast þeir við höfuðstólinn.

Þegar ársvextir sjóðsins eru orðnir það miklir, að það, sem útborga má, nemur fullum 1000 kr., skal upp frá því eigi verja meiru en 1000 kr. árlega til umbóta og prýði jörðinni, á þann hátt, sem fyrr greinir, sbr. 5. gr. hér á eftir.

4. gr.

Ef til þess kemur, að jörðinni verði skipt sundur í 2 býli, eiga ákvæði 3. gr. við báða ábúendurna á þann hátt, að hreppsnefndin skiptir vöxtunum milli þeirra í réttu hlutfalli við framkvæmdir hvors um sig.

5. gr.

Þegar ársvextir sjóðsins, er til útborgunar koma, verða orðnir meiri en 1000 kr., skal verja því, sem umfram verður 1000 kr. árlega, til verðlauna handa bændum í Kirkjubæjarhreppi fyrir jarðabætur, húsabætur eða aðrar nytsamar búnaðarframkvæmdir á ábúðarjörðum þeirra. Á sama hátt skal verja ¾ hins árlega afgjalds jarðarinnar ½ Þykkvabæjar eftir að hætt er að setja það á vöxtu í Söfnunarsjóðinn samkvæmt ákvæðum 1. gr. Ábúandi (eða ábúendur) ½ Þykkvabæjar skal eiga jafnan rétt öðrum bændum sveitarinnar til verðlauna samkvæmt þessari grein fyrir endurbætur þær, er hann gerir á jörð sinni umfram þær, er hann fær endurgoldnar samkvæmt ákvæðum 3. gr. hér á undan.

6. gr.

Sjóðnum stjórnar hreppsnefnd Kirkjubæjarhrepps og skal hún senda sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu árlega reikning sjóðsins til úrskurðar, en sýslunefndin annast um, að reikningurinn verði birtur í Stjórnartíðindunum.

VII. Ef ágreiningur ris milli hreppsnefndar og ábúanda ½ Þykkvabæjar eða annarra, sem hluta eiga að máli, um réttan skilning á ákvæðum skipulagsskrárinnar, eða skilyrði þau, sem sett eru í gjafabréfi þessu, skal málið lagt undir úrskurð sýslunefndar, en úrskurði sýslunefndarinnar má síðan skjóta til stjórnarráðsins.

VIII. Reglum þeim, sem settar eru að framan um gjöf þessa, getur enginn breytt nema löggjafarþing Íslendinga, og þó því aðeins, að eigi verði hjá því komizt sakir breyttrar tíðar eða óviðráðanlegra atvika, en gæta skal þess þá vandlega, að breytingin samrýmist, svo sem auðið er, tilgangi okkar með gjöfinni.

IX. Á framanrituðu gjafabréfi og skipulagsskrá skal leita staðfestingar konungs.

Til staðfestu rita gefendur nöfn sín undir skjal þetta í viðurvist tveggja tilkvaddra vitundarvotta.

Þykkvabæ, 15. desember 1913.

Helgi Þórarinsson.
Halla Einarsdóttir.

Vitundarvottar:

Lárus Helgason.
Elías Bjarnason.

Að athuguðu framanrituðu gjafabréfi, lýsir undirrituð hreppsnefnd Kirkjubæjarhrepps yfir því, að hún fyrir hönd hreppsins þiggur gjöfina með þeim skilmálum, sem skráðir eru í bréfinu.

Kirkjubæjarhreppi, 4. janúar 1914.

Lárus Helgason. Björn Runólfsson. Vigfús Jónsson.
Eiríkur Þorgeirsson. Auðunn Þórarinsson.

Fylgiskjal III.

Eins og hinni heiðruðu hreppsnefnd er kunnugt, gáfum við hjónin Helgi Þórarinsson og undirrituð Kirkjubæjarhreppi ½ jörðina Þykkvabæ í Landbroti með gjafabréfi, dags. 15. des. 1913. Tók hreppurinn við gjöfinni, sbr. yfirlýsingu dags. 4. jan 1914. Gjafabréfið, hlaut síðan konungsstaðfestingu 14. ágúst 1914 og er birt í B-deild Stjórnartíðindanna 28. okt. 1914, sbr. bls. 137.

Við hjónin bjuggum síðan á jörðinni, til þess er maðurinn minn dó 28/11 1915, en eftir það hef ég haft ábúðina þannig, að Þórarinn sonur minn hefur búið á jörðinni, með samþykki mínu og annarra hlutaðeigenda.

Nú er svo komið með heilsu hans, að hann getur ekki búið á jörðinni og ekkert barna minna né niðjar þeirra, en samkvæmt gjafabréfinu var það fyrst og fremst tilætlunin, að niðjar okkar hjóna hefðu ábúð á jörðinni.

Gjafabréfið ber og með sér, að það var miðað við allt aðrar ástæður en nú eru, og m. a. þannig frá því gengið, að hreppurinn getur aldrei haft neinn hag af jörðinni, þar sem skylt er að verja öllu afgjaldi henni til endurbóta, enda skal afgjaldið ákveðið í eitt skipti fyrir öll, og er því mjög lágt.

Nú hefur Þórarinn sonur minn, sem á jörðinni hefur búið, lagt mjög mikið í kostnað við endurbætur, m. a. á húsum, enda hefur og breytt landbúnaðarlöggjöf leitt til þess, að hýsingarskylda jarðeigenda er nú orðin þungur baggi á jarðeigendum, og því víst, að afgjald hrekkur ekki til þess að fullnægja henni.

Má því gera ráð fyrir, að Þórarinn eigi mjög verulegar kröfur í þessu sambandi.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið tekið fram og nánar væri hægt að rökstyðja, horfir þá málið þannig við, að vegna breyttra ástæðna næst ekki sá almenni tilgangur, sem ætlazt var til með gjöfinni, að þeim hlunnindum, sem okkur hjónum og niðjum okkar var ætlað að njóta, erum við af illri nauðsyn svipt, að hreppnum verður ekki gagn né hagur af gjöfinni, heldur þvert á móti einungis baggi og óþægindi, og loks eru réttmætar kröfur Þórarins, sem erfitt mun að fullnægja.

Að þannig vöxnu máli leyfi ég mér að fara þess á leit, að hreppurinn gefi eftir rétt sinn samkvæmt gjafabréfinu, eða semji um breytingar á því, þannig að þetta mál geti orðið leyst á viðunandi hátt.

Mundi sennilega hægt að fara þá leið, sem VII. gr. gjafabréfsins bendir til, en ef það tækist ekki, þá mundi VIII. gr. væntanlega koma til.

Þess skal getið, að ég hef samþykki allra niðja minna og nánustu frænda til þess, að framangreindar óskir mínar verði teknar til greina.

Reykjavík, 8. júlí 1946.

Virðingarfyllst,

Halla Einarsdóttir.

Til hreppsnefndar Kirkjubæjarhrepps.

Nd. 234. Frumvarp til laga [105. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Grísatungu í Stafholtstungnahreppi í Mýrasýslu.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Friðjón Þórðarson, Benedikt Gröndal, Jónas Árnason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Stafholtstungnahreppi eyðijörðina Grísatungu í sama hreppi. Verð jarðarinnar fer eftir því, sem um semst. Náist ekki samkomulag um kaupverðið, skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni hreppsnefndar Stafholtstungnahrepps í Mýrasýslu. Stafholtstungnahreppur hefur haft eyðijörð þessa á leigu undanfarna áratugi, en vegna væntanlegra framkvæmda, sem gert er ráð fyrir að verði nokkuð kostnaðarsamar og Stafholtstungnahreppur verður að taka þátt í, telur hreppsnefndin eðlilegt, að hreppurinn verði áður orðinn eigandi að jörðinni. Af þeirri ástæðu er beiðni hreppsnefndarinnar fram komin.

Nd. 235. Frumvarp til laga [106. mál]

um smíði fiskiskipa innanlands.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Geir Gunnarsson, Jónas Árnason.

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skal hlutast til um, að smíðuð verði 50 fiskiskip í innlendum skipasmíðastöðvum á árunum 1968—1971.

2. gr.

Gerð og útbúnaður skipanna skal ákveðinn af 5 manna nefnd, sem ráðuneytið skipar, og skal hún jafnframt hafa á hendi allan undirbúning að byggingarframkvæmdum samkv. þessum lögum. Skipaskoðunarstjóri skal vera formaður nefndarinnar, en tveir nefndarmenn skipaðir samkv. tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, einn samkv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands og einn samkv. tilnefningu Sjómannasambands Íslands.

3. gr.

Skip, sem smíðuð eru samkv. lögum þessum, skulu eigi vera af fleiri gerðum en þremur, svo að unnt sé að koma við hagkvæmum vinnubrögðum við smíðina.

4. gr.

Tollar af öllu efni og tækjum til skipanna skulu niður falla eða endurgreiðast, og einnig er fjármálaráðherra heimilt að fella niður tolla af nauðsynlegum vinnuvélum vegna þessarar smíði.

5. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skal semja við Fiskveiðasjóð Íslands um lánveitingar út á skip þau, sem smíðuð verða samkv. þessum lögum, en heimilt er ríkisstjórn-

inni að taka allt að 200 millj. króna lán vegna þessara framkvæmda, eða veita ríkisábyrgð vegna lána, sem tekin kunna að verða.

6. gr.

Skip, sem smíðuð eru samkv. þessum lögum, skulu seld útgerðarmönnum eða útgerðarfélögum, samvinnufélögum eða bæjarfélögum, og skulu lán, sem skipunum fylgja, vera 85% af kostnaðarverði.

7. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur reglugerð um nánari ákvæði varðandi framkvæmdir samkv. þessum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nýlega beindu samtök járniðnaðarmanna þeim tilmælum til Alþingis, að lögfest yrði áætlun um byggingu 50 fiskiskipa í innlendum skipasmíðastöðvum á næstu 4 árum.

Með frumv. þessu viljum við Alþýðubandalagsmenn taka undir þessi tilmæli, þar sem við teljum, að hér sé hreyft miklu nauðsynjamáli.

Eins og kunnugt er, hafa skipasmíðar innanlands átt erfitt uppdráttar undanfarin ár og flestar skipasmíðastöðvar haft lítil verkefni. Samkeppni við erlendar skipasmíðastöðvar hefur verið erfið, bæði vegna mikillar dýrtíðar hérlendis og eins vegna þess, að hér hefur ekki verið hægt að fá nauðsynlegt fjármagn, svo að hægt væri að standa að framkvæmdunum á svipuðum grundvelli og víðast erlendis.

Það er skoðun flutningsmanna, að stefna eigi að því að smíða svo til öll fiskiskip landsmanna í innlendum skipasmíðastöðvum. Fiskiskip okkar þarf að byggja miðað við íslenzkar aðstæður og eftir þeim sérstöku kröfum, sem hér eru á hverjum tíma. Allar slíkar aðstæður er bezt að heimamenn sjálfir meti og reyni að uppfylla, eftir því sem hægt er. Rétt er því að vinna að því eftir föngum að koma upp hér á landi góðum og vel útbúnum skipasmíðastöðvum, sem sérstaklega leggi fyrir sig fiskiskipasmíðar.

Nokkrum skipasmíðastöðvum hefur þegar verið komið upp á ýmsum stöðum hér á landi. Þær eru að vísu misjafnlega búnar að tækjum og mannafla, en reynslan hefur þó sannað, að þær geta smíðað góð og traust fiskiskip, sem eru fyllilega jafngóð og þau, sem keypt eru erlendis frá. Síðustu árin hafa innlendu stöðvarnar haft lítil verkefni þrátt fyrir miklar skipasmíðar á vegum landsmanna. Að nokkru leyti hefur þetta stafað af því, að fiskibátasmíðin hefur verið að breytast úr eikarbátum í stálbáta, en stálskipasmíðin var hins vegar ekki eins langt komin hér á landi og smíði trébáta. Þó hefur hitt efalaust ráðið meiru um verkefnaskort innlendu skipasmíðinnar, að skipasmíðastöðvarnar hér hafa ekki getað fengið það fjármagn, sem til hefur þurft, og sérstaklega ekki til þess að geta veitt þau lánskjör, sem erlendar skipasmíðastöðvar hafa veitt.

Það er álit flutningsmanna þessa frumvarps, að hægt sé að leysa fjárhagsvandamál skipasmíðanna á þann hátt, að ríkið hafi forgöngu um smíði nokkurs fjölda fiskiskipa, sem síðan verði seld væntanlegum útgerðaraðilum.

Ríkissjóður getur tekið erlent lán og reyndar einnig innlent lán til framkvæmdanna og tengt þau lán síðan við stofnlán Fiskveiðasjóðs á svipaðan hátt og nú á sér stað um erlendu lánin, sem skipunum fylgja frá erlendu skipasmíðastöðvunum. Standi ríkið þannig fyrir smíði nokkurra fiskiskipa af þeirri gerð, sem vitað er að hentar íslenzkum aðstæðum, ætti að vera hægt að koma við hagkvæmum vinnubrögðum og íslenzku stöðvarnar fengju þá föst og örugg verkefni til langs tíma. Takist vel til um framkvæmdir, ætti að mega búast við hagkvæmara verði á fiskiskipunum með slíkum vinnubrögðum en nú á sér stað.

Skipasmíðaiðnaðurinn er íslenzkum sjávarútvegi nauðsynlegur. Viðhald fiskiskipaflotans verður að fara fram í landinu, og þá á einnig að vera hægt að gera hér á landi meiri háttar breytingar á skipum, og hér á að fara fram hið reglulega eftirlit, sem alltaf kallar á mikla skipasmíðavinnu. Samhliða þessum störfum þarf að vera góð aðstaða til nýbyggingar á fiskiskipum.

Verkefnaleysi í járniðnaði eins og það, sem nú hefur verið um skeið, má ekki endurtaka sig. Augljóst er, að í veg fyrir það má koma með hagnýtingu skipasmíðastöðvanna og smíði þeirra fiskibáta innanlands, sem landsmenn þurfa að kaupa.

Ed. 236. Frumvarp til laga [107. mál]

um breyting á lögum nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Síldarútvegsnefnd skipuleggur og hefur eftirlit með verkun saltaðrar síldar, svo og með útflutningi hennar, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Nefndin skal skipuð átta mönnum til þriggja ára í senn, sem hér segir: Sameinað Alþingi kýs þrjá menn hlutfallskosningu, en ráðherra skipar fimm menn, eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, Félags síldarsaltenda á Suðvesturlandi og einn eftir sameiginlegri tilnefningu tveggja síðast greindra félaga. Varamenn skulu kosnir og tilnefndir á sama hátt. Vanræki aðili tilnefningu aðalmanns eða varamanns í nefndina, skipar ráðherra þá án tilnefningar.

Ráðherra skipar formann og varaformann nefndarinnar úr hópi hinna þingkjörnu nefndarmanna, til eins árs í senn.

Séu atkvæði jöfn við atkvæðagreiðslu í nefndinni, ræður atkvæði formanns úrslitum.

Nefndin skal hafa skrifstofur í Reykjavík, Siglufirði og á Austurlandi.

Nefndin ræður sér starfsfólk.

Ráðherra ákveður laun nefndarmanna, og greiðast þau af tekjum nefndarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta flytur nefndin að beiðni hæstv. sjávarútvegsmálaráðherra, en honum hafði borizt beiðni um flutning þess frá sjö manna nefnd, sem skipuð var af ráðuneytinu hinn 2. ágúst s. l. til að gera tillögur um framtíðarskipulag á sölu verkaðrar síldar til útlanda.

Nefndin hefur að sjálfsögðu orðið við beiðninni um að koma frv. á framfæri, en einstakir nefndarmenn gera fyrirvara um, að þeir hafi frjálsar hendur um afstöðu til efnisatriða frv. og breytingartillagna, sem fram kunna að koma.

Frv. gerir ráð fyrir breytingu á þremur atriðum miðað við núverandi ástand:

1. Gert er ráð fyrir að fjölga nefndarmönnum um einn og sé hann skipaður eftir tilnefningu Félags íslenzkra síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félags síldarsaltenda á Suðvesturlandi sameiginlega.
2. Það er nýtt í frv., að atkvæði formanns ráði úrslitum, ef atkvæði eru jöfn í nefndinni.

3. Í frv. segir um aðsetur nefndarinnar, að hún skuli hafa skrifstofur í Reykjavík, Siglufirði og á Austurlandi. Gildandi ákvæði um það efni er á þessa leið:

„Nefndin skal hafa aðsetur sitt á Siglufirði á síldarvertíð norðanlands og nefndarmenn eða varamenn þeirra dvelja þar þann tíma, eftir því sem nefndin sjálf ákveður. Á síldarvertíð sunnanlands skal nefndin með sama hætti hafa aðsetur í Reykjavík."

Eins og kunnugt er, liggur annað frv. fyrir deildinni um efni það, sem greinir í 3. tölulið.

Ed. 237. Nefndarálit [92. mál]

um heimild handa siglingamálaráðherra til að veita Hans Samúelssyni stýrimannsskírteini á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. jan. 1968.

Pétur Benediktsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Karl G. Sigurbergsson.
Ólafur Jóhannesson. Jón Árnason. Sveinn Guðmundsson.
Bjarni Guðbjörnsson.

Sþ. 238. Tillaga til þingsályktunar [108. mál]

um fiskirækt í fjörðum.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á möguleikum vísindalegrar tilraunastarfsemi með fiskirækt og uppeldi nytjafiska í einstökum fjörðum, er hentugir kynnu að þykja til slíkrar starfsemi. Skal haft samráð við Hafrannsóknastofnunina og Fiskifélag Íslands um þessa athugun.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi. Fylgdi henni þá svo hljóðandi greinargerð:

„Á Fiskiþingi og ýmsum öðrum fundum útvegsmanna og sjómanna hefur á undanförnum árum oft verið rætt um nauðsyn þess, að hafizt yrði handa um fiskirækt og uppeldi nytjafiska í einstökum fjörðum í strandlengju Íslands. En að því er vitað er, mun lítið eða ekkert hafa verið aðhafzt í þessum efnum. Það er hins vegar almenn skoðun, að brýna nauðsyn beri til þess að hefjast handa um vísindalegar aðgerðir til ræktunar nytjafiska í hafinu með svipuðum hætti og gert hefur verið í ám og vötnum hér á landi og víðs vegar um heim.

Vitað er, að fiskistofnarnir í Norður-Atlantshafi eru í verulegri hættu. Hefur það komið fram í skýrslum og ummælum fiskifræðinga og er raunar öllum ljóst, sem um þessi mál hugsa. Það er því augljóst, að nýjar ráðstafanir til frekari verndunar fiskistofna við strendur Íslands eru óhjákvæmilegar. Kemur þá m. a. til greina takmörkun netaveiða á hrygningarsvæðum, friðun nýrra svæða fyrir botnvörpu og netaveiðum utan 12 mílna fiskveiðitakmarkanna og vísindalegar aðgerðir til fiskiræktar.

Íslenzkir fiskifræðingar hafa unnið mikið og merkilegt starf á sviði fiskirannsókna og fiskileitar á undanförnum árum. Hefur þetta starf haft mikla þýðingu fyrir atvinnulíf þjóðarinnar. En brýna nauðsyn ber til þess, að nýrra leiða verði freistað í þessum efnum. Þess vegna er þessi tillaga flutt.“

Sþ. 239. Fyrirspurnir. [109. mál]

I. Til utanríkisráðherra um bandaríska sjónvarpið á Íslandi.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvenær má vænta efnda á því fyrirheiti, að sendingar bandarískra sjónvarpsins á Íslandi verði takmarkaðar við Keflavíkurflugvöll og næsta nágrenni hans?

II. Til ríkisstjórnarinnar um framkvæmdaáætlun fyrir Norðurland.

Frá Gísla Guðmundssyni og Ólafi Jóhannessyni.

Hvenær má vænta framkvæmdaáætlunar þeirrar fyrir Norðurland, sem heitið var í júnímánuði 1965, sbr. skýrslu félagsmálaráðherra á Alþingi 26. okt. 1966?

III. Til forsætisráðherra um Alþingishús.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Hvenær má vænta álits nefndar þeirrar, sem var falið samkvæmt ályktun Alþingis frá 28. marz 1961 að gera tillögur um framtíðarhúsnæði Alþingis?

IV. Til forsætisráðherra um þingsköp Alþingis.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Hyggst ríkisstjórnin ekki leggja fyrir Alþingi frumvarp það um breytingar á þingsköpum, er samið var af sérstakri milliþinganefnd á síðastliðnu ári?

V. Til forsætisráðherra um Stjórnarráðshús.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Hvað líður undirbúningi Stjórnarráðshúss, sem ákveðið var að reisa í tilefni af 50 ára afmæli stjórnarráðsins og veitt hafa verið framlög til á fjárlögum?

VI. Til fjármálaráðherra um húsaleigugreiðslur ríkisstofnana.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Hvaða ríkisstofnanir og ríkisskrifstofur eru í leiguhúsnæði? Hvað borgar hver einstök þeirra fyrir leiguna, og hverjum er hún greidd?

VII. Til fjármálaráðherra um Norðurlandsáætlun.

Frá Eyjólfi Konráði Jónssyni og Pálma Jónssyni.

Hvenær má gera ráð fyrir, að lokið verði gerð Norðurlandsáætlunar?

Nd. 240. Frumvarp til laga [110. mál]

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Á árunum 1968 til 1971, að báðum árum meðtöldum, skal greiða ¼% viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til húsbyggingar félagsins við Hagatorg í Reykjavík.

Framlaginu skal skipt í réttu hlutfalli við eignarhluta hvors félags í byggingunni. Um álagningu og innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um búnaðarmálasjóðsgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni landbúnaðarráðuneytisins í bréfi til nefndarinnar, svo hljóðandi:

„Reykjavík, 4. des. 1967.

Jafnframt því að ráðuneytið framsendir háttvirtri landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis bréf stjórnar Bændahallarinnar, dags. 1. þ. m., vill það óska þess, að nefndin flytji á Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 38 15. febrúar 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs, þess efnis, að á árunum 1968 til 1971 skuli greiða ¼% viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins og renni það til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til húsbyggingar félaganna við Hagatorg í Reykjavík, sbr. lög nr. 59 13. maí 1966, um sama efni.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis."

„STJÓRN BÆNDAHALLARINNAR

Reykjavík, 1. desember 1967.

Á fundi stjórnar Bændahallarinnar hinn 30. nóv. s. l. var samþykkt eftirfarandi bókun:

„Rætt var um framlengingu á ákvæði laga um Búnaðarmálasjóð varðandi framlagið í Bændahöllina, sem falla úr gildi við næstu áramót. Nú er komið fram á Alþingi frv. um eflingu Bjargráðasjóðs, og er þar gert ráð fyrir, að bændur greiði 0.25% gjald af söluvörum sínum til sjóðsins. Þetta breytir allmiklu varðandi málið.

Framkvæmdastjóri lagði fram eftirfarandi greinargerð:

Fyrir tæpum tveim árum fór stjórn Bændahallarinnar þess á leit við hið háa Alþingi, að það framlengdi það ákvæði í lögum um Búnaðarmálasjóð, að Bændahöllin fengi um 4 ár í viðbót ½% gjald af framleiðsluvörum bænda. Þetta var afgreitt þannig á Alþingi, að ákvæðið var framlengt til tveggja ára, þ. e. fyrir árin 1966 og 1967.

Nú sést enn betur en áður, að full þörf er á að fá framlengingu á þessu ákvæði, a. m. k. að nokkru leyti. En jafnvel þótt hætt sé við, að ekki muni veita af öllu gjaldinu um nokkur ár enn, fer stjórn hússins ekki fram á, að gjaldið verði nema ¼% til 4 ára. Er þetta hugsað þannig, að ¼% gjaldsins gangi til Bjargráðasjóðs, svo sem lagafrumvarp, sem liggur fyrir Alþingi, gerir ráð fyrir, en gjaldið til hússins lækki um helming, svo að ekki aukist álögur á bændur af þessum sökum.

Samkvæmt ofansögðu er það því ákveðin ósk stjórnar Bændahallarinnar, að hið háa Alþingi framlengi gjaldið úr Búnaðarmálasjóði til Bændahallarinnar að hálfu leyti í 4 ár, þ. e. af framleiðslu áranna 1968 til 1971, að báðum meðtöldum.

Stjórn Bændahallarinnar mælist til þess, að hæstvirtur landbúnaðarráðherra flytji breytingartillögu hér að lútandi við lög um Búnaðarmálasjóð á yfirstandandi Alþingi."

Greinargerð þessi var samþykkt.

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar Bændahallarinnar,

Sæm. Friðriksson.

Til landbúnaðarráðherra, Ingólfs Jónssonar,
Reykjavík."

Nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til frumvarpsins.

Sþ. 241. Breytingartillaga [47. mál]

við till. til þál. um undirbúning þess að gera akfært umhverfis landið.

Frá Pétri Benediktssyni.

Í stað orðsins „og" í fyrri mgr. tillögunnar komi: svo og um möguleika á því að leysa þetta vandamál með flugferju yfir vatnasvæðið. Jafnframt sé athugað.

Nd. 242. Tillaga til þingsályktunar [111. mál]

um rekstur fiskibáta.

Flm.: Geir Gunnarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta framkvæma nú þegar sérstaka athugun á því, hversu margir fiskibátar í landinu munu ekki verða gerðir út á vetrarvertíðinni vegna fjárhagsörðugleika viðkomandi fyrirtækja og hversu mikils fjár er þörf, til þess að unnt sé að hefja útgerð þeirra.

Að loknum þessum athugunum beiti ríkisstjórnin sér fyrir útvegun nauðsynlegs lánsfjár og geri aðrar tiltækar ráðstafanir til þess að tryggja, að allir þeir rekstrarhæfir bátar í landinu, sem henta til veiða á vetrarvertíð, verði gerðir út.

Greinargerð.

Við upphaf vetrarvertíðar eru tvær staðreyndir efstar í hugum manna. Annars vegar, að geigvænlegt atvinnuleysi hefur hafið innreið sína á Íslandi eftir langt hlé, og hins vegar, að skortur á hráefni til vinnslu veldur óhagkvæmum rekstri langflestra fiskvinnslufyrirtækja í landinu og stórfelldum fjárhagsörðugleikum.

Þessar staðreyndir að því viðbættu, að gjaldeyristekjur þjóðarinnar hafa farið minnkandi að undanförum, valda því, að enn meiri þörf er á því nú en endranær, að tryggð sé full notkun hvers einasta framleiðslutækis, sem getur veitt atvinnu, bætt rekstrarafkomu fiskvinnslufyrirtækjanna og aukið gjaldeyristekjurnar.

Nú í lok janúar ættu þau skip, sem nothæf geta talizt til vetrarvertíðar, að vera komin í gagnið eða undirbúningi að útgerð þeirra að vera svo langt komið, að tryggt sé, að þau verði gerð út. Í ýmsum höfnum í landinu liggja þó fiskiskip, sem óvíst er með öllu um, að verði gerð út á vetrarvertíðinni, vegna fjárhagserfiðleika viðkomandi útgerðarfyrirtækja.

Vegna þess alvarlega ástands, sem ríkir í atvinnumálum, í rekstri fiskvinnslustöðva og í gjaldeyrismálum þjóðarinnar, er það algerlega óviðunandi, að ekki sé tryggt, að allir rekstrarhæfir bátar séu gerðir út, og slæm rekstrarafkoma einstakra útgerðarfyrirtækja, sem teljast eigendur bátanna, má ekki verða til þess, að þeir liggi ónotaðir.

Það er ekki einkamál viðskiptabanka eða annarra lánardrottna þessara fyrirtækja, hvað um þessa báta verður, hvort þeir veita atvinnu og afla gjaldeyris eða þeir liggja í höfn alla vertíðina. Hér verður ríkisvaldið að koma til og tryggja, að hagsmuna þjóðarheildarinnar sé gætt. Því er lagt til með þingsályktunartillögu þessari, að ríkisstjórninni verði falið að kanna, í hve ríkum mæli er um það að ræða, að einstakir vélbátar verði ekki gerðir út nú á vetrarvertíð, og að beita sér síðan fyrir útvegun nauðsynlegs lánsfjár og gera aðrar tiltækar ráðstafanir til þess að tryggja, að allir rekstrarhæfir vélbátar, sem henta til veiða á vetrarvertíð, verði gerðir út.

Þörf er á að framkvæma slíka athugun tvisvar til fjórum sinnum á ári hverju, en sérstök ástæða er til að vekja athygli á slíkum aðgerðum nú.

Nd. 243. Frumvarp til byggingarlaga [112. mál]

fyrir skipulagsskylda staði.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

I. KAFLI

Um yfirstjórn byggingarmála og almenna byggingarreglugerð.

1. gr.

Félagsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn byggingarmála, sem lög þessi taka til.

Ráðuneytinu til aðstoðar eru Skipulagsstjórn ríkisins og aðrar ríkisstofnanir, sem fara með málefni, er snerta framkvæmd laga þessara.

Til ráðuneytis um framkvæmd á 10.—12. og 16.—21. gr. laganna sérstaklega skal vera sérstök nefnd, sem ráðherra skipar. Nefndarmenn skulu skipaðir að fengnum tillögum eftirtaldra aðila: Arkitektafélags Íslands, Landssambands iðnaðarmanna, Meistarasambands byggingarmanna, Sambands íslenzkra sveitarfélaga, Tæknifræðingafélags Íslands og Verkfræðingafélags Íslands, einn frá hverjum aðila. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðuneytisstjórinn í félagsmálaráðuneytinu

er formaður nefndarinnar, en varamann hans skipar ráðherra úr hópi starfsmanna ráðuneytisins.

Skipun gildir fjögur ár í senn. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Félagsmálaráðuneytið setur almenna byggingarreglugerð, sem gilda skal á öllum skipulagsskyldum stöðum. Í byggingarreglugerð skal kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara í einstökum atriðum.

Heimilt skal þó sveitarstjórn (borgarstjórn, bæjarstjórn eða hreppsnefnd) að setja sérstaka byggingarsamþykkt, er gildi fyrir hlutaðeigandi sveitarfélag (skipulagsskyldan stað), en háð er slík samþykkt staðfestingu félagsmálaráðherra.

Í lögum þessum merkir byggingarreglugerð einnig byggingarsamþykkt, nema annað sé sérstaklega ákveðið.

3. gr.

Byggingarreglugerð gildir innan marka skipulagsskylds staðar eins og þau eru tilgreind skv. 4. mgr. 4. gr. skipulagslaga, nr. 19/1964, sbr. þó 2. mgr.

Félagsmálaráðuneytið getur að fengnum tillögum Skipulagsstjórnar ríkisins ákveðið, að reglugerðin taki aðeins til hluta skipulagsskylds staðar. Einnig getur það ákveðið, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, að gera megi sérstakar kröfur, vægari eða strangari, til bygginga á tilteknum stöðum, en þá skal fram tekið, frá hvaða ákvæðum byggingarreglugerðar víkja megi. Ákvörðun ráðuneytisins, skv. þessari mgr., skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

II. KAFLI
Um byggingarnefndir.

4. gr.

Á hverjum skipulagsskyldum stað skal vera sérstök byggingarnefnd. Í hreppi, þar sem íbúar eru fáir og byggingarstarfsemi lítil, getur félagsmálaráðuneytið heimilað, að hreppsnefnd gegni störfum byggingarnefndar.

Í Reykjavík skulu vera sjö menn í byggingarnefnd. Borgarstjóri er formaður nefndarinnar, en auk hans eiga sæti í nefndinni borgarverkfræðingur og arkitekt í þjónustu borgarinnar, kjörinn af borgarráði. Borgarstjórn kýs þrjá nefndarmenn, en Arkitektafélag Íslands kýs einn. Um skipun varamanna fyrir borgarstjóra og borgarverkfræðing fer eftir samþykkt borgarstjórnar, en aðrir varamenn skulu kjörnir með sama hætti og aðalmenn.

Í kaupstöðum utan Reykjavíkur skulu byggingarnefndir skipaðar fimm mönnum. Bæjarstjóri er formaður byggingarnefndar. Þar sem bæjarverkfræðingur er fastráðinn í þjónustu bæjarins, á hann sæti í byggingarnefnd. Ef svo er ekki, kýs bæjarstjórn sérstaklega í nefndina einn mann með staðgóða þekkingu á byggingarmálum. Auk þess kýs bæjarstjórn þrjá menn í byggingarnefndina. Um skipun varamanna fyrir bæjarstjóra og bæjarverkfræðing fer eftir samþykktum hlutaðeigandi bæjarstjórnar, en aðrir nefndarmenn skulu kjörnir með sama hætti og aðalmenn.

Á skipulagsskyldum stöðum utan kaupstaða, þar sem sérstök byggingarnefnd starfar, skulu nefndarmenn vera þrír, nema sveitarstjórn ákveði, að þeir skuli vera fimm. Oddviti er formaður byggingarnefndar, nema sérstakur sveitarstjóri sé, en þá er hann formaður. Aðra byggingarnefndarmenn, tvo eða fjóra, kýs sveitarstjórn. Um skipun varamanns fyrir sveitarstjóra (oddvita) fer eftir samþykkt hreppsnefndar, en varamenn annarra nefndarmanna skulu kjörnir á sama hátt og aðalmenn. Nú er skipulagsskyldur staður aðeins hluti sveitarfélags, og getur þá félagsmálaráðuneytið ákveðið, að þeir einir séu kjörgengir í nefndina, sem búa innan marka þess staðar.

Kjörtímabil byggingarnefndarmanna er hið sama og kjörtímabil hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

Skipulagsstjóri ríkisins á rétt á að sitja fundi byggingarnefnda og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

5. gr.

Byggingarnefnd er ályktunarfær, ef á fundi er meirihluti nefndarmanna, þar á meðal formaður.

Ályktanir byggingarnefndar skal bera undir sveitarstjórn til samþykktar eða synjunar. Ef sveitarstjórn samþykkir ályktun, öðlast ályktunin gildi, sbr. þó 2. mgr. 7. gr. Nú greinir sveitarstjórn og byggingarnefnd á um afgreiðslu máls, og sker þá félagsmálaráðherra úr.

Heimilt er sveitarstjórn með sérstakri samþykkt, sem tilkynna skal félagsmálaráðuneytinu, að fela byggingarnefnd fullnaðarafgreiðslu mála, sem til nefndarinnar koma.

Þar sem sérstakt bæjarráð (borgarráð) er starfandi, getur bæjarstjórnin (borgarstjórnin) falið því í sinn stað fullnaðarafgreiðslu mála, annaðhvort um tiltekinn tíma eða unz öðruvísi verður ákveðið.

Nú telur einhver rétti sínum hallað með ályktun byggingarnefndar, og er honum þá heimilt að skjóta þeirri ályktun til fullnaðarákvörðunar félagsmálaráðherra innan þriggja mánaða frá því, að honum varð um ályktunina kunnugt, en þó aldrei síðar en sex mánuðum eftir að endanleg ályktun er gerð.

6. gr.

Byggingarnefnd hefur umsjón með því, að byggingarreglugerð sé fylgt í hvívetna og byggt sé í samræmi við skipulag.

Sveitarstjórn getur skipað byggingarfulltrúa að fengnum tillögum byggingarnefndar, og hefur hann þá með höndum daglegt eftirlit með byggingarframkvæmdum.

Byggingarnefndarmönnum, byggingarfulltrúa og starfsmönnum skal heimill aðgangur að öllum byggingum, sem í smíðum eru innan hlutaðeigandi umdæmis.

Sveitarstjórn getur sett byggingarfulltrúa sérstakt erindisbréf, sem háð er samþykki Skipulagsstjórnar ríkisins.

III. KAFLI

Byggingarleyfi og gerð uppdrátta.

7. gr.

Á skipulagsskyldum stað er óheimilt að reisa hús, breyta húsi eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki, sem áhrif hafa á útlit staðarins, nema leyfi byggingarnefndar sé fengið.

Byggingarleyfi skal jafnan vera skriflegt, og öðlast það ekki gildi, fyrr en byggingarleyfisgjald hefur verið greitt að fullu.

8. gr.

Sá, sem óskar að fá leyfi til framkvæmda, skv. 7. gr., skal senda skriflega umsókn um slíkt til hlutaðeigandi byggingarnefndar ásamt nauðsynlegum uppdráttum.

Í byggingarreglugerð skal nánar kveðið á um það, hvernig frá umsóknum og uppdráttum skuli gengið.

Byggingarnefnd (byggingarfulltrúi) getur krafizt þess, að umsækjandi láti í té séruppdrætti, ef hún telur slíkt nauðsynlegt.

9. gr.

Uppdrættir að húsum og öðrum mannvirkjum, sem lög þessi taka til, skulu gerðir af mönnum, sem fullnægja skilyrðum þessa kafla.

Á skipulagsskyldum stöðum er réttur til að gera uppdrætti háður löggildingu, skv. ákvæðum þessa kafla.

10. gr.

Löggilding, skv. 9. gr., er tvenns konar:
a) landslöggilding, skv. 11. gr.
b) staðarlöggilding, skv. 12. gr.

11. gr.

Félagsmálaráðherra veitir landslöggildingu. Landslöggildingu má veita húsameisturum (arkitektum), byggingarverkfræðingum og byggingartæknifræðingum.

Til ársloka 1969 getur ráðherra veitt manni landslöggildingu, þótt hann fullnægi ekki ákvæðum 1. mgr., enda hafi hann starfað að gerð uppdrátta, þegar lög þessi öðlast gildi, og fengið staðgóða reynslu í slíku starfi, þegar löggilding er veitt.

Frá og með árinu 1972 getur ráðherra ákveðið, að þeir einir byggingarverkfræðingar og byggingartæknifræðingar, sem stundað hafa framhaldsnám í byggingarlist eða hlotið sérstaka starfsreynslu á því sviði, geti fengið landslöggildingu. Í reglugerð, sem ráðherra setur, má kveða nánar á um framkvæmd þessarar málsgreinar.

Áður en landslöggilding er veitt, skal leita umsagnar nefndar þeirrar, er um ræðir í 1. gr., um umsækjanda, og má ekki veita slíka löggildingu, nema hann hafi áður starfað a. m. k. 1 ár hjá stofnun eða einstaklingi, sem nefndin metur gildan í þessu sambandi.

Landslöggilding veitir rétt til að gera uppdrætti að húsum og öðrum mannvirkjum á öllum skipulagsskyldum stöðum. Heimilt er þó sveitarstjórn í byggingarsamþykkt eða sérstakri samþykkt, sem háð er staðfestingu ráðherra, að gera strangari kröfur en gerðar eru til landslöggildingar. Fer þá um rétt til að gera uppdrætti að húsum og mannvirkjum í því sveitarfélagi skv. þeirri samþykkt.

Birta skal í Lögbirtingablaði nöfn allra, sem hljóta landslöggildingu, skv. þessari grein.

12. gr.

Byggingarnefndir veita staðarlöggildingu, hver í sínu umdæmi.

Í byggingarreglugerð skal ákveðið, hvaða skilyrðum aðili þurfi að fullnægja til að geta hlotið slíka löggildingu. Skal að því stefnt, að skilyrði verði sem áþekkust skilyrðum til að hljóta landslöggildingu.

Staðarlöggilding veitir rétt til að gera uppdrætti að húsum og mannvirkjum í umdæmi byggingarnefndar þeirrar, sem í hlut á.

13. gr.

Í byggingarreglugerð skal kveðið nánar á um réttindi og skyldur þeirra, sem rétt hafa til að gera uppdrætti, er lög þessi öðlast gildi, eða hljóta löggildingu, skv. ákvæðum þeirra.

Nú hefur maður hlotið landslöggildingu, skv. 11. gr., og getur ráðherra þá svipt hann löggildingu að fenginni umsögn skipulagsstjórnar og nefndar þeirrar, er um ræðir í 1. gr., ef hann brýtur ákvæði laga þessara, byggingarreglugerðar eða sýnir á annan hátt sérstakt hirðuleysi við störf, sem löggilding tekur til. Heimilt er að svipta mann löggildingu um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt.

Með sama hætti getur byggingarnefnd svipt mann staðarlöggildingu. Hún getur einnig neitað að fjalla um uppdrætti manns, sem hlotið hefur landslöggildingu, ef hún telur skilyrði til slíks, skv. 2. mgr.

14. gr.

Byggingarleyfi veitir ekki heimild til framkvæmda, sem brjóta í bág við ófrávíkjanleg ákvæði laga þessara, önnur ófrávíkjanleg lagaákvæði um byggingarmálefni eða staðfest (samþykkt, sbr. 20. gr. skipulagslaga nr. 19/1964) skipulag.

Nú er aðila veitt byggingarleyfi, sem ógilt er skv. 1. mgr., og ber þá sveitarsjóður fébótaábyrgð á því tjóni, sem aðili verður fyrir, nema leyfi sé veitt skv. 5. mgr. 5. gr.

15. gr.

Byggingarleyfi fellur úr gildi, ef framkvæmdir skv. því eru ekki hafnar innan eins árs frá endanlegri samþykkt þess.

Ef framkvæmdir stöðvast eitt ár hið skemmsta, getur byggingarnefnd fellt byggingarleyfi úr gildi, að því leyti, sem ekki er farið að nota það.

IV. KAFLI
Um byggingarstjóra.

16. gr.

Við gerð hvers mannvirkis á skipulagsskyldum stað, sem leyfi byggingarnefndar þarf til, skv. lögum þessum, skal vera byggingarstjóri, sem ber ábyrgð gagnvart hlutaðeigandi byggingarnefnd og öðrum byggingaryfirvöldum.

17. gr.

Félagsmálaráðuneytið löggildir byggingarstjóra, skv. lögum þessum.

Til löggildingar þarf umsækjandi að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. að hafa íslenzkan ríkisborgararétt og eiga lögheimili á Íslandi;
2. að vera fjárráða og hafa forræði á búi sínu;
3. að vera húsasmíða- eða múrarameistari, byggingarverkfræðingur, húsameistari, byggingartæknifræðingur eða hafa annars konar áþekka sérmenntun í byggingarfræðum;
4. að hafa góða reynslu í störfum að mannvirkjagerð og hafa sýnt það í starfi, að hann sé hæfur til að standa fyrir framkvæmdum.

Áður en löggilding er veitt, skal leitað umsagnar nefndar þeirrar, sem um ræðir í 1. gr.

18. gr.

Heimilt er ráðherra að fengnum tillögum nefndar þeirrar, er um getur í 1. gr., að ákveða, að reglur þessa kafla, 16.—21. gr., skuli ekki taka til ákveðinna skipulagsskyldra staða, þar sem erfiðleikar eru taldir á að framfylgja þeim vegna skorts á sérmenntuðum mönnum. Í byggingarreglugerð skal ákveðið, hvernig fara skuli um ábyrgð á byggingarframkvæmdum, þar sem ákvæði 1. ml. verður beitt, en farið skal eftir ákvæðum þessa kafla, eftir því sem við getur átt.

19. gr.

Byggingarstjóri skal árita samþykkta uppdrætti, og með áritun tekst hann á hendur ábyrgð á því gagnvart hlutaðeigandi byggingarnefnd og öðrum aðilum, sem fara með byggingarmálefni, að framkvæmdir allar verði í samræmi við lög, byggingarreglugerð og aðrar reglur, er gilda um byggingarmálefni í hlutaðeigandi sveitarfélagi, svo og samþykkta uppdrætti.

Byggingarstjórinn fer með yfirstjórn á byggingarstað, og getur ráðherra sett nánari reglur um fyrirkomulag yfirstjórnar.

Nú rís ágreiningur um verksvið byggingarstjóra, og sker þá hlutaðeigandi byggingarnefnd úr.

20. gr.

Löggilding gildir, meðan aðili sinnir byggingarstjórastörfum, en fellur niður, ef maður tilkynnir ekki verk til neinnar byggingarnefndar 5 ár samfleytt. Nú leikur vafi á því, að skilyrði 1. ml. séu fyrir hendi, og er þá aðila skylt að sanna það á þann hátt, sem ráðuneytið telur fullnægjandi.

21. gr.

Nú brýtur byggingarstjóri fyrirmæli laga eða reglugerða, sem honum ber að fylgja í starfi sínu, og getur ráðherra þá veitt honum áminningu eða svipt hann löggildingu, annaðhvort um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt.

Byggingarnefnd getur og neitað að taka gildan sem byggingarstjóra aðila, sem hún telur, að brotið hafi fyrirmæli laga og reglugerða, sem honum beri að fylgja í starfi sínu, eða sé ekki að öðru leyti hæfur til að gegna slíku starfi. Slíka ákvörðun skal tilkynna félagsmálaráðuneytinu.

V. KAFLI
Um bifreiðastæði o. fl.

22. gr.

Í byggingarreglugerð skal kveðið á um það, hve mikil óbyggð lóð skuli fylgja húsi, hve mörg bifreiðastæði, hve stórt leiksvæði barna, að því leyti sem slíkt er ekki beinlínis ákveðið í skipulagi hlutaðeigandi staðar eða reglugerð um skipulagsáætlanir, skv. 13. gr. laga nr. 19/1964.

23. gr.

Bifreiðastæði og leiksvæði barna skulu gerð á lóð nýbyggingar, nema heimilað sé sérstaklega, að frá slíku verði vikið, sbr. 2. og 3. mgr.

Ef byggingarnefnd telur, að ekki verði komið fyrir á lóð nýbyggingar bifreiðastæðum, þannig að fullnægjandi sé, skv. 22. gr., getur hún heimilað, að fyrir slíku verði séð annars staðar.

Heimilt er sveitarstjórn að leysa lóðarhafa undan þessum skyldum, ef hann greiðir andvirði þess lóðarhluta, sem á vantar, og skal þá miða við andvirði þeirrar lóðar, sem byggt er á, nema öðruvísi semjist. Ef ágreiningur rís um andvirði milli sveitarstjórnar og lóðarhafa, skal úr honum skorið með mati dómkvaddra manna.

Óheimilt er að veita byggingarleyfi, fyrr en séð hefur verið fyrir bifreiðastæðum eða samið um eða skorið úr, hver verði framlög skv. þessari grein.

Í reglugerð skal kveðið á um ráðstöfun þess fjár, sem sveitarstjóður fær greitt skv. þessari grein, og skyldur hans gagnvart þeim, sem greiða.

VI. KAFLI
Ýmsar skyldur húseigenda.

24. gr.

Skylt er húseiganda að sjá svo um, að útlit húss hans sé viðunandi.

Ef byggingarnefnd telur, að útlit húss eða annars mannvirkis sé mjög ósmekklegt eða óviðunandi á annan hátt, og eigandi sinnir eigi óskum hennar um að bæta úr, getur hún látið framkvæma á hans kostnað þær endurbætur, sem hún telur nauðsynlegar.

Ef hús er svo hrörlegt, að byggingarnefnd telur, að ekki muni svara kostnaði að gera við það, eða hætta stafar af lélegu viðhaldi eða slíku, getur hún ákveðið, að úr skuli bætt á kostnað eiganda, t. d. með því að láta fjarlægja húsið eða hluta þess.

25. gr.

Skylt er lóðarhafa (landeiganda, lóðareiganda eða lóðarleigjanda) að leyfa umferð um land sitt eða lóð svo og afnot lands eða lóðar, ef slíkt er óhjákvæmilegt til að komizt verði að nágrannalóð vegna byggingarframkvæmda eða að húsi til viðhalds.

Nú verður ágreiningur um nauðsyn slíks, og sker þá hlutaðeigandi byggingarnefnd úr. Hún getur ákveðið, ef krafizt verður, að sett verði hæfileg trygging fyrir fébótum vegna tjóns, er leiða kann af slíkum afnotum eða umferð. Slíkar bætur skulu metnar af dómkvöddum mönnum, ef samkomulag næst ekki milli aðila.

Slík afnot eða umferð mega ekki standa lengur en brýnasta nauðsyn krefur, og er skylt að haga slíku þannig, að sem minnst óþægindi hljótist af. Ef byggingar-

nefnd telur, að óhæfilegur seinagangur sé á framkvæmdum eða þeim ekki hagað svo sem vera ber að öðru leyti, getur hún fellt úr gildi ákvörðun sína skv. 2. mgr.

26. gr.

Ef gróður á lóð veldur almennum óþægindum eða hættu, getur byggingarnefnd krafizt þess, að hann sé fjarlægður.

Sama gildir, ef gróður veldur óþægindum með því að skerða verulega birtu í íbúð eða á lóð.

VII. KAFLI
Um byggingarefni og frágang húsa.

27. gr.

Í byggingarreglugerð skal mælt fyrir um það, hvernig frágangi húsa og annarra mannvirkja skuli háttað í einstökum atriðum, t. d. settar reglur um undirstöður, burðarþol, gerð steinsteypu, smíði timburhúsa, einangrun, loftræstingu, frágang á stigum, svölum, þökum og lyftum; einnig um eldfæri og reykháfa að því leyti, sem ekki er kveðið á um slíkt annars staðar. Þar skal sérstaklega kveðið á um, hvernig gengið skuli frá íbúðum, samkomuhúsum o. s. frv., allt eftir því sem ástæða þykir til. Enn fremur skal þar mælt fyrir um það, hvernig hagað skuli úttektum byggingarfulltrúa.

Í byggingarreglugerð skal kveðið á um það, hverjar kröfur skuli gera um byggingarefni, og skal ráðherra heimilt að banna notkun byggingarefnis, sem hann telur, að ekki fullnægi þeim kröfum, er gera verði.

VIII. KAFLI
Um friðun húsa.

28. gr.

Heimilt er sveitarstjórn (bæjarstjórn eða hreppsnefnd) að friðlýsa einstök hús eða hóp húsa, sem hún telur hafa sérstakt gildi frá sögulegu eða listrænu sjónarmiði. Áður en friðlýsing er ákveðin, skal leita umsagnar þjóðminjavarðar og Skipulagsstjórnar ríkisins.

Eftir að hús hefur verið friðlýst, er óheimilt að gera á því nokkrar þær breytingar, sem kunna að koma í bág við friðlýsingu.

Ákvörðun um friðlýsingu skal þinglýsa sem kvöð á hlutaðeigandi hús, og er slík þinglýsing undanþegin hvers konar gjöldum í ríkissjóð.

29. gr.

Í ákvörðun um friðlýsingu skal tekið fram, hvort um er að ræða algera friðlýsingu, þannig að engu megi breyta, eða takmarkaða friðlýsingu, og má þá aðeins breyta húsi að tilteknu marki, og skal þá fram tekið, hvaða hlutum húss óheimilt er að raska.

30. gr.

Sá, sem ekki vill una friðlýsingu, sbr. 28. og 29. gr., getur skotið þeirri ákvörðun til ráðherra, sem kveður upp fullnaðarúrskurð um friðlýsingu að fengnum tillögum þjóðminjavarðar og Skipulagsstjórnar ríkisins.

31. gr.

Nú verður aðili fyrir fjártjóni vegna friðlýsingar, og á hann þá rétt á bótum, sem greiðast úr sveitarsjóði. Dómkvaddir menn skulu meta bætur eftir reglum laga nr. 61/1917. Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélagi helming fébóta, sem metnar kunna að verða, enda hafi ráðuneytið samþykkt friðlýsingu sérstaklega.

32. gr.

Byggingarnefnd hefur eftirlit með friðlýstum húsum í sínu umdæmi, og sér svo um, að ekkert það sé gert, sem komi í bág við friðlýsingu.

Ef friðlýst hús skemmist verulega af eldi eða öðrum ástæðum, ákveður byggingarnefnd, hvort húsið skuli endurbyggt óbreytt að nokkru eða öllu leyti. Nú telur byggingarnefnd slíkt óráðlegt, og getur hún þá fellt niður friðlýsingu að nokkru eða öllu leyti. Áður en byggingarnefnd tekur ákvörðun skv. þessari málsgrein, skal hún leita umsagnar þjóðminjavarðar.

33. gr.

Félagsmálaráðherra getur að fengnum tillögum skipulagsstjórnar og þjóðminjavarðar sett reglugerð, þar sem nánar sé kveðið á um, hvernig friðlýsingu samkvæmt lögum þessum skuli hagað.

IX. KAFLI

Um gatnagerðargjald.

34. gr.

Heimilt er sveitarstjórn í sérstakri samþykkt, er ráðherra staðfestir, að ákveða, að innheimt skuli af hverri óbyggðri lóð, áður en þar er veitt byggingarleyfi, sérstakt gjald, er nefnist gatnagerðargjald. Ef um leigulóð sveitarsjóðs er að ræða, má gera greiðslu slíks gjalds að skilyrði fyrir lóðaúthlutun. Heimilt er að krefja gjald, ef reist er nýtt hús á lóð, sem áður var byggð. Ef hús er stækkað, má innheimta gjaldið hlutfallslega eftir þeim reglum, sem gilda, þegar leyfi er veitt til stækkunar.

35. gr.

Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðarframkvæmda í sveitarfélaginu, og má það nema allt að áætluðum meðalkostnaði við að gera þar malarborna götu með holræsi. Taka má nokkurt tillit til kostnaðar, er sveitarfélag hefur vegna kaupa á löndum og húsum.

Ef frágangur er vandaðri, t. d. gata er malbikuð, steypt eða sett á hana varanlegt slitlag með öðrum hætti eða gengið er frá gangstétt að fullu, má innheimta sérstakt gjald, sem nemur meðalkostnaði við slíkt, og skal gjaldendum gefinn kostur á að greiða það gjald á 3 árum.

36. gr.

Við ákvörðun gjalds skal miða við lóðarstærð eða rúmmál leyfilegrar byggingar. Heimilt er þó ráðherra að leyfa aðra viðmiðun, ef sveitarstjórn sýnir fram á, að með því móti verði niðurstaða eðlilegri, t. d. með jafnri skiptingu á lóðir á tilteknum byggingarreit eða hverfi.

Gjald má vera mismunandi eftir notkun húss, t. d. eftir því, hvort um er að ræða hús til íbúðar, verzlunar, iðnaðar o. s. frv.

Gjald af íbúðarhúsum má vera mismunandi eftir því, hvort um er að ræða sérstæð einbýlishús, raðhús, fjölbýlishús o. s. frv.

Áður en ráðherra staðfestir samþykkt um gatnagerðargjald, getur hann krafizt þess, að sveitarstjórn geri fullnægjandi grein fyrir því, við hvaða upphæð gjalds sé miðað, og láti að öðru leyti í té þær upplýsingar, sem máli skipta.

37. gr.

Setja má í samþykkt sérstök ákvæði um gangstéttargjald, er ákveðið verði eftir lengd og breidd gangstéttar, sem liggur að lóð.

38. gr.

Gjald skv. 1. mgr. 35. gr. er gjaldkræft, þegar sveitarstjórn krefst. Viðbótargjald, skv. 2. mgr. 35. gr. sbr. og 37. gr., er gjaldkræft, þegar lagningu varanlegs slitlags og/eða gangstéttar er lokið.

X. KAFLI
Refsiákvæði o. fl.

39. gr.

Nú er bygging hafin, án þess að byggingarleyfi sé fyrir hendi, öðruvísi byggt en leyfi stendur til, breyting gerð án leyfis eða brotið í bág við ákvörðun um friðlýsingu, og skal þá byggingarfulltrúi eða sá, er gegnir slíku starfi, þegar í stað gera ráðstafanir til, að framkvæmdir verði stöðvaðar, og banna frekari framkvæmdir. Hann leggur málið fyrir byggingarnefnd, sem ákveður, hvort senda skuli kæru til héraðsdómara (í Reykjavík yfirsakadómara).

40. gr.

Ef aðili heldur áfram framkvæmdum þrátt fyrir bann byggingarfulltrúa, skal byggingarfulltrúi leggja málið fyrir byggingarnefnd. Telji byggingarnefnd, að bann byggingarfulltrúa eigi stoð í lögum þessum og/eða byggingarreglugerð eða öðrum lögum, skal hún þegar í stað kveða upp formlegan úrskurð um bannið og brottnám byggingar eða byggingarhluta. Ef málið þolir ekki bið, getur formaður byggingarnefndar kveðið einn upp slíkan úrskurð.

Úrskurðir skv. 1. mgr. skulu færðir í sérstaka gerðabók. Úrskurðir skulu byggðir á ljósum og gagnorðum forsendum. Þar skal vitnað í þau ákvæði laga, sem úrskurður er byggður á. Í úrskurði skal tekin afstaða til þess, hvort óleyfileg bygging eða byggingarhluti skuli fjarlægður eða ekki. Úrskurði skal ávallt ljúka á formlegum ályktunarorðum.

Úrskurður byggingarnefndar, skv. þessari grein, er ekki háður staðfestingu sveitarstjórnar, né heldur verður honum skotið til félagsmálaráðherra, sbr. 5. gr. Lögmæti úrskurðar má bera undir dómstóla með venjulegum hætti, svo og fébótakröfu, skv. 42. gr.

41. gr.

Byggingarnefnd sendir lögreglustjóra endurrit af úrskurði skv. 40. gr., og sér hann um framkvæmd úrskurðar. Sveitarsjóður greiðir kostnað lögreglustjóra við framkvæmd á úrskurði, en skyldur skal hinn seki að endurgreiða sveitarsjóði þennan kostnað.

42. gr.

Nú telur dómstóll, að úrskurður byggingarnefndar eða formanns hennar sé ekki reistur á lagarökum, og ber þá sveitarsjóður fébótaábyrgð á því fjártjóni, sem aðili hefur beðið vegna úrskurðar og framkvæmdar hans.

43. gr.

Ef aðili sinnir ekki innan hæfilegs frests fyrirmælum byggingarnefndar, getur hún ákveðið honum dagsektir allt að 1000 kr. á dag, þar til úr er bætt. Dagsektir renna í sveitarsjóð. Einnig getur hún látið vinna verk, er hún hefur lagt fyrir, að unnið skyldi, á kostnað þess, er vanrækt hefur að vinna verkið.

Dagsektir og kostnað, skv. 1. mgr., má innheimta með lögtaki.

44. gr.

Í byggingarreglugerð skal ákveðið hæfilegt byggingarleyfisgjald, sem miða skal við rúmmál byggingar, sem leyfi hljóðar um. Ákveða má aukagjöld fyrir sérstaka þjónustu, sem byggingarfulltrúi veitir á byggingarstað. Gjöld skv. þessari grein renna í sveitarsjóð.

45. gr.

Öll gjöld, þar með framlög skv. V. kafla í lögum þessum, byggingarreglugerð eða gjaldskrám, sem settar eru skv. lögum þessum, má innheimta með lögtaki á kostnað gjaldanda.

Brot skv. lögum þessum og reglugerð settri skv. þeim varða sektum 1000—100 000 krónum, og renna sektir í sveitarsjóð. Í refsimáli skal gefa byggingarnefnd kost á að koma að endurgjaldskröfu vegna kostnaðar, sem sveitarsjóður hefur haft af brotinu.

46. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1968.

47. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 19/1905, um byggingarsamþykktir, og lög nr. 84/1943, um breyting á þeim lögum, lög nr. 18/1920, um gjöld til holræsa og gangstétta í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri, lög nr. 61/1944, um byggingarmálefni Reykjavíkur, lög nr. 42/1911, um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík o. fl., opið bréf 6. jan. 1857, um að stofna byggingarnefnd á verzlunarstaðnum Akureyri, lög nr. 55/1907, um breyting á opnu bréfi 6. jan. 1857, um að stofna byggingarnefnd á Akureyri, opið bréf 26. jan. 1866, um að stofna byggingarnefnd í kaupstaðnum Ísafirði, lög nr. 23/1905, um breyting á opnu bréfi 26. jan. 1866, um byggingarnefnd á Ísafirði, lög nr. 14/1897, um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. gr.

Hver, sem telur sig hafa rétt, skv. gildandi byggingarsamþykkt, til að gera uppdrætti að húsum og öðrum mannvirkjum á skipulagsskyldum stað, hvort sem er vegna tiltekins prófs eða sérstakrar löggildingar eða heimildar byggingarnefndar, sem í hlut á, skal tilkynna til hennar, ef hann óskar að halda þeim rétti sínum. Nú tilkynnir aðili slíkt ekki innan 6 mánaða frá gildistöku laga þessara, og fellur þá niður sá réttur, sem hann kann að eiga. Skylt er aðila að láta byggingarnefnd í té þau gögn, sem hún telur nauðsynleg til upplýsingar málinu. Nú vill aðili ekki una ákvörðun byggingarnefndar, og má þá skjóta þeirri ákvörðun til fullnaðarákvörðunar ráðherra.

Byggingarnefnd skal tilkynna félagsmálaráðuneytinu, að fresti loknum, nöfn þeirra, sem rétt hafa skv. 1. mgr.

2. gr.

Nú hefur aðili, áður en lög þessi tóku gildi, fengið byggingarleyfi með sérstakri undanþágu, að því er snertir ákvæði byggingarsamþykktar um óbyggða lóð, og skuldbundið sig í staðinn til að leggja til ákveðinn fjölda bifreiðastæða annars staðar eða greiða andvirði þeirra, og skal þá um meðferð slíkra skuldbindinga farið skv. ákvæðum V. kafla laga þessara, eftir því sem við getur átt. Ekki má þó krefja um meiri framlög en samkomulag hljóðar um. Kröfu sína um framlög skal sveitarstjórn tilkynna aðila með a. m. k. 6 mánaða fyrirvara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Félagsmálaráðuneytið fól Skipulagsnefnd ríkisins á sínum tíma að semja frumvarp til byggingarlaga. Nefndin vann ásamt skipulagsstjóra allmikið að þessu frumvarpi, en því verki varð ekki lokið. Ástæðan til þess var m. a. sú, að rétt þótti að láta samningu frv. til skipulagslaga hafa forgang, en það var eins og kunnugt er samþykkt fyrri hluta árs 1964, svo og tilheyrandi reglugerða, en því verki var lokið á s. l. ári.

Eftir að Skipulagsstjórn ríkisins tók til starfa á miðju ári 1964, var henni falið að ljúka verkinu. Skipulagsstjórnin fól einum úr sínum hópi, Páli Líndal borgarlögmanni, að fjalla um málið. Varð það að ráði, að hann tók frumvarpið til gagngerðrar endurskoðunar. Við samningu frumvarpsins var starfað í nánu sam-

starfi við skipulagsstjórnarmenn og skipulagsstjóra. Auk þess átti höfundur viðræður við fulltrúa ýmiss konar samtaka, sem hlut eiga að máli. Má þó ekki líta svo á, að þeir fulltrúar hafi á nokkurn hátt skuldbundið umbjóðendur sína í einstökum atriðum. Þar sem athugasemdir aðila skipta verulegu máli er þeirra sérstaklega getið, sbr. athugasemdir við IV. kafla.

Frumvarp þetta á fyrst og fremst að koma í stað laga nr. 19/1905, um byggingarsamþykktir. Það merkir, að með frumvarpinu er ætlað að skapa heimildir til að setja almenna byggingarreglugerð og sérstakar byggingarsamþykktir, eftir því sem ástæða þykir til. Í frumvarpið eru einnig tekin ákvæði, sem álitamál er að eigi heima í byggingarlögum í þrengstu merkingu, og er þá átt við ákvæðin um friðun húsa og gatnagerðargjöld. Nauðsynlegt er talið að setja löggjöf um þessi mál og þykir rétt að fella hana inn í þetta frumvarp, enda eðlilegt að mörgu leyti.

Meginefni frumvarpsins er um yfirstjórn byggingarmála, skipun, valdsvið og verksvið byggingarnefnda. Fyrstu lagareglur, sem um þessi efni voru sett hérlendis, munu hafa verið í Opnu bréfi um stofnun byggingarnefndar í Reykjavík frá 29. maí 1839. Hinn 6. jan. 1857 eru sett áþekk fyrirmæli fyrir Akureyri, 26. jan. 1866 fyrir Ísafjörð og 6. nóv. 1897 fyrir Seyðisfjörð.

Ákvæðin um þrjá síðasttöldu staðina gilda enn að miklu leyti og eru þó orðin ærið fornfáleg eins og geta má nærri. Lög um byggingarmálefni í Reykjavík voru hins vegar sett 1944 og leystu af hólmi það, sem þá var eftir af Opna bréfinu frá 1839.

Almenn lög um byggingarsamþykktir voru sett 1905 og gilda enn að miklu leyti, þótt vafasamt sé, hversu nákvæmlega sé fylgt ýmsum ákvæðum þeirra.

Ekki verður séð, að mikill áhugi hafi komið fram á Alþingi fyrir breytingu þessara laga, því að raunar er aðeins um eina breytingu laganna að ræða beinlínis, þ. e. með lögum nr. 84/1943.

Af setningu skipulagslaganna leiddi lítils háttar breytingu, og auk þess kveða lög nr. 37/1948 um brunavarnir og brunamál miklu fyllra á um vissa þætti, sem um var fjallað í lögum frá 1905.

Þess má geta, að fyrir Alþingi 1924 var lagt allmikið og merkt frumvarp til byggingarlaga í 92 gr. Mun aðalhöfundur frumvarps þessa hafa verið Guðjón Samúelsson, þáverandi húsameistari ríkisins, og hafði hann samráð um gerð þess við skipulagsnefnd ríkisins. Frumvarpið varð ekki útrætt á því þingi og virðist ekki hafa verið lagt fram að nýju.

Við samningu frumvarps til byggingarlaga eru tvær aðalstefnur, sem koma til álita. Önnur er sú að taka sem mest af almennum reglum upp í sjálf lögin. Þetta er gert í frumvarpinu frá 1924 og er víða gert í nágrannalöndunum. Hin stefnan er sú að lögfesta fyrst og fremst nauðsynlegar heimildir til að setja byggingarreglugerð eða byggingarsamþykktir, og taka sem minnst í lögin af tæknilegum fyrirmælum. Sú stefna var ofan á við setningu laganna um byggingarmálefni í Reykjavík frá 1944 og við gerð þessa frumvarps. Ástæðan til þessa er fyrst og fremst sú, að ekki er talið, að ákvæði um frágang bygginga í einstökum atriðum sé löggjafaratriði. Með því að setja slíkt í lög væri óþarflega vafningasamt að fá breytt til samræmis við ný viðhorf. Ef löggjafarvaldið teldi handhöfum framkvæmdavaldsins verða á sérstök mistök í þessum efnum, er alltaf hægt að lagfæra slíkt með nýrri löggjöf.

Þótt hér sé talað um heimildarlög og semja eigi nánari reglur, skv. þeim, þarf slíkt ekki að tefja mikið. Samning nánari reglna, skv. frumvarpi þessu, ef af lögum verður, hlýtur að sjálfsögðu að taka nokkurn tíma. Benda má þó á, að nú þegar liggur fyrir endurskoðuð fyrirmynd að byggingarsamþykktum, eins og síðar verður vikið að, og er því minna verk en ella að setja nýjar reglur, skv. þeim heimildum, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir. Það skal þó fram tekið, að þrátt fyrir mikla eftirgangsmuni hafa verkfræðinganefndir, sem settar voru á fót fyrir mörgum árum til að semja nýjar reglur um járnalagnir og gerð stein-

steypu, ekki enn gengið frá tillögum sínum. Er mikil nauðsyn á því, að þessu verki verði lokið hið allra fyrsta.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

I. kafli.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir, að formlega verði slegið föstu því fyrirkomulagi, sem tíðkazt hefur um langan aldur, að félagsmálaráðuneytið fari með yfirstjórn byggingarmála. Hingað til hefur ráðuneytið leitað aðstoðar ýmissa ríkisstofnana við afgreiðslu slíkra mála, og er ekki gert ráð fyrir breytingu að því leyti, nema að því er snertir ákvæði 3. mgr. Gert er ráð fyrir því, að um réttindamál ýmiss konar, að því er snertir svokallaða byggingarstjóra og varðandi heimild til að gera uppdrætti, komi til sérstakrar umsagnar nefndar, er skipuð verði fulltrúum þeirra aðila, er helzt eiga hlut að máli. Til að tengja þessa nefnd og störf hennar ráðuneytinu er lagt til, að ráðuneytisstjórinn þar verði formaður.

Um 2. gr.

Hér er lagt til, að gerð verði allmikil formbreyting frá því fyrirkomulagi, sem verið hefur. Hins vegar verður varla sagt, að efnisbreyting sé mikil.

Nú er hátturinn sá, að hver sveitarstjórn, sem lög nr. 84/1943 taka til, á að semja sérstaka byggingarsamþykkt fyrir sveitarfélagið, og er samþykktin síðan lögð til staðfestingar ráðuneytisins. Í reynd hefur reglan verið sú, að fylgt hefur verið að verulegu leyti byggingarsamþykkt Reykjavíkur.

Árið 1948 gaf félagsmálaráðuneytið út sérstaka fyrirmynd að byggingarsamþykktum fyrir skipulagsskylda staði, augl. nr. 97/1948, og var hún í meginatriðum byggð á þágildandi byggingarsamþykkt Reykjavíkur. Byggingarsamþykktir, sem settar hafa verið frá því ári, hafa að mestu, ef ekki öllu leyti, verið gerðar samkvæmt þeirri fyrirmynd. Ný fyrirmynd var gefin út nýlega, augl. nr. 22/1967. Hafa nú þegar verið gefnar út a. m. k. 25 byggingarsamþykktir eftir henni, en við gerð hennar var mjög höfð hliðsjón af byggingarsamþykkt Reykjavíkur nr. 39/1965.

Hér fer á eftir yfirlit um byggingarsamþykktir, sem settar hafa verið á skipulagsskyldum stöðum, eftir því sem næst verður komizt:

1. Akranes: 1) nr. 45 26. apríl 1928, 2) nr. 195 1. febrúar 1949.
2. Akureyri, nr. 6. 1. febrúar 1928.
3. Bessastaðahreppur, nr. 30 4. febrúar 1962.
4. Blönduós, nr. 104 30. júní 1967.
5. Bolungarvík, nr. 52 30. marz 1916.
6. Borgarnes, nr. 129 10. nóvember 1914.
7. Dalvíkurhreppur, nr. 86 24. maí 1967.
8. Egilsstaðahreppur, nr. 86 24. maí 1967.
9. Eskifjörður, nr. 64 7. ágúst 1928.
10. Eyrarbakki, nr. 14 4. marz 1932.
11. Garðahreppur, nr. 111 14. janúar 1961.
12. Glerárþorp, nr. 195 5. desember 1949.
13. Grenivíkurþorp, nr. 86 24. maí 1967.
14. Hafnarfjörður: 1) nr. 114 25. ágúst 1916, 2) nr. 94 31. maí 1960, 3) nr. 86 24. maí 1967.
15. Hafnarhreppur, nr. 104 30. júní 1967.
16. Hauganes, Árskógshreppi, nr. 86 24. maí 1967.
17. Hella, Rangárvallasýslu: 1) nr. 113 6. júlí 1962, 2) nr. 104 30. júní 1967.
18. Hnífsdalur, nr. 18 31. marz 1933.
19. Hrafnagilshreppur, nr. 86 24. maí 1967.
20. Húsavík: 1) nr. 57 15. apríl 1939. 2) nr. 104 30. júní 1930.
21. Hvammstangahreppur, nr. 86 24. maí 1967.

22. Hvolsvallarkauptún, nr. 104 30. júní 1967.
23. Höfðahreppur, nr. 86 24. maí 1967.
24. Ísafjörður: 1) nr. 172 23. ágúst 1943, 2) nr. 86 24. maí 1967.
25. Kaldrananeshreppur, nr. 86 24. maí 1967.
26. Keflavík: 1) nr. 75 27. júlí 1932, 2) nr. 104 30. júní 1967.
27. Kópavogur, nr. 102 20. júlí 1954.
28. Mosfellshreppur, nr. 125 15. júlí 1960.
29. Neskauptún (-staður): 1) nr. 84 23. desember 1927, 2) nr. 195 23. marz 1949.
30. Njarðvíkurhreppur, nr. 86 24. maí 1967.
31. Ólafsfjörður, nr. 74 27. júlí 1932.
32. Ólafsvík, nr. 223 28. desember 1951.
33. Patreksfjörður: 1) nr. 7 1. febrúar 1928, 2) nr. 195 30. september 1949.
34. Sauðárkrókur, nr. 72 23. maí 1917.
35. Selfoss: 1) nr. 83 11. júní 1942, 2) nr. 86 24. maí 1967.
36. Seltjarnarneshreppur: 1) nr. 123 15. júlí 1960, 2) nr. 86 24. maí 1967.
37. Siglufjörður: 1) nr. 85 23. desember 1927, 2) nr. 103 30. september 1935, 3) nr. 53 22. júní 1938, 4) nr. 195 5. ágúst 1949, 5) nr. 86 24. maí 1967.
38. Skeggjastaðahreppur, nr. 86 24. maí 1967.
39. Stykkishólmur, nr. 75 9. júní 1917.
40. Súðavík, nr. 104 30. júní 1967.
41. Vatnsleysustrandarhreppur, nr. 10 22. febrúar 1960.
42. Vestmannaeyjar: 1) Lög um lögreglusamþykkt og byggingarsamþykkt fyrir Vestmannaeyjasýslu, nr. 27/1913, 2) Byggingarsamþykkt, nr. 69 4. október 1927, 3) nr. 86 24. maí 1967.
43. Þingeyri: 1) nr. 117 30. desember 1932, 2) nr. 104 30. júní 1967.
44. Þykkvibær, Djúpárhreppi, nr. 86 24. maí 1967.

Skv. sérlögum fyrir Reykjavík hafa verið settar byggingarsamþykktir sem hér segir:

1. Byggingarsamþykkt frá 7. september 1903.
2. Breyting, nr. 59 16. maí 1904.
3. Viðauki, nr. 86 16. júní 1915.
4. Breyting, nr. 43 27. júní 1924.
5. Byggingarsamþykkt, nr. 195 22. október 1945.
6. Byggingarsamþykkt, nr. 39 24. marz 1965.

Þegar þetta er athugað, virðist eðlilegt að sett sé almenn byggingarreglugerð, sem gildi á öllum skipulagsskyldum stöðum, og er því gerð tillaga um slíkt. Var þessi hugmynd sett fram á ráðstefnu um skipulags- og byggingarmál, sem Samband íslenzkra sveitarfélaga og Skipulagsstjórn ríkisins gengust fyrir árið 1965. Var einróma samþykktur þar stuðningur við það, að „endurskoðuð og samræmd byggingarsamþykkt verði hið fyrsta tekin í notkun á öllum skipulagsskyldum stöðum í landinu". Fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga hefur einnig fallizt á slíka skipan.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir þeim möguleika, að sveitarstjórn, sem óskar að hafa sérstaka byggingarsamþykkt fyrir sveitarfélagið, geti átt slíks kost.

Um 3. gr.

Eðlilegt getur verið, að byggingarreglugerð taki aðeins til þess hluta skipulagsskylds staðar, sem er þéttbýli. Gera má ráð fyrir því, að sveitahreppar verði í vaxandi mæli skipulagsskyldir, og þykir því rétt að takmarka gildissvið að þessu leyti.

Að sjálfsögðu er æskilegast, að öll mannvirki á skipulagsskyldum stað fullnægi ákvæðum byggingarreglugerðar. Reynsla sýnir hins vegar, að álitlegur fjöldi bygginga á skipulagsskyldum stöðum hefur verið reistur án byggingarleyfis. Þykir réttara að veita slíkum byggingum þegnrétt, skv. ákveðnum undanþágureglum, sem

ættu fyrst og fremst að gilda um hús, sem þegar eru reist, en skipa þeim utangarðs um alla framtíð. Þá er og ljóst, að ekki eiga að öllu leyti við sömu reglur í stærstu kaupstöðum og á hinum fámennari skipulagsskyldum stöðum.

Rétt þykir að heimila strangari reglur, þegar sérstaklega stendur á, t. d. vegna friðunar vatnsbóla, sérstakra náttúrufyrirbrigða o. s. frv.

II. kafli.

Um 4. gr.

Ástæðulaust þykir að hafa sérstakar byggingarnefndir á hinum smærri stöðum, þar sem umsvif eru lítil, og hreppsnefnd gæti auðveldlega tekið á sig störf byggingarnefndar.

Í 2. gr. laga nr. 61/1944 er kveðið á um skipan byggingarnefndar Reykjavíkur. Hér er sú breyting ein gerð á, að felld eru niður ákvæði um það, að skipulagsstjóri ríkisins eigi sæti í byggingarnefnd með atkvæðisrétti. Samkvæmt því, sem segir síðar í greininni og 2. mgr. 2. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á hann rétt á að sitja fundi allra byggingarnefnda með málfrelsi og tillögurétti. Óeðlilegt þykir hins vegar, að hann fari með atkvæðisrétt í einni af öllum byggingarnefndum landsins. Til greina kæmi að fjölga kjörnum fulltrúum, en lagt er til, að Arkitektafélag Íslands tilnefni einn fulltrúa í nefndina.

Í núgildandi lögum er ákveðið, að húsameistari borgarinnar sitji í nefndinni. Sú skipan er frá þeim tíma, er þetta embætti fór með skipulagsmál fyrir borgina. Ástæðulaust virðist að binda þetta við annað en arkitekt í þjónustu borgarinnar, en það er hins vegar æskilegt.

Að öðru leyti þarf greinin varla skýringar við.

Um 5. gr.

1. og 2. mgr. eru að mestu leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 61/1944.

3. og 4. mgr. eru nýmæli í lögum. Í Reykjavík hefur borgarstjórn falið borgarráði fullnaðarafgreiðslu mála, meðan sumarleyfi borgarstjórnar standa, enda mundi verða óhæfilegur dráttur mála að öðrum kosti. Þykir rétt að lögfesta heimild til slíks.

5. mgr. er í samræmi við ákvæði í 4. gr. laga nr. 61/1944. Nýmæli er þó að setja málskotsrétti nokkur tímatakmörk, en slíkt þykir sjálfsagt.

Um 6. gr.

Ákvæði greinarinnar þarfnast ekki skýringar.

III. kafli.

Um 7. gr.

Er í samræmi við E-lið 6. gr. laga nr. 19/1905, sbr. og F-lið.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Í þessari grein og næstu grein eru gerðar tillögur um nýtt fyrirkomulag varðandi rétt manna til að gera uppdrætti að húsum og öðrum mannvirkjum, en sá réttur hefur hingað til byggzt á ákvæðum í byggingarsamþykktum, en framkvæmd mun hafa verið alllaus í reipum.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringar sérstaklega umfram það, sem segir í skýringu við næstu greinar.

Um 11. gr.

Lagt er til, að tekin verði upp svokölluð landslöggilding með þeim réttindum og skyldum, sem nánar er lýst í greininni, sbr. og 13. gr. Hér er um nýmæli að ræða. Þykir eðlilegt, að menn, sem fullnægi tilteknum þekkingarkröfum, geti fengið viðurkenndan rétt sinn til starfa, þar sem lögin gilda, með þeim takmörkunum þó, að sveitarfélög, sem óska, geti þó gert strangari kröfur.

Sjálfsagt virðist, að fyrst og fremst arkitektar geti fengið þennan rétt. Þá þykir og eðlilegt, að byggingarverkfræðingar og byggingartæknifræðingar geti fengið slíkan rétt eins og verið hefur, en rétt þykir að áskilja nokkra starfsreynslu á teiknistofu, áður en landslöggilding er veitt. Hins vegar er lagt til að takmarka megi frá og með árinu 1972 rétt þeirra, er þá sækja um slíkt, þannig að binda megi hann tilteknum skilyrðum, t. d. tilteknum menntunarkröfum eða starfsreynslu.

Þá virðist og eðlilegt, að unnt verði að veita landslöggildingu þeim aðilum, sem starfað hafa að gerð uppdrátta og fengið staðgóða reynslu í slíkum störfum, þótt ekki fullnægi þeir þeim skilyrðum um próf, sem greinin gerir ráð fyrir. Hins vegar þykir ekki rétt að gera ráð fyrir þessu fyrirkomulagi til frambúðar.

Um 12. gr.

Nauðsynlegt þykir að heimilað sé að veita svokallaða staðarlöggildingu, þar sem vægari skilyrði séu að öllum jafnaði. Vegna skorts á sérmenntuðum mönnum víða um land verður að hafa slíkan hátt á, þótt stefna beri að því, að slík skilyrði séu sem áþekkust skilyrðum til landslöggildingar.

Um 13. gr.

Virðist ekki þarfnast skýringar.

Um 14. gr.

Virðist ekki þarfnast skýringar.

Um 15. gr.

Í byggingarsamþykktum, hinum nýrri a. m. k., er svo ákveðið, að byggingarleyfi falli úr gildi, ef ekki er farið að nota það innan árs. Ef bygging er hins vegar hafin, getur leyfi haldið gildi sínu von úr viti, þótt bygging stöðvist jafnvel áratugum saman og allar aðstæður breytist. Er nauðsynlegt, þegar þannig stendur á, að byggingarnefnd geti tekið leyfið til endurskoðunar.

IV. kafli.

Við samningu frv. þessa þurfti fljótlega að taka afstöðu til þess, hvaða reglur skyldu gilda um ábyrgð á byggingarframkvæmdum. Ákvæði þessa kafla eru í meginatriðum samin í samvinnu við fulltrúa frá Arkitektafélagi Íslands, Meistarasambandi byggingarmanna og Verkfræðingafélagi Íslands. Þá áttu fulltrúar Tæknifræðingafélags Íslands kost á að kynna sér tillögur þær, sem unnið var að. Einnig var málið rætt við fulltrúa frá Landssambandi iðnaðarmanna.

Á frumstigi athugunar lagði fulltrúi Verkfræðingafélagsins fram svo hljóðandi greinargerð:

„Inngangur:

Vegna samningar á frumvarpi til nýrra byggingarlaga, sem borgarlögmanni, Páli Líndal, hefur verið falið að semja, sneri hann sér m. a. til Verkfræðingafélags Íslands með beiðni um, að félagið tilnefndi mann til viðræðna um ákveðin atriði. Undirritaður var tilnefndur og boðaður til fundar 30. sept. s. l. (þ. e. 1966), ásamt fulltrúa frá Meistarasambandi byggingamanna og Arkitektafélagi Íslands.

Greinargerð:

Atriði þau, sem borgarlögmaður kvað sennilegt að taka þyrfti afstöðu til, er það, hverjir hafa megi umsjón með byggingarframkvæmdum og bera ábyrgð á þeim gagnvart byggingarnefndum. Undirritaður hefur rætt þessi atriði við stjórn Verkfræðingafélags Íslands, og á ofangreindum fundi lýsti hann eftirfarandi áliti:

Það er mjög óheppilegt, að fleiri en einn maður hafi umsjón með og beri ábyrgð á byggingarframkvæmdum. Einkum eru það tvö atriði, sem styðja það, að heppilegra er að fela þetta einum manni. Hið fyrra er hagkvæmni bæði fyrir húsbyggjandann, sem aðeins þarf að snúa sér að einum aðila og fela honum alla forsjá byggingarinnar, og fyrir það opinbera, þ. e. byggingarfulltrúa, starfsmenn hans og byggingarnefnd, sem einnig þurfa aðeins að krefja einn aðila ábyrgðar. Hið síðara er öryggi á, að ýmis atriði gleymist eigi eða misfarist, þar sem vafi getur leikið á, hvaða meistari eigi að hafa umsjón með viðkomandi atriði, eða meistari hafi ekki verið tilkvaddur til að ljúka ákveðnum verkhluta nógu tímanlega.

Þá má einnig benda á fleiri atriði, t. d. að ákveðin skipulagning jafnvel á minni háttar framkvæmdum er nauðsynleg, enda oftast mikilvægt fjárhagslegt atriði og yrði það eðlilega í verkahring þess, sem umsjón hefði með framkvæmdum.

Þá er einnig heppilegt, að þeir, sem gera teikningar að byggingum, þurfi aðeins að snúa sér að einum aðila og fái þannig öryggi gegn misræmi milli teikninga.

Ýmislegt fleira er hægt að taka fram til rökstuðnings því, að einn maður hafi umsjón með byggingarframkvæmdum.

Næst kemur til álita, hverjir megi hafa þá umsjón með höndum. Margir húsasmíða- og múrarameistarar hafa beint og óbeint gegnt slíku umsjónarverki við margar byggingar, einnig nokkrir arkitektar, byggingaverkfræðingar og byggingatæknifræðingar. Slíka menn ætti byggingarnefnd eða annar opinber aðili að löggilda til þessa starfs og aðra ekki. Þessir menn ættu að vera skyldir að árita byggingarnefndarteikningu, eftir að byggingarfulltrúa hefur verið tilkynnt skriflega um, hver hafi umsjón með framkvæmdum. Að þeir hafi húsasmíða- og múrarameistara í þjónustu sinni (ef þeir eru það ekki sjálfir) leiðir af öðrum lögum, og gæti byggingarnefnd látið þá árita séruppdrætti.

Niðurstöður:

Einn maður, sem nefna mætti byggingarstjóra, skal hafa umsjón með og bera ábyrgð á byggingarframkvæmdum. Byggingarstjóri skal vera húsasmíðameistari, múrarameistari, arkitekt, byggingaverkfræðingur eða byggingatæknifræðingur, sem reynslu hefur í að standa fyrir byggingarframkvæmdum á byggingarstað. Byggingarstjóri skal hljóta löggildingu byggingarnefndar, og setur hún sérstakar reglur um, hvað til löggildingar þurfi. Hinn löggilti byggingarstjóri ber ábyrgð á öllum framkvæmdum við þá byggingu, sem hann hefur tekið að sér. Hann er ábyrgur gagnvart byggingarnefnd, að farið sé eftir byggingarsamþykkt og öðrum opinberum reglum. Hann skal rita á byggingarnefndarteikningu, áður en framkvæmdir hefjast. Hann skal hafa í þjónustu sinni húsasmíða- og múrarameistara (ef hann er hvorugt sjálfur) svo sem lög mæla fyrir, svo og meistara í öðrum iðngreinum eftir því sem ákveðið er í reglum byggingarnefndar. Byggingarnefnd getur ákveðið, að meistarar áriti séruppdrætti."

Frá fulltrúa Meistarasambands byggingarmanna komu fram þessar athugasemdir:

„Einn maður, sem nefna mætti byggingarstjóra, skal hafa umsjón með og bera ábyrgð á byggingarframkvæmdum. Byggingarstjóri skal vera húsasmíða-

eða múrarameistari, byggingarverkfræðingur, sem reynslu hefur í að standa fyrir byggingarframkvæmdum á byggingarstað, arkitekt eða byggingartæknifræðingur, sem lokið hafa sveinsprófi í húsasmíði eða múrsmíði.

Byggingarstjóri skal hljóta löggildingu byggingarnefndar, og setur hún sérstakar reglur um hvað til löggildingar þurfi. Hinn löggilti byggingarstjóri ber ábyrgð á öllum framkvæmdum við þá byggingu, sem hann hefur tekið að sér. Hann er samábyrgur gagnvart byggingarnefnd með meisturum byggingarinnar, að farið sé eftir byggingarsamþykkt og öðrum opinberum reglum. Einnig ber hann ábyrgð á öryggisbúnaði og umgengni á byggingarstað. Hann skal árita byggingarteikningu ásamt húsasmíða- og múrarameistara, áður en framkvæmdir hefjast. Hann skal hafa í þjónustu sinni húsasmíða- og múrarameistara (ef hann er hvorugt sjálfur) svo sem lög mæla fyrir, svo og meistara í öðrum iðngreinum, eftir því sem ákveðið er í reglum byggingarnefndar."

Við samningu frumvarpsins var fylgt þeim meginsjónarmiðum, sem þarna er bent á.

Meðan frv. var á frumstigi, að því er snertir þessi ákvæði, bárust athugasemdir frá Landssambandi iðnaðarmanna. Þar segir svo m. a.:

„Landssamband iðnaðarmanna mótmælir því eindregið, að öðrum en húsasmíða- og múrarameisturum sé veittur réttur til að standa fyrir byggingarframkvæmdum.

Landssamband iðnaðarmanna telur, að hin faglega þekking og reynsla iðnmeistaranna sé haldbezta og öruggasta tryggingin fyrir því, að byggingarframkvæmdir verði vel af hendi leystar. Á hinn bóginn telur Landssambandið, að þessi faglega þekking verði aldrei leyst af hólmi af fræðilegri þekkingu verkfræðinga og húsameistara, og telur því mjög varhugavert að fá þeim í hendur störf, sem iðnmeistarar einir hafa leyst af hendi hér á landi undanfarna áratugi. Eigi verður heldur séð, að nein sérstök þörf sé á því að veita öðrum þessi réttindi, þar sem skv. ákvæðum iðnlöggjafarinnar mun framvegis, eins og hingað til, þurfa iðnmeistara til að standa fyrir allri faglegri vinnu við húsagerð. Sýnast því ákvæði nefnds lagafrumvarps mundu verða fremur til hækkunar á byggingarkostnaði en hitt og mun mörgum þykja það að bera í bakkafullan lækinn.

Hins vegar mun það vafalaust verða til bóta að gera aðeins einn aðila ábyrgan gagnvart byggingaryfirvöldum og eðlilegast, að sá aðili sé annað hvort húsasmíða- eða múrarameistari."

Eftir að þessar athugasemdir komu fram, létu fulltrúar Arkitektafélagsins og Verkfræðingafélagsins í ljós álit sitt. Í áliti fulltrúa Arkitektafélagsins segir á þessa leið:

„Það er mjög réttilega á það bent í bréfinu, að gagnvart byggingaryfirvöldum sé eðlilegt, að aðeins einn aðili sé ábyrgur. En breyttir tímar og breytt form byggingarframkvæmda hamla því, að mögulegt sé að þessi eini ábyrgi aðili geti í öllum tilfellum verið húsasmíða- eða múrarameistari.

Þar með er ekki verið að gera lítið úr hinni verklegu þekkingu. Hún er hin mikilvægasta og í alla staði nauðsynleg, og því eðlilegt, að hér eftir sem hingað til þurfi iðnmeistara til að standa fyrir allri fagvinnu við húsagerð.

Verksvið þessa „eina ábyrga aðila" eða byggingarstjóra, sem svo er nefndur í frumvarpinu, er miklu víðtækara en það að geta eingöngu flokkazt undir að vera faglegt, þar eð byggingarstjóra er ætlað það verk að vera eins konar framkvæmdastjóri á byggingarstað.

Verkefni þessa „framkvæmdastjóra" á fyrst og fremst að vera sem tengiliður allra iðnmeistara, sem að byggingunni koma, og að sjá um, að rétt efni og tæki séu til staðar á réttum tíma. Við allar smærri byggingarframkvæmdir er eðlilegt, að þessi byggingarstjóri sé annað hvort trésmíða- eða múrarameistari hússins. Verkið er í slíkum tilfellum ekki svo margbrotið, en strax og verk-

efnin stækka þarf það yfirgripsmikla þekkingu til stjórnunar, að ekki er hægt að ætlast til þess, að iðnmeistarar hafi hana.

Mismunandi verkefni hljóta því að gera mismunandi kröfur til menntunar byggingarstjóra.

Sem dæmi um verkefni, sem krefjast meiri menntunar byggingarstjóra en iðnmeistaramenntun, eru ýmsar framkvæmdir Almenna byggingarfélagsins hf., en þar eru það verkfræðingar félagsins, sem vinna störf byggingarstjórans, þó án opinberrar ábyrgðar. Einnig má nefna nýbyrjaðar framkvæmdir í Breiðholtshverfi á vegum ríkis og borgar. Það verkefni er svo stórbrotið og undirbúningur þess svo margslunginn, að það er ekki á annarra færi að stjóra því og standa ábyrgir fyrir framgangi þess, en færustu stærðfræðinga og skipuleggjara.

Það má einnig nefna notkun reikniheila til skipulagningar á byggingarframkvæmdum. Þá þurfa byggingarstjórar að vera færir um að vinna úr svörum reikniheilans.

Þó ekki séu nefnd fleiri dæmi um þörf annarra aðila sem byggingarstjóra en iðnmeistara, ættu þau að sýna, að breytt form byggingarframkvæmda kalla á þennan „eina ábyrga aðila“, og verður að vera hægt að velja færustu menn til þessa starfs allt eftir eðli verkefnisins.

Því er leitazt við, að menn úr öllum stéttum þjóðfélagsins, sem að byggingarmálum starfa, geti gerzt byggingarstjórar og með því stuðlað að betri nýtingu mannafla og efnis og þar með lækkuðum byggingarkostnaði.“

Í áliti fulltrúa Verkfræðingafélagsins segir á þessa leið:

„Vegna umræðna, sem orðið hafa um tillögu að frumvarpi til byggingarlaga, 13. gr. (nú 17. gr.), þar sem fjallað er um löggildingu byggingarstjóra. viljum við undirritaðir taka fram eftirfarandi:

Við teljum, að verkfræðingar, sem fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru fram í 13. (17.) grein frumvarpsins, eigi tvímælalaust að fá heimild til að taka að sér störf byggingarstjóra.

Við flest meiri háttar mannvirki, sem reist hafa verið hér á landi á seinni árum, hafa verkfræðingar verið kvaddir til starfa á byggingarstað og farið þar raunverulega með störf þau, sem byggingarstjóra, skv. lagafrumvarpinu, er ætlað að sjá um.

Með því að veita verkfræðingum heimild til að taka að sér störf byggingarstjóra, er því aðeins verið að staðfesta þá þróun mála, sem orðið hefur á undanförnum árum.

Allir aðilar, sem um mál þetta hafa fjallað, virðast sammála um, að til mikilla bóta verði, að einn maður, þ. e. byggingarstjóri, hafi með höndum yfirstjórn á byggingarstað. Hitt væri að okkar dómi skref aftur á bak, ef hindra ætti verkfræðinga í því að hafa þessi störf með höndum.

Að öðru leyti viljum við vísa til fyrri greinargerðar okkar um þessi mál.“

Með hliðsjón af því, sem fram hefur komið við samningu frv. og áður er rakið, eru gerðar þær tillögur, sem um ræðir í IV. kafla.

Um 16. gr.

Efni hennar er þegar skýrt að framan og virðist ekki ágreiningur um það.

Um 17. gr.

Vísað er í inngangsathugasemdir þessa kafla.

Um 18. gr.

Gera má ráð fyrir, að fyrst um sinn geti verið skortur sérmenntaðra manna á ýmsum stöðum, sem lög þessi taka til. Verður því að vera heimild til að gera vægari kröfur, meðan svo helzt.

Um 19. gr.

Hér er kveðið nánar á um starfssvið byggingarstjóra, en gert er ráð fyrir að setja megi nánari reglur um yfirstjórnina á byggingarstað.

Þótt byggingarnefnd sé fengið vald til að kveða á um verksvið byggingarstjóra, má að sjálfsögðu skjóta úrskurði hennar til félagsmálaráðuneytisins.

Um 20. og 21. gr.

Virðast ekki þurfa skýringar við.

V. kafli.

Um 22. gr.

Í byggingarsamþykktum er ákveðið sérstaklega, hve mikil óbyggð lóð skuli fylgja húsi. Flestar nýrri byggingarsamþykktir hafa ákvæði samhljóða fyrirmynd að byggingarsamþykktum nr. 97/1948, 6. gr. Af eldri ákvæðum má nefna t. d. 15. gr. byggingarsamþykktar fyrir Akureyri, nr. 6/1928. Þar sem þessi ákvæði eru undanþæg, hafa þau ekki haft mjög mikla þýðingu.

Í skipulagslögunum nr. 19/1964 er mælt fyrir um það, að í skipulagi skuli ákveðið nýtingarhlutfall í einstökum hverfum; nýtingarhlutfall er skýrgreint á þann veg, að það sé hlutfallið milli samanlagðs gólffletar húss og lóðarstærðar. Í 13. gr. reglugerðar um skipulagsáætlanir nr. 210/1966 er kveðið nánar á um þessi efni. Eigi að síður þykir rétt, að þetta sé tekið í byggingarreglugerð.

Hin sívaxandi bifreiðaeign og umferð hefur skapað mjög aukna nauðsyn á því, að séð sé fyrir bifreiðastæðum. Eru ekki mörg ár síðan farið var að hugsa fyrir slíku, en reynslan hefur sýnt, að kröfur til bifreiðastæða hafa jafnan gengið of skammt. Þá er og nauðsynlegt, að ákveðið sé hve mikið leiksvæði barna skuli vera á lóðum íbúðarhúsa, ef þetta er ekki beinlínis tekið fram í skipulaginu.

Um 23. gr.

Eðlilegast er að sjálfsögðu, að bifreiðastæði og leiksvæði séu gerð á lóð hlutaðeigandi húss og við gerð skipulags nýrra svæða ber að sjálfsögðu að stefna að því.

Þegar um er að ræða eldri hverfi eða endurskipulagningu eldri hverfa, er oft á tíðum ókleift að sjá fyrir slíku. Hins vegar getur verið eðlilegt, að byggt sé á lóð, þótt svo standi á, t. d. fyllt í skarð í húsaröð o. s. frv. Ákvæði greinarinnar fjalla um slíkt, og er reynt að taka tillit til hagsmuna beggja aðila, sveitarstjórnar og lóðarhafa, svo sem unnt er.

VI. kafli.

Um 24. gr.

Nú munu mjög takmarkaðar heimildir fyrir opinbera aðila að taka í taumana, ef húseigandi spillir útliti hverfis með lélegu viðhaldi eða ósmekklegum frágangi. Virðast það augljósir almannahagsmunir, að unnt verði að bæta úr þessu. Þá virðist ekki síður nauðsynlegt, að veitt verði bein heimild til að fjarlægja hús eða hluta þess, ef almenn hætta stafar af.

Að sjálfsögðu verður að beita þessum ákvæðum með gætni, en einnig hafa í huga þær heimildir, sem húseigandi hefur til málskots.

Um 25. gr.

Efni þessarar greinar er nýmæli. Reynslan hefur sýnt, að nauðsynlegt getur verið að hafa þær heimildir, sem greinin veitir, þótt beita verði þeim með mikilli varúð.

Um 26. gr.

Hingað til hefur lítið að því kveðið, að gróður á lóðum skapaði óþægindi. Nú er svo komið, að slíkt getur vel átt sér stað, t. d. með því að trufla umferð og skerða birtu í íbúðum. Þykir því rétt að veita byggingarnefndum heimild til að bæta úr slíkum óþægindum.

VII. kafli.

Um 27. gr.

Í 27. gr. er bent á nokkur helztu efnisatriði væntanlegrar byggingarreglugerðar, en upptalning er engan veginn tæmandi.

Nú um nokkurt skeið hafa komið á markaðinn ýmiss konar ný byggingarefni. Þótt reynslan af mörgum þeirra sé góð, virðist sjálfsagt, að heimilað verði að banna notkun á efni, sem ekki reynist heppilegt.

VIII. kafli.

Á undanförnum árum hefur mjög verið rætt um friðun einstakra húsa og jafnvel ákveðinna hverfa. Í þeim miklu umbyltingum, sem orðið hafa hér á landi á liðnum áratugum, hafa ýmis merkileg hús verið rifin eða þeim stórspillt, oft í algeru hugsunarleysi, stundum af hreinni skammsýni.

Í landi eins og Íslandi, þar sem fátt er gamalla bygginga, virðist sérstök nauðsyn á að vernda þær, sem hafa gildi, og er skilningur á því vaxandi. Stofnun Árbæjarsafns í Reykjavík og flutningur gamalla húsa þangað, svo og varðveizla húsa á Akureyri og víðar, eru merkileg viðleitni til að tengja fortíð og nútíð. Sérstök ástæða er einnig til að benda á stórmerkilegt brautryðjandastarf Harðar Ágústssonar listmálara við rannsókn gamalla bygginga, en það starf hefur orðið til að opna mjög augu manna fyrir nauðsyn þess, að spornað sé við eyðingu gamalla bygginga og jafnframt hafið skipulagt starf til varðveizlu þeirra.

Um það má deila, hvort ákvæði um friðun húsa eigi heima í byggingarlögum, og benda má á, að sérstök nefnd hefur verið skipuð til að kanna möguleika á lagasetningu um þessi efni.

En þar sem vænta má, að samning frumvarps um það efni taki nokkurn tíma, en stórhætta á, að óbætanleg spjöll verði unnin, hvenær sem er, virðist skynsamlegt að framkvæmd friðunarmála verði felld inn í eftirlitskerfi, sem er þegar fyrir hendi, og fái þar með þær tiltölulega ríku heimildir, sem frv. þetta veitir, og þar sem ætla má, að nokkur reynsla gæti orðið til stuðnings vandaðri löggjöf um friðunarmál, þá hefur orðið að ráði að taka ákvæði um friðun í frv. þetta. Er það gert að undangengnum viðræðum við þjóðminjavörð og með vitund hans.

Um 28. gr.

Gert er ráð fyrir, að sveitarstjórn eigi frumkvæði að friðun. Að sjálfsögðu útilokar það ekki aðra aðila til að hafa áhrif á þessi mál. Ábendingar kunnáttumanna mundu að sjálfsögðu skipta miklu máli.

Við mat á því, hvort rétt sé að friða hús, koma ýmis atriði til álita, t. d. sögulegt og/eða listrænt gildi hússins, hvaða möguleikar eru til að varðveita húsið á sínum stað frá skipulagssjónarmiði, hver kostnaður er við friðlýsingu, bæði hugsanlegar bætur til eiganda og annar kostnaður.

Að öðru leyti virðist greinin skýra sig sjálf.

Um 29. gr.

Friðlýsing, skv. frv., getur verið tvenns konar, annars vegar alger friðlýsing, þar sem allar breytingar eru bannaðar, en hins vegar takmörkuð friðlýsing, þar sem aðeins má breyta að tilteknu marki.

Líklegt má telja, að friðlýsing taki alltaf til ytra útlits húss, en þyrfti ekki að taka til innréttingar. Í mörgum tilvikum yrðu breytingar innan húss takmarkaðar að meira eða minna leyti. Rétt er að benda á, að æskilegast er, að búið sé í friðlýstum húsum og því nauðsynlegt, að leyfðar verði breytingar, þannig að húsin séu sæmileg íbúðar. Slíkar breytingar yrðu þó að fara fram undir eftirliti, ef um merkileg hús væri að ræða.

Ákvæði þessarar greinar eru áþekk því, sem er í nálægum löndum.

Um 30. og 31. gr.

Virðast ekki þurfa skýringar við. Rétt er þó að taka fram, að friðlýsing húss hefur gildi fyrir þjóðina í heild, þannig að eðlilegt er, að ríkissjóður beri hluta kostnaðar við slíkt.

Um 32. gr.

Rétt þykir að fela byggingarnefndum eftirlit með friðlýsingu eins og annað eftirlit, skv. frv. þessu. Að sjálfsögðu mætti hugsa sér sérstakt eftirlitskerfi, að því er snertir friðlýsinguna, en hætt er við, að það kerfi yrði misjafnlega virkt í framkvæmd og þar með lítils virði. Náið samstarf við sveitarstjórn þá, sem í hlut á, er nauðsynlegt, ef það markmið á að nást, sem að er stefnt. Má ætla, að skilningur sveitarstjórna á þessum málum hafi aukizt mjög á seinni árum.

Um 33. gr.

Þar sem framkvæmd laga þessara er undir yfirstjórn félagsmálaráðherra, er gert ráð fyrir, að setning reglugerðar um friðlýsingu sé í höndum hans. Færa má rök fyrir því, að eðlilegra væri, að menntamálaráðherra fjallaði um það mál, en tvískipting getur skapað vandamál, sem ekki er hægt að sjá fyrir nú, og er því lagt til, að sá háttur verði á hafður, sem greinin gerir ráð fyrir.

IX. kafli.

Gatnagerðargjöld eiga sér skamma sögu hér á landi. Fyrstu lagaákvæði um slík gjöld er væntanlega að finna í 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 19/1964. Gjaldtaka sú, sem þar ræðir um, er eingöngu bundin við land, sem er í einkaeign og breytt í byggingarlóðir.

Gatnagerðargjöld af leigulóðum munu fyrst hafa verið tekin upp í Kópavogi, en hafa verið innheimt af leigulóðum, sem úthlutað hefur verið í Reykjavík eftir 15. júlí 1958. Síðan hafa ýmis sveitarfélög komið á eftir, og má vænta þess, að fleiri taki slíkt upp. Gjald eins og t. d. það, sem krafið er í Reykjavík, er ekki skattur, heldur samningsbundin greiðsla í sambandi við úthlutun leigulóðar.

Gatnagerðargjald er ekki almennt hugsað sem endurgjald fyrir landverð. Ef sérstakur og óvenjulegur kostnaður er við kaup á landi, sem breytt er í byggingarlóðir, er ekki óeðlilegt að taka megi tillit til slíks, og sjálfsagt virðist að taka megi nokkurt tillit til þess, ef kaupa þarf til niðurrifs hús eða önnur mannvirki, sem á landinu eru. Gatnagerðargjaldið er fyrst og fremst hugsað sem endurgjald fyrir þann kostnað eða hluta þess kostnaðar, sem er við það að gera lóð byggingarhæfa. Hér er um að ræða kostnað við að gera götuna, þ. e. malargötu með holræsi, en einnig getur komið til kostnaður við að gera varanlegt slitlag og gangstétt.

Þar sem alkunnugt er, að mikill kostnaður er því samfara að gera lóðir byggingarhæfar, og eftirspurn eftir lóðum er að jafnaði meiri en hægt er að sinna, virðist á engan hátt óeðlilegt, að þeir, sem lóðir fá, greiði sérstaklega fyrir slíkt. Þá má og geta þess, að slíkt gjald stuðlar að því, að umsóknir verði raunhæfari en ella mundi. Reynsla hefur sýnt það, að lóðarumsækjendum er gjarnt, ef engar greiðslur koma fyrir, að sækjast eftir stærri lóðum en þeir hafa þörf á um fyrir-

sjáanlega framtíð; slíkt getur valdið sveitarfélögum óþarfa kostnaði. Þá má og benda á, að úthlutun lóða án greiðslu er fallin til að ýta undir brask með lóðir, a. m. k. meðan lóðaþörf er ekki algerlega fullnægt.

Um 34. gr.

Ekki þykir fært að leggja til, að lögboðin verði ein gjaldskrá gatnagerðargjalda vegna mjög mismunandi aðstæðna á skipulagsskyldum stöðum. Sumar sveitarstjórnir munu tæplega krefja gjaldið að sinni. Þá er líklegt, að sveitarstjórnir hafi mismunandi sjónarmið við ákvörðun gjaldsins. Er því lagt til, að gjaldið verði ákveðið í gjaldskrá, sem sveitarstjórn semur, en ráðherra staðfestir.

Um 35.—38. gr.

Við samningu frumvarpsins kom mjög til athugunar, hvort hægt væri að samræma meira en hér er gert álagningarreglur gatnagerðargjalds. Þótt slíkt geti verið æskilegt, var þó ekki talinn grundvöllur til að gera slíkt, a. m. k. ekki að svo stöddu. Sennilegt þykir þó, að þróunin muni stefna í þá átt, og er ákvæði 4. mgr. 36. gr. m. a. ætlað að stuðla að slíku.

Ákvæði þessa kafla eiga að koma í stað laga nr. 42/1911, um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík o. fl., og áþekk lög fyrir Akureyri nr. 66/1917, og lög fyrir aðra kaupstaði nr. 18/1920.

Að öðru leyti virðast ákvæði þessa kafla varla þurfa skýringar við.

X. kafli.

Óhæfilega mikið hefur verið af því, að einstaklingar réðust í húsbyggingar eða breytingar á húsum, án þess að hafa tilskilin leyfi til slíks. Sjálfsagt má rekja þetta til ónógrar röggsemi stjórnenda sveitarfélaga og annarra yfirvalda, en einnig hefur meðferð þessara mála stuðlað að slælegri lagaframkvæmd, því að hún hefur verið ákaflega þung í vöfum.

Er ákvæðum þessa kafla ætlað að greiða fyrir því, að byggingarnefndir fái betri möguleika til að stöðva framkvæmdir, sem hafnar eru, án þess að byggingarleyfi sé fyrir hendi.

Um 39. gr.

Greinin kemur í stað 1. mgr. 6. gr. laga nr. 61/1944, sbr. 8. gr. laga nr. 19/1905.

Um 40. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli og eiga að stuðla að greiðari lagaframkvæmd. Brot, sem greinin tekur til, eru að öllum jafnaði svo augljós, að réttaröryggi telst tæplega skert, þótt leyfðar verði þær aðgerðir, sem greinin gerir ráð fyrir, enda réttur þess, sem fyrir banni verður, sæmilega tryggður með ákvæðum 41. gr.

Um 41. gr.

Virðist ekki þurfa skýringar við.

Um 42. gr.

Virðist ekki þurfa skýringar við, sbr. 39. gr.

Um 43.—45. gr.

Þarfnast ekki skýringa. Ákvæðin koma m. a. í stað ákvæða í 6. gr. laga nr. 61/1944.

Nd. 244. Frumvarp til laga [113. mál]

um brunavarnir og brunamál.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

I. KAFLI
Stjórn brunamála.

1. gr.

Félagsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn brunamála í landinu.

2. gr.

Brunamálastofnun ríkisins fer með daglegan rekstur brunamála, og er verksvið hennar svo sem hér segir í 3. gr.

Ráðherra skipar brunamálastjóra ríkisins til að veita brunamálastofnuninni forstöðu, og skal hann vera verkfræðingur með sérþekkingu á brunamálum. Brunamálastjóri er jafnframt ráðunautur ríkisstjórnarinnar um allt, sem að brunamálum lýtur.

Brunamálastjóri ræður starfsmenn brunamálastofnunarinnar í samráði við ráðuneytið, og taka þeir laun skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna.

3. gr.

Auk þess, er segir í 2. gr., er verksvið brunamálastofnunarinnar eftirfarandi:

a. Að leiðbeina sveitarstjórnum (bæjarstjórnum og hreppsnefndum) um allt það, er lýtur að brunavörnum, þar með talið eftirlit með því, að nýbyggingar, viðbætur og endurbætur á vatnsveitukerfum komi að sem mestum notum við slökkvistarf.
b. Að hafa á hendi brunavarnaeftirlit með öllum meiriháttar atvinnufyrirtækjum, verksmiðjum, birgðastöðvum fyrir olíu og benzín, verkstæðum, skólum, samkomuhúsum, sjúkrahúsum, hótelum o. s. frv.
c. Að yfirfara uppdrætti af nýbyggingum, viðbótum og meiriháttar breytingum á mannvirkjum töldum í b-lið, til þess að ganga úr skugga um, að lögum og reglugerðum um brunamál sé fullnægt. Óheimilt er að afgreiða slíka uppdrætti í byggingarnefndum eða hefja framkvæmdir, nema brunamálastofnunin hafi áður samþykkt uppdrættina.
d. Að vinna að samræmingu á brunahönum, slöngutengingum og öðrum slökkvibúnaði.
e. Að hafa æfingar með slökkviliðum og halda námskeið fyrir slökkviliðsmenn.
f. Að halda uppi rannsóknarstarfsemi á sviði brunamála, leiðbeina um val og uppsetningu á slökkvibúnaði og aðvörunarkerfum.
g. Að beita sér fyrir aukinni kynningar- og fræðslustarfsemi varðandi brunavarnir, þar með talið að semja árlega skýrslu um orsakir eldsvoða. Skulu slíkar skýrslur sendar tryggingafélögunum og aðalniðurstöður þeirra birtar opinberlega.
h. Að undirbúa og endurskoða, eftir því sem þörf er á, reglugerðir um brunamál, og sjá svo um, að þær séu ávallt í samræmi við kröfur tímans.
i. Að hafa samvinnu við samsvarandi stofnanir í nágrannalöndunum og fylgjast með framförum og nýjungum erlendis á sviði brunavarna.

4. gr.

Kaupstaðir og kauptún, þar sem íbúar eru 300 eða fleiri, skulu halda uppi brunavörnum, er séu í samræmi við eðlilegar kröfur um öryggi gegn eldsvoða, og kosta þær.

Heimilt er sveitarstjórn að kjósa sérstaka brunamálanefnd til að fara með brunamál í sveitarfélaginu, og ákveður hún tölu nefndarmanna o. s. frv., sbr. 30. gr.

Ef brunamálanefnd er ekki kosin, fer bæjarstjórn (bæjarráð) eða hreppsnefnd með störf brunamálanefndar. Þegar talað er í lögum þessum um brunamálanefnd, er einnig átt við þessa aðila.

Ályktanir brunamálanefndar eru háðar samþykki sveitarstjórnar.

Sá, sem telur rétti sínum hallað með ályktun sveitarstjórnar (brunamálanefndar), getur skotið slíkri ályktun til félagsmálaráðherra, sem fellir fullnaðarúrskurð um málið að fenginni umsögn brunamálastjóra.

Ráðuneytið getur ákveðið, að ákvæði þessarar greinar skuli gilda utan kaupstaða og kauptúna. Þar fer hreppsnefnd með verkefni brunamálanefndar.

II. KAFLI
Um slökkvilið og slökkvistarf.

5. gr.

Brunavarnir, skv. 4. gr., eru m. a. í því fólgnar, að hlutaðeigandi sveitarfélag hafi slökkvilið, sem fullnægi þeim kröfum um öryggi, sem unnt er að krefjast miðað við aðstæður.

6. gr.

Sveitarfélögum, sem lög þessi ná til, skv. 4. gr., er skylt að leggja til og halda við nauðsynlegum tækjum og útbúnaði til slökkvistarfs og brunavarna, þar með talið nauðsynlegt húsnæði. Þeim ber og að hlutast til um, að nægilegt vatn sé fyrir hendi til slökkvistarfs.

7. gr.

Sveitarstjórn skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra að fengnum tillögum brunamálanefndar. Slökkviliðsstjóri, en í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri, er yfirmaður og stjórnandi slökkviliðs. Hann hefur og umsjón með öllum tækjum slökkviliðsins og brunahönum.

8. gr.

Allir verkfærir karlmenn 18—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í sveitarfélagi, eru skyldir til þjónustu í slökkviliði. Þeim er skylt að koma til slökkviæfinga allt að 20 klst. á ári, og auk þess skulu þeir koma hvenær sem eldsvoða ber að höndum, skv. nánari reglum um útköll. Brunamálanefnd skipar menn í slíkt slökkvilið, að fengnum tillögum slökkviliðsstjóra. Um þóknun fyrir störf í slökkviliði fer eftir ákvörðun sveitarstjórnar. Heimilt er að skjóta ákvörðun hennar til fullnaðarúrskurðar ráðherra.

9. gr.

Í sveitarfélögum, þar sem slökkvilið er skipað fastráðnum starfsmönnum, má takmarka skyldur samkv. 8. gr. eða fella þær niður.

Slökkviliðsstjóra er skylt að sjá um, að slökkviliðsæfingar séu haldnar eins oft og áskilið er í reglugerð.

10. gr.

Slökkviliðsstjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að kveðja til slökkvistarfa eins marga menn og hann telur nauðsynlegt, og getur enginn skorazt undan þeirri skyldu. Slík aðstoð skal veitt án endurgjalds.

11. gr.

Slökkviliðsmenn og aðrir, sem vinna að brunavörnum samkv. kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, skulu slysatryggðir við æfingar og önnur störf

í þágu brunavarna, samkv. ákvæðum í e-lið 31. gr. laga um almannatryggingar nr. 40/1963. Þeir, sem verða fyrir beinu tjóni við slökkvistörf, eiga rétt á að fá tjónið bætt úr sveitarsjóði. Náist ekki samkomulag, skulu skemmdir metnar af dómkvöddum mönnum.

12. gr.

Félagsmálaráðuneytið getur að nokkru eða öllu leyti undanþegið kaupstað eða kauptún þeirri skyldu að hafa slökkvilið, ef hlutaðeigandi sveitarfélag hefur samið um, að slökkvilið í nærliggjandi kaupstað eða kauptúni annist slökkvistarf. Um slíka samvinnu skal gera skriflegan samning, og skal hann staðfestur af félagsmálaráðuneytinu að fenginni umsögn brunamálastofnunarinnar.

13. gr.

Verði eldur laus eða bráð hætta er á, að svo fari, þá skal sá, er þess verður vís, slökkva eldinn eða afstýra hættu, ef honum er það kleift. Geti hann það ekki, skal hann tafarlaust aðvara þá, sem í hættu eru, og kveðja til hjálp.

14. gr.

Hverjum manni er skylt, þegar eldsvoða ber að höndum, að leyfa aðgang að húsi sínu og lóð og una því, að brotið verði niður og rutt burt því, sem til fyrirstöðu er við slökkvistarf. Heimilt er að rífa niður byggingar, ef slökkviliðsstjóri álítur það nauðsynlegt til að stöðva útbreiðslu elds. Slökkvilið hefur rétt til að nota öll tæki og áhöld, sem til næst og að gagni mega koma við slökkvistarf, þegar eldsvoða ber að höndum.

15. gr.

Fjártjón, sem hlýzt af ráðstöfunum samkv. 14. gr., telst brunatjón.

16. gr.

Ef lögreglustjóri býr í sveitarfélaginu, skal hann ásamt lögregluliði staðarins annast löggæzlu við slökkviliðsæfingar og slökkvistörf, en ella hreppstjóri eða sérstakur fulltrúi, sem lögreglustjóri skipar. Við eldsvoða er löggæzlulið á brunastað undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra. Lögreglulið skal sjá slökkviliði fyrir greiðum aðgangi að brunastað, stöðva umferð um nærliggjandi götur, afgirða svæði, sem slökkviliðið þarf til að gegna störfum sínum, og varðveita muni, sem bjargað er frá bruna, þar til þeir eru afhentir réttum aðilum.

17. gr.

Heimilt er slökkviliði, lögreglu eða þeim, sem þessir aðilar kveðja til, að fjarlægja hvern þann, er truflar slökkvistarf, og gera fullnægjandi ráðstafanir til, að hann valdi ekki frekari truflun.

18. gr.

Slökkviliði er heimilt að veita aðstoð við að slökkva eld utan eigin umdæmis. Slökkviliðsstjóri ákveður hverju sinni, hversu mikið af tækjum og mannafla megi senda með hliðsjón af því, að eigin umdæmi sé ekki stofnað í óeðlilega hættu.

Kostnaður við slíka aðstoð telst til brunavarnakostnaðar þess sveitarfélags, sem aðstoðar nýtur. Verði ágreiningur um kostnað, skal hann ákveðinn af dómkvöddum mönnum. Héraðsdómari (í Reykjavík yfirborgardómari) í því umdæmi, sem aðstoð veitir, útnefnir matsmenn.

III. KAFLI
Um brunavarnir og meðferð eldfimra efna.

19. gr.

Í hverju sveitarfélagi skal sveitarstjórn, að fengnum tillögum brunamálanefndar, skipa mann eða menn til að annast sótun og eftirlit með eldfærum.

Um framkvæmd starfsins og gjald fyrir það skal ákveðið í reglugerð.

Félagsmálaráðuneytið getur að fengnum tillögum brunamálastofnunarinnar veitt mönnum réttindi til að setja upp kynditæki og gera við þau.

20. gr.

Eiganda eða umráðamanni fasteignar eða annars mannvirkis er skylt að leggja til og halda við nauðsynlegum tækjum og búnaði til björgunar á fólki úr eldsvoða. Hann skal og, að svo miklu leyti sem eðlilegt getur talizt kostnaðar vegna, sjá um, að fyrir hendi séu tæki og útbúnaður til viðvörunar svo og til að slökkva og hefta útbreiðslu elds. Einnig ber honum að leggja til nægilegan mannafla til eftirlits með brunarústum eftir eldsvoða.

Félagsmálaráðunevtið getur, að fengnum tillögum brunamálastofnunarinnar, lagt svo fyrir, að meiriháttar fyrirtæki geri sérstakar ráðstafanir til að sporna við eldsvoða hjá sér, t. d. með útvegun sérstaks búnaðar til slökkvistarfs og þjálfun tiltekinna starfsmanna í slökkvistarfi.

21. gr.

Nauðsynlegum útbúnaði vegna brunavarna má koma fyrir, hvar sem slíkt telst nauðsynlegt, ef það veldur ekki óeðlilegu tjóni eða óþægindum fyrir eiganda. Brunamálanefnd skal tilkynna aðila fyrir fram um slíkar aðgerðir. Bætur til eiganda skal greiða úr sveitarsjóði. Við ákvörðun bóta skal taka tillit til þess gagns, sem aðili kann að hafa af framkvæmdunum.

22. gr.

Enginn má fara þannig með eld eða eldfim efni, að eldsvoði geti auðveldlega af því hlotizt.

23. gr.

Engum er heimilt að búa til púður eða sprengiefni, nema hann hafi þar til leyfi ráðherra, sem þá setur jafnframt skilyrði til öryggis almenningi og þeim, er að slíkri framleiðslu vinna.

24. gr.

Í reglugerð má kveða á um meðferð, flutning og varðveizlu sprengiefnis. Einnig getur ráðherra sett reglugerð um meðferð og sölu skotelda.

Hver sá, sem flytur inn púður eða sprengiefni, skal hafa til þess leyfi lögreglustjóra. Ef sprengiefni þykir sérstaklega hættulegt í meðförum, má banna innflutning þess.

IV. KAFLI
Um tilkynningu eldsvoða og rannsókn.

25. gr.

Sá, sem verður fyrir brunatjóni, eða sé hann ekki viðstaddur, þá sá, er kemur í hans stað, er skyldur að tilkynna brunann hlutaðeigandi tryggingafélagi, svo og lögreglustjóra, fulltrúa hans, sbr. 16. gr., eða hreppstjóra, svo fljótt sem unnt er.

26. gr.

Héraðsdómari (í Reykjavík sakadómur) skal, eins fljótt og við verður komið, halda réttarrannsókn út af bruna til þess að komast að orsök hans og atvikum öllum. Réttarrannsókn má þó falla niður, ef brunatjón nemur ekki 10 000.00 kr. og eldsupptök eru kunn. Afrit af dómsgögnum skal senda til viðkomandi tryggingafélaga og til brunamálastofnunarinnar. Héraðsdómur skal einnig senda brunamálastofnuninni upplýsingar um eldsupptök, þótt réttarrannsókn fari ekki fram.

V. KAFLI
Um brunavarnagjald o. fl.

27. gr.

a. Öll tryggingafélög og aðrir, er tryggingar annast, skulu greiða brunamálastofnuninni 1.25% af brúttóiðgjaldatekjum vegna brunatrygginga (frumtrygginga) á fasteignum og lausafé. Sama gildir um tryggingu, sem innifelur bæði brunatryggingu og annars konar tryggingu. Skulu framlög þessi greidd ársfjórðungslega og miðast við iðgjaldatekjur ársins á undan. Endanlegt uppgjör við hvert félag fer fram, þegar ársreikningar liggja fyrir.
b. Brunamálastofnun skal semja gjaldskrá og fá hana staðfesta af ráðuneytinu. Í gjaldskrá þessari skal kveðið á um skoðunargjöld og önnur gjöld, er brunamálastofnunin tekur fyrir veitta þjónustu.
c. Það, sem á kann að vanta, að framangreindir tekjustofnar nægi til þess að standa undir rekstrinum, greiðist úr ríkissjóði.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

28. gr.

Slökkviliðsstjóri hefur eftirlit með því í sínu umdæmi, að farið sé eftir lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim.

Honum og eftirlitsmönnum hans skal heimil umferð um híbýli manna, vinnustaði og aðra þá staði, þar sem eftirlits skv. 1. mgr. er þörf.

29. gr.

Nú kemur í ljós, að ákvæði laga þessara eða reglugerðar eru brotin, og skal þá slökkviliðsstjóri þegar í stað gera ráðstafanir til, að úr sé bætt. Hann leggur málið fyrir brunamálanefnd, sem ákveður, hvort senda skuli málið til héraðsdómara (í Reykjavík sakadóms).

Brunamálanefnd getur ákveðið, að framkvæmdar verði nauðsynlegar úrbætur á kostnað eiganda, eða ákveðið honum dagsektir allt að 1000 krónur á dag, unz úr er bætt, og renna þær í sveitarsjóð. Þá getur hún og ákveðið, ef almannahætta stafar af því, að ekki er fylgt settum reglum, að rekstur fyrirtækis sé stöðvaður, framkvæmdum hætt eða aðrar slíkar ráðstafanir gerðar, unz úr hefur verið bætt, og er lögreglu skylt að veita aðstoð við framkvæmd slíkrar ráðstöfunar.

Ef mál er svo vaxið, að slökkviliðsstjóri telur, að ráðstafanir skv. 2. mgr. þoli ekki bið, getur hann látið framkvæma þær þegar í stað, en leggja skal málið fyrir brunamálanefnd svo fljótt sem unnt er.

30. gr.

Nú telur brunamálastjóri, að brotin séu ákvæði laga þessara eða reglugerðar, og brunamálanefnd (slökkviliðsstjóri) gerir ekki fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta, skv. 29. gr., og hefur hann þá rétt til að beita þeim heimildum, sem henni eru veittar í þeirri grein.

Ef hann telur, að sveitarstjórn gegni ekki skyldu sinni skv. lögum þessum, þá er honum heimilt að láta bæta úr á kostnað sveitarsjóðs.

31. gr.

Ráðherra setur, að fenginni tillögu brunamálastjóra, reglugerð, þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd laga þessara.

Heimilt er sveitarstjórn með samþykki ráðherra að setja sérstaka samþykkt um stjórn og meðferð brunamála í sveitarfélaginu.

32. gr.

Um matsgerðir skv. lögum þessum fer skv. lögum nr. 61/1917.

33. gr.

Gjöld og dagsektir skv. lögum þessum, svo og kostnað skv. 2. mgr. 30. gr., má innheimta með lögtaki.

34. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerð skv. þeim varða sektum 1000—100 000 krónum, en varðhaldi eða fangelsi, ef sakir eru miklar.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með þeim eru numin úr gildi lög nr. 37/1948, um brunavarnir og brunamál, svo og lög nr. 28/1945, um brunamál í Reykjavík.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Skipulagðar brunavarnir eiga sér ekki langa sögu á Íslandi. Strjálbýlið hér á landi gerði ókleift að koma slíku við. Þegar eldur kom upp, urðu menn að treysta á eigið atfylgi og nágranna sína til slökkvistarfa.

Svo hefur oft verið talið, að bæjarbrunar hafi ekki verið tíðir á fyrri öldum, enda bæjarhús ekki nema að litlu leyti úr eldfimu efni. Fleira hafi komið til, alkunn er vísa Látra-Bjargar:

„Látra aldrei brennur bær
bleytan þessu veldur.“

Athugun á annálum, sem eru helzta heimildin um þessi efni, gefur hins vegar ástæðu til að ætla, að bæjarbrunar hafi þó verið furðu tíðir á fyrri öldum.

Brunahættan var mest á stórbýlum, þar sem helzt var byggt úr timbri. Af eðlilegum ástæðum er slíkra bruna fremur getið en bruna annars staðar. Af stórbrunum má nefna t. d. brunann í Hítardal 1148, sem talinn er mannskæðastur allra bruna á Íslandi, bruna á biskupsstólunum, einkum stórbruna í Skálholti 1309, 1527 og 1630, sem olli óbætanlegu tjóni. Getið er mikilla bruna á klausturjörðum eins og t. d. Möðruvöllum, Munkaþverá, Reynistað og Helgafelli. Þá eru og frásagnir um stórbruna, t. d. á Haga á Barðaströnd, Leirá í Borgarfirði og Stórólfshvoli. Þessi dæmi eru af handahófi tekin.

Þegar byggð tók að aukast í Reykjavík um miðja 18. öld með tilkomu „Innréttinganna“, skapaðist þar veruleg brunahætta, enda stóð ekki á því, að eldsvoði ylli þar miklu tjóni. Árið 1764 brunnu þrjú verksmiðjuhúsanna og aftur varð bruni 1773. Munu þá hafa verið gerðar nokkrar öryggisráðstafanir, m. a. var næturverði „Innréttinganna“ falið að fylgjast með notkun elds, sbr. erindisbréf, dags. 3. okt. 1778.

Eftir að Reykjavík fær kaupstaðarréttindi, er hinum sérstaka næturverði bæjarins falið að gera aðvart um eldsvoða og gera ýmsar ráðstafanir í því sambandi,

og er um þetta fjallað í erindisbréfi, dags. 16. apríl 1791. Við þetta sat til 1. apríl 1807, en þann dag gaf stiftamtmaður út auglýsingu um varnir gegn brunahættu í Reykjavík. Munu það væntanlega vera fyrstu reglur þeirrar tegundar, sem settar voru hér á landi, en lítt munu þær hafa verið haldnar. Vísir að slökkviliði tekur að þróast hér á öðrum þriðjungi 19. aldar, en 1875 eru sett sérstök lög um brunamálefni í Reykjavík, lög nr. 20, 15. október 1875. Er mjög nákvæmlega kveðið þar á um meðferð brunamála. Þau lög héldu gildi sínu, unz sett voru núgildandi lög um brunamálefni í Reykjavík nr. 28, 12. febrúar 1945.

Heildarlög um brunamál utan Reykjavíkur voru fyrst sett með lögum nr. 85, 22. nóvember 1907, og var svo mælt fyrir í 39. gr., að lögin giltu fyrir kaupstaði utan Reykjavíkur, verzlunarstaði og aðra þá staði og húseignir, sem eigi féllu undir lög frá 20. október 1905, um vátryggingu sveitabæja og annarra húsa í sveitum utan kauptúna.

Jafnhliða þessum lögum giltu sérlög um slökkvilið á Ísafirði frá 1883, Seyðisfirði frá 1901, Akureyri frá 1905 og Hafnarfirði frá 1909. Árið 1901 voru sett sérstök lög um skipun sótara í kaupstöðum utan Reykjavíkur.

Öll þessi löggjöf var afnumin með núgildandi lögum nr. 37, 1. apríl 1948, en samkvæmt þeim var síðan sett reglugerð nr. 167/1949.

Með þessari löggjöf var vissulega stigið spor í rétta átt, en reynslan hefur þó sýnt, að mikilla úrbóta er þörf. Á fimm ára tímabilinu árin 1962—1966, að báðum árum meðtöldum, voru samanlagðar tjónabætur tryggingafélaganna vegna bruna sem hér segir:

Vegna fasteigna	126	millj. kr.
Vegna lausafjár	214	— —
Samtals	340	millj. kr.

Þetta gerir til jafnaðar 68 millj. á ári eða sem næst 350 kr. á íbúa á ári að meðaltali. Ekki liggja fyrir endanlegar tölur fyrir yfirstandandi ár (1967), en allt bendir til, að samanlagt tjón á lausafé og fasteignum verði talsvert á þriðja hundrað milljónir króna, og verður því um algjört metár að ræða í þessum efnum. Í sambandi við upphæðir þessar er vert að hafa í huga, að hér er einungis um samanlagðar tjónabætur tryggingafélaganna að ræða. Hið raunverulega tjón er miklu hærra, því að algengt er, að bæði fasteignir og lausafé sé stórlega undirtryggt og hið síðarnefnda jafnvel ótryggt með öllu. Þar við bætist svo óbeint tjón, t. d. rekstrarstöðvanir af völdum eldsvoða. Þótt einstaklingar og fyrirtæki fái, þegar bezt lætur, tjón sitt að fullu bætt hjá tryggingafélögum, þá verður ekki hið sama sagt um þjóðfélagið í heild. Þar koma brunatjónin fram sem hreint tap og það tap verður að verulegu leyti að greiða í erlendum gjaldeyri í formi endurtryggingaiðgjalda.

Samanburður á brunatjónum á Íslandi og í nágrannalöndum okkar leiðir í ljós, að meðaltjón á íbúa er hér tvöfalt til þrefalt hærra en þar, ef miðað er við árin 1962—1965, og stórversnar það hlutfall enn, ef árið 1967 er tekið með.

Til frekari glöggvunar á því, hvílíka fjármuni hér er um að ræða, má benda á, að samanlagðar tjónabætur árin 1960—1967 mundu nægja til þess að greiða alla verktakavinnu við Búrfellsvirkjun, og andvirði þess, sem brunnið hefur á yfirstandandi ári, hefði nægt fyrir öllum byggingarkostnaði Kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn, og vel það.

Auðvelt er að sýna fram á, að hið margfalda met Íslendinga í brunatjónum stafar að verulegu leyti af skorti á eftirliti og vöntun á fræðslustarfsemi á sviði brunamála. Samkvæmt skýrslum tryggingafélaganna um upptök eldsvoða, eru tvær algengustu orsakirnar eftirfarandi:

Röng meðferð og umbúnaður eldfimra efna	11%
Olíukynditæki	24%

Í þriðja sæti kemur svo rafmagnið með 7%. Frá því árið 1948 hafa verið í gildi ströng ákvæði um uppsetningu og meðferð olíukynditækja og opinbert eftirlit með þeim. Tæki þessi eru yfirleitt mjög vönduð og fullkomin og mundu örugglega sárasjaldan valda tjóni, ef umbúnaður þeirra væri löglegur. Með auknu eftirliti ætti því að vera mögulegt að draga verulega úr þessum lið.

Varðandi ranga meðferð eldfimra efna er það að segja, að hér er ekki eingöngu eftirlitsleysi um að kenna, heldur einnig og kannske enn frekar vöntun á fræðslustarfsemi. Það er t. d. allt of algengt, að iðnaðarmenn valdi íkveikju í sambandi við meðferð ýmiss konar efna, og þó aðallega nýrra, er þeir nota í starfi sínu.

Brunavarnaeftirlit ríkisins hefur allt frá upphafi sínu haft á að skipa einum eftirlitsmanni, og hefur honum verið ætlað að hafa eftirlit með brunavörnum á öllu landinu utan Reykjavíkur. Þótt hann hafi margt vel gert, þá er framangreint verkefni algjör ofætlun einum manni, enda árangurinn í samræmi við það. Til þess að verulegs árangurs megi vænta, þarf brunavarnaeftirlitið að hafa á að skipa a. m. k. fjórum fastráðnum starfsmönnum. Tveir til þrír þeirra þurfa að vera í stöðugum eftirlitsferðum um landið. Einn þessara manna þarf að vera vanur slökkviliðsmaður og halda að staðaldri slökkviæfingar með slökkviliðum utan Reykjavíkur.

Varðandi fræðslustarfsemina er það að segja, að halda þarf erindi og sýna kvikmyndir um brunamál í öllum helztu framhaldsskólum landsins, a. m. k. annað hvert ár. Efna þarf til kynningar á brunamálum í sjónvarpi, hljóðvarpi og dagblöðum og meðal starfshópa í einstökum greinum. Þá ber og brýna nauðsyn til þess að efna til námskeiða fyrir slökkviliðsmenn utan af landi í samvinnu við fullkomnustu slökkviliðin á Íslandi, en þau eru í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli. Gætu slík námskeið orðið vísir að brunatækniskóla, en slíkir skólar eru starfandi í öllum menningarlöndum nema hér. Enginn efi er á því, að stórlega mætti draga úr brunatjónum, með því að auka tækjakost og bæta skipulagningu og hæfni hinna ýmsu slökkviliða í landinu. Eins og meðfylgjandi frumvarp ber með sér, er hér fyrst og fremst um heimildarlög að ræða, enda þykir óeðlilegt að binda í lögum ýmis framkvæmdaatriði og reglur um tæknimálefni. Þykir hagkvæmara að kveða á um slík atriði í reglugerðum eða samþykktum. Samning slíkra reglugerða verður geysimikið verk, og má búast við, að það verði eitt aðalverkefni væntanlegs brunamálastjóra á næstu árum.

Við samningu frumvarpsins hefur verið höfð hliðsjón af brunamálalöggjöf hinna Norðurlandanna, einkum þó Noregs og Svíþjóðar.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Í samræmi við 1. mgr. 1. gr. núgildandi laga.

Um 2. gr.

Í 3. mgr. 1. gr. núgildandi laga er kveðið á um hið almenna eftirlit með brunavörnum. Nauðsynlegt þykir að koma fastri skipun á eftirlitið og skapa því betri starfsskilyrði.

Frv. gerir ráð fyrir, að skipaður verði sérstakur brunamálastjóri, er sé verkfræðingur með sérþekkingu á brunamálum, og framkvæmdir, skv. lögum þessum, verði fengnar sérstakri brunamálastofnun.

Um 3. gr.

Í þessari grein er kveðið nánar á um verkefni brunamálastofnunarinnar. Má segja, að þau skiptist í tvo meginþætti: Annars vegar almennar varnaðarráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að eldur verði laus, og hins vegar ráðstafanir til að stuðla að því, að unninn verði bugur á eldi, sem laus er orðinn.

Undir fyrri þáttinn má heimfæra ýmiss konar leiðbeiningarstörf fyrir sveitarstjórnir og aðra, eftirlit með gerð uppdrátta að mannvirkjum, þar sem sérstök brunahætta er, brunavarnaeftirlit með atvinnufyrirtækjum, þar sem sérstök ástæða þykir til, samræmingu á slökkvibúnaði, rannsóknarstarfsemi o. s. frv.

Undir síðari þáttinn má heimfæra æfingar slökkviliða, eftirlit með vatnsveitukerfum o. s. frv.

Um 4. gr.

Í núgildandi lögum er skylda til að halda uppi slökkviliði miðuð við kaupstaði og kauptún, sem hafa 200 íbúa eða fleiri. Í lögum eru reglur um kauptún yfirleitt miðaðar við 300 íbúa, og virðist réttara að miða við þann íbúafjölda. Skv. 3. mgr. getur ráðuneytið ákveðið, að ákvæðin gildi utan kaupstaða og kauptúna, þannig að ekki þarf að vera um efnisbreytingu að ræða.

Ástæðulaust virðist að binda í lögum, hvernig skipun brunamálanefnda skuli vera, þar sem þær á annað borð verða stofnaðar. Væri það og í ósamræmi við þá hugmynd, sem þykir sjálfsögð, að bæjarráð geti farið með störf brunamálanefndar í kaupstað, en hreppsnefnd utan kaupstaðar.

Þá þykir ekki heldur ástæða til þess að taka upp ákvæði 3. gr. laganna um fundarsköp brunamálanefnda.

Í 4. og 5. gr. laganna er kveðið á um verksvið og valdsvið brunamálanefndar. Ástæðulaust þykir að taka slíkt upp. Virðist sjálfsagt, að þessi nefnd falli með eðlilegum hætti inn í stjórnkerfi sveitarfélaganna. Í reglugerð yrðu að sjálfsögðu sett nánari ákvæði um þessi efni.

Um 5. gr.

Ókleift er að setja fastar reglur um búnað slökkviliða, þar sem slíkt hlýtur mjög að fara eftir aðstæðum. Að öðru leyti virðist greinin ekki þurfa skýringar við.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru efnislega í samræmi við ákvæði 4. mgr. 1. gr. laganna, sbr. og athugasemd við 5. gr.

Um 7. gr.

Í samræmi við 4. og 6. gr. núgildandi laga.

Um 8. gr.

Í frv. er lagt til, að aldurshámark sé hækkað úr 55 árum í 60 ár, en að öðru leyti eru ákvæðin í aðalatriðum í samræmi við 1. og 3. mgr. 7. gr.

Um 9. gr.

Þessi ákvæði eru að mestu samhljóða 2. og 4. mgr. 7. gr.

Um 10. gr.

Í samræmi við 1. ml. 3. mgr. 7. gr. laganna.

Um 11. gr.

Að mestu samhljóða 9. gr. núgildandi laga.

Um 12. gr.

Hér er um nýmæli að ræða, sem nauðsynlegt þykir að setja um sérstök lagaákvæði. Nú þegar munu ýmis sveitarfélög hafa samið sín á milli um slíkt. Má t. d. nefna, að Slökkvilið Reykjavíkur annast slökkvistarf í Kópavogi, Mosfellshreppi og Seltjarnarneshreppi, skv. sérstökum samningi sveitarstjórnanna.

Til þess að staðreyna, að örugglega sé gengið frá málum, þykir nauðsynlegt að áskilja staðfestingu ráðuneytisins.

Um 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar koma í stað 1. mgr. 22. gr. og 23. gr. núgildandi laga.

Um 14. gr.

Þessi ákvæði eru að mestu samhljóða ákvæðum 24. gr. laganna.

Um 15. gr.

Samhljóða 25. gr. núgildandi laga.

Um 16. gr.

Er í samræmi við 8. gr. núgildandi laga í öllum aðalatriðum.

Um 17. gr.

Ákvæði þessi eru efnislega samhljóða ákvæðum í 27. gr. laganna.

Um 18. gr.

Ákvæði þessi eru efnislega samhljóða 33. gr. laganna.

Um 19. gr.

Ákvæði frv. í samræmi við 1. mgr. 13. gr. núgildandi laga. Hins vegar þykir ástæðulaust að hafa í lögum ýtarleg ákvæði um, hvernig framkvæma skuli sóthreinsun og eldfæraeftirlit, þar sem slíkt þykir eiga heima í reglugerð.

Um 20. gr.

Ákvæði þessarar greinar koma í stað ákvæða í 31. og 32. gr., en kveða nánar á um skyldur húseigenda en gildandi lög. Í 2. mgr. er um nauðsynleg nýmæli að ræða.

Um 21. gr.

Hér er um að ræða nýmæli, sem nauðsynlegt þykir að taka í lög.

Um 22. gr.

Í ýmsum greinum núgildandi laga er bönnuð tiltekin háttsemi, sem talið er að brunahætta geti stafað af. Má einkum nefna 10. gr. Slíkar upptalningar þykja ekki eiga heima í lögum, heldur sé nægilegt að kveða á um slíkt með almennum orðum.

Um 23. og 24. gr.

Þessi ákvæði eru svo að segja samhljóða 19. og 20. gr. núgildandi laga.

Um 25. gr.

Þessi ákvæði koma í stað 34. gr. núgildandi laga, og eru að mestu samhljóða þeim.

Um 26. gr.

Ákvæði þessarar greinar koma í stað 35. og 36. gr. núgildandi laga. Um meðferð slíkra mála fer skv. lögum nr. 28/1961, um meðferð opinberra mála.

Um 27. gr.

a. Samkvæmt 1. gr. núgildandi laga á Brunabótafélag Íslands að greiða allan kostnað við brunavarnaeftirlit ríkisins. Brunabótafélagið hafði, er lögin voru sett, einkarétt á öllum brunatryggingum fasteigna utan Reykjavíkur, og mun sú skipan hafa ráðið mestu varðandi þetta atriði. Nú hefur þessi einkaréttur fyrir löngu verið afnuminn, og verður því að teljast óeðlilegt, að Brunabóta-

félagið eitt beri þennan kostnað, og má raunar segja, að það hafi aldrei réttlátt verið, þar sem lausafjártryggingar hafa alla tíð verið frjálsar og samanlagðar iðgjaldatekjur af þeim eru mun hærri en af fasteignum. Brunavarnaeftirlit stuðlar að sjálfsögðu engu síður að því að draga úr tjónum á lausafé en á fasteignum.

Með hliðsjón af þessu verður að telja eðlilegt, að tryggingafélögin beri kostnaðinn við væntanlega brunamálastofnun í hlutfalli við brúttó iðgjaldatekjur af fasteignum og lausafé. Miðast gjaldið við, að það geti að mestu leyti staðið undir kostnaði við stofnunina. Á það skal bent, að til þess að tryggingafélögin fái þessi framlög til baka í lækkuðum bótagreiðslum, þurfa brunatjón aðeins að minnka um 2—3% vegna starfsemi stofnunarinnar. Eins og áður hefur verið sýnt fram á hafa brunatjón hér á landi verið tvisvar til þrisvar sinnum hærri en eðlilegt getur talizt, og ætti því framangreind lækkun ekki að vera ofætlun.

b. Þótt væntanleg brunamálastofnun verði að sjálfsögðu að veita meginhluta af þjónustu sinni endurgjaldslaust, þá mun hún einnig þurfa að taka að sér verkefni, sem eðlilegt er að taka greiðslu fyrir. Hversu hár þessi tekjuliður kann að verða er erfitt að áætla á þessu stigi.

c. Eðlilegt þykir, að hið opinbera hlaupi undir bagga, ef framangreindir tekjuliðir nægja ekki til reksturs stofnunarinnar. Ekki ætti ríkissjóður þó að verða fyrir verulegum fjárútlátum í þessu tilefni.

Um 28. gr.

Greinin virðist ekki þurfa skýringar við.

Um 29. og 30. gr.

Mjög erfitt hefur reynzt í framkvæmd að framfylgja lögum og reglugerðum um brunamál. Hvort tveggja er, að ýmis yfirvöld hafa ekki sýnt þá árvekni, sem ber, og hins vegar hefur mjög skort heimildir til að taka í taumana, þegar brot eru framin. Þykir nauðsynlegt að bæta úr slíku.

Rétt þykir að veita brunamálastjóra heimild til að beita heimildum þessara greina, ef yfirvöld á staðnum gera ekki fullnægjandi ráðstafanir.

Um 31. gr.

Eins og fram kemur í inngangi þessarar greinargerðar, þykir óeðlilegt að binda í lögum ýmis framkvæmdaatriði svo og reglur um tæknimálefni. Fer betur á því að hafa slíkt í reglugerð.

Ef sveitarstjórn vill setja reglur um skipun brunamála sinna, virðist sjálfsagt að heimila slíkt með þeim hætti, sem 2. mgr. gerir ráð fyrir.

Um 32.—34. gr.

Virðast ekki þurfa skýringa við.

Ed. 245. Nefndarálit [31. mál]

um frv. til laga um byggingarsamvinnufélög.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Þar sem heildarendurskoðun húsnæðismálalöggjafarinnar stendur nú yfir, leggur nefndin til að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar í trausti þess, að ríkis-

stjórnin hlutist til um það, að heildarendurskoðuninni verði hraðað og henni lokið á yfirstandandi ári, en við þessa endurskoðun verði meðal annars könnuð vandlega sú reynsla, sem fengizt hefur af starfsemi byggingarsamvinnufélaganna og þætti þeirra í lausn húsnæðisvandamálanna, með það fyrir augum að skapa byggingarsamvinnufélögunum heilbrigðan og eðlilegan starfsvettvang til frambúðar.

Alþingi, 29. jan. 1968.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Hjalti Haraldsson.	Steinþór Gestsson.
Pétur Benediktsson.	Ásgeir Bjarnason.	Björn Fr. Björnsson.

Nd. 246. Frumvarp til laga [114. mál]

um breyting á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Benedikt Gröndal, Þórarinn Þórarinsson, Magnús Kjartansson, Eyjólfur Konráð Jónsson.

1. gr.

Á eftir IX. kafla (40. gr.) laganna komi nýr kafli og ný grein, svo hljóðandi:

Kennsla í blaðamennsku.

Við heimspekideild skal stofna til kennslu í blaðamennsku, er fé er veitt til þess í fjárlögum, og skal kveða á um námstilhögun í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Innan samtaka íslenzkra blaðamanna hefur um langt skeið ríkt mikill áhugi á bættri menntunaraðstöðu blaðamanna hér á landi. Hefur Blaðamannafélag Íslands tekið málið upp á þeim grundvelli, að stofnað skuli til kennslu í blaðamennsku við Háskóla Íslands. Hefur verið rætt um þessa hugmynd við forráðamenn háskólans og menntamálaráðherra. Báðir þessir aðilar hafa tekið jákvætt á málinu. Af hálfu háskólans hefur að sjálfsögðu verið bent á það, að kennsla í blaðamennsku hlyti að hafa í för með sér einhver aukin útgjöld fyrir stofnunina.

Með frv. þessu er lagt til, að stofnað skuli til kennslu í blaðamennsku við heimspekideild háskólans, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum. Er jafnframt gert ráð fyrir, að kveðið skuli á um námstilhögun í reglugerð. En flutningsmenn telja, að styttri námstími en 3 mánuðir komi naumast til greina, ef gagn eigi að verða að þessari fræðslu. Forráðamenn háskólans og Blaðamannafélag Íslands mundu að sjálfsögðu hafa nána samvinnu um undirbúning og setningu reglugerðar um þessi efni.

Það er skoðun flm. þessa frv., að hér sé um mikilvægt menningarmál að ræða. Áhrif blaða og annarra fjölmiðlunartækja eru svo rík í nútíma þjóðfélagi, að á miklu veltur, að þeir, sem við þau starfa, séu vel menntaðir og hæfir menn. Enda þótt kennsla í blaðamennsku við Háskóla Íslands yrði fyrst í smáum stíl, gæti hún þróazt upp í það að verða fullkomin kennslugrein innan stofnunarinnar, eins og tíðkast með mörgum öðrum menningarþjóðum.

Nd. **247. Tillaga til þingsályktunar** [115. mál]

um styrjöldina í Víetnam.

Flm.: Ingvar Gíslason, Jónas Árnason, Jón Skaftason, Magnús Kjartansson.

Deildin ályktar að lýsa yfir þeirri skoðun sinni, að deiluefni styrjaldaraðila í Víetnam verði einungis leyst með friðsamlegum hætti.

Stór hætta er á því, að styrjöld þessi geti hvenær sem er breiðzt út og orðið upphaf nýrrar heimsstyrjaldar, auk þess sem áframhaldandi styrjaldarrekstur eykur sífellt á langvarandi hörmungar víetnömsku þjóðarinnar.

Deildin telur, að vopnahlésviðræðum og síðar friðarsamningum verði nú helzt fram komið með því:

1. að ríkisstjórn Bandaríkjanna stöðvi þegar loftárásir á Norður-Víetnam,
2. að Þjóðfrelsishreyfingin í Suður-Víetnam verði viðurkennd sjálfstæður aðili við samningsgerðir,
3. að stjórn Norður-Víetnams og Þjóðfrelsishreyfingin í Suður-Víetnam sýni ótvíræðan vilja af sinni hálfu, þegar loftárásum linnir, að ganga til samninga og draga svo úr hernaðaraðgerðum, að leiða megi til vopnahlés.

Felur deildin ríkisstjórninni að framfylgja þessari ályktun á alþjóðavettvangi.

Greinargerð.

Það skal tekið fram, að tillaga þessi er í meginatriðum sniðin eftir ályktun hollenzka þingsins frá 25. ágúst 1967.

Þó að flutningsmenn þessarar tillögu kunni að hafa að einhverju leyti ólíkar skoðanir á ýmsum einstökum atriðum í sambandi við styrjöldina í Víetnam, er það samhljóða álit þeirra, að heimsfriðnum stafi hætta af áframhaldandi hernaðaraðgerðum þar, jafnframt því sem víetnamska þjóðin verður að þola meiri ógnir og stríðshörmungar en dæmi er til í sögu síðari tíma.

Sumir virðast telja, að Íslendingar hafi litla sem enga ástæðu til þess að láta sig varða atvik og viðburði í fjarlægum heimshlutum, enda sé áhrifamáttur okkar á alþjóðavettvangi nánast enginn. Þessi skoðun er þó býsna hæpin og oft beinlínis röng. Hún er m. a. röng að því er varðar styrjöldina í Víetnam. Þar er um að ræða lengra styrjaldarástand og ægilegra en við höfum lengi haft spurnir af. Heil þjóð — öll alþýða manna, saklaus börn og varnarlausar konur, jafnt sem hermenn — hefur búið við hörmungar stanzlausrar styrjaldar í rúman aldarfjórðung. Tæplega getur það heldur dulizt, að styrjöldin í Víetnam er nátengd baráttu stórveldanna um áhrif, ítök og yfirráð í heiminum. Einmitt þess vegna er yfirvofandi hætta á útbreiðslu styrjaldarinnar, og það varðar hvern ábyrgan mann, hvar í heiminum sem er, og hverja þjóð, hversu fámenn sem hún er og fjarlæg aðalviðburðunum, þegar styrjaldarhætta grúfir yfir mannkyni öllu.

Um það atriði, að við Íslendingar séum tiltakanlega áhrifalitlir á alþjóðavettvangi, skal því einu til svarað, að áhrif okkar þar þurfa alls ekki að vera minni en gerist og gengur um smáþjóðir. Við eigum m. a. aðild að Sameinuðu þjóðunum og njótum þar að öllu sama réttar og obbinn af öðrum aðildarþjóðum. Vera má, að hver einstök smáþjóð sé áhrifalítil út af fyrir sig, þegar um stórátök er að ræða og deilur milli stórvelda, en með samstöðu og einingu geta smáþjóðir orðið áhrifaafl, sem um munar. Íslendingar eiga að fylgjast vel með því, sem er að gerast í heimsmálum, kynna sér málavöxtu sem bezt má verða og haga afstöðu sinni og skoðunum í samræmi við það. Einkum er það skylda Alþingis og alþingismanna að láta slík mál til sín taka. Umræðum um utanríkismál þyrfti að sinna miklum mun meira á Alþingi en nú er gert og fara þar að dæmi þjóðþinga í nágrannalöndum.

Með tillögu þeirri, sem hér er fram borin, gefst Alþingi tækifæri til þess að lýsa hug sínum varðandi það málefni, sem nú er mest rætt í heimsfréttum og tæpast lætur ósnortinn neinn þann, sem því kynnist.

Í tillögunni er gengið til móts við það sjónarmið, sem áreiðanlega á vaxandi fylgi að fagna meðal stjórnmálamanna og ríkisstjórna í fjölmörgum löndum heims, að deiluefni í Víetnam verði aldrei leyst með beitingu vopnavalds, heldur beri að leysa það með friðsamlegum hætti. Í því sambandi er megináherzla lögð á nauðsyn þess, að Bandaríkjamenn hætti að gera loftárásir á Norður-Víetnam sem fyrsta skref til vopnahlés og friðarsamninga. Mörg af aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna hafa skorað á Bandaríkjamenn að hætta loftárásunum á Norður-Víetnam, sem hófust fyrst fyrir um það bil þremur árum, eða í sama mund og hin svonefnda „stigmögnun" (escalation) styrjaldarrekstrarins byrjaði fyrir alvöru. Meðal þeirra ríkja, sem haft hafa uppi slíka áskorun, eru Norðurlönd öll, að Íslandi undanteknu, Holland, Frakkland og Kanada, auk fjölmargra annarra. Ýmsir heimskunnir og áhrifamiklir menn í hópi bandarískra stjórnmálamanna hafa ekki einungis lagt því lið, að loftárásum á Norður-Víetnam linni, heldur hafa þeir gagnrýnt harðlega mikilvæg atriði í sambandi við bandarískа íhlutun í Víetnam og þá þróun, sem orðið hefur í þeim efnum. Fer því mjög fjarri, að bandarískа þjóðin sé einhuga um ráðandi stefnu ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Meðal þeirra, sem lagt hafa til að stöðva loftárásir og hefja samningaumleitanir með sem fæstum fyrirframgefnum skilyrðum, eru öldungadeildarþingmennirnir Robert Kennedy, J. William Fulbright (formaður utanríkismálanefndar öldungadeildarinnar) og Eugene McCarthy, sem hyggst bjóða sig fram sem forsetaefni demókrata gegn Johnson forseta. Einnig mætti nefna Jacob Javits, öldungadeildarþingmann repúblikana frá New York, Romney, ríkisstjóra í Michigan, frambjóðanda í prófkosningum um forsetaefni Repúblikanaflokksins, og fjölmarga fleiri minna þekkta menn, sem gagnrýnt hafa ýmis atriði í stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum Víetnam. Meðal bandarískra háskóla- og menntamanna gætir einnig mikillar gagnrýni á stefnu Bandaríkjanna í Víetnam, ekki sízt að því er varðar loftárásirnar og aðra útþenslu og aukningu styrjaldaraðgerða á undanförnum árum.

Flutningsmenn gera sér ljóst, að stöðvun loftárásanna af hálfu Bandaríkjamanna kemur ekki að haldi, nema á móti komi ótvíræður vilji Norður-Víetnamstjórnar og Þjóðfrelsishreyfingarinnar í Suður-Víetnam („Viet-cong") til þess að ganga til samninga án fyrir fram yfirlýstra úrslitaskilyrða, enda þótt markmiðið hljóti að sjálfsögðu að vera það að tryggja Víetnömum óskoraðan sjálfsákvörðunarrétt í landi sínu. Hvað sem hverjum kann að sýnast um réttmæti eins málstaðar öðrum fremur, þá er þetta mál þannig vaxið nú, að samningaviðræður geta aldrei hafizt, ef andrúmsloftinu er spillt með gífuryrðum á báða bóga. Öll meðalganga þriðja aðila og sáttaviðleitni af hálfu utanaðkomandi afla verður í fyrstu að beinast að því að fá deiluaðila að samningaborði án stóryrtra fyrir fram skilyrða.

Ed. 248. Tillaga til þingsályktunar [116. mál]

um styrjöldina í Víetnam.

Flm.: Karl Guðjónsson, Björn Fr. Björnsson, Einar Ágústsson, Hjalti Haraldsson.

Deildin ályktar að lýsa yfir þeirri skoðun sinni, að deiluefni styrjaldaraðila í Víetnam verði einungis leyst með friðsamlegum hætti.

Stór hætta er á því, að styrjöld þessi geti hvenær sem er breiðzt út og orðið upphaf nýrrar heimsstyrjaldar, auk þess sem áframhaldandi styrjaldarrekstur eykur sífellt á langvarandi hörmungar víetnömsku þjóðarinnar.

Deildin telur, að vopnahlésviðræðum og síðar friðarsamningum verði nú helzt fram komið með því:

1. að ríkisstjórn Bandaríkjanna stöðvi þegar loftárásir á Norður-Víetnam,
2. að Þjóðfrelsishreyfingin í Suður-Víetnam verði viðurkennd sjálfstæður aðili við samningsgerðir,
3. að stjórn Norður-Víetnams og Þjóðfrelsishreyfingin í Suður-Víetnam sýni ótvíræðan vilja af sinni hálfu, þegar loftárásum linnir, að ganga til samninga og draga svo úr hernaðaraðgerðum, að leiða megi til vopnahlés.

Felur deildin ríkisstjórninni að framfylgja þessari ályktun á alþjóðavettvangi.

Greinargerð.

Það skal tekið fram, að tillaga þessi er í meginatriðum sniðin eftir ályktun hollenzka þingsins frá 25. ágúst 1967.

Þó að flutningsmenn þessarar tillögu kunni að hafa að einhverju leyti ólíkar skoðanir á ýmsum einstökum atriðum í sambandi við styrjöldina í Víetnam, er það samhljóða álit þeirra, að heimsfriðnum stafi hætta af áframhaldandi hernaðaraðgerðum þar, jafnframt því sem víetnamska þjóðin verður að þola meiri ógnir og stríðshörmungar en dæmi er til í sögu síðari tíma.

Sumir virðast telja, að Íslendingar hafi litla sem enga ástæðu til þess að láta sig varða atvik og viðburði í fjarlægum heimshlutum, enda sé áhrifamáttur okkar á alþjóðavettvangi nánast enginn. Þessi skoðun er þó býsna hæpin og oft beinlínis röng. Hún er m. a. röng að því er varðar styrjöldina í Víetnam. Þar er um að ræða lengra styrjaldarástand og ægilegra en við höfum lengi haft spurnir af. Heil þjóð — öll alþýða manna, saklaus börn og varnarlausar konur, jafnt sem hermenn — hefur búið við hörmungar stanzlausrar styrjaldar í rúman aldarfjórðung. Tæplega getur það heldur dulizt, að styrjöldin í Víetnam er nátengd baráttu stórveldanna um áhrif, ítök og yfirráð í heiminum. Einmitt þess vegna er yfirvofandi hætta á útbreiðslu styrjaldarinnar, og það varðar hvern ábyrgan mann, hvar í heiminum sem er, og hverja þjóð, hversu fámenn sem hún er og fjarlæg aðalviðburðunum, þegar styrjaldarhætta grúfir yfir mannkyni öllu.

Um það atriði, að við Íslendingar séum tiltakanlega áhrifalitlir á alþjóðavettvangi, skal því einu til svarað, að áhrif okkar þar þurfa alls ekki að vera minni en gerist og gengur um smáþjóðir. Við eigum m. a. aðild að Sameinuðu þjóðunum og njótum þar að öllu sama réttar og obbinn af öðrum aðildarþjóðum. Vera má, að hver einstök smáþjóð sé áhrifalítil út af fyrir sig, þegar um stórátök er að ræða og deilur milli stórvelda, en með samstöðu og einingu geta smáþjóðir orðið áhrifaafl, sem um munar. Íslendingar eiga að fylgjast vel með því, sem er að gerast í heimsmálum, kynna sér málavöxtu sem bezt má verða og haga afstöðu sinni og skoðunum í samræmi við það. Einkum er það skylda Alþingis og alþingismanna að láta slík mál til sín taka. Umræðum um utanríkismál þyrfti að sinna miklum mun meira á Alþingi en nú er gert og fara þar að dæmi þjóðþinga í nágrannalöndum.

Með tillögu þeirri, sem hér er fram borin, gefst Alþingi tækifæri til þess að lýsa hug sínum varðandi það málefni, sem nú er mest rætt í heimsfréttum og tæpast lætur ósnortinn neinn þann, sem því kynnist.

Í tillögunni er gengið til móts við það sjónarmið, sem áreiðanlega á vaxandi fylgi að fagna meðal stjórnmálamanna og ríkisstjórna í fjölmörgum löndum heims, að deiluefni í Víetnam verði aldrei leyst með beitingu vopnavalds, heldur beri að leysa það með friðsamlegum hætti. Í því sambandi er megináherzla lögð á nauðsyn þess, að Bandaríkjamenn hætti að gera loftárásir á Norður-Víetnam sem fyrsta skref til vopnahlés og friðarsamninga. Mörg af aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna hafa skorað á Bandaríkjamenn að hætta loftárásunum á Norður-Víetnam, sem hófust fyrst fyrir um það bil þremur árum, eða í sama

mund og hin svonefnda „stigmögnun“ (escalation) styrjaldarrekstrarins byrjaði fyrir alvöru. Meðal þeirra ríkja, sem haft hafa uppi slíka áskorun, eru Norðurlönd öll, að Íslandi undanteknu, Holland, Frakkland og Kanada, auk fjölmargra annarra. Ýmsir heimskunnir og áhrifamiklir menn í hópi bandarískra stjórnmálamanna hafa ekki einungis lagt því lið, að loftárásum á Norður-Víetnam linni, heldur hafa þeir gagnrýnt harðlega mikilvæg atriði í sambandi við bandaríska íhlutun í Víetnam og þá þróun, sem orðið hefur í þeim efnum. Fer því mjög fjarri, að bandaríska þjóðin sé einhuga um ráðandi stefnu ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Meðal þeirra, sem lagt hafa til að stöðva loftárásir og hefja samningaumleitanir með sem fæstum fyrirframgefnum skilyrðum, eru öldungadeildarþingmennirnir Robert Kennedy, J. William Fulbright (formaður utanríkismálanefndar öldungadeildarinnar) og Eugene McCarthy, sem hyggst bjóða sig fram sem forsetaefni demókrata gegn Johnson forseta. Einnig mætti nefna Jacob Javits, öldungadeildarþingmann repúblikana frá New York, Romney, ríkisstjóra í Michigan, frambjóðanda í prófkosningum um forsetaefni Repúblikanaflokksins, og fjölmarga fleiri minna þekkta menn, sem gagnrýnt hafa ýmis atriði í stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum Víetnam. Meðal bandarískra háskóla- og menntamanna gætir einnig mikillar gagnrýni á stefnu Bandaríkjanna í Víetnam, ekki síst að því er varðar loftárásirnar og aðra útþenslu og aukningu styrjaldaraðgerða á undanförnum árum.

Flutningsmenn gera sér ljóst, að stöðvun loftárásanna af hálfu Bandaríkjamanna kemur ekki að haldi, nema á móti komi ótvíræður vilji Norður-Víetnamstjórnar og Þjóðfrelsishreyfingarinnar í Suður-Víetnam („Viet-cong“) til þess að ganga til samninga án fyrir fram yfirlýstra úrslitaskilyrða, enda þótt markmiðið hljóti að sjálfsögðu að vera það að tryggja Víetnömum óskoraðan sjálfsákvörðunarrétt í landi sínu. Hvað sem hverjum kann að sýnast um réttmæti eins málstaðar öðrum fremur, þá er þetta mál þannig vaxið nú, að samningaviðræður geta aldrei hafizt, ef andrúmsloftinu er spillt með gífuryrðum á báða bóga. Öll meðalganga þriðja aðila og sáttaviðleitni af hálfu utanaðkomandi afla verður í fyrstu að beinast að því að fá deiluaðila að samningaborði án stóryrtra fyrir fram skilyrða.

Nd. 249. Nefndarálit [86. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 65 frá 13. maí 1966, um hægri handar umferð.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði fellt. Minni hl. nefndarinnar, sem vill samþykkja frv., skilar séráliti um málið.

Nefndin boðaði á sinn fund fulltrúa frá nokkrum samtökum, sem hafa mikið látið til sín taka þessi mál, og enn fremur þá embættismenn, sem umferðarmál mest varða. Á þeim fundi var málið ýtarlega rætt, og nefndarmenn lögðu fram margar fyrirspurnir um gang þessara mála.

Þeir, sem mættu á fundi nefndarinnar, voru fulltrúar frá Félagi íslenzkra bifreiðaeigenda, Félagi sérleyfishafa, Strætisvögnum Reykjavíkur og Félagi ísl. vegfarenda, lögreglustjórinn í Reykjavík, formaður umferðarlaganefndar, vegamálastjóri, framkvæmdastjóri Framkvæmdanefndar hægri umferðar og fulltrúi úr dómsmálaráðuneytinu.

Allir þessir aðilar, að fulltrúa Félags íslenzkra vegfarenda undanskildum, eru fylgjandi því, að tekin verði upp hægri umferð, eins og ákveðið hefur verið.

Alþingi samþykkti árið 1940 sérstök umferðarlög. Á því sama þingi voru sett ný bifreiðalög. Hvor tveggja þessi lög höfðu að geyma ný ákvæði um umferð,

þar sem ákveðið var að taka upp hægri handar umferð hér á landi 1. janúar 1941. Til þess kom þó aldrei, að þau ákvæði kæmu til framkvæmda, af þeirri ástæðu, að brezkur her hafði hertekið landið, og því var ekki talið ráðlegt að láta umferðarbreytinguna koma til framkvæmda.

Á Alþingi 1962—63 kom fram tillaga til þingsályktunar um að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á því, hvort ekki sé tímabært að taka upp hægri handar akstur hér á landi, og enn fremur að láta gera áætlun um framkvæmdir í því sambandi. Þessari tillögu var vísað til allsherjarnefndar, sem mælti einróma með því, að Alþingi gerði ályktun í málinu. Tillagan fékk ekki afgreiðslu á því þingi.

Á Alþingi 1963—64 var málið aftur tekið upp, og var eftirfarandi tillaga til þingsályktunar samþykkt 13. maí 1964 með 31:1 atkv.: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hefja hið allra fyrsta undirbúning að því, að upp verði tekinn hægri handar akstur hér á landi."

Við meðferð málsins á Alþingi hafði verið leitað umsagnar ýmissa aðila, m. a. vegamálastjóra, Félags íslenzkra bifreiðaeigenda, Landssambands vörubifreiðastjóra og umferðarnefndar Reykjavíkur, sem allir lýstu stuðningi við hægri handar umferð.

Dómsmálaráðuneytið sendi þessa ályktun Alþingis til umferðarlaganefndar 13. ágúst 1964 og óskaði þess, að hún léti í té greinargerð um þær aðgerðir, sem nauðsynlegar væru, til þess að komið yrði á hægri handar umferð hér á landi, svo og yfirlit um áætlaðan kostnað, sem væri því samfara. Umferðarlaganefndin skilaði álitsgerð 4. febrúar 1965.

Að þessu fengnu ákvað ríkisstjórnin að beita sér fyrir því, að upp yrði tekin hægri handar umferð hér á landi og að því stefnt, að breytingin kæmi til framkvæmda vorið 1968. Dómsmálaráðuneytið fól umferðarlaganefnd með bréfi 14. apríl 1965 að semja frv. til laga um hægri handar umferð og ákvað, að jafnframt nefndinni skyldu starfa að samningu frumvarpsins formaður Félags ísl. bifreiðaeigenda og formaður Skipulagsnefndar fólksflutninga.

Nefnd þessi lauk samningu frv. 8. nóv. 1965, og lagði dómsmálaráðherra frv. litlu síðar fyrir Alþingi.

Frv. var ýtarlega rætt í nefndum þeim, sem fengu það til afgreiðslu. Það var samþykkt í neðri deild með 24:9 atkv. og í efri deild með 12:8 atkv.

Þegar tillaga til þingsályktunar um að taka upp hægri handar umferð var til umræðu á Alþingi, heyrðist varla nokkur maður mótmæla þeirri tillögu, en þegar frv. var til umræðu í nóv. 1965, komu fram nokkur mótmæli, bæði innan þings og utan.

En eftir að frv. um hægri handar umferð var orðið að lögum og undirbúningur að breytingunni hafinn, hefur mjög borið á andstöðu gegn því, að þessi breyting verði gerð.

Framkvæmdanefnd hægri umferðar hefur nýlega ritað dómsmálaráðherra bréf varðandi undirbúning að umferðarbreytingunni og gefið yfirlit um kostnað við hana. Telur undirritaður meiri hluti nefndarinnar eðlilegt, að þingmenn fái að kynna sér þessi gögn, og eru bréf þessi prentuð sem fylgiskjöl með nefndarálitinu.

Margar þjóðir hafa á undanförnum árum breytt úr vinstri í hægri handar umferð. Reynsla þessara þjóða sýnir, að ekki virðist ástæða til að gera mikið úr slysahættu í sambandi við breytinguna, þó að viðurkenna beri, að hún er nokkur. Umferðarbreytingin í Svíþjóð á s. l. hausti var okkur mikils virði, og hafa þeir, sem sjá um framkvæmd hægri umferðar hjá okkur, öðlazt af henni góða reynslu og notið mikilvægrar aðstoðar Svía í þessum efnum.

Það er álit okkar, að þegar Alþingi hefur samþykkt lög um hægri handar umferð og undirbúningi að framkvæmd þessara laga er jafnlangt komið og raun ber vitni, þá eigi þjóðin að leggja sig alla fram um, að framkvæmd þessa mikilvæga

máls megi takast sem bezt, hvað sem líður skoðunum manna um, hvort í þessa breytingu hefði átt að ráðast eða ekki.

Það er staðreynd, að þegar hefur verið varið miklu fé og vinnu til undirbúnings að umferðarbreytingunni, sem væri á glæ kastað, ef frá henni væri horfið.

Það kom flestum á óvart, þegar fimm alþm. lögðu fram á síðustu dögum þingsins fyrir jól frumvarp um að fresta framkvæmd laganna um hægri handar umferð um eitt ár og efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um málið, og ef sú atkvæðagreiðsla færi á þann veg, að meiri hlutinn hafnaði hægri handar umferð, skyldi frá henni horfið.

Rökin, sem flutningsmenn þessa frv. hafa fram að færa, fá engan veginn staðizt, eins og vikið mun verða að í framsögu fyrir áliti meiri hl. nefndarinnar.

Alþingi hefur, eins og áður er sagt, þrívegis lýst yfir stuðningi við, að hægri handar umferð verði tekin upp hér á landi, og hefur í þeim efnum stuðzt við rök þeirra, sem mesta þekkingu hafa á þessum málum. Nú, þegar lokastig að undirbúningi þessara framkvæmda er að nálgast, er fráleitt að hverfa frá fyrri ákvörðunum. Þess vegna leggjum við til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 30. jan. 1968.

Matthías Bjarnason, form., frsm.
Bragi Sigurjónsson, fundaskr.
Jónas Pétursson.
Pétur Sigurðsson.

Fylgiskjal I.

FRAMKVÆMDANEFND HÆGRI UMFERÐAR

Reykjavík, 19. janúar 1968.

Hr. dómsmálaráðherra Jóhann Hafstein,
Dómsmálaráðuneytinu, Reykjavík.

Framkvæmdanefnd hægri umferðar hefur þegar haldið 126 fundi. Hún hefur ráðið starfsfólk og komið sér upp starfsaðstöðu miðað við þau verkefni, sem henni ber að vinna.

Samvinna er komin á milli hinna ýmsu aðila, sem breytingin varðar, umferðaröryggisnefndir verið stofnaðar um byggðir landsins til aðstoðar við breytinguna og verðmæt reynsla verið fengin frá Svíþjóð og verið hagnýtt hér, eftir því sem aðstæður henta til. Dagurinn til breytingarinnar hefur verið valinn og kynntur, stóraukin umferðarfræðsla tekin upp eða undirbúin í skólum, í félögum, á vinnustöðum, í blöðum, sjónvarpi og útvarpi.

Tíminn styttist óðum til 26. maí, og sérhvert hik á undirbúningi nú getur dregið úr árangri þeirrar upplýsinga- og fræðslustarfsemi, sem unnið er að, og spillt fyrir árangri hennar.

Umferðarfræðsla og áróður fyrir bættri umferðarmenningu.

Til að annast þetta verkefni hefur F. H. komið á stofn sérstakri fræðslu- og upplýsingamiðstöð.

Í aðalatriðum byggist starfið á áætlunum, sem 4 sænskir sérfræðingar hafa samið, en sérfræðingar þessir undirbjuggu fræðslustarfið fyrir sænsku H-nefndina og búa yfir gagnlegri reynslu á þessu sviði.

Er hér fyrst um að ræða eina heildaráætlun, sem skiptist í 5 aðalþætti eftir tímabilum, og gera þeir síðan séráætlun fyrir hvern aðalþátt.

Þáttur 1 náði yfir tímabilið 15/11—10/12
Þáttur 2 náði yfir tímabilið 10/1 —15/3
Þáttur 3 náði yfir tímabilið 15/3 —15/4
Þáttur 4 náði yfir tímabilið 10/5 —20/6 og
Þáttur 5 náði yfir tímabilið 21/6 og út sumarið.

Til þess að koma fræðslunni á framfæri hafa m. a. verið gerðar eftirfarandi ráðstafanir:

1. Samstarfsnefnd hefur verið skipuð til að annast alla umferðarfræðslu í skólum. Er hún skipuð fulltrúum fræðslumálastjórnar, lögreglu og H-nefndar. Nefndin hefur komið á nýbreytni, sem er upphaf skóla-útvarps á Íslandi. Hún hefur skipulagt fræðslufundi með skólastjórum um land allt, undirbúið kerfi sambandskennara í hinum ýmsu skólum, en hlutverk þeirra á að vera að fræða aðra kennara um umferðarmál og kenna þeim umferðarfræðslu, en hún verður mjög bætt og aukin fram á H-dag.
2. Með samvinnu við Slysavarnafélag Íslands hafa umferðaröryggisnefndir verið stofnaðar víða í dreifbýlinu og verða stofnaðar um land allt.

   Verkefni þessara nefnda er að bæta umferðarkunnáttu og hegðun manna, hver á sínum stað, miðla upplýsingum um umferðarbreytinguna til almennings og aðstoða opinbera aðila, svo sem lögregluyfirvöld, í sambandi við umferðarmál, m. a. um og eftir H-dag.
3. Samið hefur verið við umferðaryfirvöld Reykjavíkurborgar um, að þau auki umferðarfræðslustarfsemi sína verulega með tilliti til breytingarinnar og taki að sér ákveðna þætti fræðslustarfseminnar, svo sem fræðslu í félögum og hvers konar samtökum. Hefur umferðarnefnd Reykjavíkur í þessu skyni stofnsett sérstaka fræðslu- og upplýsingadeild, sem vinnur í samvinnu við lögregluna og upplýsingamiðstöð H-nefndarinnar.
4. Skipulagt hefur verið kerfi, sem gerir ráð fyrir, að sjálfboðaliðar aðstoði við umferðarvörzlu fyrstu vikuna eftir H-dag. Er hér stuðzt við sænska fyrirmynd og gert ráð fyrir, að í Reykjavík einni starfi 1200—1300 sjálfboðaliðar að þessu verkefni og sjálfboðaliðar starfi einnig í nokkrum stærri kaupstöðum og kauptúnum.
5. Landssamband ísl. hestamanna og fjölmennustu félög hestamanna í landinu hafa stofnað sérstaka samstarfsnefnd, sem vinna á með H-nefndinni að auknu umferðaröryggi, að því er lýtur að ríðandi mönnum í umferðinni og umferð hesta.
6. Samstarf er á döfinni við þau vátryggingafélög, sem reka bifreiðatryggingar, um sameiginlegar aðgerðir til aukins umferðaröryggis. Er í athugun, á hvaða sviði sú samvinna mundi verða hagkvæmust, og þá hafðar í huga hliðstæðar aðgerðir í Svíþjóð, þar sem stofnað var til slíkrar samvinnu.
7. H-nefndin hefur falið Varúð á vegum að annast sérstaklega umferðarfræðslu á vinnustöðum. Er það verk þegar hafið og verður í vaxandi mæli fram á n. k. sumar.
8. Á vegum upplýsingamiðstöðvar H-nefndar er sérstök samstarfsnefnd starfandi skipuð fulltrúum ökukennara og F. Í. B. Nefnd þessi undirbýr m. a. aðgerðir þessara aðila og þátttöku í framkvæmd H-umferðar.
9. Á skrifstofu upplýsingamiðstöðvar H-nefndar er starfandi sérstakur blaðafulltrúi, sem annast samband við dagblöð o. fl., útgáfu fréttablaða, auglýsingastarfsemi o. fl., og annar, sem annast samband við hljóðvarp og sjónvarp, og skipuleggja þeir samstarf þessara aðila allra vegna breytingarinnar á grundvelli áætlana sænsku sérfræðinganna. Af hálfu útvarpsins hefur sérstakur maður verið tilnefndur til samstarfs við nefndina, og undirbúa þessir menn saman allt efni til fjölmiðlunartækja og skipuleggja, hvernig og hvenær það skuli birt.
10. Af hálfu dómsmálaráðuneytisins hefur sérstökum manni verið falið samstarf við H-nefndina, m. a. um útgáfu þeirra reglugerða, sem þörf er á vegna breyt-

ingarinnar, svo sem um gerð og búnað ökutækja, að því er lýtur að hurðum, ljósum o. fl., staðsetningu umferðarmerkja, breytingu á hámarkshraða, takmörkun umferðar o. fl. Auk þess annast hann af hálfu ráðuneytisins yfirstjórn löggæzlumála vegna breytingarinnar og samband við lögreglustjóra landsins um framkvæmd breytingarinnar. Hefur það atriði m. a. verið rætt á aðalfundi Dómarafélagsins.

11. Samvinna er milli H-nefndar og Vegamálastjóraembættisins, m. a. um uppsetningu sérstakra H-merkja meðfram þjóðvegum til að minna á H-umferð, auk þess sem ráðgert er vegna breytingarinnar að hraða skiptingu akbrauta á hættulegum hæðum og blindbeygjum.
12. Meðal annarra öryggismála, sem H-nefndin beitir sér fyrir, er lækkun tolls á endurskinsmerkjum til aðvörunar á fjölförnum vegnum, ef bifreið hefur bilað. Hefur sá tollur verið lækkaður úr 120% í 20%.

Nefndin beitir sér fyrir því, að sérstakt gjald af viðtækjum í bifreiðum verði afnumið. Er talið mikilsvert, að sem flestir bílar hafi útvarp, svo að unnt sé að koma umferðarfræðslu til ökumanna, sérstaklega í akstri í dreifbýlinu.

Frestun frá sjónarmiði kostnaðar.

Allmiklu fé hefur þegar verið varið vegna hægri breytingarinnar. Í stórum dráttum er það sem hér segir:

1. **Almenningsbifreiðar.**

Samið er um breytingarkostnað og bætur vegna 85 bifreiða. Heildarupphæð samninga þessara eru **kr. 23 125 550.00.**		
Búið er að greiða af upphæð þessari	kr.	12 220 300.00
Keyptir 6 staðgönguvagnar frá Sviþjóð til að lána aðilum, meðan bifreiðum er breytt. Heildarkostnaður 6 vagna	—	1 245 000.00
Alls gr. pr. 15. janúar 1968 vegna almenningsbifreiða	kr.	13 465 300.00
Að auki skuldbindingar **kr. 9 660.250.00.**		

2. **Vega- og gatnakerfi.**

Lokið er flutningi umferðarmerkja með þjóðvegum utan þéttbýlis. Vegagerð ríkisins hefur verið greiddur þessi kostnaður að upphæð	kr.	1 005 550.00
Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík hefur sett niður 640 undirstöður fyrir umferðarmerki í Reykjavík og breytt götuvitum fyrir 7 gatnamót. Þessi kostnaður er greiddur og er að upphæð	—	2 441 950.00
Í Ísafjarðarkaupstað hafa verið settar niður undirstöður fyrir umferðarmerki. Þessi kostnaður er ógreiddur, en er að upphæð	—	28 850.00
Á Akureyri hafa verið settar niður undirstöður fyrir umferðarmerki. Þessi kostnaður er ógreiddur, en er að upphæð ..	—	182 500.00
Alls kostnaður pr. 15. janúar 1968 vegna vega- og gatnakerfis	kr.	3 655 850.00

3. **Öryggismál og stjórnun.**

Settar niður stikur fyrir sérstök áminningarskilti með þjóðvegum. Kostnaður pr. 15. janúar 1968	kr.	535 100.00
Kostnaður vegna upplýsinga- og fræðslustarfsemi, útgáfu, vinnukostnaðar o. fl. pr. 15. janúar 1968	—	2 050 000.00
Stjórnunarkostnaður pr. 15. janúar 1968	—	2 569.050.00
	Kr.	5 154.150.00

4. **Alls kostnaður pr. 15. janúar 1968.**

Almenningsbifreiðar	kr.	13 465 300.00
Vega- og gatnakerfi	—	3 655 850.00
Öryggismál og stjórnun	—	5 154 150.00
	Kr.	22 275 300.00

Samkvæmt framansögðu hefur nefndin alls greitt eða er gjaldfallið 15. janúar 1968 kr. 22 275 300.00, en auk þess gert margvíslegar ráðstafanir, sem hafa fjárskuldbindingar í för með sér, svo sem ráðning nauðsynlegs starfsliðs, leiga húsnæðis, prentun o. fl., auk þess sem nefndin er skuldbundin vegna breytinga á bifreiðum, sem byrjað er á, um kr. 9 660 250.00.

Af tveim ástæðum sérstaklega mátti ekki frá sjónarmiði kostnaðar draga breytinguna.

Í fyrsta lagi var að verulegri endurnýjun komið í bifreiðakosti ýmissa aðila, er reka strætisvagna og áætlunarbifreiðar. Þannig hafði t. d. eðlilegri endurnýjun bifreiða S.V.R. verið frestað, sem m. a. kemur fram í því, að einungis 12 af 50 vögnum fyrirtækisins voru taldir svo verðmætir, að breyting þeirra borgaði sig, enda hafði fyrirtækið enga nýja vagna keypt síðan árið 1963.

Óhjákvæmilegt hefði verið fyrir þessa aðila að endurnýja vagnakost sinn verulega á þessu og næsta ári og þá að sjálfsögðu með bifreiðum fyrir vinstri umferð, ef umferðarbreytingin væri ekki ákveðin. Frestun framkvæmdar hægri umferðar mundi þannig leiða til verulega aukins kostnaðar við breytingu nýrra bíla umfram það, sem nú verður.

Í öðru lagi er nú unnið að áætlun um framtíðarveg um Kópavog til Suðurnesja. Til þess að hagnýta það mannvirki sem bezt þarf að sníða það annaðhvort við vinstri eða hægri akstur, og er ljóst, að ef það verður byggt fyrir núverandi umferð, verður mjög kostnaðarsamt að breyta því síðar. Á raunar sama við um fleiri umferðarmannvirki, sem ráðgerð eru hér á landi á næstu árum, t. d. tenging Skúlagötu og vesturbæjar á brú yfir hafnarsvæðinu o. fl.

Frumvarp þetta kemur nú fyrst til umræðu í deildinni, þegar rúmir 4 mánuðir eru til þess dags, er breytingin í hægri umferð tekur gildi.

Hvort sem menn eru hlynntir eða andsnúnir hægri umferð, hljóta flestir að sjá, að svo veigamikið mál sem frumvarpið fjallar um er allt of seint fram borið.

Hugsanleg ástæða gæti verið fyrir þingið að breyta ákvörðun sinni, sem fram kom í lögum um hægri umferð, ef reynslan, sem fékkst af breytingunni í hægri umferð í Svíþjóð á s. l. hausti, hefði orðið óhagstæð eða veruleg breyting orðið á skipan Alþingis við kosningarnar á s. l. sumri. Hvorugt hefur orðið. Fregnir herma, að reynslan í Svíþjóð hafi orðið betri en við var búizt og hlutfall þeirra landsmanna, sem séu breytingunni hlynntir, fari stöðugt vaxandi.

Engin sú breyting hefur heldur orðið í skipan Alþingis, að þar sé hægt að vænta breyttrar afstöðu til efnis laganna frá því, sem var, þegar þau voru sett vorið 1966.

Valgarð Briem.

Fylgiskjal II.

FRAMKVÆMDANEFND HÆGRI UMFERÐAR

Reykjavík, 22. jan. 1968.

Hr. dómsmálaráðherra Jóhann Hafstein,
Dómsmálaráðuneytinu, Reykjavík.

Yfirlit er nú þegar fengið yfir verulegan hluta kostnaðar við breytinguna. Telur framkvæmdanefndin, að kostnaðaráætlunin muni standast í aðalatriðum, jafnvel þótt ýmsar hækkanir hafi orðið, síðan hún var gerð.

Að vísu telur nefndin, að kostnaður við breytingar á bifreiðum og vegakerfi muni hækka vegna gengisbreytingarinnar um nálægt 2 milljónir króna, og enn fremur hefur nefndin ákveðið með heimild viðkomandi yfirvalda að verja nálega 8 milljónum króna til almennrar umferðarfræðslu og áróðurs fyrir aukinni umferðarmenningu, sem ekki var gert ráð fyrir í kostnaðaráætluninni.

Er talið, að það, hve vel tókst í Svíþjóð, sé verulega því að þakka, hve umferðarfræðsla, ekki sízt í skólum, var mikil og áróður fyrir betri umferðarháttum markviss. Er talið, að breytingin sjálf í hægri umferð valdi því, að almenningur sé sérstaklega móttækilegur fyrir slíka fræðslu og áróður, og því sé rétt að notfæra sér það tækifæri, enda þótt það kosti töluvert fé, en ekki var gert ráð fyrir því í kostnaðaráætlun umferðarlaganefndar á sínum tíma.

Samkvæmt lögunum ber eiganda venjulegrar fólksbifreiðar að greiða til breytingarinnar árið 1967 kr. 240.00, 1968 og 1969 kr. 360.00 hvort ár og 1970 kr. 180.00.

Til samanburðar má geta þess, að ekki mun óvenjulegt, að einkabílum sé ekið nálægt 20 þús. km á ári. Venjulegur 5—6 manna fólksbíll mundi eyða til þeirrar keyrslu nálægt 2400 lítrum af benzíni, sem hver kostar í dag kr. 8.20, þannig að benzíneyðslan ein mundi kosta eiganda slíkrar bifreiðar nálægt kr. 19 680.00 á ári, og sést af því m. a., hve vægt gjaldið til hægri breytingarinnar er.

Virðingarfyllst,

V. Briem.

Nd. 250. Frumvarp til laga [117. mál]

um olíuverzlun ríkisins.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Stofna skal olíuverzlun ríkisins. Hún er eign ríkisins, sem ber ábyrgð á skuldbindingum hennar. Ríkissjóður leggur henni til nauðsynlegt stofn- og rekstrarfé, og er heimilt að taka það að láni.

2. gr.

Hlutverk olíuverzlunarinnar er að annast öll innkaup og flutninga til landsins á brennsluolíum (gasolíu, dieselolíu, fuelolíu, ljósaolíu, benzíni og flugvélabenzíni), smurningsolíum og olíufeiti. Hún skal sjá um flutning olíuvaranna í birgðastöðvar í innflutningshöfnum. Enn fremur skal hún leitast við að fjölga innflutningshöfnum olíuvara frá því, sem nú er, í því skyni að auðvelda dreifingu þeirra.

3. gr.

Olíuverzlunin skal semja við eigendur olíubirgðastöðva um leigu þeirra til þess að tryggja nægilegar birgðageymslur. Náist ekki samkomulag um leigusamninga, er heimilt að taka birgðastöðvar leigunámi. Enn fremur er olíuverzluninni heimilt að byggja nýjar birgðastöðvar, ef nauðsyn krefur. Þá skal olíuverzlunin leita eftir samningum við starfandi olíufélög um kaup eða leigu á dreifingarkerfi þeirra og smásöluaðstöðu. Takist ekki samningar, sem tryggi olíuverzlun ríkisins sæmilega aðstöðu til smásöluverzlunar með olíur, skal heimilt að taka eignir olíufélaganna eignar- eða leigunámi.

4. gr.

Olíuverzlunin selur olíuvörur í heildsölu til olíusamlaga, opinberra aðila og annarra, sem kaupa mikið magn í einu til eigin nota.

Hún skal einnig annast smásölu með olíuvörur og leitast við að skipuleggja á sem hagkvæmastan hátt olíudreifingarkerfi um allt land.

Olíuverzlun ríkisins skal skylt að sjá um, að jafnan séu til í landinu nægar birgðir olíuvara.

5. gr.

Olíuverzlunin skal selja olíuna á kostnaðarverði að viðbættri álagningu, sem svarar kostnaði við rekstur verzlunarinnar.

6. gr.

Stjórn olíuverzlunarinnar skipa 5 menn, sem kosnir eru af sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna. Einnig skulu á sama hátt kosnir jafnmargir varamenn. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og hefur umsjón með rekstri verzlunarinnar.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins annast endurskoðun reikninga olíuverzlunarinnar.

7. gr.

Olíusamlög eða aðrir aðilar, sem bundnir eru viðskiptasamningum við olíufélögin, þegar olíuverzlunin tekur til starfa, skulu lausir undan þeim samningum án skaðabóta.

8. gr.

Birgðir þær af olíuvörum, sem verða á birgðastöðvum þeim, er olíuverzlunin fær til umráða, samkvæmt ákvæðum 3. gr., skal hún kaupa á kostnaðarverði. Náist ekki samkomulag við eigendur, er heimilt að taka vörurnar eignarnámi.

9. gr.

Önnur atriði, er snerta framkvæmd þessara laga, þ. á m. meðferð og sala þeirra birgða, sem fyrir verða á birgðastöðvum, sem olíuverzlunin tekur ekki á leigu, þegar hún tekur til starfa, skulu ákveðin í reglugerð.

10. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum eða öðrum ákvæðum, er sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 200 þúsund krónum, og skal farið með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. sept. 1968.

Greinargerð.

Samhljóða frv. flutti ég á síðasta þingi, en þá fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

„Með frv. þessu er lagt til, að sett verði á stofn olíuverzlun ríkisins, sem síðan taki í sínar hendur allan innflutning á olíum til landsins og hafi með höndum alla heildsölu á olíuvörum. Jafnframt er ráð fyrir því gert, að olíuverzlun ríkisins taki að mestu leyti að sér alla smásölu og dreifingu á olíuvörum. Þó er til þess ætlazt, að þau olíusamlög, sem starfa samkv. lögum og hafa það að markmiði að selja meðlimum sínum olíur á sem lægstu verði, geti starfað áfram.

Eins og kunnugt er, eru það einkum þrjú stór olíufélög, sem nú annast olíusöluna í landinu. Þau hafa á undanförnum árum byggt upp þrefalt olíudreifingarkerfi um allt land, kerfi, sem hlýtur að vera óhóflega dýrt í stofnkostnaði miðað við aðstæður og jafnframt hlýtur að vera mjög kostnaðarsamt í rekstri. Víða í þorpum landsins má sjá þrjá birgðageyma olíufélaganna og allmargar dreifingarstöðvar, þó að augljóslega hefði á þeim stöðum mátt komast af með einn birgðageymi og eina dreifingarstöð. Í Reykjavík og stærstu kaupstöðum landsins hefur fjárfesting olíufélaganna verið gífurleg, og ljóst má það vera hverjum manni, að fjöl-

margar benzínafgreiðslustöðvar félaganna eru þar byggðar í viðskiptalegu kapphlaupi án tillits til raunverulegra þarfa viðskiptamannanna.

Það hefur verið yfirlýst stefna okkar Alþýðubandalagsmanna, að olíuverzlunina ætti að skipuleggja með allt öðrum hætti en verið hefur. Við höfum því margsinnis áður flutt tillögur til breytinga á þessum málum og lagt fram frv. á Alþingi um ríkisverzlun með olíur.

Innflutningur á olíum til landsins er meiri en á nokkurri annarri vörutegund. Verðlag á olíuvörum skiptir því miklu máli í þjóðarbúskapnum og varðar alla einstaklinga að meira eða minna leyti.

Nú hefur háttað svo til í utanríkisviðskiptum landsins í allmörg ár, að ríkið hefur gert samninga við önnur ríki um innkaup á svo til allri olíu, sem landsmenn nota. Skipta þar mestu máli samningar við Sovétríkin. Þrátt fyrir þessar aðstæður hefur sá háttur verið hafður á, að ríkið hefur afhent þann samning, sem það hefur gert um innkaup á olíum og flutning til landsins, olíufélögunum þremur til framkvæmda. Á þann hátt hafa olíufélögin þrjú í rauninni fengið einkaaðstöðu til innkaupa á olíum, og síðan hafa þau annazt sjálf alla dreifingu olíuvaranna. Þessi þrjú stóru olíufélög hafa með sér mjög náið samstarf um olíusöluna, að minnsta kosti um verðlagninguna og allt sölufyrirkomulag. Samkeppni þeirra á milli er því ekki á neinum venjulegum grundvelli.

Nokkur olíusamlög eru enn starfandi í landinu. Þau geta hvergi fengið olíuvörur á eðlilegu heildsöluverði, en neyðast til þess að semja við olíufélögin í öllum aðalatriðum á þeim grundvelli, sem félögin ákveða. Þannig verða olíusamlögin að selja olíuna á sama verði og olíufélögin gera og með sömu söluskilmálum og þau. Hér er því greinilega um einokunaraðstöðu olíufélaganna að ræða.

Með frv. þessu er lagt til, að olíuverzlun ríkisins annist ein öll innkaup á olíum til landsins og hafi ein með höndum alla heildsölu á olíum. Frá olíuverzlun ríkisins gætu þá olíusamlög fengið olíur á eðlilegu heildsöluverði. Enginn vafi er á því, að með slíkri skipan mundu olíusamlögin strax lækka verðið til neytenda frá því, sem nú er, og til mikilla muna í sumum greinum.

Þá er gert ráð fyrir því í frv., að opinberir aðilar, eins og bæjar- og sveitarfélög og ýmsir þeir, sem kaupa þurfa mikið magn af olíu til eigin nota, geti fengið olíur keyptar af olíuverzlun ríkisins á heildsöluverði. Hér er um sanngirnismál að ræða og eðlileg viðskipti í stað þeirra þvingunarviðskipta, sem nú gilda.

Í frv. er svo jafnframt gert ráð fyrir, að olíuverzlun ríkisins skipuleggi smásöluverzlun með allar olíuvörur um allt land með það fyrir augum, að dreifingarkostnaður verði sem minnstur og verðlagið geti verið sem allra lægst. Á þann hátt yrði tekið fyrir þá stjórnlausu eyðslu, sem nú á sér stað í þreföldu dreifingarkerfi, og komið í veg fyrir óþarfan tilkostnað við sölu á þessum nauðsynlegu vörum.

Um þessar mundir er mikið um það rætt, að gæta þurfi meiri hagsýni en gert hefur verið í uppbyggingu fiskiðnaðarins í landinu og í framkvæmdum landbúnaðarins. Þegar svo er komið, að framleiðslukostnaður frystihúsanna í landinu er orðinn of mikill vegna síaukinnar dýrtíðar, þá þykir sjálfsagt að taka til endurskipulagningar uppbyggingu frystihúsanna og rekstraraðstöðu þeirra. En skyldi þá ekki vera kominn tími til að taka til athugunar olíusölukerfið í landinu? Eða er kannske meining þeirra, sem nú tala mest um meiri hagræðingu í fiskiðnaði og í landbúnaði, að ganga með öllu fram hjá því, að auka þurfi hagræðingu í verzlun og viðskiptum? Getur það verið ætlunin að halda áfram í þrefalt olíudreifingarkerfi um allt land? Áframhaldandi útþensla slíks kerfis kostar þjóðina tugi milljóna króna á ári í algera eyðslu.

Þegar við Alþýðubandalagsmenn höfum á undanförnum árum barizt fyrir ríkisverzlun á olíum, hefur mótstaðan gegn tillögum okkar einkum komið frá forustumönnum Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Tengsl forustumanna þessara flokka við olíufélögin þrjú hafa verið öllum ljós. Alþýðuflokkurinn hefur

hins vegar látið sig þessi mál litlu skipta, þar til nú nýlega, að formaður flokksins lýsti yfir fylgi Alþýðuflokksins við ríkisverzlun á olíum.

Við Alþýðubandalagsmenn viljum enn láta reyna á afstöðu flokkanna til þessa stórmáls. Verður þá að koma í ljós, hvort flokkarnir meta meir hagsmuni almennings í landinu og hagsmuni atvinnuveganna eða gróðahagsmuni olíufélaganna þriggja.“

Nd. 251. Nefndarálit [86. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 65 frá 13. maí 1966, um hægri handar umferð.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haldið tvo fundi um málið, og á síðari fundinum komu til viðtals flestir þeir menn, sem talið er að hafi unnið að undirbúningi lagasetningar um hægri handar umferð, enn fremur formaður framkvæmdanefndar hægri umferðar, formaður félags sérleyfishafa og formaður Félags íslenzkra vegfarenda.

Eins og áður var kunnugt, er afstaða þeirra, er þarna mættu, til frumvarpsins flestra á þann veg, að þeir eru því andvígir, en meðmæltir hægri handar umferð. Formaður Félags ísl. vegfarenda mælti hins vegar með frumvarpinu og rökstuddi álit sitt.

Í lok síðari nefndarfundarins, 26. jan., var frumvarpið tekið til afgreiðslu í nefndinni. Niðurstaðan var sú, að meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði fellt, en undirritaður minni hluti leggur til, að það verði samþykkt.

Vegna framkvæmdar hægri umferðar laganna vill minni hluti nefndarinnar vekja athygli á eftirfarandi atriðum, sem fram komu á fundi allsherjarnefndar, þegar rætt var við þá, sem nefndin kvaddi á sinn fund.

1. Upplýst er, að blindhæðir og blindbeygjur á þjóðvegum verði yfirleitt ekki lagfærðar fyrir H-dag, en við því munu margir hafa búizt, að unnið yrði að umbótum á þessum hættustöðum, áður en umferðinni yrði breytt.
2. Vegræsi á landinu skipta þúsundum og mörg eru, eins og kunnugt er, með þeim hætti, að valdið geta slysum, þegar ekið er utarlega á vegi. Endurbætur á vegræsum munu ekki verða framkvæmdar í sambandi við umferðarbreytinguna. Þessar umbætur á blindhæðum og blindbeygjum og vegræsum munu kosta mikið fé.
3. Áformað er, að inngöngudyr á eldri strætisvögnum verði færðar fyrir H-dag, þannig að þær verði hægra megin á vagninum, og að nýir strætisvagnar verði með slíkri dyrasetningu, — en varðandi sérleyfisvagna hafa slíkar ráðstafanir ekki verið gerðar á vegum H-nefndar. Gert mun vera ráð fyrir því, að sérleyfisvagnar fái undanþágu frá þeirri öryggisráðstöfun, sem dyrasetning hægra megin á almenningsvögnum er talin vera. — Vera má, að slík undanþága sé heimil, en ekki verður hún talin æskileg.
4. Það er athyglisvert, að þegar lögin um hægri handar umferð voru samþykkt, fylgdi þeim kostnaðaráætlun að upphæð 50 milljónir króna, en í þessari áætlun var ekki gert ráð fyrir kostnaði vegna löggæzlu eða eftirlits með framkvæmd umferðarbreytingarinnar á H-degi og mánuðina á eftir. Það er augljóst, að jafnveigamikil umferðarbreyting verður ekki framkvæmd með góðu móti, nema löggæzlan verði aukin til stórra muna. Óvíst er, hvað þessi aukna löggæzla kostar ríkissjóð, en fullvíst má telja, að kostnaðurinn verði mikill, ef um viðunandi löggæzlu verður að ræða.

Enn stendur málið þannig, að ástæða er til þess nú, eins og þegar lögin voru samþykkt, að gera sér grein fyrir því fyrst og fremst, hvort breyting frá vinstri í

hægri handar umferð sé æskileg eða nauðsynleg, eða þvert á móti, eins og margir telja, óæskileg eða að minnsta kosti ónauðsynleg. Jafnframt þarf að gera sér grein fyrir því, hvorri umferðarreglunni almenningur og þá sérstaklega vegfarendur hér á landi muni una betur.

Minni hluti nefndarinnar er andvígur því, að hægri handar umferð verði tekin upp hér á landi, og mun í umræðum gera grein fyrir ástæðum til þess, en telur hins vegar eðlilegt, eins og nú standa sakir, að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram.

Jafnframt lítur minni hlutinn svo á, að ekki sé rétt að láta áfallinn kostnað vegna fyrirhugaðrar breytingar hafa áhrif á úrslit þessa máls, því að þau útgjöld, sem eftir eru vegna áformaðrar breytingar, munu reynast mun meiri en það, sem þegar hefur verið til kostað, og dýrara að halda áfram með breytinguna en hætta við hana og taka á sig þegar áfallinn kostnað.

Alþingi, 31. jan. 1968.

Steingrímur Pálsson, frsm. Gísli Guðmundsson. Jón Kjartansson.

Fylgiskjal I.

FÉLAG ÍSLENZKRA VEGFARENDA

Hinn 26. þ. m. var formaður félags vors kvaddur á fund allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis, þar sem m. a. voru staddir lögreglustjórinn í Reykjavík og vegamálastjóri ásamt fleirum.

Á fundi þessum upplýsti lögreglustjóri, að ekki væri enn þá gert ráð fyrir neinni aukagæzlu á vegum utan Reykjavíkur í sambandi við umferðarbreytinguna. Einnig upplýsti vegamálastjóri, að engar akreinaskiptingar yrðu gerðar á blindbeygjum eða blindhæðum né breikkuð ræsi fyrir H-dag.

Við teljum framanskráðar yfirlýsingar staðfesta, svo að ekki verði um villzt, að undirbúningi fyrirhugaðrar umferðarbreytingar er svo áfátt, að fullkomið ábyrgðarleysi væri að láta hana koma til framkvæmda.

Því til rökstuðnings viljum við benda á eftirtalin þrjú atriði, sem við teljum algera lágmarkskröfu til öryggis, ef breytinguna ætti að framkvæma:

1. Nægilegu starfsliði til eftirlits og aðstoðar verði á að skipa á öllum vegum landsins, ekki aðeins nokkra daga eftir breytinguna, heldur um verulegan tíma, í það minnsta 1 ár.
2. Allar blindbeygjur og blindhæðir verði gerðar með akreinaskiptingu og vegræsi breikkuð, þar sem þau eru mjórri en vegurinn.
3. Engri langferðabifreið verði leyft að hleypa farþegum út í umferðina, heldur aðeins með útgöngudyr hægra megin.

Framantalin þrjú atriði hljóta að vera alger forsenda þess, að bifreiðastjórar almennt treysti sér til þess að hreyfa bifreiðir sínar eftir breytinguna. Teljum vér eðlilegt og sjálfsagt, að nefndin kynni sér viðhorf atvinnubifreiðastjóra og samtaka þeirra til fullvissu um, að við túlkum hér viðhorf þeirra og sjónarmið í málinu.

Því hefur verið haldið fram, að kostnaði þeim, sem kominn er í undirbúning umferðarbreytingarinnar, sé að öllu leyti á glæ kastað, ef við hana yrði hætt. Svo er þó ekki. Nokkur hluti kostnaðarins er vegna umferðarfræðslu, umferðarljósa og kaupa á vagngrindum, sem að fullu gagni kæmu, þó að hætt verði við breytinguna. Auk þess er það bjargföst vissa vor, að þjóðin mun ekki telja eftir sér að taka á sig þann kostnað, sem þegar er búið að greiða, verði við breytinguna hætt og þjóðinni þar með forðað frá óþarfa hættum og sársauka.

Við leggjum áherzlu á, að alþingismenn leggi sig fram um að kynna sér allar hliðar máls þessa sem ýtarlegast. Því samfara eru engar tafir varðandi breytinguna, þó að fram færi, en glögg athugun málsins undir meðferð þessa frumvarps gæti hins vegar orðið til þess að forða margs konar vandræðum, sem allir ættu að geta sameinazt um að koma í veg fyrir.

Vér viljum enn undirstrika, að markmið félags vors er að vinna að því, að fyllsta öryggis sé gætt í umferðarmálum.

Öll viðleitni til að koma í veg fyrir umferðarbreytinguna byggist á þeirri öruggu vissu, að aðstæður allar til breytingar yfir í hægri umferð eru slíkar í landi voru, bæði hvað vegakerfi og fyrirhugaðan útbúnað langferðabifreiða og undirbúning allan snertir, að algerlega má ógerlegt teljast, að hún geti komið til framkvæmda á ákvörðuðum degi.

Því fagnar stjórn Félags íslenzkra vegfarenda framkomnu frumvarpi og telur það bæði lýðræðislegt og sjálfsagt að leyfa þjóðinni að ákveða, hvort hún vill umrædda umferðarbreytingu.

Virðingarfyllst,

Reykjavík, 30. janúar 1968.

Stjórn félags íslenzkra vegfarenda,

Ingi Guðmundsson, bifreiðarstj., B.S.R. Adolf J. E. Petersen, vegaverkstj., Rvík. Daníel Pálsson, bifreiðarstj., Bæjarleiðum. Albert Jónasson, bifreiðarstj., Hreyfli. Jón V. Guðmundsson, bifr.stj., Þrótti. Ólafur Halldórsson, bifr.stj., Sendibílast. h/f. Séra Árelíus Níelsson, sóknarprestur, Rvík.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

FÉLAG ÍSLENZKRA VEGFARENDA

Greinargerð um kostnað við löggæzlu.

Þar sem fyrirhugað er, að lög um hægri umferð hér á landi komi til framkvæmda þann 26. maí 1968, sjáum við ástæðu til að láta frá okkur fara eftirfarandi greinargerð, sem við höfum gert og látið gera. Tilgangurinn er sá að vekja athygli ráðamanna og annarra borgara á, hve miklu fé verður að verja, til að breytingin fái fram að ganga; er þá hægt að taka frekari ákvörðun um, hvort ráðizt skuli í svo fjárfreka framkvæmd á lögunum, þegar þess er gætt, að engin nauðsyn liggur þeim til grundvallar, þegar tekið er tillit til hnattstöðu landsins sem eylands.

Gert hefur verið ráð fyrir, að auka verði löggæzlulið í landinu, og þó að tölur um þá aukningu liggi ekki fyrir frá löggæzlustjórum í hverju lögsagnarumdæmi fyrir sig, þá er hægt að áætla þá aukningu með hliðsjón af reynslu Svía, að hér þurfi að bæta við allt að eitt þúsund manna liði að meðtöldu hjálparliði til slysavörzlu. Auk þessa þarf allfjölmennt aðstoðarlið við að leiðbeina fólki yfir götu.

Kostnaðurinn af þessari aukningu verður allhár eða sem næst tólf hundruð krónum til jafnaðar á hvern mann hvern dag, þar í talin laun, bifreiða- og annar kostnaður, sem af mannahaldi leiðir. Gera má ráð fyrir, að halda verði þessu liði að minnsta kosti fyrstu fjóra mánuðina eftir breytinguna, en auk þess þarf nokkurn þjálfunartíma fyrir breytinguna; hvort þörf verður fyrir aukið löggæzlulið lengur en hér er nefnt, verður tíminn og reynslan að leiða í ljós, en ætla má, að eftir fyrstu fjóra mánuðina megi fækka nokkuð löggæzluliði til jafnlengdar næsta ár á eftir. Kostnað-

urinn yrði þá fyrstu fjóra mánuðina 144 milljónir króna, á næstu fjórum mánuðum þar á eftir mundi þessi kostnaður að líkindum geta lækkað um helming eða í 72 milljónir króna og í síðasta áfanga, þ. e. fjórum mánuðum, yrði vonandi hægt að fækka enn í liðinu um helming, svo að kostnaðurinn yrði þá um 36 milljónir króna, eða samtals á einu ári yrði löggæzlukostnaðurinn um 252 milljónir króna. Enginn möguleiki er á að hugsa sér, að hægt verði að komast af með minna löggæzlulið en hér hefur verið nefnt, miðað við þær aðstæður, sem hér eru.

Á landinu öllu eru 22 sýslur og 14 kaupstaðir eða alls 36 löggæzlusvæði. Ætla má, að til jafnaðar þurfi tvær bifreiðir til löggæzlustarfsins á hverju svæði eða alls 72 bifreiðir. Að líkindum má ætla, að á fámennari svæðum verði hægt að komast af með eina bifreið, en þá þarf aftur á móti fleiri en tvær bifreiðir á fjölmennari svæðin. Bifreiðir þessar verða að gegna löggæzlu- og slysavörzlu. Kostnaður af hverri bifreið er varlega áætlaður eitt þúsund krónur á dag eða daglegur kostnaður af bifreiðum til löggæzlustarfa yrði þá sjötíu og tvö þúsund krónur, eða sem næst átta og hálf milljón króna fyrstu fjóra mánuðina eftir breytinguna. 8.5+4.250+2.125 = 14 875.00.

Að þessu viðbættu verður að gera ráð fyrir auknu húsnæði og skrifstofukostnaði fyrir löggæzlu- og slysavarðlið. Allur kostnaður við löggæzlu yrði þá: 266 875.00.

Sþ. 252. Tillaga til þingsályktunar [118. mál]

um sams konar tímareikning allt árið.

Flm.: Karl Guðjónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fella úr gildi reglugerð nr. 43 frá 28. febr. 1947, um sérstakan tímareikning, þannig að framvegis gildi sams konar tímareikningur fyrir allt árið.

Greinargerð.

Síðastliðin 20 ár hefur verið í gildi hér á landi tvenns konar tímareikningur, annar fyrir vetrarmisserið og hinn fyrir sumartímabilið.

Vetrartíminn hefur verið hinn svonefndi íslenzki meðaltími, þ. e. klukkan á Íslandi hefur verið miðuð við sóltíma á 15. lengdarbaug fyrir vestan Greenwich. Sumartíminn hefur hins vegar verið einni klukkustund fljótari, og hefur hann gilt um tímabilið frá fyrsta sunnudegi í aprílmánuði til fyrsta sunnudags í vetri.

Ákvæðin um þennan tímareikning er að finna í reglugerð dómsmálaráðuneytisins, nr. 43 frá 28. febr. 1947, en sú reglugerð er út gefin samkvæmt heimild í lögum nr. 8 frá 1917.

Af ákvörðuninni um tvenns konar tímareikning á ári hverju leiðir, að klukkan hefur verið færð á nefndum tímamörkum, ýmist áfram eða aftur á bak.

Þær breytingar hafa mikil óþægindi í för með sér, og virðast þau óþægindi fara vaxandi, eftir því sem tímar líða og tækni fleygir fram, enda hafa ýmsar þær þjóðir, sem um eitthvert skeið höfðu í gildi tvenns konar tímareikning, lagt hann niður.

Hér verða ekki rakin þau margvíslegu óþægindi, sem af tvenns konar tímareikningi stafa, aðeins bent á tvennt:

Veðurþjónustan, sem að verulegu leyti er bundin af alþjóðasamvinnu, verður að færa flestar eða allar athuganir sínar til tvisvar á ári, svo og spár sínar og veðurfréttasendingar, og liggur í augum uppi, að slíkt kostar ósmáa fyrirhöfn.

Flestar rafveitur selja einhvern hluta af raforku með þeim hætti, að rjúfa verður straum til margra notenda á mestu álagstímum. Er þetta jafnan gert með

sjálfvirkum klukkurofum. Alla slíka rofa verður að stilla að nýju við hverja breytingu, sem á klukkunni er gerð, og raunar verður öll slík stilling að fara fram á svo til samri stund og klukkunni er breytt, þótt það sé auðvitað óframkvæmanlegt.

Þótt fleiri dæmi verði hér ekki nefnd, má augljóst vera, að verulegur ávinningur verður að vera af breytingu klukkunnar, ef hún á að vera réttlætanleg.

Það er mat flm., að ávinningurinn sé ekki nægur til að réttlætanlegt sé að halda hinum tvöfalda tímareikningi áfram.

Ed. 253. Lög [29. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Hól í Ölfusi í Árnessýslu.

(Afgreidd frá Ed. 1. febr.)

Samhljóða þskj. 29.

Nd. 254. Frumvarp til laga [119. mál]

um Fiskiðju ríkisins.

Flm.: Ragnar Arnalds.

1. gr.

Ríkið starfrækir verksmiðjur til fullvinnslu og verkunar ýmiss konar sjávarafurða, og nefnast þær Fiskiðja ríkisins.

2. gr.

Fiskiðja ríkisins hefur forustu um tilraunastarfsemi við frystingu, niðursuðu, niðurlagningu og hvers konar fullvinnslu matvæla úr síld og öðrum fisktegundum. Fiskiðja ríkisins hefur samvinnu við rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og miðlar reynslu og þekkingu til annarra framleiðenda á þessu sviði. Skal að því stefnt, að sett verði á fót sérstök rannsóknardeild, er hafi með höndum vísindalegar athuganir í niðurlagningar- og niðursuðutækni.

Fiskiðja ríkisins gerir ráðstafanir til þess, að nægilega margir Íslendingar hljóti sérmenntun erlendis í þessari iðngrein og efnt sé öðru hverju til námskeiða hér á landi fyrir verkstjóra og annað starfslið.

Fiskiðja ríkisins hefur forustu um öflun markaða erlendis. Fiskiðjan beitir sér fyrir myndun sölusamtaka, er annast sölu á fullunnum fiskréttum í ýmsum tegundum umbúða og undir einu vörumerki.

3. gr.

Niðurlagningarverksmiðja ríkisins á Siglufirði skal rekin samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Ríkissjóður leggur fram 6 milljónir króna í fimm ár, samtals 30 milljónir króna, til að fullgera niðurlagningarverksmiðjuna á Siglufirði og til að koma upp nokkrum öðrum verksmiðjum til fullvinnslu matarrétta úr fisktegundum. Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að ábyrgjast lán í sama tilgangi að upphæð allt að 200 milljónum króna.

Við staðsetningu nýrra verksmiðja skal Fiskiðja ríkisins einkum miða við, að þeir staðir sitji í fyrirrúmi, sem um langa hríð hafa búið við ótryggt atvinnuástand.

5. gr.

Ríkissjóður leggur fram 8 milljónir króna í fimm ár, samtals 40 milljónir króna, til tilraunastarfsemi og markaðsöflunar fyrir fullunna síldarrétti og aðra fiskrétti og til að tryggja rekstur Fiskiðju ríkisins.

6. gr.

Stjórn Fiskiðju ríkisins er skipuð 7 mönnum og 7 til vara, og skulu þeir kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi. Stjórnin kýs sér sjálf formann. Laun nefndarmanna ákveður ráðherra, og greiðast þau úr ríkissjóði.

7. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara setur ráðherra með reglugerð.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Frá gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 47 7. maí 1946, um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins, og lög nr. 52 25. maí 1949, um fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík.

Greinargerð.

Niðursuðuiðnaður hefur löngum verið olnbogabarn í íslenzku atvinnulífi. Á hverju ári hafa Íslendingar mokað gífurlegum aflaverðmætum á land, en minna hirt um að fullvinna afurðirnar sjálfir. Fiskvinnslustöðvar víða um heim hafa fengið ódýrt úrvalshráefni frá Íslandi og hagnazt drjúgum á því að margfalda hráefnisverðið með fullvinnslu. Meðan 15% af útflutningsverðmæti norskra sjávarafurða er niðursoðinn eða niðurlagður fiskur, er hliðstæð hlutfallstala á Íslandi aðeins um ½%.

Frumvarp þetta hefur tvívegis áður verið flutt, en ekki náð fram að ganga. Það er meginefni þess, að þegar í stað verði hafin skipuleg uppbygging þessarar atvinnugreinar og markvissar ráðstafnir gerðar til að leggja grundvöll að stóriðju í matvælaiðnaði. Eftir að þessi iðngrein hefur nánast hjakkað í sama farinu um áratugi, er nú löngu orðið ljóst, að ríkisvaldið verður að taka að sér forustuna með markvissu skipulagsstarfi og útvegun nægilegs fjármagns, ef því sjálfsagða takmarki á að ná, að þessi iðnaður verði einn af grundvallaratvinnuvegum þjóðarinnar í framtíðinni.

1. Sérstök þingkjörin stjórn.

Í frumvarpinu er lagt til, að komið verði á fót sérstakri stofnun, er beri heitið Fiskiðja ríkisins, og starfi hún undir þingkjörinni stjórn. Jafnframt taki fiskiðjan við rekstri niðurlagningarverksmiðjunnar á Siglufirði. Hingað til hefur stjórn Síldarverksmiðja ríkisins haft umsjón með rekstri niðurlagningarverksmiðjunnar. Er það löngu viðurkennt af flestum, að nauðsynlegt er að skipa sérstaka stjórn fyrir verksmiðjuna og ákveða henni verulegt stofnframlag af ríkisfé. Stjórn S. R. hefur hvað eftir annað farið fram á það við ráðherra, að þetta verði gert, en af því hefur ekki orðið.

2. Bygging nýrra verksmiðja.

Með frumvarpinu er Fiskiðju ríkisins falið að reisa nokkrar nýjar verksmiðjur til fullvinnslu sjávarafurða, eftir því sem markaður kann að leyfa. Við staðsetningu þeirra ber fyrst og fremst að hafa það í huga að bæta atvinnuástand staða, þar sem vinna er að staðaldri ónóg.

Í þessu sambandi er rétt að minna á loforð ríkisstjórnarinnar, sem hún gaf í samningum verkalýðsfélaganna vorið 1965. Einn liður þess var sá, að atvinnulitlir staðir á Norðurlandi og í Strandasýslu yrðu látnir sitja í fyrirrúmi um stað-

setningu, ef byggðar yrðu nýjar niðursuðu- eða niðurlagningarverksmiðjur. Stjórnarvöldin hafa þó ekki sýnt lit á að efna þetta loforð. Víða á Norðurlandi væru góðar aðstæður til að reisa slíkar verksmiðjur. Í þessu sambandi má sérstaklega minna á tillögu, sem þingmenn þriggja flokka fluttu á Alþingi fyrir tveimur árum um byggingu verksmiðju á Skagaströnd, er framleiði sjólax og aðrar fullunnar sjávarafurðir, en sú tillaga náði ekki fram að ganga.

3. Markaðsöflun.

Langmikilvægasta tillagan, sem fólgin er í þessu frumvarpi, er sú, að ríkisvaldið aðstoði framleiðendur við markaðsöflun. Ef þessi iðngrein á að geta tekið stórt stökk fram á við, er óhjákvæmilegt, að skipulögð verði sérstök sölusamtök framleiðenda og jafnframt reynt að brjótast inn á frjálsan markað erlendis undir einu auglýstu vörumerki. Stórfelld söluherferð hefur aldrei verið framkvæmd, enda hefur enginn einn framleiðandi það fjármagn, sem til þess þarf. Ríkisvaldið verður að skilja og viðurkenna forustuhlutverk sitt í atvinnuuppbyggingu landsins og leggja fram nægilegt fjármagn, svo að þetta brautryðjendastarf verði unnið.

4. Vísinda- og fræðslustarfsemi.

Ef fullvinnsla sjávarafurða á að geta orðið traustur atvinnuvegur á Íslandi í framtíðinni, er ekki nóg að reisa verksmiðjur og afla markaða. Það er eins í þessum iðnaði og flestum öðrum atvinnugreinum, að ein helzta undirstaðan er tilrauna- og vísindarannsóknir og víðtæk fræðslustarfsemi. Einnig á þessu sviði er eðlilegt, að Fiskiðja ríkisins hafi forustu með fjárstuðningi hins opinbera.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að fiskiðjan hafi samvinnu við rannsóknastofnun fiskiðnaðarins um tilraunastarfsemi við hvers konar fullvinnslu sjávarafurða og miðli reynslu og þekkingu til annarra framleiðenda á þessu sviði. Jafnframt ber fiskiðjunni að gera ráðstafanir til þess, að áhugamenn séu sendir utan til að sérmennta sig í niðursuðutækni. Að sjálfsögðu mun fyrr eða síðar koma að því, að stofnað verði til fastrar kennslu hér á landi í þessari iðngrein, líkt og verið hefur um langt árabil í Noregi, en fyrst um sinn ber einkum að leggja á það áherzlu, að efnt sé við og við til sérstakra námskeiða fyrir verkstjóra og annað starfslið.

Nd. 255. Frumvarp til laga [120. mál]

um tímareikning á Íslandi.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

Hvarvetna á Íslandi skal telja stundir árið um kring eftir miðtíma Greenwich.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 7. apríl 1968 kl. 01.00, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 35 16. nóvember 1907, um ákvörðun tímans, og lög nr. 8 16. febrúar 1917, um heimild handa ráðuneyti Íslands til ákvörðunar sérstaks tímareiknings, svo og reglur settar samkvæmt þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur orðið sammála um að flytja lagafrumvarp þetta, sem samið hefur verið að fengnum tillögum stjarnfræðinganna dr. Trausta Einarssonar,

prófessors, og dr. Þorsteins Sæmundssonar, sem veita forstöðu útgáfu hins íslenzka almanaks. Fjalla tillögur þeirra um nýja almenna skipan á tímareikningi á Íslandi og er vísað til röksemda fyrir tillögum þeirra í greinargerð, sem er birt sem fylgiskjal hér á eftir. Þá er og prentuð sem fylgiskjal greinargerð þeirra stjarnfræðinganna: Birtutími í Reykjavík og á Akureyri um miðjan hvern mánuð með hálftíma nákvæmni, svo og greinargerð og uppdráttur, sem sýnir tímaskiptingu jarðarinnar (úr Íslandsalmanakinu fyrir 1968).

Um frumvarpsgreinarnar skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Með lögunum nr. 35 16. nóvember 1907, um ákvörðun tímans, var lögfestur fyrir Ísland sá miðtími, sem samkvæmt hinu alþjóðlega kerfi um tímabelti á við fyrir Ísland. Sýnist hins vegar ekki þörf á að vísa í frumvarpsgreininni til þeirrar tímaákvörðunar, sem lögfesta á, sem fráviks frá „íslenzka miðtímanum“. Orðalag það, sem valið hefur verið í samráði við tillögumenn breytingarinnar, þykir skýrast og einfaldast. Ekki þykir heldur æskilegt að vísa ákvörðun tímareikningsins lengur til mörkunar í reglugerð, svo sem lögin frá 1917 gerðu, enda annað viðhorf þegar sami tími á að gilda árið um kring.

Um 2. gr.

Ákvæðið um gildistöku laganna er við það miðað, að klukkunni verði á komandi vori flýtt á venjulegum tíma, þ. e. aðfaranótt 1. sunnudags í apríl, en að nýju lögin komi þá í gildi, þannig að „sumartíminn“ verður bar með orðinn lögfestur til að gilda allt árið framvegis.

Fylgiskjal I.

Um breytingu á íslenzkum tíma.

Markmið þessarar greinargerðar er að benda á þau vandamál, sem fylgja núgildandi reglum um íslenzkan tíma, og færa rök að því, að mikil þörf sé breytingar á þessum reglum.

Eins og kunnugt er, hefur sú venja tíðkazt hér á landi um alllangt skeið, að flýta klukkunni um eina klukkustund að sumrinu, en seinka henni aftur að vetrinum. Þessi færsla klukkunnar hefur löngum verið umdeild, ekki sízt í seinni tíð, enda viðhorf manna að ýmsu leyti breytt frá því að ákvæði voru fyrst sett um flýttan tíma eða „sumartíma“, eins og hann hefur verið kallaður.

Sumartíminn var upphaflega neyðarráðstöfun, sem gripið var til í heimsstyrjöldinni fyrri. Munu Þjóðverjar hafa orðið fyrstir til að taka hann upp (1915), en aðrar þjóðir fylgdu brátt í kjölfarið. Með því að flýta klukkunni fékkst betra samræmi milli vinnustunda og birtustunda, og sparaðist þannig dýrmætt eldsneyti. Árið 1916 höfðu öll ríki Evrópu nema fimm (Búlgaría, Rússland, Spánn, Sviss og Tyrkland) tekið upp sumartíma, en flest þeirra felldu hann niður aftur að ófriðnum loknum. Í síðari heimsstyrjöldinni endurtók sagan sig, þannig að mörg ríki gripu til sumartímans til bráðabirgða, meðan á ófriðnum stóð. Meðal grannþjóða okkar á Norðurlöndum urðu Norðmenn seinastir til að afnema sumartímann (1965). Reglur um sumartíma eru nú í Evrópu aðeins við lýði í þessum ríkjum: Albaníu, Bretlandi, Ítalíu, Írlandi, Íslandi, Portúgal og Póllandi. Um Bretland er það að segja, að ákveðið hefur verið að leggja sumartíma niður þar í landi á næsta ári (sjá síðar). Ítalía mun vera eina ríkið, þar sem sumartími hefur verið tekinn upp á seinni árum. Þessi saga sýnir út af fyrir sig, að enda þótt færsla klukkunnar tvisvar á ári feli í sér sparnað í lýsingu, þá eru ókostirnir svo miklir, að flestar þjóðir telja þann sparnað of dýru verði keyptan á friðartímum.

Á Íslandi var sumartími innleiddur með lögum frá 16. febrúar 1917, þar sem ráðuneyti Íslands er heimilað að flýta klukkunni um allt að 1½ stund frá

íslenzkum miðtíma (meðaltíma). Heimild þessi var notuð árin 1917—18, en svo aftur óslitið frá 1939. Framkvæmdin var með ýmsu móti fram til ársins 1947, að ákveðið var með reglugerð 28. febrúar að flýta klukkunni um eina klukkustund fyrsta sunnudag í apríl (1.—7. apríl), en seinka henni aftur fyrsta sunnudag í vetri (22.—29. október). Með þessu fyrirkomulagi gildir sumartíminn nú í 203—210 daga á ári, en íslenzkur miðtími í 155—163 daga.

Í norðlægum löndum eins og Íslandi er birtutíminn svo langur að sumrinu, að myrkur er sjaldnast til trafala. Gagnsemi þess að flýta klukkunni er því ekki eins ótvíræð og í þeim löndum, sem sunnar eru. Allt að einu hefur mönnum þótt það kostur að fá að njóta sólarbirtu klukkutíma lengur að kvöldinu, og hafa því margir verið hlynntir flýttri klukku. Af þeim sökum hefur reglunum um sumartíma verið haldið í gildi.

Ókostir núgildandi fyrirkomulags eru hins vegar þessir:

1. Færsla klukkunnar tvisvar á ári veldur ruglingi á áætlunartímum flugvéla í millilandaflugi og er bæði flugfélögum og farþegum til ama.

2. Tvisvar á ári verður að endurstilla allar stimpilklukkur og móðurklukkukerfi á landinu. Þetta verður að gerast á skömmum tíma og er mikið verk.

3. Breytingarnar valda sífelldri rangtúlkun á hvers kyns tímatöflum svo sem flóðtöflum, sem út eru gefnar í almanökum.

4. Ýmsar rannsóknir og mælingar, þar á meðal veðurathuganir, verða að fara fram á óbreyttum tímum árið um kring. Færsla klukkunnar raskar því vinnutilhögun á rannsóknarstofnunum og athugunarstöðvum og veldur stundum mistökum, jafnvel hjá æfðum starfsmönnum.

5. Færsla klukkunnar raskar svefnvenjum margra, sérstaklega ungbarna. Eru kvartanir um þetta mjög algengar.

Þessi upptalning sýnir glögglega, að það er ekki flýtta klukkan að sumrinu, sem óþægindin skapar, heldur færsla klukkunnar fram og aftur tvisvar á ári. Sú spurning hlýtur því að vakna, hvort ekki megi leysa vandann með því einfalda ráði **að taka upp flýtta klukku allt árið.** Með því móti yrðu öll ofangreind vandamál úr sögunni, en kostir sumartímans yrðu varðveittir eftir sem áður. Hugmyndin er ekki ný, því að aðrar þjóðir hafa þegar riðið á vaðið. Þannig fylgja nú Frakkland, Spánn og öll Sovétríkin tíma, sem hefur verið flýtt um eina klukkustund. Þá hafa Bretar ákveðið að gera slíkt hið sama, og tekur breytingin gildi hjá þeim á næsta ári (1968). Með því segja Bretar skilið við miðtíma Greenwich í daglegu lífi og taka upp Mið-Evróputíma, sem er einni klukkustund á undan.

Til rökstuðnings því að taka upp flýtta klukku á Íslandi árið um kring má enn fremur nefna þetta:

1. Flýtt klukka gildir nú þegar meira en helming ársins (203—210 daga).

2. Flýtta klukkan samsvarar miðtíma Greenwich, sem einnig nefnist heimstími (Universal Time, Temps Universel) og hafður er til viðmiðunar í margs konar alþjóðlegum viðskiptum. Til dæmis má nefna, að í allri flugstjórn, innanlands sem utan, er miðað við þennan tíma bæði sumar og vetur. Sama er að segja um veðurathuganir og ýmsar mælingar, sem gerðar eru að staðaldri á rannsóknarstofnunum hérlendis. Þeim aðilum, sem þarna eiga hlut að máli, yrði að sjálfsögðu mikið hagræði í því, að sami tíminn væri notaður í daglegu lífi, því að eins og nú standa sakir, er sífellt hætta á mistökum. Bretar eru að þessu leyti í verri aðstöðu, þar sem þeir verða að fórna því hagræði, sem fylgir miðtíma Greenwich, til að öðlast aðra kosti flýttrar klukku.

3. Breytingin myndi færa Ísland klukkutíma nær meginlandi Evrópu í tíma, og er það veigamikið atriði fyrir símasamband, þar eð verulegur munur á vökutíma, og þá sérstaklega skrifstofutíma, dregur mjög úr notagildi símasambandsins. Eftir breytinguna í Bretlandi á næsta ári verður tveggja stunda tímamunur milli Íslands og flestra landa í Vestur- og Mið-Evrópu að vetrinum. Af 7 stunda skrifstofutíma (9—12 og 13—17) verða þá aðeins 4 stundir sameiginlegar með

Íslandi og nágrannalöndunum, en þeim stundum myndi fjölga í 5, ef flýtta klukkan væri tekin upp hér allt árið.

4. Dagsbirtan myndi nýtast enn betur. Með núgildandi reglum um sumartíma hefur tekizt að fækka myrkurstundum á vökutíma um 8 af hundraði. Sú tala hækkar í 11 af hundraði, ef flýtt klukka er notuð allt árið.

Neikvæð áhrif breytingarinnar myndu verða þau, að birting yrði klukkutíma síðar að morgninum að vetri til. Um lengra skeið en ella yrði þá myrkur þegar fólk fer til vinnu og börn í skóla. Á móti því vegur, að birtustundin færist yfir á síðari hluta dagsins, þegar yngri börnin eru á leið úr skóla og umferð og slysahætta mikil. Að öllum líkindum yrði ávinningurinn því meiri en tapið, hvað þetta snertir. Þess má geta, að í Bretlandi er talið, að lenging birtunnar síðdegis geti dregið úr umferðarslysum. Hin mikla bílaumferð er að sjálfsögðu atriði, sem ekki þurfti að taka tillit til áður fyrr.

Þegar á allt er litið virðast því rökin hníga að því, að taka beri upp flýttan tíma hér á landi allt árið, þ. e. láta þann tíma, sem nú gildir að sumrinu, gilda að vetrinum líka. Lögtími hvers lands er oftast nefndur staðaltími („standard time"), og væri réttast að nota það heiti um hinn nýja viðmiðunartíma, fremur en að breyta merkingu nafnsins „íslenzkur miðtími". Íslenzkur staðaltími yrði því framvegis klukkustund á undan íslenzkum miðtíma, en það heiti yrði þá ekki notað ,nema vísa þyrfti til eldri tímasetninga.

Ákvörðun stjórnarvalda um nýjan tímareikning þyrfti helzt að birta í byrjun árs, áður en hafinn er útreikningur almanaks fyrir næsta ár á eftir.

Trausti Einarsson. Þorsteinn Sæmundsson.

Fylgiskjal II.

Birtutími í Reykjavík og á Akureyri um miðjan hvern mánuð með hálftíma nákvæmni:

Reykjavík	Eftir íslenzkum miðtíma Kl.	Eftir núgildandi klukku Kl.	Eftir flýttri klukku allt árið Kl.
Janúar	9—16½	9—16½	10—17½
Febrúar	7½—18	7½—18	8½—19
Marz	6—19	6—19	7—20
Apríl	4—21	5—22	5—22
Maí	bjart allan sólarhringinn		
Júní	— — —		
Júlí	— — —		
Ágúst	3—22	4—23	4—23
September	5—19½	6—20½	6—20½
Október	6½—18	7½—19	7½—19
Nóvember	8—16½	8—16½	9—17½
Desember	9—16	9—16	10—17
Akureyri			
Janúar	9—16	9—16	10—17
Febrúar	7½—17½	7½—17½	8½—18½
Marz	5½—19	5½—19	6½—20
Apríl	3½—21	4½—22	4½—22
Maí	bjart allan sólarhringinn		
Júní	— — —		
Júlí	— — —		

Akureyri	Eftir íslenzkum miðtíma Kl.	Eftir núgildandi klukku Kl.	Eftir flýttri klukku allt árið Kl.
Ágúst	2½—22	3½—23	3½—23
September	4½—19½	5½—20½	5½—20½
Október	6½—17½	7½—18½	7½—18½
Nóvember	8—16	8—16	9—17
Desember	9—15½	9—15½	10—16½


Fylgiskjal III.

Tímaskipting jarðarinnar.

Myndin hér á eftir sýnir, hve mörgum stundum þarf að bæta við (+) eða draga frá (÷) íslenzkum miðtíma til að finna, hvað klukkan er að staðaltíma annars staðar á jörðinni.

Við jaðra kortsins efst og neðst eru reitir, sem afmarka svonefnd tímabelti, sem liggja beint frá norðri til suðurs milli heimskauta. Þessi einfalda og reglulega beltaskipting gildir á úthöfum og í lofti við siglingar og flug. Á landi eru hins vegar víða frávik frá beltatímanum, eftir því sem hagkvæmast hefur þótt í hverju ríki. Þannig eru t. d. Spánn, Frakkland og öll Sovétríkin 1 klst. á undan beltatíma.

Nokkur lönd fylgja tíma, sem ekki víkur heilum stundafjölda frá íslenzkum tíma. Þetta er sýnt á kortinu með tölum, sem tákna frávikið í mínútum frá viðkomandi stundafjölda. Dæmi um þetta er Indland, þar sem klukkan er 6 stundum og 30 mínútum á undan íslenzkum miðtíma, og Labrador, þar sem klukkan er 2 stundum og 30 mínútum á eftir íslenzkum miðtíma.



Á kortinu liggur óregluleg lína frá norðri til suðurs yfir Kyrrahaf. Lína þessi nefnist dagalína og gegnir því hlutverki, að aðgreina þau svæði, sem lengst eru komin í tíma frá hinum, sem skemmst eru komin. Daglínan var staðsett með alþjóðasamþykkt, og tvískiptir hún einu tímabeltanna. Staðaltíminn vestan línunnar er réttum sólarhring á undan staðaltímanum austan við, og verður því að breyta um dagsetningu, þegar farið er yfir línuna.

Á það skal bent, að austasti hluti Síberíu (svo og Tongaeyjar, sem ekki sjást á kortinu) er 14 stundum á undan Íslandi í tíma. Íbúarnir þar geta því ritað nýja dagsetningu fyrstir jarðarbúa. Þegar klukkan á Íslandi er 10.30 að morgni 31. desember, er klukkan austast í Síberíu 0.30 hinn 1. janúar. Í Alaska, hinum megin við Beringssundið, er klukkan þá líka 0.30, en dagsetningin 31. desember.

Þegar sumartími er í gildi á Íslandi, verður að byrja á því að draga 1 klst. frá tímanum til að finna íslenzkan miðtíma, áður en kortið er notað til að finna staðaltíma annars staðar á hnettinum. Sá siður að flýta klukkunni um eina klukkustund frá staðaltíma á sumrin tíðkast á eftirtöldum stöðum: Albaníu, Argentínu, Azoreyjum, Bahamaeyjum, Bandaríkjunum (aðallega austan til og í borgum), Brazilíu, Bretlandi, Egyptalandi, Ítalíu, Írlandi, Íslandi, Kanada, Kína, Kúbu, Líbanon, Madeiraeyjum, Portúgal, Póllandi, Sýrlandi, Tyrklandi og Uruguay. Reglur um vetrartíma, þ. e. seinkun klukkunnar að vetri til, gilda í Brezku Honduras og Dóminíkanska lýðveldinu.

Í Bretlandi er ráðgert að breyta um staðaltíma á árinu 1968 til samræmis við nágrannalöndin, en fella sumartíma niður. Verður klukkan þar þá 1 klst. á undan miðtíma Greenwich og 2 klst. á undan íslenzkum miðtíma.

Ed. 256. Frumvarp til laga [121. mál]

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer í 1. gr. laga nr. 7/1963, með áorðnum breytingum, breytast og verða eins og greinir hér á eftir: (Núverandi tollprósenta tilgreind í aftari dálki).

04.06	00	**Náttúrlegt hunang**	50%	70%
05.07	00	**Hamir og aðrir hlutar af fuglum, með áföstum fjöðrum eða dún, fiður, einnig þótt fjöðurstafurinn eða hluti af fjaðrahryggnum hafi verið tekinn burtu, fjaðrir klofnar í tvennt eftir endilöngu, dúnn, fanir (þar með taldar fanir með hluta af fjaðrahryggnum, einnig jöfnum jöðrum), fjöðurstafir og fjaðrahryggir, óunnið, hreinsað, sótthreinsað eða varið gegn skemmdum við geymslu en ekki frekar unnið**	40%	100%
05.13	00	**Svampar náttúrlegir**	100%	125%
06.04	01	Jólatré (án rótar) og jólatrésgreinar	100%	125%
07.05	00	**Belgávextir, þurrkaðir og afhýddir, einnig flysjaðir eða klofnir**	*0	5%
08.01	10	Bananar nýir	15%	40%
08.02	10	Appelsínur, tangarínur, mandarínur og clementínur	15%	40%
08.02	21	Sítrónur	15%	40%
	29	Annars	15%	40%
08.04	21	Rúsínur	*20%	25%
	22	Kúrennur	20%	70%
08.06	10	Epli	*12%	15%
08.12	01	Sveskjur	*20%	25%
	02	Apríkósur	*40%	70%
	03	Ávextir blandaðir	*40%	70%
	09	Annars	*40%	70%
09.02	00	**Te**	10%	50%
12.05	00	**Síkoríurætur, nýjar eða þurrkaðar, heilar eða sundurskornar, óbrenndar**	0	20%

13.03	03	Lakkrísextrakt annar	100%	125%
17.04	01	Lakkrís sykraður og lakkrísvörur	100%	125%
17.04	03	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur	100%	125%
	04	Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað	100%	125%
	05	Karamellur	100%	125%
	09	Aðrar	100%	125%
17.05	00	**Sykur, síróp og melassi, sem bragð- eða litarefni hafa verið látin í, þó ekki ávaxtasafi, sem sykur hefur verið látinn í að einhverju leyti**	100%	125%
18.05	00	**Kakaóduft ósykrað**	30%	50%
18.06	01	Kakaóduft sykrað	30%	60%
	09	Aðrar	100%	125%
19.02		**Vörur úr mjöli, sterkju eða maltextrakti, tilreiddar sem fæða fyrir börn, fyrir sjúka eða til matargerðar, ef í þeim er minna en 50% af kakaói miðað við þyngd:**		
	01	Búðingsduft	100%	80%
	09	Annað	*50%	80%
19.03	00	**Makkarónur, spaghetti og þess konar vörur**	60%	80%
19.07	00	**Brauð, skonrok og aðrar algengar brauðvörur, án sykurs, hunangs, eggja, feiti, osts eða ávaxta**	*80%	100%
19.08	00	**Kökur, kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur, einnig með kakaói að meira eða minna leyti**	*80%	100%
20.02	02	Aspargus niðursoðinn eða niðurlagður	*60%	100%
20.04	00	**Ávextir, ávaxtahýði og plöntuhlutar varið skemmdum með sykri (húðað, gljásykrað eða sykrað á annan hátt)**	100%	125%
20.05	00	**Aldinsulta, aldinhlaup, aldinmauk, ávaxtapulpa og ávaxtadeig, soðið, einnig með sykri**	70%	100%
20.06	09	Aðrir	*50%	100%
20.07	02	Falli niður.		
20.07	09	Annar	*50%	60%
21.07	06	Maís niðursoðinn eða niðurlagður	*60%	100%
22.01	01	Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru	100%	125%
22.02	00	**Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi, er telst til nr. 20.07**	100%	125%
22.03	00	**Öl gert úr malti**	100%	125%
22.04	00	**Drúfusafi í gerjun og drúfusafi, sem í er stöðvuð gerjun með öðru en etanóli**	100%	125%
27.10	39	Annað	30%	
29.04	21	Etylenglykol (frostlögur)	100%	125%
30.03	01	Sælgæti (medicated sweets)	100%	125%
32.07		**Önnur litarefni; ólífrænir, ljósnæmir litir:**		
	01	Jarðlitir syntetískir	25%	25%
	02	Málningalitir þurrir	25%	25%
	09	Annað	25%	25%
33.06	01	Hárliðunarvökvar og hárliðunarduft	100%	100%
	02	Andlitsduft	100%	125%
	03	Húðkrem og húðolía	100%	125%
	04	Ilmvötn	100%	125%
	05	Naglasnyrtiefni	100%	125%
	06	Rakkrem	100%	125%
	07	Tannsnyrtiefni	50%	125%
	08	Varalitur	100%	125%
	09	Annað	100%	125%

34.01	01	Blautsápa	80%	110%
	02	Handsápa (toiletsápa)	80%	110%
	03	Raksápa	80%	110%
	04	Sápa föst, til þvotta og hreingerninga (önnur en sú, sem telst til nr. 34.01 02 og nr. 34.01 03)	80%	110%
	05	Sápuspænir og sápuduft	80%	110%
	09	Lyfjasápa og önnur sápa en sú, sem telst til nr. 34.01 01—34.01 05	80%	110%
34.02	01	Þvottaduft, einnig þótt það innihaldi sápu	80%	110%
	09	Lífræn yfirborðsvirk efni, yfirborðsvirkar efnablöndur, þvotta- og ræstiefni (þó ekki þvottaduft), einnig þótt þau innihaldi sápu	80%	110%
34.05	01	Bón alls konar	80%	110%
	02	Ræstiduft	80%	110%
	03	Skóáburður og leðuráburður	80%	110%
	09	Annað	80%	110%
34.06	00	**Sterín-, paraffín- og vaxkerti ásamt öðrum þess konar vörum**	80%	110%
36.05	09	Annað	100%	125%
36.06	00	**Eldspýtur (þó ekki bengalskar eldspýtur)**	100%	125%
36.07	00	**Ferró-ceríum og aðrar kveikilegeringar, einnig mótaðar**	100%	125%
37.05		**Plötur og filmur, einnig gataðar (aðrar en kvikmyndafilmur), lýstar og framkallaðar, negatív eða pósitív:**		
	01	Filmur með lesmáli	0	70%
	02	Ljóssetningarletur	50%	70%
	09	Annað	70%	70%
38.19	11	Hemlavökvi	100%	125%
	12	Frostlögur	100%	125%
39.07	55	Dúkar og þynnur, tilsniðið til fatnaðarframleiðslu o. þ. h.	65%	90%
	56	Fatnaður	65%	90%
	64	Úraglös og úraarmbönd	50%	50%
	74	Burstahausar úr plasti	35%	70%
	75	Bólur til gangbrautamerkinga	35%	70%
	76	Töskuhandföng	40%	70%
40.13	02	Hanzkar	65%	90%
	09	Annar	65%	90%
40.14	03	Burstahausar	35%	80%
	05	Vörur til tækninota, hringir í niðursuðudósir og handverkfæri	35%	35%
	07	Vörur sérstaklega til skipa	35%	80%
	08	Hurðir	40%	80%
	09	Annars	70%	80%
40.16	09	Annars	70%	80%
41.02	10	Kálfsleður	20%	35%
	21	Í sóla og bindisóla, enda beri varan það með sér, að hún sé sérstaklega unnin til þess	20%	30%
	29	Annað	20%	35%
41.03	00	**Leður úr sauð- og lambskinnum, (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 41.06—41.08)**	20%	35%
41.04	00	**Leður úr geitar- og kiðlingaskinnum (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 41.06—41.08)**	20%	35%
41.05	01	Svínsleður	20%	35%
	09	Leður, ót. a. (þ. á m. fiskroð)	20%	40%
41.06	00	**Þvottaskinn (chamois-dressed leather)**	20%	40%
41.07	00	**Pergament**	20%	50%

41.08	00	**Lakkleður og málmþakið leður**	20%	40%
41.09	00	**Afklippur og úrgangur frá leðri, leðurlíki og pergamenti, enda sé það ekki hæft til framleiðslu á vörum úr leðri; enn fremur leðurdust, leðurduft og leðurmjöl**	20%	35%
41.10	00	**Leðurlíki að meginstofni úr leðri eða leðurþráðum, í plötum eða rúllum**	20%	35%
42.03	01	Belti	65%	90%
	02	Hanzkar	65%	90%
	03	Úraarmbönd	50%	70%
	04	Röntgenhanzkar	35%	90%
	09	Annar	65%	90%
42.05	02	Töskuhandföng	40%	70%
	03	Vörur til lækninga	35%	100%
	09	Annars	65%	100%
42.06	00	**Vörur úr þörmum, gullsláttarhimnum, blöðrum eða sinum**	65%	100%
43.01	00	**Loðskinn óunnin**	40%	60%
43.02	00	**Loðskinn, sútuð eða unnin (þar með teljast loðskinn saumuð saman í plötur, krossa o. þ. h.); loðskinnshlutar og afklippur (þar með talin höfuðskinn, skinn af fótum og skottum), ekki saumuð saman**	50%	70%
43.03	00	**Vörur úr loðskinnum**	65%	90%
43.04	01	Loðskinnslíki	40%	60%
	09	Vörur úr loðskinnslíki	65%	90%
44.20	00	**Myndarammar, rammar fyrir spegla og aðrar slíkar umgerðir úr trjáviði**	70%	125%
44.27	09	Annað	100%	125%
44.28	82	Falli niður.		
	86	Hnakkvirki og aktýgjaklafar	50%	70%
	87	Glugga- og dyratjaldastengur	40%	80%
	92	Skápa- og hurðahandföng	40%	70%
	99	Annars	70%	100%
46.03	02	Töskuhöldur úr fléttiefnum	40%	70%
48.01	40	Vindlingapappír	100%	125%
48.07	99	Annars	40%	60%
48.10	00	**Vindlingapappír tilskorinn, einnig heftur eða í hylkjum**	100%	125%
48.21	02	Spjöld í gataspjaldavélar, línuritaspjöld, pappir og pappírsrúllur í sjálfritandi vélar	25%	50%
	08	Fatnaður	65%	100%
	09	Annars	70%	100%
49.01	01	Á íslenzku	30%	50%
49.05	03	Jarðlíkön og himinmyndarlíkön	0	50%
49.07	09	Annað	30%	70%
49.09	00	***Póstkort, jólakort og önnur hamingjuóskakort með myndum, prentuð á hvaða hátt sem er, einnig með skrauti***	100%	125%
49.10	00	**Almanök alls konar úr pappír og pappa, þar með taldar almanaksblokkir**	30%	70%
50.09	00	**Vefnaður úr náttúrlegu silki (þó ekki bourette-silki)**	40%	65%
50.10	00	**Vefnaður úr bourette-silki**	40%	65%
51.01	19	Annað	10%	30%
	20	Úr uppkembdum trefjum	10%	30%
51.02	19	Annars	10%	30%
	20	Úr uppkembdum trefjum	10%	30%
51.03	10	Úr syntetískum trefjum	25%	40%
	20	Úr uppkembdum trefjum	25%	40%

51.04	10	Úr syntetískum trefjum	40%	65%
	20	Úr uppkembdum trefjum	40%	65%
52.01	00	**Málmgarn, spunnið úr trefjagarni og málmi, eða þakið með málmi með hvers konar aðferð**	25%	50%
52.02	00	**Vefnaður úr málmþræði eða úr garni, sem telst til nr. 52.01, enda sé hann nothæfur til fatnaðar, sem húsgagnaáklæði eða til annars þess háttar**	40%	65%
53.05	10	Ull og annað dýrahár, kembt eða greitt (annað en lopadiskar úr ull)	0	20%
	20	Lopadiskar úr ull	5%	30%
53.06		**Garn úr ull, annað en kambgarn (woolen yarn) ekki umbúið til smásölu:**		
	01	Garn þar sem hver þráður einspunninn vegur 1 gr. eða minna hverjir 16 metrar	25%	50%
	09	Annað	35%	50%
53.07		**Kambgarn úr ull (worsted yarn) ekki umbúið til smásölu:**		
	01	Garn þar sem hver þráður einspunninn vegur 1 gr. eða minna hverjir 16 metrar	25%	50%
	09	Annað	35%	50%
53.08	00	**Garn úr fíngerðu dýrahári (kembdu eða greiddu), ekki umbúið til smásölu**	35%	50%
53.09	00	**Garn úr hrosshári og öðru grófgerðu dýrahári, ekki umbúið til smásölu**	35%	50%
53.10	00	**Garn úr ull, hrosshári eða öðru dýrahári (fíngerðu eða grófgerðu), umbúið til smásölu**	40%	50%
53.11	00	**Vefnaður úr ull eða fíngerðu dýrahári**	40%	65%
53.12	00	**Vefnaður úr grófgerðu dýrahári öðru en hrosshári**	40%	65%
53.13	00	**Vefnaður úr hrosshári**	40%	65%
54.01	00	**Hör, óunninn eða tilreiddur, þó ekki spunninn; hörruddi og úrgangur úr hör (þar með taldar tættar tuskur)**	0	20%
54.02	00	**Ramí, óunnið eða tilreitt, þó ekki spunnið; ramíruddi og úrgangur úr ramí (þar með taldar tættar tuskur)**	0	20%
54.03	09	Annað	10%	30%
54.04	00	**Garn úr hör eða ramí, umbúið til smásölu**	25%	40%
54.05	02	Vefnaður, einlitur og ómynstraður, eingöngu úr hör eða ramí eða úr þeim efnum ásamt öðrum náttúrlegum jurtatrefjum	40%	50%
	09	Annar	40%	65%
55.01	00	**Baðmull, hvorki kembd né greidd**	0	20%
55.02	00	**Baðmullarlinters**	0	20%
55.05	19	Annars	5%	30%
	29	Annars	5%	30%
55.06	01	Tvinni	25%	35%
	09	Annað	25%	35%
55.07	10	Óbleikt og ómersað	40%	65%
	20	Önnur	40%	65%
55.08	10	Óbleikt og ómersað	40%	65%
	20	Önnur	40%	65%
55.09	14	Vefnaður, einlitur og ómynstraður, eingöngu úr baðmull eða baðmull ásamt öðrum náttúrlegum jurtatrefjum	40%	50%
	19	Annars	40%	65%
	23	Vefnaður, einlitur og ómynstraður, eingöngu úr baðmull eða baðmull ásamt öðrum náttúrlegum jurtatrefjum	40%	50%
	29	Annars	40%	65%

56.05	19	Annað	10%	30%
	20	Úr stuttum uppkembdum trefjum	10%	30%
56.06	10	Úr syntetískum trefjum	25%	40%
	20	Úr uppkembdum trefjum	25%	40%
56.07	19	Annar	40%	65%
	29	Annar	40%	65%
57.05	09	Annað	10%	35%
57.06	09	Annað	10%	35%
57.07	09	Annað	10%	35%
57.08	00	**Pappírsgarn**	10%	35%
57.09	03	Vefnaður, einlitur og ómynstraður, eingöngu úr hampi eða hampi ásamt öðrum náttúrlegum jurtatrefjaefnum	40%	50%
	09	Annar	40%	65%
57.10	03	Vefnaður, einlitur og ómynstraður, eingöngu úr jútu eða jútu ásamt öðrum náttúrlegum jurtatrefjaefnum	40%	50%
	09	Annar	40%	65%
57.11	00	**Vefnaður úr öðrum spunaefnum úr jurtaríkinu**	40%	65%
57.12	00	**Vefnaður úr pappírsgarni**	40%	65%
58.03	00	**Handofin veggteppi (góbelín, flandern, aubusson, beauvais og önnur þess konar teppi) og handútsaumuð veggteppi (með góbelínsaumi, krosssaumi o. s. frv.)**	65%	90%
58.04	11	Molskinn	40%	65%
	19	Annar	40%	65%
	20	Úr silki	40%	65%
	30	Úr ull	40%	65%
	40	Úr syntetískum trefjum	40%	65%
	50	Úr uppkembdum trefjum	40%	65%
	60	Annar	40%	65%
58.05	09	Annað	40%	65%
58.06	00	**Ofnir einkennismiðar, merki og annað þess háttar, ekki útsaumaðir, í metramáli eða klipptir niður í tiltekna lögun og stærð**	40%	80%
58.07	01	Chenillegarn, yfirspunnið garn (þó ekki garn, er telst til nr. 52.01 og yfirspunnið garn úr hrosshári)	30%	50%
	09	Annað	40%	80%
58.08		**Tyll og annað netefni (þó ekki ofið, prjónað eða heklað, ómynstrað.**		
	01	Fiskinet og fiskinetjaslöngur	4%	
	09	Annað	40%	80%
58.09	00	**Tyll og annað netefni (þó ekki ofið, prjónað eða heklað), mynstrað; hand- og vélgerðir laufaborðar og knipplingar í metramáli, sem ræmur eða mótíf**	40%	80%
58.10	00	**Útsaumur, sem metravara, ræmur eða mótíf**	40%	80%
59.02		**Flóki og vörur úr honum, einnig gegndreypt eða húðað:**		
	01	Flóki	35%	35%
	02	Gólfteppi úr flóka	50%	50%
	03	Fatnaður úr flóka	65%	50%
	04	Þakfilt úr flóka	35%	50%
	09	Annað	50%	50%
59.03		**Trefjadúkur og vörur úr honum, einnig gegndreyptur eða húðaður:**		
	01	Trefjadúkur	40%	65%
	09	Vörur úr trefjadúk	65%	65%
59.04	04	Seglgarn	25%	35%
	09	Annað	25%	35%

59.05	09	Önnur net	65%	100%
59.07	09	Annað	40%	65%
59.08	09	Aðrar	40%	65%
59.09	09	Aðrar	40%	65%
59.11	09	Aðrar	40%	65%
59.12	09	Annað	40%	65%
59.13	00	**Teygjanleg efni (þó ekki prjónuð eða hekluð), gerð úr spunatrefjum í sambandi við gúmmíþræði**	40%	65%
60.01	01	Úr silki eða gerviþráðum	40%	65%
	02	Úr ull	40%	65%
	03	Úr baðmull	40%	65%
	09	Önnur	40%	65%
60.02	01	Hanzkar og vettlingar úr ull	65%	90%
	02	Hanzkar og vettlingar úr baðmull	65%	90%
	09	Aðrir	65%	90%
60.03	02	Sokkar (þó ekki heilsokkar kvenna), leistar, sokkahlífar og annað þess háttar úr silki eða gerviþráðum	65%	90%
	03	Sokkar, leistar, sokkahlífar og annað þess háttar úr ull	65%	90%
	04	Sokkar, leistar, sokkahlífar og annað þess háttar eingöngu úr baðmull	65%	70%
	09	Annað	65%	90%
60.04	01	Manchetteskyrtur og aðrar milliskyrtur úr prjónavoð	65%	90%
	02	Úr baðmull eingöngu	65%	70%
	03	Úr ull	65%	90%
	04	Úr silki eða gerviþráðum	65%	90%
	09	Annar	65%	90%
60.05	02	Földuð vara í metramáli	40%	90%
	09	Annað	65%	90%
60.06	02	Hanzkar	65%	90%
	09	Annað	40%	65%
61.01	00	**Ytri fatnaður handa karlmönnum og drengjum**	65%	90%
61.02	00	**Ytri fatnaður handa kvenmönnum, telpum og smábörnum**	65%	90%
61.03	01	Manchetteskyrtur og aðrar milliskyrtur úr vefnaði	65%	90%
	02	Nærfatnaður karlmanna og drengja úr vefnaði eingöngu úr baðmull	65%	70%
	09	Annar	65%	90%
61.04	01	Úr vefnaði eingöngu úr baðmull	65%	70%
	02	Bleiur	65%	70%
	09	Annar	65%	90%
61.05	00	**Vasaklútar**	80%	100%
61.06	00	**Sjöl, klútar, möttlar, slör og annað þess háttar**	80%	100%
61.07	00	**Slaufur, slipsi og hálsbindi**	65%	100%
61.08	00	**Kragar, ermalín, uppslög, brjóst, vesti, hálsfellingarlín og annað þess háttar, er heyrir klæðnaði kvenna og telpna til**	65%	100%
61.09	00	**Lífstykki, mjaðmabelti, brjóstahaldarar, axlabönd, sokkabönd og annað þess háttar (einnig þótt vörurnar séu prjónaðar eða heklaðar), einnig teygjanlegt**	65%	100%
61.10	00	**Hanzkar, vettlingar, belgvettlingar, sokkar og leistar, ekki prjónaðir eða heklaðir**	65%	90%
61.11	00	**Tilbúnir hlutar til fatnaðar (t. d. axlapúðar, belti, ermahlífar og vasar)**	65%	90%
62.01	10	Úr ull	80%	100%
	20	Úr baðmull	80%	100%
	30	Aðrar	80%	100%

62.02		**Sængurlín, borðlín, handklæði, þvottaklútar og þurrkur; gluggatjöld og aðrar spunavörur í íbúðir manna:**		
	01	Földuð vara í metramáli	40%	100%
	09	Annað	80%	100%
62.04	02	Tjöld	80%	100%
	09	Annað	80%	100%
62.05	04	Úraarmbönd	50%	70%
	09	Annars	80%	100%
63.01	00	**Fatnaður og hlutir, er honum heyra til, ferðaábreiður og önnur svipuð teppi, búshlutir (þó ekki vörur, er teljast til nr. 58.01—58.03) úr spunatrefjum, einnig skófatnaður og höfuðfatnaður úr hvers konar efni, enda beri vörur þessar allar það greinilega með sér, að þær séu slitnar af notkun og þær séu án umbúða eða í böllum, sekkjum eða öðrum svipuðum umbúðum**	65%	90%
64.01	02	Skór hliðstæðir þeim, sem falla undir nr. 64.02 01 og 64.02 09	65%	80%
	09	Annar	*50%	50%
64.02	01	Kvenskór og barnaskór, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	65%	80%
	02	Vinnuskór með yfirhluta úr vefnaði, inniskór venjulegir með yfirhluta úr vefnaði eða flóka, allt með gúmmí- eða plastsóla, svo og skóhlífar og kuldaskór með yfirhluta úr vefnaði með gúmmí- eða plastsóla, allt eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%	50%
64.02	09	Annar	65%	100%
64.03	00	**Skófatnaður með ytri sóla úr trjáviði eða korki**	65%	80%
64.04	00	**Skófatnaður með ytri sóla úr öðrum efnum**	65%	100%
64.05	01	Yfirhlutar, þó ekki hælkappar og tákappar	65%	80%
64.06	00	***Legghlífar, vefjur, öklahlífar, kricketþófar, hnéhlífar og aðrar þess konar vörur, einnig hlutar af þeim***	65%	100%
65.01	00	**Þrykkt hattaefni úr flóka, hvorki formpressuð né með tilloguðum börðum; slétt eða sívöl hattaefni úr flóka**	40%	70%
65.02	00	**Þrykkt hattaefni, fléttuð eða gerð úr samfléttingum, úr hvaða efni sem er, hvorki formpressuð né með tillöguðum börðum**	40%	70%
65.03	00	**Hattar og annar höfuðfatnaður úr flóka, gert úr hattaefni af því tagi, sem telst til nr. 65.01, einnig fóðrað og/eða bryddað**	65%	90%
65.04	00	**Hattar og annar höfuðfatnaður, fléttað eða gert úr samfléttingum, böndum eða ræmum, úr hvaða efni sem er, einnig fóðrað og/eða bryddað**	65%	90%
65.05	00	**Hattar og annar höfuðfatnaður (þar með talin hárnet) úr prjóna- eða heklvoð eða úr laufaborðum, knipplingum, flóka eða öðrum spunaefnum (þó ekki samfléttingum, böndum eða ræmum), einnig fóðrað og/eða bryddað**	65%	90%
65.06	09	Annars	65%	90%
65.07	00	**Svitagjarðir, fóður, hlífar, form, grindur (þar með taldar fjaðragrindur fyrir sambrotshatta), skyggni og hökubönd, fyrir höfuðfatnað**	40%	70%
66.01	00	**Regnhlífar og sólhlífar (þar með taldar göngustafsregnhlífar, regnhlífatjöld, garðsólhlífar o. þ. h.)**	100%	125%
66.02	00	**Göngustafir (þar með taldir klifurstafir og setustafir) og keyri, svipur o. þ. h.**	100%	125%

66.03	00	**Hlutar og útbúnaður til og fylgihlutir með þeim vörum, er teljast til nr. 66.01 og 66.02, ót. a.**	70%	100%
67.01	00	**Hamir og aðrir hlutar af fuglum með tilheyrandi fjöðrum og dún; fjaðrir, fjaðrahlutar, dúnn og vörur úr þessum efnum (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 05.07, og unnir fjaðrastafir og fjaðrahryggir)**	100%	125%
67.02	00	**Tilbúin blóm, blöð og ávextir, svo og hlutar af þeim; vörur úr tilbúnum blómum, blöðum og ávöxtum**	100%	125%
67.05	00	**Blævængir, ekki mekaníska, úr hvaða efni sem er; grindur og handarhöld á blævængi og hlutar til slíkra grinda og handarhalda, úr hvaða efni sem er**	100%	125%
69.13	09	Annað	100%	125%
69.14	00	**Aðrar vörur úr leir, ót. a.**	70%	100%
70.14	04	**Gler fyrir götuljósker**	35%	90%
70.18	00	**Optísk gler og vörur úr því, þó ekki optísk unnar; efni til framleiðslu á gleraugnalinsum**	50%	80%
70.19	00	**Glerperlur, eftirlíkingar á perlum, eðalsteinum og hálfeðalsteinum, brot, flísar og aðrir áþekkir smáhlutir úr gleri og vörur úr þeim; glerteningar og smáplötur, einnig með undirlagi, í mósaík eða til svipaðrar skreytingar; gerviaugu, þar með gerviaugu í leikföng, en ekki fyrir menn; skrautmunir og aðrar vörur til skreytingar, unnar með glerblásturlampa; glerkorn (ballotini)**	100%	125%
70.20	20	Vefnaður	40%	65%
70.21	09	Annars	70%	90%
71.12	00	**Skrautvörur og hlutar til þeirra, úr góðmálmum eða góðmálmspletti**	60%	100%
71.13	01	Hnífar, skeiðar, gafflar o. þ. h. úr silfri eða silfurpletti	60%	100%
	09	Annað	60%	100%
71.14	09	Annars	60%	100%
71.15	00	**Vörur, sem eru úr eða í eru náttúrlegar perlur, eðalsteinar og hálfeðalsteinar, (náttúrlegir, tilbúnir eða endurgerðir)**	60%	100%
71.16	00	**Annar glervarningur (imitation jewelry)**	60%	100%
73.01	10	Spegiljárn	5%	10%
	20	Annað	5%	10%
73.02	10	Ferrómangan	5%	10%
	20	Aðrar	5%	10%
73.03	00	**Úrgangur og brot af járni eða stáli**	5%	10%
73.04	00	**Kornað járn eða stál, einnig flokkað; vírkúlur úr járni eða stáli**	5%	15%
73.05	10	Járn- eða stálduft	5%	15%
	20	Járn- eða stálsvampur	5%	15%
73.06	10	Hnoðuð járn- og stálstykki og stengur, klumpar, drumbar o. þ. h.	5%	15%
	20	Steypt hrájárn- og stálstykki	5%	15%
73.07	00	**Gjallfrítt hrájárn (blooms), drumbar (billets), plötur (slabs) og renningar (sheet bars) — einnig tinaðir — úr járni og stáli; lauslega formuð stykki með hömrum, að öðru leyti ounnin, úr járni eða stáli**	5%	15%
73.08	00	**Plötuefni í rúllum, úr járni eða stáli**	5%	15%
73.09	00	**Alhæfiplötur (universal plates), úr járni eða stáli**	5%	15%
73.10	29	Annars	5%	15%
73.11	10	Prófiljárn og -stál, 80 mm eða meira; þilstál	5%	15%
	20	Annað	5%	15%

73.13	10	Þynnur og plötur yfir 4.75 mm að þykkt, þó ekki tinaðar eða báraðar	5%	15%
	20	Þynnur og plötur 3—4.75 mm, þó ekki tinaðar eða báraðar	5%	15%
	30	Þynnur og plötur minni en 3 mm, þó ekki plettaðar, húðaðar eða klæddar	5%	15%
73.15		**Stállegeringar og kolefnisríkt stál með sama lagi og tilgreint er í nr. 73.06—73.14:**		
	61	Hrásteypa (ingots) úr kolefnisríku stáli	5%	15%
	62	Hrásteypa (ingots) úr stállegeringum	5%	15%
	63	Gjallfrí hrásteypa (blooms), drumbar (billets), plötur (slabs), stengur (sheet bars) og hálfunnin járnstykki, úr kolefnisríku stáli	5%	15%
	64	Gjallfrí hrásteypa (blooms), drumbar (billets), plötur (slabs), stengur (sheet bars) og hálfunnin járnstykki, úr stállegeringum	5%	15%
	65	Plötuefni í rúllum, úr kolefnisríku stáli	5%	15%
	66	Plötuefni í rúllum, úr stállegeringum	5%	15%
	67	Vírstengur úr kolefnisríku stáli	5%	15%
	68	Vírstengur úr stállegeringum	5%	15%
	69	Stangajárn (þó ekki valsaður vír) og jarðborspípur úr kolefnisríku stáli	5%	15%
	71	Stangajárn (þó ekki valsaður vír) og jarðborspípur, úr stállegeringum	5%	15%
	72	Prófiljárn, 80 mm eða meira, og þil, úr kolefnisríku stáli	5%	15%
	73	Prófiljárn, 80 mm eða meira, og þil, úr stállegeringum	5%	15%
	74	Prófiljárn, minni en 80 mm, úr kolefnisríku stáli	5%	15%
	75	Prófiljárn, minni en 80 mm, úr stállegeringum	5%	15%
	76	Plötur og þynnur, meira en 4.75 mm að þykkt og alhæfiplötur, úr kolefnisríku stáli	5%	15%
	77	Plötur og þynnur, meira en 4.75 mm að þykkt, og alhæfiplötur, úr stállegeringum	5%	15%
	78	Plötur og þynnur, 3 mm—4.75 mm að þykkt, úr kolefnisríku stáli	5%	15%
	79	Plötur og þynnur, 3 mm—4.75 mm að þykkt, úr stállegeringum	5%	15%
	81	Plötur og þynnur, minna en 3 mm að þykkt, ekki plettaðar, húðaðar eða klæddar, úr kolefnisríku stáli	5%	15%
	82	Plötur og þynnur, minna en 3 mm að þykkt, ekki plettaðar, húðaðar eða klæddar, úr stállegeringum	5%	15%
	83	Plötur og þynnur, minna en 3 mm að þykkt, plettaðar, húðaðar og klæddar, úr kolefnisríku stáli	5%	15%
	84	Plötur og þynnur, minna en 3 mm að þykkt, plettaðar, húðaðar og klæddar, úr stállegeringum	5%	15%
	85	Bandaefni úr kolefnisríku stáli	5%	15%
	86	Bandaefni úr stállegeringum	5%	15%
	87	Vír úr kolefnisríku stáli	5%	15%
	88	Vír úr stállegeringum	5%	15%
73.32	00	**Boltar og rær, með eða án skrúfugangs, skrúfur og skrúfnaglar (þar með taldir skrúfkrókar og augaskrúfur), úr járni eða stáli; hnoð, fleinar, spenniskífur og undirlagsplötur úr járni eða stáli**	35%	50%
73.33	00	**Saumnálar, hannyrðanálar, teppanálar, bandprjónar, heklunálar o. þ. h., hannyrðateinar, úr járni eða stáli, einnig efni í þessar vörur**	50%	60%

73.34	00	**Tituprjónar, öryggisnælur, hárnálar, hárliðunarklemmur og aðrar áþekkar vörur úr járni eða stáli (þó ekki hattprjónar og aðrir prjónar til skrauts**	50%	60%
73.37	02	Miðstöðvarofnar	35%	35%
	03	Hlutar til miðstöðvarofna (þar meðtalin ofnrif (element)	30%	35%
73.40	10	Vörur úr steypujárni, grófmótaðar (in the rough state)	10%	20%
	20	Vörur úr steypustáli, grófmótaðar	10%	20%
	30	Grófunnin járn- og stálsmíði (þar með talin fallsmíði (drop forgings))	10%	20%
73.40	45	Úraarmbönd	50%	70%
74.01	10	Koparsteinn	5%	10%
	20	Koparúrgangur og brotakopar	5%	15%
	30	Kopar óhreinsaður	5%	15%
	40	Kopar hreinsaður	5%	15%
74.02	00	**Koparforlegeringar (master alloys)**	5%	15%
74.03	01	Stengur og prófílar	5%	15%
74.04	00	**Plötur og ræmur, úr kopar**	5%	15%
74.15	00	**Boltar og rær, með eða án skrúfugangs, skrúfur og skrúfnaglar (þar með talið skrúfukrókar og augaskrúfur); hnoð, fleinar, spenniskífur, undirlagsplötur, úr kopar**	35%	50%
74.19	03	Rafmagnstengidósir	35%	70%
75.01	10	Nikkilsteinn, nikkilspeis og önnur millistigsframleiðsla á nikkil	5%	10%
	20	Nikkilúrgangur og brotanikkill	5%	15%
	30	Nikkill óunninn	5%	15%
75.02	01	Stengur og prófílar úr nikkli	5%	15%
75.03	09	Annað	5%	35%
75.05	00	**Forskaut úr nikkli (þar með talin forskaut framleidd við rafgreiningu), unnin og óunnin**	5%	35%
76.01	10	Alúmínúrgangur og brotaalúmín	5%	15%
	20	Alúmín óunnið	5%	15%
76.02	01	Stengur og prófílar	5%	15%
76.03	00	**Plötur og ræmur úr alúmíni**	5%	15%
76.06	01	Prófílpípur til smíða, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	5%	15%
76.16	03	Naglar, stifti, skrúfur o. þ. h.	35%	50%
82.13		**Önnur verkfæri til að skera og klippa (t. d. greinaklippur, hárklippur, kjötaxir og pappírshnífar), áhöld til hand- og fótsnyrtingar (þar með taldar naglaþjalir), einnig í samstæðum:**		
	01	Skurðhnífar og kambar í sauðaklippur	35%	100%
	09	Annað	75%	100%
83.06	00	**Myndastyttur og aðrir hlutir til skrauts innanhúss úr ódýrum málmum**	100%	125%
83.07	04	Götuljósker, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	*35%	50%
83.09	09	Annað	40%	70%
83.10	00	**Perlur og paljettur, úr ódýrum málmum**	70%	100%
83.12	00	**Rammar úr ódýrum málmum fyrir ljósmyndir, málverk og annað þess háttar; speglar úr ódýrum málmum**	70%	125%
83.14	00	**Skilti, nafnplötur, tölustafir, bókstafir og annað þess háttar, úr ódýrum málmum**	70%	110%

84.11	02	Þjöppur fyrir frystikerfi	15%	35%
84.36	00	**Vélar til pressunar (extrusion) á tilbúnum spunatrefjum; vélar til vinnslu á spunaefnum, náttúrlegum og tilbúnum; spuna- og tvinningarvélar og spólunar- og hespunarvélar**	10%	25%
84.37	01	Prjónavélar	10%	25%
	09	Aðrar	10%	25%
84.38	00	**Hjálparvélar og hjálpartæki til notkunar við vélar þær, er teljast til nr. 84.37 (t. d. skeftivélar, Jacquard-vélar, sjálfvirk tæki til stýringar á uppistöðu- og ívafsþráðum, skyttuskiptingarvélar); hlutar og tæki, er eingöngu eða aðallega heyra til og eru notuð við vélar þær, er teljast til þessa númers, eða nr. 84.36 og 84.37 t. d. snældur (spindles) og snælduleggir (spindle flyers), kambar, spunamunnstykki, skyttur, höföld og nálar í prjónavélar**	10%	25%
84.39	00	**Vélar og tæki til framleiðslu og snyrtingar á flóka í metramáli og af annarri lögun (þar með taldar vélar og mót til framleiðslu á höttum)**	10%	25%
84.40	13	Aðrar strokvélar	10%	35%
84.41	00	**Saumavélar; húsgögn sérstaklega útbúin fyrir saumavélar; saumavélanálar**	20%	25%
84.42	00	**Vélar og tæki (þó ekki saumavélar) til snyrtingar, sútunar og vinnslu á húðum og skinnum og til framleiðslu á vörum úr leðri og skinni (þar með talinn skófatnaður)**	10%	25%
85.10		**Berandi rafhlöðu- og segulraflampar, nema þeir sem teljast til nr. 85.09:**		
	01	Duflaljósker	15%	90%
	09	Annað	90%	90%
85.15	11	Sjónvarpsviðtæki, einnig með innbyggðum grammófón og/eða útvarpsviðtæki	75%	100%
	12	Sjónvarpsloftnet	35%	100%
	21	Útvarpsviðtæki, einnig með innbyggðum grammófón	75%	100%
	22	Loftnet fyrir útvarpsviðtæki	35%	100%
87.01	12	Snjósleðar	60%	80%
87.02	31	Sjúkrabifreiðar og snjóbifreiðar	15%	15%
	32	Snjósleðar	60%	80%
87.14		**Önnur ökutæki án drifs (þar með taldir tengivagnar) og hlutar til þeirra:**		
	01	Hjólbörur og handvagnar; tengivagnar sérstaklega gerðir til vöruflutninga og hlutar til þeirra, ót. a.	40%	40%
	02	Heyflutningavagnar með útbúnaði til losunar eða lestunar	10%	40%
	09	Annars	80%	80%
90.01	01	Gleraugnagler	50%	80%
90.03	00	**Umgerðir um gleraugu, nefklemmugleraugu, stangargleraugu, hlífðargleraugu og annað þess háttar og hlutar til slíkra umgerða**	50%	80%
90.04	00	**Gleraugu, nefklemmugleraugu, stangargleraugu, rykgleraugu, og annað þess háttar til réttingar á sjón og henni til hlífðar**	50%	80%
90.07		**Ljósmyndavélar; leifturljóstæki til ljósmyndunar:**		
	01	Ljósmyndavélar, eingöngu nothæfar til læknisfræðilegra rannsókna	15%	50%
	09	Annað	50%	50%
90.14	01	Áttavitar og önnur siglingatæki tilheyrandi þeim	4%	4%

92.07		**Rafsegul-, rafstöðu-, rafagnabúin hljóðfæri og önnur svipuð hljóðfæri (t. d. píanó, orgel og harmónikur):**		
	01	Píanó og orgel	30%	50%
	09	Annað	50%	50%
92.11	01	Grammófónar og plötuspilarar	75%	80%
	02	Hljóðupptökutæki og bandspilarar	75%	80%
	09	Annað	75%	80%
92.12	03	Segulbönd fyrir skýrsluvélar, samkv. nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	35%	80%
	09	Annað	75%	80%
92.13	00	**Önnur fylgitæki og hlutar til grammófóna, diktafóna og annarra hljóðupptöku- og hljóðflutningstækja**	75%	80%
96.02	04	Tannburstar	50%	100%
97.04	02	Spil	100%	125%
97.05	00	**Grímuballsvörur; skemmtitæki, t. d. til töfrabragða, sjónhverfinga o. þ. h.; jólatrésskraut og annað jólaskraut (t. d. tilbúin jólatré, jólasokkar o. þ. h.)**	100%	125%
97.06	01	Skíði og hlutar til þeirra og skíðastafir	50%	80%
	02	Skautar (þar með hjólaskautar)	50%	80%
	09	Annað	50%	80%
97.07	02	Veiðistengur	50%	80%
	09	Annað	50%	80%
97.08	00	**Hringekjur, rólur, skotskífur og annar útbúnaður fyrir skemmtistaði; ferðasirkus, ferðadýrasöfn og ferðaleikhús**	100%	125%
98.01	00	**Hnappar, flibbahnappar, ermahnappar, smellur, smellu-hnappar, hnappamót og hnappaefni, hnappahlutar**	40%	90%
98.02	01	Málmstykki til framleiðslu á rennilásum	25%	50%
	09	Annað	40%	70%
98.03	00	**Sjálfblekungar, kúlupennar og aðrir slíkir pennar; pennastengur, skrúfblýantar, renniblýantar o. þ. h. og hlutar og fylgihlutar þessara vara (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 98.04 og 98.05)**	*50%	80%
98.04	00	**Pennar og pennaoddar**	50%	80%
98.05	00	**Blýantar (aðrir en þeir, er teljast til nr. 98.03); ritblý; litkrít, grifflar, teiknikol, pastel-, rit- og teiknikrít; klæðskera- og billardkrít**	*50%	80%
98.06		**Rit- og teiknispjöld, einnig í ramma:**		
	01	Skólatöflur	35%	80%
	09	Annað	80%	80%
98.12	00	**Greiður, hárkambar o. þ. h.**	100%	110%
98.13	00	**Lífstykkjateinar og aðrir slíkir teinar til fata og fatahluta**	40%	70%
98.14	00	**Ilmsprautuílát til snyrtingar o. þ. h. og úðarar til þeirra**	100%	125%

2. gr.

Eftirtaldar breytingar eru gerðar á 3. gr. laganna:

1. 20. töluliður orðist svo: Að lækka gjöld af ritum á íslenzku, sem hafa menningarlegt gildi, sem svari tollgreiðslu af bókagerðarefninu.
2. 21. töluliður falli niður.
3. 22. töluliður falli niður.
4. 37 töluliður orðist svo: Að lækka eða fella niður gjöld af segulbandstækjum og segulböndum, sem flutt eru til landsins af Blindravinafélaginu og Blindrafélaginu til að koma á fót kennslubókasafni. Enn fremur af ritvélum, stöfum og úrum, sem sérstaklega er gert fyrir blint fólk.

5. 38. tölulið̈ur falli niður.
6. Á eftir 47. tölulið 3. gr. komi fjórar nýjar heimildir, svo hljóðandi:
   48 Að endurgreiða gjöld af síldarvogum, sem svari því, að af þeim verði greiddur 10% verðtollur.
   49 Að lækka með auglýsingu gjöld af snyrtivörum, sem teljast til nr. 33.06 í tollskrá, niður í 50% verðtoll.
   50 Að endurgreiða gjöld af því hráefni til fataframleiðslu, sem lækkar í tolli með lagabreytingu þessari, niður í þá tollprósentu, sem lögfest verður með lögum þessum; og sem tollafgreidd er eftir 1. janúar 1968.
   51 Að semja svo um, að gjöld af framangreindum númerum í 1. gr., sem merkt eru með stjörnu (*), skuli vera bundin og eigi hærri en þar greinir. Enn fremur að gjöld af eftirtöldum númerum skuli ekki vera hærri en hér segir:

06.01	00	80%	39.02	87	35%
08.05	00	90%	39.02	99	40%
10.01	00	0	39.07	89	70%
10.05	00	0	40.09	00	35%
10.06		0	44.23	01	40%
11.01	11	0	53.07	00	50%
11.01	12	0	55.09	23	50%
11.01	22	0	58.04	30	65%
11.01	23	0	64.01	01	25%
11.01	24	0	64.02	01	80%
11.02	21	0	64.02	09	80%
15.07	89	30%	64.06	00	100%
15.10	19	30%	69.11	00	100%
15.12	09	35%	69.12	00	100%
18.03	00	40%	70.04	00	35%
18.04	00	40%	70.05	00	35%
18.05	00	50%	70.06	00	35%
19.03	00	80%	70.07	00	50%
20.07	01	40%	70.08	00	50%
21.05	00	100%	70.10	09	60%
21.07	01	40%	73.09	00	15%
22.05	01	20%	73.10	11	15%
22.05	02	20%	73.10	19	35%
22.05	03	20%	73.10	21	35%
22.05	09	20%	73.10	23	35%
22.09	05	20%	73.10	29	15%
22.09	09	20%	73.11	10	15%
23.07	00	0	73.11	20	15%
28.30	01	20%	73.12	00	15%
30.04	00	35%	73.13	10	15%
31.04	22	0	73.13	20	15%
32.05	00	25%	73.13	30	15%
32.07	09	25%	73.13	51	15%
32.09	09	60%	73.13	59	15%
32.12	00	60%	73.15	82	15%
33.06	02	125%	73.18	31	15%
33.06	03	125%	73.27	02	20%
33.06	04	125%	78.04	01	15%
34.02	01	110%	82.02	00	35%
34.02	09	110%	82.03	00	35%
37.07	00	1 kg 50 kr.	82.05	00	35%
38.19	19	50%	82.06	00	35%

83.07	05	70%	84.40	11	35%
84.09	00	25%	84.42	00	25%
84.19	09	25%	84.45	00	25%
84.23	09	25%	84.47	01	25%
84.30	05	10%	84.49	00	25%
84.32	00	25%	84.59	23	25%
84.35	00	25%	85.05	00	35%
84.36	00	25%	87.07	00	25%
84.37	01	25%	90.16	00	35%
84.37	09	25%			

Ráðuneytinu er með auglýsingu heimilt að lækka gjöld af eftirtöldum tollskrárnúmerum niður í 35%. Þó skal lækkun þessi vera að fullu komin til framkvæmda 1. janúar 1972:

Nr. 84.51 00	Nr. 84.53 00
— 84.52 01	— 84.54 01
— 84.52 02	— 84.54 09
— 84.52 03	— 84.55 01
— 84.52 09	— 84.55 09

3. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella þau, ásamt eldri lögum um breyting á lögum nr. 7/1963, um tollskrá o. fl., að því leyti, sem þau eru enn í gildi, inn í meginmál laga nr. 7/1963, um tollskrá o. fl., og gefa þau út svo breytt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við afgreiðslu fjárlaga var því lýst yfir að það fé, er ríkissjóður hefði til ráðstöfunar umfram fjárlagaútgjöld á árinu 1968, yrði notað til að létta almenningi kjaraskerðingu af völdum gengisbreytingarinnar, og yrði í því sambandi fyrst og fremst stefnt að lækkun tolla. Frumvarp það, sem hér er lagt fram hefur verið samið í beinu framhaldi af þessari ákvörðun. Hafa að vísu síðustu vikurnar lagzt stórfelldar nýjar kvaðir á ríkissjóð, svo að ekki er lengur um neinn tekjuafgang að ræða til að mæta tollalækkunum. Ríkisstjórnin telur hins vegar tollalækkanir svo mikilvægar, að hún telur engu að síður rétt að beita sér fyrir tollalækkunum þeim, er felast í frv. þessu, þótt gera þurfi sérstakar tekjuöflunarráðstafanir til að mæta þeim.

Tollskrárnefnd hefur haft umsjón með undirbúningi frumvarpsins. Í henni eiga sæti fulltrúar frá samtökum verzlunar og iðnaðar auk embættismanna frá þeim ráðuneytum og tollyfirvöldum, sem hér eiga hlut að máli. Þá tók fulltrúi Alþýðusambands Íslands þátt í umræðum nefndarinnar, auk þess sem Stéttarsamband bænda átti áheyrnarfulltrúa við undirbúning að frumvarpinu.

Samkvæmt stefnuákvörðun ríkisstjórnarinnar í upphafi undirbúnings að þessari tollalækkun, miðar frumvarpið aðallega að því að lækka tolla á ýmsum almennum neyzluvörum, sem nú eru hátt tollaðar, til að vega á móti þeirri verðhækkun, sem verður á innfluttum vörum við gengisbreytinguna. Þessi meginstefna leiðir til samsvarandi tollalækkunar á ýmsum efnivörum til innlendrar framleiðslu sams konar vara og tollur er lækkaður á fullunnum. Á fyrri stigum undirbúnings að þessu frumvarpi var stefnt að tollalækkunum, sem yrðu nokkru meiri en hér er gert ráð fyrir. Tollalækkunum þessum er því beint að brýnustu nauðsynjum og liðum, sem breyta þarf til samræmis slíkum breytingum.

Tollalækkanir, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, eru þessar í stórum dráttum:

1. Tollalækkanir í því skyni að vega á móti verðhækkunum á erlendri vöru eins og getið var hér að framan.
2. Tollalækkanir á hráefnum til íslenzks iðnaðar, sem leiðir af lækkun tolla á fullunnum vörum skv. 1. tölulið hér að framan.
3. Almennar lækkanir hæstu tolla í 100% (úr 125%).
4. Tollalækkanir á ýmsum vörum, sem tíðkast hefur að ferðamenn, farmenn og flugáhafnir kaupi erlendis og flytji til landsins án tollgreiðslna, svo og vörur, sem ætla má að brögð sé að smygli á.
5. Tollalækkanir, sem leiðir af aðild Íslands að Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti (GATT).
6. Ýmsar tollabreytingar, einkum þær, sem hafa beðið endurskoðunar tollskrárlaga.

Verður hér á eftir gerð stuttlega grein fyrir þessum flokkum lækkana, sem frumvarpið ráðgerir.

Um tölulið 1.

Lækkun tolla á algengum neyzluvörum.

Eins og getið var hér að framan miðar frumvarpið í aðaldráttum að lækkun tolla á algengum neyzluvörum almennings, til að vega gegn verðhækkun á innfluttri vöru. Er miðað við, að hinn nýi vísitölugrundvöllur gefi góða vísbendingu um neyzluvenjur almennings og því helzt gert ráð fyrir lækkun tolla á vörum, sem vega þar hlutfallslega þungt.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit um helztu tegundir vara, sem lagt er til að lækka tolla á skv. þessari meginstefnu.

Vörutegundir	Áætluð tekjurýrnun ríkissj.*) m.kr.	Vísitöluáhrif til lækkunar stig
Ýmsar matvörur	27	0.38
Fatnaður	33	0.51
Ýmis vara úr vefnaði	8	0.03
Skófatnaður o. fl.	10	0.20
Hreinlætisvörur	4	0.07
Sjónvarps- og útvarpstæki o. fl.	4	0.17
Samtals	86	1.36

Breytingar á hinum ýmsu tollprósentum þessara vara eru mjög mismunandi og vísast í því efni til frumvarpsins, sem lagt er til að lögfesta, þar sem núgildandi tollprósenta er prentuð með hverri tillögu um nýjan toll. Lækkun matvara er 30—50 prósentustig, fatnaðar 25 prósentustig (úr 90% í 65%), hreinlætisvara úr 110% í 80%, skófatnaðar úr 80% og 100% í 65%, sjónvarps- og útvarpstækja úr 100% í 75% o. s. frv.

Um tölulið 2.

Lækkun tolla á ýmsum hráefnum.

Lækkun þá, sem hér er gert ráð fyrir, á ýmsum hráefnum til iðnaðar, leiðir beinlínis af lækkun skv. 1. tölulið hér að framan á ýmsum fullunnum neyzluvörum, einkum fatnaði. Hér er um að ræða almenna tollalækkun á efni til hvers

*) Mjög erfitt er að áætla þessa fjárhæð. Reynt hefur verið að gera ráð fyrir samdráttaráhrifum gengisbreytingarinnar á magn innflutnings, svo og áhrifum tollalækkana til aukningar á innflutningi. Það gerir dæmið enn flóknara, að nú er kostur á innflutningi frá löndum með fjögur mismunandi stig gengisbreytingaráhrifa: 1. Finnland, 2. Danmörk, 3. Bretland, Írland, Spánn, Ísrael og 4. Lönd, sem ekki breyttu gengi.

kyns fatnaðar úr 65% í 40% og samsvarandi lækkun á garni til dúkagerðar, og leðri til skógerðar o. fl. Jafnframt er gert ráð fyrir lækkun tolla af vélum til fatagerðar, dúkagerðar og leðuriðju úr 25% í 10%, nema saumavélar í 20%. Í umræðum í tollskrárnefnd um tollalækkanir á fatnaði kom fram, að æskilegt hefði verið að lækka þá tolla meir en í 65% t. d. í 50%. Var talið, að með þeim hætti mundi draga úr innkaupum, sem ferðamenn, farmenn og flugáhafnir gera erlendis á þessum vörum og flytja inn í landið án þess að til tollgreiðslu komi. Markaður innanlands fyrir fatnað mundi þannig aukast til hagsbóta fyrir verzlun og fatagerð. Þetta var að sjálfsögðu háð þeirri forsendu, að tollur á innfluttum efnum í föt lækkaði nægilega til að vega upp á móti lækkuðu verðlagi á innfluttum fatnaði.

Nú er í landinu talsverð dúkaframleiðsla, sem keppir við innflutt efni. Tollalækkun á fatnaðarefni kallar þannig eftir lækkun tolla á innfluttu efni í dúka og annan vefnað, þ. e. hvers konar garni.

Í landinu er til veruleg framleiðsla á garni, sem hefur notið tollverndar. Innlend ull er aðalhráefni til þessarar framleiðslu. Var talið, að tollalækkun á garni umfram það, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, mundi að óbreyttum aðstæðum stofna þessum iðnaði í hættu.

Með þessum hætti varð niðurstaða nefndarinnar, að innbyrðis aðstaða hinna ýmsu stiga þessa iðnaðar, garnframleiðslu, dúkagerðar og fatagerðar, leyfði að svo stöddu ekki frekari tollalækkanir á fatnaði, en frumvarpið gerir ráð fyrir, þótt frekari lækkun sé æskileg af ýmsum ástæðum, m. a. verðlagsástæðum. Við ákvarðanir um tollflokkun vara á þessum mismunandi vinnslustigum er gert upp í milli andstæðra hagsmuna ýmissa greina þessa iðnaðar. Má fara nærri um, að niðurstaðan verður aldrei svo að öllum líki.

Þessi lækkun hráefnatolla miðast við, að samkeppnisaðstaða iðnaðarframleiðslu í landinu gagnvart innfluttum iðnaðarvörum sé ekki lakari en hún var fyrir gengisbreytingu. Sýnilegt er, að ýmsar greinar iðnaðar eru mun betur settar eftir gengisbreytinguna en áður. Má þar til nefna umbúðaiðnað, sumar greinar byggingariðnaðar, veiðarfæraiðnað, sútun, húsgagnaiðnað o. fl.

Heildarlækkun tolltekna vegna þessara breytinga er áætluð um 49 m.kr., en bein vísitöluáhrif til lækkunar eru áætluð 0.14 stig vegna kaupa vísitölufjölskyldunnar á efni til saumaskapar. Óbein áhrif á verðlag á fatnaði framleiddum innanlands hefur ekki verið reynt að meta.

Um tölulið 3.
Lækkun á hæstu tollum.

Hér er um að ræða mjög sundurleitan flokk hátollavara, aðallega snyrtivörur, sem lækkaðar eru í tolli til þess eins að nema úr lögum hæstu tolla, sem nú eru í gildi, í samræmi við meginstefnu ríkisstjórnarinnar í tollamálum. Tekjurýrnun er áætluð um 9 m.kr. en vísitöluáhrif 0.06 stig.

Um tölulið 4.
Tollalækkanir af tollgæzluástæðum.

Stærstu atriðin í þessari tegund tollalækkana eru fatnaður og skór, sem jafnframt falla undir 1. tölulið. Auk þess má flokka tollalækkanir á ýmsum sportvörum, dýrum málmum og ilmvötnum til þessa töluliðs. Tekjurýrnun vegna þessara vara er reiknuð með öðrum liðum greinargerðarinnar. Sú tekjurýrnun er þar áætluð minni en ella vegna væntanlegs aukins innflutnings eftir venjulegum leiðum.

Um tölulið 5.
Tollalækkanir vegna aðildar að GATT.

Svo sem kunnugt er, hefur Ísland verið aðili að hinum svoefndu Kennedyviðræðum innan GATT. Í þeim viðræðum sem lauk á s. l. hausti, bauð Ísland

nokkrar tollalækkanir, og hafði orðið endanlegt samkomulag um þær innan GATT. Áður en gengisbreytingin var ákveðin hafði frumvarp um tollabreytingar, sem af samkomulaginu leiddi, verið samið, en ekki lagt fram á Alþingi.

Þegar ákveðið var að lækka tolla almennt, þótti rétt að taka þær breytingar, sem GATT-frumvarpið gerði ráð fyrir, inn í heildarendurskoðunina, og hefur svo verið gert. Í samkomulagi þessu var einkum um að ræða tollalækkanir á ýmsum ávöxtum, grænmeti, brauðvörum, rit- og reiknivélum og skófatnaði. Lækkanir þær, sem þar var samið um, máttu skiptast á 5 ár, en þar eð GATT-samkomulagið féll vel inn í þá meginstefnu, sem ákveðið var að fylgja í hinum almennu tollalækkunum, þótti rétt að þær kæmu að mestu til framkvæmda nú þegar, þó er ráðgerðri tollalækkun á skrifstofuvélum frestað.

Einn meginþáttur GATT-samkomulagsins var skuldbinding um, að tollar af ákveðnum vörum skyldu ekki verða hærri en þá gilti í lögum. Hefur heimild til slíkrar bindingar verið tekin upp í 2. gr. frumvarpsins, enda þótt margar vörutegundir fari nú í tolli skv. tillögum þessum, niður fyrir þá tollprósentu, sem þær eru bundnar í. Að öðru leyti má vísa til athugasemda, sem fylgja þingsályktunartillögu um aðild Íslands að GATT og Genfarbókun, sem lögð hefur verið fram á Alþingi, því sem nú situr.

Tekjurýrnun er engin ráðgerð að svo stöddu vegna þessara lækkana umfram það, sem annars staðar er talið.

Um tölulið 6.

Almennar lækkanir á hráefni til málmsmíða.

Með frumvarpinu eru gerðar tillögur um umfangsmiklar lækkanir á tollum af hráefni til málmsmíða. Þannig lækkar tollur af plötujárni og prófílum úr 15% í 5%, á boltum og róm úr 50% í 35%.

Lækkun þessi er gerð með hliðsjón af núverandi erfiðleikum málmiðnaðarins og vegna erfiðrar samkeppnisaðstöðu vöru úr málmum, sem framleidd er innanlands, gagnvart innflutningi.

Gert er ráð fyrir nettótekjurýrnun af þessum sökum um 14 m.kr.

Um tölulið 7.

Ýmsar tollalækkanir.

Undir þennan lið fellur samtíningur af lagfæringum á tollskrá. Sem dæmi um þessar tollalækkanir má nefna lækkun tolla á vélsleðum úr 80% í 60% og lækkun heyflutningavagna með mekaniskum lestunar- og losunarbúnaði úr 40% í 10%.

Heildarlækkun tekna vegna þessa er áætluð um 1 m.kr.

Áhrif þeirra lækkana, sem hér eru lagðar til, til tekjurýrnunar og lækkunar vísitölu eru þessi:

	Tekjurýrnun m.kr.	Vísitölulækkun stig.
1. töluliður	86	1.36
2. töluliður	49	0.14
3. töluliður	9	0.06
4. töluliður	—	—
5. töluliður	—	—
6. töluliður	14	—
7. töluliður	1	—
Samtals	159	1.56

Um 1. gr.

Um breytingar á tollum einstakra vörutegunda vísast til almennu athugasemdanna og frumvarpsins sjálfs, þar sem núgildandi tollur er birtur aftan við þá tollprósentu, sem lagt er til að lögfest verði.

Um 2. gr.

1. Lagt er til að breyta heimild í gildandi tollskrá til að fella niður gjöld af ritum á íslenzku prentuðum erlendis. Heimild þessi hefur nokkuð verið notuð hin síðari ár, einkum þegar um hefur verið að ræða verk á íslenzku gefin út í samvinnu við erlenda aðila. Að vonum hefur innflutningur þessi sætt gagnrýni innlendra bókagerðarmanna, og er því lagt til að breyta heimildinni í heimild til að lækka tolla, þannig að gjöld verði greidd sem svarar tolli af efni til bókarinnar, þegar um rit menningarlegs eðlis er að ræða.
2. Heimild hefur verið í lögum að lækka um allt að helming gjöld af garni úr ull, baðmull og gerviefnum til dúkagerðar. Nú þegar tollamál fata-, dúka- og garnframleiðenda hafa verið tekin til svo gagngerðrar endurskoðunar og lækkunar sem fram kemur í almennu greinargerðinni, þykir ekki ástæða til að heimild þessi standi áfram í lögum.
3. Lagt er til að fella niður heimild til að gefa eftir toll af vélum, sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á umbúðum um vörur, sem fluttar eru úr landi. Bæði er, að nú þegar er til í landinu mikill vélakostur til umbúðaframleiðslu og eins hitt, að ákvæði þetta er erfitt og viðkvæmt í framkvæmd.
4. Í gildandi lögum er heimild til að lækka eða fella niður gjöld af segulbandstækjum og segulböndum, sem flutt eru inn til að koma upp kennslubókasafni fyrir blint fólk. Nú er lagt til að rýmka heimildina, þannig að hún nái einnig til ritvéla, stafa og úra, sem sérstaklega er gert fyrir blint fólk.
5. Lagt er til að fella niður heimild til eftirgjafar í gjöldum af vélum til framleiðslu á niðursoðnum sjávarafurðum til útflutnings. Um rökstuðning fyrir tillögu þessari má vísa til greinargerðar með nr. 3 hér að framan, auk þess sem benda má á, að hraðfrystiiðnaðurinn býr við 10 og 15% toll af algengustu vélum sínum.
6. Hér er gert ráð fyrir fjórum nýjum heimildum:
   a. að endurgreiða gjöld af síldarvogum niður í 10%.
   b. að lækka með auglýsingu gjöld af snyrtivörum, sem teljast til nr. 33.06 í tollskrá, niður í 50% verðtoll. Líklegt er að lækkun þessi myndi koma fram í auknum innflutningi eftir eðlilegum leiðum.
   c. að endurgreiða að hluta tolla af hráefni til fataframleiðslu, sem tollafgreitt er á tímabilinu frá 1. janúar 1968 til gildistöku laga þessarra.
   d. Hér er tekin upp heimild til að semja um, að tollur af vissum tollskrárnúmerum verði ekki hækkaður, umfram það sem nú er lagt til að lögfesta eða núgildandi tollprósentu. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að lækka megi með auglýsingu toll af ýmsum skrifstofuvélum úr 60% í 35%. Má vísa til nr. 5 í almennu greinargerðinni um þetta atriði.

Um 3. gr.

Síðan síðasta heildarútgáfa tollskrár átti sér stað árið 1963, hafa orðið miklar breytingar á lögunum, og er því lagt til að allar breytingarnar verði felldar inn í upphaflegu lögin og þau síðan gefin út svo breytt.

Nd. 257. Frumvarp til laga [122. mál]

um breyting á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

Flm.: Magnús Kjartansson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Í stað orðsins „þremur“ í 4. gr. laganna komi: fimm.

2. gr.

13. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Ríkissjóði er skylt að innleysa á nafnverði að viðbættum sparisjóðsvöxtum hlutabréf félaga og einstaklinga, sem gerzt hafa aðilar að rekstrarfélaginu Áburðarverksmiðjan h.f.

Umboð núverandi áburðarverksmiðjustjórnar falli niður, enda sé kosin ný verksmiðjustjórn samkvæmt 4. gr. laganna á yfirstandandi þingi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar frumvarp til laga um áburðarverksmiðju var lagt fram á þingi haustið 1948, var svo ráð fyrir gert, að verksmiðjan væri hrein ríkiseign, enda hafði ríkið haft alla forgöngu um undirbúning málsins í hálfan annan áratug. Þar var mælt svo fyrir, að ríkissjóður legði fram óafturkræft framlag til að stofna verksmiðjuna og frekari fjármunir skyldu útvegaðir með ríkisábyrgð. Einnig var þar ákveðið, að verksmiðjan skyldi vera sjálfseignarstofnun. Í þessari mynd var frumvarpið afgreitt að fullu í neðri deild Alþingis, og það var komið að lokaákvörðun í efri deild, þegar allt í einu var flutt breytingartillaga þess efnis, að verksmiðjan skyldi rekin sem hlutafélag. Var sú breytingartillaga síðan samþykkt í báðum deildum Alþingis. Fyrri ákvæðum um fjárhagsskuldbindingar ríkissjóðs og um sjálfseignarfyrirkomulagið var haldið óbreyttum, en bætt við nýrri grein, sem var að meginefni til svo hljóðandi:

„Ríkisstjórninni er heimilt þrátt fyrir ákvæði 2. gr. að leita eftir þátttöku félaga og einstaklinga um hlutafjárframlög til stofnunar áburðarverksmiðjunnar og leggja fram til hennar hlutafé úr rekstrarsjóði áburðarsölu ríkisins allt að einni milljón króna. Ef slík framlög nema minnst 4 milljónum króna, leggur ríkissjóður fram hlutafé, sem þá vantar til, að hlutaféð verði alls 10 milljónir króna, og skal verksmiðjan þá rekin sem hlutafélag."

Sé litið á lögin í heild, verða ákvæði þeirra naumast samræmd öðruvísi en svo, að verksmiðjan sé eftir sem áður ríkisfyrirtæki og sjálfseignarstofnun, en hlutafélagið hafi það eitt verkefni að annast rekstur hennar. Engu að síður hafa lögin margsinnis verið túlkuð þannig, m. a. úr ráðherrastóli á Alþingi, að áburðarverksmiðjan sé eign hlutafélagsins, að félög og einstaklingar, sem lögðu fram ⅖ hlutafjárins, eigi nú ⅖ hluta af verksmiðjunni sjálfri. Hefur ólíkt mat á þessum atriðum valdið ítrekuðum deilum árum saman, án þess að Alþingi hafi fengizt til að skera úr um endanlegan skilning sinn.

Ef áburðarverksmiðjan væri talin eign hlutafélagsins, hefðu einkaaðilar fengið að gjöf óhemjulega fjármuni á kostnað almenning. Eins og áður er sagt, lögðu félög og einstaklingar fram 4 milljónir króna af stofnkostnaði verksmiðjunnar, en ríkið lagði fram eða útvegaði 126 milljónir króna. Stofnkostnaðinn hafa viðskiptavinir verksmiðjunnar síðan greitt í áburðarverðinu. ⅖ af stofnkostnaði eru 52 milljónir króna; með eignarréttarkenningunni hefðu einkaaðilar þannig fengið að 13-falda framlög sín að verðmæti þegar í upphafi! Síðan hefur verksmiðjan hækkað mjög í verði að krónutölu; verðmæti hennar nú er áætlað að minnsta kosti 700 milljónir króna. ⅖ af þeirri upphæð eru 280 milljónir króna; hlutafjárframlag félaga og einstaklinga ætti þá að hafa sjötugfaldazt að verðmæti!

Með þessu er sagan þó engan veginn fullsögð. Verksvið áburðarverksmiðjunnar hefur verið aukið, m. a. var henni veitt einokun á áburðarinnflutningi fyrir fimm árum, og hefur sú tilhögun verið gagnrýnd mjög af bændum. Slík einokun væri hins vegar óréttlætanleg með öllu, ef sú kenning væri rétt, að áburðarverksmiðjan væri hlutafélag, sem einkaaðilar ættu að tveimur fimmtu hlutum.

Þá er ráðgert að stækka og endurbæta áburðarverksmiðjuna, eins og fram kom í stefnuyfirlýsingu forsætisráðherra í upphafi þings. Er þar um mikið nauðsynja-

mál að ræða, því að framleiðsla verksmiðjunnar er þegar orðin allt of lítil fyrir þarfir okkar, auk þess sem framleiðsla verksmiðjunnar hefur verið stórlega gölluð. En stækkun verksmiðjunnar og óhjákvæmilegar endurbætur munu kosta mikið fé. Um það atriði segir svo í mjög skýrri og fróðlegri grein, sem Jóhannes Bjarnason verkfræðingur birti í Morgunblaðinu 27. janúar s.l.:

„Telja má, að sú stækkun og endurbót Áburðarverksmiðjunnar, sem nú er áformuð, muni kosta um 300 milljónir króna. Það fjármagn hlýtur ríkið á einn eða annan hátt að þurfa að útvega, því lítið mun verksmiðjan sjálf hafa handbært til þeirra hluta. Eða skyldu hluthafarnir, sem einu sinni lögðu fram 4 milljónir króna, nú vilja eða geta lagt fram 40% þess fjár, sem vantar til þessara framkvæmda, þ. e. um 120 milljónir króna? Ætlar ríkið nú aftur að stuðla að því, að þessum „heppnu" hluthöfum verði færðar yfir 100 milljónir króna að „gjöf" í sambandi við þessar stækkunarframkvæmdir Áburðarverksmiðjunnar? Ríkið útvegi fjármagnið að láni. Bændur borgi lánið með viðskiptum sínum. Hlutafélagið eignist stækkunina. Er ekki orðið tímabært, áður en hinar fyrirhuguðu stækkunarframkvæmdir verða endanlega ákveðnar, að breyta lögum verksmiðjunnar í skynsamlegra horf."

Frumvörp um lagabreytingar, sem geri eignarrétt ríkisins á áburðarverksmiðjunni ótvíræðan, hafa margsinnis verið flutt á undanförnum árum af Einari Olgeirssyni. Í umræðum hefur það komið fram, að ýmsir af forustumönnum núverandi stjórnarflokka hafa talið það fráleitt með öllu, að rekstrarhlutafélagið geti talizt eigandi verksmiðjunnar, enda þótt ekki hafi enn fengizt samstaða um, að Alþingi skeri úr um þennan ágreining í eitt skipti fyrir öll. Þegar þess er nú enn freistað að fá endanlegan úrskurð Alþingis um þetta stórmál, taka flutningsmenn fram, að þeir geta hugsað sér, að annar háttur verði hafður á reikningsskilum við einkaaðila en ráðgert er í þessu frumvarpi, ef samstaða fæst um það meginatriði að gera eignarrétt alþjóðar á áburðarverksmiðjunni ótvíræðan.

Sþ. 258. Tillaga til þingsályktunar [123. mál]

um stjórnmálasamband við Austur-Þýzkaland.

Flm.: Magnús Kjartansson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að taka upp formlegt stjórnmálasamband við austurþýzka lýðveldið — Deutsche Demokratische Republik.

Greinargerð.

Austur-Þýzkaland hefur um langt skeið verið í hópi helztu viðskiptalanda Íslendinga. Það hefur verið talin sjálfsögð regla í skipulagi utanríkisþjónustunnar, að við hefðum formlegt stjórnmálasamband við helztu viðskiptalönd okkar, og er Austur-Þýzkaland eina undantekningin frá þeirri reglu. Ástæðan er sem kunnugt er sú, að til skamms síma höfðu vesturþýzk stjórnarvöld þá afstöðu að hafna stjórnmálasambandi við ríki, önnur en Sovétríkin, sem viðurkenndu austurþýzka lýðveldið, og hafa íslenzk stjórnarvöld beygt sig fyrir því valdboði. Nú hafa vesturþýzk stjórnarvöld hins vegar horfið frá þessari stefnu og hafa í staðinn leitað mjög eftir því að ná formlegu stjórnmálasambandi við ríki, sem áður höfðu viðurkennt Austur-Þýzkaland. Þannig hafa Vestur-Þjóðverjar tekið upp stjórnmálasamband við Rúmeníu og nú síðast við Júgóslavíu, enda þótt stjórnmálasambandi við síðartalda ríkið væri slitið fyrir nokkrum árum vegna viðurkenningar á Austur-Þýzkalandi. Því hafa íslenzk stjórnarvöld ekki lengur ástæðu til að óttast viðurlög af hálfu Vestur-Þjóðverja, þótt við tökum upp sömu samskipti við Austur-Þýzkaland og önnur helztu viðskiptaríki okkar.

Ed. 259. Nefndarálit [36. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Mál þetta hefur verið rætt á nokkrum fundum nefndarinnar. Var það sent til umsagnar þessum stofnunum: Félagi ísl. bifreiðaeigenda, Framkvæmdanefnd hægri umferðar, Slysavarðstofu Reykjavíkur, Bifreiðaeftirlitinu, Slysavarnafélagi Íslands, Sjóvátryggingafélagi Íslands, Samvinnutryggingum, Hagtryggingu og umferðarlaganefnd.

Svör bárust ekki frá Hagtryggingu og umferðarlaganefnd, en hinir aðilarnir hafa svarað og eru í meginatriðum hlynntir þeirri breytingu, sem frv. gerir ráð fyrir, að skylt sé að hafa öryggisbelti fyrir ökumenn og farþega í framsæti bifreiðar.

Þegar málið var afgreitt frá nefndinni 1. febr. s. l., mælti meiri hl. (JÞ, KGuðj, EÁ og BFB) með samþykkt frv. með nokkrum breytingum, sem birtar eru á sérstöku þskj. SvG tók ekki afstöðu til málsins að svo stöddu. Fjarverandi voru AuA og ÓB.

Þær breytingar, sem meiri hl. leggur til að gera á frv., eru fólgnar í eftirfarandi:

Meiri hl. þykir eftir atvikum rétt að ákvæði frv. taki einungis til fólksbifreiða 2—6 manna svo og jeppabifreiða. Enn fremur, að bifreiðar eldri en frá 1. jan. 1961 falli ekki undir ákvæðin.

Þá sýnist meiri hl. eðlilegt að hafa nokkuð rúman aðdraganda að framkvæmd fyrirmælanna og gildistökudagur verði 1. maí 1969.

Alþingi, 2. febr. 1968.

Jón Þorsteinsson, form. Björn Fr. Björnsson, frsm. Karl Guðjónsson.
Einar Ágústsson.

Ed. 260. Breytingartillögur [36. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr 26 2. maí 1958.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar (JÞ, BFB, KGuðj, EÁ).

1. Við 1. gr. frv. bætist: fólksbifreiða 2—6 manna svo og jeppabifreiða. Ákvæði þetta tekur eigi til bifreiða af þessum gerðum, sem eldri eru en frá 1. jan. 1961.
2. 2. gr. hljóði þannig:
   Lög þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1969.

Sþ. 261. Tillaga til þingsályktunar [124. mál]

um verzlun með tilbúinn áburð.

Flm.: Hjalti Haraldsson, Hannibal Valdimarsson, Karl Guðjónsson, Steingrímur Pálsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd til þess að gera tillögu um breytta og bætta tilhögun á framleiðslu og sölu tilbúins áburðar. Skal álit nefndarinnar liggja fyrir innan eins árs, frá því að hún er kosin. Þóknun nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði eftir ákvörðun ráðherra.

Þá skorar Alþingi á ríkisstjórnina að hlutast til um, að lög nr. 51 frá 28. jan. 1935, um verzlun með tilbúinn áburð, verði numin úr gildi hið fyrsta og að innflutningur tilbúins áburðar verði gefinn frjáls, þar til niðurstaða er fengin af störfum nefndarinnar.

Greinargerð.

Örðugleikar þeir, sem að landbúnaðinum hafa steðjað upp á síðkastið, hafa orðið mönnum æ meira áhyggjuefni, og ekki hvað sízt sá þáttur, sem síendurtekinn uppskerubrestur vegna kalskemmda hefur valdið bændum, og ekki séð fyrir það enn, hvort fjöldinn allur fær staðizt slík áföll æ ofan í æ, jafnvel þótt hið opinbera hafi reynt að koma til aðstoðar. Þótt ekki sé gert lítið úr þeirri aðstoð, hefur hún hrokkið skammt, enda að vonum, þar sem heyfengur í heilum sveitum var á s. l. hausti aðeins helmingur af því, sem hann var fyrir tveim árum, og var það þó ekkert metár hvað heyfeng snerti, síður en svo, enda hefur uppskerumagn af hverjum hektara ræktaðs lands farið jafnt og þétt minnkandi síðan 1960 og er nú orðið minna en það var um s. l. aldamót, þrátt fyrir sífellt aukna áburðarnotkun.

Sá grunur hefur leitað meir og meir á hug bænda, að áföll þau, sem þeir hafa hlotið vegna uppskerubrests, séu fyrst og fremst að kenna þeim köfnunarefnisáburði, sem þeir hafa orðið að nota vegna þess, að eins og flestir vita framseldi ríkisstjórnin á sínum tíma áburðarverksmiðjunni í Gufunesi einkasölu ríkisins á tilbúnum áburði og síðan hafa bændur orðið að kaupa upp framleiðslu hennar af Kjarna, áður en óskir þeirra hafa fengizt uppfylltar um annan köfnunarefnisáburð. Nú má öllum vera það ljóst, að minnkandi afrakstur af ha. segir ekki allt í þessu efni, því að vitað er, að bændur hafa undanfarin ár aukið beit á ræktað land, og auðvelt að kenna veðurfarinu um og fleiru, sem ekki verður rakið hér.

En þá kemur annað til, sem styður þennan grun þeirra.

Á vegum Tilraunaráðs jarðræktar hafa verið gerðar samanburðartilraunir á notkun Kjarna og kalksaltpéturs sem köfnunarefnisáburðar, miðað við grunnáburð af steinefnum 70 kg af fosfórsýru og 100 kg af kalí á ha. Sé lagt til grundvallar það köfnunarefnismagn, sem bændur nota að meðaltali á ha., eða rúm 100 kg, kemur í ljós, að uppskerumismunurinn Kjarnanum í óhag verður 9.5 hestburðir af ha. eða 171 hestburður af meðaltúninu, sem er talið 18 ha. að stærð á býli.

Sé notaður enn stærri köfnunarefnisskammtur en þetta, eða allt að 180 kg á ha., fer að bera á varpasveifgrasi og kalblettum í tilraunareitunum, þar sem Kjarninn hefur verið notaður. Enn fremur má geta þess, að calsíuminnihald uppskerunnar er allt að helmingi meira í tilraunareitunum, þar sem kalksaltpétur hefur verið notaður. Þessar niðurstöður eru fengnar þar, sem hvað mestri natni og samvizkusemi hefur verið beitt í sambandi við tilraunirnar, og vita flm. ekki til þess, að neinn hafi vefengt þær, enda eru þær birtar af Tilraunaráði jarðræktar og Atvinnudeild háskólans.

Út frá þessu má svo minna á stóraukinn innflutning á fóðurbæti, vegna heyskorts, og síaukna sjúkdóma í búfénaði, sem rekja má til steinefnaskorts og enginn hefur treyst sér til að meta, hve miklu tjóni veldur. Allt verður þetta til þess að kippa stoðunum undan efnahag bænda og gera framleiðslu búvaranna mun dýrari en hún þarf að vera, en allt lendir það að lokum á hinum almenna neytanda í hækkuðu búvöruverði.

Til eru þeir menn, sem bentu á það þegar í upphafi, að verksmiðja eins og sú, sem reist var í Gufunesi til framleiðslu á köfnunarefnisáburði, hentaði okkur ekki. Þeir menn voru ráðum bornir, en reynslan sýndi það fljótlega og hefur sannað síðar, svo að ekki verður um deilt, að þeir höfðu á réttu að standa.

Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til að breyta framleiðslu verksmiðjunnar, en allt hefur komið í einn stað niður, og framleiðslan er enn jafnóhentug og hún var fyrstu daga hennar.

Um það hefur verið rætt nú upp á síðkastið, að endurbygging verksmiðjunnar

eða bygging nýrrar yrði ekki umflúin. Í því efni bólar þó ekkert á framkvæmdum. En þangað til áburðarverksmiðjan hefur verið endurbætt, eða önnur ný reist í hennar stað, sjá flm. enga ástæðu til þess, að bændur séu bundnir við þann klafa, sem einkasala á tilbúnum áburði er þeim í höndum verksmiðjunnar. Flm. vilja, að lög nr. 51 frá 28. jan. 1935, um einkasölu á tilbúnum áburði, verði því numin úr gildi og innflutningur á áburði gefinn frjáls, að svo miklu leyti sem önnur gildandi lög um innflutning tilbúins áburðar heimila.

Sþ. 262. Tillaga til þingsályktunar [125. mál]

um aðstoð við síldveiðiskip á fjarlægum miðum.

Flm.: Karl G. Sigurbergsson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera hið fyrsta nauðsynlegar ráðstafanir til stuðnings síldveiðiskipum, sem veiðar stunda á fjarlægum fiskimiðum, á komandi sumri og hausti. Í þeim efnum verði m. a. lögð áherzla á eftirfarandi:

að gera síldarsöltun á miðunum mögulega,
að auka flutninga á síld til vinnslu í landi,
að hafa tiltækar á fiskimiðunum allar helztu nauðsynjavörur til útgerðarrekstrarins,
að hafa á fiskimiðunum nauðsynlega þjónustu fyrir skipshafnir, eins og t. d. læknisþjónustu,
að skipuleggja öryggisþjónustu á miðunum, m. a. þannig, að tryggt sé, að skipin geti haft eðlilegt talstöðvasamband við land.

Til þess að hafa á hendi undirbúning og sjá um framkvæmdir samkv. tillögu þessari skipi sjávarútvegsmálaráðherra 5 manna nefnd, og skulu í henni vera að minnsta kosti tveir fulltrúar útvegsmanna og sjómanna.

Heimilt er ríkisstjórninni að verja allt að 10 milljónum króna til framkvæmda samkv. þessari þingsályktun.

Greinargerð.

Það má öllum ljóst vera, hvílík breyting hefur orðið á síldveiðum okkar landsmanna hin síðari ár og vaxandi erfiðleikar, sem skapazt hafa á þessum árum vegna síaukinnar fjarlægðar síldarinnar frá hinum áður venjulegu miðum, sem hún var sótt til.

Það kom þó enn berlegar í ljós á seinustu síldarvertíð, þar sem saman fór enn aukin fjarlægð á miðin og því nær ógerlegt að koma síldinni að landi í því ásigkomulagi, að teljast mætti gott hráefni til mjölframleiðslu, hvað þá til manneldis í salt og frystingu, og allir kostnaðarliðir til útgerðar stórhækkuðu jafnframt í verði.

Þótt veðurfar hafi verið með eindæmum hagstætt á hinum norðlægu slóðum síðasta sumar, mun þó ágóðinn af þeim aflafeng, sem sóttur var á þessi fjarlægu mið, hafa verið í öfugu hlutfalli við fyrirhöfnina. Því mætti ætla, að bæði útgerðarmenn og sjómenn, er þessar veiðar stunduðu, muni ekki treysta á þær jafnt og verið hefur að öllum aðstæðum óbreyttum.

Við flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu gerum okkur ljóst, að ef ekkert verður gert til að undirbúa aðstoð við síldveiðiflotann á næstu sumar- og haustvertíð, verði um mikinn samdrátt að ræða í síldarútgerð á komandi sumri og þar af leiðandi minnkandi aflaverðmæti, sem að landi verður fært, því að allar líkur benda til þess, að veiðisvæðið verði ekki nær Íslandi en á síðasta ári, ef dæma má eftir áliti fiskifræðinga þar um.

Við álítum, að hér sé um svo þjóðhagslegt mál að ræða, að opinberum aðilum og þá ekki sízt ríkisvaldinu beri skylda til þess að hlutast til um, að einhverjar

viðhlítandi ráðstafanir verði gerðar til að síldveiðar okkar dragist ekki verulega saman.

Það ófremdarástand, sem ríkt hefur á þessum fjarlægu miðum, er vart viðunandi lengur. Veiðiskipin okkar eru meiri hluta tímans á fullri ferð um hafið að og frá miðunum, og væri það eitt sér næg ástæða til, að séð væri fyrir flutningum á aflanum til lands.

En þar sem saman fer minni geta skipanna til veiðanna og eins hitt, að í flestöllum tilfellum hafa þau ekki brennsluolíu nema til ferðalaga fram og til baka, þá er ekki síður ástæða til að sjá fyrir flutningi á olíu, vatni og vistum til þeirra, svo að þau gætu varið lengri tíma til veiðanna, er á miðin kemur.

Mjög slæm skilyrði eru til þess að hafa samband við land, ef einhvers þarf með, svo sem í veikinda- og slysatilfellum, og kom það glöggt í ljós á síðasta sumri, er leita þurfti aðstoðar erlendra aðila þar um. Væri full þörf á því að sjá fyrir læknisþjónustu þeim rúmlega 2000 fiskimönnum, sem þarna eru mikinn hluta ársins við hættulegar og erfiðar aðstæður.

Það geta flestir séð, að við eigum á hættu að tapa okkar mörkuðum á saltaðri og frystri síld, ef ekki er hægt í framtíðinni að uppfylla gerða sölusamninga, þar sem útlendir fiskimenn eru á hraðri leið með að auka framleiðslu sína á þeirri vöru, með því að hagnýta og verka aflann á miðunum. Við verðum sjáanlega að fylgja þróuninni eftir á því sviði, ef við eigum ekki að lenda undir í samkeppninni.

Þar sem þjóðin í heild á mikið í húfi, að þessi atvinnuvegur leggist ekki nær algerlega niður, álítum við, að hún eigi öll að taka þátt í þeim kostnaði og þeirri aðstoð, sem þarna er þörf. Það er ekki við því að búast, að einstaklingar hafi bolmagn til þess að inna þessa sjálfsögðu þjónustu af hendi.

Í tillögunni er gert ráð fyrir, að ráðherra skipi nefnd, þ. e. framkvæmdanefnd, sem hefði frumkvæði um viðræður milli aðila, sem sérstakra hagsmuna eiga að gæta við sumar- og haustsíldveiðar, en léti síðan framkvæma þær ráðstafanir, sem talið væri að hentuðu til úrbóta og aðstoðar við síldveiðiflotann. Eðlilegt er, að samtök útvegsmanna og sjómanna eigi fulltrúa í nefndinni og þar á meðal fulltrúa yfirmanna á fiskiskipunum.

Ed. 263. Breytingartillaga [107. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

Frá Karli G. Sigurbergssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „átta mönnum“ í 2. málsgr. komi: níu mönnum, — í stað orðanna „fimm menn“ komi: sex menn, — og við málsliðinn bætist: og einn eftir tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Nd. 264. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [126. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Flm.: Ragnar Arnalds, Magnús Kjartansson.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 28. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þriðjungur þingmanna getur krafizt þess, að Alþingi sé þegar kvatt til aukafundar í tilefni af útgáfu bráðabirgðalaga.

2. gr.

33. gr. orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir íslenzkir ríkisborgarar, karlar og konur, sem búsettir eru í landinu, þegar kosning fer fram, og verða 20 ára eða eldri á því ári, sem kosning fer fram. Lækka má kosningaaldur með lögum.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

3. gr.

Á eftir 45. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Nú hefur frumvarp til laga eða annarrar samþykktar hlotið samþykki Alþingis, og getur þriðjungur þingmanna krafizt þess, að frumvarpið sé borið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykkis eða synjunar. Sama rétt hefur fimmtungur kosningabærra manna. Krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu skal vera skrifleg og þarf að hafa borizt forseta Alþingis innan 8 vikna frá samþykkt frumvarpsins. Einfaldur meiri hluti greiddra atkvæða ræður úrslitum. Nú eru lög staðfest af forseta, en hljóta ekki samþykki í þjóðaratkvæðagreiðslu, og falla þau úr gildi 14 dögum eftir að forsætisráðherra hefur tilkynnt um úrslit atkvæðagreiðslunnar.

Fjórðungur þingmanna eða fjórðungur kosningabærra manna getur með skriflegri beiðni til forsætisráðherra krafizt þess, að leitað sé álits þjóðarinnar um tiltekið málefni. Forsætisráðherra, hæstiréttur og umboðsmaður þeirra, sem kröfuna gera, tilnefna þrjá menn í nefnd, er ákveður orðalag atkvæðaseðilsins.

Nánari reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðis skulu settar með lögum.

4. gr.

Á eftir 45. gr. kemur önnur ný grein, svo hljóðandi:

Frumvarp til laga eða þingsályktunar, sem felur í sér, að ríkisvaldið sé að einhverju leyti selt í hendur alþjóðlegrar stofnunar, telst ekki samþykkt, nema hlotið hafi fimm sjöttu hluta greiddra atkvæða í báðum deildum Alþingis. Nú hlýtur frumvarpið ekki tilskilinn meiri hluta, en þó einfaldan meiri hluta greiddra atkvæða í báðum deildum, og getur þá ríkisstjórnin borið frumvarpið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Ef minnst 50% kosningabærra manna taka þátt í atkvæðagreiðslunni og tveir þriðju hlutar þeirra greiða atkvæði með frumvarpinu, telst það samþykkt.

5. gr.

68. gr. orðist svo:

Fasteignir og náttúruauðæfi hér á landi skulu Íslendingar einir eiga, eða stofnanir, sem Íslendingar eiga einir. Veita má sendiráðum, alþjóðastofnunum og erlendum mönnum, sem hér eiga lögheimili, undanþágu frá þessu ákvæði með lögum.

Engir nema Íslendingar mega taka á leigu atvinnutæki eða íslenzk náttúruauðæfi. Undanþegin þessu ákvæði eru þó flutningaskip og flugvélar. Að því er snertir erlenda menn búsetta hérlendis, skal mæla fyrir um þessi atriði með lögum.

Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararétt nema með lögum.

6. gr.

Á eftir 68. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Öll núverandi óbyggð, — það er almenningar, afréttir, aðrar lendur og svæði, sem eigi hafa verið í byggð undanfarin 20 ár, — og öll hveraorka, vatnsorka og auðæfi í jörðu, sem þar eru, er ævinleg eign íslenzku þjóðarinnar. Ákveða skal með lögum beitirétt, veiðirétt og annan hefðbundinn afnotarétt á þessum svæðum, svo og hvernig með eyðijarðir, sem þar eru, skuli fara.

7. gr.

Framan við 69. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Hver maður á rétt á atvinnu. Ríkið skal stefna að því að tryggja öllum fulla atvinnu. Með lögum skal skipa um öryggi manna við vinnu, hæfilegan vinnutíma og ráðstafanir gegn ofþjökun.

8. gr.

70. gr. orðist svo:

Hver maður á rétt á læknishjálp og ókeypis sjúkrahúsvist, þegar slys og sjúkdóma ber að höndum. Hver maður á og rétt á slíkum styrkjum úr almennum tryggingasjóðum, er slys, sjúkdóma, örorku og elli ber að höndum, að nægi honum til framfærslu. Sérstaklega skal tryggja rétt barna, mæðra og ekkna á sama hátt. Sá, sem eigi fær séð fyrir sér og sínum, á rétt á styrk úr almennum sjóði. Nánar skal ákveða öll þessi réttindi með lögum.

9. gr.

71. gr. orðist svo:

Öll börn og unglingar á aldrinum 7 til 16 ára eiga rétt á ókeypis fræðslu, svo og allir þeir, er njóta vilja framhaldsmenntunar og hafa til þess hæfileika og áhuga. Tryggja skal efnahagslegt jafnrétti til menntunar með lögum.

10. gr.

75. gr. orðist svo:

Ísland er friðlýst land. Herskyldu má aldrei í lög leiða.

Greinargerð.

Þegar stjórnarskrá lýðveldisins var sett 1944, gafst því miður ekki tækifæri til að framkvæma heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, og þess vegna var aðeins breytt þeim ákvæðum, sem nauðsynlegt var að breyta við stofnun lýðveldis. Síðan hefur það verið ætlun þings og þjóðar, staðfest af mörgum ríkisstjórnum, að lýðveldinu yrði sett ný, endurskoðuð stjórnarskrá, sem tryggði íbúum landsins ýmis stjórnarfarsleg og félagsleg réttindi í samræmi við kröfur tímans.

En það hefur ekki orðið, þrátt fyrir endurteknar ráðagerðir. Einu breytingarnar, sem gerðar hafa verið á stjórnarskránni seinustu 24 árin, snerta kosningarrétt og kjördæmaskipun. Lengi virtust deilur um kjördæmamálið koma í veg fyrir nauðsynlega samstöðu um endurskoðun stjórnarskrárinnar. En nú hefur verið hljótt um kjördæmaskipunina um alllanga hríð, og virðist því ekkert því til fyrirstöðu, að aðrir þættir stjórnarskrárinnar verði teknir til endurskoðunar.

Að sjálfsögðu felur þetta frumvarp ekki í sér neina heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar af hálfu Alþýðubandalagsins. Með því viljum við flutningsmenn aðeins vekja athygli á tíu mikilvægum réttindamálum, sem við teljum sjálfsagt að sett verði ákvæði um í nýja stjórnarskrá.

1. Bráðabirgðalög.

Samkvæmt 28. gr. stjskr. getur ríkisstjórnin með atbeina forseta gefið út bráðabirgðalög, þegar Alþingi situr ekki. Ákvæði þetta verður rakið til fyrstu stjórnarskrárinnar 1874, og hefur það haldizt síðan lítt breytt. En óneitanlega var talsvert meiri þörf á slíku ákvæði áður fyrr, þegar Alþingi kom ekki saman nema annað hvert ár og mátti ekki sitja að störfum lengur en 6—8 vikur, nema með konungsleyfi.

Mörgum virðist, að heimildin til útgáfu bráðabirgðalaga hafi oft verið misnotuð. Þótt skylt sé að leggja lögin fyrir næsta Alþingi, er nauðsynlegt að tryggja rétt Alþingis frekar, og er því hér lagt til, að þriðjungur þingmanna geti krafizt þess, að Alþingi sé kvatt saman til aukafundar í tilefni af útgáfu bráðabirgðalaga.

2. Kosningaaldur.

Ákvæði um kosningarréttarskilyrði hafa nýlega verið endurskoðuð, og m. a. hefur kosningaaldur verið lækkaður niður í 20 ár. Margt mælir með því, að aldurslágmarkið verði lækkað enn frekar og jafnvel í 18 ár. Hér er lagt til, að kosningaaldur verði ekki bundinn með stjórnarskrárákvæði, heldur fái Alþingi heimild til að lækka aldurslágmarkið með lögum. Jafnframt eru felld burt skilyrðin um, að kjósendur skuli vera fjárráðir og hafa óflekkað mannorð. Virðist hæpið, að unnt sé að dæma af mönnum slík mannréttindi sem kosningarrétt.

3. Þjóðaratkvæði.

Í stjskr. er ekkert almennt ákvæði um þjóðaratkvæði og hefur aldrei verið. Þó er skylt að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu, ef Alþingi samþykkir frumvarp til breytinga á kirkjuskipun ríkisins, sbr. 79. gr., og ef forseti synjar að staðfesta lagafrumvarp, sbr. 26. gr. Eins og kunnugt er, er forseti Íslands þjóðkjörinn, en ekki þingkjörinn, og í fullu samræmi við það hefur hann rétt til að skjóta lagafrumvörpum undir þjóðardóm. En á þeim rúmu tveimur áratugum, sem liðnir eru frá stofnun lýðveldis, hefur þjóðin aldrei fengið tækifæri til að leggja dóm sinn á neitt einstakt mál.

Hér er lagt til, að 20 þingmenn eða 20% kjósenda geti krafizt þjóðaratkvæðis um sérhvert mál, sem samþykkt er á Alþingi, og ráði sú atkvæðagreiðsla úrslitum. Einnig er lagt til, að 25% kjósenda eða 15 þingmenn geti krafizt þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekið málefni, en úrslit atkvæðagreiðslunnar væru ráðgefandi, en ekki bindandi. Með samþykkt slíkra ákvæða væri lýðræði í landinu verulega aukið.

4. Ríkisvald og alþjóðlegar stofnanir.

Sjálfstæði þjóðarinnar er dýrmætasta eign hennar. Með ótvíræðum ákvæðum stjórnarskrár er nauðsynlegt að tryggja, að knappur meiri hluti Alþingis geti ekki selt ríkisvaldið og heimildir þess að einhverju leyti í hendur alþjóðlegum stofnunum eða ríkjabandalögum. Hér er aukinn meiri hluti áskilinn, hvort heldur slík samþykkt er gerð á Alþingi eða í þjóðaratkvæðagreiðslu, en slík ákvæði eru í stjórnarskipunarlögum margra þjóða, m. a. í stjórnarskrá Dana.

5. Fasteignir og náttúruauðæfi á Íslandi.

Íslendingar verða að tryggja sér, að allar náttúruauðlindir hér á landi haldist í eigu landsmanna, og verður það bezt tryggt með ótvíræðu stjórnarskrárákvæði. Hið sama gildir um fasteignir, en ýmsar undantekningar verður þó að gera, hvað þær snertir, og yrðu þá undanþáguheimildir veittar með lögum.

6. Íslenzk óbyggð.

Eignarréttur að óbyggðum landsins hefur verið umdeildur, og er nauðsynlegt að taka af öll tvímæli um það, að óbyggðirnar og sú orka og auðæfi, sem þar eru, séu ævinleg eign íslenzku þjóðarinnar, alþjóðareign, sem einstaklingar geti ekki sölsað undir sig með neinum ráðum. Þeir, sem nú eiga óbein eignarréttindi á þessum svæðum, svo sem beitirétt, veiðirétt eða annan hefðbundinn afnotarétt, mundu þó halda sínum réttindum, og yrði nánar ákveðið með lögum um takmörk þessara svæða og réttindi yfir þeim.

7. Réttur til atvinnu.

Í 69. gr. stjskr. segir, að ekki megi leggja nein bönd á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji, enda þurfi lagaboð til. Ákvæði þetta hefur ekki mikið

raunhæft gildi, enda mun löggjafinn hafa fullnaðarmat um það, hvenær almenningsheill krefjist þess, að atvinnufrelsið sé skert. Hér er lagt til, að við greinina bætist ákvæði, sem meira máli skiptir fyrir alþýðu manna: að öllum sé tryggð full atvinna og hvers konar vinnuvernd.

8. Sjúkrahjálp og framfærsluréttur.

70. gr. stjskr. er ein af þeim greinum, sem ekki hefur verið endurskoðuð í tæpa öld. Ákvæði greinarinnar er breytt í það horf, sem hæfir nútímanum: það er samrýmt núgildandi tryggingalöggjöf og þó gengið feti framar með því að mæla fyrir um ókeypis sjúkrahúsvist.

9. Efnahagslegt jafnfrétti til menntunar.

Í 71. gr. stjskr. eru ákvæði um uppfræðslu barna, og eru þau orðin mjög úrelt. Greininni er breytt til samræmis við gildandi fræðslulög, en jafnframt er löggjafanum lögð sú skylda á herðar að tryggja efnahagslegt jafnrétti til menntunar. Í því felst, að allir skuli eiga rétt til menntunar í samræmi við áhuga sinn og hæfileika og sá réttur megi ekki vera háður efnahag eða búsetu. Ríkisvaldið verður sem sagt að jafna slíkan mismun með fullnægjandi styrkjum og námslánum.

10. Friðlýst land.

Í 75. gr. stjskr. er sérhver vopnfær maður skyldaður að taka sjálfur þátt í vörn landsins samkvæmt nánari ákvörðun í lögum. Íslendingar hafa þó aldrei lögtekið nánari fyrirmæli um herskyldu, enda er þetta ákvæði upprunalega tekið orðrétt upp úr dönsku stjórnarskránni 1849, þegar konungur setti landinu stjórnarskrá 1874 án atbeina Alþingis, og hefur það staðið óbreytt síðan. Íslenzkir stjórnmálaflokkar hafa aldrei sýnt neinn áhuga á því að lögbjóða herskyldu hér á landi, og sjaldan hefur það verið fráleitara en nú, með tilkomu margvíslegra vopna, sem enginn getur varizt.

Það væri siðferðilegur stuðningur við friðaröflin í heiminum, ef Ísland væri friðlýst land, þar sem aldrei mætti leiða herskyldu í lög.

Ed. 265. Frumvarp til laga [127. mál]

um áskorunarmál, viðauki við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

Samkvæmt þessum lögum skulu fara fjárkröfur samkvæmt víxlum, tékkum, skuldabréfum og öðrum einhliða óskilyrtum skuldaviðurkenningum, svo og mál til heimtu peningaskulda, sem stafa af lausafjárkaupum, sbr. lög nr. 39 19. júní 1922, enda hafi þá stefnandi staðið við skuldbindingar af sinni hálfu.

2. gr.

Stefna í málum þessum skal vera þannig úr garði gerð, að stefndi megi örugglega sjá um hvaða kröfur sé að tefla.

Í stefnu skal greina:

1. Nöfn aðilja, stöðu og heimili eða dvalarstað.
2. Nöfn fyrirsvarsmanna aðilja, ef því er að skipta, stöðu þeirra og heimili eða starfstofu.

3. Dómkröfur.
4. Ýtarlega lýsingu málavaxta.
5. Réttarsamband milli aðilja og þau atvik og ástæður, sem stefnandi telur staðfesta réttmæti kröfu sinnar.
6. Dómþing, stað þess og stund, svo og stefnufrest.

3. gr.

Stefnu skal vélrita á tvöfalda örk í stærðinni A 4.

Eitt eintak stefnunnar skal vera á löggiltum skjalapappír með spássíu eigi minni en 4 cm, séð frá kili arkarinnar.

4. gr.

Er stefnandi höfðar mál samkvæmt þessum lögum, skal hann snúa sér til dómara með stefnu í þríriti, enda sé aðeins einum stefnt. Sé fleiri en einum stefnt, skal eintakafjöldi stefnu vera í samræmi við það, hversu mörgum er stefnt. Auk stefnu skal stefnandi sýna dómara skjal það, er hann byggir dómkröfur sínar á.

5. gr.

Er dómari hefur gengið úr skugga um, að mál skuli reka samkvæmt þessum lögum, ritar hann eða stimplar á stefnu áskorun til stefnda að greiða stefnanda stefnukröfurnar. Dómari er óbundinn af ofangreindu áliti sínu, er hann endanlega afgreiðir málið síðar. Áritunin skal innihalda áskorun til stefnda að greiða stefnanda stefnukröfurnar innan tveggja sólarhringa frá stefnubirtingu eða í síðasta lagi við þingfestingu málsins, ellegar mæta við þingfestingu og halda uppi lögvörnum, þar eð annars megi hann búast við, að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart honum.

6. gr.

Nú telur dómari, að eigi séu efni til, að mál sæti meðferð samkvæmt lögum þessum, skal hann þá synja um áritun á stefnu með rökstuddri bókun í þingbók, sé þess krafizt. Þessari ákvörðun dómara verður eigi skotið til Hæstaréttar.

7. gr.

Stefnufrestur í þeim málum, er fara samkvæmt þessum lögum, skal vera skemmstur 3 sólarhringar. Að öðru leyti skal um stefnufrest og stefnubirtingu fara eftir VIII. kafla laga nr. 85 23. júní 1936.

8. gr.

Við þingfestingu máls skal stefnandi leggja fram tvö frumrit stefnu, bæði með áritun dómara, þar af annað með stefnubirtingarvottorði, og eitt afrit að auki, ásamt skjölum þeim, er hann byggir dómkröfur sínar á.

9. gr.

Nú heldur stefndi uppi lögvörnum í málinu, og skal málið þá sæta hinni almennu eða sérstöku meðferð einkamála í héraði, eftir því, sem við á hverju sinni.

Dómari getur þessa í þingbók.

10. gr.

Nú verður útivist af hálfu stefnda, án þess að haldið sé uppi vörnum, áritar dómari þá eða stimplar, samkvæmt kröfu stefnanda, á frumrit stefnunnar, að stefnukröfurnar svo og upphæð málskostnaðar eftir ákvörðun dómara sé aðfararhæf, innan sjö sólarhringa frá birtingu stefnunnar, enda sé málatilbúnaði stefnanda í engu áfátt.

11. gr.

Nú telur dómari, eftir að hann hefur tekið mál til endanlegrar meðferðar, að það fullnægi eigi skilyrðum til að sæta meðferð samkvæmt þessum lögum, og skal hann þá víkja málinu til þeirrar meðferðar, er málið á að sæta, með bókun í þingbók og geta þar ástæðna til vikningarinnar.

Nú telur dómari, að eigi sé unnt að gera kröfur stefnanda aðfararhæfar óbreyttar, þar sem sýkna beri að hluta eða í heild, eða frávísa beri að hluta, og skal hann þá, á þann hátt, er segir í 1. mgr. þessarar greinar, víkja málinu til venjulegrar eða sérstakrar meðferðar einkamála, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 13. gr.

Dómari skal tilkynna stefnanda ákvarðanir þessar. Óheimilt er að skjóta ákvörðun dómara samkvæmt þessari grein til Hæstaréttar.

12. gr.

Nú verður dómari þess var, eftir að hann hefur tekið mál til endanlegrar afgreiðslu samkvæmt þessum lögum, að því sé svo áfátt, að efnisdómi megi eigi á það ljúka, hvorki samkvæmt almennri né sérstakri meðferð, eða stefnufrestur hefur verið of skammur, sbr. 7. gr., og skal hann þá vísa máli frá dómi með rökstuddri áritun á bæði frumrit stefnunnar.

13. gr.

Dómari skal byggja efnisúrlausn í málum samkvæmt þessum lögum á staðhæfingum stefnanda í stefnu um málsatvik, enda fái þær staðhæfingar samrýmzt málatilbúnaði hans og fari eigi í bága við þekktar staðreyndir.

Dómari getur í efnisúrlausn sinni breytt augljósum villum í stefnu til samræmis við skjöl þau, er stefnandi byggir mál sitt á.

14. gr.

Áritun dómara á stefnu um frávísun eða aðfararhæfi hefur sama gildi og dómur í einkamálum. Áfrýjun á málum þessum frestar eigi aðför.

15. gr.

Eigi er heimilt að láta mál sæta meðferð samkvæmt þessum lögum, ef birta þarf stefnu erlendis eða í opinberu blaði.

16. gr.

Mál þessi skal ekki leggja fyrir sáttanefnd.

17. gr.

Að öðru leyti en nú hefur verið rakið, skulu mál samkvæmt þessum kafla fara eftir gildandi reglum réttarfarslaga.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1968.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Haustið 1966 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að fjalla um endurskoðun á dómaskipan í landinu, en nefndinni var jafnframt falið að gera tillögur um þær breytingar á löggjöf varðandi meðferð dómsmála og á starfstilhögun dómstólanna, sem í ljósi fenginnar reynslu yrðu taldar nauðsynlegar. Í nefndina voru skipaðir, m. a. að fenginni tilnefningu Hæstaréttar, lagadeildar Háskólans, Dómarafélags Íslands og Lögmannafélags Íslands: Einar Arnalds, hæstaréttardómari, Theódór B. Líndal, prófessor, Sigurgeir Jónsson, bæjarfógeti, Jón N. Sigurðsson, hæstaréttarlögmaður, Hákon Guðmundsson, yfirborgardómari, Þórður Björnsson, yfirsaka-

dómari, Björn Fr. Björnsson, sýslumaður, og Baldur Möller, ráðuneytisstjóri, sem er formaður nefndarinnar.

Umræður höfðu verið um skeið um meðferð dómsmála og möguleika til að flýta henni og varð þetta m. a. til þess að borið var fram af dómsmálaráðherra lagafrumvarp um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 82/1961 og hlaut frumvarpið staðfestingu sem lög nr. 39 28. apríl 1966, en með þeirri lagabreytingu er stuðlað að fljótlegri meðferð ýmissa einfaldari opinberra mála, sem að tölu til eru þó mjög verulegur hluti slíkra mála. Hafa hin nýju lög þegar orðið til verulegs flýtisauka fyrir dómstóla á þessu sviði og þannig jafnhliða sparað vinnu og þeim, sem málum er stefnt gegn, verulegan tíma og kostnað. — Frumvarp það, sem hér er flutt, er samið að tilhlutan ofangreindrar nefndar af Magnúsi Thoroddsen, borgardómara, og Stefáni M. Stefánssyni, fulltrúa yfirborgardómara, og er því ætlað að gera mögulega mun hraðari meðferð mjög verulegs hluta hinna einfaldari einkamála.

Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi

Greinargerð.

Lagabreytingu þessari er ætlað að stuðla að hraðari afgreiðslu nokkurra einfaldra dómsmála, sem þannig er farið, að ætla megi að stafi eingöngu af getuleysi skuldara til að greiða. Eru mál, sem falla mundu undir ákvæði þessa lagafrumvarps, t. d. yfirgnæfandi meiri hluti þeirra mála, sem nú er stefnt fyrir bæjarþing Reykjavíkur. Fjórir fulltrúar yfirborgardómara eru nú nær eingöngu bundnir við afgreiðslu þessara mála, og mikið vélritunarstarf fer í að vélrita endurrit af dómum í málum þessum.

Ef tillögur þær eru lögfestar, sem hér eru fram bornar, mun mjög miklu starfi verða létt af borgardómaraembættinu, og þar með leysast úr læðingi starfskraftar, er einbeita mætti að öðrum aðkallandi verkefnum á vegum embættisins. Enn fremur er á það að líta, að í tillögum þessum er fólgið mikið réttarfarshagræði fyrir kröfueigendur, án þess að réttmætir hagsmunir skuldara séu fyrir borð bornir.

Varðandi málafjölda hjá borgardómaraembættinu vísast til bréfs yfirborgardómara um þetta efni, er birtist í skýrslu dómsmálaráðherra um meðferð dómsmála og út kom árið 1966. Til viðbótar við upplýsingar þær, er þar koma fram, má bæta því við, að árið 1967 voru þingfest 6019 mál á móti 5068 málum, er þingfest voru árið 1966. Aukningin er því tæp 20% á einu ári, og er vart við öðru að búast, en að svipuð aukning muni halda áfram. Er því orðin brýn nauðsyn á að setja nýjar reglur um meðferð hinna einföldustu skuldamála til þess hvort tveggja í senn að hraða meðferð þeirra, og létta óþarfri starfsbyrði af embættinu.

Þótt hér sé einungis minnzt á borgardómaraembættið, mundu reglur þessar að sjálfsögðu einnig leiða til mikils vinnusparnaðar við önnur dómaraembætti landsins, einkum þó hin stærri.

Hugmyndin að þessari málsmeðferð er fengin úr vestur-þýzkum og austurrískum rétti, en í réttarfarslöggjöf þessara landa tíðkast „summarisk“ meðferð á nokkrum einföldum málaflokkum til þess að hraða afgreiðslu þessara mála og létta undir með dómstólum. Er málsmeðferð þess kölluð „Mahnverfahren“, sbr. 688. gr. og áfram í þýzku réttarfarslögunum (Zivilprozessordnung) frá 1877, en í austurrískum rétti er fjallað um þetta í lögum frá 27. apríl 1873 og ZPO 548. gr. og áfram (Zivilprozessordnung, lög frá árinu 1895).

Reglur þær um áskorunarmál, sem hér er lagt til að verði lögfestar, eru að nokkru leyti sniðnar eftir höfuðsjónarmiðum þeim, er fram koma í nefndum lögum (Mahnverfahren og Mandatsverfahren), en jafnframt eru þær lagaðar eftir aðstæðum hér á landi með tilliti til þeirrar reynslu, er fengizt hefur í meðferð þessara mála hjá borgardómaraembættinu. Sem fylgiskjal er prentað hér á eftir sýnishorn af stefnu samkvæmt þessum lögum.

Um orðið áskorunarmál.

Mál, sem sæta meðferð samkvæmt þessum lögum, nefnast einu nafni áskorunarmál. Draga þau nafn sitt af áskorun þeirri, sem dómari áritar eða stimplar á stefnuna og undirritar. Hagkvæmt er að nota eitt orð til auðkenningar á þessum flokki mála.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Í grein þessari eru tæmandi upptaldir þeir málaflokkar, sem sæta skulu meðferð þessara laga. Lögð er áherzla á að hér mundi eingöngu vera um að ræða óbrotnar og augljósar vanskilaskuldir, þar sem eingöngu er krafizt greiðslu á peningum. Sé hins vegar, jafnframt peningakröfunni, gerð krafa um viðurkenningu á einhverjum réttindum, t. d. eignarrétti eða veðrétti, gæti mál ekki farið samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Enn fremur er ljóst, að skaðabótakröfur, launakröfur, kröfur samkvæmt samningsfévíti, kröfur um opinber gjöld o. fl. fara ekki samkvæmt þessum lögum. Enn fremur þótti rétt að undanskilja fasteignakaup meðferð þessara laga, enda er yfirleitt undantekningarlaust haldið uppi vörnum í slíkum málum. Ljóst er, að fara mætti með mál samkvæmt þessum lögum vegna kaupa á lausafé, enda þótt hluturinn hafi eigi verið afhentur kaupanda, ef það stafar af viðtökudrætti hans. Hins vegar mundu skipti, samkvæmt 2. gr. laga nr. 39/1922, ekki falla hér undir, né heldur skaðabætur vegna kaupanna eða krafa um afslátt.

Um 2. gr.

Hér þykir óhjákvæmilegt, að stefnur í áskorunarmálum verði ítarlegri, en nú tíðkast. Er það vegna játningarkenningarinnar. Núgildandi ákvæði um gerð stefna eru í 88. gr. einkamálalaganna, nr. 85 23. júní 1936.

Um 3. gr.

Í grein þessari er lagt til að stefna sé gerð í ákveðnu formi. Er þetta gert vegna þess, að eitt eintak hennar, þ. e. eintak það, sem vélritað er á löggiltan skjalapappír, skal binda inn í bók, svo sem nú á sér stað um afsals- og veðmálaskjöl. Þótti nauðsynlegt að lögfesta, að eitt eintakið yrði vélritað á löggiltan skjalapappír til þess að pappírinn í bókinni yrði allur af sömu gerð og gæðum, sbr. reglugerð nr. 83/1928. Óhjákvæmilegt þykir að hafa stefnuna á tvöfaldri örk til þess að hafa nægilegt rými fyrir stefnubirtingarvottorð og áritanir dómara í öllum tilvikum.

Fullnægi stefna eigi ofangreindum formskilyrðum, mundi dómari neita um áritun.

Um 4. gr.

Í grein þessari er skýrt frá því, hvernig áskorunarmál skulu höfðuð. Er nauðsynlegt að stefna sé afhent að minnsta kosti í þríriti, þar eð eitt eintakið fær stefndi við stefnubirtinguna, en hin tvö verða lögð fram við þingfestingu málsins. Þar af verður það eintak, sem stefnubirtingarvottorðið er á, síðar bundið inn í sérstaka bók hjá embættinu, svo sem nú á sér stað um afsals- og veðmálabækur.

Hitt eintakið verður síðan afhent stefnanda með áritun um aðfararhæfi. Þrjú eintök eru lágmarksfjöldi. Sé tveim stefnt skulu eintök stefnu vera 4, o. s. frv.

Í grein þessari er enn fremur gert ráð fyrir því, að stefnandi skuli ávallt sýna dómara skjal það, er hann byggir dómkröfur sínar á, þegar dómari áritar áskorun sína á stefnu. Mundi hér t. d. vera um að ræða víxil, tékka, skuldabréf, reikning, samning, o. s. frv.

Um 5. gr.

Í grein þessari er fjallað um efni áritunar dómara á stefnu, en hún á að innihalda áskorun til stefnda að greiða stefnukröfurnar, en jafnframt leiðbeiningu um

það, hvað hann eigi að aðhafast, ef hann vilji halda uppi lögvörnum, og viðurlög við því, geri hann það eigi. Ætla má að áskorunin, sem undirrituð er af dómara, verði áhrifaríkari til jákvæðra athafna stefnda, heldur en innheimtubréf eða utanréttarstefna. Hins vegar er það alls ekki ætlunin, að lögmenn hætti að rita skuldurum innheimtubréf, þótt þessi málsmeðferð verði upp tekin.

Í grein þessari er ekki kveðið á um það, hver áhrif það skuli hafa á upphæð málskostnaðar, hvort kröfur eru greiddar innan tveggja sólarhringa frestsins eða fyrir þingfestingu. Sé greitt fyrir þingfestingu, mun stefndi að sjálfsögðu sleppa við að greiða þingfestingarkostnað.

Verði eigi annað ákveðið, mun gjald fyrir áritun dómara á stefnu verða kr. 30.00, sbr. núgildandi reglur um þetta efni í lögum um aukatekjur ríkissjóðs frá 16. desember 1965. Sjálfsagt þykir að taka fram í greininni, að dómari sé ekki bundinn af áliti sínu um áritun á stefnu, er hann afgreiðir mál endanlega. Er þetta í samræmi við 87. gr. in fine, laga nr. 85/1936.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir því, að dómari þurfi ekki að kveða upp sérstakan úrskurð um synjun áritunar, heldur nægi í þessum efnum rökstudd bókun í þingbók, en til slíks þurfi þó því aðeins að koma, að stefnandi krefjist þess. Hér er ekki verið að ganga á rétt stefnanda, vegna þess að hann á í þessum tilvikum kost á að höfða mál eftir venjulegum reglum. Af þessum sökum er málskotsheimild einnig þarflaus.

Um 7. gr.

Óhjákvæmilegt er að lengja skemmsta stefnufrest (1 sólarhring) í þessum málum bæði vegna áskorunarfrestsins (2 sólarhringar), sbr. 5. gr. frumvarpsins svo og til að tryggja það frekar, að stefnda gefist tóm til að mæta, ekki sízt þar sem byggt er á kenningunni um ímyndaða játningu stefnda við afgreiðslu þessara mála.

Hins vegar breytast stefnufrestir samkvæmt VIII. kafla laga nr. 85/1936 ekki að öðru leyti.

Um 8. gr.

Um skýringu á þessari grein vísast til skýringa á 5. gr.

Rétt er að geta þess, að þingfesting þessara mála fer fram með venjulegum hætti.

Í málum þessum á ekki að þurfa að leggja fram greinargerðir, þar sem ætlazt er til, að stefna verði það ítarleg, sbr. 2. gr., að greinargerð sé óþörf.

Að jafnaði mundi nægja að leggja fram stefnuna og aðalskjalið, sem stefnandi byggir dómkröfur sínar á, t. d. heildarreikning eða reikningsyfirlit, en hins vegar ekki sérstaka nótu yfir hverja úttekt, sé um verzlunarúttekt að ræða.

Um 9. gr.

Þegar varnir koma fram í málinu, sætir það ekki lengur meðferð þessara laga, heldur almennri meðferð eða sérstakri, eftir því um hvers konar kröfur er að ræða. Þannig mundi t. d. krafa samkvæmt víxli, tékka eða þar til gerðu skuldabréfi, sem varnir kæmu fram gegn, sæta meðferð XVII. kafla l. 85/1936. Á þetta við í öllum tilvikum þar sem varnir hafa komið fram, enda þótt síðar verði útivist af hálfu stefnda.

Óhjákvæmilegt er að hafa þennan háttinn á, þar sem hér verður að taka afstöðu til hinna framkomnu varna og kveða upp dóm.

Um 10. gr.

Með orðinu útivist er átt við það hvort tveggja, þegar stefndi mætir alls ekki eða þingsókn fellur niður af hans hálfu, þegar mál hans er tekið fyrir síðar.

Hér er ekki kveðinn upp dómur, heldur eru stefnukröfurnar gerðar aðfararhæfar með áritun dómara eða stimplun á stefnu.

Stefnan þannig árituð jafngildir því, að stefnandi hefði dóm í höndum. Að sjálfsögðu þarf dómari að stimpla eða árita á bæði frumrit stefnunnar um aðfararhæfi, þ. e. það eintak, sem stefnandi fær í hendur, og einnig það, sem bundið verður inn í sérstaka bók hjá embættinu.

Til þess að hraða enn afgreiðslu þessara mála er það lagt til, að aðfararfrestur verði sjö sólarhringar, en nú tíðkast það að aðfararfrestur héraðsdóma sé 15 dagar frá dómsbirtingu, sbr. NL I—22—19 frá 18. apríl 1687.

Um 11. gr.

Grein þessi er í samræmi við 5. gr. að því leyti, að fram kemur, að dómari er óbundinn af áliti sínu, þá hann áritaði áskorun á stefnuna, þegar til þess kemur, að hann skal afgreiða málið endanlega.

Þegar mál er þess eðlis, að það geti eigi sætt meðferð áskorunarmála, þykir rétt að dómari geti á sem fljótvirkastan hátt vikið máli til þeirrar meðferðar, er mál hefði ella sætt, án þess þó að gengið sé á rétt stefnanda. Í því sambandi er stefnandi látinn vita um vikninguna, hún rökstudd og honum gefinn kostur á að halda málinu áfram eftir venjulegum leiðum.

Að því er varðar 2. mgr. þessarar greinar þykir rétt að leggja það til, að aðalreglan verði sú, að máli skuli vikja til annarrar meðferðar, sé ekki unnt að gera stefnukröfurnar aðfararhæfar óbreyttar. Þessi regla þykir nauðsynleg vegna þess, að aðstaða er yfirleitt lítil til þess að rökstyðja sýknu eða frávísun á stefnunni og hætta er á að stefnan verði öll flókin og ruglingsleg. Þetta gildir þó varla um hreina sýknudóma, en þar sem stefnandi á ekki annars úrkosta en að áfrýja slíkri niðurstöðu eða eftir atvikum að hlíta henni að öllu leyti nái krafan ekki áfrýjunarupphæð, þykir eðlilegt að afgreiða málið í dómsformi og gefa stefnanda kost á að taka afstöðu til málsins á ný, fremur en að sýkna strax án þess að mörg gögn liggi fyrir, eins og mun verða í málum þessum. Annað gildir, þegar vísa ber máli frá í heild sinni, enda er slík niðurstaða ekki eins þungbær fyrir stefnanda og sýknudómur, þar sem hann getur ávallt höfðað mál á nýjan leik fyrir héraðsdómi, ef hann bætir úr galla þeim, er leiddi til frávísunar.

Um 12. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir því, að dómari skuli vísa máli frá, þegar svo er ástatt, sem í greininni segir, án þess að kveða upp dóm. Er þá rökstudd áritun dómara á bæði frumrit stefnunnar látin nægja. Slíkt mundi þó því aðeins eiga sér stað, að þeir formgallar væru á málatilbúnaði stefnanda, að óheimilt væri að ljúka á það efnisdómi, þótt máli væri vikið til venjulegrar meðferðar eða sérstakrar.

Óþarft er að bóka nokkuð um frávísun þessa í venjulega dómabók, þar sem rökstuðningur fyrir frávísun kemur fram á stefnunni, en hún verður síðar bundin inn í sérstaka bók hjá embættinu.

Um 13. gr.

Í grein þessari er gert ráð fyrir því, að dómari leggi staðhæfingar stefnanda um staðreyndir til grundvallar við efnisúrlausn sína. Sem dæmi má nefna, að stefnandi fullyrðir, að stefndi sé einkaeigandi tiltekins fyrirtækis, sem stefnt er eða að ákveðið fyrirtæki hafi verið skrásett tiltekinn dag o. s. frv., þótt þetta verði eigi séð af öðrum gögnum málsins. Þetta mundi leiða til þess, að færri skjöl þurfi að leggja fram í máli en nú er nauðsynlegt.

Verður því hér eftir meira byggt á ímyndaðri játningu stefnda við efnisúrlausn máls en gert hefur verið hingað til. Með öðrum orðum, útivist stefnda verði túlkuð á þann veg, að hann viðurkenni staðhæfingar stefnanda í stefnu réttar, og yrði því á þeim byggt, að svo miklu leyti sem þær færu eigi í bága við þau gögn, er stefnandi byggir mál sitt á, enda fari staðhæfingar þessar ekki í bága við þekktar staðreyndir. Þótti óhjákvæmilegt að bæta þessu skilyrði hér inn, því að fráleitt væri að byggja

á fullyrðingum, sem færu í bága við þekktar staðreyndir, enda þótt útivist yrði af hálfu stefnda.

Í niðurlagi greinarinnar er dómara veitt heimild til þess að breyta augljósum villum í stefnu varðandi kröfugerð stefnanda, þegar ljóst er að kröfugerð hans samrýmist ekki þeim gögnum, er hann byggir mál sitt á. Mundi hér t. d. geta verið um að ræða upphafstíma vaxta eða vaxtafót o. fl.

Um 14. gr.

Í grein þessari er gert ráð fyrir því, að stefna, sem dómari hefur gert aðfararhæfa með áritun, sé ígildi héraðsdóms. En dómsuppsaga hefur ýmis áhrif í för með sér, svo sem á fyrningu, sbr. l. 14/1905, áfrýjun eða kæru, sbr. l. 57/1962. Þá hefur dómur res judicata-verkanir, sbr. XIV. kafla l. 85/1936 og fleiri verkanir.

Til þess að koma í veg fyrir, að stefndi noti áfrýjunarheimild til þess að tefja framgang máls og reyni á þann veg að skjóta undan eignum sínum, þykir rétt að ákveða að áfrýjun þessara mála fresti eigi aðför. Er þetta gert m. a. með hliðsjón af tilskipun um aðför eftir áfrýjuðum dómum frá 13. janúar 1792. Tilskipun þessi er byggð á því sjónarmiði, að mál liggi ljóst fyrir og engum vörnum hafi verið hreyft, og því er eins ástatt um þau og áskorunarmálin.

Þar sem áfrýjun frestar ekki aðför, breytir það raunverulega engu, hvort áfrýjun er heimiluð strax eftir endanlega afgreiðslu áskorunarmáls eða ekki fyrr en í sambandi við áfrýjun aðfarargerðar, nema í því eina tilviki, þar sem dómara hafa orðið mistök á eða réttur einhverra hluta vegna verið brotinn á stefnda. Í þeim tilvikum hefur stefndi lögvarðra hagsmuna að gæta að fá þegar leiðréttingu mála sinna. Er því ástæðulaust að banna áfrýjun áskorunarmála, fyrr en í sambandi við áfrýjun aðfarargerðar. Með þessari reglu er tekið tillit til réttmætra hagsmuna beggja aðila.

Um 15. gr.

Óvarlegt þykir að heimila, að mál fari samkvæmt ákvæðum þessara laga, þegar birta þarf stefnu erlendis eða í opinberu blaði, þar sem þá eru minni líkur til að stefna hafi borizt til vitundar stefnda, og því valt að byggja á ímyndaðri játningu hans.

Um 16. gr.

Að vísu mundu langflest þessara mála vera undanþegin sáttameðferð fyrir sáttamönnum skv. gildandi reglum réttarfarslaga. Hins vegar má segja, að í sumum tilvikum hafi þó verið gengið fram hjá sáttanefnd með sum þessara mála, með vafasömum lögskýringum. Þótti því rétt að taka alveg af skarið í þessum efnum og útiloka sáttanefndameðferðina með öllu, þar með talið úrskurðarvald samkvæmt 21. gr. laga nr. 85/1936.

Um 17. gr.

Hér er t. d. átt við reglurnar um litis pendens, jafnræðisregluna, opinbera málsmeðferð, málskot til Hæstaréttar, einkarétt lögmanna o. fl. reglur réttarfarslaga.

Um 18. gr.

Þar sem lög þessi fela í sér nýbreytni í meðferð ákveðinna mála, þykir rétt að gefa bæði lögmönnum og dómendum nokkurn umþóttunartíma til þess að kynna sér hinar nýju reglur og laga sig eftir þeim.

Hinn 1. september ár hvert eru tímamót í starfsemi borgardómaraembættisins og fleiri dómaraembætta. Þá hefjast dómstörf aftur við embætti þessi eftir tveggja mánaða réttarhlé. Er nauðsynlegt, að lög þessi verði þá komin til framkvæmda, þannig að strax eftir réttarhlé verði unnt að beita reglum þessara laga. Til þess að tryggja þetta, með hliðsjón af stefnufresti, er lagt til að lögin taki gildi 1. ágúst 1968.

Fylgiskjal.

Nr. 1. Lagt fram í bæjarþingi Reykjavíkur / 1968.

STEFNA

Borgardómur Reykjavíkur

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð hr. B. B. hrl., Austurstræti 10, Reykjavík, að hann þurfi fyrir hönd hr. J. J., starf, heimilisfang, að höfða mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn hr. A. A., starf, heimilisfang, til þess að knýja hann til greiðslu eftirfarandi stefnukrafna, enda hefur hann reynzt ófáanlegur til greiðslu þeirra án málssóknar.

Stefnukröfur: Stefnandi krefst þess að stefndi greiði sér kr. 10 000.00 með 10% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til greiðsludags, kr. 24.00 í stimpilkostnað auk málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá L.M.F.Í.

Ýtarleg lýsing málavaxta: Skuld þessi er samkvæmt víxli að fjárhæð kr. 10 000.00 útgefnum og ábektum af stefnanda hinn 15. ágúst 1964 á hendur stefnda og samþykktum af honum til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, hinn 1. janúar 1965. Víxilinn greiddi stefndi eigi á gjalddaga og var hann því afsagður sökum greiðslufalls hinn 3. janúar 1965. Hinn 4. janúar 1965 leysti stefnandi víxilinn til sín hjá eiganda víxilsins, Landsbanka Íslands, Reykjavík. Kröfubréf hefur verið sent stefnda, en hann hefur eigi sinnt greiðsluáskorunum.

Áskorun og fyrirkall: Hér með er skorað á yður að greiða framanritaðar stefnukröfur til stefnanda—lögmanns stefnanda, innan 2ja sólarhringa frá birtingu stefnu þessarar eða í síðasta lagi við þingfestingu málsins. Ella, — ef þér hafið lögvarnir fram að færa, er yður stefnt til þess að mæta er mál þetta verður þingfest í borgardómi Reykjavíkur, er háður verður í bæjarþingssalnum að Túngötu 14 daginn, hinn 20. febrúar 1968 kl. 10 árd., þar sem þér ella megið búast við að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar.

Stefnufrestur ákveðst 3 sólarhringar.

Gjald kr. 30.00 — þrjátíu krónur $^{00}/_{100}$ —

Dagsetning, undirritun dómara, stimpill.

Greitt:

Stefnubirtingarvottorð:

Áritun um aðfararhæfi: Kröfur samkvæmt stefnu þessari eru aðfararhæfar, svo og málskostnaður, sem ákveðst kr. 2 310.00.

Dagsetning, undirritun dómara, stimpill.

Nd. 266. Frumvarp til laga [128. mál]

um breyting á vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

IX. kafli laganna skal bera fyrirsögnina: Um verndun vatns og vatnsbóla gegn mengun.

2. gr.

83. gr. laganna orðist svo:

A. 1. Bannað er að láta í vötn, hvort heldur er yfirborðsvatn eða grunnvatn, eða sleppa um vötn í skurði eða aðrar veitur, nokkra þá hluti, fasta, fljótandi eða loftkennda, sem spilla mundu botni vatns eða bakka eða vatn-

inu sjálfu, svo að hættulegt sé mönnum eða búpeningi eða spilli veiði í vatninu. Bannað er og að láta slík efni á ís eða svo nærri vatni, að hætt sé við, að þau berist í það.

2. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu banni með þeim skilyrðum, er hér segir:
   a. Ef neyzluvatni er spillt, skal leyfið bundið því skilyrði, að sá, er vatninu spillir, leggi til annað jafngott vatnsból eða greiði kostnað af því að koma upp öðru vatnbóli jafngóðu.
   b. Ef veiði er spillt, skal skylda þann, er það gerir, til að láta viðeldi í vatnið, sem nægi til þess, að veiði haldist eigi minni en var, ella bæta veiðispjöllin fullum bótum.
   c. Aðili skal að öðru leyti bæta það tjón, sem hljótast kann af fráfærslu óhreindanna frá mannvirkjum hans eða öðrum eignum.
3. Bætur skal greiða eftir mati, nema um semji.
4. Leyfi samkvæmt 2. lið má taka aftur bótalaust hvenær sem er eða breyta skilyrðum, ef nauðsyn þykir til bera vegna hagsmuna almennings eða einstakra manna.
5. Nýtt leyfi þarf til hverrar þeirrar breytingar, sem frekari spjöll geta af hlotizt, þótt áður hafi verið veitt leyfi samkvæmt 2. lið.

B. Bannað er annars að láta sleppa í vötn um skurði eða með öðrum hætti eða að henda í þau á ís eða svo nærri þeim, að hætt er við, að í þau berist, þeim efnum, sem í 83. gr. A segir, ef hætt er við, að þau spilli vatni, botni þess eða bakka, flóðhæð eða framrás.

3. gr.

84. gr. laganna orðist svo:

a. Sveitarstjórn er heimilt, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, að gera samþykkt um friðlýsingu svæðis, þar sem unnið er neyzluvatn, hvort heldur er um yfirborðsvatn eða grunnvatn að ræða. Sama gildir um svæði, þar sem fyrirhugað er að vinna neyzluvatn.
b. Verði ágreiningur milli landeiganda og sveitarstjórnar eða sveitarstjórna um stærð hins friðlýsta svæðis og takmarkanir þær á eignarrétti, sem af því leiðir, og má þá skjóta honum til ráðuneytisins.
c. Um framkvæmd friðlýsingarinnar skulu ákvæði 27. gr. gilda, eftir því sem við á.
d. Nú hefur sveitarstjórn ákveðið að friðlýsa svæði samkv. a-lið þessarar greinar, og skal hún þá birta almenningi uppdrátt af hinu friðlýsta svæði ásamt greinargerð, þar sem tekið er fram, í hverju friðlýsingin er fólgin, á þann hátt, sem venja er um auglýsingar stjórnvalda á umræddum stað. Skal auglýsingin vera uppi í 6 vikur og athugasemdum við hana skilað til sveitarstjórnar innan 8 vikna, frá því að hún var birt. Samþykkt um friðlýsingu skal staðfest af ráðherra.

4. gr.

85. gr. laganna orðist svo:

a. Heimilt er sveitarstjórnum, einni eða fleiri saman, að framkvæma eftirlit með því, að friðlýsing verði virt, m. a. með því að ráða til þess eftirlitsmann, og skal það gert í samráði við hlutaðeigandi lögreglustjóra. Starfssvið eftirlitsmanns skal nánar tiltekið í samþykkt. Eftirlitsmanni er heimilt án sérstaks úrskurðar að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja, að tilgangi friðlýsingarinnar verði náð, og er honum í því sambandi heimilt að leita aðstoðar lögregluyfirvalda.
b. Nú eru mannvirki fyrir á friðlýstu svæði, og er þá sveitarstjórn heimilt að krefjast þess, að þau verði fjarlægð, ef þurfa þykir, eða þannig um þau búið, að tryggilegt megi teljast að mati sveitarstjórnar. Á svæði, sem friðlýst er

vegna vinnslu neyzluvatns, getur sveitarstjórn sett þær takmarkanir á notkun landsins, sem hún telur nauðsynlegar.

c. Áður en ráðizt er í vatnsveituframkvæmdir, er sveitarstjórn skylt að láta rannsaka, hvort vatnið er mengað eða líkur á að það geti mengazt.

d. Eftir að vatnsból hefur verið virkjað, er sveitarstjórn skylt að láta fylgjast reglulega með gæðum vatnsins.

e. Ákvæði 84. og 85. gr. gilda, eftir því sem við á, um vatnsveitur þær, sem komið er upp af vatnsveitufélögum. Ráðherra setur reglugerð, þar sem nánar er kveðið á um ráðstafanir í sambandi við verndun neyzluvatns gegn mengun.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 24. febr. árið 1967 skipaði félagsmálaráðherra þá Hallgrím Dalberg, deildarstjóra, Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóra Sambands íslenzkra sveitarfélaga, og Sigurð Jóhannsson, vegamálastjóra, í nefnd „til þess að athuga og gera nauðsynlegar lagabreytingar til að tryggja verndun grunnvatns og vatnsbóla gegn hvers konar mengun.“

Tilefni þessarar nefndarskipunar var m. a. áskorun frá Sambandi íslenzkra sveitarfélaga hinn 3. nóv. 1966 og áskorun sama efnis frá Samvinnunefnd um skipulag Reykjavíkur og nágrennis, dags. 7. febr. 1967, um að láta endurskoða gildandi lagaákvæði um verndun vatnsbóla fyrir mengun.

Þessar áskoranir um endurskoðun gildandi laga um verndun vatnsbóla eru fram komnar vegna þess, að á síðari árum hefur öflun á nothæfu neyzluvatni fyrir stækkandi kaupstaði og kauptún mætt vaxandi erfiðleikum. Mjög víða er neyzluvatns aflað með virkjun í ám og lækjum, og er þar oftast um yfirborðsvatn að ræða, sem auðveldlega mengast af völdum búpenings, sem leikur lausum hala um vatnasvæðin. Vinnsla grunnvatns með borunum hefur aukizt nokkuð hin síðari ár, m. a. vegna hættunnar á mengun á yfirborðsvatni. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að Reykjavík og Hafnarfjörður hafa lengst af haft aðgang að uppsprettulindum, sem teljast mega að mestu hreint grunnvatn, en það eru Gvendarbrunnar og Kaldárbotnar. Athuganir hafa þó leitt í ljós, að við vissar aðstæður getur verið mikil hætta á mengun grunnvatns ekki síður en yfirborðsvatns, eins og nánar verður vikið að í greinargerð þessari.

Á árinu 1964 var á vegum Samvinnunefndar um skipulag Reykjavíkur og nágrennis skipuð sérstök vatnsbólanefnd til athugunar á framtíðarvatnsþörf höfuðborgarsvæðisins. Í nefnd þessari áttu sæti fulltrúar frá öllum sveitarfélögum á svæðinu frá Kjalarnesi til Hafnarfjarðar, að báðum meðtöldum. Þóroddur Sigurðsson, vatnsveitustjóri Reykjavíkur, var kosinn formaður, en nefndin réð Jón Jónsson, jarðfræðing, sér til ráðuneytis. Þegar í janúar 1965 lá fyrir greinargerð Jóns Jónssonar, dags. í nóv. 1964, „um verndun grunnvatns“, sem fylgir hér með sem fylgiskjal. Þegar nefnd þessi var skipuð, hafði Jón Jónsson um nokkurt árabil unnið að jarðfræðirannsóknum á svæðinu austan við Reykjavík og Hafnarfjörð, m. a. með tilliti til vinnslu neyzluvatns.

Í greinargerð sinni rekur Jón Jónsson jarðmyndun þessa svæðis og bendir á, að austan við Reykjavík og Hafnarfjörð sé mikið svæði, þar sem bergsprungur og misgengi er mjög áberandi. Í framhaldi af því segir:

„Af því leiðir óhjákvæmilega, að svæðið er mjög viðkvæmt fyrir hvers konar óhreinindum, og verður því að teljast mjög aðkallandi, að mál þetta verði tekið föstum tökum.

Það virðist óhjákvæmilegt, að vinda þurfi bráðan bug að því að friða vissa hluta svæðisins alveg og aðra að meira eða minna leyti.

Það mun óhætt að fullyrða, að af engu stafi eins mikil hætta og af olíu, benzíni o. þ. h., því að staðreynd er, að 1 lítri af olíu getur eyðilagt 1 millj. lítra vatns.

Komist olía niður í grunnvatn, getur hún borizt með því langar leiðir og það reynzt „praktískt tekið“ ómögulegt að losna við hana, og undir öllum kringumstæðum getur í slíku tilfelli vatnsból orðið ónothæft, svo að mánuðum skiptir“.

Í framhaldi af þessum rannsóknum Jóns Jónssonar var vatnsbólanefnd falið að gera tillögur um nauðsynlega friðun á þessu svæði með tilliti til verndunar vatnsbólanna.

Tillögur um friðun lagði vatnsbólanefnd fyrir Samvinnunefnd um svæðisskipulag Reykjavíkur og nágrennis í janúar s. l., og voru þessar tillögur endanlega samþykktar af nefndinni 28. júní s. l. og hafa síðan verið staðfestar af hlutaðeigandi sveitarstjórnum og auglýstar almenningi. Þar sem mjög vafasamt var talið, að hægt væri að framkvæma þær friðunarráðstafanir, sem Svæðisskipulagsnefnd Reykjavíkur og nágrennis hafði samþykkt, með stoð í IX. kafla vatnalaga, nr. 15/1923, fór Samvinnunefndin fram á það við félagsmálaráðuneytið, að lögin yrðu endurskoðuð með tilliti til þessa.

Þegar er nefndin hafði verið skipuð af félagsmálaráðherra, hófst hún handa um öflun gagna um löggjöf í nágrannalöndunum um verndun vatnsbóla. Fyrir milligöngu utanríkisráðuneytisins bárust nefndinni umfangsmikil gögn um þetta efni, en löggjöf um þessi mál er mjög ítarleg í nálægum löndum og raunar víða í endurskoðun. Aðstæður í þessum löndum eru þó á margan hátt æði ólíkar því, sem þekkist hér á landi, og taldi því nefndin ekki henta að taka þessa löggjöf sem beina fyrirmynd.

Nefndin hefur haldið 16 fundi og kallað sér til ráðuneytis þá Þórodd Sigurðsson, vatnsveitustjóra, Jón Jónsson, jarðfræðing, Guðlaug Hannesson, gerlafræðing, og Sigurð Sigurðsson, landlækni. Hefur verið rætt við alla þessa aðila um nauðsyn þess að gefa verndun vatnsbóla mun meiri gaum en gert hefur verið til þessa. Vísast í því sambandi til greinar eftir Guðlaug Hannesson í tímaritinu Frost, 8. tölublaði 2. árgangs, 1962. Er þar getið um rannsókn á 127 vatnsbólum, sem gerð var af Rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands árin 1960—1961 að tilhlutan Fiskimatsráðs. Niðurstaðan var sú, að af 127 vatnsbólum, sem rannsökuð voru, reyndust 38% góð, 12% gölluð og 50% ónothæf. Í greininni segir svo m. a.:

„Þetta eru iskyggilegar tölur, ekki aðeins fyrir fiskiðnaðinn í landinu, heldur einnig fyrir íbúa þeirra bæja og þorpa úti um landið, sem neyta verða drykkjarvatns, sem er óneyzluhæft vegna saurmengunar í einhverri mynd.

Við stöndum því andspænis þeirri staðreynd, að liðlega helmingur bæjarvatnsveitna hérlendis uppfyllir ekki kröfur um gæði vatns til drykkjar“.

Þess skal getið til skýringar, að nokkuð af þeim vatnsbólum, sem athugun þessi náði til, voru sjóveitur vegna frystihúsa.

Í framhaldi af þessum athugunum Rannsóknarstofu Fiskifélagsins gaf Fiskmat ríkisins út fyrirmæli til allra hraðfrystihúsa hinna 23. des. 1963 um að blanda klór í „allt vatn eða sjó, sem notað er til þvotta á fiski, áhöldum, húsnæði eða handþvottar fyrir verkafólk.“ Var frestur gefinn til 1. maí 1964 til þess að koma þessum framkvæmdum í kring.

Vatnalögin frá 1923 hafa staðið nærri óhögguð í 45 ár og verða að teljast með ýtarlegustu og beztu lagasmíðum hér á landi. Hins vegar er þess ekki að vænta, að menn sæju þá fyrir öll þau vandamál, sem fylgja hinni miklu neyzluvatnsþörf vaxandi þéttbýlis, eða þau sérstöku vandamál, sem leysa þarf vegna vinnslu grunnvatns. Þá var óþekkt að vinna grunnvatn með öðru móti en úr brunnum, og af þeim sökum er vafasamt að beita ákvæðum IX. kafla vatnalaganna á þann hátt, sem nú er talið nauðsynlegt, til verndar vatnsbólum.

Til þess að afla þeirra lagaheimilda, sem nefndinni er falið með erindisbréfi frá 24. febr. s. l., taldi hún heppilegast að fella saman í eina grein 83. og 84. grein

núverandi IX. kafla vatnalaganna og hafa þá grein með undirliðum A og B, fella niður 85. grein, bæta síðan við tveim nýjum greinum, 84. og 85. grein, þó taldi nefndin rétt að fella niður í 83. gr. orðin: iðjuver og iðjuhöldur, þannig að ákvæði greinarinnar yrðu meira almenns eðlis. Með þessu móti þyrfti ekki að raska greinafjölda og greinaröð laganna, en fá þó þær heimildir, sem nefndin telur nauðsynlegar til verndunar vatnsbóla.

Fylgja hér á eftir athugasemdir um þessar tvær greinar.

Um 3. gr. (84. gr.).

a. Hér er gert ráð fyrir, að sveitarstjórn sé heimilt, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, að friðlýsa þau svæði, þar sem unnið er neyzluvatn, hvort heldur það er grunnvatn eða yfirborðsvatn. Að sjálfsögðu yrði heilbrigðisnefnd eða sveitarstjórn að láta fara fram ítarlega rannsókn á nauðsyn friðlýsingar af sérfróðum mönnum. Þar sem slík friðlýsing hlýtur að kosta sveitarfélagið nokkurt fé, er tæpast hætta á, að það láti friðlýsa stærra svæði en nauðsynlegt er. Gert er ráð fyrir sama gangi mála, þar sem fyrirhugað er að vinna neyzluvatn. Að sjálfsögðu gegnir hér sama máli, hvort um er að ræða eina eða fleiri sveitarstjórnir, sem standa saman að vinnslu neyzluvatns.
b. Með þessu ákvæði er réttur landeiganda tryggður enn frekar en með beinum bótum fyrir tjón eftir mati, skv. öðrum ákvæðum laganna. Sama gildir um málskot til ráðuneytis, ef upp kemur ágreiningur milli sveitarstjórna innbyrðis um friðlýsingu, ef eitt eða fleiri sveitarfélög þurfa að láta friðlýsa svæði í öðru sveitarfélagi.
c. Þessi liður þarfnast ekki skýringa.
d. Hér er gert ráð fyrir, að réttur þeirra, sem hagsmuna eiga að gæta, sé tryggður á sama hátt og gert er með auglýsingu skipulagstillagna, enda er hér um svipaðar aðgerðir að ræða á margan hátt. Sjálfsagt þykir, að friðlýsing sé staðfest af ráðherra á sama hátt og skipulagsuppdráttur.

Um 4. gr. (85. gr.).

a. Hér er gert ráð fyrir því, að sveitarstjórn eða sveitarstjórnum sé heimilt að ráða eftirlitsmann til þess að fylgjast með því, að friðlýsing sé virt. Starfssvið eftirlitsmanns yrði að tilgreina nánar í samþykkt með tilliti til friðlýsingarinnar á hverjum stað. Lagt er til, að eftirlitsmanni verði án dómsúrskurðar heimilað að gera nauðsynlegar ráðstafanir, strax og hann verður var við, að friðlýsing sé brotin, eða slíkt brot yfirvofandi, og í því sambandi heimilað að leita aðstoðar lögregluyfirvalda. Þar sem mengun vatnsbóla getur borið að með mjög skjótum hætti, er talið nauðsynlegt, að hægt sé að grípa strax í taumana, þar sem öflun úrskurðar getur oft tekið langan tíma. Að sjálfsögðu ber hlutaðeigandi sveitarfélag eða sveitarfélög ábyrgð á gjörðum eftirlitsmanns í þessu efni samkv. alm. reglum laga.
b. Á friðlýstu svæði er gert ráð fyrir, að sveitarstjórn geti með friðlýsingunni sett þær takmarkanir á notkun landsins, sem hún telur nauðsynlegar til verndar vatnsbóla, þar með talið að láta fjarlægja mannvirki, sem fyrir eru á svæðinu, eða gera þær kröfur um frágang þeirra, er tryggilegar geta talizt með tilliti til verndunar.
c. Hér er gert ráð fyrir því, að áður en sveitarstjórn hefur vatnsveituframkvæmdir, skuli hún láta rannsaka, hvort vatn það, er virkja skal, sé mengað eða líkur á því, að það geti mengazt. Með þessu móti á að vera tryggt, að þegar á undirbúningsstigi sé hægt að ganga úr skugga um, hvort vatnsból sé í raun og veru nothæft.
d. Hér er gert ráð fyrir því, að sveitarstjórn sé skylt að láta fylgjast reglulega með gæðum vatnsins, eftir að vatnsból hefur verið virkjað. Hins vegar er í frumvarpi til laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem samið hefur verið

að tilhlutan heilbrigðismálaráðherra, gert ráð fyrir slíku eftirliti. Í því frumvarpi er gert ráð fyrir, að heilbrigðisnefndir eða sérstakur heilbrigðisfulltrúi sjái um framkvæmd á slíkum athugunum, og mun svo vera nú hjá Vatnsveitu Reykjavíkur og Vatnsveitu Hafnarfjarðar. Virðist nauðsynlegt, að fenginni reynslu, sbr. rannsókn þá, er Rannsóknarstofa Fiskifélagsins lét fram fara á árunum 1960—1961, að regluleg athugun á vatnsbólum fari fram. Að sjálfsögðu yrði það mismunandi eftir aðstæðum fyrir hinar ýmsu vatnsveitur, og yrði um það atriði að setja reglur í samráði við sérfróða menn, eða skv. ofangreindu frumvarpi um heilbrigðiseftirlit, ef að lögum verður.

e. Þessi liður þarfnast ekki skýringa.

Um þetta og önnur framkvæmdaatriði í sambandi við verndun vatnsbóla er gert ráð fyrir, að ráðherra láti setja reglugerð. Þykir í því sambandi rétt að benda á, að í lögum hér á landi eru engin ákvæði um lágmarksgæði neyzluvatns, en slík ákvæði eru í lögum fjölda landa, og hefur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin gefið út leiðbeiningar í því efni. Virðist og sjálfsagt, að reglugerð um það atriði yrði sett samkv. áðurnefndu frumvarpi til laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Fylgiskjal.

JÓN JÓNSSON

Um verndun grunnvatns.

Inngangur.

Vegna sívaxandi þéttbýlis og aukins iðnaðar í tæknilega háþróuðum ríkjum hefur spursmálið um verndun vatns gegn hvers konar óhreinindum orðið meir og meir aðkallandi.

Í nágrannalöndum okkar hefur þetta þegar leitt til þess, að sett hafa verið víðtæk lagaákvæði, sem miða að því að varðveita vantsforða, sem tryggi, að nægilegt neyzluvatn sé fyrir hendi. Enn fremur fjalla þau um verndun fiskstofna í ám og vötnum og grípa inn á svið heilbrigðismála og náttúruverndar. Sérstök ákvæði gilda yfirleitt um grunnvatn. Hér á landi hefur þessum málum hingað til ekki verið hreyft, svo að teljandi sé. Að svo hefur ekki verið, þýðir þó engan veginn, að hjá okkur þurfi þess ekki með, og skal nú nokkuð að því vikið.

Grunnvatn, bergsprungur og misgengi við Reykjavík og Hafnarfjörð.

Skammt austan við Reykjavík og Hafnarfjörð er, eins og sjá má af meðfylgjandi korti, mikið svæði, þar sem bergsprungur og misgengi eru mjög áberandi. Sprungur þessar og misgengi stefna norðaustur-suðvestur. Misgengin eru hvað mest áberandi suðvestur af Elliðavatni eða á svæðinu frá Elliðavatni og suður fyrir Kaldárbotna. Þó má auðveldlega rekja sprungurnar miklu lengra bæði norður og suður.

Athuganir, sem undanfarin ár hafa verið gerðar, að langmestu leyti á vegum Vatnsveitu Reykjavíkur, hafa leitt í ljós, að lindir og uppsprettur á þessu svæði öllu eru nátengdar þessum bergsprungum, svo nátengdar, að segja má, að rekja megi upptök nærri því hverrar einustu lindar til sprungu eða misgengis. Þetta má auðveldlega lesa af kortinu. Boranir á svæðinu benda til, að staða grunnvatnsborðs á sprungusvæðinu öllu sé yfirleitt mjög svipuð á stórum hluta þess. Undantekningar eru þó til. Einnig sýna boranirnar, að innan sprungusvæðisins er geysilegur forði grunnvatns fyrir hendi, og vitað er, að um fyrsta flokks neyzluvatn er að ræða.

Jarðfræðilegar rannsóknir á sprungusvæðinu öllu hafa hins vegar leitt í ljós, að allt bendir til þess, að hreyfingar eigi sér enn þá stað innan þess, og að

sprungurnar eru að miklu leyti gapandi gjár, þótt oft séu þær huldar þunnum jarðvegi, sem sigið hefur ofan á þær.

Af því leiðir óhjákvæmilega, að svæðið er mjög viðkvæmt fyrir hvers konar óhreinindum og verður það því að teljast mjög aðkallandi að mál þetta verði tekið föstum tökum.

Það virðist óhjákvæmilegt, að vinda þurfi bráðan bug að því að friða vissa hluta svæðisins alveg og aðra að meira eða minna leyti.

Það mun óhætt að fullyrða, að af engu stafi jafnmikil hætta og af olíu, benzíni o. þ. h., því að staðreynd er, að *einn lítri af olíu getur eyðilagt eina milljón lítra vatns.*

Komist olía niður í grunnvatn, getur hún borizt með því langar leiðir og það reynzt „praktískt tekið“ ómögulegt að losna við hana, og undir öllum kringumstæðum getur í slíku tilfelli vatnsból orðið ónothæft, svo að mánuðum skiptir.

Á meðfylgjandi korti eru merkt þau svæði, sem ég tel að nauðsynlegt sé að friða, og skal nú gera nánari grein fyrir því.

Friðun sprungusvæðisins.

Gert er ráð fyrir þrem gráðum af friðun. Hér á eftir nefnd svæði I, II og III.

Svæði I. Brunnsvæðið. Æskilegast er að sjálfsögðu, að grunnvatn sé notað sem neyzluvatn og það tekið úr borholum og á nokkru dýpi undir yfirborði jarðar.

Á þessu svæði ætti ekki að leyfa olíur, benzín, vegsalt, olíu til rykbindingar á vegum, áburð, tilbúinn eða annan, eiturefni t. d. til eyðingar á illgresi, skordýrum eða þess háttar, rusl (affall) af nokkru tagi.

Ef frárennsli frá húsum óhjákvæmilega verður að liggja um brunnsvæðið, ættu leiðslurnar að vera a. m. k. 3 m yfir grunnvatnsborði og í þéttum pípum með þéttum samskeytum. Svæðið sé afgirt og lokað.

Svæði II. Á því sé *ekki* leyft að hafa stóra olíu- eða benzíngeyma, litla (einka) olíugeyma, sem grafnir eru í jörðu. Á þessu svæði ætti aðeins að leyfa olíugeyma, sem standa í vatnsþéttri, steyptri þró með hallandi gólfi, svo útbúnu, að sú olía, sem niður kann að fara, renni í sérstakan geymi, og eins ef leki kemur að aðalgeymi. Geymi sé þannig fyrir komið, að auðvelt sé að athuga hann frá öllum hliðum. Tvöfalda geyma mætti og leyfa á þessu svæði, og væru þeir þá með sérstökum útbúnaði, sem varaði við, ef leki kemur að geymi.

Olíugeymar ryðga bæði utan frá og innan. Vatn í olíunni sezt á botn geymisins, og nokkur slagi mun að jafnaði koma fyrir á veggjum hans, veldur þetta ryði. Sé geymir grafinn í jörðu, er ekki hægt að fylgjast með þessu, og getur því verið komið í óefni, áður en vart verður við lekann. Oft getur suðu á samskeytum geymanna verið ábótavant.

Svæði III. Á þessu svæði séu allar byggingar, frárennsli frá húsum og það, sem nefnt er undir I og II, háð leyfi og undir ströngu eftirliti hlutaðeigandi byggingarfulltrúa, sem leiti álits sérfróðra manna, ef með þarf. „Lager“ af benzíni og olíum neðanjarðar sé ekki leyft, nema svo sé um búið, að hægt sé að athuga geymana við og við. Olíugeyma ætti ekki að setja niður, nema leyfi komi til, og þá aðeins undir eftirliti. Frárennsli frá húsum sé örugglega umbúið og háð eftirliti. Bráðabirgðafrágangur af nokkru tagi sé ekki leyfður.

Fari olía eða benzín af óviðráðanlegum ástæðum niður, t. d. við slys, ætti þegar í stað að hefjast handa um að eyða því (með eldi), ef hægt er. Þá ætti og að fylgjast nákvæmlega með vatnsbólum í nágrenninu, eftir að slíkt hefur komið fyrir, þangað til öruggt má telja, að hætta sé liðin hjá.

Svæði, þar sem gera má ráð fyrir að í framtíðinni verði brunnsvæði, ætti að friða á sama hátt og gert er ráð fyrir um brunnsvæði, sem þegar er í notkun.

Sþ. 267. Nefndarálit [78. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis.

Frá utanríkismálanefnd.

Utanríkismálanefnd hefur rætt tillöguna og orðið sammála um, að tímabært sé orðið að endurskoða lögin um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis, nr. 31 frá 27. júní 1941. Leggur nefndin einróma til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. febr. 1968.

Sigurður Bjarnason, form., frsm.	Gylfi Þ. Gíslason, fundaskr.	Matthías Á. Mathiesen.
Þórarinn Þórarinsson.	Pétur Benediktsson.	Ólafur Jóhannesson.
	Magnús Kjartansson.	

Nd. 268. Lög [33. mál]

um viðauka við lög nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Nd. 8. febr.)

Samhljóða þskj. 33.

Ed. 269. Frumvarp til laga [129. mál]

um breyting á lögum nr. 44 3. apríl 1963, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

Fyrirsögn laganna skal vera:

Lög um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

2. gr.

Á eftir 6. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, sem verða 7. og 8. gr., og greinatala laganna breytist því til samræmis, svo hljóðandi:

7. gr.

Rétt til að kalla sig byggingafræðinga (bygningskonstruktör) hafa hér á landi þeir einir, sem hafa fengið til þess leyfi ráðherra.

8. gr.

Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 7. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í byggingafræði frá byggingafræðilegum æðri skóla, sem Byggingafræðingafélag Íslands viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig byggingafræðinga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga, nr. 44 3. apríl 1963, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 44 3. apríl 1963 voru lög nr. 24 13. júní 1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga endurnýjuð og m. a. breytt þannig, að starfsheitið „iðnfræðingur" var fellt niður og tekið upp nýtt, „tæknifræðingur (ingeniör)", sem starfsheiti þeirra, sem lokið hefðu fullnaðarprófi í tæknifræði frá tekniskum æðri skóla, sem Tæknifræðingafélag Íslands viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Er að því kom að framkvæma hin nýju ákvæði, kom upp ágreiningur milli Tæknifræðingafélags Íslands og nokkurra manna, sem fengið höfðu leyfi ráðuneytisins til að kalla sig iðnfræðinga samkvæmt lögum nr. 24/1937, en höfðu ekki lokið prófi frá „teknikum", heldur frá Københavns Bygmesterskole, sem frá 1959 heitir bygningskonstruktörskolen og nú Byggeteknisk Höjskole og er nú 3½ árs skóli.

Menntunarheiti það, sem teknikum-skóli veitir á Norðurlöndum er „ingeniör", en „konstruktör" hjá þeim, sem lokið hafa prófi frá síðarnefnda skólanum.

Við athugun á námi þessara tveggja hópa sýnist aðallega vera um þann mun að ræða, að „konstruktör" stendur nær arkitekts- en verkfræðingsstarfinu, en „ingeniör" öfugt.

Hefur Tæknifræðingafélag Íslands haldið fast við, að þessi mismunur á námsefni og starfssviði valdi því, að þessum tveimur hópur hæfi ekki sama starfsheitið.

Þar sem iðnfræðingsheitið er fallið niður sem lögvarið starfsheiti, njóta umræddir menn, sem lokið hafa prófi í byggingafræði og áður báru iðnfræðingsstarfsheiti, engrar slíkrar verndar lengur. Hefur þetta þegar orðið þeim til ýmiss konar óþæginda í starfi og gert aðstöðu þeirra, t. d. til að öðlast viðurkenningu byggingarnefnda, lakari en ella.

Nú hafa þessir menn stofnað Byggingafræðingafélag Íslands og mælzt til að fá starfsheitið byggingafræðingur lögvarið fyrir sig og þá, sem ljúka sams konar námi. Væri þá komið á hér á landi hliðstætt starfsheitakerfi og á hinum Norðurlöndunum.

Tæknifræðingafélag Íslands mun fyrir sitt leyti meðmælt þessari lausn á málinu.

Er frumvarp þetta flutt til að koma á umræddu starfsheitakerfi hér á landi.

Ed. 270. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki náð fullri samstöðu um afstöðu til þess. Mælir undirritaður meiri hl. með því, að frv. verði samþykkt með þeim brtt., er nefndin flytur sameiginlega á þskj. 271. Aðrir nm. tjá sig að vísu samþykka frv., en áskilja sér rétt til þess að flytja frekari brtt. og munu skila séráliti.

Alþingi, 9. febr. 1968.

Ólafur Björnsson, form., frsm.
Jóa Árm. Héðinsson, fundaskr.
Pétur Benediktsson.
Sveinn Guðmundsson.

Ed. 271. Breytingartillögur [121. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

a. Við 1. gr.

1. Nýr liður:

09.01	11	Kaffi í smásöluumbúðum, 2 kg eða minna	10%	0

2. 48.07 99 Annar pappír. Liðurinn falli niður.

3. 57.05 09
57.06 09
57.07 09 Liðirnir falli niður.

4. 59.02 03 Fatnaður úr flóka. Liðurinn falli niður.

5. Nýir liðir:

73.10	12	Steypustyrktarjárn grennra en 13 mm	35%	35%
73.18	21	Holir sívalningar til smíða, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	5%	15%
	31	Prófílpípur til smíða, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	5%	15%

6. Nýir liðir:

85.03		**Frumrafhlöður og rafhlöður:**		
	01	Kvikasilfurrafhlöður fyrir heyrnartæki	15%	40%
	09	Aðrar	40%	40%

b. Við 2. gr. 1. tölul. orðist þannig:
20. töluliður orðist svo: Að lækka gjöld af ritum á íslenzku, sem hafa menningarlegt gildi, sem svari því, að tollur verði greiddur af bókagerðarefninu.

Ed. 272. Breytingartillögur [121. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá Ólafi Björnssyni.

Við 1. gr.

1. Nýir liðir:

a. 40.05	01	Til skógerðar, enda beri varan það með sér, að hún sé sérstaklega unnin til þess	10%	30%
b. 64.05	09	Aðrir	15%	30%

2. 73.37 03 Liðurinn orðist þannig: Hlutar til miðstöðvarofna (þar með talin ofnrif (element)) 15% 35%

3. 87.14 02 Liðurinn orðist þannig: Heyflutningavagnar með útbúnaði til losunar og lestunar 10% 40%

Ed. 273. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Efni frv. er að skila aftur nokkrum hluta af þeirri hækkun aðflutningsgjalda, sem fylgir í kjölfar gengisbreytingarinnar síðustu. Þegar nokkrar ráðstafanir vegna gengisfellingarinnar voru til meðferðar á Alþingi í nóvembermánuði s. l., var af ríkisstjórnarinnar hálfu gert ráð fyrir því, að um það bil 250 millj. kr. af þeim tekjuauka, sem yrði hjá ríkissjóði, skyldi varið til lækkunar á innflutningstollum og á þann hátt dregið úr áhrifum gengislækkunarinnar á lífskjörin í landinu.

Þá var af öllum talið sjálfsagt, að nú, eins og jafnan áður í slíkum tilvikum, væru ýmsar hliðarráðstafanir óhjákvæmilegar í því skyni.

Þá voru sérfræðingar ríkisstjórnarinnar nýbúnir að reikna út, hver gengisbreytingin þyrfti að vera til endurreisnar atvinnuveganna, nákvæmar en nokkru sinni fyrr að eigin sögn. Útkoma þeirra var sú, að hægt yrði að fella niður allar útflutningsuppbætur af fjárlögum og minnka jafnframt tekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum um 250 millj. króna.

Nú kveður við annan tón. Nú getur tollalækkunin ekki orðið 250 millj. kr., heldur er hér gert ráð fyrir lækkun, sem nemur 159 millj. kr. Og nú er ekki einu sinni lengur hægt að taka þessa fjárhæð af tekjuafgangi ríkissjóðs, heldur verður að gera sérstakar tekjuöflunarráðstafanir til að mæta lækkuninni, eins og í athugasemdum með frumvarpinu segir.

Reikningsskekkja ríkisstjórnarinnar er því sú, eftir því sem nú er upplýst, að í stað þess, að fyrir hendi sé fjármagn til að fella niður 250 millj. kr. tolltekjur, verður að gera sérstakar „tekjuöflunarráðstafanir“ til að mæta umræddum 159 millj. kr., og vantar þó að sögn fjármálaráðherra enn 50 millj. kr., til að endarnir nái saman. Þannig munar um það bil 460 millj. kr. á útkomu ríkissjóðs frá því, sem ríkisstjórnin áætlaði fyrir tveim mánuðum.

Til að standa undir tollalækkunum þeim, er í frumvarpinu felast, hefur verð á áfengi og tóbaki verið hækkað, og er tekjuaukinn af því áætlaður 50 millj. kr. Mismuninum á að ná með því að draga úr útgjöldum ríkisins á árinu 1968 um 100 millj. kr. frá því, sem þau voru ákveðin í fjárlögum í desembermánuði síðastliðnum.

Þrátt fyrir talsverða eftirgangsmuni hafa ekki fengizt nánari skýringar á því, hvaða liðir fjárlaga það eru, sem í þessu skyni eiga að lækka. Það er skoðun okkar undirritaðra, að raunar sé tæpast gerlegt fyrir alþingismenn að samþykkja slíka breytingu á nýafgreiddum fjárlögum, án þess að hafa nokkra hugmynd um það, hvaða starfsemi það er, sem fórna skal, og ekkert liggur fyrir, sem tryggi það, að síðari villan verði ekki verri hinni fyrri.

En þrátt fyrir þessi mjög svo hæpnu vinnubrögð teljum við undirritaðir þessa tollalækkun þó svo brýnt hagsmunamál almennings í landinu, að við leggjum til, að frumvarpið verði samþykkt, í trausti þess, að umrædd endurskoðun fjárlaga lúti fyrst og fremst að auknum sparnaði og ráðdeild í ríkisrekstrinum sjálfum.

Þegar tollskrá hefur verið til meðferðar á Alþingi á undanförnum árum, hafa tillögur um breytingar og lagfæringar verið lagðar fram af þingmönnum stjórnarandstöðunnar, sem vissulega væri ástæða til að taka upp einnig nú.

Það munum við þó ekki gera, til þess að tefja ekki afgreiðslu þessa máls og með því líka, að því hefur verið lýst yfir af ríkisstjórnarinnar hálfu skýrt og skorinort, að allar slíkar tillögur mundu verða felldar.

Við flytjum ásamt öðrum fjárhagsnefndarmönnum nokkrar breytingartillögur á sérstöku þingskjali og er þar nánast um augljósar lagfæringar að ræða.

Samkvæmt framansögðu leggjum við til, að frumvarpið verði samþykkt, en munum að öðru leyti gera nánari grein fyrir afstöðu okkar við umræðu um málið hér í deildinni.

Alþingi, 12. febr. 1968.

Einar Ágústsson, frsm. Bjarni Guðbjörnsson. Hjalti Haraldsson.

Nd. 274. Nefndarálit [48. mál]

um frv. til l. um loðdýrarækt.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt um frv. á nokkrum fundum, leitað umsagnar nokkurra aðila og fengið til viðræðu á sinn fund veiðistjóra, er gaf upplýsingar um útbreiðslu villiminksins og árlega veiði á villiminkum. Enn fremur mættu hjá nefndinni að eigin ósk stjórnarnefndarmenn Loðdýrs h/f.

Umsagnir hafa borizt frá 3 af 5 aðilum, er frv. var sent. Sjávarafurðadeild S.Í.S. mælir með samþykkt frv., en Búnaðarfélag Íslands og Náttúrufræðifélag Íslands á móti. Umsagnir hafa ekki borizt frá náttúruverndarráði né Sölumiðstöð hraðfryðstihúsanna. En frá þeim báðum barst umsögn fyrir 2 árum, er málið lá þá fyrir. Lagði náttúruverndarráð á móti, en S. H. mælti með.

Nefndin hefur ekki getað orðið á eitt sátt um afgreiðslu málsins. Leggjum við undirritaðir til, að frv. verði samþ. með svofelldri

BREYTINGU:

Við 7. gr. bætist: Skulu þar vera m. a. ýtarleg fyrirmæli um sérstakan búnað til varnar því, að dýr geti sloppið úr haldi.

Alþingi, 7. febr. 1968.

Jónas Pétursson, form., frsm. Eyjólfur Konráð Jónsson. Stefán Valgeirsson, með fyrirvara.

Nd. 275. Nefndarálit [48. mál]

um frv. til l. um loðdýrarækt.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp um loðdýrarækt var flutt tvö ár í röð á þingunum 1964 og 1965, en náði ekki fram að ganga. Nú er málið enn komið fyrir nýkjörið þing, en allar ástæður til gætni hinar sömu og fyrr.

Loðdýrarækt er ekki nýr atvinnuvegur á Íslandi. Minkaeldi var stundað hér um tveggja áratuga skeið og hefur því verið þrautreynt við íslenzkar aðstæður. Voru minkabú oft rekin með tapi, en gjaldeyristekjur af þeim urðu litlar. Þegar minkaeldi var bannað af Alþingi 1951, voru aðeins 7 bú starfandi í landinu.

Í stað auðfengins gróða, sem menn gerðu sér þá eins og nú miklar vonir um, hlaut þjóðin hina verstu landplágu — villiminkinn. Þarf ekki að orðlengja um það tjón, sem hann hefur valdið á náttúru landsins og hlunnindum.

Nefndin ræddi frv. og fékk á sinn fund Svein Einarsson veiðistjóra. Hann staðfesti, að villiminkurinn hegðaði sér enn sem fyrr og veiddi án tillits til þarfar. Væri eytt 2500—3500 dýrum á ári, en útbreiðsla minksins enn að aukast.

Þá fékk nefndin á sinn fund fulltrúa Loðdýrs h/f, félags, sem stofnað hefur verið til að reka minkabú, ef frv. verður að lögum. Sýndu þeir myndir af fyrirhuguðum minkagarði, útskýrðu og veittu ýmsar upplýsingar. Þó virtust áætlanir allar og hugmyndir um stofnkostnað og hugsanlegan rekstur vera næsta lausar í reipum.

Í sambandi við frv. er ástæða til að benda á nokkur atriði varðandi það:

1. Það virðist almennt viðurkennt, að alltaf megi búast við, að minkur sleppi úr haldi, hversu vel sem reynt er að búa um minkagarða.
2. Undirbúningur undir minkarækt, ef leyfð verður, er mjög takmarkaður, og liggja ekki fyrir gögn eða áætlanir, sem gefa rökstudda ástæðu til að ætla, að um mikinn gróðaveg eða blómlegan atvinnuveg verði að ræða.
3. Frv. er styttra, efnisminna og óljósara en gömul lög um sama efni. Það leggur raunverulega allt vald í þessum málum í hendur ráðherra og embættismönnum. Þingmönnum er ætlað að treysta algerlega reglugerðum, sem þeir hafa ekki séð, enda drög að þeim ekki til.
4. Engar kröfur eru í frv. gerðar til sérþekkingar, sem þó skiptir augljóslega miklu máli.
5. Óljóst er, hvaða ákvæði eigi að gilda um innflutning lifandi loðdýra. Um það er ekki orð í frv.
6. Flutningsmenn forðast að nefna mink á nafn, þótt innflutningur hans sé aðaltilgangur frv. Hann er ekki nefndur fyrr en í bráðabirgðaákvæði aftan við frv.
7. Frv. mundi, ef að lögum yrði, opna leið fyrir ræktun nýrra loðdýrategunda, sem ekki eru til í landinu. Virðist óvarlegt, að ekki sé meira sagt, að hafa ekki um slíkt mál ýtarlegri og nákvæmari lög en þetta frv.
8. Andstaða náttúruverndaraðila gegn frv. er nú enn sterkari en fyrir tveim árum. Með þjóðinni er vaxandi áhugi á náttúruvernd, sérstaklega um allt, er það varðar að forðast frekari skemmdir í íslenzkri náttúru.

Með tilliti til þessara atriða leggjum við til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 8. febr. 1968.

Benedikt Gröndal, frsm.	Pálmi Jónsson, fundaskr.	Hannibal Valdimarsson.
	Vilhjálmur Hjálmarsson.	

Ed. 276. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til laga um hækkun á bótum almannatrygginga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Í frumvarpi þessu felst lagastaðfesting á því fyrirheiti, sem ríkisstjórnin gaf við afgreiðslu fjárlaga, að bætur almannatrygginganna, aðrar en fjölskyldubætur, skuli frá 1. jan. 1968 hækka um 10%, miðað við bótafjárhæðir í nóvembermánuði 1967, en fyrirheit þetta er þegar komið til framkvæmda. Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 9. febr. 1968.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Auður Auðuns, fundaskr.	Ásgeir Bjarnason.
Björn Fr. Björnsson.	Steinþór Gestsson.	Hjalti Haraldsson.
	Pétur Benediktsson.	

Nd. 277. Frumvarp til laga [130. mál]

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Benedikt Gröndal, Þórarinn Þórarinsson, Lúðvík Jósefsson, Jón Skaftason.

1. gr.

1. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Til þess að prófa kjörbréf og kosningu nýkosinna þingmanna og varaþingmanna eftir hverjar alþingiskosningar ganga þingmenn eftir hlutkesti í 3 jafnar deildir, meðan til vinnst.

2. gr.

2.—3. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

En kosning til efri deildar er fyrir allt kjörtímabilið. Svo er og um nefndarkosningu þá, er talað er um í 4. gr.

3. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Nú losnar sæti efri deildar þingmanns og varamaður tekur sæti á þingi í hans stað, og tilnefnir þá þingflokkur sá, er skipa á sætið eftir reglu 6. gr., einn mann úr sínum flokki til efri deildar.

4. gr.

13. gr. laganna falli niður.

5. gr.

Í stað 4. málsl. 1. mgr. 16. gr. laganna (sbr. l. nr. 6/1958) komi tveir málsliðir, sem orðist svo:

Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga og er ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál, enda skal stjórnin ávallt bera undir hana slík mál, jafnt milli þinga sem á þingtíma. Nefndarmenn eru bundir þagnarskyldu um þá vitneskju, sem þeir fá í nefndinni, ef formaður eða ráðherra kveður svo á.

6. gr.

4.—6. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 19. gr. laganna falli niður.

7. gr.

3.—4. málsl. 1. mgr. 25. gr. laganna orðist svo:

Hún lætur uppi álit sitt um það. Þegar liðin er að minnsta kosti ein nótt frá því, er frumvarpinu, eins og það kom frá hinni deildinni, var útbýtt meðal þingmanna á fundi, eða ef um nefndarálit um það er að ræða, þá frá því, er því var útbýtt, skal frumvarpið tekið til einnar umræðu í deildinni á sama hátt og áður við 3. umræðu (23. gr.).

8. gr.

Á eftir 30. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. Ef ráðherra óskar að gera grein fyrir opinberu málefni, gerir hann það með skýrslu til Alþingis, er skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

Ef ráðherra óskar, skal skýrslan tekin til umræðu. Sama gildir, ef níu þingmenn óska þess. Ráðherrann gerir grein fyrir skýrslunni, og er þingmönnum þá rétt að taka þátt í umræðunni. Þingmenn, aðrir en ráðherrar, mega þó ekki tala oftar en tvisvar.

Við umræðu um skýrslu má engar ályktanir gera.

b. Níu þingmenn geta óskað skýrslu ráðherra um opinbert málefni. Skal beiðnin vera skrifleg og beint til forseta, og má fylgja henni stutt greinargerð. Skal beiðnin prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Á næsta fundi í sameinuðu Alþingi ber forseti það undir atkvæði umræðulaust, hvort beiðnin skuli leyfð eða ekki. Forseti tilkynnir hlutaðeigandi ráðherra um beiðni um skýrslu, sem leyfð hefur verið.

Er ráðherra hefur lokið skýrslugerðinni, skal skýrslan prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

Ef ráðherra eða fyrsti flutningsmaður óskar þess, skal skýrslan tekin til umræðu. Ráðherra gerir grein fyrir henni. Þingmenn mega taka þátt í umræðunni, en aðrir en ráðherra mega þó ekki tala oftar en tvisvar.

Við umræðu um skýrslu má engar ályktanir gera.

9. gr.

Í stað 1. mgr. 31. gr. laganna (sbr. l. nr. 22/1947) komi sex málsgreinar, sem orðist svo:

Vilji alþingismaður óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess, gerir hann það með fyrirspurn í sameinuðu Alþingi, er afhent sé forseta. Fyrirspurn skal vera skýr, um afmörkuð atriði eða mál, sem ráðherra ber ábyrgð á, og sé við það miðað, að hægt sé að svara henni í stuttu máli. Alþingismaður segir til um það, hvort hann óskar skriflegs eða munnlegs svars. Stutt greinargerð má fylgja fyrirspurn, ef óskað er skriflegs svars.

Forseti ákveður samdægurs, hvort fyrirspurn skuli leyfð eða ekki. Ef vafi er, getur forseti þó borið málið umræðulaust undir atkvæði á næsta fundi í sameinuðu þingi. Skal það einnig gert, ef fyrirspyrjandi óskar þess, er forseti synjar fyrirspurn.

Fyrirspurn skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Fyrirspurn, sem leyfð hefur verið, skal send hlutaðeigandi ráðherra eða ráðherrum.

Á sérstökum fundi í sameinuðu þingi skal forseti taka á dagskrá munnlegar fyrirspurnir, er leyfðar hafa verið í síðasta lagi fjórum virkum dögum fyrir fundinn.

Fyrirspyrjandi eða framsögumaður fyrirspyrjenda mælir fyrir fyrirspurn. Ráðherra eða ráðherrar, er hlut eiga að máli, svara síðan fyrirspurn. Þingmönnum er rétt að taka þátt í umræðum. Ráðherra má að jafnaði ekki tala oftar en tvisvar og þingmenn ekki nema tvisvar. Ráðherra má eigi tala lengur en 10 mínútur í senn og aðrir þingmenn eigi lengur en 5 mínútur.

Ef óskað er skriflegs svars, sendir ráðherra forseta það eigi síðar en sex virkum dögum eftir, að fyrirspurn var leyfð. Forseti sendir fyrirspyrjanda svarið. Skal prenta fyrirspurn og svar í Alþingistíðindum.

10. gr.

Aftan við 4. málsl. 34. gr. laganna (sbr. l. nr. 99/1952) bætist: að viðbættu nafni.

11. gr.

Orðin „enda neiti ráðherra ekki um leyfið“ í niðurlagi 43. gr. laganna (sbr. l. nr. 99/1952) falli niður.

12. gr.

48. gr. laganna breytist þannig:

a. Fyrir orðin „skal beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri, er kennd er við de Hondt (listakosning)“ í 1. mgr. komi: er forseta heimilt að beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri, er kennd er við de Hondt (listakosning). Sama aðferð skal viðhöfð.

b. Á eftir 4. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Ef kjósa skal einnig varamenn, skal listi, sem hlotið hefur mann eða menn, eiga rétt til jafnmargra varamanna í þeirri röð, sem þeir standa á listanum.

V. Útvarp og sjónvarp umræðna.

13. gr.

2. mgr. 51. gr. laganna orðist svo:
Þá skal og útvarpa, innan tveggja vikna frá þingsetningu, stefnuræðu forsætisráðherra og umræðu um hana. Umferðir skulu vera tvær. Í fyrri umferð hefur forsætisráðherra til umráða allt að hálfri klukkustund og fulltrúar annarra þingflokka 20 mínútur hver. Í annarri umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða.

14. gr.

1. mgr. 53. gr. laganna orðist svo:
Á síðari hluta þings skal útvarpa almennum stjórnmálaumræðum. Hver þingflokkur fær til umráða þrjá stundarfjórðunga, er skiptast í þrjár umferðir, 20 mínútur í fyrstu umferð, 15 mínútur í annarri og 10 mínútur í þeirri síðustu.

15. gr.

Á eftir 53. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Útvarpa skal umræðu um vantraust, ef 9 þingmenn krefjast þess.

16. gr.

54. gr. laganna orðist svo:
Þegar útvarpað er umræðu um önnur mál en þau, er í 51. og 53. gr. segir, fær hver þingflokkur til umráða þrjátíu mínútur, er skiptast í tvær umferðir, 20 mínútur í fyrri umferð og 10 mínútur í þeirri síðari.
Þegar útvarpi umræðu samkvæmt þessari grein er lokið, getur umræða haldið áfram eftir venjulegum reglum.

17. gr.

Á eftir 54. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
Forseti getur, með samþykki allra þingflokka, ákveðið að ræðutími í einstökum umferðum skuli vera annar en til er tekið í öðrum greinum þessa kafla.

18. gr.

Aftan við 55. gr. laganna bætist:
Sama gildir, ef þingflokkur óskar, að útvarpað verði umræðum á þingfundi eða hluta af þingfundi.

19. gr.

Á eftir 56. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
Ef Ríkisútvarpið óskar að útvarpa umræðu eða hluta af umræðu, beinir það tilmælum sínum til hlutaðeigandi forseta. Forseti ákveður, að höfðu samráði við formenn þingflokka, hvort leyfa skuli útvarp umræðu eða ekki. Þegar útvarpað er umræðu á þennan hátt, skal þess gætt, að ræðutími skiptist sem jafnast milli flokka eða mismunandi sjónarmiða.

20 gr.

Á eftir 60. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
Í þessum kafla er orðið útvarp notað um hljóðvarp og enn fremur um sjónvarp, eftir því sem við á.

21. gr.

Orðin „ráðherra synjar ekki og" í 64 gr. laganna falli niður.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk forseta Alþingis. Það er samið af milliþinganefnd, sem kosin var á Alþingi 5. maí 1966 til að endurskoða lög um þingsköp Alþingis. Greinargerð nefndarinnar um störf hennar og tillögur fer hér á eftir.

Hinn 29. apríl s. l. (þ. e. 1966) samþykkti Alþingi svo hljóðandi tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga um þingsköp Alþingis:

„Alþingi ályktar, að 7 manna milliþinganefnd, kosin af sameinuðu Alþingi, skuli falin endurskoðun gildandi laga um þingsköp Alþingis."

Í samræmi við þessa tillögu voru síðan kosnir 7 alþingismenn til þess að taka sæti í nefndinni. Í nefndina voru kjörnir:

Sigurður Bjarnason,
Þórarinn Þórarinsson,
Sigurður Ó. Ólafsson,
Jónas G. Rafnar,
Jón Skaftason,
Lúðvík Jósefsson,
Benedikt Gröndal.

Á fyrsta fundi í nefndinni var Sigurður Bjarnason kjörinn formaður hennar. Jafnframt var Friðjón Sigurðsson skrifstofustjóri Alþingis ráðinn ritari nefndarinnar.

Ekki reyndist framkvæmanlegt, að nefndin starfaði s. l. sumar. Hins vegar hóf hún störf fljótlega eftir að Alþingi kom saman á s. l. hausti. Hefur hún síðan haldið allmarga fundi. Varð nefndin sammála um að taka þingsköpin í heild til almennrar endurskoðunar. Voru sumarmánuðirnir notaðir til þess að afla margvíslegra gagna frá nágrannalöndunum. Hafa þau verið höfð til hliðsjónar í sambandi við ýmsar þær breytingartillögur, sem nefndin hefur orðið sammála um.

Nefndin hefur nú samið frumvarp um breytingar á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis. Stendur hún sameinuð að þessum tillögum.

Helztu nýmæli, sem nefndin hefur gert breytingartillögur um, eru þessi:

1. Lagt er til, að kjörbréfanefnd verði kosin fyrir allt kjörtímabilið.
2. Lagt er til, að ef sæti efri deildar þingmanns losnar og varamaður tekur sæti á þingi, skuli sá þingflokkur, er skipa á sætið, tilnefna mann úr sínum flokki til efri deildar.
3. Lagt er til, að nefndarmenn í utanríkismálanefnd verði bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju, sem þeir fá í nefndinni, ef formaður eða ráðherra kveður svo á.
4. Sett eru ný og fyllri ákvæði um skýrslur, sem ráðherrar óska að gefa Alþingi, og um rétt þingmanna til þess að óska slíkra skýrslna.
5. Ákvæðin um fyrirspurnir í sameinuðu Alþingi eru gerð fyllri en nú er og stefnt að því að gera umræður um þær nokkru styttri og hnitmiðaðri. Er lagt til, að munnlegar fyrirspurnir verði teknar fyrir á sérstökum fundi í sameinuðu Alþingi, þannig að þær dragi þar ekki um of tíma frá öðrum þingmálum. Þá er lagt til, að það nýmæli verði tekið upp, að þingmenn geti borið fram skriflegar fyrirspurnir, er ráðherrar svara síðan skriflega.
6. Í sambandi við útvarps- og sjónvarpsumræður er lagt til, að það nýmæli verði tekið upp, að útvarpa skuli innan tveggja vikna frá þingsetningu stefnuræðu forsætisráðherra og umræðum um hana. Er þá gert ráð fyrir, að slíkar umræður komi í staðinn fyrir útvarp fjárlagaræðu og umræðu um hana. Þá er lagt til, að á síðari hluta hvers þings skuli útvarpa almennum stjórnmálaumræðum, er standi í eitt kvöld. Skulu þessar umræður komi í staðinn fyrir eldhúsdagsumræður og verða því allmiklu styttri en þær hafa verið.
7. Þá er lagt til, að það nýmæli verði tekið upp, að ef Ríkisútvarpið óskar að útvarpa umræðum frá Alþingi eða hluta af umræðu, þá verði það heimilað, að höfðu samráði við formenn þingflokka.

Í nefndinni voru ýmis önnur atriði rædd en þau, sem fjallað er um í þessu áliti. En um aðrar tillögur en þær, sem felast í frumvarpi nefndarinnar, varð ekki fullkomin samstaða að svo stöddu, en hins vegar stendur nefndin, eins og fyrr segir, óskipt að frv. því, sem hún leggur hér fram.

Frumvarpið í heild fer hér á eftir (sjá frv. hér að framan), og fylgja hverri grein þess skýringar á henni og þeim breytingum, sem lagt er til að gerðar verði samkv. frumvarpinu. Enn fremur fylgir greinargerð um reglur þær, er gilda hjá ýmsum þjóðum um útvarp og sjónvarp frá þjóðþingum.

Um 1. gr.

Í 1. gr. gildandi þingskapa eru ákvæði um prófun kjörbréfa og kosningu þingmanna í þingbyrjun. Ganga þingmenn í 3 jafnar deildir, meðan til vinnst. Gildir það jafnt á öllum þingum kjörtímabilsins og það þótt eigi þurfi að rannsaka nema eitt kjörbréf. Hér er ákvæðinu breytt þannig, að aðeins skuli skipa í kjördeildir á fyrsta þingi eftir hverjar alþingiskosningar. Annars rannsakar kjörbréfanefnd kosningu og kjörgengi, eins og nú er á öðrum tímum en í þingbyrjun. Þykir þetta hentugra. Til þess að unnt sé að hafa þennan hátt á, er kjörbréfanefnd kosin fyrir allt kjörtímabilið, og er 8. gr. þingskapa breytt í þá átt.

Um 2. gr.

Kjörtími kjörbréfanefndar er allt kjörtímabilið. Í gildandi þingsköpum er hún kosin í byrjun hvers þings, sbr. greinargerð um breytingu á 1. gr. þingskapa.

Um 3. gr.

Greininni er breytt í samræmi við síðustu kjördæmabreytingu og breytingu á kosningalögum. Eftir að allir þingmenn hafa fengið varamann, fer ekki fram aukakosning, þó að sæti efri deildar þingmanns losni. Eðlilegt þykir, að sama regla haldist og nú gildir, ef sæti efri deildar manns losnar við andlát, afsal þingmennsku eða missi kjörgengis, að þá tilnefni þingflokkur sá, er skipa á sætið eftir reglu 6. gr., einn mann úr sínum flokki til efri deildar.

Um 4. gr.

Vegna breyttra samgönguhátta þykir ekki lengur ástæða til að kjósa milliþingaforseta, þótt hvorki forseti né varaforseti sé búsettur í Reykjavík eða grennd. Ákvæðið hefur líka um langt árabil verið dauður bókstafur.

Um 5. gr.

Hér er ákveðið, að utanríkismálanefnd skuli starfa einnig á milli þinga. Er það í samræmi við gildandi þingsköp. Einnig er ákveðið, að hún skuli vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál, jafnt milli þinga sem á þingtíma. Er þar um að ræða tvenns konar frávik frá gildandi þingsköpum. Ákvæðið er takmarkað við meiri háttar utanríkismál. Gildandi þingsköp taka til utanríkismála án takmörkunar. Rétt þykir að láta ákvæðið aðeins taka til meiri háttar mála. Hins vegar er ákvæðið víðtækara en nú að því leyti, að það gildir jafnt á milli þinga sem á þingtíma. Samkvæmt núverandi þingsköpum gildir ákvæðið um samráðsskyldu ríkisstjórnar aðeins á milli þinga. Í eldri ákvæðum var ákvæðið hins vegar að þessu leyti eins og hér er lagt til að það verði.

Loks er hér nýmæli um þagnarskyldu um þá vitneskju, er nefndarmenn fá í nefndinni. Gildir þagnarskyldan, ef formaður eða ráðherra kveður svo á. Er það undir mati þeirra komið hverju sinni, hvort ástæða þykir til að kveða á um þagnarskyldu eða ekki. Ákvæðin um þagnarskyldu eru sniðin eftir dönskum lögum um utanríkismálanefnd.

Um 6. gr.

Hér eru felld niður ákvæðin um deildarleyfi, ef mál koma síðar fram en átta vikum eftir þingsetningu. Ákvæðin virðast ekki hafa haft neina raunhæfa þýðingu í þá átt að takmarka það, að mál komi fram seint á þingi.

Um 7. gr.

Hér er um að ræða meðferð máls við eina umræðu í deild. Ef nefnd hefur fjallað um málið, ber forseta að senda henni það. Nefndinni ber samkvæmt gildandi þingsköpum að láta uppi álit sitt um málið, og skal það prentað og því útbýtt. Hér er lagt til að gera þá breytingu, að það sé undir mati nefndarinnar komið, hvort hún skilar skriflegu áliti um málið eða ekki. Ef um smávægilega breytingu er að ræða, er nægilegt, að gerð sé grein fyrir henni munnlega. Er það og í samræmi við venju.

Um 8. gr.

Hér er um nýmæli að ræða.

Í a-lið segir, að ef ráðherra óskar að gera grein fyrir opinberu málefni, geri hann það með skýrslu til Alþingis, er skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Er með þessu lögfest venja, sem myndazt hefur í þessu efni. Auk þess eru settar reglur um umræðu um skýrslu ráðherra. Það er ekki skylda að hafa umræðu um skýrsluna, nema ráðherra eða níu þingmenn óski þess. Er gert ráð fyrir, að skýrslan sé gefin í sameinuðu þingi.

Um umræðuna fer eftir venjulegum reglum. Þingmenn mega ekki tala oftar en tvisvar. Ráðherrar mega tala eins oft og þeir vilja.

Í seinni greininni (b-liðnum) segir, að níu þingmenn geti óskað skýrslu ráðherra um opinbert málefni. Eðlilegt þykir, að þessi fjöldi þingmanna í sameinuðu þingi geti átt frumkvæði að skýrslugerðinni. Beiðni um skýrslugerð skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Á næsta fundi í sameinuðu þingi er það borið undir atkvæði umræðulaust, hvort beiðnin skuli leyfð eða ekki. Forseti tilkynnir hlutaðeigandi ráðherra um beiðni um skýrslu, sem leyfð hefur verið. Er ráðherra hefur lokið skýrslugerðinni, skal hún prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

Ekki er skylt að hafa umræðu um skýrsluna, nema ráðherra eða fyrsti flutningsmaður óski þess. Umræðunni er þá hagað eins og er ráðherra hefur frumkvæði um skýrslugerð.

Við umræður um skýrslur má engar ályktanir gera. Gildir það, hver sem á frumkvæði að skýrslugerðinni.

Um 9. gr.

Vilji alþingismaður óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess, gerir hann það með fyrirspurn í sameinuðu þingi. Í núverandi þingsköpum er einnig talað um að „beiðast skýrslu ráðherra“. Það er fellt niður, enda er gert ráð fyrir sérstökum reglum um skýrslur, sbr. næstu grein hér á undan. Er ætlazt til, að fyrirspurnir séu skýrar, um afmörkuð atriði eða mál, og sé við það miðað, að hægt sé að svara þeim í stuttu máli. Hér er einnig ákveðið, að fyrirspurn skuli fjalla um opinbert málefni, er ráðherra ber ábyrgð á. Er það gert til að leggja áherzlu á, að einungis á að spyrja um slík málefni. Í þessu mun hins vegar ekki felast frekari takmörkun en verið hefur í reynd. Í greinina er sett það nýmæli, að þingmaður getur óskað skriflegs svars. Er það eftir danskri fyrirmynd. Rétt þykir að leyfa þessa aðferð til að afla upplýsinga, ef hún þykir heppilegri í einstökum tilfellum.

Forseti ákveður samdægurs, hvort fyrirspurn skuli leyfð eða ekki. Er forseta fengið þetta vald til þess að spara tíma. Ekki þarf að bíða fundar í sameinuðu þingi, eins og nú er. Ef vafi er um það, hvort fyrirspurn skuli leyfð eða ekki, má skjóta málinu til sameinaðs þings.

Á sérstökum fundi í sameinuðu þingi skal forseti taka á dagskrá munnlegar fyrirspurnir, er leyfðar hafa verið í síðasta lagi fjórum virkum dögum fyrir fund-

inn. Orðin „munnlegar fyrirspurnir“ eru hér notuð um þær fyrirspurnir, þar sem óskað er munnlegs svars. Hér er gert ráð fyrir sérstökum fundi í sameinuðu þingi. Er þá ætlazt til, að hann komi til viðbótar við fundi í sameinuðu þingi, er fjalla um önnur mál þar. Þá er fresturinn til að svara styttur úr einni viku í 4 virka daga.

Varðandi umræður um fyrirspurn er gerð sú breyting, að ræðutími ráðherra er takmarkaður. Hann má ekki tala lengur en tíu mínútur í senn og að jafnaði ekki oftar en tvisvar. Er með þessu stefnt að því að stytta umræður um fyrirspurnir, svo að önnur mál komist einnig að. Samtímis því, að ætlazt er til þess, að svör styttist, er gert ráð fyrir, að þau komi fyrr og komi á þann hátt að meiri notum.

Ef skriflegs svars er óskað, skal það sent forseta eigi síðar en sex virkum dögum eftir að fyrirspurn var leyfð. Forseti sendir fyrirspyrjanda svarið. Skal prenta fyrirspurn og svar í Alþingistíðindum. Er gert ráð fyrir, að aðrir þingmenn geti einnig fengið svarið, ef þeir óska þess.

Um 10. gr.

Hér er um að ræða nýtt ávarpsform. Þingmenn hafa um langt árabil verið kenndir við kjördæmi eða kosningu, en ekki nefndir með nafni. Undantekning var þó gerð við útvarpsumræðu, þá á þingmaður, sem beinir máli sínu til annars, að nefna hann með nafni. Eftir síðustu kjördæmabreytingu verður þetta ávarpsform nokkru erfiðara í framkvæmd, þar eð kjördæmakjörnir þingmenn og landskjörnir hafa hver sitt númer. Þykir mörgum það hvimleitt og stirt. Hér er því lagt til, að þingmenn verði kenndir við kosningu eða kjördæmi að viðbættu nafni.

Um 11. gr.

Til afbrigða frá þingsköpum þurfti áður ekki aðeins samþykki sameinaðs þings eða deildar, oft aukinn meiri hluta, heldur og leyfi ráðherra. Árið 1952 var ákvæðunum um afbrigði breytt í það horf, að það nægði, ef ráðherra neitaði ekki um afbrigðin. Þetta ákvæði um rétt ráðherra til að neita um afbrigði mun ekki hafa verið notað, og þykir ekki ástæða til að halda því. Er það því fellt niður.

Um 12. gr.

Hér er um þá breytingu að ræða, að forseti getur ákveðið hlutfallskosningu, þegar kjósa á um tvo menn eða fleiri í þingdeild eða sameinuðu þingi. Er það í samræmi við venju í þessu efni, sem rétt þykir að lögfesta. Ákvæðið um, að 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri og 9 í sameinuðu þingi geti krafizt hlutfallskosningar, helzt óbreytt.

Í b-lið er gerð sú breyting, að það er tekið fram, að ef kosnir eru aðalmenn og varamenn, þá eigi listi, sem hlotið hefur mann eða menn kosna, rétt til jafnmargra varamanna í þeirri röð, sem þeir eru á listanum. Hér er gert ráð fyrir, að í slíkum tilfellum fái hver listi jafnmarga varamenn og aðalmenn. Til þess að tryggja þetta þarf samtímis að kjósa aðalmenn og varamenn, en ekki fyrst aðalmenn og síðar varamenn, eins og tíðkazt hefur fram að þessu.

Um 13. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Í stað útvarps fjárlagaræðu og umræðu um hana er hér ákveðið, að innan tveggja vikna frá þingsetningu skuli útvarpa stefnuræðu forsætisráðherra og umræðu um hana. Hér er líka það nýmæli, að ræðutími forsætisráðherra er takmarkaður við hálfa klukkustund og fulltrúa annarra þingflokka við 20 mínútur. Í seinni umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða. Er með þessu að því stefnt að stytta útvarpsumræður hverju sinni. Með þessu ákvæði fást í byrjun þings almennar umræður um helztu stefnumál stjórnarinnar og stjórnarandstöðunni gefst tækifæri til að koma á framfæri sínum sjónarmiðum.

Um 14. gr.

Hér er um að ræða hina svonefndu eldhúsdagsumræðu, sem áður fór fram við framhald 1. umr. um fjárlög, en á síðari árum hefur verið venja að slíta úr tengslum við fjárlög og hafa í þinglok. Hér er gert ráð fyrir að lögfesta þá venju, sem myndazt hefur að þessu leyti, en takmarka umræðuna við eitt kvöld, þar sem hver þingflokkur hefur samtals til umráða þrjá stundarfjórðunga, er skiptast í þrjár umferðir, 20, 15 og 10 mínútur. Er hér enn talið heppilegt að stytta útvarpsumræðuna.

Um 15. gr.

Samkvæmt gildandi þingsköpum er ekki skylt að útvarpa umræðu um vantraust. Hér er lagt til, að skylt skuli að útvarpa umræðunni, ef níu þingmenn krefjast þess.

Um 16. gr.

Ef útvarpað er umræðu um önnur mál en þau, er í 51. og 53. gr. segir, fær hver þingflokkur þrjátíu mínútur til umráða. Mál þau, sem 51. og 53. gr. eiga við, eru stefnuræður forsætisráðherra og almennar stjórnmálaumræður. Um önnur mál er útvarpsumræðan aðeins hálftími fyrir hvern þingflokk, 20 mínútur í fyrri umferð og 10 mínútur í þeirri síðari.

Hér er enn styttur umræðutíminn. Í gildandi þingsköpum fær hver flokkur 45 mínútur til umráða.

Í síðari málsgreininni er ákveðið, að umræða geti haldið áfram, eftir að útvarpsumræðu er lokið. Er þetta ákvæði sett vegna styttingar útvarpsumræðunnar og eins vegna hins, að nauðsynlegt getur verið að gefa þingmönnum tækifæri til að mæla fyrir breytingartillögum sínum.

Um 17. gr.

Ef allir þingflokkar og forseti eru sammála, þykir ekki ástæða til að útiloka, að hægt sé að víkja frá ákvæðunum hér á undan um ræðutíma. Ef þannig stendur á, er hægt að ná sama marki með afbrigðum frá þingsköpum. Þykir því rétt að heimila berum orðum slík frávik frá ákvæðunum um ræðutíma.

Um 18. gr.

Þetta er nýmæli. Hér er ákveðið, að þingflokkur geti óskað, að útvarpað verði þingfundi eða hluta af þingfundi. Gilda þá venjulegar þingskapareglur um röð ræðumanna og ræðutíma.

Um 19. gr.

Þetta er einnig nýmæli. Hér er það Ríkisútvarpið, sem hefur frumkvæði um að útvarpa umræðu eða hluta af umræðu. Forseti ákveður, að höfðu samráði við formenn þingflokka, hvort leyfa skuli útvarp umræðu eða ekki. Með þessu er tryggt, að forseti getur hlutazt til um, að beiðni um slíkt útvarp komi með hæfilegum fyrirvara og að framkvæmdin sé viðunandi.

Um 20. gr.

Hér er ákveðið, að í þessum kafla sé orðið útvarp notað um hljóðvarp og enn fremur, eftir því sem við á, um sjónvarp. Að því er til sjónvarps tekur, er hér um nýmæli að ræða. Er ákveðið, að ákvæðin skuli gilda um sjónvarp, eftir því sem við verður komið. Á þessu stigi er ekki unnt að setja ýtarleg ákvæði um sjónvarp frá Alþingi. Verður fyrst að fá reynslu í þessu efni. Talið er heppilegt, að sjónvarp standi skemur en hljóðvarp, ef unnt er að koma því við.

Um 21. gr.

Hér vísast til greinargerðar um 11. gr.

Um 22. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

ÚTVARP FRÁ ÞJÓÐÞINGUM

Samkvæmt ósk milliþinganefndar þeirrar, er unnið hefur að endurskoðun þingskapa, hefur skrifstofa Alþingis útvegað allmikið af upplýsingum um útvarp (hljóðvarp og sjónvarp) frá þjóðþingum annarra landa.

Hér fer á eftir yfirlit um þessi mál, byggt á þeim gögnum, sem aflað hefur verið, en þau eru aðallega skýrsla brezkrar þingnefndar um útvarp frá neðri deildinni og upplýsingar frá Norðurlöndum.

1. Nýja-Sjáland.

Nýsjálenzka ríkisstjórnin ákvað 1936, að hljóðvarpa skyldi öllum þingfundum í heild, og hefur það verið gert síðan. Sérstakar sendistöðvar í helztu borgum landsins annast þetta hlutverk.

Útvarp hefst hvern fundardag kl. 2.30, þegar forseti gengur í salinn. Eftir formsatriði er á hverjum degi spurningatími í nákvæmlega 20 mínútur. Síðan er gengið til dagskrár, og enda fundir kl. 10.30 síðdegis, nema sérstök ástæða þyki til að halda áfram.

Ræðutími þingmanna er takmarkaður við 20 mínútur. Í fjárlagaumræðu eru aðalræður 30 mínútur, og framsöguræður ráðherra eru einnig 30 mínútur. Hægt er að leyfa lengri ræður, og fyrir kemur, að forsætisráðherra og formaður stjórnarandstöðu fái ótakmarkaðan tíma.

Viðurkennt er, að nýsjálenzkir þingmenn tali stundum meira til hlustenda (m. a. í kjördæmum sínum) en til þingsins, en það þykir ekki óeðlilegt. Þingmenn eru 80. Þeir sækjast eftir að fá að tala um klukkan 19.30, sem er talinn bezti hlustunartíminn. Virðast flokksverðir (whips) ráða miklu um það, hvenær þingmenn komast að. Ráðherrar þykja djarftækir til bezta tíma, ef þeir þurfa að ávarpa þjóðina.

Nýsjálenzka útvarpið hefur komizt að þeirri niðurstöðu samkvæmt hlustunarrannsóknum sínum, að 2—3% þjóðarinnar hlýði að jafnaði á útvarp frá þinginu, en sú tala sé meiri á vissum tímum og verði mun meiri, þegar stórmál eru til umræðu. Þetta útvarp er nú talið föst hefð, og heyrast sjaldan raddir um, að það skuli afnumið.

Nýsjálendingar líta allt öðrum augum á sjónvarp úr þingsölum. Þeir óttast hálftóma þingbekki löngum stundum á fundartíma. Hins vegar sjónvarpa þeir þingsetningu og öðrum hátíðlegum athöfnum.

2. Ástralía.

Ástralíumenn hafa sama hátt á og Nýsjálendingar. Þeir hljóðvarpa þingfundum í heild. Í stórum dráttum er kerfið hið sama, en sitthvað er ólíkt í einstökum atriðum.

3. Bandaríkin.

Venjulegum fundum öldungadeildar eða fulltrúadeildar bandaríska þingsins hefur aldrei verið hljóðvarpað eða sjónvarpað. Um þetta er ekki stafur í þingsköpum, en ráðamenn beggja deilda hafa neitað beiðnum útvarpsfélaga um slíkt útvarp. Hins vegar er hvort tveggja leyft á sameiginlegum fundum, þegar tignir gestir ávarpa þingið, svo sem er forseti landsins talar þar, sem er að jafnaði aðeins einu sinni á ári.

Nefndafundir eru þýðingarmiklir í Washington, sérstaklega er nefndir kalla fyrir sig borgara til yfirheyrslu eða ráðgjafar. Öldungadeildin hefur leyft hljóðvarp og sjónvarp frá slíkum fundum, en fulltrúadeildin ekki. Hefur það sjónvarp oft á tíðum vakið mikla athygli.

Útvarpsfélögin, sem eru einkafyrirtæki, ákveða, hvort og hvenær þau óska eftir útvarpi úr nefnd. Formenn nefnda veita þá leyfi, sem mun ávallt hafa verið gert, þegar um opna fundi hefur verið að ræða. Útvarpsfélögin ráða, hvort þau útvarpa hluta fundar eða fundi öllum. Þau ráða, hvort þau flytja ræður í heild eða útdrætti úr þeim, og gera þá útdrættina sjálf. Þau ráða með öðrum orðum, hvernig þau nota það efni, sem þau taka upp í þinghúsinu.

Í bandarískum lögum um útvarp er lögð sú kvöð á hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar, að þær veiti stjórnmálaflokkum „jafnan tíma“ í dagskrá. Þýðir þetta í reynd, að stóru flokkarnir fái jafnan tíma fyrir kosningar (auk þess tíma, sem þeir kaupa fullu auglýsingaverði). Þessi regla hefur ekki verið talin gilda um útvarp frá þingnefndum. Útvarpsfélögin meta eftir fréttagildi, hvaða ræður þingmanna þau taka. Hins vegar gilda þingsköp um ræðutíma og ræðuröð þingmanna eins, hvort sem útvarpað er eða ekki.

4. Kanda.

Kanadamenn hafa í aðalatriðum fylgt sömu venjum og Bretar og ekki leyft hljóðvarp eða sjónvarp úr þingsölum, nema við hátíðlegar athafnir eins og þingsetningu.

5. Ítalía.

Ítalir sjónvarpa beint úr þingsölum við sérstakar athafnir, t. d. kosningu forseta lýðveldisins, kynningu nýrrar ríkisstjórnar eða umræðu stórmála, sem ekki eru pólitísk í eðli sínu.

Forsætisráðuneytið hefur lokaorð um, hvort útvarpa skuli umræðum um önnur mál, en ítalska útvarpið, R. A. I., er undir sterkum áhrifum ríkisvaldsins. Sé ákveðið að hljóðvarpa eða sjónvarpa, býr R. A. I. til úr umræðunni rúmlega klukkustundar dagskrá. Getur hver flokkur átt von á, að fluttur verði um 5 mínútna útdráttur úr ræðu hans manns. Að auki er gefið heildaryfirlit yfir umræðurnar.

R. A. I. flytur annars daglega 15 mínútna yfirlit yfir það, sem gerzt hefur á þingi, og í vikulok yfirlitsþátt um liðna viku á þingi.

6. Frakkland.

Beint útvarp frá franska þinginu tíðkast ekki. Hins vegar flytur franska ríkisútvarpið, O. R. T. F., oft í hljóðvarpi og sjónvarpi útdrátt úr umræðum á þingi, þó sjaldan lengri en 15 mínútur í heild. Útvarpið velur ræðumenn og þætti úr ræðum þeirra. Hefur stjórnarandstaðan kvartað sáran undan misrétti, en fengið litla áheyrn.

Yfirstjórn útvarps frá þingi er í höndum dagskrárnefndar, sem kosin er hlutfallskosningu á þinginu. Ákvæði um útvarp eru engin, en það látið heyra undir almenna stjórn þingsins, sem þessi nefnd fer með. Sérstök undirnefnd hefur þó verið sett í útvarpsmál, og hafa Gaullistar tryggan meiri hluta í báðum nefndum.

7. Sviss.

Ekki hefur verið hljóðvarpað eða sjónvarpað umræðum í svissneska þinginu, heldur aðeins sérstökum athöfnum. Ekki mun beint útvarp vera fyrirhugað, þar sem umræður í heild þykja of langar og leiðinlegar, en útdrættir eru taldir bjóða ranglæti heim. Ef til vill ræður þó úrslitum, að í landinu eru töluð fjögur tungumál.

Svissneska útvarpið hyggst nú koma upp útvarpssal og starfsliði skammt frá þinghúsinu í Bern, og er ætlunin að taka þar upp efni með þáttöku þingmanna.

8. Belgía.

Beint útvarp frá belgíska þinginu hefur ekki verið tekið upp. Mun forseti öldungadeildar vera því hlynntur, en forseti fulltrúadeildar mjög andstæður. Belg-

íska útvarpið mun ekki hafa sótt þetta mál fast, enda við það sérstaka vandamál að etja, að tvö tungumál eru í ríkinu (franska og flæmska) og allt útvarp því nálega tvöfalt.

9. Holland.

Undanfarin ár hefur oft verið hljóðvarpað og sjónvarpað mikilsverðum umræðum frá fulltrúadeild hollenzka þingsins. Hefur slíkt útvarp verið háð leyfi frá skrifstofustjóra.

Nefnd hefur fjallað um endurskoðun þingskapa í Hollandi, og gerði hún tillögur um föst ákvæði varðandi hljóðvarp og sjónvarp frá þingi. Ekki hefur frétzt um afdrif þess máls.

10. Vestur-Þýzkaland.

Mikilvægum umræðum er oft hljóðvarpað úr Sambandsþinginu í Bonn. Ef það er ekki gert, eru fluttir útdrættir í kvölddagskrá. Þýzka útvarpið óskar eftir slíku hljóðvarpi, er því þykir ástæða til, og þingið hefur ávallt veitt leyfi.

Síðustu ár hefur umræðum einnig oft verið sjónvarpað beint úr þingsal, en oftar hefur verið sjónvarpað af segulbandi útdrætti úr umræðum. Könnun hefur leitt í ljós, að 1—3% hafi horft á beinar sendingar úr þingsal fyrir hádegi, 4—14% síðdegis, en allt að 29% horft á útdrætti að kvöldi.

Hið tvíþætta þýzka sjónvarp (ARD og ZDF) hefur sett sér meginreglur varðandi sjónvarp frá þingi. Þær eru:

1. Það sé grundvallarregla, að hvor stofnunin (ARD eða ZDF) um sig taki ákvörðun um, hvort hún vilji sjónvarpa frá þingi eða ekki.
2. Aðeins skal sjónvarpa mikilsverðustu umræðum.
3. Sé ákveðið að sjónvarpa beint, skal útsending ekki vera lengur en til kl. 6 síðdegis. Þá skal sú sjónvarpsstofnunin, sem ekki sendi beint frá þingi, flytja útdrátt síðar um kvöldið.

Ekki hefur frétzt, hvort þingið hefur samþykkt þessar reglur.

11. Bretland.

Bretar hafa hingað til ekki leyft hjóðvarp, sjónvarp, myndatöku eða kvikmyndatöku í deildum brezka þingsins, þar til þingsetningu var nýlega sjónvarpað og myndir teknar af þeirri athöfn í fyrsta sinn.

Mikið hefur verið um það rætt í Bretlandi undanfarin missiri, hvort ekki sé rétt að breyta þessu og taka upp útvarp frá þingi í einhverju formi. Skipaði neðri deildin nefnd til að athuga þetta á þinginu 1964—65 og aðra 1965—66. Loks var þriðja nefndin skipuð í maí 1966, og lauk hún störfum sama ár um haustið. Var skýrsla hennar mjög ýtarleg og er að ýmsu leyti fróðlegasta rit, sem til er um þessi mál.

Niðurstöður nefndarinnar voru þessar:

1. Samfellt lifandi hljóðvarp eða sjónvarp af flestum eða öllum fundum neðri deildar er hvorki framkvæmanlegt sé æskilegt.
2. Neðri deild gæti látið hljóð- og myndrita alla fundi deildarinnar og afhent brezku útvarpsfélögunum það efni, svo að þau gætu valið úr því til nota í hljóðvarps- eða sjónvarpsdagskrám sínum. Þetta segulband gætu aðrir aðilar heima og erlendis einnig fengið að nota.
3. Ákveða skal að gera tilraun með lokað sjónvarp úr deildinni, sem þingmenn einir gætu séð. Að fenginni þeirri reynslu skal deildin ákveða, hvort gera skuli varanlegar ráðstafanir til útvarps úr deildinni.

Stöðugu sjónvarpi úr neðri deild var hafnað vegna gífurlegs kostnaðar við að koma upp sérstöku sendikerfi um land allt til þeirra nota, svo og af því, að vafasamt þótti að hafa deildina daglangt fyrir augum alþjóðar.

Annar liður gerir ráð fyrir, að komið sé fyrir í sal deildarinnar sjónvarpstækjum, sem þyrftu að vera mörg, þar sem þingmenn tala úr sætum sínum, en ræðustóll er enginn. Var hugmyndin sú, að þingið kostaði þetta kerfi og rekstur þess, en byði þeim, sem hafa vildu, hljóð- og myndritun af fundum deildarinnar. Var búizt við, að útvarpsfélögin mundu að jafnaði nota nokkrar mínútur af slíku efni á dag. Nokkuð var rætt um, hver ætti að ráða vali efnisins. Þótti sumum það vandamál, en flestir töldu sjálfsagt að treysta útvarpsfélögunum fyrir því, eins og blöðum er treyst til að segja frá því, sem þeim þóknast, frá þingi.

Lávarðadeildin samþykkti, að gerð skyldi sú tilraun með lokað sjónvarp, sem nefndin lagði til.

Miklar umræður urðu um málið í neðri deildinni 23. og 24. nóvember 1966, og lauk málinu á þá leið, að tillagan um tilraunina var felld með 131 atkvæði gegn 130. Í deildinni eiga sæti 640 þingmenn.

Brezka ríkisútvarpið, BBC, hlaut leyfi til að fjalla um deilumál 1928 og hefur síðan talið útbreiðslu á pólitískri þekkingu eitt af hlutverkum sínum. Síðasta samkomulag milli BBC og flokkanna þriggja var gert 1947. BBC er sjálfrátt um samtalsþætti, fréttaauka og annað slíkt efni um stjórnmál. Hins vegar er samkomulag um, að flokkarnir megi tilnefna menn til að flytja tiltekin erindi, sem kölluð eru „Party Political Broadcasts“. Útvarpið ákveður tímann, og er venjulega gerð áætlun fyrir heilt ár í einu. Flokkarnir ákveða menn, efni erindanna og hvort þau eru notuð til að svara öðrum flokkum eða ekki. Fyrir árið 1965 varð samkomulag um eftirfarandi útsendingar:

Sjónvarp.

Verkamannaflokkur 5 erindi (2×15 mín. og 3×10 mín.).
Íhaldsflokkur 5 erindi (2×15 mín. og 3×10 mín.).
Frjálslyndi flokkurinn 2 erindi (2×10 mín.).

Þessum erindum var sjónvarpað samtímis af ríkisútvarpinu, BBC, og einkasjónvarpinu, ITV, kl. 9.30 að kvöldi.

Hljóðvarp.

Verkamannaflokkur 6 erindi (3×10 mín. í almennri dagskrá, en 3×5 mín. í léttu dagskránni).

Íhaldsflokkurinn 6 erindi (3×10 mín. í almennri dagskrá, en 3×5 mín. í léttu dagskránni).

Frjálslyndi flokkurinn 2 dagskrár (1×10 mín. í almennri dagskrá, en 1×5 mín. í léttu dagskránni).

BBC hljóðvarpaði þessum erindum kl. 10.10 að kvöldi í almennu dagskránni (Home Service) og kl. 6.40 síðdegis í léttu dagskránni (Light Programme).

Þá varð samkomulag um það fyrir árið 1945 í fyrsta sinn, að þjóðernisflokkar í Skotlandi og Wales skyldu fá að koma fram í útvarpi. Fékk hvor flokkur eitt 5 mín. erindi í hljóðvarpi og annað í sjónvarpi.

Samkomulagið fyrir 1945 gerði ráð fyrir 140 mín. sjónvarpstíma, en hann hafði áður verið 175 mín. á ári. Í hljóðvarpi 105 mínútur í stað 120 áður.

12. Finnland.

Helztu útsendingar frá þingi eða um þingstörf eru þessar í Finnlandi:

1. Beint hljóðvarp frá þingsetningu, þinglausnum og veigamestu umræðum. Síðast liðið haust bað þingið þess, að ekki væri sjónvarpað beint, og mun það mál vera í athugun hvað framtíðina varðar. Telja útvarpsmenn, að rétt verði að hljóðvarpa veigamestu umræðum, en flytja aðeins stutta útdrætti í sjónvarpi.

   Reynsla hefur sýnt, að ókleift er að hljóðvarpa umræðum í heild. Hefur verið valinn sá kostur að taka aðeins frummælendur, til dæmis ráðherra, og aðalræðumann hvers flokks.

2. Útvarpað er — oft bæði í hljóðvarpi og sjónvarpi — yfirliti um þingstörf dagsins, sem getur orðið allt að 30—45 mínútur að lengd. Er þetta efni oft sent með kvöldfréttum. Ræðumenn eru valdir eftir sömu reglu og að ofan var nefnd. Er venja, að menn fái sjálfir að ráða, hvaða brot úr ræðu þeirra er tekið. Einnig er venja að taka sem næst jafnlangan ræðuhluta frá hverjum.
3. Finnska hljóðvarpið flytur vikulega yfirlit um þingstörf, og er þar mikið um ræðustúfa af segulbandi til að leiða fram með eigin röddum þingmanna aðalatriði úr mikilvægustu ræðum. Þessir ræðuhlutar eru valdir af þingfréttastjóra. Sjónvarp hefur ekki sambærilegt vikuyfirlit.

Oft eru flutt stutt viðtöl eða yfirlýsingar stjórnmálamanna í almennum fréttum. Fer þá eftir eðli máls, hvort fulltrúar eru frá öllum flokkum eða ekki. Reynt er að láta fulltrúa allra flokka koma fram á löngu tímabili, en þó er talið óhjákvæmilegt, að menn stóru flokkanna komi oftar fram en hinna minni.

13. Svíþjóð.

Svíar hafa lengi hljóðvarpað frá báðum deildum Ríkisdagsins, og hefur sænska útvarpið leyfi til að taka án sérstakrar samþykktar eftir eigin vali ræður eða ræðukafla til að nota í hljóðvarpi, til dæmis í fréttum.

Fyrsta sjónvarp frá fundum Ríkisdagsins var 1957, en það jókst verulega eftir 1962. Frumkvæði að sjónvarpssendingum er hjá útvarpinu, en leyfi þarf að fá hjá þinginu og veitir Talemanskonferancen (forsetar, varaforsetar, formenn nefnda o. fl.) það. Hefur leyfi ávallt verið veitt. Er þá sjónvarpað beint frá umræðu, eins lengi og útvarpið sér ástæðu til. Síðan velur útvarpið sjálft útdrætti til að senda síðar, til dæmis í fréttum eða sérstökum yfirlitsþáttum.

Sænska útvarpið hefur heimild til að taka 16 mm kvikmyndir í þingsölum eftir vild án sérstaks leyfis og nota þær eins og því sjálfu þóknast.

Sjónvarp frá þingi þykir svo sjálfsagt í Svíþjóð, að vart er um það deilt lengur. Í fyrstu var álitið, að þingmenn töluðu að nokkru leyti fyrir sjónvarpið, en fullyrt er, að það gerist nú ekki lengur, og verði ekki betur séð en þeir viti varla um útsendingu. Stöku sinnum heyrast kvartanir um val fréttamanna útvarpsins í útdráttum, en þær kvartanir eru ekki taldar alvarlegar.

14. Danmörk.

Danir hafa hljóðvarpað frá þingfundum í meira en þrjá áratugi. Danska Ríkisútvarpið hefur aðstöðu í þinghúsinu til að taka á segulband allt, sem sagt er. Af þessu bandi notar útvarpið eins og því sjálfu sýnist án sérstaks leyfis. Er hefð að taka jöfnum höndum frá hinum ýmsu flokkum eða stjórn og stjórnarandstöðu, eftir því sem efnið leyfir. Þá er stundum (2—3 sinnum á ári) hljóðvarpað umræðum heil kvöld. Í vikuyfirliti útvarpsins af störfum þingsins er mikið notað af stuttum upptökum með ræðubrotum þingmanna.

Hér fer á eftir útdráttur úr upplýsingum, sem Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn hefur útvegað um sjónvarp frá danska þinginu:

Þegar fréttastofa danska sjónvarpsins (TV-Avisen) var sett á fót, var fimm af tólf fréttamönnum falið að annast fregnir af stjórnmálum og efnahagsmálum. Þar af áttu tveir að sjá um fréttir frá þingi. Áður hafði verið gert samkomulag við forseta og skrifstofu þingsins um aðstöðu til upptöku. Var leyft að kvikmynda í þingsal og tryggt rúm í sendiherrastúku fyrir myndavél. Lýsing í salnum var aukin.

Við mikilverðustu umræður eða atburði í þjóðþinginu kemur utanhússjónvarp til skjalanna. Í öðrum þýðingarmiklum málum eru verulegir hlutar umræðu kvikmyndaðir. Er tekinn 2—3 mínútna útdráttur úr ræðu hvers þingmanns og fluttur með síðustu fréttum, en gefið örstutt yfirlit um ræðuna á undan mynd ræðumanns. Þingfréttaritarar segja frá öðrum umræðum.

Sjónvarpið hefur nýlega fengið 25 fermetra herbergi til afnota í þinghúsinu, og þar eru tekin upp stutt viðtöl eða yfirlýsingar. Að auki eru oft viðtöl við stjórnmálamenn í venjulegum sjónvarpsfréttum, og á hverju mánudagskvöldi fylgir síðustu fréttum pólitískt spjall (kronik) undir heitinu „Dagsordenen".

Samkomulag er um það við stjórnmálaflokkana, að fréttastofa sjónvarpsins ráði sjálf, hvaða yfirlýsingar stjórnmálamanna hún biðji um eða sendi út. Er því ekki gerð krafa um jöfnuð milli flokka, en hins vegar um hlutlaust fréttamat. Hefur oft komið fyrir, að flokkar hafi óskað skýringa á fréttum af þessu tagi, en þeir hafa ekki sagt samkomulaginu upp.

15. Noregur.

Norðmenn hafa hljóðvarpað mikið frá Stórþinginu síðan í ófriðarlok. Norska Ríkisútvarpið hefur frumkvæði um slíkar sendingar og fær leyfi þingforseta, en það hefur ávallt verið veitt. Þó þarf ekki sérstakt leyfi til að útvarpa broti úr ræðu þingmanns í fréttum eða fréttayfirlitum, nema hvað áskilið er, að í heild sé pólitískt jafnvægi í slíkum fréttaflutningi. Útvarpið hefur hljóðnema í ræðustólum þingsins, línu þaðan til útvarpshúss og tekur allt upp til að geta valið hvaða brot sem fréttamönnum þóknast að nota.

Stundum er hljóðvarpað heilum umræðum eða hluta af umræðum. Einnig eru umræður hljóðritaðar og gerður úr þeim útdráttur, sem er sendur út síðar til að raska sem minnst venjulegri dagskrá.

Nokkrum sinnum hefur verið sjónvarpað beint úr sölum Stórþingsins, og eru þær sendingar í röð hins merkasta og vinsælasta sjónvarpsefnis, sem Norðmenn hafa séð. Leyfi forseta þarf hverju sinni.

Norska útvarpið lætur taka fréttakvikmyndir í þinginu eins og annars staðar og velur úr þeim eftir eigin vild til nota með frásögnum þingfréttamanna.

Lokaorð.

Það er athyglisvert við þær upplýsingar, sem fyrir liggja um hljóðvarp og sjónvarp frá þjóðþingum, að þar er ekki að finna eitt einasta dæmi um útvarp frá þingi, sem svipar til þess kerfis, sem Íslendingar hafa haft á fjórða áratug. Það er líklega einsdæmi, að ákvæði um slíkt sé í þingsköpum og að skylda sé að útvarpa tilteknum umræðum. Er sú skipan mitt á milli nýsjálenzka og ástralska kerfisins annars vegar og hins vegar þess, sem flest önnur lönd búa við.

Þá er það yfirleitt regla í þeim löndum, sem hér hafa verið talin, að útvarpið hafi frumkvæði um útsendingu umræðna og fái leyfi þingsins, nema hvað yfirleitt þarf ekki leyfi fyrir brotum úr ræðum, sem notuð eru með fréttum.

Ed. 278. Breytingartillögur [36. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

Frá allsherjarnefnd.

1. 1. gr. orðist þannig:

   Á eftir 1. mgr. 5. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

   Í fólksbifreiðum, sem flytja mega 8 farþega eða færri, og vörubifreiðum, sem skráðar eru fyrir allt að 1000 kg farm (sendiferðabifreiðum) og skráðar eru í fyrsta sinn eftir 1. janúar 1969, skulu vera öryggisbelti fyrir ökumann og farþega í framsæti. Ákvæði þetta gildir frá sama tíma um allar kennslubifreiðar og bifreiðar, sem leigðar eru án ökumanns. Óheimilt er að nota önnur öryggisbelti en þau, sem bifreiðaeftirlit ríkisins hefur viðurkennt.
2. 2. gr. falli niður.

Nd. 279. Frumvarp til laga [131. mál]

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Flm.: Geir Gunnarsson, Jón Sn. Þorleifsson, Ragnar Arnalds, Sigurvin Einarsson, Þórarinn Þórarinsson, Stefán Valgeirsson.

1. gr.

Upphaf 15. gr. laganna orðist svo:

Rétt til bóta samkvæmt lögum þessum hafa þeir menn 16 ára og eldri, sem:

2. gr.

Síðari málsgr. 15. gr. laganna falli niður.

3. gr.

F-liður 16. gr. laganna falli niður.

4. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Atvinnuleysisbætur skulu vera kr. 248.00 á dag fyrir einhleypan mann, kr. 284.00 á dag fyrir kvæntan mann og kr. 24.00 á dag fyrir hvert barn yngra en 16 ára, sem er á fullu framfæri bótaþega.

Hámark bóta til einstaklings að meðtöldum bótum vegna barna má nema kr. 356.00 á dag.

Ofanskráðar upphæðir eru grunnupphæðir og skulu fylgja breytingum, sem verða kunna á 2. kauptaxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík.

Eigi má gera fjárnám eða lögtak í bótafé samkv. lögum þessum né halda því til greiðslu opinberra gjalda.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um atvinnuleysistryggingasjóð voru sett 1956 sem þáttur í lausn hinna miklu vinnudeilna, er urðu á árinu 1955. Samþykktu verkalýðsfélögin þá að draga úr kröfum um launahækkun gegn því, að byggður yrði upp atvinnuleysistryggingasjóður með iðgjöldum atvinnurekenda og framlögum úr ríkissjóði og sveitarsjóðum, sem færð yrðu á sérreikning viðkomandi stéttarfélaga.

Á undanförnum árum hafa iðgjöld sjóðsins hlaðizt upp, þar sem naumast hefur verið um atvinnuleysi að ræða, nema á stöku stað úti á landi, og er atvinnuleysistryggingasjóður nú stærsti sjóður landsins. Munu eignir hans nema meir en 1 þús. millj. króna.

Nytsemi sjóðsins hefur til þessa einkum komið fram í því, að fé hans hefur verið lánað til atvinnuuppbyggingar víðs vegar um landið. Nú þegar atvinnuleysi er tekið að herja á ný í ríkum mæli, reynir á, hver raunverulegur styrkur verkafólki er að þessari eign sinni til tryggingar daglegri afkomu. Án efa hefur mönnum almennt komið á óvart, hversu knappar þær greiðslur eru, sem lögin gera ráð fyrir, að atvinnuleysingjar fái úr sjóðnum, en samkvæmt þeim reglum nema atvinnuleysisbætur til einhleypinga 823 kr. á viku, en hámarksgreiðslur til fjölskyldna nema 1256 kr. á viku. Miðað við núgildandi verðlag á neyzluvörum og húsnæði fer því mjög fjarri, að þessar upphæðir geti talizt nálgast það að vera nægilegar. Hafa því komið fram háværar raddir frá félagsmönnum verkalýðsfélaga, sem eru eigendur sjóðsins, um, að heimilaðar verði hærri bótagreiðslur. Til þess þarf lagabreytingu á Alþingi.

Alþt. 1967. A. (88. löggjafarþing). 157

3. þing Verkamannasambands Íslands, sem haldið var 3. og 4. febrúar s. l., samþykkti einróma ákveðnar tillögur um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og skoraði á Alþingi að tryggja framgang þeirra.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er byggt á þessum tillögum Verkamannasambands Íslands, og fylgja tillögur þess ásamt greinargerð sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Fylgiskjal.

Samþykkt Verkamannasambands Íslands um atvinnuleysistryggingar.

3. þing Verkamannasambands Íslands, haldið í Reykjavík 3. og 4. febrúar 1968, skorar á Alþingi að gera hið fyrsta eftirfarandi breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar:

1. Bótagreiðslur verði hækkaðar, þannig, að þær nemi eigi lægri upphæð á viku fyrir kvæntan mann, en sem nemur 80% af vikukaupi verkamanns í Reykjavík fyrir dagvinnu og 70% af sama vikukaupi fyrir einhleypan mann.
   Hámark bóta á viku til einstaklings, ásamt bótum vegna barna, megi vera sama upphæð og vikukaup verkamanns í Reykjavík fyrir dagvinnu.
2. Numið verði úr lögunum það ákvæði sem skilyrði fyrir bótagreiðslu, að menn hafi ekki á síðustu sex mánuðum haft tekjur, sem fara fram úr vissu hámarki.
3. Atvinnuleysisbætur verði greiddar til allra vinnufærra manna, sem lögin taka til og atvinnulausir eru, einnig þótt þeir séu orðnir 67 ára og njóti ellilífeyris.

Greinargerð.

Atvinnuleysisbætur fyrir kvæntan mann eru nú 931 króna á viku, en það er 45% af kaupi miðað við lágmarkstímakaup Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Einhleypur maður fær nú 823 kr. á viku, en það er 39.7% af lágmarkskaupi Dagsbrúnar. Hámark bóta getur nú numið 1256 kr. á viku, eða 60.5% af lágmarkskaupi Dagsbrúnar, en það er fyrir kvæntan mann með 3 börn. Augljóst er, hve fjarri þessar upphæðir eru því að nægja til framfæris, þegar miðað er við núverandi verðgildi peninga.

Með tillögum þeim, sem hér eru gerðar um upphæðir bóta, ef miðað er við lágmarkstaxta Dagsbrúnar, mundi kvæntur maður fá um 1655 kr. á viku, einhleypur maður um 1450 kr., og hámark bóta gæti orðið um 2070 kr. á viku.

Nú á sá maður ekki rétt til atvinnuleysisbóta, sem haft hefur í tekjur á síðustu sex mánuðum upphæð, sem fer fram úr 75% af tekjum verkamanna eða verkakvenna í Reykjavík, miðað við almenna dagvinnu og 300 vinnustundir á ári næstliðið ár. Hér er um allt of þröngt tekjumark að ræða, og þykir engin ástæða til þess, að það sé neitt, enda þekkjast slík tekjumörk ekki lengur í lögum um almannatryggingar.

Samkvæmt atvinnuleysistryggingalögunum, eins og þau nú eru, fær maður, sem orðinn er 67 ára og tekur ellilífeyri, engar atvinnuleysisbætur, þótt hann missi atvinnu sína og sé fullvinnufær. Ef sami maður slasaðist við vinnu, fengi hann fullar slysabætur með ellilaununum. Þetta misræmi verður að leiðrétta.

Atvinnuleysistryggingasjóðurinn, sem stofnaður var með samningum í vinnudeilunum miklu 1955, er nú orðinn öflugastur sjóða í landinu. Við stofnun hans sló verkafólkið af kaupkröfum sínum til að afla honum fjár. Það er því hluti af kaupi verkafólksins, sem geymdur er á þennan hátt sem tryggingasjóður þess gegn vágestinum mikla, atvinnuleysinu. Fyrsta skylda sjóðsins er að aðstoða hina tryggðu, og enginn á ríkari kröfu til hans en þeir.

Hér eru gerðar tillögur um breytingar á lögunum um atvinnuleysistryggingar til hagsbóta fyrir hina tryggðu. Breytingar þessar eru aðkallandi vegna hins alvarlega atvinnuleysis, sem nú gerir vart við sig víða um landið.

Sþ. 280. Tillaga til þingsályktunar [132. mál]

um embættaveitingar.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Jón Skaftason, Gísli Guðmundsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd hlutfallskosningu í sameinuðu þingi til að undirbúa heildarlöggjöf um embættaveitingar og starfsmannaráðningar ríkisins og ríkisstofnana, þar sem stefnt sé að því að tryggja sem óháðast og ópólitískast veitingavald og starfsmannaval. Nefndin skal kynna sér löggjöf og reglur um embættaveitingar í öðrum löndum og þá reynslu, sem þar hefur fengizt í þessum efnum. Þá skal nefndin einnig afla sér álits félaga embættismanna og annarra opinberra starfsmanna um það, hvernig þau telji þessum málum verða bezt skipað, þannig að framangreindur tilgangur náist.

Nefndin kýs sér sjálf formann.

Greinargerð.

Veitingavaldið er að langmestu leyti í höndum pólitískra ráðherra, og hefur svo verið síðan stjórnin fluttist inn í landið. Embættaveitingar hafa því oft viljað verða pólitískar, þótt aldrei hafi það verið augljósara en hin síðari ár. Sú hefð er óðum að skapast, að ekki komi aðrir menn til greina við veitingu meiri háttar embætta en þeir, sem hafa skilríki fyrir því, að þeir fylgi ríkisstjórninni eða flokkum hennar að málum. Hér er ekki aðeins um fullkomnustu rangsleitni að ræða, heldur hlýzt af þessu, að hið opinbera verður oft og tíðum að notast við lakari starfskrafta en ella.

Af framangreindum ástæðum er það bæði réttlætismál og hagsmunamál fyrir þjóðfélagið, að veitingavaldið verði fært sem mest úr höndum pólitískra ráðherra og lagt í hendur sem óháðastra aðila eða bundið ákveðnum reglum, sem miði að því að útiloka pólitíska eða persónulega hlutdrægni. Ýmis mismunandi form geta komið þar til greina, og þarf að athuga vandlega, hvað hentar bezt íslenzkum aðstæðum og reynist kostnaðarminnst í framkvæmd. Því er lagt til, að sérstakri nefnd verði falið að undirbúa heildarlöggjöf um þetta efni, þar sem jöfnum höndum verði stuðzt við erlenda reynslu og álit þeirra, sem mest hljóta að hugsa um skipan þessara mála hérlendis.

Nánara verður um þetta rætt í framsögu.

Sþ. 281. Tillaga til þingsályktunar [133. mál]

um endurskoðun á rekstri ríkissjóðs og ríkisstofnana, þar sem stefnt yrði að aukinni hagkvæmni og sparnaði.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Geir Gunnarsson, Ingvar Gíslason, Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd, er vinni að því ásamt hagsýslustjóra að endurskoða rekstur ríkissjóðs og ríkisstofnana, þar sem stefnt yrði að aukinni hagkvæmni og sparnaði. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1968 lýstum við flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu, sem mynduðum þá minni hl. fjárveitinganefndar, yfir því, að við

mundum síðar á þessu þingi flytja þingsályktunartillögu í þá átt, sem þessi tillaga stefnir. Ástæður til flutnings þessarar tillögu eru m. a. þessar:

Þrátt fyrir margendurtekin fyrirheit ríkisstjórnarinnar um aukinn sparnað og hagkvæmni í ríkisrekstrinum, þá hefur reynslan orðið sú, að aukin útþensla ríkiskerfisins hefur fylgt svo að segja hverjum nýjum fjárlögum, svo sem margoft hefur verið bent á. Nægir þar að nefna margfaldan kostnað við álagningu skatta með breyttu skipulagi þar á, fjölgun sendiráða auk fjölda nýrra stofnana, sem ekki skulu nefndar hér. Þá hefur á hinum síðustu árum verið tekin upp sú stefna af hálfu ríkisstjórnarinnar að breyta fjárlögum einum til tveimur mánuðum eftir að Alþingi hefur afgreitt þau, svo sem með niðurskurði verklegra framkvæmda, eins og gert var árið 1965 og aftur 1967 og stefnt er að nú árið 1968, sbr. ræðu fjármálaráðherra við 1. umræðu um frv. til laga um breytingar á tollskrá. Sá háttur hefur einnig verið hafður um afgreiðslu Alþingis um byggingu skóla.

Þá liggur það einnig fyrir, að tími sá, sem fjárveitinganefnd hefur til að vinna að athugun fjárlagafrv. hverju sinni, er of stuttur. Það ber því nauðsyn til, að starfstími fjárveitinganefndar verði lengdur frá því, sem nú er, svo og að auðvelda fjárveitinganefnd störf hennar og tryggja aðild hennar að undirbúningi fjárlagafrv., og að hún eigi auðvelt með að fylgjast með rekstri ríkissjóðs og ríkisstofnana, svo sem hún á fyrir hönd Alþingis að gera.

Það er skoðun okkar flutningsmanna, að nauðsyn beri til að taka upp nýja stefnu og ný vinnubrögð við undirbúning fjárlaga og við rekstur ríkisbúsins.

Nd. 282. Tillaga til þingsályktunar [134. mál]

um skipun nefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka ýmis atriði herstöðvamálsins.

Flm.: Ragnar Arnalds, Jónas Árnason, Jón Sn. Þorleifsson, Lúðvík Jósefsson, Geir Gunnarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa fimm manna nefnd í samræmi við 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka eftirtalin atriði varðandi dvöl Bandaríkjahers á Íslandi:

í fyrsta lagi, hvernig Íslendingar geta tryggt, að bandarískar flugvélar búnar kjarnorkuvopnum fljúgi ekki um íslenzka lofthelgi og lendi ekki á íslenzku landi, með hliðsjón af þeim atburðum, sem gerzt hafa í Thule á Grænlandi, þvert ofan í fyrri yfirlýsingar Bandaríkjamanna;

í öðru lagi, hvernig á því standi, að ekki hefur verið staðið við fyrri loforð um takmörkun hermannasjónvarpsins við herstöðina eina, hvers vegna sú tilhögun var ekki ákveðin þegar í upphafi, og hver voru tildrög þess, að Guðmundur Í. Guðmundsson, fyrrum utanríkisráðherra, sagði Alþingi ósatt, þegar sjónvarpsstöðin var stækkuð og málið var rætt á Alþingi 28. marz 1962;

í þriðja lagi, hvaða áhrif dvöl Bandaríkjahers í landinu hefur einkum haft á íslenzkt þjóðlíf, t. d. verði vandlega rannsökuð hin mikla fjármálaspilling, sem lengi hefur þrifizt í skjóli hersetunnar, og reynt að kanna, hvaða áhrif hersetan hefur haft á uppeldi, hugsunarhátt og tungutak íslenzkrar æsku í nágrenni herstöðvanna;

í fjórða lagi, hvort herstöðvarnar geta talizt veita þjóðinni nokkra vörn á ófriðartímum og hvort þær eru ekki líklegri til að kalla háskann yfir þjóðina, ef til styrjaldar dregur;

í fimmta lagi, hvaða upplýsinga unnt er að afla um þær áætlanir, sem vitað er, að NATO hefur gert um hugsanlega íhlutun bandalagsins í innanríkismál þátttöku-

landanna, þegar þær aðstæður skapast, að þess er talin þörf, og hvort þessar áætlanir snerta Ísland.

Í samræmi við 39. gr. stjórnarskrárinnar hefur nefndin heimild til að heimta munnlegar og bréflegar skýrslur af embættismönnum og einstökum mönnum. Niðurstaða rannsóknarinnar skal lögð fyrir deildina eigi síðar en 1. febrúar 1969, svo að Alþingi eigi þess kost að taka sjálfstæða afstöðu til herstöðvamálanna á árinu 1969.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, var Alþingi ekki kvatt saman, þegar Bandaríkjaher kom til landsins 7. maí 1951. Ríkisstjórnin leyfði hertöku landsins í algeru heimildarleysi, sbr. 21. gr. stjskr., eftir að Bandaríkjastjórn hafði m. a. beitt þeim blekkingum, að rússnesk innrás í landið væri yfirvofandi. Ekki er vafi á, að mikill meiri hluti þjóðarinnar var frá upphafi andvígur þessari ákvörðun, en öllum tilmælum um þjóðaratkvæðagreiðslu var þverlega synjað. Hér var því um að ræða **hernám** í þess orðs réttu merkingu — land tekið með vopnavaldi — á fölskum forsendum, gegn vilja þjóðarinnar og í trássi við stjórnarskrá lýðveldisins.

Annað mál er það, að Alþingi var látið samþykkja „varnarsamninginn“ 7 mánuðum síðar, þegar þjóðin stóð frammi fyrir hernáminu sem gerðum hlut. En í vitund þjóðarinnar var heiti þessa athæfis óbreytt, enda hefur málið aldrei verið lagt undir þjóðardóm.

Eins og til var stofnað 1951, hefur gjarnan síðan verið fjallað um hernámsmál í pukri, og lengstum hefur verið reynt að halda Alþingi utan við helztu ákvarðanir um þessi mál. Árum saman var utanríkismálanefnd þingsins sniðgengin, þrátt fyrir skýlaus fyrirmæli laga um samráð ráðherra við nefndina. Hvalfjarðarsamningurinn var gerður án nokkurs samráðs við Alþingi, og var það ótvírætt brot á stjórnarskrá landsins.

Það er von flutningsmanna þessarar tillögu, að breyting sé að verða til batnaðar, hvað snertir vinnubrögð ráðamanna í utanríkismálum. Í fyrsta sinn í vetur eiga allir flokkar fulltrúa í sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, og samráð eru nú höfð við utanríkismálanefnd Alþingis. Þess er því að vænta, að þingmenn fái tækifæri til að kynna sér herstöðvamálið frá öllum hliðum, áður en næstu stórákvarðanir verða teknar. Þess vegna leggja flutningsmenn til, að kosin verði rannsóknarnefnd samkvæmt 39. gr. stjskr., sem falið sé að athuga og gefa þinginu ítarlega skýrslu um nokkur mikilsverðustu atriði herstöðvamálsins. Í tillögunni leggjum við einkum áherzlu á fimm atriði:

1. Flugvélar með kjarnorkuvopn.

Nú fyrir nokkrum vikum barst sú frétt út um heiminn, að bandarísk flugvél hefði farizt á Grænlandi og jafnframt gloprað niður byrði sinni: fjórum vetnissprengjum. Ekki er annað vitað en að þær séu enn týndar.

Bandaríkjaher mun ekki hafa haft heimild til að fljúga yfir grænlenzkt land með kjarnorkusprengjur, enda hafði stjórnin í Washington gefið loforð um, að það yrði ekki gert. Danska stjórnin hafði þó ekki hugmynd um, að þetta loforð væri ekki efnt, fyrr en slysið hafði gerzt.

Yfirmenn bandaríska hersins á Íslandi hafa lofað íslenzkum stjórnvöldum, að bandarískar flugvélar, sem fljúga yfir íslenzkt land og lenda hér, skuli ekki búnar kjarnorkuvopnum. Nú hefur hvergi komið fram, með hvaða hætti utanríkisráðherra og starfslið hans fer að því að ganga úr skugga um, að þetta loforð sé haldið. Er því full ástæða fyrir Alþingi að láta rannsaka þetta mál, enda næsta líklegt, að Íslendingar geti ekki tryggt öryggi sitt í þessu efni með öðrum hætti en þeim að banna í eitt skipti fyrir öll ferðir erlendra herflugvéla yfir íslenzku landi.

2. Hermannasjónvarpið.

Nokkru eftir að Guðmundur Í. Guðmundsson, fyrrv. utanríkisráðherra, veitti Bandaríkjamönnum leyfi til að setja upp miklu öflugri sjónvarpsstöð en áður hafði verið á Keflavíkurvelli, gaf hann þá skýringu á Alþingi (28. marz 1962), að stöð af jafnlitlum styrkleika og hin fyrri stöð væri ekki fáanleg og fyrirfyndist ekki. Ráðherrann sagði m. a.:

„Sú minnsta stöð, sem talið er, að hægt sé að fá í staðinn fyrir þessa stöð, er sú stöð, sem þegar hefur verið leyfð. Það er algerlega rangt, sem flutningsmenn þessarar tillögu eru að reyna að halda hér fram, að hin nýja stöð muni ná svo og svo miklu lengra út en núverandi stöð hefur gert."

Enginn mun draga í efa, að þessi orð ráðherrans voru ekki sannleikanum samkvæm. Eins og kunnugt er, náði áhrifasvæði hermannasjónvarpsins á skömmum tíma um alla Faxaflóabyggðina og jafnvel víðar. Jafnframt var það opinberlega sannað, m. a. af prófessor Þórhalli Vilmundarsyni, að langflestar sjónvarpsstöðvar í herstöðvum Bandaríkjamanna víða um heim væru miklu minni en Keflavíkurstöðin og mjög margar minni en sú, sem notuð var fyrir stækkunina.

Þessi framkoma ráðherrans gagnvart Alþingi gefur tilefni til að rannsaka vandlega sögu þessa sjónvarpsmáls frá upphafi. Hvers vegna var ekki hermannasjónvarpið takmarkað við herstöðina eina þegar frá upphafi, t. d. með því að dreifa sjónvarpsefninu um símakerfi? Í hvaða tilgangi lögðu Bandaríkjamenn í mikinn kostnað, m. a. stækkun stöðvarinnar og uppsetningu sérstakra loftneta, sem virtust hafa það aðalmarkmið, að sem flestir Íslendingar sæju útsendingar hermannasjónvarpsins? Og loks: Hvers vegna hefur gengið svo treglega að takmarka útsendingu stöðvarinnar, þrátt fyrir þau loforð, sem gefin voru fyrir 17 mánuðum?

3. Fjármálaspilling og ómenningaráhrif.

Í stuttri greinargerð er ekki tækifæri til að rekja öll þau stórfelldu auðgunarbrot og fjársvikamál, sem uppvís hafa orðið í sambandi við hersetuna, svo mörg sem þau eru nú orðin. Eins er til dæmis erfitt að geta sér til um það fjárhagstjón, sem ríkissjóður hefur árlega beðið vegna tollsvika og annarra lögbrota. En nefna má í þessu sambandi, að nú munu um þrjú hundruð Bandaríkjamenn vera búsettir utan Keflavíkurvallar, og má gera ráð fyrir, að þeir flytji daglega mikið magn af tollfrjálsum varningi út úr herstöðinni.

Þótt erfitt muni reynast að afla fullnægjandi upplýsinga um hina miklu fjármálaspillingu, sem þrifizt hefur í skjóli hersetunnar, og meta efnahagsleg og siðferðileg áhrif hennar, mun þó vera enn torveldara að kanna áhrif hersetunnar á öðrum sviðum, t. d. á hugsunarhátt og tungutak íslenzkrar æsku í nágrenni herstöðvanna. Þó hefur þetta verið rannsakað lítillega, eins og komið hefur fram í fréttum, og hljóta niðurstöðurnar að vera hverjum hugsandi Íslendingi áhyggjuefni. Það er verkefni nefndarinnar að safna þeim upplýsingum, sem tiltækar eru, og gefa Alþingi eins greinargóða skýrslu um þessa hlið hernámsins og aðstæður leyfa.

4. Tortímingarháskinn.

Að nafninu til er bandarískur her í landinu til að verja þjóðina. Flestum er þó ljóst, að þetta er löngu orðið fáránlegt öfugmæli, því að her og herstöðvar geta litla sem enga vörn veitt í nútímastyrjöld, en þvert á móti kalla mikinn háska yfir landsmenn. Herstöðvarnar eru byggðar upp sem liður í vígbúnaðarkerfi Bandaríkjamanna og koma Íslendingum að engu gagni, nema í augum þeirra manna, sem líta svo á, að hagsmunir Bandaríkjanna séu hagsmunir Íslands á hverjum tíma. Víetnamstyrjöldin ætti að sýna mönnum svart á hvítu, hvort svo er.

Fyrir fimm árum ritaði Ágúst Valfells, þáverandi forstöðumaður almanna-

varna, ítarlega greinargerð um íslenzk herstöðvamál og gerði meðal annars grein fyrir því, hve miklar líkur væru á því, að Keflavíkurvöllur yrði fyrir kjarnorkuárás í styrjöld, og hvaða afleiðingar það hefði. Efni skýrslunnar var haldið leyndu fyrir þjóðinni, og voru niðurstöður hennar ekki einu sinni kynntar fyrir alþingismönnum eða utanríkismálanefnd. Það er eitt brýnasta verkefni þessarar nefndar að yfirheyra viðkomandi ráðherra og aðra embættismenn, svo að allar fáanlegar upplýsingar um þann háska, sem af hernáminu stafar, verði undanbragðalaust dregnar fram í dagsljósið. Ber nefndinni að afla erlendrar sérfræðiaðstoðar, eftir því sem nauðsyn krefur.

5. Íhlutun um innanríkismál.

Lengi hefur verið vitað, að Bandaríkjastjórn reynir að hlutast til um innanríkismál annarra þjóða með víðtækum fjárstuðningi við samtök, sem hún telur sér hliðholl. Má í því sambandi minna á mútufé, sem viðurkennt er, að bandaríska leyniþjónustan CIA hefur annazt dreifingu á.

Slík peningamiðlun er þó aðeins **óbein íhlutun** um innanríkismál annarra þjóða. En í seinni tíð hafa komið fram upplýsingar frá mörgum NATO-ríkjum um áætlanir, sem yfirherstjórn NATO mun hafa gert um hugsanlega **beina íhlutun** Bandaríkjahers í innanlandsmál hinna ýmsu bandalagsríkja, þegar svo stendur á, að annað dugir ekki til að tryggja völd NATO-sinnaðra stjórnarvalda í viðkomandi landi.

Áætlanir sem þessar eru meðal annars fólgnar í samningsuppkasti, sem yfirstjórn NATO hefur látið gera og á að koma að jafngóðum notum, hvar sem er og hvenær sem er í flestum NATO-ríkjum Evrópu. Ef það ástand skapast, sem NATO og Bandaríkin telja sér hættulegt, á að vera unnt á mjög skömmum tíma að fylla út í eyður þessa samningsramma, til þess að Bandaríkjaher geti talizt hafa einhverja formlega heimild fyrir hernaðaríhlutun sinni.

Ætlazt er til, að samningurinn sé gerður annars vegar af hálfu bandaríska ambassadorsins eða yfirmanns Bandaríkjahers í viðkomandi landi og hins vegar af utanríkisráðuneytinu eða einhverju öðru, nothæfu, yfirvaldi þar í landi. Samningsaðilar þyrftu ekki að koma saman til fundar, heldur mundu nægja svonefnd erindaskipti (nótuskipti) milli aðilanna; Bandaríkjamenn mundu nefna efni samningsins í skeyti og innlendu yfirvöldin mundu samþykkja í svarskeyti.

Með samningnum fengju Bandaríkjamenn heimild til að hernema hvaða hluta landsins sem er og kæfa hvers konar andspyrnu. Herlögregla fengi ótakmarkaðan rétt til athafna, m. a. rétt til að handtaka hvern sem væri og hafa hann í gæzlu, þar til hann yrði færður viðkomandi yfirvöldum.

Tilgangur samningsins væri almennt að tryggja, að yfirvöld, vinveitt NATO, væru áfram við völd í landinu, hvort sem þau væru lögleg eða ekki. Á grundvelli víðtækrar njósnastarfsemi yrði yfirvöldum landsins gert auðvelt að handtaka hvern þann, sem grunsamlegur þætti, og bandarísk aðstoð veitt, ef þörf krefði.

Eins og kunnugt er, hefur ekki komið til íhlutunar Bandaríkjahers í Evrópu í seinni tíð, og hefur því þessi samningsrammi hvergi komið enn að notum. Hins vegar varð nýlega uppvíst á Ítalíu um byltingaráform herforingja, sem hugðust nota sér stjórnarkreppu þar í landi sumarið 1964 til að hrifsa til sín völdin. Áform þeirra um framkvæmd byltingarinnar munu einmitt hafa verið byggð á áætlun NATO um hernaðaríhlutun í landinu, en sú áætlun bar nafnið „ES".

Eins er um þá áætlun, sem NATO hafði reiðubúna fyrir Grikkland og nefnd var „Prometheus". Á henni byggðu gríska herforingjar byltingu sína og komu á algeru einræði í landinu. Atburðarásin varð að vísu nokkuð önnur en yfirherstjórn NATO hafði gert ráð fyrir, og aðrir en þeir, sem NATO hafði vonazt til, tóku völd í landinu. En tilgangurinn var sá sami: að koma í veg fyrir stórsigur vinstrimanna í næstu þingkosningum og hugsanlega úrsögn Grikklands úr NATO.

Ekkert skal um það fullyrt, hvort einhverjar slíkar áætlanir, sem hér hafa verið nefndar, snerta Ísland. Aðstæður eru hér að mörgu leyti ólíkar því, sem er í

öðrum NATO-ríkjum, og kannske er ekki talin þörf á þess háttar viðbúnaði hér á landi. Sjálfsagt er þó, að rannsóknarnefndin safni þeim upplýsingum, sem unnt er að fá um þessi mál erlendis frá, jafnframt því sem rannsókn fer fram hér innanlands. Er því rétt að athuga um leið, að hve miklu leyti bandarískar mútugjafir hafa borizt hingað til lands og hvort bandarískir aðilar muni hafa gert spjaldskrá um stjórnmálaskoðanir Íslendinga, svipaða þeirri, sem komið hefur tugþúsundum Grikkja í fangabúðir á undanförnum mánuðum.

Ed. 283. Frumvarp til laga [121. mál]

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 12. febr.)

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer í 1. gr. laga nr. 7/1963, með áorðnum breytingum, breytast og verða eins og greinir hér á eftir: (Núverandi tollprósenta tilgreind í aftari dálki).

04.06	00	**Náttúrlegt hunang**	50%	70%
05.07	00	**Hamir og aðrir hlutar af fuglum, með áföstum fjöðrum eða dún, fiður, einnig þótt fjöðurstafurinn eða hluti af fjaðrahryggnum hafi verið tekinn burtu, fjaðrir klofnar í tvennt eftir endilöngu, dúnn, fanir (þar með taldar fanir með hluta af fjaðrahryggnum, einnig jöfnum jöðrum), fjöðurstafir og fjaðrahryggir, óunnið, hreinsað, sótthreinsað eða varið gegn skemmdum við geymslu, en ekki frekar unnið**	40%	100%
05.13	00	**Svampar náttúrlegir**	100%	125%
06.04	01	Jólatré (án rótar) og jólatrésgreinar	100%	125%
07.05	00	**Belgávextir, þurrkaðir og afhýddir, einnig flysjaðir eða klofnir**	*0	5%
08.01	10	Bananar nýir	15%	40%
08.02	10	Appelsínur, tangarínur, mandarínur og clementínur	15%	40%
08.02	21	Sítrónur	15%	40%
	29	Annars	15%	40%
08.04	21	Rúsínur	*20%	25%
	22	Kúrennur	20%	70%
08.06	10	Epli	*12%	15%
08.12	01	Sveskjur	*20%	25%
	02	Apríkósur	*40%	70%
	03	Ávextir blandaðir	*40%	70%
	09	Annars	*40%	70%
09.01	11	Kaffi í smásöluumbúðum, 2 kg eða minna	10%	0
09.02	00	**Te**	10%	50%
12.05	00	**Síkoríurætur, nýjar eða þurrkaðar, heilar eða sundurskornar, óbrenndar**	0	20%
13.03	03	Lakkrísextrakt annar	100%	125%
17.04	01	Lakkrís sykraður og lakkrísvörur	100%	125%
17.04	03	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur	100%	125%
	04	Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað	100%	125%
	05	Karamellur	100%	125%
	09	Aðrar	100%	125%

17.05	00	**Sykur, síróp og melassi, sem bragð- eða litarefni hafa verið látin í, þó ekki ávaxtasafi, sem sykur hefur verið látinn í að einhverju leyti**	100%	125%
18.05	00	**Kakaóduft ósykrað**	30%	50%
18.06	01	Kakaóduft sykrað	30%	60%
	09	Aðrar	100%	125%
19.02		**Vörur úr mjöli, sterkju eða maltextrakti, tilreiddar sem fæða fyrir börn, fyrir sjúka eða til matargerðar, ef í þeim er minna en 50% af kakaói miðað við þyngd:**		
	01	Búðingsduft	100%	80%
	09	Annað	*50%	80%
19.03	00	**Makkarónur, spaghetti og þess konar vörur**	60%	80%
19.07	00	**Brauð, skonrok og aðrar algengar brauðvörur, án sykurs, hunangs, eggja, feiti, osts eða ávaxta**	*80%	100%
19.08	00	**Kökur, kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur, einnig með kakaói að meira eða minna leyti**	*80%	100%
20.02	02	Aspargus niðursoðinn eða niðurlagður	*60%	100%
20.04	00	**Ávextir, ávaxtahýði og plöntuhlutar varið skemmdum með sykri (húðað, gljásykrað eða sykrað á annan hátt)**	100%	125%
20.05	00	**Aldinsulta, aldinhlaup, aldinmauk, ávaxtapulpa og ávaxtadeig, soðið, einnig með sykri**	70%	100%
20.06	09	Aðrir	*50%	100%
20.07	02	Falli niður.		
20.07	09	Annar	*50%	60%
21.07	06	Maís niðursoðinn eða niðurlagður	*60%	100%
22.01	01	Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru	100%	125%
22.02	00	**Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi, er telst til nr. 20.07**	100%	125%
22.03	00	**Öl gert úr malti**	100%	125%
22.04	00	**Drúfusafi í gerjun og drúfusafi, sem í er stöðvuð gerjun með öðru en etanóli**	100%	125%
27.10	39	Annað	30%	
29.04	21	Etylenglykol (frostlögur)	100%	125%
30.03	01	Sælgæti (medicated sweets)	100%	125%
32.07		**Önnur litarefni; ólífrænir, ljósnæmir litir:**		
	01	Jarðlitir syntetískir	25%	25%
	02	Málningalitir þurrir	25%	25%
	09	Annað	25%	25%
33.06	01	Hárliðunarvökvar og hárliðunarduft	100%	100%
	02	Andlitsduft	100%	125%
	03	Húðkrem og húðolía	100%	125%
	04	Ilmvötn	100%	125%
	05	Naglasnyrtiefni	100%	125%
	06	Rakkrem	100%	125%
	07	Tannsnyrtiefni	50%	125%
	08	Varalitur	100%	125%
	09	Annað	100%	125%
34.01	01	Blautsápa	80%	110%
	02	Handsápa (toiletsápa)	80%	110%
	03	Raksápa	80%	110%
	04	Sápa föst, til þvotta og hreingerninga (önnur en sú, sem telst til nr. 34.01 02 og nr. 34.01 03)	80%	110%
	05	Sápuspænir og sápuduft	80%	110%

	09	Lyfjasápa og önnur sápa en sú, sem telst til nr. 34.01 01—34.01 05	80%	110%
34.02	01	Þvottaduft, einnig þótt það innihaldi sápu	80%	110%
	09	Lífræn yfirborðsvirk efni, yfirborðsvirkar efnablöndur, þvotta- og ræstiefni (þó ekki þvottaduft), einnig þótt þau innihaldi sápu	80%	110%
34.05	01	Bón alls konar	80%	110%
	02	Ræstiduft	80%	110%
	03	Skóáburður og leðuráburður	80%	110%
	09	Annað	80%	110%
34.06	00	**Sterín-, paraffín- og vaxkerti ásamt öðrum þess konar vörum**	80%	110%
36.05	09	Annað	100%	125%
36.06	00	**Eldspýtur (þó ekki bengalskar eldspýtur)**	100%	125%
36.07	00	**Ferró-ceríum og aðrar kveikilegeringar, einnig mótaðar**	100%	125%
37.05		**Plötur og filmur, einnig gataðar (aðrar en kvikmyndafilmur), lýstar og framkallaðar, negatív eða pósitív:**		
	01	Filmur með lesmáli	0	70%
	02	Ljóssetningarletur	50%	70%
	09	Annað	70%	70%
38.19	11	Hemlavökvi	100%	125%
	12	Frostlögur	100%	125%
39.07	55	Dúkar og þynnur, tilsniðið til fatnaðarframleiðslu o. þ. h.	65%	90%
	56	Fatnaður	65%	90%
	64	Úraglös og úraarmbönd	50%	50%
	74	Burstahausar úr plasti	35%	70%
	75	Bólur til gangbrautamerkinga	35%	70%
	76	Töskuhandföng	40%	70%
40.05	01	Til skógerðar, enda beri varan það með sér, að hún sé sérstaklega unnin til þess	10%	30%
40.13	02	Hanzkar	65%	90%
	09	Annar	65%	90%
40.14	03	Burstahausar	35%	80%
	05	Vörur til tækninota, hringir í niðursuðudósir og handverkfæri	35%	35%
	07	Vörur sérstaklega til skipa	35%	80%
	08	Hurðir	40%	80%
	09	Annars	70%	80%
40.16	09	Annars	70%	80%
41.02	10	Kálfsleður	20%	35%
	21	Í sóla og bindisóla, enda beri varan það með sér, að hún sé sérstaklega unnin til þess	20%	30%
	29	Annað	20%	35%
41.03	00	**Leður úr sauð- og lambskinnum (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 41.06—41.08)**	20%	35%
41.04	00	**Leður úr geitar- og kiðlingaskinnum (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 41.06—41.08)**	20%	35%
41.05	01	Svínsleður	20%	35%
	09	Leður, ót. a. (þ. á m. fiskroð)	20%	40%
41.06	**00**	**Þvottaskinn (chamois-dressed leather)**	20%	40%
41.07	00	**Pergament**	20%	50%
41.08	00	**Lakkleður og málmþakið leður**	20%	40%
41.09	00	**Afklippur og úrgangur frá leðri, leðurlíki og pergamenti, enda sé það ekki hæft til framleiðslu á vörum úr leðri; enn fremur leðurdust, leðurduft og leðurmjöl**	20%	35%

41.10	00	**Leðurlíki að meginstofni úr leðri eða leðurþráðum, í plötum eða rúllum**	20%	35%
42.03	01	Belti	65%	90%
	02	Hanzkar	65%	90%
	03	Úraarmbönd	50%	70%
	04	Röntgenhanzkar	35%	90%
	09	Annar	65%	90%
42.05	02	Töskuhandföng	40%	70%
	03	Vörur til lækninga	35%	100%
	09	Annars	65%	100%
42.06	00	**Vörur úr þörmum, gullsláttarhimnum, blöðrum eða sinum**	65%	100%
43.01	00	**Loðskinn óunnin**	40%	60%
43.02	00	**Loðskinn, sútuð eða unnin (þar með teljast loðskinn saumuð saman í plötur, krossa o. þ. h.); loðskinnshlutar og afklippur (þar með talin höfuðskinn, skinn af fótum og skottum), ekki saumuð saman**	50%	70%
43.03	00	**Vörur úr loðskinnum**	65%	90%
43.04	01	Loðskinnslíki	40%	60%
	09	Vörur úr loðskinnslíki	65%	90%
44.20	00	**Myndarammar, rammar fyrir spegla og aðrar slíkar umgerðir úr trjáviði**	70%	125%
44.27	09	Annað	100%	125%
44.28	82	Falli niður.		
	86	Hnakkvirki og aktygjaklafar	50%	70%
	87	Glugga- og dyratjaldastengur	40%	80%
	92	Skápa- og hurðahandföng	40%	70%
	99	Annars	70%	100%
46.03	02	Töskuhöldur úr fléttiefnum	40%	70%
48.01	40	Vindlingapappír	100%	125%
48.10	00	**Vindlingapappír tilskorinn, einnig heftur eða í hylkjum**	100%	125%
48.21	02	Spjöld í gataspjaldavélar, línuritaspjöld, pappír og pappírsrúllur í sjálfritandi vélar	25%	50%
	08	Fatnaður	65%	100%
	09	Annars	70%	100%
49.01	01	Á íslenzku	30%	50%
49.05	03	Jarðlíkön og himinmyndarlíkön	0	50%
49.07	09	Annað	30%	70%
49.09	00	**Póstkort, jólakort og önnur hamingjuóskakort með myndum, prentuð á hvaða hátt sem er, einnig með skrauti**	100%	125%
49.10	00	**Almanök alls konar úr pappír og pappa, þar með taldar almanaksblokkir**	30%	70%
50.09	00	**Vefnaður úr náttúrlegu silki (þó ekki bourette-silki)**	40%	65%
50.10	00	**Vefnaður úr bourette-silki**	40%	65%
51.01	19	Annað	10%	30%
	20	Úr uppkembdum trefjum	10%	30%
51.02	19	Annars	10%	30%
	20	Úr uppkembdum trefjum	10%	30%
51.03	10	Úr syntetískum trefjum	25%	40%
	20	Úr uppkembdum trefjum	25%	40%
51.04	10	Úr syntetískum trefjum	40%	65%
	20	Úr uppkembdum trefjum	40%	65%
52.01	00	**Málmgarn, spunnið úr trefjagarni og málmi, eða þakið með málmi með hvers konar aðferð**	25%	50%

52.02	00	**Vefnaður úr málmþræði eða úr garni, sem telst til nr. 52.01, enda sé hann nothæfur til fatnaðar, sem húsgagnaáklæði eða til annars þess háttar**	40%	65%
53.05	10	Ull og annað dýrahár, kembt eða greitt (annað en lopadiskar úr ull)	0	20%
	20	Lopadiskar úr ull	5%	30%
53.06		**Garn úr ull, annað en kambgarn (woolen yarn), ekki umbúið til smásölu:**		
	01	Garn þar sem hver þráður einspunninn vegur 1 gr. eða minna hverjir 16 metrar	25%	50%
	09	Annað	35%	50%
53.07		**Kambgarn úr ull (worsted yarn), ekki umbúið til smásölu:**		
	01	Garn þar sem hver þráður einspunninn vegur 1 gr. eða minna hverjir 16 metrar	25%	50%
	09	**Annað**	35%	50%
53.08	00	**Garn úr fíngerðu dýrahári (kembdu eða greiddu), ekki umbúið til smásölu**	35%	50%
53.09	00	**Garn úr hrosshári og öðru grófgerðu dýrahári, ekki umbúið til smásölu**	35%	50%
53.10	00	**Garn úr ull, hrosshári eða öðru dýrahári (fíngerðu eða grófgerðu), umbúið til smásölu**	40%	50%
53.11	00	**Vefnaður úr ull eða fíngerðu dýrahári**	40%	65%
53.12	00	**Vefnaður úr grófgerðu dýrahári öðru en hrosshári**	40%	65%
53.13	00	**Vefnaður úr hrosshári**	40%	65%
54.01	00	**Hör, óunninn eða tilreiddur, þó ekki spunninn; hörruddi og úrgangur úr hör (þar með taldar tættar tuskur)**	0	20%
54.02	00	**Ramí, óunnið eða tilreitt, þó ekki spunnið; ramíruddi og úrgangur úr ramí (þar með taldar tættar tuskur)**	0	20%
54.03	09	Annað	10%	30%
54.04	00	**Garn úr hör eða ramí, umbúið til smásölu**	25%	40%
54.05	02	Vefnaður, einlitur og ómynstraður, eingöngu úr hör eða ramí eða úr þeim efnum ásamt öðrum náttúrlegum jurtatrefjum	40%	50%
	09	Annar	40%	65%
55.01	00	**Baðmull, hvorki kembd né greidd**	0	20%
55.02	00	**Baðmullarlinters**	0	20%
55.05	19	Annars	5%	30%
	29	Annars	5%	30%
55.06	01	Tvinni	25%	35%
	09	Annað	25%	35%
55.07	10	Óbleikt og ómersað	40%	65%
	20	Önnur	40%	65%
55.08	10	Óbleikt og ómersað	40%	65%
	20	Önnur	40%	65%
55.09	14	Vefnaður, einlitur og ómynstraður, eingöngu úr baðmull eða baðmull ásamt öðrum náttúrlegum jurtatrefjum	40%	50%
	19	Annars	40%	65%
	23	Vefnaður, einlitur og ómynstraður, eingöngu úr baðmull eða baðmull ásamt öðrum náttúrlegum jurtatrefjum	40%	50%
	29	Annars	40%	65%
56.05	19	Annað	10%	30%
	20	Úr stuttum uppkembdum trefjum	10%	30%
56.06	10	Úr syntetískum trefjum	25%	40%

	20	Úr uppkembdum trefjum	25%	40%
56.07	19	Annar	40%	65%
	29	Annar	40%	65%
57.08	00	**Pappírsgarn**	10%	35%
57.09	03	Vefnaður, einlitur og ómynstraður, eingöngu úr hampi eða hampi ásamt öðrum náttúrlegum jurtatrefjaefnum	40%	50%
	09	Annar	40%	65%
57.10	03	Vefnaður, einlitur og ómynstraður, eingöngu úr jútu eða jútu ásamt öðrum náttúrlegum jurtatrefjaefnum	40%	50%
	09	Annar	40%	65%
57.11	00	**Vefnaður úr öðrum spunaefnum úr jurtaríkinu**	40%	65%
57.12	00	**Vefnaður úr pappírsgarni**	40%	65%
58.03	00	**Handofin veggteppi (góbelín, flandern, aubusson, beauvais og önnur þess konar teppi) og handútsaumuð veggteppi (með góbelínsaumi, krosssaumi o. s. frv.)**	65%	90%
58.04	11	Molskinn	40%	65%
	19	Annar	40%	65%
	20	Úr silki	40%	65%
	30	Úr ull	40%	65%
	40	Úr syntetískum trefjum	40%	65%
	50	Úr uppkembdum trefjum	40%	65%
	60	Annar	40%	65%
58.05	09	Annað	40%	65%
58.06	00	**Ofnir einkennismiðar, merki og annað þess háttar, ekki útsaumaðir, í metramáli eða klipptir niður í tiltekna lögun og stærð**	40%	80%
58.07	01	Chenillegarn, yfirspunnið garn (þó ekki garn, er telst til nr. 52.01, og yfirspunnið garn úr hrosshári)	30%	50%
	09	Annað	40%	80%
58.08		**Tyll og annað netefni (þó ekki ofið, prjónað eða heklað), ómynstrað.**		
	01	Fiskinet og fiskinetjaslöngur	4%	
	09	Annað	40%	80%
58.09	00	**Tyll og annað netefni (þó ekki ofið, prjónað eða heklað), mynstrað; hand- og vélgerðir laufaborðar og knipplingar í metramáli, sem ræmur eða mótíf**	40%	80%
58.10	00	**Útsaumur, sem metravara, ræmur eða mótíf**	40%	80%
59.02		**Flóki og vörur úr honum, einnig gegndreypt eða húðað:**		
	01	Flóki	35%	35%
	02	Gólfteppi úr flóka	50%	50%
	04	Þakfilt úr flóka	35%	50%
	09	Annað	50%	50%
59.03		**Trefjadúkur og vörur úr honum, einnig gegndreyptur eða húðaður:**		
	01	Trefjadúkur	40%	65%
	09	Vörur úr trefjadúk	65%	65%
59.04	04	Seglgarn	25%	35%
	09	Annað	25%	35%
59.05	09	Önnur net	65%	100%
59.07	09	Annað	40%	65%
59.08	09	Aðrar	40%	65%
59.09	09	Aðrar	40%	65%
59.11	09	Aðrar	40%	65%
59.12	09	Annað	40%	65%

59.13	00	**Teygjanleg efni (þó ekki prjónuð eða hekluð), gerð úr spunatrefjum í sambandi við gúmmíþræði**	40%	65%
60.01	01	Úr silki eða gerviþráðum	40%	65%
	02	Úr ull	40%	65%
	03	Úr baðmull	40%	65%
	09	Önnur	40%	65%
60.02	01	Hanzkar og vettlingar úr ull	65%	90%
	02	Hanzkar og vettlingar úr baðmull	65%	90%
	09	Aðrir	65%	90%
60.03	02	Sokkar (þó ekki heilsokkar kvenna), leistar, sokkahlífar og annað þess háttar úr silki eða gerviþráðum	65%	90%
	03	Sokkar, leistar, sokkahlífar og annað þess háttar úr ull	65%	90%
	04	Sokkar, leistar, sokkahlífar og annað þess háttar eingöngu úr baðmull	65%	70%
	09	Annað	65%	90%
60.04	01	Manchetteskyrtur og aðrar milliskyrtur úr prjónavoð	65%	90%
	02	Úr baðmull eingöngu	65%	70%
	03	Úr ull	65%	90%
	04	Úr silki eða gerviþráðum	65%	90%
	09	Annar	65%	90%
60.05	02	Földuð vara í metramáli	40%	90%
	09	Annað	65%	90%
60.06	02	Hanzkar	65%	90%
	09	Annað	40%	65%
61.01	00	**Ytri fatnaður handa karlmönnum og drengjum**	65%	90%
61.02	00	**Ytri fatnaður handa kvenmönnum, telpum og smábörnum**	65%	90%
61.03	01	Manchetteskyrtur og aðrar milliskyrtur úr vefnaði	65%	90%
	02	Nærfatnaður karlmanna og drengja úr vefnaði eingöngu úr baðmull	65%	70%
	09	Annar	65%	90%
61.04	01	Úr vefnaði eingöngu úr baðmull	65%	70%
	02	Bleiur	65%	70%
	09	Annar	65%	90%
61.05	00	**Vasaklútar**	80%	100%
61.06	00	**Sjöl, klútar, möttlar, slör og annað þess háttar**	80%	100%
61.07	00	**Slaufur, slipsi og hálsbindi**	65%	100%
61.08	00	**Kragar, ermalín, uppslög, brjóst, vesti, hálsfellingarlín og annað þess háttar, er heyrir klæðnaði kvenna og telpna til**	65%	100%
61.09	00	**Lífstykki, mjaðmabelti, brjóstahaldarar, axlabönd, sokkabönd og annað þess háttar (einnig þótt vörurnar séu prjónaðar eða heklaðar), einnig teygjanlegt**	65%	100%
61.10	00	**Hanzkar, vettlingar, belgvettlingar, sokkar og leistar, ekki prjónaðir eða heklaðir**	65%	90%
61.11	00	**Tilbúnir hlutar til fatnaðar (t. d. axlapúðar, belti, ermahlífar og vasar)**	65%	90%
62.01	10	Úr ull	80%	100%
	20	Úr baðmull	80%	100%
	30	Aðrar	80%	100%
62.02		**Sængurlín, borðlín, handklæði, þvottaklútar og þurrkur; gluggatjöld og aðrar spunavörur í íbúðir manna:**		
	01	Földuð vara í metramáli	40%	100%
	09	Annað	80%	100%
62.04	02	Tjöld	80%	100%
	09	Annað	80%	100%

62.05	03	Öryggisbelti	20%	35%
	04	Úraarmbönd	50%	70%
	09	Annars	80%	100%
63.01	00	**Fatnaður og hlutir, er honum heyra til, ferðaábreiður og önnur svipuð teppi, búshlutir (þó ekki vörur, er teljast til nr. 58.01—58.03) úr spunatrefjum, einnig skófatnaður og höfuðfatnaður úr hvers konar efni, enda beri vörur þessar allar það greinilega með sér, að þær séu slitnar af notkun og þær séu án umbúða eða í böllum, sekkjum eða öðrum svipuðum umbúðum**	65%	90%
64.01	02	Skór hliðstæðir þeim, sem falla undir nr. 64.02 01 og 64.02 09	65%	80%
	09	Annar	*50%	50%
64.02	01	Kvenskór og barnaskór, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	65%	80%
	02	Vinnuskór með yfirhluta úr vefnaði, inniskór venjulegir með yfirhluta úr vefnaði eða flóka, allt með gúmmí- eða plastsóla, svo og skóhlífar og kuldaskór með yfirhluta úr vefnaði með gúmmí- eða plastsóla, allt eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%	50%
64.02	09	Annar	65%	100%
64.03	00	**Skófatnaður með ytri sóla úr trjáviði eða korki**	65%	80%
64.04	00	**Skófatnaður með ytri sóla úr öðrum efnum**	65%	100%
64.05	01	Yfirhlutar, þó ekki hælkappar og tákappar	65%	80%
64.05	09	Aðrir	15%	30%
64.06	00	**Legghlífar, vefjur, öklahlífar, kricketþófar, hnéhlífar og aðrar þess konar vörur, einnig hlutar af þeim**	65%	100%
65.01	00	**Þrykkt hattaefni úr flóka, hvorki formpressuð né með tilöguðum börðum; slétt eða sívöl hattaefni úr flóka**	40%	70%
65.02	00	**Þrykkt hattaefni, fléttuð eða gerð úr samfléttingum, úr hvaða efni sem er, hvorki formpressuð né með tillöguðum börðum**	40%	70%
65.03	00	**Hattar og annar höfuðfatnaður úr flóka, gert úr hattaefni af því tagi, sem telst til nr. 65.01, einnig fóðrað og/eða bryddað**	65%	90%
65.04	00	**Hattar og annar höfuðfatnaður, fléttað eða gert úr samfléttingum, böndum eða ræmum, úr hvaða efni sem er, einnig fóðrað og/eða bryddað**	65%	90%
65.05	00	**Hattar og annar höfuðfatnaður (þar með talin hárnet) úr prjóna- eða heklvoð eða úr laufaborðum, knipplingum, flóka eða öðrum spunaefnum (þó ekki samfléttingum, böndum eða ræmum), einnig fóðrað og/eða bryddað**	65%	90%
65.06	09	Annars	65%	90%
65.07	00	**Svitagjarðir, fóður, hlífar, form, grindur (þar með taldar fjaðragrindur fyrir sambrotshatta), skyggni og hökubönd, fyrir höfuðfatnað**	40%	70%
66.01	00	**Regnhlífar og sólhlífar (þar með taldar göngustafsregnhlífar, regnhlífatjöld, garðsólhlífar o. þ. h.)**	100%	125%
66.02	00	**Göngustafir (þar með taldir klifurstafir og setustafir) og keyri, svipur o. þ. h.**	100%	125%
66.03	00	**Hlutar og útbúnaður til og fylgihlutir með þeim vörum, er teljast til nr. 66.01 og 66.02, ót. a.**	70%	100%
67.01	00	**Hamir og aðrir hlutar af fuglum með tilheyrandi fjöðrum og dún; fjaðrir, fjaðrahlutar, dúnn og vörur úr þessum efnum**		

		(þó ekki vörur, sem teljast til nr. 05.07, og unnir fjaðrastafir og fjaðrahryggir)	100%	125%
67.02	00	**Tilbúin blóm, blöð og ávextir, svo og hlutar af þeim; vörur úr tilbúnum blómum, blöðum og ávöxtum**	100%	125%
67.05	00	**Blævængir, ekki mekaníska, úr hvaða efni sem er; grindur og handarhöld á blævængi og hlutar til slíkra grinda og handarhalda, úr hvaða efni sem er**	100%	125%
69.13	09	Annað	100%	125%
69.14	00	**Aðrar vörur úr leir, ót. a.**	70%	100%
70.14	04	**Gler fyrir götuljósker**	35%	90%
70.18	00	**Optísk gler og vörur úr því, þó ekki optísk unnar; efni til framleiðslu á gleraugnalinsum**	50%	80%
70.19	00	**Glerperlur, eftirlíkingar á perlum, eðalsteinum og hálfeðalsteinum, brot, flísar og aðrir áþekkir smáhlutir úr gleri og vörur úr þeim; glerteningar og smáplötur, einnig með undirlagi, í mósaík eða til svipaðrar skreytingar; gerviaugu, þar með gerviaugu í leikföng, en ekki fyrir menn; skrautmunir og aðrar vörur til skreytingar, unnar með glerblásturlampa; glerkorn (ballotini)**	100%	125%
70.20	20	Vefnaður	40%	65%
70.21	09	Annars	70%	90%
71.12	00	**Skrautvörur og hlutar til þeirra, úr góðmálmum eða góðmálmspletti**	60%	100%
71.13	01	Hnífar, skeiðar, gafflar o. þ. h. úr silfri eða silfurpletti	60%	100%
	09	Annað	60%	100%
71.14	09	Annars	60%	100%
71.15	00	**Vörur, sem eru úr eða í eru náttúrlegar perlur, eðalsteinar og hálfeðalsteinar (náttúrlegir, tilbúnir eða endurgerðir)**	60%	100%
71.16	00	**Annar glervarningur (imitation jewelry)**	60%	100%
73.01	10	Spegiljárn	5%	10%
	20	Annað	5%	10%
73.02	10	Ferrómangan	5%	10%
	20	Aðrar	5%	10%
73.03	00	**Úrgangur og brot af járni eða stáli**	5%	10%
73.04	00	**Kornað járn eða stál, einnig flokkað; vírkúlur úr járni eða stáli**	5%	15%
73.05	10	Járn- eða stálduft	5%	15%
	20	Járn- eða stálsvampur	5%	15%
73.06	10	Hnoðuð járn- og stálstykki og stengur, klumpar, drumbar o. þ. h.	5%	15%
	20	Steypt hrájárn- og stálstykki	5%	15%
73.07	00	**Gjallfrítt hrájárn (blooms), drumbar (billets), plötur (slabs) og renningar (sheet bars) — einnig tinaðir — úr járni og stáli; lauslega formuð stykki með hömrum, að öðru leyti ounnin, úr járni eða stáli**	5%	15%
73.08	00	**Plötuefni í rúllum, úr járni eða stáli**	5%	15%
73.09	00	**Alhæfiplötur (universal plates), úr járni eða stáli**	5%	15%
73.10	12	Steypustyrktarjárn grennra en 13 mm	35%	35%
73.10	29	Annars	5%	15%
73.11	10	Prófíljárn og -stál, 80 mm eða meira; þilstál	5%	15%
	20	Annað	5%	15%
73.13	10	Þynnur og plötur yfir 4.75 mm að þykkt, þó ekki tinaðar eða báraðar	5%	15%

	20	Þynnur og plötur 3—4.75 mm, þó ekki tinaðar eða báraðar	5%	15%
	30	Þynnur og plötur minni en 3 mm, þó ekki plettaðar, húðaðar eða klæddar	5%	15%
73.15		**Stállegeringar og kolefnisríkt stál með sama lagi og tilgreint er í nr. 73.06—73.14:**		
	61	Hrásteypa (ingots) úr kolefnisríku stáli	5%	15%
	62	Hrásteypa (ingots) úr stállegeringum	5%	15%
	63	Gjallfrí hrásteypa (blooms), drumbar (billets), plötur (slabs), stengur (sheet bars) og hálfunnin járnstykki, úr kolefnisríku stáli	5%	15%
	64	Gjallfrí hrásteypa (blooms), drumbar (billets), plötur (slabs), stengur (sheet bars) og hálfunnin járnstykki, úr stállegeringum	5%	15%
	65	Plötuefni í rúllum, úr kolefnisríku stáli	5%	15%
	66	Plötuefni í rúllum, úr stállegeringum	5%	15%
	67	Vírstengur úr kolefnisríku stáli	5%	15%
	68	Vírstengur úr stállegeringum	5%	15%
	69	Stangajárn (þó ekki valsaður vír) og jarðborspípur, úr kolefnisríku stáli	5%	15%
	71	Stangajárn (þó ekki valsaður vír) og jarðborspípur, úr stállegeringum	5%	15%
	72	Prófíljárn, 80 mm eða meira, og þil, úr kolefnisríku stáli	5%	15%
	73	Prófíljárn, 80 mm eða meira, og þil, úr stállegeringum	5%	15%
	74	Prófíljárn, minni en 80 mm, úr kolefnisríku stáli	5%	15%
	75	Prófíljárn, minni en 80 mm, úr stállegeringum	5%	15%
	76	Plötur og þynnur, meira en 4.75 mm að þykkt og alhæfiplötur, úr kolefnisríku stáli	5%	15%
	77	Plötur og þynnur, meira en 4.75 mm að þykkt, og alhæfiplötur, úr stállegeringum	5%	15%
	78	Plötur og þynnur, 3 mm—4.75 mm að þykkt, úr kolefnisríku stáli	5%	15%
	79	Plötur og þynnur, 3 mm—4.75 mm að þykkt, úr stállegeringum	5%	15%
	81	Plötur og þynnur, minna en 3 mm að þykkt, ekki plettaðar, húðaðar eða klæddar, úr kolefnisríku stáli	5%	15%
	82	Plötur og þynnur, minna en 3 mm að þykkt, ekki plettaðar, húðaðar eða klæddar, úr stállegeringum	5%	15%
	83	Plötur og þynnur, minna en 3 mm að þykkt, plettaðar, húðaðar og klæddar, úr kolefnisríku stáli	5%	15%
	84	Plötur og þynnur, minna en 3 mm að þykkt, plettaðar, húðaðar og klæddar, úr stállegeringum	5%	15%
	85	Bandaefni úr kolefnisríku stáli	5%	15%
	86	Bandaefni úr stállegeringum	5%	15%
	87	Vír úr kolefnisríku stáli	5%	15%
	88	Vír úr stállegeringum	5%	15%
73.18	21	Holir sívalingar til smíða, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	5%	15%
	31	Prófílpípur til smíða, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	5%	15%
73.32	00	**Boltar og rær, með eða án skrúfugangs, skrúfur og skrúfnaglar (þar með taldir skrúfkrókar og augaskrúfur), úr járni eða stáli; hnoð, fleinar, spenniskífur og undirlagsplötur úr járni eða stáli**	35%	50%

73.33	00	**Saumnálar, hannyrðanálar, teppanálar, bandprjónar, heklunálar o. þ. h., hannyrðateinar, úr járni eða stáli, einnig efni í þessar vörur**	50%	60%
73.34	00	**Tituprjónar, öryggisnælur, hárnálar, hárliðunarklemmur og aðrar áþekkar vörur úr járni eða stáli (þó ekki hattprjónar og aðrir prjónar til skrauts)**	50%	60%
73.37	02	Miðstöðvarofnar	35%	35%
	03	Hlutar til miðstöðvarofna (þar með talin ofnrif (element))	15%	35%
73.40	10	Vörur úr steypujárni, grófmótaðar (in the rough state)	10%	20%
	20	Vörur úr steypustáli, grófmótaðar	10%	20%
	30	Grófunnin járn- og stálsmíði (þar með talin fallsmíði (drop forgings))	10%	20%
73.40	45	Úraarmbönd	50%	70%
74.01	10	Koparsteinn	5%	10%
	20	Koparúrgangur og brotakopar	5%	15%
	30	Kopar óhreinsaður	5%	15%
	40	Kopar hreinsaður	5%	15%
74.02	00	**Koparforlegeringar (master alloys)**	5%	15%
74.03	01	Stengur og prófílar	5%	15%
74.04	00	**Plötur og ræmur, úr kopar**	5%	15%
74.15	00	**Boltar og rær, með eða án skrúfugangs, skrúfur og skrúfnaglar (þar með talið skrúfukrókar og augaskrúfur); hnoð, fleinar, spenniskífur, undirlagsplötur, úr kopar**	35%	50%
74.19	03	Rafmagnstengidósir	35%	70%
75.01	10	Nikkilsteinn, nikkilspeis og önnur millistigsframleiðsla á nikkil	5%	10%
	20	Nikkilúrgangur og brotanikkill	5%	15%
	30	Nikkill óunninn	5%	15%
75.02	01	Stengur og prófílar úr nikkli	5%	15%
75.03	09	Annað	5%	35%
75.05	00	**Forskaut úr nikkli (þar með talin forskaut framleidd við rafgreiningu), unnin og óunnin**	5%	35%
76.01	10	Alúmínúrgangur og brotaalúmín	5%	15%
	20	Alúmín óunnið	5%	15%
76.02	01	Stengur og prófílar	5%	15%
76.03	00	**Plötur og ræmur úr alúmíni**	5%	15%
76.06	01	Prófílpípur til smíða, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	5%	15%
76.16	03	Naglar, stifti, skrúfur o. þ. h.	35%	50%
82.13		**Önnur verkfæri til að skera og klippa (t. d. greinaklippur, hárklippur, kjötaxir og pappírshnífar), áhöld til hand- og fótsnyrtingar (þar með taldar naglaþjalir), einnig í samstæðum:**		
	01	Skurðhnífar og kambar í sauðaklippur	35%	100%
	09	Annað	75%	100%
83.06	00	**Myndastyttur og aðrir hlutir til skrauts innanhúss úr ódýrum málmum**	100%	125%
83.07	04	Götuljósker, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	*35%	50%
83.09	09	Annað	40%	70%
83.10	00	**Perlur og paljettur, úr ódýrum málmum**	70%	100%
83.12	00	**Rammar úr ódýrum málmum fyrir ljósmyndir, málverk og annað þess háttar; speglar úr ódýrum málmum**	70%	125%
83.14	00	**Skilti, nafnplötur, tölustafir, bókstafir og annað þess háttar, úr ódýrum málmum**	70%	110%

84.11	02	Þjöppur fyrir frystikerfi	15%	35%
84.36	00	**Vélar til pressunar (extrusion) á tilbúnum spunatrefjum; vélar til vinnslu á spunaefnum, náttúrlegum og tilbúnum; spuna- og tvinningarvélar og spólunar- og hespunarvélar**	10%	25%
84.37	01	Prjónavélar	10%	25%
	09	Aðrar	10%	25%
84.38	00	**Hjálparvélar og hjálpartæki til notkunar við vélar þær, er teljast til nr. 84.37 (t. d. skeftivélar, Jacquard-vélar, sjálfvirk tæki til stýringar á uppistöðu- og ívafsþráðum, skyttuskiptingarvélar); hlutar og tæki, er eingöngu eða aðallega heyra til og eru notuð við vélar þær, er teljast til þessa númers, eða nr. 84.36 og 84.37 t. d. snældur (spindles) og snælduleggir (spindle flyers), kambar, spunamunnstykki, skyttur, höföld og nálar í prjónavélar**	10%	25%
84.39	00	**Vélar og tæki til framleiðslu og snyrtingar á flóka í metramáli og af annarri lögun (þar með taldar vélar og mót til framleiðslu á höttum)**	10%	25%
84.40	13	Aðrar strokvélar	10%	35%
84.41	00	**Saumavélar; húsgögn sérstaklega útbúin fyrir saumavélar; saumavélanálar**	20%	25%
84.42	00	**Vélar og tæki (þó ekki saumavélar) til snyrtingar, sútunar og vinnslu á húðum og skinnum og til framleiðslu á vörum úr leðri og skinni (þar með talinn skófatnaður)**	10%	25%
85.03		**Frumrafhlöður og rafhlöður:**		
	01	Kvikasilfurrafhlöður fyrir heyrnartæki	15%	40%
	09	Aðrar	40%	40%
85.10		**Berandi rafhlöðu- og segulraflampar, nema þeir sem teljast til nr. 85.09:**		
	01	Duflaljósker	15%	90%
	09	Annað	90%	90%
85.15	11	**Sjónvarpsviðtæki, einnig með innbyggðum grammófón og/eða útvarpsviðtæki**	75%	100%
	12	**Sjónvarpsloftnet**	35%	100%
	21	**Útvarpsviðtæki, einnig með innbyggðum grammófón**	75%	100%
	22	Loftnet fyrir útvarpsviðtæki	35%	100%
87.01	12	Snjósleðar	60%	80%
87.02	31	Sjúkrabifreiðar og snjóbifreiðar	15%	15%
	32	Snjósleðar	60%	80%
87.14		**Önnur ökutæki án drifs (þar með taldir tengivagnar) og hlutar til þeirra:**		
	01	Hjólbörur og handvagnar; tengivagnar sérstaklega gerðir til vöruflutninga og hlutar til þeirra, ót. a.	40%	40%
	02	Heyflutningavagnar með útbúnaði til losunar og lestunar	10%	40%
	09	Annars	80%	80%
90.01	01	Gleraugnagler	50%	80%
90.03	00	**Umgerðir um gleraugu, nefklemmugleraugu, stangargleraugu, hlífðargleraugu og annað þess háttar og hlutar til slíkra umgerða**	50%	80%
90.04	00	**Gleraugu, nefklemmugleraugu, stangargleraugu, rykgleraugu, og annað þess háttar til réttingar á sjón og henni til hlífðar**	50%	80%
90.07		**Ljósmyndavélar; leifturljóstæki til ljósmyndunar:**		
	01	Ljósmyndavélar, eingöngu nothæfar til læknisfræðilegra rannsókna	15%	50%
	09	Annað	50%	50%

90.14	01	Áttavitar og önnur siglingatæki tilheyrandi þeim	4%	4%
92.07		**Rafsegul-, rafstöðu-, rafagnabúin hljóðfæri og önnur svipuð hljóðfæri (t. d. píanó, orgel og harmónikur):**		
	01	Píanó og orgel	30%	50%
	09	Annað	50%	50%
92.11	01	Grammófónar og plötuspilarar	75%	80%
	02	Hljóðupptökutæki og bandspilarar	75%	80%
	09	Annað	75%	80%
92.12	03	Segulbönd fyrir skýrsluvélar, samkv. nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	35%	80%
	09	Annað	75%	80%
92.13	00	**Önnur fylgitæki og hlutar til grammófóna, diktafóna og annarra hljóðupptöku- og hljóðflutningstækja**	75%	80%
96.02	04	Tannburstar	50%	100%
97.04	02	Spil	100%	125%
97.05	00	**Grímuballsvörur; skemmtitæki, t. d. til töfrabragða, sjónhverfinga o. þ. h.; jólatrésskraut og annað jólaskraut (t. d. tilbúin jólatré, jólasokkar o. þ. h.)**	100%	125%
97.06	01	Skíði og hlutar til þeirra og skíðastafir	50%	80%
	02	Skautar (þar með hjólaskautar)	50%	80%
	09	Annað	50%	80%
97.07	02	Veiðistengur	50%	80%
	09	Annað	50%	80%
97.08	00	**Hringekjur, rólur, skotskífur og annar útbúnaður fyrir skemmtistaði; ferðasirkus, ferðadýrasöfn og ferðaleikhús** .. 100%		125%
98.01	00	**Hnappar, flibbahnappar, ermahnappar, smellur, smellu-hnappar, hnappamót og hnappaefni, hnappahlutar**	40%	90%
98.02	01	Málmstykki til framleiðslu á rennilásum	25%	50%
	09	Annað	40%	70%
98.03	00	**Sjálfblekungar, kúlupennar og aðrir slíkir pennar; penna-stengur, skrúfblýantar, renniblýantar o. þ. h. og hlutar og fylgihlutar þessara vara (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 98.04 og 98.05)**	*50%	80%
98.04	00	**Pennar og pennaoddar**	50%	80%
98.05	00	**Blýantar (aðrir en þeir, er teljast til nr. 98.03); ritblý; litkrít, grifflar, teiknikol, pastel-, rit- og teiknikrít; klæðskera- og billardkrít**	*50%	80%
98.06		**Rit- og teiknispjöld, einnig í ramma:**		
	01	Skólatöflur	35%	80%
	09	Annað	80%	80%
98.12	00	**Greiður, hárkambar o. þ. h.**	100%	110%
98.13	00	**Lífstykkjateinar og aðrir slíkir teinar til fata og fatahluta**	40%	70%
98.14	00	**Ilmsprautuílát til snyrtingar o. þ. h. og úðarar til þeirra** ..	100%	125%

2. gr.

Eftirtaldar breytingar eru gerðar á 3. gr. laganna:

1. 20. tölulíður orðist svo: Að lækka gjöld af ritum á íslenzku, sem hafa menningarlegt gildi, sem svari því, að tollur verði greiddur af bókagerðarefninu.
2. 21. tölulíður falli niður.
3. 22. tölulíður falli niður.
4. 37 tölulíður orðist svo: Að lækka eða fella niður gjöld af segulbandstækjum og segulböndum, sem flutt eru til landsins af Blindravinafélaginu og Blindrafélaginu til að koma á fót kennslubókasafni. Enn fremur af ritvélum, stöfum og úrum, sem sérstaklega er gert fyrir blint fólk.

5. 38. tölulíður falli niður.
6. Á eftir 47. tölulið 3. gr. komi fjórar nýjar heimildir, svo hljóðandi:

48 Að endurgreiða gjöld af síldarvogum, sem svari því, að af þeim verði greiddur 10% verðtollur.

49 Að lækka með auglýsingu gjöld af snyrtivörum, sem teljast til nr. 33.06 í tollskrá, niður í 50% verðtoll.

50 Að endurgreiða gjöld af því hráefni til fataframleiðslu, sem lækkar í tolli með lagabreytingu þessari, niður í þá tollprósentu, sem lögfest verður með lögum þessum, og sem tollafgreidd er eftir 1. janúar 1968.

51 Að semja svo um, að gjöld af framangreindum númerum í 1. gr., sem merkt eru með stjörnu (*), skuli vera bundin og eigi hærri en þar greinir. Enn fremur að gjöld af eftirtöldum númerum skuli ekki vera hærri en hér segir:

06.01	00	80%	38.19	19	50%
08.05	00	90%	39.02	87	35%
10.01	00	0	39.02	99	40%
10.05	00	0	39.07	89	70%
10.06		0	40.09	00	35%
11.01	11	0	44.23	01	40%
11.01	12	0	53.07	00	50%
11.01	22	0	55.09	23	50%
11.01	23	0	58.04	30	65%
11.01	24	0	64.01	01	25%
11.02	21	0	64.02	01	80%
15.07	89	30%	64.02	09	80%
15.10	19	30%	64.06	00	100%
15.12	09	35%	69.11	00	100%
18.03	00	40%	69.12	00	100%
18.04	00	40%	70.04	00	35%
18.05	00	50%	70.05	00	35%
19.03	00	80%	70.06	00	35%
20.07	01	40%	70.07	00	50%
21.05	00	100%	70.08	00	50%
21.07	01	40%	70.10	09	60%
22.05	01	20%	73.09	00	15%
22.05	02	20%	73.10	11	15%
22.05	03	20%	73.10	19	35%
22.05	09	20%	73.10	21	35%
22.09	05	20%	73.10	23	35%
22.09	09	20%	73.10	29	15%
23.07	00	0	73.11	10	15%
28.30	01	20%	73.11	20	15%
30.04	00	35%	73.12	00	15%
31.04	22	0	73.13	10	15%
32.05	00	25%	73.13	20	15%
32.07	09	25%	73.13	30	15%
32.09	09	60%	73.13	51	15%
32.12	00	60%	73.13	59	15%
33.06	02	125%	73.15	82	15%
33.06	03	125%	73.18	31	15%
33.06	04	125%	73.27	02	20%
34.02	01	110%	78.04	01	15%
34.02	09	110%	82.02	00	35%
37.07	00	1 kg 50 kr.	82.03	00	35%

82.05 00	35%	84.37 09	25%
82.06 00	35%	84.40 11	35%
83.07 05	70%	84.42 00	25%
84.09 00	25%	84.45 00	25%
84.19 09	25%	84.47 01	25%
84.23 09	25%	84.49 00	25%
84.30 05	10%	84.59 23	25%
84.32 00	25%	85.05 00	35%
84.35 00	25%	87.07 00	25%
84.36 00	25%	90.16 00	35%
84.37 01	25%		

Ráðuneytinu er með auglýsingu heimilt að lækka gjöld af eftirtöldum tollskrárnúmerum niður í 35%. Þó skal lækkun þessi vera að fullu komin til framkvæmda 1. janúar 1972:

Nr. 84.51 00	Nr. 84.53 00
— 84.52 01	— 84.54 01
— 84.52 02	— 84.54 09
— 84.52 03	— 84.55 01
— 84.52 09	— 84.55 09

3. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella þau, ásamt eldri lögum um **breyting á lögum nr. 7/1963, um tollskrá o. fl., að því leyti, sem þau eru enn í gildi,** inn í meginmál laga nr. 7/1963, um tollskrá o. fl., og gefa þau út svo breytt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 284. Nefndarálit [92. mál]

um frv. til l. um heimild handa siglingamálaráðherra til að veita Hans Samúelssyni stýrimannsskírteini á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. febr. 1968.

Birgir Finnsson, form. Pétur Sigurðsson, frsm. Jón Skaftason. Lúðvík Jósefsson.
Björn Pálsson. Guðl. Gíslason. Ragnar Jónsson.

Ed. 285. Breytingartillaga [107. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

Frá Jóni Þorsteinssyni, Hjalta Haraldssyni, Ólafi Jóhannessyni og Jónasi G. Rafnar.

Við 1. gr., 5. mgr. Málsgreinin orðist svo:
Heimili síldarútvegsnefndar, varnarþing og aðalskrifstofa skal vera á Siglufirði.

Sþ. 286. Tillaga til þingsályktunar [135. mál]

um að skipta í akreinar blindhæðum á þjóðvegum.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gíslason, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að vegamálastjóri láti skipta í akreinar blindhæðum og blindbeygjum á þjóðvegum landsins. Skal verkið hafið eins fljótt og auðið er vegna veðráttu og haldið áfram sleitulaust næsta sumar.

Fjár til framkvæmdanna skal afla í sambandi við lánsútvegun vegna framkvæmdaáætlunar 1968.

Greinargerð.

Með ákvörðun Alþingis um að fresta í engu framkvæmd hægri umferðar verður ekki hjá því komizt að gera róttækar ráðstafanir til lagfæringar á vegakerfi landsins, eins fljótt og auðið er að vinna það verk vegna klaka í jörðu. Breyting sú, sem gera þarf, er að skipta öllum blindhæðum og blindbeygjum á þjóðvegakerfinu í akreinar. Blindhæðir á vegum eru þeir staðir, sem mesta hættan mun stafa af vegna breytingarinnar frá vinstri til hægri umferðar. Þau ósjálfráðu viðbrögð, sem bifreiðarstjórar verða oft að grípa til, er þeir mætast á slíkum stöðum, munu reynast þeim hættuleg fyrst í stað.

Það er með öllu óafsakanlegt að gera ekki allt til þess að koma í veg fyrir slys af völdum breytingarinnar, en það teljum við flutningsmenn ekki gert, ef að þessari framkvæmd verður ekki unnið af fullkominni atorku. Okkur er ljóst, að hér er um verulega fjármuni að ræða, er þarf til þess að koma þessu verki í framkvæmd. Okkur er það einnig ljóst, að vegasjóður hefur ekki fjármagn til að sinna þessu verki. Þess vegna verður hér að koma til lánsfé, sem ríkisstjórnin verður að útvega í sambandi við framkvæmdaáætlun 1968.

Að okkar dómi er brýn nauðsyn, að þessi endurbót verði gerð á þjóðvegum um allt landið.

Ed. 287. Frumvarp til laga [36. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. febr.)

Á eftir 1. mgr. 5. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Í fólksbifreiðum, sem flytja mega 8 farþega eða færri, og vörubifreiðum, sem skráðar eru fyrir allt að 1000 kg farm (sendiferðabifreiðum) og skráðar eru í fyrsta sinn eftir 1. janúar 1969, skulu vera öryggisbelti fyrir ökumann og farþega í framsæti. Ákvæði þetta gildir frá sama tíma um allar kennslubifreiðar og bifreiðar, sem leigðar eru án ökumanns. Óheimilt er að nota önnur öryggisbelti en þau, sem bifreiðaeftirlit ríkisins hefur viðurkennt.

Ed. 288. Tillaga til þingsályktunar [136. mál]

um, að bændaskólarnir veiti fræðslu í fiskirækt og fiskeldi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landbúnaðarráðherra að hlutast til um, að nú þegar, eða svo fljótt sem verða má, verði tekin upp við bændaskólana í landinu fræðsla um ræktun og eldi vatnafiska.

Greinargerð.

Með hverju ári sem líður verður mönnum það æ ljósara, hverja þýðingu það hefur, að fleiri stoðum sé rennt undir atvinnulífið í landinu. Brotið hefur verið upp á ýmsu í því efni, en eitt af því, sem til greina kemur, er ræktun og eldi vatnafiska. Víða er þessi atvinnugrein stunduð með góðum árangri, en skilyrði hér á landi fyrir lax- og silungsrækt eru talin vera í bezta lagi.

Lax- og silungsveiði í íslenzkum ám og vötnum mun verða hagnýtt í vaxandi mæli með tilstyrk öflugra fiskeldis- og fiskiræktarstöðva og aukinni þekkingu veiðiréttareigenda og veiðimanna á undirstöðuatriðum ræktunar vatnafiska, eldis þeirra og háttum öllum.

Fiskiræktarstöðvar eru hér í uppsiglingu og undirbúningi á nokkrum stöðum, og er þegar bundið í þeim nokkurt fjármagn. Að sjálfsögðu þarf að stuðla að því, að þeim fjölgi og að starfræksla þeirra komi að fullum notum. Það er ekki tilgangur nefndarinnar með flutningi þessarar tillögu að hafa að neinu ráði áhrif á rekstur þeirra, enda er í endurskoðun löggjöf um fiskiræktarstöðvar, löggjöf, sem ætlað er að styðja uppbyggingu stöðvanna og tryggja árangurinn af starfsemi þeirra betur en nú er gert.

Tillaga sú til þingsályktunar, sem hér er flutt, mun hins vegar stuðla að því, að þeir, sem bændaskólana sækja, fái fræðslu um þýðingu þessarar atvinnugreinar fyrir íslenzkan landbúnað og þá um leið fyrir íslenzkt atvinnulíf. Það verður að teljast mjög þýðingarmikið, að þeir menn, sem skólana sækja og ætla má að verði annað tveggja eigendur veiðiréttar í landinu og annarrar aðstöðu fyrir fiskirækt eða leiðbeinendur og ráðunautar bænda, þekki niðurstöður þeirra vísindalegu tilrauna, sem fengizt hafa varðandi þessa þýðingarmiklu búgrein.

Líklegt má telja, að við framkvæmd þessarar tillögu þurfi ekki að koma til beinna fjárútláta, ef samvinna verður höfð við Veiðimálastofnunina og starfskraftar hennar nýttir við þá fræðslu, sem hér er gert ráð fyrir að koma á.

Nd. 289. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og leggur meiri hl. nefndarinnar til, að það verði samþykkt. Minni hl. (LJós, VH og JK) telur sig efnislega samþykkan frv., en áskilur sér rétt til að flytja við það brtt. og mun skila séráliti.

Alþingi, 14. febr. 1968.

Oddur Andrésson, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Guðl. Gíslason, frsm.

Gunnar Gíslason.

Nd. 290. Breytingartillaga [121. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 2. gr. Tölulíður 5 falli niður.

Nd. 291. Breytingartillaga [121. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

Við 2. gr. Töluliður 1 falli niður.

Nd. 292. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ein af afleiðingum gengislækkunarinnar í nóvember síðastliðnum hlaut að verða stórfelld aukning tolltekna ríkissjóðs. Efni þess frv., er hér liggur fyrir, er að skila aftur nokkrum hluta þeirra hækkana.

Gífurlegar verðhækkanir nauðsynja hafa fylgt í kjölfar gengislækkunarinnar. Enda þótt sú lækkun aðflutningsgjalda, sem þetta frv. fjallar um, megi sín lítils á móti þeirri flóðbylgju verðhækkana, sem nú skellur á almenningi, þá telur minni hluti fjárhagsnefndar rétt að samþykkja frv. og mun greiða því atkvæði.

Hins vegar hefur mál þetta borið að með svo einstæðum hætti, að óhjákvæmilegt er að vekja á því sérstaka athygli.

Þegar ríkisstjórnin felldi krónuna var því lýst með stolti, hversu vel sérfræðingar stjórnarinnar hefðu undirbúið gengisbreytinguna, ekki sízt með tilliti til þarfa útflutningsframleiðslunnar, sem nú hefði fengið rekstrarhæfan grundvöll.

Allar útflutningsbætur vegna sjávarafurða voru því felldar niður úr fjárlögum og því yfirlýst, að tollar yrðu lækkaðir um 250 millj. kr., strax þegar tími hefði unnizt til þess að forma breytingar á tollskránni.

Aðeins tveimur mánuðum seinna höfðu verið ákveðnar nýjar og stórfelldar uppbætur vegna sjávarútvegsins.

Þetta er einstæður atburður í íslenzkri stjórnmálasögu. Þrátt fyrir öra verðbólguþróun um langt skeið hefur aldrei þurft að grípa til útflutningsuppbóta þegar að lokinni gengisfellingu.

Strax þegar þing kom saman eftir áramótin, var því lýst yfir af hálfu ríkisstjórnarinnar, að ekki yrði staðið við yfirlýsingar um 250 millj. kr. tollalækkanir. Og nú liggur hér fyrir frv. um lækkun aðflutningsgjalda, er nemi aðeins 159 millj. kr.

Þar með er þó ekki öll sagan sögð um reikningsskekkju sérfræðinganna og brigðmæli ríkisstjórnarinnar. Á móti 159 millj. kr. lækkun aðflutningsgjalda skal koma niðurskurður á gjaldahlið nýafgreiddra fjárlaga. Engar upplýsingar hafa fengizt um það, hvaða liðir fjárlaga verða lækkaðir. Verður að átelja harðlega þau vinnubrögð að leggja fyrir Alþingi til skjótrar afgreiðslu frumvarp um skerðingu tekjustofna, en leyna hinni hliðinni, hversu mæta skuli skerðingunni.

Forsaga þessa máls er með endemum. Stórfelldar útflutningsbætur fylgja í kjölfar mikillar gengislækkunar.

Á tveimur mánuðum hefur útreikningur sérfræðinga á afkomuhorfum ríkissjóðs skekkzt um hartnær hálfan milljarð króna.

Bein loforð ríkisstjórnar um tilteknar tollalækkanir eru vanefnd.

En þrátt fyrir þessi vinnubrögð teljum við undirritaðir þessa tollalækkun svo brýnt hagsmunamál almennings, að við leggjum til, eins og fyrr segir, að frv. verði samþykkt.

Við áskiljum okkur hins vegar rétt til að flytja brtt. og fylgja öðrum, er fram kunna að koma.

Alþingi, 14. febr. 1968.

Jón Kjartansson, frsm. Lúðvík Jósefsson. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Nd. 293. Breytingartillögur [121. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá Stefáni Valgeirssyni, Vilhjálmi Hjálmarssyni, Ágúst Þorvaldssyni, Halldóri E. Sigurðssyni, Birni Pálssyni, Sigurvin Einarssyni og Ingvari Gíslasyni.

1. Við 1. gr. Nýir liðir:

a.	73.22 01	Tankar úr ryðfríu stáli sérstaklega fyrir mjólk	0	10%
b.	84.11 01	Heyblásarar	0	10%
c.	84.22 05	Heyblásarar (til að færa til hey)	0	10%
d.	84.23 04	Ámoksturstæki við almennar hjóladráttarvélar	0	10%
e.	84.24 01	Plógar	0	10%
	02	Herfi	0	10%
	03	Áburðardreifarar	0	10%
	09	Aðrar jarðræktarvélar	0	10%
f.	84.25 02	Aðrar sláttuvélar	0	10%
	03	Upptökuvélar fyrir kartöflur og aðra garðávexti	0	10%
	04	Rakstrar- og snúningsvélar	0	10%
	05	Flokkunarvélar	0	25%
	09	Annað	0	10%
g.	84.26	**Mjólkurbúsvélar og mjaltavélar:**		
	01	Mjaltavélar	0	10%
	02	Mjólkurvinnsluvélar	0	25%
	09	Aðrar	0	25%
h.	87.01 11	Almennar hjóladráttavélar	0	10%

2. Við 2. gr. Á eftir 6. tölulið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Að endurgreiða ræktunarsamböndum aðflutningsgjöld af skurðgröfum og jarðýtum.

Nd. 294. Breytingartillaga [121. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

Við 1. gr. Nýr liður:

62.05	03	Öryggisbelti	20%	35%

Nd. 295. Frumvarp til laga [121. mál]

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. febr.)

Samhljóða þskj. 283 með þessum breytingum:

Í 1. gr. bætist nýr liður:

62.05	03	Öryggisbelti	20%	35%

2. gr. hljóðar svo:

Eftirtaldar breytingar eru gerðar á 3. gr. laganna:

1. 21. töluliður falli niður.
2. 22. töluliður falli niður.
3. 37. töluliður orðist svo: **Að lækka eða fella niður gjöld af segulbandstækjum og segulböndum, sem flutt eru til landsins af Blindravinafélaginu og Blindrafélaginu til að koma á fót kennslubókasafni. Enn fremur af ritvélum, stöfum og úrum, sem sérstaklega er gert fyrir blint fólk.**
4. **Á eftir 47. tölulið 3. gr. komi fjórar nýjar heimildir, svo hljóðandi:**

48 Að endurgreiða gjöld af síldarvogum, sem svari því, að af þeim verði greiddur 10% verðtollur.

49 Að lækka með auglýsingu gjöld af snyrtivörum, sem teljast til nr. 33.06 í tollskrá, niður í 50% verðtoll.

50 Að endurgreiða gjöld af því hráefni til fataframleiðslu, sem lækkar í tolli með lagabreytingu þessari, niður í þá tollprósentu, sem lögfest verður með lögum þessum, og sem tollafgreidd er eftir 1. janúar 1968.

51 Að semja svo um, að gjöld af framangreindum númerum í 1. gr., sem merkt eru með stjörnu (*), skuli vera bundin og eigi hærri en þar greinir. Enn fremur að gjöld af eftirtöldum númerum skuli ekki vera hærri en hér segir:

06.01 00	80%	33.06 02	125%
08.05 00	90%	33.06 03	125%
10.01 00	0	33.06 04	125%
10.05 00	0	34.02 01	110%
10.06	0	34.02 09	110%
11.01 11	0	37.07 00	1 kg 50 kr.
11.01 12	0	38.19 19	50%
11.01 22	0	39.02 87	35%
11.01 23	0	39.02 99	40%
11.01 24	0	39.07 89	70%
11.02 21	0	40.09 00	35%
15.07 89	30%	44.23 01	40%
15.10 19	30%	53.07 00	50%
15.12 09	35%	55.09 23	50%
18.03 00	40%	58.04 30	65%
18.04 00	40%	64.01 01	25%
18.05 00	50%	64.02 01	80%
19.03 00	80%	64.02 09	80%
20.07 01	40%	64.06 00	100%
21.05 00	100%	69.11 00	100%
21.07 01	40%	69.12 00	100%
22.05 01	20%	70.04 00	35%
22.05 02	20%	70.05 00	35%
22.05 03	20%	70.06 00	35%
22.05 09	20%	70.07 00	50%
22.09 05	20%	70.08 00	50%
22.09 09	20%	70.10 09	60%
23.07 00	0	73.09 00	15%
28.30 01	20%	73.10 11	15%
30.04 00	35%	73.10 19	35%
31.04 22	0	73.10 21	35%
32.05 00	25%	73.10 23	35%
32.07 09	25%	73.10 29	15%
32.09 09	60%	73.11 10	15%
32.12 00	60%	73.11 20	15%

73.12 00	15%	84.23 09	25%
73.13 10	15%	84.30 05	10%
73.13 20	15%	84.32 00	25%
73.13 30	15%	84.35 00	25%
73.13 51	15%	84.36 00	25%
73.13 59	15%	84.37 01	25%
73.15 82	15%	84.37 09	25%
73.18 31	15%	84.40 11	35%
73.27 02	20%	84.42 00	25%
78.04 01	15%	84.45 00	25%
82.02 00	35%	84.47 01	25%
82.03 00	35%	84.49 00	25%
82.05 00	35%	84.59 23	25%
82.06 00	35%	85.05 00	35%
83.07 05	70%	87.07 00	25%
84.09 00	25%	90.16 00	35%
84.19 09	25%		

Ráðuneytinu er með auglýsingu heimilt að lækka gjöld af eftirtöldum tollskrárnúmerum niður í 35%. Þó skal lækkun þessi vera að fullu komin til framkvæmda 1. janúar 1972:

Nr. 84.51 00	Nr. 84.53 00
— 84.52 01	— 84.54 01
— 84.52 02	— 84.54 09
— 84.52 03	— 84.55 01
— 84.52 09	— 84.55 09

Ed. 296. Lög [121. mál]

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 15. febr.)

Samhljóða þskj. 295 (sbr. 283).

Nd. 297. Frumvarp til laga [137. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva, allt að 40 millj. kr. samtals, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, þó ekki meir en 60% af kostnaðarverði framkvæmda á hverjum stað, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 61 20. maí 1965 var ríkisstjórninni heimilað að ábyrgjast allt að 30 millj. kr. lán vegna byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva. Þessi

ábyrgðarheimild er nú fullnotuð, en þó vantar verulega á það, að lokið sé byggingu þeirra dráttarbrauta og skipasmíðastöðva, sem í smíðum eru í samræmi við áætlun um framkvæmdir á þessu sviði. Bendir athugun, er gerð hefur verið á kostnaði við að ljúka þessum framkvæmdum, til þess, að þörf muni vera á 35 millj. kr. viðbótarábyrgðum. Þykir rétt að miða heimildina við nokkru hærri fjárhæð.

Ed. 298. Frumvarp til laga [138. mál]

um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

Á árinu 1968 er ríkisstjórninni heimilt að greiða fiskseljendum verðbót á línufisk, er komi til skipta á milli sjómanna og útgerðarmanna samkvæmt samningum um hlutaskipti. Verðbót þessi skal nema 30 aurum á hvert kíló fisks á tíma bilinu 16. maí til 30. september, en 60 aurum á tímabilunum 1. janúar til 15. maí og 1. október til 31. desember.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða allt að 152 m.kr. til að tryggja rekstur hraðfrystihúsa á árinu 1968, þar af allt að 4 m.kr. til frystingar á rækju. Fé þetta skal skiptast á milli frystihúsanna í hlutfalli við framleiðslu þeirra á árinu 1968 af frystum fiskafurðum, öðrum en síldarafurðum. Seðlabanki Íslands skal sjá um úthlutunina í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

Þá er ríkisstjórninni heimilt að greiða á árinu 1968 25 m.kr. til hraðfrystihúsa í sambandi við endurskipulagningu hraðfrystiiðnaðarins. Seðlabanki Íslands úthlutar fé þessu til tiltekinna hraðfrystihúsa í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands að fengnu samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar nýtt gengi íslenzkrar krónu var ákveðið í nóvember-mánuði síðastliðnum var það ljóst, að gengislækkunin þyrfti að vera mjög mikil, ef nýtt gengi ætti að skapa grundvöll fyrir hallalausum rekstri hraðfrystiiðnaðarins. Ríkisstjórnin og Seðlabankinn vildu hins vegar ákvarða gengislækkunina eins nauma og frekast var kostur með tilliti til þeirra áhrifa, er hún hefði á verðlag í landinu. Gat því ekki komið til greina, að afkoma hraðfrystiiðnaðarins réði úrslitum um ákvörðun gengisins, ekki sízt þar sem afkoma margra annarra útflutningsgreina var mun betri en hraðfrystiiðnaðarins, afkoma fyrirtækja innan iðnaðarins sjálfs var mjög misjöfn og víðtækar ráðstafanir voru á döfinni til endurskipulagningar og fjárhagslegrar endurbyggingar iðnaðarins.

Það var því ljóst, þegar hið nýja gengi var ákveðið, að hraðfrystiiðnaðurinn myndi vera rekinn með verulegum halla á árinu 1968. Hins vegar var útilokað, á því stigi málsins, að mynda sér skoðun á því, hversu mikill þessi halli myndi verða, og hvort af þessum sökum myndi verða nauðsyn á sérstakri opinberri aðstoð við iðnaðinn, þar sem fiskverð hafði ekki verið ákveðið, mikil óvissa var ríkjandi um verðlagsþróun erlendis og fullnægjandi upplýsingar lágu ekki fyrir um afkomu hraðfrystiiðnaðarins á árinu 1966. Af þessum sökum lagði ríkisstjórnin til, að í fjárlögum ársins 1968 væru felldar niður greiðslur vegna þeirrar aðstoðar, sem sjávarútvegurinn, og þá fyrst og fremst hraðfrystiiðnaðurinn, hefði notið á s. l. ári.

Í sambandi við ákvörðun fiskverðs í janúarmánuði s. l. hefur verið gengið frá endanlegum útreikningum um afkomu þorskveiðibáta og hraðfrystihúsa á árinu 1966 og áætlunum um afkomu þeirra á árinu 1968. Benda áætlanirnar til, að afkoman verði mun lakari en búizt hafði verið við í nóvember, þegar hið nýja gengi var ákveðið. Liggja til þess tvær meginástæður.

1. Verðlagsþróunin erlendis hefur, enn sem komið er að minnsta kosti, orðið mun óhagstæðari en gert hafði verið ráð fyrir. Verðlag á frystum fiski í Sovétríkjunum hefur lækkað verulega, en ekki haldizt óbreytt eins og búizt hafði verið við. Verðlag á frystum fiski í Bandaríkjunum hefur hins vegar hækkað nokkuð í samræmi við það, sem gert hafði verið ráð fyrir. Mikil óvissa er hins vegar ríkjandi um það, hversu lengi sú verðhækkun muni standa. Verðlag á fiskimjöli og lýsi hefur ekkert hækkað frá því lágmarki, er það var í fyrir gengisbreytinguna. Hefur þetta áhrif á verð fiskúrgangs og þar með á afkomu hraðfrystihúsanna.
2. Afkoma hraðfrystiiðnaðarins á árinu 1966 hefur reynzt allmiklu lakari en búizt hafði verið við í nóvember. Hefur þetta að sjálfsögðu áhrif til hins verra á áætlanir um afkomu ársins 1968. Á síðastliðnu sumri og hausti framkvæmdi Efnahagsstofnunin athugun á afkomu frystihúsanna á árinu 1966 á grundvelli skattframtala. Var þetta sams konar athugun og stofnunin hafði framkvæmt undanfarin ár. Fyrstu niðurstöður þessarar athugunar sýndu, að samkvæmt eigin framtölum húsanna, hafði afkoma þeirra verið tiltölulega góð og mun betri en áður hafði verið ætlað. Frekari könnun leiddi þó fljótlega í ljós, að afkoman var mun lakari en skattframtölin báru með sér. Stafaði þetta af því, að birgðir í árslok 1966 höfðu verið of hátt metnar, og af því að viðbótargreiðslur frá sölusamtökunum höfðu verið taldar til tekna á því ári, sem þær voru inntar af hendi, en ekki á framleiðsluárinu. Hafði síðarnefnda atriðið mikla þýðingu vegna þess, að miklar greiðslur frá árinu 1965, þegar verðlag erlendis hækkaði mikið, voru inntar af hendi á árinu 1966, jafnframt því sem greiðslur vegna framleiðslu þessa árs, er inntar voru af hendi á árinu 1967, lækkuðu mikið vegna verðfalls. Þessar skekkjur í reikningum húsanna varð að leiðrétta á grundvelli upplýsinga frá sölusamtökunum. Reyndist það verk miklum erfiðleikum bundið, og var því ekki lokið fyrr en um áramót. Kom þá í ljós, að leiðréttingin reyndist mun meiri en búizt hafði verið við í nóvember.

Um það leyti, sem fiskverðið var ákveðið í byrjun janúar, var orðið ljóst, af af þeim sökum, sem að framan er lýst, myndi ekki vera unnt að reka hraðfrystihúsin á þessu ári, nema veruleg opinber aðstoð kæmi til. Fulltrúar ríkisstjórnarinnar hófu þá viðræður við fulltrúa hraðfrystiiðnaðarins, er lyktaði með því, að ríkisstjórnin bauðst til þess að beita sér fyrir því, að hraðfrystiiðnaðinum væri veitt fjárhagsleg aðstoð, er næmi samtals 198 m.kr. Var ætlunin, að 25 m.kr. af þessari upphæð gengju til greiðslu sérstakra verðbóta á línufisk, er ákveðnar höfðu verið í sambandi við ákvörðun fiskverðs, 148 m.kr. skiptust á milli húsanna í hlutfalli við framleiðsluverðmæti þeirra á árinu 1968, en 25 m.kr. væri ráðstafað í sambandi við endurskipulagningu hraðfrystiiðnaðarins. Er í þessu frumvarpi farið fram á heimild Alþingis til þess að inna þessar greiðslur af hendi.

Í meðfylgjandi töflu er sýnt yfirlit um afkomu hraðfrystihúsanna á árinu 1966 og áætlun um afkomu þeirra á árinu 1968. Er taflan byggð á niðurstöðum athugana Efnahagsstofnunarinnar og nær til 68 hraðfrystihúsa, er framleiddu um 87% af heildarframleiðsluverðmæti iðnaðarins á árinu 1966. Áætlunin fyrir árið 1968 er miðuð við sama vinnslumagn og á árinu 1966, það útflutningsverðlag, sem ríkjandi var um s. l. áramót og það verðlag og kaupgjald, sem ríkjandi er innanlands í febrúarmánuði. Auk þess að sýna afkomu allra 68 húsanna, sýnir taflan sérstaklega afkomu þeirra 20 húsa, sem bezta afkomu höfðu á árinu 1966, þeirra 20 húsa, er lakasta afkomu höfðu, og þeirra 28 húsa, er höfðu miðlungs afkomu. Áætlanir hafa einnig verið gerðar um afkomu þessara þriggja hópa á árinu 1968.

Eins og yfirlitið ber með sér var afkoma húsanna slæm á árinu 1966. Þrátt fyrir þá opinberu aðstoð, sem húsin fengu á því ári og talin er með í tekjum þeirra, var brúttóhagnaður húsanna 68 aðeins 25% af afskriftum, stofnvöxtum og leigum og nettótap, er nam 79 m.kr. Stakk hér mjög í stúf við árin 1964 og 1965, er munu hafa verið ein beztu ár þessa iðnaðar, en þau ár varð verulegur hreinn hagnaður á rekstrinum. Jafnframt er ljóst, hversu mikill munur er á rekstri húsanna innbyrðis. Þau 20 hús, er bezta afkomu höfðu, voru rekin með nokkrum nettóhagnaði, en þau 20, er lakasta afkomu höfðu, með gífurlegu nettótapi, enda var velta þessara húsa aðeins helmingur af veltu þeirra 20 beztu, enda þótt stærð húsa í þessum tveimur hópum sé svipuð.

Eins og áætlunin fyrir árið 1968 ber með sér, hefði afkoman enn versnað mjög á því ári, ef til sérstakrar opinberrar aðstoðar hefði ekki komið. Jafnvel 20 beztu húsin myndu hafa verið rekin með brúttótapi, þannig að þau hefðu átt minna en ekkert upp í afskriftir og stofnvexti. Nettótap alls iðnaðarins er áætlað yfir 250 m.kr. Er auðséð, að slíkt ástand hefði leitt til algerrar rekstrarstöðvunar. Sú opinbera aðstoð til iðnaðarins, sem hér er farið fram á heimild til þess að inna af hendi, mun bæta afkomuna mjög mikið. Er aðstoðin miðuð við það, að 20 beztu húsin séu rekin án nettótaps, þannig að þau eigi að fullu fyrir afskriftum, leigum og stofnvöxtum, en heldur ekki umfram það. Afkoma iðnaðarins í heild mundi vera nokkru lakari en á árinu 1966, þar sem brúttóhagnaður mundi aðeins svara til 15% af afskriftum, leigum og stofnvöxtum samanborið við 25% á árinu 1966. Afkoma húsanna í miðið myndi þó vera nokkru betri en 1966, enda gert ráð fyrir, að þau njóti hlutfallslega nokkru meiri aðstoðar en önnur hús. Á hinn bóginn verður að gera ráð fyrir, að rekstur margra lökustu húsanna hætti, eða um sameiningu eða samvinnu við önnur hús verði að ræða. Sú afkoma, sem húsunum með þessu móti yrði búin á árinu 1968, getur að sjálfsögðu ekki verið framtíðargrundvöllur. Það er þó aðeins endurskipulagning iðnaðarins af því tagi, sem nú er hafin, sem getur skapað slíkan grundvöll, og nokkur tími hlýtur að líða, þar til hún hefur verið framkvæmd og árangur hennar hefur komið í ljós.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Þessi grein fjallar um heimild til greiðslu sérstakrar verðbótar á línufisk. Er gert ráð fyrir, að þessi verðbót nemi 30 aurum á hvert kíló á tímabilinu 16. maí til 30. september, en 60 aurum á öðrum tímum árs. Til viðbótar þessari greiðslu myndu fiskkaupendur greiða 25 aura á hvert kíló línufisks. Er hér um sams konar greiðslur að ræða og verið hafa á undanförnum árum, nema hvað hærri greiðslan mun nú ekki aðeins vera í gildi frá 1. október til 31. desember eins og að undanförnu, heldur einnig á tímabilinu 1. janúar til 15. maí. Þá munu verðbætur aðeins greiddar á línufisk, en ekki línu- og handfærafisk eins og áður. Kostnaður við þessar greiðslur er áætlaður 25 m.kr.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um heimildir til greiðslu aðstoðar við hraðfrystihúsin. Er gert ráð fyrir, að 152 m.kr. greiðsla skiptist á milli frystihúsanna í hlutfalli við framleiðslu þeirra á árinu 1968 af öðrum frystum fiskafurðum en síldarafurðum. Þó skulu 4 m.kr. af þessari upphæð ganga sérstaklega til frystingar á rækju. Er gert ráð fyrir, að Seðlabanki Íslands sjái um úthlutun fjárins í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur. Er þetta sami háttur og hafður hefur verið á við úthlutun hagræðingarfjár til frystihúsanna á undanförnum árum.

Þá er gert ráð fyrir heimild til sérstakrar greiðslu að upphæð 25 m.kr. í sambandi við endurskipulagningu hraðfrystiiðnaðarins. Skal Seðlabanki Íslands í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands úthluta þessari upphæð til tiltekinna húsa að fengnu samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.

Afkoma hraðfrystihúsa 1966 ásamt áætlun fyrir 1968.

Miðað við 68 hús.

		1966				1968			
		68 hús	20 beztu	28 miðhús	20 lökustu	68 hús	20 beztu	28 miðhús	20 lökustu
Tekjur	m.kr.	1 822	667	836	318	1 952	715	893	344
Gjöld:									
Hráefniskostnaður	m.kr.	909	328	418	162	1 079	388	498	193
Annar breytilegur kostn.	m.kr.	773	263	356	154	883	301	407	176
Viðhald og viðgerðir	m.kr.	63	21	31	11	71	24	34	12
Rekstrarvextir	m.kr.	45	12	17	15	52	14	20	18
Tekjuskattur	m.kr.	4	2	3	—	—	—	—	—
		1 795	626	825	342	2 085	727	959	399
Brúttóhagnaður	m.kr.	27	41	11	÷ 24	÷133	÷ 12	÷ 66	÷ 55
Afskriftir, stofnvextir og leigur	m.kr.	106	31	45	30	121	35	52	34
Hreinn hagnaður	m.kr.	÷ 79	10	÷ 34	÷ 54	÷254	÷ 47	÷118	÷ 89
Brúttóhagnaður í hlutfalli við afskriftir og stofnv.	%	25	132	25	÷ 80	÷110	÷ 34	÷127	÷162
Áætlað framlag[1]	m.kr.					151	47	81	23
Afkoma að fengnu framlagi:									
Brúttóhagnaður	m.kr.					18	35	15	÷ 32
Hreinn hagnaður	m.kr.					÷103	0	÷ 37	÷ 66
Brúttóhagnaður í hlutfalli við afskriftir og stofnv.	%					15	100	29	÷ 94

1) Miðað við að 87% af heildarframlagi að upphæð 173 m.kr. komi í hlut þessara 68 húsa. Af þessari upphæð skiptist 148 m.kr. hlutfallslega eftir framleiðsluverðmæti, en 25 m.kr. komi í hlut „miðhúsa".

Ed. 299. Frumvarp til laga [139. mál]

um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

Lög þessi taka til þess húsnæðis, sem notað er til íbúðar fyrir starfsmenn ríkisins og ríkið á að einhverju eða öllu leyti.

2. gr.

Það skal vera meginregla, að ríkið leggi ekki starfsmönnum sínum til íbúðarhúsnæði, nema því aðeins, að þeir gegni störfum í þeim landshlutum, þar sem sérstakir staðhættir gera slíkt nauðsynlegt. Þó skal heimilt að leggja til húsnæði þeim starfsmönnum, sem vegna sérstakra gæzlustarfa þurfa að búa á vinnustað.

3. gr.

Hlutaðeigandi ráðherra ákveður í samráði við fjármálaráðherra, hvar ríkið skuli leggja starfsmönnum til íbúðarhúsnæði skv. lögum þessum, eftir þeim meginreglum um svæðaskiptingu, er settar verða í reglugerð, sbr. 11. gr.

4. gr.

Óheimilt er að byggja eða kaupa nýtt íbúðarhúsnæði skv. lögum þessum, nema fé sé sérstaklega til þess veitt á fjárlögum og fyrir liggi samþykki hlutaðeigandi ráðherra um að í byggingu eða kaup skuli ráðizt.

5. gr.

Þeim starfsmönnum ríkisins, er hafa afnot íbúðarhúsnæðis skv. lögum þessum, ber að greiða ríkissjóði leigu fyrir húsnæðið. Húsaleigugjaldið skal ákveðið með reglugerð og miðast við brunabótamat húsnæðisins, staðsetningu þess og notagildi fyrir hlutaðeigandi starfsmann.

6. gr.

Sé hluti af íbúðarhúsnæði starfsmanns notaður sem skrifstofu- eða starfshúsnæði í þágu ríkisins, greiðir hann enga húsaleigu af því húsnæði.

7. gr.

Ríkissjóður greiðir alla skatta og skyldur, svo og viðhaldskostnað íbúðarhúsnæðis, sem að öllu leyti er eign ríkisins. Slíkan kostnað af íbúðarhúsnæði, sem er sameign ríkis og annarra aðila, greiðir ríkissjóður einungis í réttu hlutfalli við eignarhluta sinn.

Heimilt er að gera leigjanda íbúðarhúsnæðis skv. lögum þessum að greiða viðhaldskostnað húsnæðis, sem er óeðlilega hár vegna illrar umgengni.

8. gr.

Bygging og viðhald íbúðarhúsnæðis þeirra starfsmanna ríkisins, er lög þessi taka til, svo og endurbætur á því, skal innan ramma fjárlaga vera undir yfirstjórn þess ráðherra, er hlutaðeigandi starf heyrir undir.

9. gr.

Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins innan þeirra svæða, þar sem eðlilegur markaður hefur skapazt fyrir íbúðarhúsnæði til kaups eða leigu, sbr. reglugerð, er sett verður skv. 11. gr., skal selja þegar í stað, er núverandi leigutakar þess hverfa úr því eða láta af embætti. Heimilt er þó að fresta sölu, ef slík frestun er bersýnilega hagkvæm fyrir ríkissjóð.

Sala fasteignar skv. 1. mgr. þessarar greinar skal fara fram með þeim hætti, að húsnæðið skal boðið til sölu með opinberri auglýsingu og tilgreindu lágmarksverði, sem sé metið gangverð eða gangverð skv. nýju fateignamati, þegar það tekur gildi. Samanburður verðtilboða eftir því, hversu mikil er útborgun kaupverðs, skal gerður eftir reglum, sem ráðherra setur.

Húsnæðið skal síðan selt þeim, sem bezt verð býður og hagkvæmust greiðslukjör fyrir ríkissjóð. Heimilt er embættismanni þeim, er síðast hafði húsnæðið til afnota, að ganga inn í hæsta verðtilboð.

10. gr.

Lög þessi taka hvorki til embættisseturs forseta Íslands, biskupsbústaðar í Reykjavík né bústaða sendiherra Íslands erlendis.

11. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um stærð, gerð og búnað íbúðarhúsnæðis, sem ríkið eignast eða kostar að einhverju leyti, svo og um eftirlit með slíku íbúðarhúsnæði og viðhald þess.

Í reglugerð skulu enn fremur sett ákvæði um úttekt á leiguhúsnæðinu við upphaf og lok leigutíma.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1968. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 38/1947, um skipulag og hýsingu prestssetra, lög nr. 96/1947, um embættisbústaði dómara, 2. og 3. málsliður 4. mgr. 3. gr. laga nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, svo og lög nr. 4/1957, um embættisbústaði héraðsdýralækna.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir starfsmenn ríkisins, er afnot hafa af húsnæði í eigu ríkisins við samþykkt þessara laga, skulu greiða leigu af húsnæði þessu eftir sömu reglum og stuðzt var við fyrir gildistöku laga þessara. Flytjist starfsmenn þessir í annað húsnæði, ber þeim að greiða leigu af því skv. ákvæðum 5. gr. þessara laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fram til þessa hafa í gildi verið margvísleg og í ýmsu brotakennd lagaákvæði um byggingu svonefndra embættisbústaða, sem ríkið hefur átt að kosta að einhverju eða öllu leyti. Lagaákvæði þessi hafa orðið til við mjög mismunandi aðstæður. Sum þeirra eiga sér langa sögu og byggjast á fornri hefð. Lög þau, sem hér um ræðir, gera engan greinarmun á aðstöðu manna í þéttbýli eða strjálbýli til að afla sér íbúðarhúsnæðis, og eru ákvæði þeirra því á ýmsan hátt í ósamræmi við þá þróun, sem átt hefur sér stað hérlendis á undanförnum áratugum. Þörfin á því að móta ákveðna og samræmda stefnu í þessum efnum er því orðin mjög brýn.

Ríkisstjórnin fól mál þetta til athugunar fulltrúum frá atvinnumálaráðuneytinu, dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu og menntamálaráðuneytinu. Hafa fulltrúarnir skilað skýrslu um athuganir sínar og niðurstöður, og á grundvelli hennar ákvað ríkisstjórnin að fela sömu aðilum að semja frumvarp til laga um þetta efni.

Við samningu frumvarpsins hefur verið leitazt við að fylgja eftirtöldum meginreglum:

1. Ríkið eigi ekki íbúðarhúsnæði til afnota fyrir starfsmenn, nema slíkt sé óhjákvæmilegt vegna staðhátta eða annarra brýnna ástæðna.
2. Lagaskylda ríkisins, til að byggja íbúðarhúsnæði fyrir ákveðnar starfsstéttir í þjónustu ríkisins, verði afnumin.

3. Hver ráðherra hafi ákvörðunarvald um, hvaða íbúðarhúsnæði skuli byggt fyrir starfsfólk, sem undir hans valdsvið heyrir.
4. Ekki sé ráðizt í byggingu eða kaup íbúðarhúsnæðis, nema fyrir liggi sérstök heimild í fjárlögum.
5. Starfsmönnum ríkisins verði ekki séð fyrir húsnæði eða veitt aðstoð til að eignast slíkt húsnæði, ef þeir búa á þéttbýlissvæðum, þar sem venjulegur markaður er fyrir íbúðarhúsnæði til kaups eða leigu.
6. Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, sem staðsett er á þéttbýlissvæðum, skuli selja, þegar núverandi leigutaki flytur úr því eða lætur af starfi.
7. Ákvæði í gildandi lögum, sem ákvarða húsaleigu starfsmanna ríkisins, verði afnumin, jafnframt því sem settar verði reglur, er miða að því, að húsaleiga miðist við raunverulegt verðmæti eigna, hæfilegan arð af þeim, staðsetningu og notagildi fyrir leigutaka.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ríkissjóður mun eiga einn eða í einhvers konar sameign með sveitarfélögum nær 500 íbúðir. Íbúðir, sem ríkið á í sameign með sveitarfélögum, eru íbúðir héraðslækna og fjölmargar íbúðir í tengslum við skóla.

Um 2. gr.

Skv. lögum þeim, er nú gilda um embættisbústaði, er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi dómurum, prestum og dýralæknum til embættisbústaði. Þá skal ríkissjóður greiða sveitarfélögum tvo þriðju hluta kostnaðar við að reisa héraðslæknabústaði og er skyldugur til þátttöku í kostnaði við byggingu íbúða fyrir skólastjóra skyldunámsstigsins og nauðsynlegs starfsliðs heimavistarskóla barnafræðslustigsins.

Með frumvarpi þessu er sú stefna mörkuð, að staðhætti, þar sem starfsmenn ríkisins verða að setjast að, en ekki stöður þeirra, skuli leggja til grundvallar mati á, hvort láta skuli starfsmönnum ríkisins húsnæði í té.

Þó er ekki lagt til, að íbúðarhúsnæði það, sem nú er í eigu ríkisins, verði að svo stöddu selt. Er svo ráð fyrir gert, að núverandi leigutakar fái afnotarétt af húsnæðinu, meðan þeir gegna núverandi starfi í þágu ríkisins og greiði húsaleigu eftir sömu reglum og stuðzt hefur verið við til þessa.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir, að settar verði með reglugerð meginreglur um, hvaða aðstæður skuli ráða því, að ríkið leggi starfsmönnum sínum til húsnæði. Innan ramma þeirra reglna er gert ráð fyrir því, að hlutaðeigandi ráðherrar ákveði í samráði við fjármálaráðherra, hvort ríkið skuli leggja slíkt húsnæði til, sbr. 4. gr.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Leiga fyrir íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins er nú greidd skv. mati skattstjóra. Húsaleiga af prestssetrum er þó lögbundin, sbr. l. nr. 38/1947, og skal skv. þeim lögum ákvörðuð með hliðsjón af byggingarkostnaði „eins og hann hefði orðið, áður en verðhækkun styrjaldarinnar skall yfir". Auk þess er prestum, skv. nefndum lögum, gert að annast á sinn kostnað viðhald prestssetra og brunatrygginga þeirra. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að þessi kvöð á prestum falli niður.

Það er markmið með þessu frumvarpi, að húsaleiga fyrir íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins miðist við hæfilegt hlutfall af brunabótamati húsnæðisins, en jafnframt tekið tillit til staðsetningar þess og notagildis fyrir viðkomandi starfsmann.

Um 6., 7. og 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Ákvæði 9. gr. gera ráð fyrir, að íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, sem staðsett er á svæðum þeim, þar sem eðlilegur markaður hefur skapazt fyrir húsnæði til kaups eða leigu verði selt þegar núverandi leigutaka ber að rýma það.

Með ákvæðum greinarinnar „þar sem eðlilegur markaður hefur skapazt fyrir íbúðarhúsnæði til kaups eða leigu“ er átt við, að slíkur markaður sé nú fyrir hendi á þéttbýlissvæði Reykjavíkur, þ. e. Reykjavík sjálfri, Seltjarnarnesi, Mosfellssveit, Kópavogi, Garðahreppi, Álftanesi og Hafnarfirði. Sömuleiðis verður að ætla, að slíkur markaður sé fyrir hendi á Akureyri og í nágrenni. Nánari framkvæmd þessa ákvæðis verður háð ákvörðun fjármálaráðherra.

Í greininni eru auk þessa ákvæði um aðferð við sölu íbúðarhúsnæðis í eigu ríkisins til að tryggja sölu á eðlilegu gangverði.

Um 10., 11. og 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 300. Frumvarp til laga [140. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1966.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1966 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

	Innborganir:			Áætlun:	Reikningur:
1.	Tekjur samkvæmt	2. gr.	fjárlaga kr.	3 289 300 000.00	kr. 4 015 775 214.57
2.	— —	3. — A.	— —	472 000 000.00	— 618 242 312.39
3.	— —	3. — B.	— —	75 000.00	
4.	— —	4. —	— —	8 000 000.00	— 21 977 337.97
5.	— —	5. —	— —	25 000 000.00	— 21 792 166.91
6.	Eignahreyfingar skv.	20. gr.	fjárlaga —	6 100 000.00	— 381 588 911.31
			kr.	3 800 475 000.00	kr. 5 059 375 943.15

	Útborganir:			Áætlun:	Reikningur:
1.	Gjöld samkvæmt	7. gr.	fjárlaga kr.	8 514 265.00	kr. 8 339 046.44
2.	— —	8. —	— —	2 706 664.00	— 3 358 566.82
3.	— —	9. —	— —	27 600 000.00	— 33 290 374.69
4.	— —	10. — I.	— —	46 299 820.00	— 59 485 916.28
5.	— —	10. — II.	— —	31 091 521.00	— 36 366 434.34
6.	— —	10. — III.	— —	13 132 900.00	— 13 532 759.01
7.	— —	11. — A.	— —	194 640 428.00	— 224 664 641.71
8.	— —	11. — B.	— —	77 075 305.00	— 95 617 736.07
9.	— —	11. — C.	— —	4 200 000.00	— 4 554 855.35
10.	— —	12. —	— —	145 801 240.00	— 171 381 152.20
11.	— —	13. — A.	— —	380 000.00	— 380 000.00
12.	— —	13. — B.	— —	33 192 000.00	— 44 655 641.30
13.	— —	13. — C.	— —	64 133 232.00	— 63 324 639.87
14.	— —	13. — D.	— —	23 821 548.00	— 28 118 614.21
15.	— —	13. — E.	— —	10 538 996.00	— 12 194 864.29
16.	— —	13. — F.	— —	12 727 336.00	— 14 581 886.10
17.	— —	14. — A.	— —	512 022 690.00	— 560 274 555.85

	Útborganir:			Áætlun:		Reikningur:
18.	Gjöld samkvæmt	15. — B.	fjárlaga kr.	39 276 330.00	kr.	43 525 078.24
19.	— —	15. —	— —	36 281 000.00	—	39 373 093.43
20.	— —	16. — A.	— —	203 922 188.00	—	214 912 810.73
21.	— —	16. — B.	— —	142 699 474.00	—	161 595 788.45
22.	— —	16. — C.	— —	11 479 715.00	—	13 549 712.30
23.	— —	16. — D	— —	45 150 000.00	—	49 778 010.66
24.	— —	16. — E.	— —	30 266 406.00	—	31 787 735.71
25.	— —	17. —	— —	875 138 100.00	—	897 216 469.27
26.	— —	18. —	— —	88 267 626.00	—	95 937 721.52
27.	— —	19. — 1.	— —	559 000 000.00	—	613 066 633.83
28.	— —	19. — 2.	— —	214 000 000.00	—	248 044 886.34
29.	— —	19. — 3.	— —	5 000 000.00	—	94 330 653.09
30.	— —	19. — 4.	— —	14 000 000.00		
31.	— —	19. — 5.	— —	8 000 000.00		
32.	— —	19. — 6.	— —	1 800 000.00	—	1 546 322.49
33.	— —	19. — 7.	— —	107 000 000.00		
34.	— —	19. — 8.	— —	19 000 000.00	—	20 406 505.81
35.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga		—	190 752 495.00	—	749 157 289.33
	Mismunur		—	1 563 721.00	—	411 025 547.42
			kr.	3 800 475 000.00	kr.	5 059 375 943.15

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1966, sem lagður verður fyrir þingið samtímis frumvarpinu.

Sþ. 301. Frumvarp til fjáraukalaga [141. mál]

fyrir árið 1966.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

Til viðbótar við þau gjöld, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1966, eru veittar kr. 926 118 972.05 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A er veitt:

1. Póstur og sími ..... kr. 76 058 580.52
   af kr. 125 443 592.27 tekjum umfram fjárlagaáætlun.
2. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins ..... — 61 980 598.10
   af kr. 157 806 519.14 tekjum umfram fjárlagaáætlun.
3. Ríkisútvarp ..... — 14 856 317.83
   en tekjur fóru kr. 4 620 351.08 fram úr fjárlagaáætlun.
4. Viðtækjaverzlun ..... — 1 784 905.99
   en tekjur fóru kr. 1 192 916.03 fram úr fjárlagaáætlun.
5. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg ..... — 1 963 875.37
   en tekjur fóru kr. 1 891 207.45 fram úr fjárlagaáætlun.
6. Áburðarsalan ..... — 8 317 845.27
   af kr. 8 385 429.68 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

7.	Landssmiðjan	kr.	1 512 195.30
	af kr. 1 834 825.64 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
8.	Innkaupastofnun	—	2 147 693.31
	af kr. 4 228 038 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
9.	Bessastaðabú	—	309 037.65
	en tekjur urðu kr. 519 097.66 undir fjárlagaáætlun.		
10.	Hvanneyrarbú	—	1 480 564.29
	en tekjur fóru kr. 1 152 577.61 fram úr fjárlagaáætlun.		
11.	Vífilstaðabú	—	723 288.04
	af kr. 767 702.87 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
12.	Kópavogsbú	—	74 631.71
	af kr. 88 542.54 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
		Kr.	171 209 533.38

Til viðbótar við gjöldin í 8. gr. eru veittar	kr	651 902.82
— — — — - 10. — I. — —	—	13 186 096.28
— — — — - 10. — II. — —	—	5 274 913.34
— — — — - 10. — III. — —	—	399 859.01
— — — — - 11. — A. — —	—	30 024 213.71
— — — — - 11. — B. — —	—	18 542 431.07
— — — — - 11. — C. — —	—	354 855.35
— — — — - 12. — — —	—	25 579 912.20
— — — — - 13. — B. — —	—	11 463 641.30
— — — — - 13. — C. — —	—	808 592.13
— — — — - 13. — D. — —	—	4 297 066.21
— — — — - 13. — E. — —	—	1 655 868.29
— — — — - 13. — F. — —	—	1 854 550.10
— — — — - 14. — A. — —	—	48 251 865.85
— — — — - 14. — B. — —	—	4 248 748.24
— — — — - 15. — — —	—	3 092 093.43
— — — — - 16. — A. — —	—	10 990 622.73
— — — — - 16. — B. — —	—	18 896 314.45
— — — — - 16. — C. — —	—	2 069 997.30
— — — — - 16. — D. — —	—	4 628 010.66
— — — — - 16. — E. — —	—	1 521 329.71
— — — — - 17. — — —	—	22 078 369.27
— — — — - 18. — — —	—	7 670 095.52
— — — — - 19. — 1. — —	—	54 066.633.83
— — — — - 19. — 2. — —	—	34 044 886.34
— — — — - 19. — 3. — —	—	89 330 653.09
— — — — - 19. — 8. — —	—	1 406 505.81
	Kr.	587 599 561.42
Til eignaaukningar skv. 20. gr. Út eru veittar	—	338 519 410.63
Inn fóru kr. 375 488 911.31 fram úr fjárlagaáætlun.		
	Samtals kr.	926 118 972.05

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1966. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgreiðslum, sem ríkisreikningurinn 1966 sýnir.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1966.

Sþ. **302. Tillaga til þingsályktunar** [142. mál]

um mannúðlega meðferð á hrossum.

Flm.: Jónas Árnason.

Alþingi ályktar að skora á landbúnaðarráðherra að sjá til þess, að ákvæðum laga um hýsingu, fóðrun og aðra hirðingu sé framfylgt að því er varðar hross sem og annan búpening.

Greinargerð.

Í lögum um búfjárrækt frá 1965 er kveðið svo á, að skylt sé forðagæzlumönnum að tilkynna hreppsnefnd, ef þeir telji, að einhvern búfjáreiganda skorti fóðurbirgðir eða hús yfir búfénað sinn, vanfóðri hann eða vanhirði, og skal hreppsnefnd, ef út af þessu er brugðið, sjá til þess, að úr verði bætt.

Þess munu ekki mörg dæmi, að lög þessi séu brotin í meðferð á sauðfé eða nautgripum. Á hinn bóginn er svo að sjá sem Íslendingum hafi gleymzt, að lög þessi ná einnig til hrossa. Í vetrarhörkum eins og þeim, sem staðið hafa að undanförnu, er meðferð á hrossum víða svo ómannúðleg, að varla mun of sterkt að orði kveðið, þó að talað sé um þjóðarsmán í þessu sambandi.

Ýmsir mætir menn hafa lagt sig fram um það, bæði í ræðu og riti, að leiða fólki fyrir sjónir hið ömurlega hlutskipti útigangshrossa hér í þessu margrómaða velferðarríki, Íslandi nútímans. Einn þeirra manna er Kristján bóndi Jónsson á Snorrastöðum í Kolbeinsstaðahreppi. Við undirbúning þessarar tillögu leitaði flutningsmaður liðsinnins hjá Kristjáni, og hann brást vel við og setti saman bréf, þar sem málið er reifað af svo mikilli reynslu og þekkingu, að flutningsmaður getur þar ekki við bætt og leyfir sér því að láta helzta kaflann í bréfinu nægja sem greinargerð. Kristjáni bónda farast m. a. orð á þessa leið:

„Hesturinn hefur erfiðasta aðstöðu allra þeirra gripa, sem maðurinn hefur undir höndum, til að tryggja sér góða meðferð, þó að honum sé sunginn mikill dýrðaróður sem þarfnasta þjóninum áður og yndislegasta gleðigjafanum þá og nú. Kýrin hegnir strax sama daginn fyrir vanfóðrun og vanhirðingu, með minni mjólk. Ærin hegnir líka með rýrara lambi, þó að hún sé ekki eins dagglögg og kýrin. En hryssan getur átt ótrúlega vænt folald, þó að hún gangi fram skriðhoruð á vorin, og vel má ríða greitt á hesti, þegar hann hefur tekið vorbatanum, þótt ekki væri þykkt undir húðinni á krossmessu. Eins er hægt að kippa líklegum fola inn svo sem mánaðartíma á eldi og selja hann fyrir sæmilegt verð, þó að stundum hafi borið óþarflega mikið á hnútum og rifjum í uppvextinum.

Það er reginfirra að tala um hestinn sem eina búgreinina. Hann hefur aldrei verið eiginleg búgrein og á ekki að vera. Hann hefur verið tæki til að nýta aðrar búgreinar, eins og bílar og dráttarvélar eru nú. Þetta sést berlega á þeim fyrirmælum, þegar kristni var lögtekin, að banna hrossaketsát, og er það lagt til jafns við barnaútburð. Ég er nú ekki svo viðkvæmur, að ég telji mjög illa farið, að hér hefur breyting á orðið. En þetta ákvæði sýnir ljóslega, hvar hesturinn stóð í hugarheimi forfeðra vorra í hinni fyrstu kristni.

Sú hætta liggur alltaf við dyrnar í mannlífinu, að ef ósiðirnir hafa nógu sterkan bakhjall, þá dragi þeir á eftir sér kenninguna, og í sambandi við hrossin hefur hún komizt vel inn fyrir dyrastafinn.

Af því að of mörgum og of áhrifamiklum hrossaeigendum er hagkvæmara, að hrossin bjargi sér úti, eða a. m. k. að þurfa ekki að kosta til húsavistar og erfiða við mokstur og hirðingu, þó að þeim sé eitthvað gefið, þá gýs upp sú kenning, að hrossum sé miklu hollara og heilnæmara að koma lítið og helzt ekkert í hús.

Og þá er ég kominn að efninu, rökunum fyrir því, að ekki sé vanþörf að ræða þessi mál á Alþingi og gera um þau samþykktir, með þeirri áherzlu, að þeim sé hlýtt.

Ég er sem sé afar hræddur um, að ef áframhald verður á því, og máske aukning, að einstaklingar, bæði í sveit og þéttbýli, viði að sér eða ali upp fjölda hrossa, miklu meiri fjölda en svo, að þeim sé fært að hýsa og hirða, svo að skammlaust sé, þá verði útivistarkenningin allsráðandi. Að vísu tala þeir, sem þessa kenningu flytja, um að gefa hrossunum úti, og er það óneitanlega betra en ekkert. En verstu hríðar- og illviðrasólarhringana verða þau þó að þrauka gjafarlaus. Mér er rétt sem ég sjái menn kasta heyi fyrir hross úti í verstu vetrarhríðunum, þegar öllu er til skila haldið, að komizt verði til húsa.

Rétt mun það vera, að hægt sé að halda hrossum í góðum holdum í flestum vetrum með því að gefa þeim nóg, þegar fært er, en það er ekki hægt að tryggja þeim góða líðan með því. Sjómaður getur verið í góðum holdum, þó að hann lendi í hrakningum og vosbúð t. d. einu sinni í mánuði. En hver vill óska vini sínum þess hlutskiptis?

Það skal fúslega viðurkennt, að fjölmargir hugsa með afbrigðum vel um hesta sína og mega varla sjá hvítt korn detta úr lofti, svo að þeir fari ekki að hugsa til að bjarga þeim í hús, og vel sé þeim. Það skal líka viðurkennt, að hýsing ein er fjarri því að vera nóg, til að skepnunum líði vel. Góð húsavist, hirðing og gjöf verða auðvitað að fylgja. „Hann fór svona í hesthúsinu", sagði bóndinn, sem reið horuðum hesti að vorlaginu, og var þetta að skopi haft. — Þegar ég var í bernsku, sögðu gamlir menn, að hestum, sem hætti til að fá holhnjúska (sem sumir kalla hreggmaðk) í hrakviðrum fyrri hluta vetrar, dygði húsið og hirðingin til að losna við þá, þó að engin væri gjöfin. Þetta hef ég þrautreynt að er rétt, að vísu ekki án allrar gjafar, en með lítilli gjöf. Svona er nú húsavistin óholl, eða hitt þó heldur.

Ég hef nú haft hér um nokkrar málalengingar, en að vísu þurfti ekki nema fárra orða við. Ekkert er rétt í þessu máli annað en það, að enginn hafi fleiri hross á fóðrum en svo, að honum sé auðvelt að taka þau í hús, þegar harðnar á. Allar vangaveltur um aðrar aðferðir eru undanbrögð og ekkert annað. En hrossum er vorkunnarlaust að vera á haga 5—6 klst. á dag, ef jörð er góð, jafnvel þótt eitthvað sé að veðri, og það er beit til hálfrar gjafar, og jafnvel meira, ef hrossin eru tekin snemma vetrar. Hross halda sig miklu betur að jörð og þurfa minni daglega gjöf, ef þau eru tekin snemma vetrar, heldur en ef farið er að hýsa þau mjög seint, og þá e. t. v. mikið aflögð.

Ég býst nú við því, að sumum háttvirtum þingmönnum þyki Alþingi hafa innt af höndum torfalögin með því að semja forðagæzlulög og styrkja dýraverndunarfélag. Þessir aðilar ættu að geta bjargað málunum. En það hefur bara ekki dugað hrossunum, og raunar engum skepnum, svo að vel sé, og engar skepnur eru vitandi vits á gaddinn settar nema hrossin."

Nd. 303. Breytingartillaga [20. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni, Ásgeiri Péturssyni, Benedikt Gröndal og Jónasi Árnasyni.

Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 58. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þar sem fleiri en eitt hreppsfélag eiga í sameiningu félagsheimili, skal hreppsnefnd heimilt, að fengnu samþykki yfirkjörstjórnar, að hafa kjörstað í félagsheimilinu, þó að það sé ekki staðsett innan hreppsins.

Ed. 304. Frumvarp til laga [143. mál]

um Siglingamálastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins starfar undir yfirstjórn ráðherra þess, sem fer með siglingamál.

2. gr.

Hlutverk Siglingamálastofnunar ríkisins er:

1. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um siglingamál og skipasmíðar.
2. Að annast eftirlit með nýsmíði skipa, búnaði, breytingum og innflutningi og almennt eftirlit skipa og annað samkvæmt lögum um eftirlit með skipum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim. Smíðateikningar skipa eru háðar viðurkenningu Siglingamálastofnunarinnar.
3. Að annast framkvæmd alþjóðasamþykkta um öryggi mannslífa á hafinu, sem Ísland er aðili að, og gefa út skipsskjöl fyrir íslenzk skip samkvæmt þeim.
4. Að annast framkvæmd alþjóðahleðslumerkjasamþykkta, sem Ísland er aðili að, og ákveða hleðslumerki skipa og gefa út hleðslumerkjaskírteini samkvæmt þeim.
5. Að ákvarða hleðslumerki fyrir fiskiskip eftir nánari reglum, er ráðherra setur.
6. Að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi og sjódómi. Rita umsögn um sjópróf til saksóknara ríkisins. Birta árlega niðurstöður rannsókna á sjóslysum.
7. Að annast framkvæmd laga um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu og reglugerða samkvæmt þeim í samræmi við alþjóðasamþykkt um sama efni, sem Ísland er aðili að.
8. Að annast framkvæmd laga og reglna um mælingu skipa, svo og mál, er varða alþjóðasamþykkt um mælingu skipa.
9. Að annast framkvæmd laga um skráningu skipa. Annast skýrslugerð um íslenzkan skipastól. Gefa árlega út skrá yfir íslenzk skip, miðað við 1. janúar ár hvert. Þar skal og birta skrá yfir einkaleyfisnöfn skipa, skip í smíðum, skip, sem felld hafa verið niður af skipaskrá á árinu og annan gagnlegan fróðleik um íslenzkan skipastól.
10. Að annast af Íslands hálfu samstarf við Alþjóðasiglingamálastofnunina (IMCO) í samráði við utanríkisráðuneytið, svo og samstarf við aðrar alþjóðastofnanir varðandi þau mál, sem eru í verkahring stofnunarinnar.
11. Að annast mál, er varða siglingalög og sjómannalög, að því leyti sem þau varða skráningu skipa, skip og búnað þeirra, siglingaöryggi og önnur mál, sem ráðuneytið kann að fela stofnuninni, varðandi siglingar og áhafnir skipa.

3. gr.

Ráðherra sá, er fer með siglingamál, kveður með reglugerð nánar á um hlutverk og starfshætti Siglingamálastofnunarinnar og um einstök verkefni hennar.

4. gr.

Forseti skipar siglingamálastjóra til að annast framkvæmdastjórn þeirra mála, sem falin eru Siglingamálastofnuninni. Hann skal vera skipaverkfræðingur eða hafa aðra sambærilega menntun, hafa sérþekkingu á málum stofnunarinnar og fullnægja kröfum þeim, sem þarf til þess að vera embættismaður hér á landi.

Eigi má hann hafa þau störf á hendi, sem eru ósamrýmanleg stöðu hans að dómi ráðherra.

5. gr.

Siglingamálastofnunin hefur skrifstofu í Reykjavík.

6. gr.

Ráðherra skipar fasta starfsmenn Siglingamálastofnunarinnar að fengnum tillögum siglingamálastjóra. Fast starfsfólk Siglingamálastofnunarinnar skal taka laun samkvæmt hinu almenna launakerfi ríkisins.

7. gr.

Siglingamálastjóri skal hafa sérfróðan staðgengil, aðstoðarsiglingamálastjóra, er hafi sömu menntun og krafizt er í starf siglingamálastjóra. Við Siglingamálastofnunina skulu starfa einn eða fleiri sérmenntaðir menn í eftirtöldum sérgreinum:

Skipaverkfræði.
Skipatæknifræði.
Vélatæknifræði.
Tréskipasmíði.
Vélfræði (vélstjóri með fyllstu atvinnuréttindi).
Skipamælingum.
Siglingafræði (skipstjóri með fyllstu atvinnuréttindum á flutningaskipum).
Fiskveiðum (skipstjóri með fyllstu atvinnuréttindum á fiskiskipum).
Sjóréttarmálum (vegna sjóslysamála).
Skráningu skipa.
Raftækni í skipum.
Radíótækni.

8. gr.

Landið skiptist í 5 eftirlitssvæði. Þau eru:

1. eftirlitssvæði: Frá Hjörleifshöfða að Skor á Barðaströnd. Allar Breiðafjarðareyjar meðtaldar.
2. eftirlitssvæði: Frá Skor í Hrútafjarðarbotn.
3. eftirlitssvæði: Frá Hrútafjarðarbotni að Gunnólfsvíkurfjalli.
4. eftirlitssvæði: Frá Gunnólfsvíkurfjalli að Hjörleifshöfða.
5. eftirlitssvæði: Vestmannaeyjar.

9. gr.

Siglingamálastjóri skipar eftirlitsmann fyrir hvert eftirlitssvæði. Annast hann framkvæmd eftirlits þar og umsjón með skoðunarmönnum undir yfirstjórn siglingamálastjóra.

Eftirlitsmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera búsettir á þeim stað innan svæðis síns, er siglingamálastjóri samþykkir, vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann, og hafa að dómi siglingamálastjóra nægilega þekkingu á siglingum, skipum og vélum til þess að leiðbeina skoðunarmönnum, samræma eftirlitið til meira öryggis og skera úr um ágreining, sem upp kynni að rísa um haffæri skipa.

Siglingamálastjóri setur þeim erindisbréf og starfsreglur.

10. gr.

Eftirlitsmaður skal sjálfur annast allt eftirlit þar á svæði sínu, sem mest þörf er eftirlits á hverjum tíma árs. Ef erfiðleikar eru á því, að hann vegna fjarlægðar geti á sama tíma haft fullnægjandi eftirlit á öðrum stað eða stöðum á svæðinu, þar sem sérstök þörf er eftirlits, ber honum, að fengnu samþykki siglingamálastjóra, að fela hæfum manni eftirlit þar, enda fullnægi hann skilyrðum þeim, sem sett eru um eftirlitsmenn.

11. gr.

Hvert eftirlitssvæði skiptist í skoðunarsvæði. Þau eru:

I. eftirlitssvæði:
1. skoðunarsvæði: Frá Hjörleifshöfða að Jökulsá á Sólheimasandi.
2. skoðunarsvæði: Frá Jökulsá á Sólheimasandi að Þjórsá.
3. skoðunarsvæði: Frá Þjórsá að Grindavík.
4. skoðunarsvæði: Grindavík og Reykjanesskagi að Hafnarfirði.
5. skoðunarsvæði: Hafnarfjörður, Garðahreppur og Bessastaðahreppur.
6. skoðunarsvæði: Reykjavík og Kjósarsýsla.
7. skoðunarsvæði: Borgarfjarðar- og Mýrasýsla (frá Hvalfjarðarbotni til Hítarár).
8. skoðunarsvæði: Frá Hítará að Búlandshöfða.
9. skoðunarsvæði: Frá Búlandshöfða að Skor. (Breiðafjarðareyjar meðtaldar).

II. eftirlitssvæði:
10. skoðunarsvæði: Frá Skor að Kópanesi.
11. skoðunarsvæði: Arnarfjörður.
12. skoðunarsvæði: Dýrafjörður.
13. skoðunarsvæði: Önundarfjörður.
14. skoðunarsvæði: Súgandafjörður.
15. skoðunarsvæði: Frá Gelti að Geirhólma.
16. skoðunarsvæði: Frá Geirhólma í Hrútafjarðarbotn.

III. eftirlitssvæði:
17. skoðunarsvæði: Frá Hrútafjarðarbotni að Skagatá.
18. skoðunarsvæði: Frá Skagatá að Haganesvík.
19. skoðunarsvæði: Haganesvík að Siglunestá.
20. skoðunarsvæði: Frá Siglunestá að Ólafsfjarðarmúla.
21. skoðunarsvæði: Frá Ólafsfjarðarmúla að Gjögri, svo og Grímsey.
22. skoðunarsvæði: Frá Gjögri að Tjörnestá, svo og Flatey á Skjálfanda.
23. skoðunarsvæði: Frá Tjörnestá að Gunnólfsvíkurfjalli.

IV. eftirlitssvæði:
24. skoðunarsvæði: Frá Gunnólfsvíkurfjalli að Lagarfljóti.
25. skoðunarsvæði: Frá Lagarfljóti að Loðmundarfirði.
26. skoðunarsvæði: Loðmundarfjörður og Seyðisfjörður.
27. skoðunarsvæði: Frá Dalatá að Gerpi.
28. skoðunarsvæði: Frá Gerpi að Fáskrúðsfirði.
29. skoðunarsvæði: Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík.
30. skoðunarsvæði: Frá Breiðdalsvík að Austurhorni.
31. skoðunarsvæði: Frá Austurhorni að Hjörleifshöfða.

V. eftirlitssvæði:
32. skoðunarsvæði: Vestmannaeyjar.

12. gr.

Siglingamálastjóri skipar að fengnum tillögum eftirlitsmanns skoðunarmenn á hvert skoðunarsvæði. Tölu skoðunarmanna á hverju skoðunarsvæði ákveður siglingamálastjóri að fengnum tillögum eftirlitsmanns. Skoðunarmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera búsettir á svæði sínu, hafa reynslu og þekkingu á siglingum, skipum og vélum og vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann.

Eftirlitsmaður skiptir með þeim verkum eftir sérþekkingu þeirra.

13. gr.

Skipaskoðunarmenn annast allar skoðanir, er ræðir um í lögum um eftirlit með skipum, gildandi tilskipunum og reglugerðum, og þeim, er gerðar skulu innan umdæmis þeirra, hvort sem skipið er skrásett þar eða eigi.

Nú er um skoðun að ræða, er eftirlitsmaður telur þess eðlis, að meiri sérfræðilegrar þekkingar sé þörf, og skipar hann þá sérfróðan mann eða menn skoðunarmönnum til aðstoðar.

Ef þörf krefur, getur siglingamálastjóri kvatt mann til skoðunar utan umdæmis síns.

14. gr.

Siglingamálastofnunin skal að jafnaði hafa starfandi umferðaeftirlitsmenn, sem ferðast um landið til að samræma störf skipaskoðunarmanna, í samráði við skipaeftirlitsmann hvers eftirlitssvæðis. Skulu umferðaeftirlitsmenn einnig framkvæma skyndiskoðanir í höfnum eða á sjó, eftir því sem aðstæður leyfa og ástæða þykir til. Milli ferða skulu umferðaeftirlitsmenn starfa við skrifstofu Siglingamálastofnunarinnar, og skal siglingamálastjóri setja þeim starfsreglur.

15. gr.

Áður en embættis- og sýslunarmenn Siglingamálastofnunarinnar hefja störf, skulu þeir undirrita eið eða drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starfann eftir beztu samvizku og þekkingu.

Ekki mega þeir annast nein störf Siglingamálastofnunarinnar vegna skipa, er þeir eiga sjálfir að meira eða minna leyti eða þeirra skipa, sem þeir eru á einn eða annan hátt við riðnir, þannig að þeir verði eigi taldir óvilhallir.

16. gr.

Þegar embættis- og sýslunarmenn Siglingamálastofnunarinnar eru að starfi, hafa þeir rétt til þess að fara um borð í hvert skip, sem statt er í íslenzkri höfn eða innan íslenzkrar landhelgi, til þess að rannsaka það, sem þeim ber samkvæmt stöðu sinni. Leita ber þó álits eftirlitsmanns eða siglingamálastjóra, ef eigi er nauðsyn skjótra aðgerða.

Útgerðarmenn, skipstjórar, vélstjórar og aðrir, er í þeirra umboði starfa, svo og aðrir skipverjar, eru skyldir til að veita Siglingamálastofnuninni alla aðstoð og upplýsingar, sem óskað er og starfið varða.

Trúnaðarmenn Siglingamálastofnunarinnar skulu á hinn bóginn gæta þess að valda ekki skipi óþarfa töfum né torvelda vinnu um nauðsyn fram.

17. gr.

Embættis- og sýslunarmenn Siglingamálastofnunarinnar eru opinberir starfsmenn og njóta réttar og bera skyldur í samræmi við það.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi 7.—16. gr. og 20.—21. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 50 31. júlí 1959, svo og önnur ákvæði, sem í bága kunna að fara við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Heitin Skipaskoðun ríkisins, Skipaskráningarstofa ríkisins, Skipamæling, skipaskoðunarstjóri og skipaskráningarstjóri, eru öll til samans ekki fyllilega réttnefni þess starfssviðs, sem embættið hefur með höndum nú orðið, en auk þess er óhentugt að hafa mörg nöfn yfir sömu stofnun og réttara að sameina og samræma starfssvið stofnunarinnar og setja í ein lög heildarverkefni embættisins, og er þetta ástæðan fyrir lagafrumvarpi þessu um Siglingamálastofnun og embætti siglingamálastjóra.

Engin teljandi efnisbreyting er hér fyrirhuguð á starfssviði stofnunarinnar, og ekki er gert ráð fyrir fjölgun starfsliðs við breytingu þá, sem frumvarp þetta felur í sér. Engin heildarlög eru hins vegar nú til fyrir stofnunina, er geri grein fyrir verkefnum hennar, eins og hún er í dag. Nafninu er breytt til samræmis við raunverulegt verksvið stofnunarinnar eftir þróun undanfarinna áratuga. Með þessu lagafrumvarpi er lagt til, að markaður verði grundvöllur stofnunarinnar og í framhaldi þess, ef frumvarpið verður að lögum, yrðu síðan endurskoðuð lög um einstök verksvið hennar, svo og reglugerðir samkvæmt þeim lögum, sem endurskoða þarf nú þegar vegna þróunar einstakra mála á alþjóðavettvangi og innan lands.

Tilgangurinn er að byggja upp frá grunni öll þessi verksvið, og yrði þá skipulag og starf að ýmsum málum einfaldara en það er nú.

Þess skal getið, að með lagafrumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að skipaskráning og skipamæling verði færðar frá fjármálaráðherra til siglingamálaráðherra, þótt þessi verkefni séu áfram hjá sama embætti í reynd. Með þessu er uppbygging Siglingamálastofnunarinnar gerð einfaldari, þannig að hún heyri öll undir sama ráðherra. Skipaskráning og skipamæling fer nú fram hjá embættinu án íhlutunar af hálfu fjármálaráðherra, þannig að hér er meira um formbreytingu að ræða en breytingu, sem snertir framkvæmdaratriði.

Skráning og mæling skipa heyrði einnig áður undir fjármálaráðherra á hinum Norðurlöndunum, en hefur nú þar verið færð yfir á sama hátt og hér er fyrirhugað til siglingamálastofnunar, sem heyrir öll undir siglingamálaráðherra. Þessi breyting var gerð fyrir fáum árum (um 1961) í Noregi. Embætti siglingamálastjóra (Sjöfartsdirektören) og Siglingamálastofnunin (Sjöfartsdirektoratet) í Noregi hefur nú þessi mál með höndum og þar, eins og hér, hefur verið sameinuð í einni stofnun afgreiðsla allra þeirra mála, er varða skip og siglingar, enda án efa hagkvæmast til vinnuhagræðingar, að öll slík mál heyri undir sömu stofnun og sama ráðherra.

Helztu lagaákvæði um skipaskoðunina og verkefni hennar eru þessi:

a. Venjulega gengur stofnunin undir nafninu Skipaskoðun ríkisins, og forstöðumaður hennar er skipaskoðunarstjóri. Þessi stofnun starfar samkvæmt lögum um eftirlit með skipum (frá 31. júlí 1959 og síðari breytingum). Þar sem rætt er um ráðherra í þeim lögum, er átt við ráðherra þann, sem fer með siglingamál. Lög þessi ná einnig til ákvæða um hleðslumerki skipa og siglingadóm og rannsókn sjóslysa.
b. Í lögum um **skráningu skipa** (lög nr. 17 1948 með síðari breytingum) segir, að sérstök deild við skipaskoðunarstofuna, sem nefnist „Skipaskráningarstofa ríkisins“ framkvæmi þau daglegu störf, sem lúta að endurskoðun, mælingu skipa og skráningu þeirra. Skipaskoðunarstjóra, sem jafnframt er skipaskráningarstjóri, skal heimilt að taka nauðsynlega aðstoð í þessu skyni, og greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði. Lög þessi eru undirrituð af fjármálaráðherra og störf skipaskráningarstjóra heyra nú undir yfirstjórn fjármálaráðherra.
c. Í lögum um skipamælingar (frá 20. marz 1950) segir í 1. gr.: „Skipaskoðunarstjóri fer með þau mál, er í lögum þessum greinir, undir yfirstjórn ráðherra“. Þessi lög eru undirrituð af fjármálaráðherra, sem fer nú með þessi mál.
d. Með lögum nr. 77 frá 10. maí 1966, um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu og reglum settum samkvæmt þeim, er skipaskoðunarstjóra falin framkvæmd þessara mála í samræmi við alþjóðasamþykkt um sama efni frá 1954 og 1962.
e. Í reynd hafa öll mál, er varða Alþjóðasiglingamálastofnunina (IMCO), verið afgreidd af skipaskoðunarstjóraembættinu í samráði við utanríkisráðuneytið, þótt efni einstakra mála kunni að heyra undir mismunandi ráðherra.
f. Umsagnir um undanþágur vélstjóra eru að nokkru fengnar hjá Skipaskoðun, sbr. lög nr. 76 13. maí 1966, V. kafli, en undanþágurnar endanlega afgreiddar af samgöngumálaráðuneytinu.

g. Mál, sem varða alþjóðasiglingareglur, hafa verið unnin og reglurnar gefnar út ásamt leiðbeiningum af Skipaskoðun ríkisins, enda um IMCO mál að ræða.
h. Tæknilegar umsagnir um samninga um smíði fiskiskipa, svo og verðmat, hefur verið unnið af Skipaskoðun fyrir Fiskveiðasjóð Íslands vegna lána til skipanna samkvæmt beiðni sjóðsins og með samþykki siglingamálaráðherra.
i. Í stuttu máli sagt eru nú flest þau mál, er varða skip og siglingar, sem afgreiða þarf af hálfu opinberra íslenzkra aðila, fengin skipaskoðunarstjóra til umsagnar eða afgreiðslu.

Sþ. 305. Fyrirspurn [144. mál]

til samgöngumálaráðherra um vegarbætur og rannsókn á brúarstæði.

Frá Ásgeiri Péturssyni.

1. Hafa verið ráðgerðar umbætur á þjóðveginum við Skeiðhól í Hvalfirði?
2. Liggja fyrir upplýsingar um mælingar vegna hugsanlegrar brúargerðar yfir Hvítá við Seleyri í Borgarfjarðarsýslu?
3. Hvenær má vænta þess, að undirbúningsrannsóknum á slíkri brúargerð verði lokið?

Nd. 306. Frumvarp til laga [145. mál]

um áburðarverksmiðju ríkisins.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Stefán Valgeirsson, Jón Skaftason, Halldór E. Sigurðsson, Björn Pálsson, Gísli Guðmundsson, Sigurvin Einarsson.

1. gr.

Áburðarverksmiðja ríkisins er ríkisstofnun, sem hefur það markmið að framleiða og selja áburðarefni og önnur þau efni, sem tengd eru áburðarvinnslu. Verksmiðjan lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum, undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

2. gr.

Rekstri verksmiðjunnar skal jafnan hagað þannig, að hún sé þess tæknilega og fjárhagslega umkomin að gefa bændum kost á eins góðum og ódýrum áburðarefnum og frekast er völ á.

3. gr.

Áburðarverksmiðja ríkisins tekur við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum Áburðarverksmiðjunnar h/f hinn 1. janúar 1969 og kemur þá að öllu leyti í hennar stað. Áburðarverksmiðjan h/f er jafnframt leyst upp, miðað við sama tíma, og hlutabréf þess í eigu annarra aðila en ríkisins tekin eignarnámi skv. ákvæðum 18. gr. þessara laga.

4. gr.

Ríkissjóður leggur áburðarverksmiðju ríkisins til sem stofnfé hlutafé Áburðarverksmiðjunnar h/f, eins og það verður metið skv. 18. gr.

Ríkissjóður leggur verksmiðjunni enn fremur til stofnfjárframlög, eins og ákveðið kann að verða í fjárlögum.

5. gr.

Að því leyti sem stofnfé ríkissjóðs hrekkur ekki til greiðslu stofnkostnaðar, er verksmiðjunni heimilt að taka fé að láni innanlands eða utan, enda samþykki ríkisstjórnin lántökuna hverju sinni.

6. gr.

Stjórn áburðarverksmiðju ríkisins skal skipuð sjö mönnum. Fimm þeirra skulu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar. Einn skal kosinn af búnaðarþingi, og einn er kosinn af aðalfundi Stéttarsambands bænda, báðir til fjögurra ára í senn.

Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður henni laun.

Til að skuldbinda áburðarverksmiðjuna þarf undirskrift fjögurra stjórnarmanna.

7. gr.

Verksmiðjustjórnin ræður framkvæmdastjóra til að hafa á hendi daglega stjórn verksmiðjunnar og yfirverkfræðing, sem annist tæknilega stjórn á framkvæmdum og sjálfum verksmiðjurekstrinum.

Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir verksmiðjuna. Hann ræður annað starfsfólk verksmiðjunnar. Stjórn verksmiðjunnar skal setja framkvæmdastjóra og yfirverkfræðingi erindisbréf, sem kveði frekar á um starfsskyldur þeirra.

8. gr.

Endurskoðendur áburðarverksmiðju ríkisins eru þrír, og skal einn skipaður af landbúnaðarráðherra og sé hann löggiltur endurskoðandi, annar af fjármálaráðherra, en hinn þriðji af stjórn Búnaðarfélags Íslands, allir til fjögurra ára í senn. Fyrsta sinn skulu þeir þó skipaðir til tveggja ára.

9. gr.

Áburðarverksmiðjan hefur á hendi einkasölu á tilbúnum áburði, og er engum öðrum heimilt að framleiða eða flytja til landsins tilbúinn áburð. Skal verksmiðjan selja áburð til notkunar innanlands við því verði, sem talið er nauðsynlegt, til að fylgt verði þeirri stefnu, sem mörkuð er í 2. gr. þessara laga. Verksmiðjustjórnin ákveður áburðarverð fyrir 1. marz ár hvert, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

10. gr.

Áburðarverksmiðjan selur áburðinn ekki öðrum en hrepps- og bæjarfélögum, búnaðarfélögum, samvinnufélögum og kaupmönnum.

11. gr.

Hálfum hundraðshluta af heildarsölu áburðarverksmiðjunnar skal ár hvert varið til styrktar jarðvegsrannsóknum í landinu. Skal fé þetta geymt í sérstökum sjóði, sem er í vörzlu verksmiðjustjórnar. Landbúnaðarráðherra setur sjóðnum reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar verksmiðjunnar. Veitt skal fé úr sjóði þessum til ákveðinna verkefna samkvæmt ákvörðun verksmiðjustjórnar og með samþykki Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, sem skipuleggur og hefur yfirumsjón með rannsóknunum.

12. gr.

Áburðarverksmiðjan selur áburð til notkunar innanlands við því verði, sem talið er nauðsynlegt, til að fylgt verði þeirri stefnu, sem mörkuð er í 2. gr. þessara laga. Verksmiðjustjórnin ákveður áburðarverð fyrir 1. marz ár hvert, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

13. gr.

Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema fasteignasköttum og landsútsvari samkv. II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

14. gr.

Framlag áburðarverksmiðju ríkisins til fastra sjóða hennar skal vera á hverju ári sem hér segir:

a. Til fyrningarsjóða allt að 2½% af endurnýjunarverði húsa, lóðar og annarra mannvirkja og allt að 7½% af endurnýjunarverði véla og annarra áhalda, allt samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum verksmiðjustjórnar.
b. Til varasjóðs allt að 3% af kostnaðarverði framleiðslunnar, ákveðið með sama hætti.

15. gr.

Reikningsár áburðarverksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár svo fljótt sem auðið er og svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Reikningarnir skulu sendir landbúnaðarráðherra þegar að lokinni endurskoðun, undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum. Reikninga skal birta árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

16. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun áburðarverksmiðjunnar setur landbúnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

17. gr.

Á tímabilinu frá gildistöku þessara laga og til 31. desember 1968 er ríkisstjórninni heimilt að kaupa hlutabréf þau í Áburðarverksmiðjunni h/f, sem eru í einkaeign. Kaupverð bréfanna skal ekki vera hærra en fimmfalt nafnverð.

Ríkisstjórnin tekur eignarnámi þau hlutabréf í Áburðarverksmiðjunni h/f, sem verða í einkaeign að kvöldi hins 31. desember 1968. Kemur eignarnámið til framkvæmda hinn 1. janúar 1969.

18. gr.

Hinn 1. janúar 1969 falla hlutabréf Áburðarverksmiðjunnar h/f úr gildi sem hlutabréf. Eigendur hlutabréfa geta þá þegar í stað framvísað bréfum og krafizt bóta úr ríkissjóði samkvæmt mati. Skal verð bréfanna metið af þriggja manna nefnd, er hæstiréttur tilnefnir. Skipar hæstiréttur einn þessara formann, er skal vera lögfræðingur. Nefndin skal miða mat sitt við sannvirði hlutabréfanna við gildistöku laganna og veita eigendum bréfanna kost á að gæta hagsmuna sinna við matið.

19. gr.

Úrskurðir matsnefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir um bætur til handa hlut-höfum vegna eignarnáms hlutabréfanna, og er hluthöfum skylt að afhenda bréf sín gegn greiðslu matsverðsins auk 7% ársvaxta af matsverðinu frá 1. janúar 1969 til greiðsludags.

20. gr.

Matsnefndin hefur heimild til að stefna eigendum hlutabréfa fyrir sig með opinberri innköllun í Lögbirtingablaði, er birt sé þrisvar sinnum. Gefi einhverjir eigendur sig ekki fram innan 4 vikna frá birtingu síðustu innköllunar að telja, falla kröfur til endurgjalds fyrir hlutabréfin niður. Gefi þeir sig fram innan fjögurra ára og sanni eignarheimild sína, er þó heimilt að greiða þeim andvirði bréfanna.

21. gr.

Áburðarverksmiðjan tekur við öllum réttindum og skyldum gagnvart starfsfólki og framkvæmdastjóra Áburðarverksmiðjunnar h/f, er hlutafélagið hættir störfum.

22. gr.

Allar bækur og skjöl Áburðarverksmiðjunnar h/f skulu renna til áburðarverksmiðjunnar.

23. gr.

Umboð stjórnar Áburðarverksmiðjunnar h/f fellur niður, um leið og hlutafélagið hættir störfum.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju, og lög nr. 47 21. apríl 1962, um breyting á þeim lögum. Enn fremur lög nr. 51 28. jan. 1935, um verzlun með tilbúinn áburð.

Greinargerð.

Samkvæmt heimild í 13. gr. laga nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju, hefur áburðarverksmiðjan í Gufunesi verið rekin sem hlutafélag. Við undirbúning þeirra laga og í frv. að þeim var þó gert ráð fyrir, að verksmiðjan væri sjálfseignarstofnun á vegum ríkisins, sem ríkið eitt legði fram og útvegaði fé til. Í öllum þeim umræðum, sem fram höfðu farið, virðast allir hafa gert ráð fyrir, að verksmiðjan yrði ríkisfyrirtæki.

Það var ekki fyrr en á síðasta stigi málsins á Alþingi, að fram var lögð tillaga um, að ríkisstjórninni væri heimilað að leita eftir þátttöku félaga og einstaklinga um hlutafjárframlög til stofnunar áburðarverksmiðjunnar. Eins og frá lögunum var gengið, skyldi ríkissjóður leggja fram það, sem á vantaði, að hlutafé yrði 10 millj. kr., ef framlög einstaklinga og félaga næmu a. m. k. 4 millj. kr.

Ljóst er af þeim umræðum, sem fram fóru á Alþingi á sínum tíma, að fyrir þeim, sem að þessari tillögu stóðu, vakti tvennt: annars vegar vantrú á ríkisfyrirtækjum og sú skoðun, að verksmiðjunni yrði betur stjórnað, ef þar kæmu til menn, sem ættu einkahagsmuna að gæta, og hins vegar, að með þessu móti væri verulegum fjárhagsbyrðum létt af ríkissjóði, með því að gert var ráð fyrir, að allt að fjórðungur stofnkostnaðar yrði lagður fram af öðrum en ríkinu. Stofnkostnaður var þá áætlaður um 40 millj. kr.

Um hvorugt þessara atriða varð tillögumönnum að von sinni. Þetta fyrirkomulag létti ekki fjárhagsbyrðar ríkissjóðs að neinu ráði. Stofnkostnaður verksmiðjunnar mun hafa orðið um 130 millj. kr. og með síðari viðbótum kominn yfir 200 milljónir. Í hlutafé söfnuðust aðeins 4 millj. kr. frá öðrum en ríkinu, en að öðru leyti hefur ríkið lagt fram eða útvegað fé til verksmiðjunnar, en allt þetta fé greiða svo notendur áburðarins í gegnum verðlagningu hans. Framlag annarra hluthafa en ríkisins virðist því næsta lítið til að réttlæta hlutdeild þeirra í verksmiðjunni.

Flm. þessa frv. telja ríkisrekstur hvorki æskilegt né eftirsóknarvert rekstrarform í sjálfu sér, þar sem öðru verður með eðlilegum hætti við komið. Á hinn bóginn er markaður okkar þjóðfélags svo lítill, að stórfyrirtæki, sem framleiðir fyrir innlendan markað, hlýtur oftast að sitja að honum eitt án alls aðhalds af eðlilegri samkeppni. Slíkt fyrirtæki nýtur því algerrar einokunaraðstöðu, sem ekki er eðlilegt að sé í höndum annarra en ríkisheildarinnar, allra sízt eftir að því hefur verið falið að sjá um alla áburðarsöluna, eins og verið hefur undanfarið.

Áburðarverksmiðjan í Gufunesi framleiðir fyrst og fremst áburð fyrir innlendan markað, og innflutningur áburðar er takmarkaður við það magn, sem verksmiðjan annar ekki að framleiða, og þær tegundir, sem hún framleiðir ekki. Þannig nýtur verksmiðjan algerrar einkaaðstöðu á áburðarmarkaðinum í landinu.

Með tilliti til þessa telja flm. það fyrirkomulag, sem nú er á rekstri áburðarverksmiðjunnar, alveg óeðlilegt, og það er skoðun þeirra, að tímabært sé, að ríkið leysi til sín hlutabréf annarra hluthafa í verksmiðjunni og taki rekstur hennar að fullu í sínar hendur, og miðar frv. þetta að því.

Gert er ráð fyrir því í frv. að setja á stofn áburðarverksmiðju ríkisins sem sjálfstæða stofnun í eigu ríkisins, sem lúti sérstakri stjórn. Áburðarverksmiðja ríkisins taki við öllum eignum og réttindum, skuldum og ábyrgðum Áburðarverksmiðjunnar h/f og komi að öllu leyti í hennar stað. Hlutabréf Áburðarverksmiðjunnar h/f, sem eru í eigu annarra en ríkisins, skulu tekin eignarnámi samkvæmt mati þriggja manna, sem hæstiréttur tilnefnir, ef ekki hafa tekizt samningar við eigendur bréfanna um sölu þeirra á fimmföldu nafnverði.

Með frv. þessu er áburðarverksmiðjunni fengin í hendur einkasala á öllum áburði og lögin um áburðareinkasölu ríkisins afnumin. Þessa einkasölu hefur áburðarverksmiðjan haft í nokkur ár, þar sem henni var með bréfi landbúnaðarráðherra á sínum tíma falið að annast störf Áburðareinkasölu ríkisins, þar til öðruvísi yrði ákveðið.

Miklar umræður hafa verið um það á síðustu árum, að koma þurfi á sem víðtækustum jarðvegsrannsóknum, svo að hægt verði að gefa bændum öruggar leiðbeiningar um það, hvaða áburðarefni þeir eigi að nota hver á sinni jörð og hversu stóra skammta jarðvegurinn eigi að fá af hverri tegund. Skort hefur fé til þessara þýðingarmiklu rannsókna, sem sterkar líkur benda til að sparað gætu bændum bæði á beinan og óbeinan hátt stórfé, ef þær yrðu almennar og bændur höguðu áburðargjöfinni í samræmi við niðurstöður þeirra.

Ef verða mætti til að örva framkvæmdir í þessu mikla hagsmunamáli landbúnaðarins, er lagt til það nýmæli í frv. þessu, að stofnaður verði á vegum áburðarverksmiðjunnar sjóður með árlegu framlagi af heildarsölu áburðar og því fé varið til styrktar jarðvegsrannsóknum í landinu. Í beinum tengslum við þetta nýmæli er það ákvæði sett í frv., að Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda fái aðild að stjórn áburðarverksmiðjunnar. Þessi landssamtök bændanna munu hafa hug á því að fylgjast með og hafa áhrif á það, hvernig áburðarframleiðslan þróast, og að byggja upp þekkingu bænda á áburðarþörf jarðvegsins, eins og hún kann að reynast við jarðvegsefnagreiningu.

Með því að fulltrúar bændastéttarinnar eigi sæti í verksmiðjustjórninni, ættu bæði fagleg og fjárhagsleg sjónarmið bænda að hafa skilyrði til áhrifa um framleiðslu og innflutning áburðartegunda, verð og greiðsluskilmála verksmiðjunnar við áburðarkaupendur.

Með aðild bændasamtakanna að stjórn áburðarverksmiðjunnar ættu að skapast traust tengsl bænda almennt við þetta þýðingarmikla þjónustufyrirtæki landbúnaðarins.

Ed. 307. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um Iðnlánasjóð, nr. 68 10. okt. 1967.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leitað sér upplýsinga um einstaka þætti þess. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþ. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða vera með breytingartillögum, sem fram kynnu að koma. Einn nefndarmanna, BFB, var fjarstaddur.

Alþingi, 20. febr. 1968.

Sveinn Guðmundsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Einar Ágústsson.
Gils Guðmundsson.	Auður Auðuns.	Jónas G. Rafnar.

Ed. 308. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og mælir með samþykkt þess. Þó áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til að flytja brtt. um einstök atriði eða fylgja slíkum tillögum. Nefndin er sammála um, að það eigi að koma skýrt fram, að hafa beri samráð við hraðfrystiiðnaðinn um skiptingu þeirra 25 millj. kr., sem um ræðir í síðari mgr. 2. gr. og flytur því þá

BREYTINGARTILLÖGU:

að á eftir orðunum „Útvegsbanka Íslands“ í síðari mgr. 2. gr. komi: og fulltrúa hraðfrystiiðnaðarins.

Alþingi, 20. febr. 1968.

Pétur Benediktsson, form., frsm.
Jón Árnason.
Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.
Gils Guðmundsson.
Bjarni Guðbjörnsson.
Sveinn Guðmundsson.
Magnús H. Gíslason.

Ed. 309. Breytingartillaga [136. mál]

við till. til þál. um, að bændaskólarnir veiti fræðslu í fiskirækt og fiskeldi.

Frá Birni Jónssyni og Einari Ágústssyni.

Við tillögugreinina bætist nýr málsliður, svofelldur:

Einnig að gera, svo fljótt sem við verður komið, ráðstafanir til, að ráðunautar í fiskirækt og fiskeldi verði starfandi í hverjum landsfjórðungi.

Nd. 310. Frumvarp til laga [146. mál]

um breyting á lögum nr. 102/1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða.

Flm.: Oddur Andrésson, Bjartmar Guðmundsson.

1. gr.

Fyrirsögn V. kafla hljóði svo:

Um lausn úr óðalsviðjum, ráðstöfun ættaróðals og erfðir.

2. gr.

Upphaf 17. gr. hljóði svo:

Þegar óðalsbóndi verður að bregða búi vegna elli, vanheilsu eða af öðrum þeim ástæðum, sem valda því, að honum er ókleift að halda áfram búskap, er landbúnaðarráðherra heimilt að leysa óðalið úr óðalsviðjum, ef engir þeirra ættingja, sem rétt hafa til óðalsins, vilja taka við því til ábúðar, enda mæli sýslunefnd og Búnaðarfélag Íslands með þeirri ráðstöfun. Samþykki landbúnaðarráð-

herra lausn óðals úr óðalsviðjum, er óðalsréttarhafa heimilt að selja það við því verði og þeim kaupanda, er hann kýs, enda hafi þeir, sem forkaupsrétt eiga að lögum, hafnað honum.

Þegar óðalsbóndi annars bregður búi eða deyr o. s. frv.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vegna hinna öru breytinga, sem orðið hafa á íslenzku þjóðlífi hin síðustu ár, hefur komið fyrir, að óðalsbönd á jörðum hafa orðið til að torvelda ábúendaskipti á þeim og jafnvel valdið því, að jarðir hafa fallið úr ábúð lengri eða skemmri tíma.

Enn fremur gerir rafvæðing og skipulag samgangna um landið óhjákvæmilegt, að óðalsjarðir geti og eigi að falla úr ábúð.

Virðist því eðlilegt, að í lögunum séu ákvæði um ótvíræða heimild ráðherra landbúnaðarmála til að leysa jarðir frá óðalsákvæðunum og veita eigendum þeirra eða arftökum rétt til frjálsrar ráðstöfunar þeirra innan marka, sem ekki skerða hagsmuni viðkomandi sveitarfélags.

Ed. 311. Breytingartillaga [94. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um Iðnlánasjóð, nr. 68 10. okt. 1967.

Frá Einari Ágústssyni og Gils Guðmundssyni.

Við frumvarpið bætist ný grein, er verði 2. gr., svo hljóðandi:

2. töluliður 5. gr. laganna orðist svo:

Framlag ríkissjóðs, er sé árlega jafnhátt tekjum þeim, er sjóðurinn fær af gjaldi því, er iðnaðurinn greiðir til hans samkvæmt 1. tölulið.

Ed. 312. Tillaga til þingsályktunar [147. mál]

um heykögglavinnslu- og fóðurbirgðastöðvar.

Flm.: Magnús H. Gíslason, Páll Þorsteinsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Landnámi ríkisins að hafa forgöngu um, að komið verði upp í tilraunaskyni og í samvinnu við búnaðarsamböndin heykögglavinnslu- og fóðurbirgðastöðvum á 3—4 stöðum á Norður- og Austurlandi, og verja á þessu ári til undirbúnings slíkra framkvæmda hluta af því fé, sem Landnámi ríkisins er veitt á fjárlögum yfirstandandi árs, ef því verður ekki öllu varið til venjulegra landnámsframkvæmda, skv. lögum nr. 75 frá 1962.

Greinargerð.

Allveruleg brögð hafa að því verið undanfarin ár, að fóðuröflun hefur brugðizt á Norður- og Austurlandi. Valda þar um vorkuldar og kal á túnum. Nokkuð hefur þetta verið misjafnt eftir héruðum, sveitum og jafnvel sveitarhlutum. Sums staðar í þessum landshlutum hefur kalsins lítið sem ekki gætt, annars staðar í þeim mæli, að heyfengur hefur á haustnóttum ekki reynzt nema brot af því, sem hann hefur verið í meðalári. Undir þessum kringumstæðum hafa þeir bænd-

ur, sem fyrir mestum áföllum hafa orðið, annað tveggja staðið frammi fyrir því að þurfa að stórskerða bústofn sinn eða afla honum fóðurs með einhverjum hætti. Verulega bústofnsskerðingu þola bændur almennt ekki. Úrræðin hafa því orðið aukin fóðurbætisgjöf að miklum mun og kaup á heyfóðri, sem orðið hefur að flytja um langvegu til kalsvæðanna, með miklum erfiðleikum og ærnum tilkostnaði.

Endurtekning þessara erfiðleika hefur eðlilega leitt huga manna að nauðsyn þess, að fóðuröflun verði hverju sinni tryggð heima fyrir, svo sem kostur er. Rannsóknir hafa farið fram á orsökum kalskemmda, og úrræða leitað til þess að koma í veg fyrir þær. Sennilegt er þó, að seint verði það fyrirbyggt með öllu, svo sem veðráttu er háttað á landi hér.

Með tillögu þeirri, sem hér er flutt, er því beint til ríkisstjórnarinnar, að hún feli Landnámi ríkisins að koma upp á næstu árum fóðurbirgðastöðum í þeim landshlutum, sem fóðurskorturinn hefur mest herjað að undanförnu. Er þá haft í huga, að tekin séu til ræktunar stór, samfelld landssvæði, þar sem þau væri að fá og aðstæður að öðru leyti álitlegar til þeirra framkvæmda, sem hér um ræðir. Ef vel tækist til um þessar framkvæmdir, — og annað er naumast ástæða til að ætla, — mundi þrennt vinnast: Minni þörf fyrir kaup á kraftfóðri, sem að stórum hluta er innflutt, auðveldari og ódýrari flutningar á fóðrinu til þeirra bænda, sem á því þyrftu að halda, og síðast, en ekki sízt, mjög aukið afkomuöryggi fyrir bændur.

Eðlilegt sýnist að fela Landnámi ríkisins að hafa forgöngu um þessar framkvæmdir í samráði við hlutaðeigandi búnaðarsambönd. Landnámið mun hafa yfir nokkrum fjármunum að ráða. Talið er líklegt, að framkvæmdir þess í ár verði mun minni en oft áður. Eru því allar horfur á, að það komi til með að eiga eitthvert afgangsfé. Vafamál er, að því verði betur varið til annarra framkvæmda en þeirra, sem hér er bent á.

Nd. 313. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt. Fjarverandi voru við afgreiðslu málsins nefndarmennirnir Ásgeir Pétursson og Stefán Valgeirsson.

Alþingi, 21. febr. 1968.

Guðl. Gíslason, form.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr., frsm.	Jón Skaftason.
	Ásm. B. Olsen.	

Sþ. 314. Tillaga til þingsályktunar [148. mál]

um auknar sjúkratryggingar til sjúklinga, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis.

Flm.: Jón Árnason, Oddur Andrésson, Ásgeir Pétursson, Ásmundur B. Olsen, Gunnar Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún láti endurskoða IV. kafla laga nr. 40/1963, um almannatryggingar, með það fyrir augum, að sjúklingar, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis, fái verulega auknar bætur frá því, sem nú á sér stað.

Greinargerð.

Með tillögu þessari er ætlað, að komið verði á endurskoðun á IV. kafla laga um almannatryggingar, en kafli þessi kveður á um sjúkrabætur almennt. Eins og fram kemur í tillögugreininni, vakir það sérstaklega fyrir flutningsmönnum, að endurskoðun laganna miðist við það, að komið verði á verulega auknum sjúkrabótum til handa þeim sjúklingum, sem óhjákvæmilega þurfa að leita sér læknishjálpar erlendis.

Samkvæmt upplýsingum landlæknis fer tala þeirra sjúklinga, sem þannig stendur á um, allmikið vaxandi á hverju ári. Á árinu 1966 fóru t. d. 12 sjúklingar til annarra landa til læknisaðgerða við hjartasjúkdómum, og á s. l. ári munu a. m. k. 17 sjúklingar hafa leitað sams konar læknishjálpar erlendis.

Hér er um læknisaðgerðir að ræða, sem sérfræðingar munu almennt sammála um, að enn sem komið er sé ekki unnt að veita hérlendis.

Það er því brýn nauðsyn, að sjúkratryggingarnar láti mál þessi til sín taka, svo að einstaklingar geti átt þess kost að leita lækninga meina sinna og fá þá heilsubót, sem völ er á. Hér er hins vegar um mjög kostnaðarsamar læknisaðgerðir að ræða og því í mörgum tilfellum algjörlega fjárhagslega ofviða þeim, sem í hlut eiga.

Á undanförnum árum hefur Alþingi veitt nokkra fjárupphæð á fjárlögum, sem ætluð er til styrktar þeim sjúklingum, sem nauðsynlega þurfa að leita sér læknishjálpar erlendis. Í fjárlögum yfirstandandi árs er upphæðin 1500 þús. krónur, sem er mun hærri fjárhæð en áður hefur átt sér stað. Auk þessa hafa svo fleiri aðilar látið mál þetta til sín taka á lofsverðan hátt og veitt fjárhagslegan stuðning þeim einstaklingum, sem hér eiga hlut að máli.

Eins og fyrr segir, er hér um mjög kostnaðarsamar læknisaðgerðir að ræða, og geta því fjárhagsástæður ráðið úrslitum. Hér þarf því meira til. Það er álit flutningsmanna tillögunnar, að ekkert sé eðlilegra en að hið almenna tryggingakerfi, sjúkrasamlög og Tryggingastofnun ríkisins taki málið í sínar hendur og veiti ríflegri bætur, svo sem hér er lagt til.

Samhljóða tillaga þeirri, sem hér um ræðir, var flutt á síðasta þingi, málið hlaut þá eigi fullnaðarafgreiðslu og er því endurflutt.

Nd. 315. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til laga um tímareikning á Íslandi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og mælir með, að það sé samþykkt. Pétur Sigurðsson var fjarverandi, er nefndin fjallaði um málið.

Alþingi, 19. febrúar 1968.

Bragi Sigurjónsson, fundaskr., frsm.	Ásm. B. Olsen.	Steingrímur Pálsson.
Jón Kjartansson.	Gísli Guðmundsson, með fyrirvara.	Jónas Pétursson.

Ed. 316. Nefndarálit [82. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Nefndin hefur athugað frumvarpið gaumgæfilega, rætt það á mörgum fundum og kvatt ýmsa sérfróða menn á sinn fund til að afla upplýsinga um málið. Nefndarmenn voru sammála um, að margvíslegar breytingar þyrfti að gera á frumvarpinu, og þá greindi ekki heldur á um, í hvaða átt þessar breytingar ættu að stefna, en hins vegar kom upp allmikill skoðanaágreiningur innan nefndarinnar um það, hversu róttækar breytingarnar þyrftu að vera. Náðist enginn samstæður meiri hluti innan nefndarinnar um heildarafstöðu til frumvarpsins.

Undirritaður minni hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með tilteknum breytingum, sem við undirritaðir nefndarmenn flytjum á sérstöku þingskjali. Teljum við, að með þessum breytingum sé komið til móts við óskir Sambands ísl. sveitarfélaga án þess að ganga um of á hlut gjaldenda. Verða þessum breytingum gerð nánari skil í framsögu.

Alþingi, 22. febr. 1968.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Auður Auðuns, fundaskr. Steinþór Gestsson.

Ed. 317. Breytingartillögur [82. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Jóni Þorsteinssyni, Auði Auðuns og Steinþóri Gestssyni.

1. 1. gr., 3. mgr., hljóði þannig:
   Hafi gjaldandi með höndum fjölþættan atvinnurekstur, sem tekur til fleiri en einnar atvinnugreinar, og verðmæti á tilgreindu verði eru flutt milli atvinnugreina, þá skal telja verðmæti, sem þannig er flutt, til brúttótekna hjá þeim þætti atvinnurekstrarins, er af hendi lætur, en til aðstöðugjaldskyldra rekstrarútgjalda hjá þeim þætti, sem á móti tekur.
2. Á eftir 1. gr. frv. komi ný grein, sem verði 2. gr., er hljóði þannig:
   15. gr. d. orðist svo:
   Að greiða aukaframlag til þeirra sveitarfélaga, sem fá ekki nægileg útsvör álögð samkvæmt 34. gr. Þó er heimilt að greiða aukaframlag til sveitarfélags, þar sem fólksfækkun hefur átt sér stað eða tekjur gjaldenda rýrnað, ef útsvör í sveitarfélaginu eru a. m. k. 15% yfir meðalútsvarsstiga á öllu landinu árið á undan. Meðalútsvarsstigi hvers árs er summan af margfeldi hundraðstölu útsvarsstigans og íbúafjöldans í hverju sveitarfélagi deild með íbúatölu landsmanna 1. desember næsta ár á undan.
3. 2. gr. (verði 3. gr.) hljóði þannig:
   Síðasta málsgrein 31. gr. orðist svo:
   Útsvör s. l. árs skulu einnig dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd að fullu fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun. Hafi gjalddagar samkvæmt a-lið 47. gr. verið ákveðnir, er sveitarstjórn heimilt að láta reglu þess gilda því aðeins, að jafnframt hafi verið gerð full skil á fyrirframgreiðslu eigi síðar en 31. júlí álagningarárið. Hafi gjaldandi eigi greitt þá upphæð hinn

31. júlí, en gerir síðan full skil á öllu útsvarinu fyrir áramót, skal helmingur útsvarsins dreginn frá hreinum tekjum. Sé innheimta gjalda til ríkis og sveitarfélaga sameiginleg samkvæmt ákvæðum laga nr. 68 27. apríl 1962, um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda, er það enn fremur skilyrði, að öll gjaldfallin, opinber gjöld, sem hin sameiginlega innheimta tekur til, séu að fullu greidd fyrir ofangreind tímamörk.

4. 4. gr. (verði 5. gr.) hljóði þannig:
e-liður ákvæða til bráðabirgða orðist svo:
Á árunum 1968 og 1969 er heimilt að víkja frá ákvæðum skattalaga um frádrátt, samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt 11. gr. B, 2. mgr., 12. gr. D og 17. gr. 2. mgr.

5. 5. gr. (verði 6. gr.) hljóði þannig:
Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara og aðstöðugjalda og greiðslu aukaframlaga á árinu 1968. Þó skulu ákvæði 3. gr. um frádrátt á greiddu útsvari eigi koma til framkvæmda fyrr en við útsvarsálagningu á árinu 1969. Jafnframt fellur úr gildi 2. málsliður 1. mgr. 31. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. lög nr. 67 21. maí 1965, um breyting á þeim lögum, sjá 2. málslið 2. gr. þeirra laga.

Ed. 318. Breytingartillaga [99. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Einari Ágústssyni.

Á eftir 1. gr. frv. komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (2. gr.) 7. gr. laganna breytist þannig:
Þriðji málsliður í C-lið greinarinnar:
„Hver árgreiðsla, afborgun, vextir og kostnaður skal hækkuð eða lækkuð, eftir því sem við á, samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu, sbr. lög nr. 63/1964“, falli burt.

b. (3. gr.) Húsnæðismálastofnun ríkisins skal breyta lánssamningum, sem gerðir hafa verið við húsbyggjendur, á þann veg, að hækkun eða lækkun á ársgreiðslum, samkv. vísitölu, falli niður.

c. (4. gr.) Ríkissjóður bætir Húsnæðismálastofnun ríkisins þann tekjumissi, sem hljótast kann af breytingum þeim, sem gerðar verða á lánssamningum skv. 3. gr.

Ed. 319. Frumvarp til laga [138. mál]

um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 22. febr.)

1. gr.

Á árinu 1968 er ríkisstjórninni heimilt að greiða fiskseljendum verðbót á línufisk, er komi til skipta á milli sjómanna og útgerðarmanna samkvæmt samningum um hlutaskipti. Verðbót þessi skal nema 30 aurum á hvert kíló fisks á tímabilinu 16. maí til 30. september, en 60 aurum á tímabilunum 1. janúar til 15. maí og 1. október til 31. desember.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða allt að 152 m.kr. til að tryggja rekstur hraðfrystihúsa á árinu 1968, þar af allt að 4 m.kr. til frystingar á rækju. Fé þetta skal skiptast á milli frystihúsanna í hlutfalli við framleiðslu þeirra á árinu 1968 af frystum fiskafurðum, öðrum en síldarafurðum. Seðlabanki Íslands skal sjá um úthlutunina í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

Þá er ríkisstjórninni heimilt að greiða á árinu 1968 25 m.kr. til hraðfrystihúsa í sambandi við endurskipulagningu hraðfrystiiðnaðarins. Seðlabanki Íslands úthlutar fé þessu til tiltekinna hraðfrystihúsa í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands og fulltrúa hraðfrystiiðnaðarins, að fengnu samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.

Nd. 320. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til laga um Fiskimálaráð.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum. Mæla undirritaðir með samþykkt þess, en áskilja sér rétt til að flytja við það breytingartillögur eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Einn nefndarmaður, Guðl. Gíslason, lýsti sig andvígan frumvarpinu, og einn nefndarmaður, Lúðvík Jósefsson, var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 22. febr. 1968.

Birgir Finnsson, form., frsm. Jón Skaftason, fundaskr. Björn Pálsson.
Ragnar Jónsson. Pétur Sigurðsson.

Nd. 321. Breytingartillögur [105. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Grísatungu í Stofholtstungnahreppi í Mýrasýslu.

Frá Jónasi Péturssyni og Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Á eftir 1. málslið 1. gr. komi: Enn fremur eyðijörðina Jórvík í Hjaltastaðahreppi í Norður-Múlasýslu til Guðmundar Pálssonar bónda Jórvíkurhjáleigu. Verð jarðanna fer eftir því o. s. frv.
2. Við fyrirsögn frv. bætist: og eyðijörðina Jórvík í Hjaltarstaðahreppi í Norður-Múlasýslu.

Ed. 322. Nefndarálit [82. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Það er margt, sem þarf að athuga í sambandi við tekjuöflun sveitarfélaga. Mörg þeirra eiga í erfiðleikum

með að afla nægjanlegra tekna til að rísa undir lögboðnum gjöldum. Horfur í atvinnumálum þjóðarinnar spá ekki heldur góðu í þessum efnum. Vinna ber að því að útvega sveitarfélögum nýja tekjustofna. Aðstöðugjaldið er þyrnir í augum margra, ekki sízt fyrir það, að þeim mun óhagstæðari sem atvinnurekstur inn er og fleiri óhöpp henda, þeim mun hærra verður gjaldið hjá hlutaðeigandi aðila, en gjaldþolið minnkar að sama skapi.

Í trausti þess, að lög um tekjustofna sveitarfélaga verði innan tíðar endurskoðuð og sveitarfélögum þar með skapaður traustari fjárhagsgrundvöllur til að standa á framvegis, legg ég til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. 3. mgr. falli niður.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Síðasta málsgr. 31. gr. orðist svo:
   Útsvör s. l. árs skulu einnig dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd að fullu fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun. Hafi gjalddagar samkvæmt a-lið 47. gr. verið ákveðnir, er sveitarstjórn heimilt að láta reglu þessa gilda því aðeins, að jafnframt hafi verið gerð full skil á fyrirframgreiðslu eigi síðar en 31. júlí álagningarárið. Hafi gjaldandi eigi greitt þá upphæð fyrir 31. júlí, en gerir síðan full skil á öllu útsvarinu fyrir áramót, skal helmingur útsvars dreginn frá hreinum tekjum.
3. Á eftir 3. gr. frv. komi ný grein, sem verði 4. gr., svo hljóðandi:
   34. gr., síðari málsgrein, orðist svo:
   Hækkun útsvars má þó eigi fara fram úr 5 hundraðshlutum.
4. Við 4. gr. Greinin, sem verði 5. gr., orðist svo:
   e-liður ákvæða til bráðabirgða orðist svo:
   Á árunum 1968 og 1969 er heimilt að víkja frá ákvæðum skattalaga um frádrátt, samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, 11. gr. B, 2. mgr., 12. gr. D og 17. gr. 2. mgr.

Alþingi, 22. febr. 1968.

Ásgeir Bjarnason.

Nd. 323. Frumvarp til laga [149. mál]

um breytingu á mörkum Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps í Suður-Múlasýslu og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja ríkisjörðina Hólma.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Jónas Pétursson, Lúðvík Jósefsson, Vilhjálmur Hjálmarsson.

1. gr.

Mörk Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps í Suður-Múlasýslu skulu vera um Hólmaháls eftir línu dreginni frá Hólmanestá í miðjan Hólmatind.

2. gr.

Nú verður eigi innan 3 mánaða frá gildistöku laga þessara samkomulag milli hreppsnefnda Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps um bætur vegna tjóns, sem Reyðarfjarðarhreppur kann að verða fyrir vegna ákvæðis 1. gr., og skal þá gerðardómur fjalla um það mál og skera úr um bótakröfur. Skal gerðardómurinn skipaður þremur mönnum. Skipa aðilar sinn manninn hvor í dóminn, en hæsti-

réttur tilnefnir oddamann. Vanræki aðilar að skipa mann í dóminn, tilnefnir hæstiréttur, þannig að dómur verði fullskipaður. Kostnað við dóminn greiðir Eskifjarðarhreppur.

3. gr.

Nú gefur Reyðarfjarðarhreppur Eskifjarðarhreppi kost á að kaupa eignarjörð sína, Borgir, sem yrði í Eskifjarðarhreppi eftir breytingu hreppamarka samkvæmt 1. gr., og fer þá um verð og greiðsluskilmála eftir því, sem um semst milli hreppanna, en náist ekki samkomulag milli þeirra innan 3 mánaða frá gildistöku laga þessara, skal Eskifjarðarhreppi skylt að kaupa jörðina eftir mati dómkvaddra manna. Um framkvæmd þess mats fer eftir lögum nr. 61/1917, um framkvæmd eignarnáms.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja ríkisjörðina Hólma Reyðarfjarðarhreppi og Eskifjarðarhreppi, þannig að hvor þessara hreppa um sig eigi þess kost að fá keyptan þann hluta jarðarinnar, sem er innan marka hvors sveitarfélags.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1969.

Greinargerð.

Þegar Reyðarfjarðarhreppi hinum forna var skipt árið 1907, voru mörk Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps ákveðin um Bleiksá, sem fellur í botn Eskifjarðar norðanverðan.

Vegna óhagkvæmra skilyrða í landi Eskifjarðarhrepps hafa Eskfirðingar fengið ýmis not af landi í Reyðarfjarðarhreppi, m. a. fyrir kirkjugarð, íþróttavöll og skreiðarhjalla.

Framtíðarhöfn Eskifjarðar hefur nú verið valinn staður inn við fjarðarbotninn, og þar hefur risið síldarverksmiðja, fiskverkunarhús og röragerð. Skortir landrými innan marka hreppsins til útfærslu þessara fyrirtækja, svo og fyrir annan atvinnurekstur, sem eðlilegt virðist að verði nálægt höfninni.

Að frumkvæði hreppsnefndar Eskifjarðarhrepps hefur verið rætt um breytingu á hreppamörkunum nú og áður, og eftir að þingmenn Austurlandskjördæmis höfðu kynnt sér viðhorf hreppsnefnda Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps, síðast á fundi á Egilsstöðum 15. þ. m., urðu þeir allir sammála um að leggja fram frv. þetta, en þar sem frumvarpið er flutt í neðri deild, eru aðeins fjórir þeirra flutningsmenn þess.

Þá felst í frv., 4. gr., heimild til handa ríkisstjórninni til að selja Eskifjarðarhreppi og Reyðarfjarðarhreppi ríkisjörðina Hólma, en hin nýju hreppamörk samkvæmt 1. gr. munu skipta jörðinni, þannig að norðurhluti hennar mun verða í Eskifjarðarhreppi, en suðurhlutinn í Reyðarfjarðarhreppi. Virðist því eðlilegt, að viðkomandi sveitarfélögum verði gefinn kostur á að kaupa þann hluta jarðarinnar, sem verður í því sveitarfélagi, enda hafa sveitarstjórnirnar látið í ljós áhuga á því, ef hreppamörkum yrði breytt, eins og í 1. gr. er lagt til.

Eyðijörðin Borgir, sem er eign Reyðarfjarðarhrepps, mundi við tilfærslu hreppamarkanna samkvæmt 1. gr. verða í Eskifjarðarhreppi. Af því tilefni og með vitund og vilja sveitarstjórnanna er ákvæði 3. gr. frv.

2. gr. þarfnast ekki skýringa.

Ed. 324. Breytingartillaga [138. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá Bjarna Guðbjörnssyni, Gils Guðmundssyni og Magnúsi H. Gíslasyni.

1. gr. orðist svo:

Á árinu 1968 er ríkisstjórninni heimilt að greiða fiskseljendum verðbót á línu- og færafisk, er komi til skipta á milli sjómanna og útgerðarmanna samkvæmt samningum um hlutaskipti. Verðbót þessi skal nema 60 aurum á hvert kíló fisks.

Ed. 325. Nefndarálit [82. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 3. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt málið á mörgum fundum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Enginn nm. vildi samþykkja frv. án breytinga, og flytja þeir breytingartillögur við allar greinar þess nema eina, sem samstaða var um að halda óbreyttri.

Undirritaður telur nauðsynlegt, að gerðar verði á frv. veigamiklar breytingar, og flytur eða styður brtt., sem bornar eru fram á sérstökum þskj. og hann telur til bóta. Að þeim breytingartillögum samþykktum, sem hann styður eða flytur, leggur hann til, að frv. verði samþykkt.

Eins og fram kemur í grg. með frv., er það flutt samkvæmt ósk stjórnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga, og bera efnisatriði frv., eins og það hefur verið lagt fram, greinilega með sér, að gjaldkerasjónarmið sveitarstjórnarmanna hafa einfarið ráðið við samningu þess. Vafalaust eiga slík sjónarmið nokkurn rétt á sér, en harla vafasamt þykir undirrituðum að láta þau ein ráða lagasmíð, sem svo mjög varðar almannahagsmuni sem löggjöf um tekjustofna sveitarfélaga og gjaldheimtuaðferðir þeirra. Ein afleiðinga þess yrði „fullkomnun“ þess vélræna tillitsleysis, sem í æ ríkara mæli hefur sett svipmót sitt á skattheimtu og ekki síður skattheimtuaðferðir opinberra aðila á síðari árum og bitnar fyrst og fremst harkalega á þeim, sem á einn eða annan hátt verða fyrir tímabundnum eða langvarandi fjárhagserfiðleikum, hvort heldur er um að ræða einstaklinga eða fyrirtæki. Sífellt eru innheimtuaðferðir hertar gagnvart slíkum aðilum og þeim gerðar fjárhagslegar refsingar af opinberri hálfu langt umfram það, sem öðrum fjármálaaðilum leyfist eða talið er sæmandi í almennum viðskiptum. Eru dæmin, svo sem ákvæðin um frádrátt útsvara við álagningu, dráttarvexti, heimildir til stöðvunar atvinnurekstrar o. s. frv., hér deginum ljósari.

Með ákvæðum 2. gr. þessa frv. er stefnt að því að herða enn refsiákvæði, ef einhver vanskil, hversu smávægileg sem þau eru, verða varðandi greiðslur útsvara. Er ráðgert í frumvarpsgreininni að breyta þeirri skyldu, sem nú er í gildi um útsvarsfrádrátt, ef greiðsla fer fram fyrir áramót, á þá lund, að útsvar fáist nú því aðeins frá dregið við álagningu, að helmingur þess hafi verið greiddur fyrir 30. júní álagningarárið, þótt það hafi að fullu verið greitt fyrir áramót. Með síðasta málslið greinarinnar eru svo gjaldendum í Reykjavík gerðir enn harðari kostir, þar sem þeir þurfa einnig að hafa greitt upp öll önnur opinber gjöld sín til þess að fá útsvarsfrádrátt. Undirritaður er algerlega mótfallinn þessum breytingum og telur, að meðan þvílíkar frádráttarreglur eru í gildi, ætti það, sem greitt hefur verið af útsvari á álagningarárinu, að fást frádregið, þótt ekki hafi verið að fullu greitt. Ætti skylda 62. gr. laganna til að beita gjaldendur refsivöxtum vegna vanskila

ásamt aðfararrétti að vera fullnægjandi aðhald flestum öðrum en þeim, sem í vanskilum lenda vegna ýmissa lítt viðráðanlegra óhappa, svo sem tekjulækkunar af völdum samdráttar í atvinnulífi, aflabrests og hliðstæðra vandkvæða. Er í þessum efnum skemmst að minnast þeirra stórfelldu erfiðleika, sem sjómannastéttin hefur átt í á nýliðnu ári um greiðslur opinberra gjalda.

Varðandi 1. gr. frv. vill undirritaður benda á þá hættu, sem í henni felst á tvísköttun, og styður hann því brtt. um að fella greinina niður.

4. gr. frv. felur í sér framlengingu heimildar til að víkja frá ákvæðum skattalaga um frádrátt vegna tekna, sem eiginkona aflar, um sjómannafrádrátt o. fl. Undirritaður telur, að skylda beri öll sveitarfélög til að veita frádrátt á útsvari í samræmi við ákvæði laga um tekjuskatt um þessi atriði, og styður því brtt., sem í þá átt gengur, en telur hins vegar, að ekki sé ástæða til að yfirfæra frádráttarskyldu laga um tekjuskatt vegna færslu taprekstrar milli ára og vegna varasjóðstillags yfir í lög um tekjustofna sveitarfélaga, þar sem þau ákvæði byggjast að ýmsu á hæpnum forsendum og þyrftu endurskoðunar við.

Samkvæmt framansögðu ræður afgreiðsla hv. þingdeildar á breytingartillögum þeim, sem undirritaður flytur eða styður, afstöðu hans til frv. í heild.

Alþingi, 22. febr. 1968.

Björn Jónsson.

Nd. 326. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með þeirri breytingu, sem fram kemur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 23. febr. 1968.

Oddur Andrésson, form. Guðl. Gíslason, frsm. Unnar Stefánsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson. Lúðvík Jósefsson. Jón Kjartansson.
Gunnar Gíslason.

Nd. 327. Breytingartillögur [137. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 1. gr.

1. Í stað „allt að 40 millj. kr.“ komi: allt að 50 millj. kr.
2. Aftan við greinina komi nýr málsliður:

   Ef sérstaklega stendur á að dómi ráðherra, má upphæð ríkisábyrgðar nema allt að 80%, enda séu fyrir hendi fullnægjandi tryggingar.

Ed. 328. Nefndarálit [82. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 4. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Ég er í rauninni sammála fyrsta og stærsta minni hluta nefndarinnar um aðalatriði þessa máls, 2. og 3. gr. frv. og viðaukagrein þá, sem flutt er (með vissum breytingum þó) að frumkvæði félagsmálaráðuneytisins.

Á hinn bóginn vil ég fella niður bæði 1. og 4. gr. frv. Hina fyrri fyrir þá sök, að ég sé enga þjóðarnauðsyn á því að hlaupa upp til handa og fóta með lagabreytingu, þótt hæstiréttur mildi ögn framkvæmd atgangsharðrar skattheimtu. Hina síðari vil ég fella niður af því, að mér virðist einsætt, að sama regla eigi að gilda um land allt um frádrátt frá skattskyldum tekjum í sérstökum tilvikum og að þar beri engan greinarmun að gera á útsvari og tekjuskatti. Hitt er svo annað mál, hvaða gildandi reglur í því efni kynnu að þarfnast endurskoðunar.

Ég leyfi mér því að flytja eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 4. gr. Greinin falli niður.

Greinatalan breytist í samræmi við þetta.

Alþingi, 24. febr. 1968.

Pétur Benediktsson.

Sþ. 329. Fyrirspurn [150. mál]

til menntamálaráðherra um starfsaðstöðu tannlæknadeildar háskólans.

Frá Einari Ágústssyni.

Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar eða eru fyrirhugaðar til þess að bæta starfsaðstöðu tannlæknadeildar háskólans?

Nd. 330. Lög [92. mál]

um heimild handa siglingamálaráðherra til að veita Hans Samúelssyni stýrimannsskírteini á íslenzkum skipum.

(Afgreidd frá Nd. 26. febr.)

Samhljóða þskj. 215.

Ed. 331. Breytingartillaga [82. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Birni Jónssyni.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Síðasta málsgrein 31. gr. orðist svo:

Útsvör s. l. árs skulu einnig dregin frá hreinum tekjum að því leyti, sem þau hafa verið greidd fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun.

Ed. 332. Nefndarálit [38. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 73 31. des. 1964, um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. þetta og er sammála um, að með tilliti til afgreiðslu fjárlaga á styrk til stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum, þarfnist málið ekki frekari afgreiðslu á þessu þingi. Það er því tillaga nefndarinnar, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 26. febr. 1968.

Pétur Benediktsson, form.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Jón Árnason, frsm.
Bjarni Guðbjörnsson.	Gils Guðmundsson.	Sveinn Guðmundsson.
	Magnús H. Gíslason.	

Ed. 333. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um sölu á prestssetursjörðinni Setberg í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, og húseignunum nr. 15 við Tómasarhaga í Reykjavík, nr. 18 við Brekkugötu í Hafnarfirði og nr. 2 við Vesturbraut í Grindavík.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum, svo og tilmæli dóms- og kirkjumálaráðherra, sem óskaði eftir því, að nefndin flytti breytingartillögu við frumvarpið, þannig að bætt yrði við lögin heimild til að selja nokkrar tilteknar eignir. Þá hafði oddviti Svarfaðardalshrepps og ritað nefndinni og óskað þess, að væntanleg söluheimild prestssetursjarðarinnar Valla í Svarfaðardal yrði bundin sölu til Svarfaðardalshrepps.

Ásgeir Bjarnason, Karl Guðjónsson og Jón Árnason áskilja sér rétt til að greiða atkvæði gegn söluheimild einstakra eigna, og munu þeir gera grein fyrir afstöðu sinni. Að öðru leyti mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. grein bætist:
   Prestsseturshúsið á Húsavík.
   Húseignina Melgerði 10 í Kópavogi.
   Prestssetursjörðina Velli í Svarfaðardal, enda hafi Svarfaðardalshreppur forkaupsrétt á jörðinni.
2. Fyrirsögn frv. verði:
   Frv. til laga um sölu á prestssetursjörðinni Setberg o. fl.

Alþingi, 27. febr. 1968.

Steinþór Gestsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Jónas G. Rafnar.
Ásgeir Bjarnason.	Jón Árnason.	Páll Þorsteinsson.
	Karl Guðjónsson, með fyrirvara.	

Ed. 334. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 60 21. marz 1962, um verkamannabústaði.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað þetta mál og leggur til, að frumvarpið verði samþykkt. Einn nefndarmanna, Ásgeir Bjarnason, áskilur sér rétt til að fylgja breytingartillögum við frumvarpið, er fram kynnu að koma. — Björn Fr. Björnsson var fjarverandi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 24. febr. 1968.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Auður Auðuns, fundaskr. Pétur Benediktsson.
Ásgeir Bjarnason. Steinþór Gestsson. Björn Jónsson.

Ed. 335. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað þetta mál og leggur til, að frumvarpið verði samþykkt. Einn nefndarmanna, Ásgeir Bjarnason, áskilur sér rétt til að fylgja breytingartillögum við frumvarpið, er fram kynnu að koma. — Björn Fr. Björnsson var fjarverandi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 24. febr. 1968.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Auður Auðuns, fundaskr. Pétur Benediktsson.
Ásgeir Bjarnason. Steinþór Gestsson. Björn Jónsson.

Ed. 336. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Leggur meiri hlutinn til, að það verði afgreitt með rökstuddri dagskrá. Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 29. febr. 1968.

Gils Guðmundsson, frsm. Ólafur Jóhannesson. Bjarni Guðbjörnsson.

Ed. **337. Nefndarálit** [60. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur leitað álits ýmissa aðila um frv., og hafa svör borizt frá fjórum þeirra. Alþýðusamband Íslands kveður það hafa verið „samhljóða álit miðstjórnarmanna, að nauðsyn beri til að koma á fót slíkri stofnun sem hér um ræðir", þ. e. Tæknistofnun sjávarútvegsins. — Samtök síldveiðisjómanna eru hugmyndinni mjög meðmælt, en treysta sér ekki til „að taka afstöðu til, hvort væntanleg Tæknistofnun sé betur komin sem sjálfstæð stofnun eða í samstarfi við aðrar stofnanir". — Farmanna- og fiskimannasamband Íslands telur, að „ýmislegt í breytingartillögunni sé þess eðlis, að F.F.S.Í. geti ekki mælt með frumvarpinu".

Langýtarlegast er svar Fiskifélags Íslands. Er rétt að endurtaka hér meginatriði umsagnarinnar:

„Stjórn Fiskifélagsins fagnar áhuga Alþingis á þessu mikilvæga máli. Vill hún jafnframt benda á, að sú starfsemi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er þegar komin nokkuð áleiðis. Verið er að byggja upp tæknideild við Fiskifélag Íslands í góðri samvinnu og samráði við stjórn Fiskveiðasjóðs.

Starfa þar nú tveir verkfræðingar, rafmagnsverkfræðingur, sem hefur rafmagnskerfi skipanna svo og fiskleitartæki og siglingatæki sem sína sérgrein, og skipaverkfræðingur, sem athugar hagkvæmar gerðir og stærðir fiskiskipa. Jafnframt hefur tæknideildin aðgang að vélfræðingi. Er ætlunin að ráða vélaverkfræðing til fastra starfa, þegar fé verður fyrir hendi. Húsnæði fyrir þessa nýju deild er til í húsi Fiskifélagsins, eftir að mótornámskeiðin voru sameinuð Vélskóla Íslands.

Veiðarfærarannsóknir, sem umrætt frumvarp gerir ráð fyrir, eru nú framkvæmdar á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar, og hefur ágætur starfskraftur þegar verið ráðinn til stofnunarinnar til að sinna þessum rannsóknum. Á það má benda, að fiskirannsóknaskipin verða rekin á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar. Mun vera ætlunin að nota þau m. a. í þágu veiðarfærarannsóknanna.

Stjórn Fiskifélagsins telur, að ekki sé því ástæða til — að svo stöddu — að breyta núverandi fyrirkomulagi. Telur stjórnin, að því fé, er Alþingi þóknast að veita til þessara rannsókna, verði betur varið til að efla núverandi fyrirkomulag en til þess að koma nýrri stofnun á fót með tilheyrandi undirbúnings-, stjórnar-, húsnæðiskostnaði o. fl.

Þá vill stjórn Fiskifélagsins benda á, að með auknum fjárveitingum má efla þá starfsemi, sem nú er unnin á vegum Fiskifélagsins, að vild."

Nefndin hefur rætt frv. á fundum á grundvelli þessara umsagna. Er hún — eins og allir þeir aðilar, sem henni bárust svör frá — sammála um það meginefni málsins, að mikil þörf sé aukinna aðgerða á þessu sviði frá því, sem verið hefur. Hún hefur þó ekki getað orðið algerlega sammála um afgreiðslu málsins. Flutningsmaður frv., Gils Guðmundsson, óskar eðlilega helzt að sjá frv. sitt samþykkt, og fylgja tveir nefndarmanna honum í því, en meiri hluti nefndarinnar fellst á þá skoðun, sem fram kemur hjá Fiskifélaginu, að happadrýgst muni um sinn að halda áfram á þeirri braut að láta Fiskifélagið og Hafrannsóknastofnunina vinna að þeim athugunum og leiðbeiningum, sem frv. ætlar Tæknistofnun sjávarútvegsins. Leggur meiri hl. því til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð Fiskifélag Íslands og Hafrannsóknastofnunin hafa hafið tilraunir og leiðbeiningastarfsemi af því tagi, sem í frv. greinir, og í trausti þess, að sú starf-

semi megi vaxa og dafna, telur deildin ekki ástæðu til að samþykkja frumvarpið og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 29. febr. 1968.

Pétur Benediktsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Sveinn Guðmundsson.
Jón Árnason.

Nd. 338. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til l. um hækkun á bótum almannatrygginga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir einróma með, að það verði samþykkt.

Alþingi, 4. marz 1968.

Guðlaugur Gíslason, form., frsm. Bragi Sigurjónsson, fundaskr. Hannibal Valdimarsson.
Stefán Valgeirsson. Jón Skaftason. Ásgeir Pétursson. Matthías Bjarnason.

Ed. 339. Frumvarp til laga [8. mál]

um sölu á prestssetursjörðinni Setberg o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. marz.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að bjóða til sölu og selja, ef viðunandi tilboð fást, eftirtaldar fasteignir ríkisins:

Prestssetursjörðina Setberg í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, að undanskilinni Melrakkaey.

Húseignina Tómasarhaga 15 í Reykjavík.

Húseignina Brekkugötu 18, Hafnarfirði.

Húseignina Vesturbraut 2, Grindavík.

Prestssetureshúsið á Húsavík.

Húseignina Melgerði 10 í Kópavogi.

Prestssetursjörðina Velli í Svarfaðardal, enda hafi Svarfaðardalshreppur forkaupsrétt á jörðinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **340. Frumvarp til laga** [151. mál]

um breyting á lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Einar Ágústsson, Ólafur Jóhannesson, Bjarni Guðbjörnsson, Ásgeir Bjarnason, Sigurgeir Kristjánsson.

1. gr.

82. gr. laganna orðist svo:

1. Rétt er ráðherra að koma upp klak- og eldisstöð, einni eða fleiri, þegar fé er veitt á fjárlögum. Rétt er, að slík stöð sé reist og rekin af félagi, er bæði ríkissjóður og aðrir aðilar standa að.
2. Klak- og fiskeldisstöðvar, sem einstaklingar reisa einir sér eða fleiri saman, skulu eiga rétt á fjárhagslegum stuðningi samkvæmt XV. kafla þessara laga.
3. Veiðimálastjóri hefur umsjón með stöðvum þeim, er um ræðir í 1. og 2. málsgr.

2. gr.

83. gr. laganna orðist þannig:

1. Klak- og fiskeldisstöðvar ríkisins afla seiða til fiskræktar og gera tilraunir um klak og eldi fisks.
2. Með tilraunastarfseminni skal kostað kapps um að leiða í ljós, hvaða gerðir fiskeldisstöðva henta bezt við íslenzka staðhætti og hvers hagnaðar megi vænta af fiskeldi. Tilraunastarfsemin skal og miða að því að leiða í ljós, hvort firðir við strendur Íslands eru hæfir til fiskræktar og uppeldis nytjafiska.
3. Veiðimálastjóri skal birta niðurstöður tilraunanna. Hann veitir og fræðslu um meðferð klaks og um fiskeldi, eftir því sem við verður komið.

3. gr.

1. málsgr. 103. gr. laganna orðist svo:

1. Ráðherra skipar, að fengnum tillögum veiðimálastjóra og veiðimálanefndar, eftirlitsmenn með veiði og fiskeldi. Þeir skulu, eftir því sem við verður komið, hafa sérþekkingu á fiskrækt. Eftirlitsmenn skulu veita leiðbeiningar um klak og um fiskeldi í veiðivötnum og í fjörðum við strendur Íslands.

4. gr.

105. gr. laganna orðist þannig:

Framlag skal veita úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt á fjárlögum, til framkvæmda, er lúta að fiskrækt eða fiskeldi, enda samþykki veiðimálastjóri tilhögun framkvæmda og hafi eftirlit með þeim.

Þessar framkvæmdir njóta ríkisframlags, er nemi allt að ⅓ stofnkostnaðar:

1. Fiskvegir og önnur meiri háttar mannvirki, er stefna að því að auka fiskför um vatn.
2. Klakhús.
3. Fiskeldisstöðvar, sbr. 1. og 2. málsgr. 82. gr.

5. gr.

Á eftir 105. gr. laganna komi 2 nýjar greinar (greinatalan breytist samkvæmt því):

a. (106. gr.) Stofna skal sjóð, er nefnist Fiskræktarsjóður.

Fiskræktarsjóði skal aflað fjár þannig:

1. Með útgáfu og sölu skuldabréfa (bankavaxtabréfa). Skuldabréf þessi skal innleysa eftir hlutkesti á 25 árum. Vextir af skuldabréfum sjóðsins skulu

samsvara almennum sparisjóðsvöxtum. Ábyrgð ríkissjóðs er á skuldabréfum þeim, er Fiskræktarsjóður gefur út.

Seðlabanka Íslands skal skylt að kaupa á nafnverði skuldabréf Fiskræktarsjóðs fyrir eigi lægri fjárhæð en 30 millj. kr. árlega næstu 10 ár.

2. Með ríkisframlagi 3 millj. kr. árlega.

Fiskræktarsjóður er deild í Búnaðarbanka Íslands. Stjórn Búnaðarbankans hefur á hendi stjórn sjóðsins.

b. (107. gr.) Fiskræktarsjóður veitir lán sem hér segir:

1. Stofnlán til klak- og fiskeldisstöðva og annarra mannvirkja, sem gerð eru vegna fiskræktar. Lán og ríkisframlag samkvæmt 105. gr. má nema samtals 67% af kostnaðarverði þess mannvirkis, sem lán er veitt til. Lánstími skal vera allt að 25 ár. Vextir skulu vera hinir sömu og af sambærilegum lánum úr Stofnlánadeild landbúnaðarins. Lánin skulu endurgreidd með jöfnum árgreiðslum.
2. Rekstrarlán til klak- og fiskeldisstöðva, eftir því sem fé er fyrir hendi.

6. gr.

106. gr. laganna skal orða svo:

Úr Stofnlánadeild landbúnaðarins samkvæmt lögum nr. 75/1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, skal veita lán til að reisa íbúðarhús við fiskeldisstöðvar, enda hafi fiskur verið alinn í hlutaðeigandi fiskeldisstöð þrjú ár og skilyrði til fiskeldis reynzt þar hagkvæm. Lán til íbúðarhúsa við fiskeldisstöðvar skulu hlíta sömu reglum sem lán til íbúðarhúsa á nýbýlum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sú hugmynd er ofarlega á baugi um þessar mundir, að fiskeldi geti orðið arðvænleg búgrein hér á landi.

Í þjóðfélagi, þar sem mannfjöldi er ört vaxandi, er það mikil nauðsyn, að komið sé á fót nýjum atvinnugreinum.

Þegar Ísland byggðist, voru hér vötn og firðir full af fiski. Frá fornu fari hefur lax- og silungsveiði verið mikilsverður þáttur í búskap landsmanna og víða fært mikla björg í bú. En margra alda ofveiði í ám og vötnum gekk of nærri fiskstofnunum.

Með aukinni þekkingu opnast augu manna fyrir því, að ræktun þarf að koma í stað rányrkju. Samkvæmt lögunum um lax- og silungsveiði hefur að undanförnu verið keppt að því marki á því sviði, er þau taka til. Í löggjöfinni eru settar reglur um lax- og silungsveiði. Samkvæmt ákvæðum laganna um klak og fiskeldi og með framkvæmdum Veiðimálaskrifstofunnar, svo og einstakra áhugamanna, hefur verið unnið markvisst að því að efla þá fiskstofna, sem hér um ræðir, og auka fiskgengd í ár og stöðuvötn.

Framkvæmdir á þessu sviði ná þó enn of skammt. Fullvíst má telja, að hér á landi séu góð skilyrði til ræktunar vatnafiska og fiskeldis. En til þess að góður árangur náist og að fiskrækt verði arðvænleg búgrein, þarf aukna þekkingu á þessu sviði og stóraukið fjármagn til stuðnings framkvæmdum. Auka þarf tilraunastarfsemi um klak og fiskeldi frá því, sem nú er. Ríkisvaldinu ber að stuðla að því, að íslenzkir menn afli sér þekkingar í þessari grein og að þeir veiti síðan almenna fræðslu í þessum efnum. Stefna ber að því, að ráðunautar geti veitt bændum leiðbeiningar um fiskrækt hliðstætt því, sem gert er í öðrum búgreinum. Gera þarf skipulegar athuganir í byggðum landsins á skilyrðum til fiskræktar.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja, að ákvæði gildandi laga um lax- og silungsveiði séu ekki nógu víðtæk, miðað við þau stóru verkefni, sem bíða óleyst á þessu sviði. Og fjárhagsgrundvöllurinn samkvæmt þeim lögum er svo veikur, að varla er að vænta mikilla framkvæmda á sviði fiskræktar, nema með lögum verði tryggt stóraukið fjármagn til stuðnings þeirri starfsemi.

Í frv. þessu eru ákvæði m. a. um þessi atriði:

Klak- og fiskeldisstöðvar, sem einstaklingar reisa einir sér eða fleiri saman, skulu eiga rétt á lánum úr Fiskræktarsjóði og ríkisframlagi.

Í klak- og fiskeldisstöðvum ríkisins séu gerðar tilraunir um klak og eldi fisks. Með tilraunastarfseminni skal kostað kapps um að leiða í ljós, hvaða gerðir fiskeldisstöðva henta bezt við íslenzka staðhætti og hvers hagnaðar megi vænta af fiskeldi. Tilraunastarfsemin skal og miða að því að leiða í ljós, hvort firðir við strendur Íslands eru hæfir til fiskræktar og uppeldis nytjafiska. Niðurstöður tilraunanna verði birtar almenningi.

Stofnaður sé Fiskræktarsjóður, er verði deild í Búnaðarbanka Íslands.

Fiskræktarsjóður veiti stofnlán til mannvirkja, sem gerð eru vegna fiskræktar, enn fremur rekstrarlán til klak- og fiskeldisstöðva, eftir því sem fé er fyrir hendi.

Stofnlán vegna fiskræktar verði veitt með svipuðum kjörum og lán úr Stofnlánadeild landbúnaðarins til útihúsa á bújörðum.

Nd. 341. Frumvarp til laga [152. mál]

um breyting á lögum nr. 21/1957, um dýravernd.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

Á undan 8. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Óheimilt er að reka hvali á land, nema fullvíst sé, að unnt sé að hagnýta þá til matar eða á annan hátt. Við rekstur og deyðingu slíkra hvala skal nota eins mannúðlegar aðferðir og unnt er.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Komið hefur fyrir, að hvalir hafa verið reknir hér á land án þess að unnt hafi verið að hagnýta þá.

Samband dýraverndunarfélaga Íslands beindi því til sjávarútvegsmálaráðuneytisins að láta endurskoða lög nr. 26/1949, um hvalveiðar, til að fá tekið inn í þau lög ákvæði, sem banni að hvalir séu reknir á land.

Samkvæmt lögum nr. 26/1949, um hvalveiðar, má banna að veiða tilteknar hvalategundir, en þau lög heimila hins vegar ekki bann við þeirri veiðiaðferð að reka hvali á land. Taka lögin fyrst og fremst til hvalveiða, sem stundaðar eru sem fastur atvinnurekstur, en þar sem bann við því að reka hvali á land byggist fyrst og fremst á mannúðarsjónarmiði, þá þykja slík ákvæði, eðli málsins samkvæmt, eiga betur heima í lögum um dýravernd. Hefur sjávarútvegsmálaráðuneytið vísað máli þessu til menntamálaráðuneytisins, sem fer með dýraverndunarmál.

Samkvæmt frumvarpi þessu er áfram heimilt að reka hvali á land, ef full vissa er fyrir því, að unnt sé að hagnýta þá til matar eða á annan hátt. Ef slík skilyrði eru ekki fyrir hendi, er veiðin óheimil. Þykir sjálfsagt að stemma stigu

við því svo sem unnt er, að hvalir séu reknir á land án þess að aðstæður séu til þess að nýta veiðina.

Hér fara á eftir, sem fylgiskjöl I—III, bréf Sambands dýraverndunarfélaga Íslands, dags. 28. marz 1967, bréf sjávarútvegsmálaráðuneytisins, dags. 10. apríl 1967, og umsögn dr. Finns Guðmundssonar, forstöðumanns dýrafræðideildar Náttúrufræðistofnunar Íslands, dags. 17. apríl 1967.

Fylgiskjal I.

SAMBAND DÝRAVERNDUNARFÉLAGA ÍSLANDS

Reykjavík, 28. marz 1967.

Stjórn Sambands Dýraverndunarfélaga Íslands (SDÍ) leyfir sér hér með, samkvæmt samþykkt síðasta aðalfundar SDÍ, að beina þeirri beiðni til hins háa sjávarútvegsmálaráðuneytis að láta endurskoða lög nr. 26 frá 1949 um hvalveiðar og fá inn í lögin **bann við rekstri hvala á land.**

Ástæðan fyrir þessari beiðni er sú, að á undanförnum árum hafa átt sér stað mjög ómannúðlegir rekstrar hvala upp í fjörur eða inn í hafnir.

Deyðing og skurður dýranna hefur í hæsta máta verið grimmdarlegar aðfarir. Nýting afla hefur í öllum tilfellum engin orðið, svo dýrin hafa verið felld öllum að nauðsynjalausu og engum að gagni.

Má í þessu sambandi vísa til hvalarekstra, sem áttu sér stað í Vopnafirði, Dalvík, Vestmannaeyjum og nú síðast í Reykjavík í ágúst 1966.

Virðingarfyllst,

Þorbjörn Jóhannesson. Þorst. Einarsson.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið,
Reykjavík.

Fylgiskjal II.

SJÁVARÚTVEGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 10. apríl 1967.

Ráðuneytið sendir menntamálaráðuneytinu hér með ljósrit af bréfi Sambands Dýraverndunarfélaga Íslands, dags. 28. f. m., þar sem farið er fram á, að lög nr. 26 1949, um hvalveiðar, verði endurskoðuð með það fyrir augum að banna rekstur hvala á land.

Út af þessu tekur ráðuneytið fram, að samkvæmt lögum nr. 26 1949, um hvalveiðar, er hægt að banna að veiða tilteknar hvalategundir, en hins vegar heimila lögin ekki bann við þeirri veiðiaðferð að reka hvali á land. Taka lögin fyrst og fremst til hvalveiða, sem stundaðar eru sem fastur atvinnurekstur. Ef rétt þætti að banna að reka hvali á land, myndi slíkt bann byggjast á mannúðarsjónarmiðum og ætti þá eðli málsins samkvæmt heima í dýraverndunarlögum.

Með því að menntamálaráðuneytið annast meðferð mála um dýraverndun, sendist því þetta erindi hér með til frekari athugunar.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnl. E. Briem.

Til menntamálaráðuneytisins.

Fylgiskjal III.

NÁTTÚRUGRIPASAFNIÐ

Hrísey, 6. maí 1967.

Hið háa ráðuneyti hefur með bréfi, dags. 17. f. m. (Db. : D-2), óskað umsagnar minnar um erindi Sambands Dýraverndunarfélaga Íslands, þar sem þess er farið á leit, að í lög nr. 26/1949, um hvalveiðar, verði tekið upp ákvæði, sem banni að hvalir séu reknir á land.

Svo virðist sem það hafi fleirum sinnum komið fyrir hér á landi á síðari árum, að hvalir hafi verið reknir á land, án þess að nokkur möguleiki hafi verið fyrir hendi til að nýta afurðir þeirra. Auðvitað er slíkt algerlega óréttlætanlegt, og ég er því mjög andvígur því að slíkt sé leyft. En hins vegar getur aðstaða verið fyrir hendi til að nýta afurðir hvala, sem reknir eru á land, og því er ég efins um, hvort rétt væri að banna hvalarekstra undantekningarlaust. Ég myndi því leggja til, að ákvæði um þetta efni verði orðuð þannig, að óheimilt sé að reka hvali á land, nema full vissa sé fyrir hendi um, að hægt sé að gera sér mat úr afurðum þeirra. Það hlýtur að vera hægt að koma í veg fyrir, að ómannúðlegar aðferðir verði viðhafðar í sambandi við deyðingu og skurð slíkra hvala.

Virðingarfyllst,

Finnur Guðmundsson.

Menntamálaráðuneytið,
Stjórnarráðshúsi,
Reykjavík.

Nd. 342. Breytingartillaga [138. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá Gísla Guðmundssyni, Sigurvin Einarssyni, og Eysteini Jónssyni.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Enn fremur leggur ríkissjóður fram á árinu 1968 allt að 15 millj. kr., er verja skal til að greiða vinnslustöðvum, sem hafa erfiða rekstraraðstöðu, vinnsluuppbætur á smáfisk, á tilteknar fisktegundir og á fisk veiddan á vissum tímum árs eftir reglum, sem ráðuneytið setur, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna.

Nd. 343. Frumvarp til laga [153. mál]

um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

I. KAFLI
Um verzlun með fóðurvörur.

1. gr.

Hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins skal vera fóðureftirlit, er hafi á hendi eftirlit með framleiðslu og sölu fóðurvara, sem seldar eru á innlendum markaði, eftir því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Rannsóknastofnunin annast allar rannsóknir (efna-, smásjár- og gerlarannsóknir) í sambandi við eftirlitið og sér um töku sýnishorna hjá framleiðendum, innflytjendum og kaupendum eftir því, sem þörf krefur á hverjum tíma.

3. gr.

Enginn má framleiða til sölu eða flytja inn fóðurblöndur nema með leyfi landbúnaðarráðuneytisins að fengnum tillögum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Sama gildir, þegar um er að ræða innflutning á fóðurtegund, sem ekki hefur verið notuð hér áður. Ráðuneytið getur einnig hvenær sem er bannað innflutning á fóðurvörum.

4. gr.

Hver sá, sem fær leyfi til að framleiða til sölu eða flytja inn fóðurblöndur, er skyldugur til að láta fylgja vörunni upplýsingar um eftirtalin atriði:

1. Nafn og heimili framleiðanda.
2. Nafn blöndunnar og þess getið fyrir hvaða búfé hún er ætluð.
3. Mánuðurinn, sem varan er framleidd í.
4. Nöfn og prósentumagn þeirra fóðurtegunda, sem notaðar eru í fóðurblönduna.
5. Magn af meltanlegri eggjahvítu (hrá- eða hreineggjahvítu) í hverri fóðureiningu (F.E.) af blöndu (pepsin-saltsýru aðferðin).
6. Magn af blöndu í fóðureiningu.
7. Kalsíum (Ca) og fosfór (P) magn blöndunnar og auk þess önnur þau steinefni, er fóðureftirlitið ákveður hverju sinni.
8. Séu vítamín látin í blönduna, skal greina frá magni af hverri tegund vítamína fyrir sig í kg af blöndu í alþjóðlegum einingum.

Upplýsingar þessar ber að skoða sem skuldbindingu frá framleiðendum til tryggingar því, að um ákveðin fóðurgæði og samsetningu sé að ræða.

5. gr.

Þeir, sem verzla með fóðurblöndur, skulu ársfjórðungslega greiða eftirlitsgjald af hverri smálest, sem þeir selja. Landbúnaðarráðuneytið ákveður gjald þetta árlega. Þó skal aldrei innheimt með gjaldi þessu hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði við fóðureftirlitið. Heimilt er að leggja gjald þetta á vöruna.

6. gr.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins heldur reikning um tekjur, er inn koma vegna fóðureftirlitsins samkvæmt 5., 11. og 17. grein, og gerir landbúnaðarráðuneytinu grein fyrir. Gjöld samkvæmt 5. og 17. gr. innheimta lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjóri, með öðrum gjöldum og standa Rannsóknastofnun landbúnaðarins skil á því.

Eftirlitsgjald af fóðurblöndum skal innheimta hjá framleiðanda og/eða innflytjanda, en af einstökum fóðurtegundum hjá þeim söluaðila, sem selur vöruna til bænda (kaupenda).

7. gr.

Í fóðurblöndur má aðeins nota þær fóðurtegundir og fóðurefni, sem eru holl fyrir búfé til þrifa og afurðamyndunar að dómi fóðureftirlitsins. Eigi má nota í fóðurblöndur fóðurtegundir og fóðurefni, sem hafa minna fóðurgildi en sem svarar 65 fóðureiningum í 100 kg af fóðri. Þó eru hér undanskilin steinefni og vítamín.

8. gr.

Óheimilt er að selja fóður, sem blandað er þvagefni (urea), fúkkalyfjum (antibiotika), erlendu blóð-, kjöt- og beinamjöli, sem og öðru því erlendu mjöli, sem unnið er úr úrgangi frá sláturhúsum eða öðrum búfjárafurðum, svo sem þurrmjólkurdufti, sbr. lög nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn gin- og klaufaveiki.

9. gr.

Í fóðurblöndum skal fóðurgildið eigi vera minna en 99% af því fóðurgildi, sem skráð er á fylgiseðli, og magn eggjahvítu má lægst vera 97% af tilgreindu efnamagni. Um frávik annarra efna skal kveða á í reglugerð.

Komi í ljós tvisvar í röð, að frávik eru meiri en að framan greinir, skal fóðureftirlitið skylda hlutaðeigandi aðila til að breyta framleiðslunni til samræmis við skráðar tölur eða gefa út nýja fylgiseðla.

10. gr.

Fóðureftirlitið skal taka sýnishorn til rannsóknar af innlendum og erlendum fóðurblöndum eins oft og þurfa þykir og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Sama gildir um einstakar fóðurtegundir. Sýnishorn þessi má taka hvort sem er hjá framleiðendum, í verzlunum eða hjá bændum (kaupendum). Nánari reglur um töku sýnishorna skal ákveða í reglugerð.

11. gr.

Þegar fóðureftirlitið hefur rannsakað sýnishorn samkvæmt 10. gr., skal hlutaðeiganda gert aðvart um niðurstöður. Í fyrsta sinn, sem tiltekin fóðurblanda eða fóðurtegund sýnir meira frávik frá tilgreindu efnamagni en leyft er samkvæmt 9. gr., skal aðila tilkynnt skriflega, hverju sé áfátt og hvaða viðurlög liggi við, ef eigi verður bætt úr. Í annað sinn eða síðar, sem rannsóknir sýna minna fóðurgildi eða aðra efnasamsetningu en tilgreind er, skal aðili greiða til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins verðmun þann, er fram kemur, miðað við tilgreint fóðurgildi. Einnig skulu framleiðendur greiða skaðabætur til kaupenda vegna þessa fóðurs samkvæmt mati fóðureftirlitsins.

12. gr.

Fóðureftirlitið skal birta eins oft og þurfa þykir og eigi sjaldnar en einu sinni á ári skrá yfir alla þá, sem hafa leyfi til að framleiða og flytja inn fóðurblöndur og fóðurvörur til sölu. Þar skal tekið fram nafn og vörumerki hverrar tegundar, verð, fóðurgildi, efnasamsetning og magn af eggjahvítu, kalsíum og fosfór í F.E. og enn fremur hvaða búfé fóðurtegundin er ætluð. Jafnframt skal fóðureftirlitið birta niðurstöður af efnarannsóknum hverrar tegundar, sem sé meðaltal tveggja síðustu rannsókna. Þá skal fóðureftirlitið láta ráðunautum (leiðbeiningaþjónustu) í té, eins fljótt og hægt er, umsögn um gæði og efnasamsetningu nýrra fóðurblandna og fóðurtegunda, sem koma til sölumeðferðar á innlendum markaði.

13. gr.

Hver sá, sem framleiðir fóðurblöndur undir vöruheiti, skal hafa þær staðlaðar með tilliti til eggjahvítumagns, fóðurgildis, steinefnamagns og Ca/P hlutfalls, sbr. 4. og 9. grein. Óheimilt er að setja á markað blöndu með vöruheiti, sem ekki er í samræmi við áður tilgreinda stöðlun.

II. KAFLI

Um innlent kjarnfóður (Hvalmjöl, fiskmjöl o. fl.).

14. gr.

Í lögum þessum táknar fiskmjöl allt fóðurmjöl, sem framleitt er úr hvers konar fiski, þar með talin síld og fisk- og síldarúrgangur.

15. gr.

Hvalmjöl og fiskmjöl til notkunar innanlands skal vera framleitt úr óskemmdu hráefni, hreint og nothæft sem fóður.

16. gr.

Við mat á gæðum hvalmjöls og fiskmjöls samkvæmt 15. grein skal tekið tillit til lyktar, útlits og innihalds af óbundnu ammoníaki í mjölinu, svo og hvort skaðlegir sýklar og myglusveppir eru í mjölinu og aðskotahlutir. Ekki má selja fiskmjöl, sem inniheldur meira en 0.2‰ af natríumnítrít á framleiðsludegi, og eigi má nota í kýrfóður fiskmjöl, sem framleitt er úr hráefni, rotvörðu með natríumnítrít. Fiskmjöl til kýrfóðurs skal greinilega merkt K á umbúðir. Síldarverksmiðjur ríkisins skulu selja K-mjöl til notkunar innanlands eftir sömu reglum og þær selja annað síldarmjöl. Seljandi skal ávallt ábyrgjast lágmarksmagn mjöltegundanna af eggjahvítu. Nánar skal kveðið á um efnamagn og gæði hvalmjöls og fiskmjöls í reglugerð.

17. gr.

Fiskmjöl og hvalmjöl svo og innlent fóðurmjöl, framleitt úr búfjárafurðum frá sláturhúsum og mjólkurbúum, lýtur sömu reglum um fóðureftirlit og um getur í I. kafla þessara laga.

18. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

19. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 63 31. maí 1947, um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 18. nóvember 1966 skipaði landbúnaðarráðuneytið nefnd þriggja manna, til að endurskoða lög nr. 63 frá 31. maí 1947, um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur. Var nefnd þessi skipuð samkvæmt tilmælum Búnaðarþings 1965 og 1966.

Í nefndina voru skipaðir Pétur Gunnarsson, forstöðumaður Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, er var formaður nefndarinnar, doktor Þórður Þorbjarnarson og Árni G. Pétursson, ráðunautur. Stórfelldar breytingar hafa orðið á framleiðslu, sölu og notkun kjarnfóðurs hérlendis síðan framangreind lög voru sett. Lögin eru því í sumum tilfellum úrelt og í öðrum ná þau of skammt. Talið er að fóðureftirlitið geti ekki fyllilega gegnt hlutverki sínu að gildandi lögum óbreyttum, og því geti verið hætta á, að á markað slæðist lélegar og jafnvel óheilnæmar fóðurvörur.

Við endurskoðun laganna hefur nefndin haft nána samvinnu við þá aðila hérlendis, er þessi mál varða mest, þ. e. sérfræðinga, framleiðendur og seljendur fóðurvara, leiðbeinendur og bændur. Hún hefur einnig kynnt sér allítarlega reglur og lög um fóðurvörur og verzlun með þær, sem í gildi eru á nágrannalöndum okkar.

Fylgt hefur verið að mestu uppbyggingu gildandi laga, sumar greinar þeirra eru teknar upp í frumvarpið sem næst óbreyttar, en aðrar samhæfðar núverandi aðstæðum. Nokkrar greinar hafa verið felldar niður, en öðrum bætt í. Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar.

I. KAFLI

Um verzlun með fóðurvörur.

Um 1. gr.

Í þessari grein er lagt til, að Rannsóknastofnun landbúnaðarins sé falið fóðureftirlit það, sem áður var á vegum Landbúnaðardeildar Atvinnudeildar Háskólans, og sé það sérstakt verkefni innan stofnunarinnar. Með þessu er stefnt að því, að fóðureftirlitið verði virkt, og tryggður verði fjárhagur þess.

Um 2. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Um 3. gr.

Þessi grein á að koma í veg fyrir, að seldar verði fóðurvörur, án vitundar Landbúnaðarráðuneytisins og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Einnig er ráðuneytinu veitt heimild til að banna innflutning á fóðurblöndum, ef þörf krefur. Gera má ráð fyrir, að innan tíðar þyki eðlilegra, að fóðurblöndurnar verði framleiddar innanlands.

Um 4. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Um 5. gr.

Til álita kemur, að hve miklu leyti kostnaður við fóðureftirlitið skuli greiddur með eftirlitsgjaldinu.

Um 6.—11. gr.

Þurfa ekki skýringa við.

Um 12. gr.

Hér er lögð áherzla á, að mjög náið samstarf skuli vera á milli fóðureftirlitsins og leiðbeiningaþjónustunnar í landinu.

Um 13. gr.

Þessi grein á að tryggja, að engar skyndilegar breytingar verði á efnamagni í stöðluðum blöndum. Snöggar fóðurbreytingar geta haft í för með sér ýmiss konar afföll í framleiðslu bænda.

II. KAFLI

Um innlent kjarnfóður.

Um 14. gr.

Hér eru tekin af öll tvímæli um, hvað sé átt við með heitinu fiskmjöl í lögum þessum. Á síðari árum hefur verið framleitt fóðurmjöl úr ýmiss konar fiski og fiskúrgangi, sem til fellur í sambandi við vinnslu fiskverkunarstöðvanna. Þær mjöltegundir bera að sjálfsögðu sérheiti á markaði, s. s. þorskmjöl, karfamjöl, síldarmjöl, ufsamjöl, loðnumjöl o. fl., en þegar rætt er um þessar mjöltegundir á breiðari grundvelli, sem eggahvítukjarnfóður, er lagt til, að þær gangi undir samheitinu fiskmjöl.

Um 15. gr.

Þessi grein fjallar um lágmarkskröfur í sambandi við gæði hval- og fiskmjöls til notkunar innanlands. Mjöltegundirnar skulu vera framleiddar úr óskemmdu hráefni, ekki mengaðar utanaðkomandi óhreinindum eða framandi hlutum, s. s. járna-

rusli, spýtnabraki o. fl. Þá skulu þær vera nothæfar sem fóður, það er að segja vera heilnæmar og hafa það lágmarksfóðurgildi, sem viðkomandi mjöltegund á að hafa.

Um 16. gr.

Lykt og útlit mjölsins getur gefið ýmsar upplýsingar um gæði þess, sem ekki koma fram við venjulega efnagreiningu, s. s. hvort mjölið hafi ofhitnað í framleiðslu, eða orðið fyrir óheppilegum breytingum síðar. Á síðari árum hafa rannsóknir leitt í ljós, að rotvarnarefni, sem notuð hafa verið við fiskmjölsvinnslu, geta í sumum tilfellum verið skaðleg fyrir búfé. Hér er það nýmæli, að natriumnitrit megi ekki nota við framleiðslu á fiskmjöli, sem selja á í kýrfóður. Eru hér höfð til hliðsjónar ákvæði í norskum lögum. Það mjöl skal merkt með bókstafnum K á umbúðir. Bændur hafa eindregið óskað eftir því að fiskmjöl verði flokkað eftir gæðum, þar sem vitað er, að mjöl sömu tegundar getur verið breytilegt eftir hráefni og gangi vinnslunnar. Þeir benda á, að allar framleiðsluvörur landbúnaðarins séu merktar í gæðaflokka, og finnst því, að þeir geti gert sömu kröfur til annarra. Síldarverksmiðjur ríkisins halda því fram, að slík gæðaflokkun sé óþörf, enda framleiði verksmiðjurnar yfirleitt aðeins I. flokks mjöl. Með K-mjölinu er komið að nokkru leyti til móts við óskir bænda.

Í sambandi við söluskyldu Síldarverksmiðja ríkisins á síldarmjöli til notkunar innanlands, skal bent á, að búfjárræktarlög og lög um Síldarverksmiðjur ríkisins eru að nokkru í mótsögn hvor við önnur.

Samkvæmt VIII. kafla búfjárræktarlaga skal fyrri ásetningsferð vera lokið fyrir 1. nóvember ár hvert. Fyrst að þeim tíma liðnum geta bændur með nokkurri vissu sagt til um væntanleg kjarnfóðurkaup. Samkvæmt lögum um Síldarverksmiðjur ríkisins eiga pantanir á mjöli hins vegar að hafa borizt verksmiðjunum fyrir 30. september og vera greiddar fyrir 10. nóvember ár hvert, og ber verksmiðjunum ekki skylda til að afgreiða pantanir sé þessum skilyrðum ekki fullnægt. Báðar framangreindar dagsetningar eru mjög óheppilegar fyrir bændur.

Vill því meiri hluti nefndarinnar leggja til að endurskoðuð verði ákvæði um afgreiðsluskyldu Síldarverksmiðja ríkisins á síldarmjöli til notkunar innanlands.

Um 17. gr.

Hér er tekið upp í frumvarpið, að allt innlent fóðurmjöl, hvort heldur hráefnið í það er frá sjávardýrum eða búfénaði komið, skuli háð ákvæðum þessa frumvarps. Á það bæði við um þær mjöltegundir, sem nú eru á markaði, sem og aðrar, er kunna að koma fram síðar.

Um 18.—20. gr.

Þurfa ekki skýringar við.

Nd. 344. Nefndarálit [59. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin ræddi málið á fundi sínum 5. marz s. l., og leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 5. marz 1968.

Sigurður Bjarnason, form.	Ásgeir Pétursson, frsm.	Benedikt Gröndal, fundaskr.

Guðlaugur Gíslason.

Ed. 345. Breytingartillaga [107. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

Frá Jóni Þorsteinssyni, Birni Jónssyni, Ólafi Jóhannessyni og Jónasi G. Rafnar.

Við 1. gr. 5. mgr. Málsgreinin orðist svo:
Heimili síldarútvegsnefndar, varnarþing og aðalskrifstofa skal vera á Siglufirði, en nefndin skal einnig hafa skrifstofur í Reykjavík og á Austurlandi.

Nd. 346. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Nefndarmennirnir LJós og BP áskilja sér þó rétt til að flytja við það breytingartillögur eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. JSk var fjarverandi, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 6. marz 1968.

Birgir Finnsson, form., frsm. Lúðvík Jósefsson. Guðlaugur Gíslason.
Pétur Sigurðsson. Ragnar Jónsson. Björn Pálsson.

Nd. 347. Breytingartillögur [138. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Á árinu 1968 er ríkisstjórninni heimilt að greiða fiskseljendum verðbót á línu- og færafisk, er komi til skipta á milli sjómanna og útgerðarmanna samkvæmt samningum um hlutaskipti.
   Verðbót þessi skal nema 60 aurum á hvert kíló fisks og gilda allt árið.
2. Við 2. gr. Orðin „öðrum en síldarafurðum“ falli niður.

Sþ. 348. Þingsályktun [78. mál]

um endurskoðun laga um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis.

(Afgreidd frá Sþ. 6. marz.)

Samhljóða þskj. 148.

Nd. **349. Frumvarp til laga** [154. mál]

um gjaldmiðil Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

Gjaldmiðill Íslands nefnist króna, er skiptist í hundrað aura.
Í skiptum skulu notaðir peningaseðlar og slegnir peningar (mynt).

2. gr.

Seðlabanki Íslands hefur einkarétt til að láta gera og gefa út peningaseðla og láta slá og gefa út peninga úr málmi.

3. gr.

Peningaseðlar þeir, sem Seðlabanki Íslands lætur gera og gefur út, og peningar þeir, sem hann lætur slá og gefur út, skulu vera lögeyrir í allar greiðslur hér á landi með fullu ákvæðisverði.

4. gr.

Ráðherra ákveður, að tillögu Seðlabanka Íslands, gerð, lögun, útlit og ákvæðisverð peningaseðla þeirra, sem bankinn lætur gera og gefur út, og skal birta auglýsingu um það efni.

5. gr.

Seðlabanki Íslands skal láta slá peninga úr málmi (mynt), er fullnægi eðlilegri þörf á skiptimynt á hverjum tíma.
Ráðherra skal, að tillögu bankans, ákveða ákvæðisverð peninga þeirra, sem slá skal, svo og gerð, þunga, stærð og málmblöndu, og skal birt auglýsing um það efni.
Peningar þessir skulu það rétt slegnir, að mismunur á þunga einstakra peninga, sem eiga að hafa sömu þyngd, skal eigi nema meiru en einum af hundraði.

6. gr.

Eigi eru aðrir en bankar og sparisjóðir skyldugir að taka við greiðslu í einu á meira fé en 500 krónum í slegnum peningum.

7. gr.

Peningaseðlar, sem eru svo skemmdir, að númer þeirra og ákvæðisverð verður eigi örugglega greint, eru eigi lögmætur gjaldmiðill.
Slegnir peningar, sem svo eru slitnir eða skemmdir, að áletranir á þeim eru eigi vel læsilegar, teljast ekki lögmætur gjaldmiðill.
Ákveða má með reglugerð, sem sett skal af ráðherra, að Seðlabanki Íslands megi þó leysa slíka seðla og slegna peninga til sín með fullu verði eða hluta af verði.

8. gr.

Að tillögu Seðlabanka Íslands er ráðherra heimilt að ákveða með reglugerð, að fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind með heilum tug aura, þannig að hálfum tug aura eða lægri fjárhæð skuli sleppt, en hærri fjárhæð í aurum hækkuð í heilan tug aura.

9. gr.

Þeir seðlar og slegnir peningar, sem við gildistöku laga þessara eru lögmætur gjaldmiðill á Íslandi, skulu halda gildi sínu.

10. gr.

Að tillögu Seðlabanka Íslands er ráðherra heimilt að ákveða, að innkalla skuli einstakar gerðir seðla og sleginna peninga, sem í umferð eru, og þeir hætta að vera lögmætur gjaldmiðill í lögskiptum.

Frestur til að afhenda seðla þá og slegna peninga, sem innkallaðir eru, skal vera 12 mánuðir frá birtingu auglýsingar um innköllunina. Á innköllunarfrestinum skulu allir bankar og sparisjóðir skyldugir að taka við peningum þeim, sem innkalla skal, og láta í staðinn peninga, sem eigi skal innkalla. Á innköllunarfrestinum eru peningar þeir, er innkalla skal, lögmætur gjaldmiðill í lögskiptum manna, en hætta að vera lögmætur gjaldmiðill að frestinum liðnum. Seðlabanka Íslands er þó skylt að innleysa slíka peninga í ekki skemmri tíma en aðra 12 mánuði eftir lok 12 mánaða frestsins.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd innköllunar hverju sinni.

Ákvæði 1. mgr. taka eigi til almennrar innköllunar gjaldmiðils.

11. gr.

Ráðherra sá, sem fer með bankamál, setur reglugerðir allar um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi peningalög frá 23. maí 1873, lög nr. 19 frá 27. júní 1925, um innlenda skiptimynt, lög nr. 26 frá 14. júní 1929, um heimild fyrir ríkisstjórnina til nokkurra ráðstafana vegna alþingishátíðarinnar 1930, lög nr. 116 frá 7. nóvember 1941, um útgáfu krónuseðla, lög nr. 117 frá 27. nóvember 1947, um breytingu á þeim lögum, lög nr. 47/1961, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta gera minnispening í tilefni af 150 ára afmæli Jóns Sigurðssonar, svo og öll önnur lög og ákvæði, sem kunna að brjóta í bága við lög þessi.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er ríkissjóði að selja pening þann, sem sleginn var samkvæmt heimild í lögum nr. 47/1961, með allt að 50% álagi á nafnverð. Ágóða þeim, sem verða kann af sölu peningsins, skal verja til framkvæmda á fæðingarstað Jóns Sigurðssonar, Rafnseyri við Arnarfjörð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Almennar athugasemdir.

Gildandi grundvallarlög um íslenzkan gjaldmiðil eru hin dönsku peningalög frá 23. maí 1873, sem birt voru hér á landi 25. september s. á.

Lög þessi eru um margt merkileg og áttu sér nokkurn aðdraganda, sem rétt er að geta örfáum orðum. Fyrir þennan tíma hafði verulegur ruglingur verið á myntkerfi, bæði í veldi Danakonungs og Svíakonungs. Mynt sú, sem notuð var, var kölluð ríkisdalur eða spesía. Hinn 18. desember 1872 gerðu konungur Danmerkur annars vegar og konungur Svíþjóðar og Noregs hins vegar samning um nýtt myntkerfi, þar sem gull skyldi vera grundvöllur kerfisins. Gert var ráð fyrir, að gjaldmiðillinn héti króna, er skiptist í hundrað aura, og að slegnir yrðu gullpeningar

og aðrar myntir, sem skyldu gilda í öllum ríkjunum. Norska stórþingið neitaði að fullgilda samning þennan, og kom hann því ekki til framkvæmda í bráð.

Svo sem áður getur, voru hinn 23. maí 1873 samþykkt í Danmörku ný peningalög, er birt voru hér á landi með auglýsingu 25. september s. á. Í lögum þessum er boðið, að gull skuli vera grundvöllur gjaldmiðils Danmerkur og Íslands, en silfur og aðrir ódýrari málmar hafðir í smápeninga. Gert er ráð fyrir, að slegnir skyldu tveir gullpeningar og skyldu af öðrum þeirra 248 peningar ganga á eitt kílógramm af skíru gulli, en af hinum 124 peningar á eitt kílógramm af skíru gulli. Tuttugasti hluti fyrrnefnda peningsins og tíundi hluti síðarnefnda peningsins skyldu vera reikningseiningin og nefnast króna, er skiptist í hundrað aura. Gullpeningar þessir skyldu slegnir úr peningagulli, málmblöndu, er innihéldi níutíu hluta af skíru gulli, en tíu hluta af eiri. Tíu króna gullpeningur skyldi því vega 4.4803 grömm og tuttugu króna gullpeningar 8.9606 grömm. Hver króna skyldi því miðast við 0.40323 grömm af skíru gulli.

Þá var gert ráð fyrir, að slegnir skyldu sex silfurpeningar, tveggja krónu peningur, einnar krónu peningur, fimmtíu aura peningur, fjörutíu aura peningur, tuttugu og fimm aura peningur og tíu aura peningur. Peningar þessir skyldu slegnir úr blöndu af hreinu silfri og eiri og skyldi silfurmagnið nema $\frac{4}{5}$ hlutum. Þá skyldi slá þrjá koparpeninga, fimm aura pening, tveggja aura pening og eins eyris pening, úr málmblöndu, er innihéldi 95 hluta af eiri, en 5 hluta af öðrum málmum.

Þá er í lögum þessum tekið fram, að Danakonungi sé heimilt að gera samning við Svíakonung um, að samningur sá, er áður um getur og gerður var hinn 18. desember 1872, verði látinn ná til landanna Danmerkur og Svíþjóðar, enda þótt Noregur óski þar ekki að vera með, en Noregi skuli þó heimilt að gerast aðili að samningnum síðar. Noregur gerðist aðili að samningnum með sérstöku samkomulagi 16. október 1875.

Norræna myntsambandið hafði verulega þýðingu vegna þess, að með því varð sama mynt um öll Norðurlöndin með sama gengi og peningar Norðurlandanna innbyrðis gjaldgengir í hverju ríki.

Peningar voru slegnir í öllum löndunum, þar á meðal gullpeningar. Um sjálfstæða íslenzka mynt var hins vegar ekki að ræða, og íslenzkir gullpeningar hafa aldrei verið slegnir. Hér á landi voru aðallega notaðir danskir peningar, en einnig mynt hinna Norðurlandanna.

Á síðustu árum heimsstyrjaldarinnar fyrri og fyrst þar á eftir varð verulegur skortur á skiptimynt í landinu. Með bráðabirgðalögum nr. 45/1922 var ákveðið að gefa út skiptimynt úr nikkeli. Var það ákveðið, að slegnir skyldu tíeyringar og tuttugu og fimm eyringar úr eirnikkeli, sem er málmblanda úr 75 hlutum af eiri en 25 hlutum af nikkeli. Í greinargerð með frumvarpi að lögum þessum er tekið fram, að algjör skortur sé á þessari skiptimynt í landinu. Bráðabirgðalögin voru síðan staðfest með lögum nr. 9/1923, sem eru samhljóða.

Um þetta leyti varð geysilegur skortur á krónupeningum í landinu, en krónupeningar þessir voru úr silfri. Greip ríkisstjórnin þá til þess ráðs að gefa út krónuseðla. Voru þeir gefnir út með heimild í lögum nr. 14/1885, um Landsbanka Íslands, og lögum nr. 2/1900, um breytingu á þeim lögum. Hér var um seðlaútgáfu að ræða, en ekki slegna peninga, en samræmisins vegna þykir rétt að geta þeirra hér.

Hinn 22. marz 1924 gerðu ríkisstjórnir Noregs, Danmerkur og Svíþjóðar með sér viðbótarsamning við hinn forna myntsamning Norðurlanda frá 27. maí 1873. Er þar tekið fram, að Ísland eigi rétt til að gerast aðili að samningi þessum. Í samningi þessum er tekið fram, að stjórn hvers ríkis sé heimilt að slá á sinn kostnað skiptimynt, er sé löglegur gjaldeyrir aðeins í ríki, þar sem myntin sé slegin. Með lögum nr. 19 frá 27. júní 1925 var gerð ný skipan á þessum málum. Var þar ákveðið, að slegin skuli íslenzk skiptimynt, er gjaldgeng væri á Íslandi einungis. Verðgildi peninganna var ákveðið tvær krónur, ein króna, tuttugu og fimm aurar, tíu aurar, fimm aurar, tveir aurar og einn eyrir. Þá eru í lögunum

ákvæði um málmblöndu, þunga og stærð og annað slíkt. Í frumvarpi að lögum þessum er upphaflega gert ráð fyrir einungis þeirri heimild að slá mynt, er gilti einn eyri, en ekki skylt. Í athugasemdum kemur fram, að það skapi mikla erfiðleika, að eftir að gengi peninga á Norðurlöndum hafi orðið mismunandi, hafi skiptimyntin streymt til þess lands, sem hafi hæst gengi. Þetta hafi orðið til þess, að gerður hafi verið viðauki um myntsamninginn, þar sem ákveðið hafi verið, að hvert aðildarríkjanna fyrir sig mætti láta gera sérstaka mynt til innanríkisnota eingöngu, sem ekki sé gjaldgeng í hinum ríkjunum. Sé sjálfsagt, að Ísland, sem gengið hafi að myntsamningnum ásamt viðaukum við hann, láti gera sérstaka skiptimynt fyrir sig og að því miði frumvarp þetta.

Með lögum nr. 4/1926 var ríkisstjórninni heimilað að ganga inn í umræddan viðbótarmyntsamning og jafnframt tekið fram, að skiptimyntir, sem ríkisstjórnir Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar hafi látið slá, hætti að vera löglegur gjaldeyrir á Íslandi sex mánuðum eftir að auglýst hafi verið fullgilding Íslands á viðbótarsamningi þeim, sem hér um ræðir.

Með bráðabirgðalögum nr. 29/1942 var gerð breyting á lögum nr. 19/1925 þess efnis, að felld voru niður ákvæði laganna um stærð, þunga og málmblöndu hinna slegnu peninga, en í stað þess sett ákvæði um, að fjármálaráðherra geti ákveðið þetta atriði. Hefur það verið gert þannig síðan. Bráðabirgðalög nr. 29/1942 voru staðfest með lögum nr. 89/1942, sem eru samhljóða.

Í síðustu heimsstyrjöld varð nokkur skortur á skiptimynt. Var ríkissjóði með lögum nr. 106/1941 heimilað að gefa út kr. 500 000.00 í krónuseðlum, er kæmu í stað málmskiptimyntarinnar. Seðlaútgáfa þessi var síðan hækkuð með lögum nr. 117/1947 í kr. 1 000 000.00. Gert var ráð fyrir, að þessir krónuseðlar yrðu innkallaðir, þegar nægar birgðir væru fyrir hendi af einnar krónu málmskiptimynt.

Samkvæmt lögum nr. 26/1929 voru slegnir þrír peningar í tilefni af þúsund ára afmæli Alþingis 1930. Voru það tíu króna peningur og fimm króna peningur úr silfri og tveggja krónu peningur úr bronsi. Samkvæmt lögum nr. 47/1961 var sleginn fimm hundruð króna gullpeningur í tilefni af 150 ára afmæli Jóns Sigurðssonar. Myntir þessar hafa ekki almenna þýðingu sem peningar, en keyptir og seldir sem safngripir.

Í 8. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, segir, að fjármálaráðuneytið geti samið við Seðlabankann, að hann taki við útgáfu myntar af ríkissjóði, og falli þá lög nr. 19/1925 úr gildi. Samningur þessi var gerður hinn 21. október 1966.

Samkvæmt dönskum lögum gaf þjóðbankinn danski út seðla, sem voru gulltryggðir og bankinn skyldugur til að leysa þá inn með gulli, ef krafizt var. Seðlar þessir voru notaðir í viðskiptum á Íslandi.

Með lögum nr. 14 18. september 1885 var stofnaður hér á landi landsbanki. Banki þessi var ríkisbanki og var ákveðið, að landsjóður gæfi út 500 þúsund krónur í seðlum, sem hann legði bankanum sem stofnfé. Verðgildi seðla þessara var fimmtíu krónur, tíu krónur og fimm krónur. Eigi voru seðlar þessir innleysanlegir með gulli og eigi voru þeir seljanlegir erlendis. Með lögum nr. 2/1900 var seðlaútgáfuheimild landsjóðs hækkuð um 250 þúsund krónur, eða í 750 þúsund krónur.

Með lögum nr. 11 frá 7. júní 1902 var samþykkt að leyfa stofnun hlutafélagsbanka á Íslandi (Íslandsbanka), er aðallega starfaði með erlent fjármagn. Banki þessi skyldi hafa einkarétt til að gefa út seðla í þrjátíu ár. Seðlar þessir skyldu nema allt að 2.5 milljónum króna, vera gulltryggðir og innleysanlegir með gulli. Seðlar landsstjórnarinnar skyldu áfram vera í gildi, en ekki heimilt að auka fjárhæð þeirra. Tók banki þessi til starfa á árinu 1904. Heimildarlögunum var nokkuð breytt með lögum nr. 65/1905 og þau lög felld inn í eldri lögin og gefin út að nýju sem lög nr. 66/1905.

Var seðlaútgáfunni haldið í þessu formi næsta áratug, en með heimsstyrjöldinni fyrri raskaðist þetta kerfi. Með lögum nr. 11/1914 var Íslandsbanki undanþeginn

þeirri skyldu að innleysa seðla sína með gulli. Undanþága þessi var tímabundin, en var framlengd með brbl. nr. 16/1914 og lögum nr. 8/1915 til loka „næsta Alþingis". Þörfin fyrir aukið seðlamagn fór hraðvaxandi og með brbl. nr. 59/1914 var Íslandsbanka heimilað að auka seðlaútgáfu sína um 500 þúsund krónur eða í 3 milljónir króna. Bráðabirgðalög þessi voru staðfest með lögum nr. 11/1915, en með þeim lögum var seðlaútgáfuheimildin hækkuð í eina milljón króna eða 3.5 milljónir króna alls. Þetta seðlamagn reyndist ekki nægilegt, og með brbl. nr. 17/1915 var seðlaútgáfa Íslandsbanka enn aukin um 1 milljón króna eða alls í 4.5 milljónir króna. Þessi heimild skyldi aðeins gilda til janúarloka 1916 og seðlar þessir þá innleystir. Allar þessar ráðstafanir reyndust ófullnægjandi, og með brbl. nr. 1/1916 var ráðherra heimilað að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaútgáfuna eftir þörfum viðskiptalífsins. Bráðabirgðalög þessi voru staðfest með lögum nr. 10/1917, en heimild þessi skyldi þó aðeins gilda til 1. des. 1917. Hún var þó framlengd með síðari lögum til 1/6 1921.

Með brbl. nr. 84/1919 var Íslandsbanki enn leystur undan gullinnlausnarskyldunni og nú um óákveðinn tíma. Bráðabirgðalög þessi voru staðfest með lögum nr. 16/1920.

Seðlaútgáfa Íslandsbanka var enn bundin af skyldu hans til að hafa seðlana gulltryggða eftir ákveðnum reglum. Þar sem talið var, að þörf fyrir aukna seðlaútgáfu væri mjög brýn, var með brbl. nr. 24/1920 Íslandsbanka heimilað að auka seðlaútgáfu sína í 12 milljónir króna, án þess að auka gulltryggingu sína.

Með lögum nr. 6/1921 var breytt nokkuð lögunum um seðlaútgáfu Íslandsbanka og settar fastar reglur um, hvernig háttað skuli innköllun seðla hans, þannig að innköllun seðlanna yrði að fullu lokið, þegar einkaréttur bankans félli niður, 31. desember 1933. Þróun mála varð þó sú, að létta varð innköllunarskyldunni af bankanum á næstu árum.

Að því er seðlaútgáfuna varðaði, þá varð þegar á næsta ári, með lögum nr. 7/1922, að gera þá breytingu að heimila ríkisstjórninni að hlutast til um, að Landsbankinn setti í umferð þá seðla, sem nauðsyn krafðist. Var heimild þessi þegar notuð.

Gerð var gjörbreyting á skipan þessara mála allra með lögum nr. 48/1927, um Landsbanka Íslands. Var Landsbankinn þá gerður að seðlabanka, en með þá starfsemi skyldi fara sjálfstæð deild innan bankans. Bankinn fékk einkarétt til seðlaútgáfu með þeim takmörkunum, sem leiddi af seðlaútgáfurétti Íslandsbanka, samkv. lögum nr. 6/1921. Bankinn skyldi gefa út seðla, sem fullnægðu gjaldmiðilsþörf í innanlandsviðskiptum, og enginn seðill, sem bankinn gæfi út, mætti vera fyrir minni upphæð en fimm krónum. Í lögunum var gert ráð fyrir, að seðlar hans væru gulltryggðir og innleysanlegir með gulli, en tekið fram, að ákvæðin um innlausnarskylduna komi ekki til framkvæmda, fyrr en Alþingi ákveði svo. Gerð var nokkur breyting á lögum nr. 48/1927 með lögum nr. 9/1928 og lögin sameinuð og gefin út sem lög nr. 10 frá 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

Svo sem áður getur, hafði Íslandsbanki fengið undanþágu frá þeirri skyldu sinni að draga inn þá seðla, sem hann hafði gefið út. Á árinu 1929 hafði Íslandsbanki lent í miklum fjárhagsörðugleikum og varð hann að loka snemma árs 1930. Með lögum nr. 7/1930 var stofnaður Útvegsbanki Íslands h.f. Tók hann við rekstri Íslandsbanka. Meðal annars skyldi hann draga inn seðla þá, er Íslandsbanki hafði gefið út, sbr. lög nr. 6/1921. Svo sem áður getur, skyldi innlausn seðlanna vera lokið 31. október 1933. Við þetta var þó ekki staðið og voru seðlar Íslandsbanka endanlega dregnir inn í árslok 1939.

Síðan varð engin breyting á málum þessum um nokkurt skeið. Með lögum nr. 33/1957 var gerð veruleg breyting á lögum nr. 10/1928, um Landsbanka Íslands. Var bankanum þá skipt í tvær sjálfstæðar deildir, Seðlabanka og Viðskiptabanka, sem hvor laut sinni stjórn. Seðlabankinn fékk einkarétt til að gefa út bankaseðla og annan gjaldmiðil, sem gæti komið í stað mótaðra peninga og gengið manna á millum í stað peningaseðla. Haldið var óbreyttum reglum um gulltrygg-

ingu og gullinnlausnarskyldu bankans, en að því er hana varðaði, þá skyldi hún þó því aðeins taka gildi, þegar Alþingi ákvæði svo.

Með lögum nr. 10/1961 var gerð gjörbreyting á þessu fyrirkomulagi. Stofnaður var algjörlega sjálfstæður banki, Seðlabanki Íslands, er tók við öllum skyldum og réttindum Seðlabanka sem hluta af Landsbanka Íslands. Meðal hlutverka Seðlabankans er að annast seðlaútgáfu og vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt. Seðlar skyldu vera tryggðir að nokkru með gulli eða erlendum gjaldeyri. Ákvæðin um gullinnlausn voru felld niður. Þá var gert ráð fyrir, að fjármálaráðuneytið gæti falið Seðlabankanum að taka við útgáfu skiptimyntar og þá skyldu falla úr gildi lög nr. 19/1925.

Með brbl. nr. 79/1961 var Seðlabankanum falið að ákveða, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, stofngengi (pari) íslenzkrar krónu gagnvart erlendum gjaldeyri og gulli. Lög þessi voru síðan staðfest af Alþingi sem lög nr. 20/1962.

Rétt þykir að taka saman í heildarlög öll ákvæði gildandi laga um íslenzkan gjaldmiðil og samræma þau ríkjandi sjónarmiðum um þessi mál. Felld eru niður öll ákvæði um sláttu gullpeninga, enda hafa gullpeningar ekki verið slegnir hér á landi til viðskiptanota og nánast útilokað, að svo verði gert í framtíðinni. Skipan stofngengismála fer nú eftir reglum samþykkta Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá 27. desember 1945, en Ísland er aðili að þeim samþykktum samkvæmt heimild í lögum nr. 105/1945, sbr. auglýsingu utanríkisráðuneytisins nr. 2 2. janúar 1946. Er því ekki ástæða til að taka ákvæði um það efni upp í lögin.

II. Athugasemdir um einstakar greinar.

Um 1. gr.

Grein þessi þarfnast eigi skýringa.

Um 2. gr.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 6. gr. laga nr. 10/1961 hefur Seðlabanki Íslands rétt til að gefa út peningaseðla. Seðlabankanum er hér falið að sjá um sláttu og útgáfu peninga úr málmi (skiptimynt). Þann rétt hefur bankinn nú fengið með samningi við fjármálaráðuneytið, sbr. 8. gr. laga nr. 10/1961. Þykir eðlilegra, að Seðlabankinn hafi skýra heimild til peningasláttunnar, en slíkt byggist ekki á samningi. Ákvæði þessi eru þess eðlis, að þau eiga heima í almennum lögum um gjaldmiðil.

Um 3., 4. og 5. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir, að peningastofnanir séu skyldugar að taka við greiðslum í sleginni mynt að ótiltekinni fjárhæð. Hins vegar er gert ráð fyrir, að aðrir séu eigi skyldir að taka við meiru í einu en fimm hundruð krónum í slíku fé. Markið er hér verulega hækkað frá því, sem nú gildir, með hliðsjón af því, að vænta má, að nauðsyn beri til að slá peninga með hærra verðgildi en verið hefur, og ætti þetta ekki að geta orðið mönnum til óþæginda.

Um 7. gr.

Ákvæði þessi eru í samræmi við gildandi lög og reglur. Tekið er nú skýrt fram, að Seðlabankinn geti leyst til sín gjaldmiðil, sem sé verulega skemmdur, en ráðherra sá, sem fari með bankamál, skuli setja um það reglur.

Um 8. gr.

Svo sem alkunna er, þá er kaupmáttur einnar íslenzkrar krónu lítill, þannig að segja má, að fjárhæðir, er teljast í lægstu myntein ingum, skipti litlu máli í viðskiptum manna. Kostnaður við sláttu skiptimyntar er hins vegar verulegur og margfalt meiri en nemur nafnverði hinna minnstu mynta. Á hinn bóginn eru nú notaðar

í reikningum manna á milli fjárhæðir í aurum. Hefur þetta í för með sér ýmsa erfiðleika í bókhaldi auk kostnaðarins, sem áður getur. Ekki þykir fært að lögbjóða, að allar fjárhæðir reiknings eða kröfu skuli að sinni greindar með heilum tug aura, en hins vegar þykir rétt að veita heimild til, að slíkt verði ákveðið með reglugerð, ef ástæða telst til að mati Seðlabankans.

Um 9. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Nauðsynlegt er að hafa heimild til að innkalla einstakar gerðir peninga, sem í umferð eru, t. d. þegar skipt er um seðlagerðir. Ákvæði 1. mgr. taka eigi til almennrar innköllunar gjaldmiðils. Komi til slíks, þarf sérstaka lagaheimild.

Um 11. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 12 gr.

Rétt þykir að taka beint fram, að lög nr. 19 frá 27. júní 1925 falla úr gildi, þrátt fyrir ákvæði 8. gr. laga nr. 10/1961, en sú aðferð, sem þar er notuð við að fella lög úr gildi, er umdeilanleg. Þá þykir rétt að fella úr gildi heimildarákvæði ríkisstjórnar til útgáfu Alþingishátíðarpeninga, krónuseðla, Jóns Sigurðssonar peninga, en vitanlega heldur gjaldmiðill þessi gildi sínu eftir sem áður. Í bráðabirgðaákvæði er hins vegar gert ráð fyrir því, að áfram verði í gildi heimild sú, sem er í lögum nr. 47/1961, til að selja þá peninga með álagi.

Ed. 350. Frumvarp til laga [107. mál]

um breyting á lögum nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 7. marz.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Síldarútvegsnefnd skipuleggur og hefur eftirlit með verkun saltaðrar síldar, svo og með útflutningi hennar, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Nefndin skal skipuð átta mönnum til þriggja ára í senn, sem hér segir: Sameinað Alþingi kýs þrjá menn hlutfallskosningu, en ráðherra skipar fimm menn, eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, Félags síldarsaltenda á Suðvesturlandi og einn eftir sameiginlegri tilnefningu tveggja síðast greindra félaga. Varamenn skulu kosnir og tilnefndir á sama hátt. Vanræki aðili tilnefningu aðalmanns eða varamanns í nefndina, skipar ráðherra þá án tilnefningar.

Ráðherra skipar formann og varaformann nefndarinnar úr hópi hinna þingkjörnu nefndarmanna, til eins árs í senn.

Séu atkvæði jöfn við atkvæðagreiðslu í nefndinni, ræður atkvæði formanns úrslitum.

Heimili síldarútvegsnefndar, varnarþing og aðalskrifstofa skal vera á Siglufirði, en nefndin skal einnig hafa skrifstofur í Reykjavík og á Austurlandi.

Nefndin ræður sér starfsfólk.

Ráðherra ákveður laun nefndarmanna, og greiðast þau af tekjum nefndarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 351. Tillaga til þingsályktunar [155. mál]

um strandferðir norðanlands og útgerð strandferðaskips frá Akureyri.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Jónas G. Rafnar, Ingvar Gíslason, Björn Jónsson, Stefán Valgeirsson, Bragi Sigurjónsson, Bjartmar Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga möguleika á því, að Skipaútgerð ríkisins, í samráði við hlutaðeigandi bæjar- og sýslufélög, komi á fót á Akureyri útgerð strandferðaskips, er annist strandferðir norðanlands, enda séu ferðir þess í samræmi við ferðir strandferðaskipa úr Reykjavík til Austfjarða og Vestfjarða. Niðurstöður athugunarinnar verði lagðar fyrir Alþingi, svo fljótt sem unnt er.

Greinargerð.

Tími er til þess kominn að endurskipuleggja strandferðir hér við land með tilliti til breytinga, sem orðið hafa í seinni tíð á atvinnulífi og samgöngum í landinu. Kemur þá mjög til athugunar að taka upp verkaskiptingu á þá leið milli strandferðaskipa á hverjum tíma, að hvert skip veiti þjónustu afmörkuðum landshluta, og séu þá ferðir þess sérstaklega við þarfir þess landshluta miðaðar. Á Alþingi hafa verið uppi tillögur, sem miða í þessa átt. Er þá gert ráð fyrir, að strandferðaskip, sem sinni þörfum einstakra landshluta, séu gerð út frá Reykjavík. Þörf er á sérstöku strandferðaskipi fyrir Norðurland, en engin þörf er á og miklu fremur óhagræði að það skip sé staðsett í Reykjavík eða gert út þaðan. Eðlilegt er, að Norðurlandsskip sé gert út frá Akureyri, sem er höfuðstaður Norðurlands og svo mjög vaxandi iðnaðarbær, að þaðan er nú eða verður innan skamms hægt að fá flestar þær iðnaðarvörur, sem eru ekki keyptar frá útlöndum eða fluttar á sérstakan hátt utan strandferðaskipanna (áburður, sement). Útlendum vörum til norðurhafna, sem nú er umskipað í Reykjavík, ætti þá að umskipa á Akureyri, að því leyti sem þær verða ekki fluttar beint frá útlöndum til ákvörðunarstaðar, sem áður tíðkaðist í ríkara mæli en nú og er vitanlega æskilegt.

Vel mætti hugsa sér t. d., að Akureyrarskipið hefði endastöðvar á Patreksfirði og Reyðarfirði og sneri við þar í hverri ferð vestur eða austur frá Akureyri. Mundu þá norðan- og sunnanskip væntanlega skiptast á vörum, farþegum og póstsendingum, án aukagjalds, þannig að um samtengt flutningakerfi væri að ræða. En það fyrirkomulag þarf auðvitað nánari athugunar við.

Akureyrarskipið gæti verið eign Skipaútgerðar ríkisins og útgerðin þar útibú frá skipaútgerðinni í Reykjavík. Einnig er hægt að hugsa sér, að stofnað yrði útgerðarfyrirtæki til strandferða norðanlands, t. d. með samvinnu hlutaðeigandi bæjar- og sýslufélaga og Skipaútgerðar ríkisins, og nyti það þá nauðsynlegs stuðnings frá ríkissjóði.

Nd. 352. Lög [138. mál]

um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Nd. 7. marz.)

Samhljóða þskj. 319.

Nd. 353. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, sem gerð var í Brüssel 10. október 1957.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta var lagt fyrir Nd. á síðasta þingi, en varð ekki útrætt í sjávarútvegsnefnd deildarinnar. Á sama veg fór um frv. til l. um breyting á siglingalögum, nr. 66 31. des. 1963, en hæði frumvörpin hafa að þessu sinni verið lögð fyrir Ed. og hlotið afgreiðslu þar.

Við athuganir sínar á frumvarpinu tók nefndin upp þráðinn frá fyrra ári, en þá var búið að ræða það og fá um það umsögn frá Íslenzkri endurtryggingu, sem mælti með því, að alþjóðasamþykktin um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna yrði staðfest af Íslands hálfu. Hins vegar kom í ljós, að verulegar lagfæringar þurfti að gera á íslenzkri þýðingu alþjóðasamþykktarinnar á fylgiskjali með frumvarpinu, og frumtexta á fyrirvara af Íslands hálfu vantaði alveg.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, að frumtexti fyrirvarans verði prentaður framan við enska textann, og með nýrri þýðingu enska textans á fylgiskjali, sem nefndin hefur látið gera.

Þessar brtt. flytur nefndin á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. marz 1968.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Guðl. Gíslason.
Ragnar Jónsson.	Jón Skaftason.	Björn Pálsson.
	Lúðvík Jósefsson.	

Nd. 354. Breytingartillögur [45. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, sem gerð var í Brüssel 10. október 1957.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Framan við enskan texta fyrirvara bætist íslenzkur texti, er orðist svo:

Fyrirvari:

Ríkisstjórn Íslands

áskilur sér rétt til:

1. að setja í lög landsins sérstök ákvæði, er kveði á um það, með hverjum hætti reglunni um takmarkaða ábyrgð verði beitt, að því er tekur til minni skipa en 300 rúmlesta;
2. að láta alþjóðasamþykkt þessa öðlast gildi annað hvort á þann hátt að veita henni lagagildi eða með því að taka ákvæði hennar upp í lög landsins í því formi, sem samrýmist slíkum lögum.

2. Íslenzkur texti á fylgiskjali orðist svo:

Alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð eigenda skipa, sem um sjó sigla.*)

Aðildarríki að samþykkt þessari hafa viðurkennt, að æskilegt sé að ákveða með samningi tilteknar samræmdar reglur um takmörkun á ábyrgð eigenda

*) Sea-going ship: skip, sem um sjó siglir. Verður hér á eftir alls staðar þýtt með orðinu: skip.

skipa. Hafa þau ákveðið að gera alþjóðasamþykkt í þessu skyni og í því skyni komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

1. Eiganda skips skal heimilt að takmarka ábyrgð sína í samræmi við ákvæði 3. gr. þessarar samþykktar, að því er tekur til krafna, er upp kunna að koma vegna einhverra eftirtalinna atburða, nema eigandi hafi beinlínis verið valdur að atburði þeim, sem kröfunni olli, eða hann hafi átt sér stað með hans vitorði:
   a. Lífs- eða líkamstjóns á hverjum þeim, sem skipið flytur, og algeru tjóni eða skaða á hverjum þeim munum, sem á skipsfjöl eru.
   b. Lífs- eða líkamstjóni á hverjum þeim einstaklingi öðrum, hvort heldur hann er á landi eða sjó, algeru tjóni eða skaða á sérhverjum öðrum munum eða skerðingu á hvers konar réttindum, er orsakast af athöfnum, vanrækslu eða vanhirðu hvers þess manns, sem á skipsfjöl er, ef eigandinn er ábyrgur fyrir athöfnum, vanrækslu eða vanhirðu af hans hálfu, eða hvers þess manns, sem eigi er á skipsfjöl, ef eigandinn er ábyrgur fyrir athöfnum, vanrækslu eða vanhirðu af hans hálfu. Það er þó tilskilið, að því er tekur til athafna, vanrækslu eða vanhirðu hinna síðar nefndu aðila, að eiganda ber einungis réttur til að takmarka ábyrgð sína, svo fremi að athöfnin, vanrækslan eða vanhirðan hafi átt sér stað við siglingu eða stjórn skipsins eða við fermingu, flutning eða losun á farmi þess eða við skipgöngu farþega, flutning þeirra eða landgöngu.
   c. Sérhverrar skuldbindingar eða ábyrgðar, sem kveðið er á um í hverjum þeim lögum, er lúta að fjarlægingu skipsflaka og eiga rót sína að rekja til þess, að unnið sé að því að koma á flot, fjarlægja eða eyðileggja hvert það skip, sem sokkið hefur, strandað eða verið yfirgefið (þar með talið hvað eina, sem kann að vera um borð í slíku skipi), svo og sérhverrar skuldbindingar eða ábyrgðar, sem á rót sína að rekja til þess, að hafnarmannvirki, skipakvíar og skipaleiðir hafi orðið fyrir skaða.
2. Í samþykkt þessari skulu orðin „persónulegar bótakröfur“ merkja kröfur vegna lífs- eða líkamstjóns, og orðið „eignatjónskröfur“ skal merkja allar aðrar kröfur, sem upp eru taldar í 1. tölulið þessarar greinar.
3. Eiganda ber réttur til að takmarka ábyrgð sína í þeim tilvikum, sem upp eru talin í 1. tölulið þessarar greinar, jafnvel þegar svo ber við, að hann verði talinn ábyrgur, án þess að sannazt hafi vanræksla af hálfu eigandans eða þeirra, sem hann ber ábyrgð á, sökum eignarréttar hans, eignarhalds, umönnunar eða umráða yfir skipinu.
4. Ekkert ákvæði þessarar greinar skal eiga við um:
   a. kröfur fyrir björgun eða kröfur fyrir þátttöku í sameiginlegu sjótjóni;
   b. kröfur af hálfu skipstjóra, skipverja, sérhverra starfsmanna eiganda um borð í skipi, eða þeirra starfsmanna eiganda, er skyldum gegna í sambandi við skipið, þar með taldar kröfur erfingja þeirra, umbjóðenda eða framfærsluþega, þegar svo ber við, að eigandi hefur ekki, samkvæmt ákvæðum þeirra laga, er kveða á um starfssamninga milli eiganda og slíkra starfsmanna, rétt til að takmarka ábyrgð sína að því er tekur til slíkra krafna, eða ef ákvæði slíkra laga heimila honum einungis að takmarka ábyrgð sína við hærri fjárhæð en þá, sem gert er ráð fyrir í 3. gr. þessarar samþykktar.
5. Eigi eigandi skips rétt á gagnkröfu á hendur kröfuhafa, sem rís út af sama atburði, þá skulu kröfur þeirra hvers um sig skuldajafnaðar, og skulu ákvæði samþykktar þessarar þá eingöngu taka til mismunarins, ef einhver verður.
6. Úrskurður um það, á hverjum sú skylda hvílir að sanna, hvort eigandi hafi beinlínis verið valdur að atburði þeim, sem til kröfugerðar leiddi, eða að hann

hafi átt sér stað með hans vitorði, skal kveðinn upp samkvæmt ákvæðum laga, er gilda þar sem varnarþing málsins er (**lex fori**).
7. Yfirlýsing um takmörkun ábyrgðar skal eigi teljast viðurkenning á ábyrgð.

2. gr.

1. Takmörkun ábyrgðar, samkvæmt því sem kveðið er á um í 3. gr. þessarar samþykktar, skal gilda um samanlagðar bótakröfur vegna lífs- eða líkamstjóns, svo og samanlagðar eignatjónskröfur, er kunna að rísa út af sérhverju tilgreindu tilefni, án tillits til sérhverra þeirra krafna, sem komið hafa fram eða kunna að koma fram af sérhverju öðru tilgreindu tilefni.
2. Þegar samanlagðar kröfur, sem kunna að rísa út af sérhverju tilgreindu tilefni, fara fram úr þeirri takmörkun ábyrgðar, sem kveðið er á um í 3. gr., þá má ákvarða, að heildarupphæð sú, sem ábyrgð er takmörkuð við, sé ein og tiltekin ábyrgðarfjárhæð.
3. Ábyrgðarfjárhæð sú, sem þannig hefur verið ákvörðuð, skal einungis vera tiltæk til greiðslu á bótakröfum, er takmörkun ábyrgðar getur við átt.
4. Eftir að ábyrgðarfjárhæðin hefur verið ákvörðuð, skal engum kröfuhafa, sem kröfur gera til hennar, bera neinn réttur til annarra eigna skipseiganda, að því er tekur til krafna hans til ábyrgðarfjárins, ef kröfuhafi hefur í raun og veru aðgang að ábyrgðarfénu.

3. gr.

1. Eiganda skips ber réttur til að takmarka ábyrgð sína samkv. ákvæðum 1. gr. við fjárhæðir þær, sem hér greinir:
   a. heildarfjárhæð, er nemi 1000 frönkum fyrir hverja rúmlest í lestatali skipsins, þegar atburður hefur valdið því, að einungis hafa verið bornar fram eignatjónskröfur;
   b. heildarfjárhæð, er nemi 3100 frönkum fyrir hverja rúmlest í lestatali skipsins, þegar atburður hefur valdið því, að einungis hafa verið bornar fram kröfur vegna lífs- eða líkamstjóns;
   c. heildarfjárhæð, er nemi 3100 frönkum fyrir hverja rúmlest í lestatali skipsins, þegar atburður hefur valdið því, að bornar hafa verið fram bæði eignatjónskröfur og kröfur vegna lífs- eða líkamstjóns, og skal þá fyrri hluta þeirrar heildarfjárhæðar, er nemi 2100 frönkum fyrir hverja rúmlest í lestatali skipsins, varið eingöngu til greiðslu á bótakröfum vegna lífs- eða líkamstjóns, en síðari hluta hennar, er nemi 1000 frönkum fyrir hverja rúmlest í lestatali skipsins, varið til greiðslu á eignatjónskröfum; að því tilskildu þó, að ef mál stendur þannig, að fyrri hluti heildarfjárhæðar nægir ekki til að inna að fullu af hendi greiðslu á bótakröfum vegna lífs- eða líkamstjóns, þá skuli ógreiddar eftirstöðvar slíkra krafna flokkast með eignatjónskröfum og koma til greiðslu að tiltölu við þær af síðari hluta ábyrgðarfjárins.
2. Skipting á greiðslum bóta til kröfuhafa úr báðum hlutum ábyrgðarfjárins skal gerð að réttri tiltölu við kröfufjárhæðir þær, sem þeir hafa fengið viðurkenndar.
3. Hafi eigandinn innt af hendi greiðslu, að einhverju eða öllu leyti, vegna einhverra þeirra krafna, sem tilgreindar eru í 1. tölulið 1. gr., áður en skipting ábyrgðarfjárins hefur átt sér stað, þá skal hann, svo langt sem til hrekkur (pro tanto), njóta sömu aðstöðu gagnvart greiðslu ábyrgðarfjárins sem kröfuhafi sá, er hann hefur innt af hendi greiðslu til, en þó aðeins að svo miklu leyti sem kröfuhafi sá, er hann hefur innt af hendi greiðslu til, hefði getað öðlazt rétt til endurgreiðslu úr hans hendi samkvæmt lögum þess ríkis, þar sem ábyrgðarféð hefur verið ákvarðað.
4. Ef eigandi skips sannar, að honum kunni síðar að bera skylda til þess að greiða að einhverju eða öllu leyti bætur vegna einhverra þeirra krafna, sem tilgreindar eru í 1. tölulið 1. gr., þá skulu dómstólar eða eitthvert annað hlutaðeigandi stjórnvald þess ríkis, þar sem ábyrgðarféð hefur verið ákvarðað, mega

mæla svo fyrir, að nægilega stór fjárupphæð skuli um stundarsakir lögð til hliðar til þess að gera eigandanum síðar kleift að koma fram kröfu sinni um að fá greiddan hluta ábyrgðarfjárins, á þann hátt, sem kveðið er á um í næsta tölulið hér á undan.

5. Þegar ákvarða skal takmörk ábyrgðar eiganda samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, þá skal lestatal skips, sem er minna en 300 rúmlestir, teljast vera 300 rúmlestir að lestatali.
6. Franki sá, sem tilgreindur er í þessari grein, skal teljast gjaldeining, sem inniheldur 65½ — sextíu og fimm og hálft — milligramm af gulli, sem er 900/1000 að skírleika. Fjárhæðum þeim, sem nefndar eru í 1. tölulið þessarar greinar, skal breytt í gjaldmiðil þess ríkis, þar sem takmörkunar er leitað, á grundvelli gengis þessa gjaldmiðils gagnvart þeirri gjaldeiningu, sem tilgreind er hér á undan, þann dag sem eigandinn hefur ákvarðað ábyrgðarfjárhæðina, innt af hendi greiðslu eða lagt fram tryggingu, sem samkvæmt lögum þess ríkis jafngildir slíkri greiðslu.
7. Í merkingu þessarar samþykktar skal lestatal skipa ákvarðað á þann hátt, sem hér segir:
   — þegar um er að ræða eimskip eða önnur vélknúin skip, skal reikna nettó-rúmlestatal og bæta síðan við þeirri lestatölu, sem dregin hefur verið frá brúttó-rúmlestatölu vegna vélarrúms, til ákvörðunar á nettó-rúmlestatölu;
   — um öll önnur skip er með lestatali átt við nettó-rúmlestatal.

4. gr.

Án þess að brjóta í bága við ákvæði 2. töluliðs 3. gr. þessarar samþykktar, skal um reglur þær, sem varða ákvörðun og skiptingu ábyrgðarfjárins, ef nokkrar eru, svo og um allar réttarfarsreglur, farið eftir ákvæðum laga þess ríkis, þar sem til ábyrgðarfjárins hefur verið stofnað.

5. gr.

1. Hvenær sem eiganda ber réttur til þess að takmarka ábyrgð sína samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar, og skipið eða annað skip eða önnur eign undir sama eignarrétti hefur sætt kyrrsetningu innan lögsagnarumdæmis aðildarríkis, eða sett hefur verið fjártrygging eða önnur trygging til þess að koma í veg fyrir kyrrsetningu, þá skal dómstólum eða öðrum hlutaðeigandi stjórnarvöldum aðildarríkis heimilt að fyrirskipa, að skipið verði leyst úr haldi eða að önnur eign eða trygging, sem sett hefur verið, verði gefin frjáls, ef sannað er, að eigandinn hefur þegar sett fullnægjandi fjártryggingu eða aðra tryggingu, sem að fjárhæð jafngildir fullri ábyrgð hans samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar, og jafnframt að kröfuhafi eigi greiðan aðgang að þeirri tryggingu, sem þannig er sett, í samræmi við þann rétt, er honum ber.
2. Þegar þannig stendur á, sem tilgreint er í 1. tölulið þessarar greinar, að fjártrygging eða önnur trygging hefur þegar verið sett:
   a. á hafnarstað þeim, þar sem krafan varð til vegna atburðar, er þar gerðist;
   b. á fyrsta hafnarstað, sem skipið kemur til, eftir að atburður sá gerðist, sem krafan reis út af, ef sá atburður hefur ekki gerzt á hafnarstað;
   c. á landsetningar- eða affermingarstað, ef um er að ræða kröfu vegna lífs- eða líkamstjóns eða vegna spjalla á farmi;

   þá skulu dómstólar eða önnur hlutaðeigandi stjórnvöld mæla svo fyrir, að skipið verði leyst úr haldi, og að sú fjártrygging eða önnur trygging, sem sett hefur verið, verði gefin frjáls, þó með þeim skilyrðum, sem kveðið er á um í 1. tölulið þessarar greinar.
3. Þá skulu ákvæði 1. og 2. töluliðar þessarar greinar einnig gilda, ef fjártryggingin eða önnur trygging, sem sett hefur verið, nemur lægri fjárhæð en hámarki ábyrgðar samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar, að því tilskildu þó, að fullnægjandi fjártrygging eða önnur trygging sé sett fyrir afganginum.

4. Þegar eigandinn hefur sett fjártryggingu eða aðra tryggingu, sem að fjárhæð jafngildir hámarki ábyrgðar hans samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar, þá skal slík fjártrygging eða önnur trygging vera tiltæk til greiðslu á öllum kröfum, er risið hafa af tilgreindu tilefni, sem eiganda er heimilt að takmarka ábyrgð sína við.
5. Um meðferð mála, sem höfðuð kunna að verða samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar, svo og um tímatakmörk þau, sem gilda um það, hvenær höfða má eða sækja slík mál, skal fara eftir ákvæðum laga þess aðildarríkis, þar sem slík málshöfðun á sér stað.

6. gr.

1. Í samþykkt þessari skal ábyrgð eigandans einnig taka til ábyrgðar sjálfs skipsins.
2. Með þeim fyrirvara, er felst í 3. tölulið þessarar greinar, skulu ákvæði þessarar samþykktar taka til leigutaka skips, framkvæmdastjóra og þess, er rekstur skipsins annast, svo og til skipstjóra, skipverja og annarra, sem til starfs eru ráðnir hjá eiganda, leigutaka, framkvæmdastjóra eða þeim, sem rekstur skips annast, þá er þeir vinna að framkvæmd umrædds starfs síns, á sama hátt og þau taka til eigandans sjálfs; að því tilskildu þó, að heildarábyrgð eigandans og allra slíkra aðila vegna krafna, sem stafa af lífs- eða líkamstjóni og eignatjóni og risið hafa af einhverju tilgreindu tilefni, skuli ekki fara fram úr fjárhæðum þeim, sem ákvarðaðar eru samkvæmt ákvæðum 3. gr. þessarar samþykktar.
3. Þegar mál er höfðað gegn skipstjóra eða skipverjum, þá skal slíkum aðilum heimilt að takmarka ábyrgð sína, jafnvel þótt atburður sá, sem var tilefni þess, að kröfur voru gerðar, eigi rót sína að rekja til raunverulegrar yfirsjónar eða vitorðs eins eða fleiri þeirra. Ef skipstjóri eða skipverji er hins vegar jafnframt eigandi, meðeigandi, leigutaki, framkvæmdastjóri eða sá, sem rekstur skips annast, þá skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda, þegar verknaður sá, vanræksla eða yfirsjón, sem um er að ræða, telst vera verknaður, vanræksla eða yfirsjón, sem framin er af aðila þeim, er í hlut á, meðan hann gegnir störfum skipstjóra eða skipverja skipsins.

7. gr.

Ákvæði samþykktar þessarar skulu gilda hvenær sem eigandi skips eða sérhver annar aðili, sem samkvæmt ákvæðum 6. gr. þessarar samþykktar nýtur sömu réttinda og eigandi skips, takmarkar eða leitast við að takmarka ábyrgð sína fyrir dómstóli í aðildarríki, eða leitast við að fá skip eða aðrar eignir, sem kyrrsettar hafa verið, leystar úr haldi, eða fá leysta út fjártryggingu eða aðra tryggingu, sem sett hefur verið, innan lögsögu sérhvers slíks aðildarríkis.

Eigi að síður ber sérhverju aðildarríki réttur til þess að útiloka sérhvert það ríki, sem ekki á aðild að samþykkt þessari, að öllu eða einhverju leyti frá því að njóta hags af ákvæðum hennar, og hið sama skal gilda um hvern þann, þá er hann leitast við að takmarka ábyrgð sína eða fá kyrrsetningu skips eða annarra eigna fellda niður, eða fá leysta út fjártryggingu eða aðra tryggingu, samkvæmt ákvæðum 5. gr. þessarar samþykktar, hefur ekki heimilisfesti í aðildarríki eða hefur þar ekki staðsettan sinn meginviðskiptarekstur; þá skal hið sama og gilda um sérhvert skip, þegar leitað er eftir takmörkun ábyrgðar þess vegna, eða leitað er eftir því að fá kyrrsetningu þess fellda niður, ef það siglir eigi undir fána aðildarríkis á þeim tíma, sem tiltekinn er hér að framan.

8. gr.

Sérhvert aðildarríki áskilur sér rétt til þess að ákveða, hvaða aðra flokka skipa skuli farið með á sama hátt og skip samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

9. gr.

Samþykkt þessi skal liggja frammi til undirskriftar af hálfu þeirra ríkja, sem þátt tóku í 10. fundi ráðstefnu stjórnarerindreka um siglingalög.

10. gr.

Samþykkt þessa ber að fullgilda og skal afhenda ríkisstjórn Belgíu fullgildingarskjölin, en hún skal síðan, fyrir milligöngu stjórnarerindreka, tilkynna öllum þeim ríkjum, sem hafa undirritað samþykktina eða gerzt aðilar að henni, um afhendingu fullgildingarskjalanna.

11. gr.

1. Samþykkt þessi skal öðlast gildi eftir 6 mánuði frá þeim degi að telja, er að minnsta kosti 10 ríki hafa afhent fullgildingarskjöl sín, en 5 þeirra fullgildingarskjala hið minnsta skulu vera frá ríkjum, sem hvert um sig ræður yfir skipaflota, er jafngildir eða telur meir en 1 milljón brúttórúmlesta að lestatali.
2. Samþykkt þessi skal öðlast gildi fyrir hvert það ríki, sem undirritar og fullgildir hana eftir afhendingardag fullgildingarskjalanna, sem gildistaka samþykktarinnar er bundin við, sbr. 1. tölulið, 6 mánuðum eftir að það ríki hefur afhent fullgildingarskjöl sín.

12. gr.

Sérhvert ríki, sem sótti ekki 10. fund ráðstefnu stjórnarerindreka um siglingalög, getur gerzt aðili að samþykkt þessari.

Aðildarskjölin skal afhenda ríkisstjórn Belgíu, sem skal síðan, fyrir milligöngu stjórnarerindreka, tilkynna öllum þeim ríkjum, sem hafa undirritað samþykktina og gerzt aðilar að henni, um afhendingu slíkra aðildarskjala.

Samþykktin skal öðlast gildi fyrir það ríki, sem gerist aðili að henni, eftir sex mánuði, frá þeim degi að telja, er það afhenti aðildarskjölin, en þó eigi fyrir þann dag, er samþykktin öðlast gildi samkvæmt ákvæðum 1. tölulið 11. gr.

13. gr.

Sérhverju aðildarríki skal heimilt að segja samþykkt þessari upp hvenær sem er, eftir að hún hefur öðlast gildi fyrir það. Eftir sem áður skal slík uppsögn ekki öðlast gildi, fyrr en eitt ár er liðið frá þeim degi að telja, er ríkisstjórn Belgíu tók á móti tilkynningu um uppsögn, en hún skal síðan, fyrir milligöngu stjórnarerindreka, tilkynna öllum þeim ríkjum, sem undirritað hafa samþykktina og gerzt aðilar að henni, um slíka uppsögn.

14. gr.

1. Sérhverju aðildarríki skal vera heimilt, þegar það fullgildir þessa samþykkt, eða gerist aðili að henni, að lýsa því yfir með skriflegri tilkynningu til ríkisstjórnar Belgíu, að samþykkt þessi skuli taka til sérhverra þeirra landssvæða, er það fer með utanríkismál fyrir. Sex mánuðum eftir að ríkisstjórn Belgíu hefur móttekið slíka tilkynningu, skal samþykktin taka til þeirra landssvæða, sem þar eru tilgreind, en þó eigi fyrr en þann sama dag, sem þessi samþykkt öðlast gildi fyrir slíkt aðildarríki.
2. Sérhverju því aðildarríki, sem hefur gefið út tilkynningu samkvæmt ákvæðum 1. tölulið þessarar greinar, þess efnis, að samþykkt þessi taki til einhvers þess landssvæðis, er það fer með utanríkismál fyrir, skal hvenær sem er upp frá því heimilt að lýsa því yfir, með tilkynningu til ríkisstjórnar Belgíu, að samþykktin taki ekki lengur til slíks landssvæðis. Slík uppsögn skal öðlast gildi, þegar eitt ár er liðið frá þeim degi að telja, er ríkisstjórn Belgíu hefur móttekið tilkynningu þar að lútandi.
3. Ríkisstjórn Belgíu skal, fyrir milligöngu stjórnarerindreka, tilkynna öllum þeim ríkjum, sem undirritað hafa samþykktina og gerzt aðilar að henni, um sérhverja tilkynningu, sem hún hefur móttekið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

15. gr.

Sérhverju aðildarríki skal heimilt, þegar 3 ár eru liðin frá því að þessi samþykkt öðlaðist gildi fyrir það, eða hvenær sem er að þeim tíma liðnum, að fara

þess á leit, að kölluð verði saman ráðstefna til þess að taka til athugunar breytingar á ákvæðum þessarar samþykktar.

Sérhvert það aðildarríki, sem hyggst nota sér þennan rétt, skal tilkynna það ríkisstjórn Belgíu, en hún skal síðan kalla ráðstefnuna saman, áður en liðnir eru 6 mánuðir frá þeim tíma að telja.

16. gr.

Varðandi samskipti þeirra ríkja, sem fullgilda þessa samþykkt eða gerast aðilar að henni, skal samþykkt þessi koma í stað og fella úr gildi alþjóðasamþykkt um samræmingu tiltekinna reglna um takmörkun ábyrgðar eigenda skipa, sem undirrituð var í Brüssel hinn 25. ágúst 1924.

Þessu til staðfestu hafa stjórnarerindrekar, með fullu umboði, undirritað samþykkt þessa.

Gert í Brüssel hinn 10. dag októbermánaðar 1957, á frönsku og ensku, og skulu báðir textar vera jafngildir. Samþykktin er gerð í einu eintaki, sem ríkisstjórn Belgíu ber að varðveita í skjalasafni sínu, og skal hún jafnframt gefa út staðfest eftirrit af henni.

Nd. 355. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 66 31. des. 1963.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft þetta frumvarp til athugunar ásamt frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, sem gerð var í Brüssel 10. október 1957, sbr. nefndarálit sjávarútvegsnefndar um það mál á þskj. 353.

Af staðfestingu alþjóðasamþykktarinnar leiðir, að gera þarf þær breytingar á siglingalögum, sem í frumvarpinu felast, og var dr. jur. Þórður Eyjólfsson fenginn til þess að semja frumvarpið. Hefur nefndin rætt við hann um málið og fengið hjá honum greinargóðar upplýsingar og skýringar.

Þegar nefndin hafði málið til meðferðar á síðasta þingi, sendi hún Íslenzkri endurtryggingu það til umsagnar, og með bréfi, dags. 10. febrúar 1967, mælti Íslenzk endurtrygging með framgangi málsins.

Samkv. núgildandi lögum er ábyrgð útgerðarmanna takmörkuð við tvöfalt verð skips, að viðbættum 10%. Liggja þau takmörk langtum hærra en hámarksábyrgð samkv. Brüsselsamþykktinni, þegar ákvæði hennar hafa verið tekin upp í íslenzk lög, eins og lagt er til að gert verði með þessu frv. Verði frumvarpið að lögum, batnar þannig aðstaða íslenzkra skipaeigenda gagnvart erlendum skipaeigendum frá þeim þjóðum, sem aðild eiga að samþykktinni. Eins og nú hagar til, er hámarksábyrgð íslenzkra útgerðarmanna gagnvart erlendum útgerðarmönnum miklu hærri en hámarksábyrgð erlendra útgerðarmanna gagnvart Íslendingum.

Oft getur reynzt erfitt að ákveða verð skips, þegar reikna skal út hámark ábyrgðar, samkvæmt þeirri reglu, sem nú gildir. Samkvæmt Brüsselsamþykktinni aftur á móti er hámarksábyrgðin miðuð við lestatölu skips, þannig að enginn vafi leikur á um upphæðina.

Vegna þeirrar lækkunar á hámarksábyrgð íslenzkra útgerðarmanna, sem frv. gerir ráð fyrir, ættu tryggingar á þessu sviði að geta lækkað eitthvað. Á hinn bóginn má búast við því, að nauðsynlegt reynist að tryggja hafnarmannvirki fyrir skemmdum af völdum skipa, því að hugsanlegt er, að skip valdi það miklum skemmdum á hafnarmannvirkjum, að hámarksábyrgð þess nægi ekki til að borga tjónið að fullu.

Samkvæmt ábendingu Íslenzkrar endurtryggingar ræddi nefndin sérstaklega við dr. Þórð Eyjólfsson um takmörkun ábyrgðar gagnvart eigin starfsmönnum, sbr. 3. gr. frv., 2. mgr.

Norðurlöndin hafa ekki tekið upp hjá sér þessa takmörkun Brüsselsamþykktarinnar, og að athuguðu máli varð nefndin sammála um að fara í þessu efni eins að og hin Norðurlöndin. Flytur nefndin þess vegna brtt. við frumvarpið varðandi þetta atriði á sérstöku þskj., þar sem lagt er til, að takmörkun ábyrgðar eigin starfsmanna útgerðarinnar falli niður úr frv.

Einnig leggur nefndin til, að úr 3. gr. falli burt orðin: „Takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna nær ekki til vaxta eða málskostnaðar."

Að öðru leyti leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. marz 1968.

Birgir Finnsson, form., frsm. Pétur Sigurðsson, fundaskr. Guðl. Gíslason. Ragnar Jónsson.
Lúðvík Jósefsson. Jón Skaftason. Björn Pálsson.

Nd. 356. Breytingartillögur [27. mál]

við frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 66 31. des. 1963.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 3. gr.

a. 2. málsgr. orðist svo:
Ákvæði um takmarkaða ábyrgð gilda ekki um kröfur vegna lífs- eða líkamstjóns skipstjóra, skipverja, annarra manna, sem ráðnir eru hjá útgerðarmanni, eða leiðsögumanns, enda hafi slys borið að höndum, er hlutaðeigandi var staddur á skipi eða vann í þágu skips.

b. 4. málsgr. falli burt.

Sþ. 357. Tillaga til þingsályktunar [156. mál]

um lausn verkfalla.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Ólafur Jóhannesson, Magnús Kjartansson, Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér þegar í stað fyrir lausn verkfallanna með lagasetningu um verðtryggingu launa í samræmi við það, sem verkalýðshreyfingin hefur sett fram.

Greinargerð.

Eins og öllum er kunnugt, hafa nú skollið á víðtækari og alvarlegri verkföll en dæmi eru til um áður hér á landi. Um 60 félög munu standa að verkföllunum með yfir 20 þúsund félagsmenn.

Aðalástæðan fyrir verkföllunum er sú, að felld hafa verið úr lögum ákvæði um verðtryggingu launa, en á þeim ákvæðum voru raunverlega byggðir þeir kjarasamningar verkalýðsfélaganna, sem síðast voru gerðir.

Standi verkföllin lengur, er augljóst, að mikið tjón hlýzt af þeim fyrir þjóðarheildina.

Flm. þessarar till. telja verðtryggingu launa réttláta og eðlilega og því eigi að lögbinda á ný vísitölugreiðslur á laun og leysa þannig þau verkföll, sem nú eru að stöðva mestallt atvinnulíf landsins.

Nd. 358. Frumvarp til laga [157. mál]

um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

Við Háskóla Íslands skal starfa Félagsstofnun stúdenta. Menntamálaráðuneyti, Háskóli Íslands og allir skrásettir stúdentar innan hans eiga aðild að stofnuninni, svo sem nánar segir í lögum þessum.

Stofnunin er sjálfseignarstofnun með sjálfstæðri fjárhagsábyrgð. Eignir og skuldbindingar stúdentagarðanna og annarra fyrirtækja í þágu stúdenta, sem rekin eru innan skólans nú, skulu að fengnu samþykki háskólaráðs og stúdentaráðs hverfa undir hina nýju stofnun frá þeim tíma og með þeim hætti, sem nánar er kveðið á um í reglugerð samkvæmt 6. gr. laga þessara.

2. gr.

Stofnunin skal annast rekstur og bera ábyrgð á fyrirtækjum í þágu stúdenta og beita sér fyrir eflingu þeirra samkvæmt því, sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

3. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum, tilnefndum af menntamálaráðuneyti, háskólaráði og stúdentaráði til tveggja ára í senn, samkvæmt því, sem nánar segir í reglugerð. Varamenn skal tilnefna með sama hætti til jafnlangs tíma.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar aflar fjár til framkvæmda þeirra, er undir stofnunina heyra, í samvinnu við rektor og háskólaráð. Auk tekna af fyrirtækjum þeim, er Félagsstofnun stúdenta ræður yfir eftir lögum þessum og reglugerð, skal fjár til byggingarframkvæmda, rekstrar fyrirtækja og eflingar þeirra aflað sem hér segir:

1. Árleg skrásetningargjöld stúdenta við Háskóla Íslands skulu renna að hluta til stofnunarinnar, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð fyrir Háskóla Íslands.
2. Með framlagi úr ríkissjóði, eftir því sem Alþingi ákveður hverju sinni.
3. Gjöfum, sem Félagsstofnun stúdenta kunna að berast.
4. Öðrum úrræðum, er stjórn stofnunarinnar telur tiltækileg.

5. gr.

Félagsstofnun stúdenta skal undanþegin tekju- og eignarskatti, aðstöðugjaldi og útsvari.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum stúdentaráðs og háskólaráðs. Um breytingar á reglugerð skal hafa samráð við stúdentaráð, háskólaráð og stjórn stofnunarinnar.

7. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda þegar í stað, og skal stofnunin taka til starfa frá þeim tíma, er í reglugerð segir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er borið fram að ósk stúdentaráðs Háskóla Íslands og háskólaráðs. Ríkir samstaða þessara aðila um efni þess. Frumvarpið hefur sætt athugun nefndar, er menntamálaráðuneytið skipaði og í áttu sæti fulltrúar þess, fjármálaráðuneytisins, háskólaráðs og stúdentaráðs. Lagði nefndin einróma til, að frumvarpið yrði flutt í þeirri mynd, er hér liggur fyrir og er í meginatriðum óbreytt frá tillögum stúdentaráðs og háskólaráðs, sem sendar voru menntamálaráðuneytinu á s. l. hausti. Frumvarpinu fylgdi frá nefndinni svofelld greinargerð:

Aðdragandi máls þessa er sá, að stúdentaráð lagði á sínum tíma fram tillögur um breytingu á stjórn stúdentagarðanna, er miðaði að því, að stúdentar fengju meiri áhrif á stjórn þeirra. Mál sitt rökstuddi stúdentaráð m. a. með því, að leggja fram gögn, er aflað hafði verið frá flestum háskólum Norðurlanda. Í umræðum um málið kom fram sú hugmynd, að lausn yrði fundin á annan veg og ýtarleg endurskoðun færi fram á þessu sviði. Hingað til lands var boðið frá Noregi Kristian Ottosen, forstjóra Studentsamskipnaden í Osló, og Tönnes Andenæs, forstjóra Universitetsforlaget í Osló. Kynntu þeir starfsemi þessara fyrirtækja á ráðstefnu, sem stúdentaráð efndi til.

Í umræðum innan háskólans mótuðust síðan þær hugmyndir, sem hér liggja fyrir í lagafrumvarpi. Þær stefna að því, að við Háskóla Íslands rísi stofnun, Félagsstofnun stúdenta, er gegni eftirfarandi hlutverki:

1. Standi fyrir og sjái um byggingu allra fyrirtækja í þágu stúdenta, s. s. stúdentagarða, mötuneyta og húsnæðis til félagslegra iðkana.
2. Annist rekstur þessara fyrirtækja og sjái um aðra þjónustu fyrir stúdenta, s. s. heilsugæzlu, ferðaþjónustu, bóksölu, bókaútgáfu og e. t. v. aðstöðu til íþróttaiðkana.
3. Afli fjár til að sinna þessum verkefnum.
4. Verði sjálfstæður, ábyrgur eignaraðili allra þessara fyrirtækja.

Öllum, sem til þekkja, er ljós nauðsyn þess, að slíkur aðili sem hér um ræðir sé til. Má í því sambandi benda á eitt atriði sem dæmi: Á vegum menntamálaráðuneytisins starfar nú nefnd, sem á að leggja fram áætlun um framtíðarþarfir Háskóla Íslands, þ. á m. stúdenta. Sú spurning hlýtur að vakna, hvert hún eigi að beina áætlunum sínum varðandi málefni stúdenta og hver eigi að framkvæma þær. Enginn einn aðili hefur bolmagn til þess nú, né telur sér það skylt. Verði Félagsstofnun stúdenta sett á laggirnar, mun slíkum áætlunum beint til hennar til framkvæmdar.

Kennsla, kennsluaðstaða og kennslubækur eru aðeins önnur hlið náms. Engu minna skiptir fyrir námsmanninn, að hann hafi aðstöðu til þess að stunda nám sitt án daglegrar áhyggju um afkomu sína. Stúdentagarðarnir voru á sínum tíma reistir vegna brýnna þarfa, þegar stúdentar við Háskóla Íslands voru um 300, en tala þeirra hefur nú meira en þrefaldazt. Nauðsyn nýrra garða, t. d. hjónagarðs, er löngu öllum ljós. Framkvæmdir hafa hins vegar ekki hafizt enn. Það stafar ef til vill einmitt af því, að ekki hefur tekizt að samhæfa krafta þeirra, sem hagsmuna hafa að gæta. Hér er Félagsstofnun stúdenta ætlað að koma til.

Verður nú gerð grein fyrir einstökum greinum frumvarpsins:

Um 1. gr.

Hér er rætt um aðila stofnunarinnar. Menntamálaráðuneytið, háskólaráð og stúdentaráð, sem fulltrúi skrásettra stúdenta, eru þeir aðilar, sem mestra hags-

muna hafa að gæta. Þessir aðilar hafa, að vísu í misjafnlega ríkum mæli, fjallað um þau mál, sem undir stofnunina eiga að heyra. Til stofnunarinnar geta þessir þrír aðilar beint tillögum sínum um þau mál, er undir hana falla, og verður hún ábyrg fyrir framkvæmd þeirra.

Stofnunin verður sjálfseignarstofnun og tekur við rekstri þeirra fyrirtækja, sem nú eru rekin í þágu stúdenta, og stofnar til nýrra. Fyrirtæki, sem rekin eru nú í þágu stúdenta, eru þessi:

1. Stúdentagarðarnir.

Síðan árið 1948 hafa stúdentagarðarnir verið reknir samkvæmt skipulagsskrá, sem menntamálaráðuneytið staðfesti 20. febrúar 1948, en hún hafði þá verið samþykkt bæði í háskólaráði og stúdentaráði.

2. Bóksala stúdenta.

Bóksalan er rekin sameiginlega af háskólaráði og stúdentaráði. Fyrir u. þ. b. tveimur árum fór fram gagnger breyting á rekstri hennar, en hún lýtur stjórn, kjörinni af háskólaráði og stúdentaráði.

3. Kaffistofa stúdenta.

Stúdentaráð rekur kaffisölu í kjallara Háskólans.

4. Ferðaskrifstofa stúdenta.

Stúdentaráð rekur ferðaþjónustu. Reksturinn hefur gengið misjafnlega, einkum hin síðari ár. Grundvöllur rekstrarins er nokkuð traustur, einkum vegna vel skipulagðrar ferðastarfsemi stúdenta erlendis, en erfiðlega hefur gengið að fá starfsmenn, er hafa sérþekkingu á þessu sviði. Hefur verið rætt um gagngerar breytingar á rekstri ferðaþjónustunnar.

5. Hótel Garður.

Garðstjórn hefur í átta ár leigt stúdentaráði garðana til rekstrar sumarhótels. Sá rekstur hefur óbein áhrif á hag stúdenta, þar eð leigunni hefur verið varið til viðhalds á görðunum. Sérstök hótelstjórn hefur annazt hótelreksturinn.

Til þess að stofnunin taki við rekstri framangreindra stofnana er nauðsynlegt að afla samþykkis stúdentaráðs og háskólaráðs. Er það eðlilegt og í samræmi við skipulagsskrár og reglugerðir fyrirtækjanna.

Um 2. gr.

Hér vísast til athugasemdar við 1. gr., eftir því sem við á. Gert er ráð fyrir, að félagsstofnunin annist rekstur og eflingu þeirra fyrirtækja, sem þar er drepið á. 2. gr. fjallar almennt um verkefni stofnunarinnar. Henni ber að leggja drög að byggingu nýrra stúdentagarða og afla fjár til þeirra framkvæmda. Stofnunin mun taka við þeim fjárframlögum, sem komið hafa úr ríkissjóði til félagsheimilis stúdenta, afla frekara fjármagns og hefja byggingarframkvæmdir, er hún telur fært. Stofnunin annast rekstur félagsheimilisins, er það hefur verið reist.

Háskólaráð hefur annazt umsóknir úr ríkissjóði um fé til stúdentaskipta og almennra félagsiðkana. Eðlilegt er, að félagsstofnunin taki við þessu verkefni af háskólaráði.

Stúdentaráð Háskóla Íslands þiggur árlega fé úr ríkissjóði til rekstrar skrifstofu sinnar og annars. Stúdentaráð er einn aðila félagsstofnunarinnar, og er nauðsyn, að það geti starfað á sjálfstæðum grundvelli og þannig verið stofnuninni til aðhalds, án þess að vera henni háð. Þetta sjónarmið leiðir til þeirrar niðurstöðu, að stúdentaráð haldi áfram að hljóta fé beint úr ríkissjóði, þrátt fyrir tilkomu félagsstofnunarinnar.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir, að stjórn stofnunarinnar verði skipuð 5 mönnum. Að norskri fyrirmynd er fyrirhugað, að stjórnin verði þannig skipuð:

3 fulltrúar kosnir af stúdentaráði.

1 fulltrúi kosinn af háskólaráði.

1 fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðuneytinu.

Hugmyndin er sem sagt sú, að stúdentar ráði meiri hluta stjórnarinnar. Háskólaráð og stúdentaráð voru á sama máli um þessa tilhögun við undirbúning frumvarpsins. Einnig ríkti gagnkvæmur skilningur um það, að einn fulltrúi stúdenta skyldi hafa lokið háskólanámi.

Ýmis rök hníga að því, að stúdentum sé veittur meiri hluti í stjórn stofnunar sem þessarar. Stúdentar hafa mestra hagsmuna að gæta um, að stofnunin starfi sem bezt, og eru kunnugastir þeim þörfum, sem henni er ætlað að fullnægja. Einnig ber að vekja athygli á þeim breytingum, sem orðið hafa á hugmyndum háskólamanna, bæði hér á landi og erlendis síðustu áratugi, um það, hversu mikil aðild stúdenta eigi að vera í stjórn háskóla, og þá einkum þeirra mála, er fyrst og fremst varða stúdenta sjálfa og hagsmuni þeirra. Í öllum nágrannalöndunum hefur stúdentum verið sýnt æ meira traust og þeim verið fengin í hendur aukin ábyrgð. Dæmi um þessa þróun hér á landi er seta fulltrúa stúdenta í háskólaráði, og hefur ekki orðið annars vart en að forráðamönnum háskólans hafi þótt hún gefa góða raun. — Gert er þó ráð fyrir, að í reglugerð verði sett ákvæði um, að minni hluti stjórnar geti skotið veigamiklum ágreiningsefnum til úrskurðar menntamálaráðherra.

Stjórninni ber að hafa á höndum yfirstjórn stofnunarinnar. Henni er þó heimilt að ráða sérstjórnir til að stjórna einstökum fyrirtækjum eða sinna einstökum verkefnum.

Gert er ráð fyrir, að starfstími stjórnar verði tvö ár, og er þá höfð í huga aðstaða stúdenta til setu í stjórninni.

Um 4. gr.

Stjórn stofnunarinnar aflar fjár til starfsemi hennar og framkvæmda á vegum hennar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að þetta verði gert í samvinnu við háskólarektor og háskólaráð. Hér er fyrst og fremst átt við, að fjár verði aflað með vitund fyrrgreindra aðila, þannig að ekki rekist á hagsmunir við fjáröflun.

Gert er ráð fyrir, að stofnunin njóti góðs af tekjum þeim, er fyrirtæki hennar afla. En auk þess skulu tekjur hennar verða þessar:

1. Hluti árlegra skrásetningargjalda stúdenta við Háskóla Íslands. Í 2. grein reglugerðar Háskóla Íslands er gert ráð fyrir skrásetningu nýstúdenta, en ekki annarra, nema þeir hafi fallið af skrá skólans. Í þessum tölulið frumvarpsgreinarinnar er þó gert ráð fyrir, að verði tekin upp árleg skrásetning allra stúdenta við Háskóla Íslands, eins og fyrirhugað mun vera, aukist þessi tekjustofn félagsstofnunarinnar í samræmi við það.

2. Gert er ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi fram fé til stofnunarinnar. Í fjárlögum undanfarin ár hefur verið veitt fé til stúdentaskipta, almennra félagsstarfa og félagsheimilis stúdenta. Auk þess hefur ríkissjóður lagt fram fé til mötuneytis stúdenta og endurbóta á görðunum. Gera verður ráð fyrir, að framlög ríkissjóðs til félagsmálefna stúdenta fari hækkandi á næstu árum. Í Noregi tíðkast t. d., að ríkið leggi fram fé í hlutfalli við framlag stúdenta. Greiði hver stúdent 500 krónur, þá greiðir ríkissjóður 1500 krónur á móti honum.

3. Gjafir til Félagsstofnunar stúdenta. Eðlilegt verður að telja, að gjafir einstaklinga og fyrirtækja til stofnunarinnar verði undanþegnar sköttum samkv. heimild í 12. gr. D. laga nr. 90/1965.

4. Önnur úrræði, er stjórn stofnunarinnar telur tiltækileg. Hér er átt við það, að stjórn stofnunarinnar grípi til annarra fjáröflunarleiða en að framan eru

taldar. Má í því sambandi nefna, að stjórnin kynni að leita til sveitarfélaga um stuðning við að reisa stúdentagarða, eins og gert var, er núverandi stúdentagarðar voru reistir. Einnig mundu stjórninni vera heimilar lántökur í lánastofnunum.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Í reglugerð yrði kveðið á um ýmis þau atriði, sem drepið er á í greinargerð þessari, og annað, er varðar nánari framkvæmd laganna. Eðlilegt er, að frumvarp að reglugerð komi frá háskólaráði og stúdentaráði, en hljóti síðan meðferð menntamálaráðuneytisins og staðfestingu ráðherra.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Bréf háskólarektors til menntamálaráðherra um frumvarp til laga um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands.

Reykjavík, 5. október 1967.

Hjálagt leyfi ég mér að senda yður, hæstvirti ráðherra, ofangreint frumvarp með ósk stúdentaráðs og háskólaráðs um, að þér beitið yður fyrir því, að það verði flutt á næsta Alþingi. Þá er enn fremur sent frumvarp til reglugerðar um félagsstofnunina, þar sem nánari ákvæði eru um skipulag og starfshætti hennar. Skal þegar á það bent, að frumv. til reglugerðar ber að skoða sem frumdrög, þar sem þó eru greindar ýmsar hugmyndir, svo sem um skipun stjórnar, sem líta ber á sem undirstöðuatriði þess skipulags, sem hér er stefnt að.

Í rækilegri greinargerð, sem samin er af hálfu stúdentaráðs, er lýst aðdraganda þessa máls, grundvallarhugmyndum og fyrirmyndum að hinum nýju stjórnarháttum, svo og meðferð málsins innan Háskólans. Þarf því ekki langrar greinargerðar við af hálfu háskólaráðs. Meginhugmyndin, sem býr að baki frv., er að leggja drög að allsherjarstofnun, sem beiti sér fyrir átaki til eflingar fyrirtækja í þágu stúdenta og sé ábyrg fyrir byggingarframkvæmdum og rekstri fyrirtækja. Fram til þessa hafa fyrirtæki þessi verið dreifð og flest lotið sérstjórnum. Hefur nokkur óvissa ríkt um það, hvaða aðili ætti að beita sér fyrir framgangi þessara hagsmunamála stúdenta, sem jafnframt eru mikilvæg mál frá sjónarmiði Háskólans og þjóðfélagsins. Með skipulagi því, sem frv. gerir ráð fyrir, er forysta og ábyrgð í þessum málum lögð í hendur einnar stofnunar, og er það tvímælalaust til bóta.

Annað meginatriði frv. er að mæla fyrir um tekjustofna, og er athyglisvert, að stúdentar sjálfir munu með skrásetningargjöldum leggja nokkuð af mörkum til stofnunarinnar, en þess er þá vænzt, að rífleg framlög komi á móti af hálfu ríkisvaldsins, svo sem raun hefur orðið á í Noregi.

Í þessu efni þarf mikið átak til að koma. Enginn stúdentagarður hefur verið reistur síðan 1943, þrátt fyrir fjórföldun á tölu stúdenta, og mötuneyti stúdenta er bæði allt of lítið og óvistlegt. Mjög seint hefur gengið að tryggja fjárveitingar til stúdentaheimilis, sem m. a. var ætlað að rúma vistlegt mötuneyti, og hefur ekki enn þótt gerlegt að hefja framkvæmdir. Ýmsar þjónustustofnanir í þágu stúdenta, sem óhjákvæmilegar þykja erlendis, skortir með öllu, en einsætt er, að hér við Háskólann þarf að koma upp skipulagt hverfi fyrir fyrirtæki í þágu stúdenta. Er ætlandi, að hið nýja skipulag, sem stofnað er til með þessu frv., muni stuðla að greiðari fjárútvegun til fyrirtækja stúdenta. Hér ber einnig að benda á, að til þess

er stofnað, að fulltrúar, sem til eru nefndir af stúdentaráði, skipi meiri hluta stjórnar stofnunarinnar. Um það segir að vísu ekki í 3. gr. frv., en það felst í athugasemdum við þá grein. Þykir hyggilegra að hafa þetta atriði ekki lögbundið og láta það ráðast af reglugerðarákvæði, enda er greiðara að breyta þessu skipulagi, ef það gefst ekki vel, með reglugerðarbreytingu en lagabreytingu. Stúdentarnir eiga mest undir því, að ötullega sé unnið að þessum málum, og m. a. þess vegna er eðlilegt að fela þeim meiri hluta í stjórn stofnunarinnar. Reynslan í Noregi, þar sem þetta skipulag hefur verið þrautreynt, leiðir í ljós, að þessir stjórnhættir hafa gefizt vel þar í landi, og er mikilvægt að geta byggt á þeirri reynslu. Má óhikað vænta þess, að margvíslegt liðsinni fáist frá félagsstofnun stúdenta í Osló við uppbyggingu þeirrar stofnunar, sem ofangreint frv. ræðir um.

Háskólaráð hefur fjallað um drög til frumvarps þess, sem hér er gert að umræðuefni, á mörgum fundum. Lýsti háskólaráð því á fundi sínum hinn 17. ágúst 1967, að það féllist á meginstefnu þá, sem fram kemur í tillögunum.

Hefur náðst góð samstaða um málið, og er það vissulega þýðingarmikil undirstaða. Samkvæmt þessu leyfi ég mér að mæla eindregið með því við hæstvirtan ráðherra, að ofangreint frumvarp verði flutt nú á næsta Alþingi, og er mér og fulltrúum stúdentaráðs að sjálfsögðu mikil ánægja að ræða við ráðherra um einstök atriði frumvarpsins.

Með sérstakri virðingu,

Ármann Snævarr, rektor.

Menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason,
Menntamálaráðuneytinu.

Nd. 359. Frumvarp til laga [158. mál]

um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga ársins 1968 (lög nr. 85/1967) er ríkisstjórninni heimilt að lækka fjárveitingar á eftirtöldum fjárlagaliðum árið 1968 sem hér segir:

		Þús. kr.
1.	Stjórnarráð og risna ráðherra (liðir 1 01 101, 1 02 101, 1 03 101, 1 04 101, 1 05 101, 1 06 101, 1 07 101, 1 08 101 og 1 10 101)	2 000
2.	Byggingarsjóður stjórnarráðshúss (liðir 1 01 103 og 2 01 103)	1 440
3.	Viðeyjarstofa (liður 1 01 199 07)	4 000
4.	Háskóli Íslands (liður 1 01 201)	575
5.	Rekstur skóla (liðir 1 01 223—246, 1 01 251—292, 1 01 301—315 og 1 01 317—318)	6 600
6.	Skólabyggingar (liðir 1 01 298 og 1 01 316)	5 000
7.	Fræðslumálaskrifstofan, námsstjórar (liður 1 01 221 02) og fræðslustjórinn í Reykjavík (liður 1 01 323)	2 040
8.	Kennaraskólinn (liður (1 01 215)	1 000
9.	Byggingarsjóður safnahúss (liðir 1 01 608 og 2 01 608)	1 000
10.	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd (liður 1 01 703)	500
11.	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli (liður 1 02 103)	2 000
12.	Utanríkisþjónusta (liðir 1 02 201—211)	3 000
13.	Landnám ríkisins (nýbýli) (liðir 1 03 241 02 og 03)	7 500

		Þús. kr.
14.	Fiskmat ríkisins og ferskfiskeftirlit (liðir 1 03 311 og 1 03 313)	3 000
15.	Síldarmat ríkisins (liður 1 03 312)	1 000
16.	Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins (liðir 1 03 322 02 og 2 03 322)	11 000
17.	Fiskveiðasjóður Íslands (liður 1 03 322 05)	30 000
18.	Orkustofnun og Orkusjóður (liðir 1 03 401 og 402)	4 500
19.	Löggæzla (liður 1 04 142)	6 800
20.	Bygging fangahúsa, ríkisfangelsa og vinnuhæla (liður 1 04 146 03 og 50)	1 360
21.	Framkvæmd laga um hægri umferð (liður 1 04 151)	18 400
22.	Almannavarnir (liður 1 04 153)	3 000
23.	Eyðing meindýra (liður 1 04 219 02)	755
24.	Prestar á Keflavíkurflugvelli og í Danmörku (liðir 1 04 501 02 og 03)	670
25.	Kostnaður við skyldusparnað (liður 1 05 301 07)	5 700
26.	Kostnaður við framkvæmd orlofslaga (liður 1 05 501 09)	2 450
27.	Ríkisábyrgðasjóður, framlag (liðir 1 06 601 og 2 06 601)	10 000
28.	Ríkisbifreiðar, framlag (liðir 1 06 802)	1 000
29.	Vitamál, byggingar (liður 1 07 132)	560
30.	Ferðaskrifstofa ríkisins, framlag (liðir 1 07 161 og 2 07 161)	896

2. gr.

Árið 1968 er ríkisstjórninni heimilt að fella niður framlög á fjárlögum til eftirtalinna framkvæmda svo sem hér segir:

		Þús. kr.
1.	Menntaskólinn á Akureyri (liður 1 01 212)	6 000
2.	Menntaskólinn á Laugarvatni (liður 1 01 213)	7 900
3.	Menntaskólinn við Hamrahlíð (liður 1 01 214)	11 700
4.	Landspítalinn (liðir 1 04 202 og 2 04 202)	37 000

Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að afla lánsfjár til framangreindra framkvæmda í fjárhæðum skv. 1.—4. tölulið þessarar greinar innan framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar ríkisstjórnarinnar árið 1968.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán að upphæð 18 400 þús. kr. vegna framkvæmdar laga nr. 65/1966, um hægri umferð. Lánið endurgreiðist með sérstökum skatti af bifreiðum skv. 12. gr. laganna.

4. gr.

1. Ákvæði 13. gr. laga nr. 49/1967 um heimild til að veita lán af geymdum fjárveitingum vegna skólamannvirkja skulu fjárlagaárið 1968 framkvæmd þannig, að samanlagðar greiðslur úr ríkissjóði, að lánum meðtöldum, skulu vera 5 millj. krónum lægri en fjárveitingar 1968 að viðbættu geymdu fé frá fyrri árum og að frádregnum fyrirframgreiðslum af fjárveitingum 1968. Við gerð þeirrar árlegu framkvæmdaáætlunar, sem skv. 4. gr. sömu laga skal fylgja tillögum til fjárveitinga 1969, þar sem röðun framkvæmda miðast við, hvar skólabyggingaþörf er brýnust að áliti menntamálaráðuneytisins, skal sérstaklega taka til athugunar fjárveitingar til barna- og unglingastigsskóla, sem ekki eru enn komnir á framkvæmdaáætlun, ef væntanlegur nemendafjöldi er minni en 30, komi ekki til sameining hreppa í skólahverfi. Við afgreiðslu fjárlaga 1969 skal leggja fyrir Alþingi tillögur um meðferð geymdra fjárveitinga vegna slíkra skóla.
2. Við setningu reglugerðar um framkvæmd laga nr. 49/1967, um skólakostnað, skal setja ákvæði um hagkvæmt skipulag stundaskrár og aðra hagræðingu, er lækkað geti kostnað af óbreyttri þjónustu skólanna. Skólastjórar skulu,

fyrir 15. apríl 1968 eða annan þann dag, er ráðuneytið ákveður, gera áætlun um nemendafjölda, fjölda reiknaðra stunda á kennslumánuði og áætlun um kostnað ríkissjóðs skólaárið 1. september 1968 — 31. ágúst 1969. Áætlanir þessar skulu endurskoðaðar af menntamálaráðuneytinu í samræmi við ákvæði skólakostnaðarlaga og reglugerðar. Eigi skal setja eða skipa kennara fyrir skólaárið 1968/69 umfram tölu fastra kennara 1967/68, fyrr en áætlun skólastjóra um kennaraþörf hefur hlotið samþykki menntamálaráðuneytisins.

5. gr.

Í stað ákvæða um námsstjórn í lögum nr. 34/1946, um fræðslu barna, lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám, lögum nr. 49/1946, um húsmæðrafræðslu, og lögum nr. 49/1967, um skólakostnað, komi:

Verja skal 2 millj. króna á ári til námsstjórnar fyrir allt landið og til framkvæmdar skólakostnaðarlaga, nr. 49/1967. Skal 300 þús. kr. af þeirri fjárhæð varið til námsstjórnar í einstökum námsgreinum samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðuneytisins.

6. gr.

1. Frestað er, unz Alþingi ákveður annað, framkvæmd ákvæðis laga nr. 27/1967, um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands, um stofnun sjötta prófessorsembættis í lögfræði.
2. Frestað er, unz Alþingi ákveður annað, framkvæmd ákvæðis laga nr. 41/1966, um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands, um að bæta við prófessorsembætti í nútíma sagnfræði.

7. gr.

1. Fræðslumálaskrifstofan skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 35/1930, um fræðslumálastjórn, og önnur ákvæði, sem brjóta kunna í bága við þetta.
2. Fjármálaeftirlit skóla skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og breytast ákvæði IV. kafla laga nr. 49/1967, um skólakostnað, í samræmi við það, svo og önnur ákvæði, er brjóta kunna í bága við þetta.
3. Fræðslumyndasafn ríkisins skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og breytast lög nr. 54/1961 í samræmi við það, svo og önnur ákvæði, er kunna að brjóta í bága við þetta.
4. Íþróttafulltrúi skal vera starfsmaður í menntamálaráðuneytinu, og breytast íþróttalög, nr. 49/1956, til samræmis við það, svo og önnur ákvæði, er kunna að brjóta í bága við þetta.
5. 1 mgr. 28. gr. V. kafla laga nr. 22/1963, um almenningsbókasöfn, orðist svo: Menntamálaráðherra skipar bókafulltrúa ríkisins, og skal hann vera starfsmaður menntamálaráðuneytisins.

Lagabreytingar samkvæmt þessari grein koma til framkvæmda, þegar unnt verður að sameina þessar stofnanir og embætti í húsnæði í sömu byggingu.

8. gr.

Á árunum 1968 og 1969 er ríkisstjórninni heimilt að lækka hvort ár framlög á fjárlögum til landnáms vegna nýbýla skv. 27. gr. laga nr. 75/1962 úr 9.5 millj. kr. í 3.5 millj. kr. og til íbúðarhúsa á nýbýlum skv. 48. gr. laga nr. 75/1962 úr 2.4 millj. kr. í 0.9 millj. kr.

9. gr.

Á eftir 17. gr. laga nr. 77/1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, komi svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði:

Á árinu 1968 skal framlag ríkissjóðs skv. 2. tölulið 9. gr. laganna vera þriðjungur á móti 1. tölulið greinarinnar.

10. gr.

Orðin „en þriðjungur kostnaðar endurgreiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar“ í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 27/1945, um eyðing á rottum, falli niður.

11. gr.

Póst- og símamálastjórnin annast án endurgreiðslu sömu fyrirgreiðslu hér eftir sem hingað til varðandi sparimerki og skyldusparnað, sbr. lög nr. 19/1965 og reglugerð nr. 116/1959, svo og afgreiðslu í sambandi við orlof, sbr. lög nr. 16/1943.

12. gr.

Annar málsliður 13. gr. laga nr. 29/1964, um ferðamál, falli niður.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Síðan fjárlög ársins 1968 voru afgreidd á Alþingi, hafa síðari athuganir á rekstrargrundvelli sjávarútvegsins leitt til þess, að ríkisstjórnin hefur talið óumflýjanlegt að beita sér fyrir sérstakri fjárhagsaðstoð við bátaútveginn og fiskvinnslustöðvar á þessu ári, er nemur rúmum 320 millj. kr. Áætlað var í tekjuáætlun Efnahagsstofnunarinnar, sem fjárlagaafgreiðslan var miðuð við, að greiðsluafgangur ríkissjóðs árið 1968 gæti orðið um 250 millj. kr. Síðan hafa verið ákveðnar tollalækkanir, sem gert er ráð fyrir að lækki tekjur ríkissjóðs á þessu ári um 160 millj. kr. Vantar því um 230 millj. kr. til að mæta fyrirhugaðri aðstoð við sjávarútveginn.

Ákveðin hefur verið hækkun á verði tóbaks og áfengis, sem áætlað er að gefi um 40 millj. kr., en að öðru leyti felur þetta frumvarp í sér tillögur um, hversu bilið skuli brúað. Er annars vegar um að ræða hreina lækkun fjárlagaútgjalda, sem nemur um 138 millj. kr., og hins vegar er lagt til að fjármagna með lánum innan ramma framkvæmdaáætlunarinnar framkvæmdir við menntaskóla og ríkisspítala, er nema 62.6 millj. kr. Á síðustu árum hefur verið aflað verulegs lánsfjár til ríkisframkvæmda á þessum sviðum, en vegna fyrirsjáanlegra þrengsla á lánamarkaði þótti óumflýjanlegt að auka verulega bein fjárframlög úr ríkissjóði til opinberra framkvæmda á þessu ári. Vegna hinna nýju fjárhagserfiðleika ríkissjóðs verður þó ekki hjá því komizt að freista þess að afla einnig í ár lánsfjár til þessara framkvæmda.

Um 1. gr.

Leitað er heimildar til að lækka fjárveitingar á allmörgum fjárlagaliðum um samtals 138.2 millj. kr. Við afgreiðslu fjárlaga var eftir föngum leitazt við að halda öllum rekstrarútgjöldum í lágmarki án þess þó að skerða þá þjónustu, er ríkið veitir borgurunum. Hefur því reynzt ókleift að framkvæma svo mikla lækkun fjárveitinga án þess að um nokkra skerðingu þjónustu á ýmsum sviðum sé að ræða. Hefur þó tekizt í meginefnum að haga fyrirhugaðri útgjaldalækkun svo, að hvorki er haggað meginstefnu varðandi þjónustu ríkisins né að nokkru ráði dregið úr verklegum framkvæmdum.

Lagt er til að fella niður fjárveitingar til nokkurra bygginga, sem fyrirhugaðar eru, en ekki hefði verið byrjað á, þótt fjárveiting hefði staðið óbreytt. Er þar um að ræða stjórnarráðshús, safnahús og ríkisfangelsi. Þá er lagt til að lækka framlög til nýbygginga skóla um 5 millj. kr. á þann hátt, að nota ekki nema að því marki heimild menntamálaráðuneytisins til að lána af geymdu fé. Er þannig ekki um beina skerðingu fjárveitinga til skólabygginga að ræða, heldur takmörkun á notkun lánsheimildar, og verða þó byggingaframlög mun hærri en á s. l. ári.

Lagt er til að gera allvíðtækar skipulagsbreytingar á yfirstjórn skólamála og veita í ýmsum greinum strangara aðhald í framkvæmd skólakostnaðarlaga, án þess þó að draga úr kennslu. Árangur þeirra ráðstafana kemur að vísu ekki nema að nokkru fram á þessu ári, en á að geta leitt til 8.6 millj. kr. sparnaðar.

Lagt er til að lækka heildarfjárveitingu til stjórnarráðs um 2 millj. kr., lækka fjárveitingu til endurnýjunar ríkisbifreiða um 1 millj. kr. og draga úr kostnaði við utanríkisþjónustuna um 3 millj. kr. Er ætlunin að fækka allverulega starfsliði sendiráðanna.

Lagt er til að lækka framlag til löggæzlu á Keflavíkurflugvelli um 2 millj. kr. og til almennrar löggæzlu um 6.8 millj., er svarar til ca. 5% heildarkostnaðar við dómgæzlu og lögreglustjórn. Þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til lækkunar útgjalda á Keflavíkurflugvelli, en ákveðin niðurstaða liggur ekki enn fyrir um það, hvernig hagað verði umræddum niðurskurði hins almenna löggæzlukostnaðar.

Lagt er til að leggja niður tvö prestsembætti og fresta skipun í tvö prófessorsembætti.

Póst- og símamálastjórnin annast ýmiss konar þjónustu við framkvæmd orlofslaga og laga um skyldusparnað. Hefur stofnunin mikið fé til umráða í rekstri sínum af þessum sökum, og þykir því eðlilegt, að hún veiti þessa þjónustu endurgjaldslaust.

Ekki getur talizt eðlilegt að stuðla að stofnun nýbýla að sinni, og er því lagt til að lækka þau framlög í ár um 7.5 millj. kr.

Unnið er nú að endurskoðun laga um fiskmat með það í huga að draga verulega úr kostnaði. Er lagt til að lækka fjárveitingar til hinna þriggja greina fiskmatsins um 4 millj. kr.

Lagt er til að lækka framlag til aflatryggingasjóðs um 11 millj. kr., sbr. skýringu við 9. gr., og framlag til framkvæmdar laga um hægri akstur um 18.4 millj., sbr. 3. gr.

Eðlilegt þykir, að eyðing meindýra sé að öllu leyti mál sveitarfélaganna.

Með hliðsjón af því, að Almannavarnir hafa nú komið sér upp verulegum birgðum, þykir fært að lækka fjárveitingu til þeirra í ár um 3 millj. kr.

Vegna fyrirhugaðs framlags til bátaútvegsins, sem tryggir mjög bætta innheimtuaðstöðu Fiskveiðasjóðs, þykir eðlilegt að fella niður fjárlagaframlag til hans í ár. Vegna hinnar nýju aðstoðar við sjávarútveginn ætti einnig að mega gera ráð fyrir betri skilum ríkisábyrgðarlána, og þykir því fært að lækka áætlað framlag til ríkisábyrgðasjóðs um 10 millj. kr.

Ætla má, að bókasafnskaup vegna Kennaraskólans frestist, þannig að ekki þurfi að nota í ár þá 1 millj. kr. fjárveitingu, sem Kennaraskólanum var ætluð í því skyni.

Lagt er til að lækka framlög til Orkustofnunar vegna jarðborana um 2 millj. kr. og vegna virkjunarrannsókna um 2.5 millj. kr.

Fært þykir að lækka fjárveitingu til kaupa Viðeyjarstofu um 4 millj. kr., og verður þá viðgerðum á henni frestað.

Eðlilegt þykir að ætlast til þess, að Ferðaskrifstofa ríkisins sé rekin hallalaust og hagnaður af verzlunarrekstri hennar geti staðið undir landkynningarkostnaði.

Um 2. gr.

Á undanförnum árum hefur allverulegra fjárhæða verið aflað með lántökum til byggingar menntaskóla og sjúkrahúsa innan hinnar árlegu framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar ríkisstjórnarinnar. Þykir því eðlilegt, að þessar framkvæmdir fremur en aðrar séu valdar úr fjárlögum til fjármögnunar með lántökum. Verður nánar gerð grein fyrir fjáröflun til framkvæmdanna í sérstöku frumvarpi, sem bráðlega verður lagt fyrir Alþingi vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar ríkisstjórnarinnar.

Um 3. gr.

Í lögum nr. 65/1966, um hægri handar umferð, eru ákvæði um það, að kostnaður vegna breytingarinnar yfir í hægri handar umferð skuli greiddur með sérstökum skatti af bifreiðum, er innheimtist á árunum 1967—1970. Þar sem kostnaður fellur ójafnt á ár, var fyrirsjáanlegt, að töluverðar umframgreiðslur yrðu að koma úr ríkissjóði einstök ár, sérstaklega árið 1968, enda er gert ráð fyrir 18 400 þús. kr. fjárveitingu í fjárlögum ársins 1968. Hér er leitað heimildar til lántöku í stað fjárveitingar, og er gert ráð fyrir, að lánið endurgreiðist að fullu með framangreindum sérskatti á bifreiðar og gerðar verði sérstakar ráðstafanir til framlengingar skattsins, ef kostnaður fer fram úr þeim áætlunum, er lágu til grundvallar, er upphæð skattsins var ákveðin.

Um 4. gr.

Ákvæðum þessarar greinar er ætlað að tryggja lækkun útgjalda frá því, sem ella hefði orðið, um 11.6 millj. kr. á heils árs grundvelli. Rekstrarútgjöld vegna skólanna 1967—1968 eru lítt breytanleg, og aðaláherzla er því lögð á vandlegan undirbúning að framkvæmd hinna nýju skólakostnaðarlaga, sem koma til framkvæmdar í byrjun næsta skólaárs, þann 1. september 1968. Þá verða liðnir ⅔ hlutar yfirstandandi fjárhagsárs, þannig að lækkun rekstrarútgjalda frá því, sem ella hefði orðið, hefur ekki áhrif á útgjöld árið 1968 nema sem því nemur. Þá er lagt til, að á árinu 1968 verði greiðslur úr ríkissjóði lækkaðar sérstaklega um 5 millj. kr. með því að nýta ekki að fullu heimild menntamálaráðuneytisins til þess að veita lán af geymdum fjárveitingum.

Í sambandi við athugun á aukinni hagkvæmni í rekstri skóla verður m. a. tekið til athugunar, hvort ekki geti verið hagkvæmt að sameina um húsnæði o. fl. Húsmæðraskóla Suðurlands og Húsmæðrakennaraskóla Íslands að Laugarvatni, svo og Kennaraskóla Íslands og Íþróttakennaraskóla Íslands í Reykjavík.

Um 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar fela í sér verulega breytingu á skipulagi námsstjórnar, en gert er ráð fyrir, að framvegis verði meginþátturinn í starfi þeirra manna, sem munu vinna að þessum málum, fólginn í aðstoð við að koma á hagkvæmri skipulagningu kennslu o. fl. innan ramma hinna nýju skólakostnaðarlaga. Útgjaldalækkun vegna þessarar skipulagsbreytingar er áætluð 2 040 þús. kr. á ársgrundvelli.

Um 6. gr.

Samkvæmt þessari grein er frestað að koma á fót tveimur prófessorsembættum, öðru í lagadeild og hinu í heimspekideild. Er sparnaður af þessu miðað við fjárlög 1968 samtals 575 þús. kr.

Um 7. gr.

Með sameiningu þeirra stofnana og embætta, sem upp eru talin í þessari grein, er stefnt að því að koma á hagkvæmari vinnubrögðum í yfirstjórn menntamála. Slík endurskipulagning ætti auk þess að leiða til útgjaldalækkunar, en ekki hefur sú lækkun verið áætluð, þar sem óvíst er, hvenær fæst húsnæði, er rúmar alla starfsemina.

Um 8. gr.

Verði heimild skv. þessari grein notuð, leiðir það til þess, að færri nýbýli verða stofnuð en verið hefur að undanförnu. Þróunin í landbúnaðarmálum hefur verið þannig hin síðari ár, að ekki er æskilegt að stuðla að stofnun nýbýla.

Um 9. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs til aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins, sem er helmingur aflatryggingasjóðsgjalds af útfluttum sjávarafurðum,

verði á árinu 1968 þriðjungur gjaldsins. Það er ekki ætlunin að breyta reglum aflatryggingasjóðs með þessu ákvæði, heldur benda áætlanir um afkomu sjóðsins á árinu 1968 til þess, að sjóðurinn geti starfað eftir gildandi reglum, þótt framlag ríkissjóðs sé skert um 11 millj. kr. á þessu ári.

Um 10. gr.

Lagt er til, að þátttaka ríkissjóðs í kostnaði við eyðingu á rottum verði lögð niður, en kostnaðurinn framvegis borinn af viðkomandi sveitarfélögum. Á fjárlögum 1968 er gert ráð fyrir 755 þús. kr. fjárveitingu til þessa málefnis, en þar sem kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs er gerð upp eftir á, verður ekki um neinn sparnað að ræða fyrr en á árinu 1969.

Um 11. gr.

Póst- og símamálastjórnin hefur annazt fyrirgreiðslu í sambandi við sparimerki og skyldusparnað svo og orlof gegn endurgreiðslu kostnaðar úr ríkissjóði. Lagt er til, að þessi fyrirgreiðsla verði framvegis innt af hendi án beinnar endurgreiðslu, enda nýtur póst- og símamálastjórnin verulegs hagræðis í formi vaxtalauss fjár, sem stofnunin hefur með höndum vegna þessarar starfsemi.

Um 12. gr.

Skv. lögum nr. 29/1964, um ferðamál, leggur ríkissjóður Ferðaskrifstofu ríkisins til minnst 500 þús. kr. árlega á fjárlögum til landkynningar. Á fjárlögum ársins 1968 er auk þess um að ræða 396 þús. kr. framlag eða samtals 896 þús. kr. Lagt er til, að hið árlega framlag til landkynningar falli niður og starfsemi stofnunarinnar verði miðuð við hallalausan rekstur í framtíðinni, enda hefur ferðaskrifstofan fengið sérstaka aðstöðu, m. a. á Keflavíkurflugvelli, í sambandi við minjagripasölu.

Sþ. 360. Fyrirspurnir. [159. mál]

I. Til fjármálaráðherra um ríkisábyrgðir.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni, Ingvari Gíslasyni og Ágúst Þorvaldssyni.

1. Hve mikið hefur ríkisábyrgðasjóður greitt vegna ríkisábyrgða á árinu 1967, fyrir hverja og hve mikið fyrir hvern aðila?
2. Hvaða einstaklingar og fyrirtæki skulda ríkisábyrgðasjóði í árslok 1967, og hver er skuld hvers um sig?

II. Til fjármálaráðherra um bifreiðaeign ríkisins o. fl.

Frá Ingvari Gíslasyni, Halldóri E. Sigurðssyni og Ágúst Þorvaldssyni.

1. Hver er bifreiðaeign ríkissjóðs, sérstofnana ríkisins og fyrirtækja þess, sundurliðuð eftir tegundum og árgerðum?
2. Hvert er heildarverðmæti þessara bifreiða?
3. Hve margir og hverjir embættis- og sýslunarmenn ríkisins, sérstofnana þess og fyrirtækja njóta þeirrar aðstöðu að hafa bifreið til eigin nota, sem til þess er keypt og rekin fyrir opinbert fé?
4. Hverjar reglur gilda um not og umráð bifreiða opinberra embætta og stofnana utan venjulegs vinnutíma?

5. Eru bifreiðar í eigu ríkisins og ríkisstofnana auðkenndar með einhverjum hætti, svo sem tíðkast um bifreiðar Reykjavíkurborgar?
6. Hve margir og hverjir njóta bifreiðahlunninda í öðru formi af hálfu ríkisins, svo sem beinna fjárstyrkja til rekstrar einkabifreiða sinna?

Nd. 361. Nefndarálit [111. mál]

um till. til þál. um rekstur fiskibáta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur haft tillöguna til athugunar og leggur til, að hún verði samþykkt með nokkurri breytingu.

Aðalefni tillögunnar er það, að fram verði látin fara rannsókn á því, hversu margir fiskibátar verði ekki gerðir út á vetrarvertíðinni vegna fjárhagslegra erfiðleika.

Þetta telur n. rétt að athugað verði.

Þá er lagt til í tillögu flm., að ríkisstjórninni verði falið að beita sér fyrir nauðsynlegri fjáröflun, til þess að unnt verði að gera út alla rekstrarhæfa vertíðarbáta, ef athugunin leiðir í ljós, að þess sé þörf.

Nefndin telur rétt að umorða þennan hluta tillögunnar og leggur til, að hún verði samþykkt svo breytt.

BREYTINGARTILLAGA:

Tillgr. orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta framkvæma nú þegar sérstaka athugun á því, hversu margir fiskibátar í landinu munu ekki verða gerðir út á vetrarvertíðinni vegna fjárhagsörðugleika viðkomandi fyrirtækja og hversu mikils fjár er þörf, til þess að unnt sé að hefja útgerð þeirra.

Leiði þessi athugun í ljós verulega þörf fyrir aukið rekstrarfé, kanni ríkisstjórnin möguleika á útvegun þess og geri aðrar tiltækar ráðstafanir til að tryggja, að rekstrarhæfir bátar, sem henta til vetrarútgerðar, verði gerðir út.

Alþingi, 6. marz 1968.

Birgir Finnsson, form.	Lúðvík Jósefsson, frsm.	Pétur Sigurðsson, með fyrirvara.
Guðlaugur Gíslason, með fyrirvara.	Björn Pálsson.	Ragnar Jónsson.

Ed. 362. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til l. um tímareikning á Íslandi.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur rætt frv. til laga um tímareikning á Íslandi. Var n. sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins. Fjarverandi afgreiðslu voru BFB og EÁ.

Alþingi, 7. marz 1968.

Jón Þorsteinsson, form.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Sveinn Guðmundsson, frsm.
Jónas Magnússon.	Auður Auðuns.	

Nd. 363. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um æskulýðsmál.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Frumv. þetta er flutt af ríkisstjórninni. Það er samið af milliþinganefnd, er ríkisstjórnin skipaði 1963. Í henni áttu sæti fulltrúar æskulýðs- og íþróttasamtaka landsins. Menntmn. ræddi málið á nokkrum fundum, og var hún sammála um það, að í frv. fælust mikilsverð ákvæði um skipulegan stuðning hins opinbera við æskulýðsstarfsemi í landinu, er gæti veitt æskufólki þroskandi viðfangsefni. Menntmn. taldi þó rétt að flytja nokkrar minni háttar breytingartillögur við frumvarpið. En þegar hún hafði nær því lokið við að semja þær tillögur, bárust henni þau skilaboð, að ríkisstjórnin vildi stöðva afgreiðslu þess. Þetta kom minni hl. menntmn. mjög á óvart, og fær hann ekki skilið, hverju þetta sætir. Telur minni hl. því rétt, að Alþingi skeri úr um það, hvort málið skuli stöðvað eða ekki. Minni hl. n. leggur því til, að frumv. verði samþykkt með breytingum, sem hann flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. marz 1968.

Sigurvin Einarsson, frsm. Magnús Kjartansson. Ingvar Gíslason.

Nd. 364. Breytingartillögur [3. mál]

við frv. til l. um æskulýðsmál.

Frá minni hl. menntamálanefndar (SE, MK, IG).

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „12—21 árs“ í síðustu málsgr. komi: 12—20 ára.
2. Við 5. gr. Greinin falli niður.
3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Heimilt skal að stofna æskulýðsnefndir eins eða fleiri sveitarfélaga. Starfsreglur þeirra skulu staðfestar af viðkomandi sveitarstjórnum og æskulýðsráði ríkisins.

Nd. 365. Lög [100. mál]

um hækkun á bótum almannatrygginga.

(Afgreidd frá Nd. 11. marz.)

Samhljóða þskj. 227.

Sþ. 366. Tillaga til þingsályktunar [160. mál]

um náttúruvernd, friðun Þingvalla og þjóðgarða.

Frá allsherjarnefnd.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lög nr. 59 1928, um friðun Þingvalla, og lög nr. 48 1956, um náttúruvernd, og semja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til nýrra laga um náttúruvernd, friðun Þingvalla og þjóð-

garða. Endurskoðunin miði að því að auka náttúruvernd og auðvelda almenningi aðgang að heppilegum stöðum til útivistar og náttúruskoðunar. Einnig verði verk- og valdsvið náttúruverndarráðs og Þingvallanefndar skilgreint sem gleggst.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd hefur haft til meðferðar þingsályktunartillögu um náttúruvernd, þskj. 6, og þingsályktunartillögu um endurskoðun laga um friðun Þingvalla, þskj. 26, og sent þær til umsagnar náttúruverndarráði, Þingvallanefnd, Ferðafélagi Íslands og Hinu ísl. náttúrufræðifélagi. Af svörum, er nefndinni bárust, kom fram, að svarendur töldu tímabært að endurskoða og umbæta lagasetningu um náttúruvernd og friðun Þingvalla og tjáðu sig fúsa til að eiga aðild að slíkri endurskoðun. Nefndin leit svo á, að fyrrgreindar þingsályktunartillögur fjölluðu um svo tengd efni, að æskilegt væri, að endurskoðun á þeim lögum, er þau snerti, færi fram í einu, svo að sem bezt samræming fengist, en þar sem ákveðnir aðilar höfðu óskað að eiga aðild að endurskoðuninni, mundi sú aðild vísast auðveldust á þann veg, að ríkisstjórnin léti umrædda endurskoðun og frumvarpsgerð fara fram, en hefði nefnda aðila með í ráðum, sem og jafnvel fleiri sérfróða menn og áhugasama um þessi málefni. Ríkjandi skoðun var í nefndinni, að æskilegt væri, að ekki yrðu leyfðar nýbyggingar sumarbústaða á Þingvallasvæðinu, meðan endurskoðun laga um friðun Þingvalla færi fram.

Samkomulag varð um það í allsherjarnefnd að flytja framangreinda þingsályktunartillögu sem afgreiðslu á báðum þeim þingsályktunartillögum, sem greindar eru hér í upphafi greinargerðar.

Ed. 367. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 3. apríl 1963, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga.

Frá iðnaðarnefnd.

Frumvarp þetta heimilar mönnum, er lokið hafa prófi í byggingafræðum frá æðri skólum, að nefnast „byggingafræðingar“.

Nefndin hefur kynnt sér mál þetta og mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 12. marz 1968.

Sveinn Guðmndsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Björn Fr. Björnsson.

Einar Ágústsson. Gils Guðmundsson. Jónas G. Rafnar. Auður Auðuns.

Nd. **368. Frumvarp til laga** [45. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, sem gerð var í Brüssel 10. október 1957.

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. marz,)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, sem gerð var í Brüssel 10. október 1957. Fyrirvara má gera um einstök ákvæði, sem ríkisstjórninni þykir við eiga og heimilt er að gera samkvæmt samþykktinni.

Samþykktin er prentuð á íslenzku og ensku sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fyrirvari.

RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS **áskilur sér rétt til:**	THE GOVERNMENT OF ICELAND **reserves the right:**
1. að setja í lög landsins sérstök ákvæði, er kveði á um það, með hverjum hætti reglunni um takmarkaða ábyrgð verði beitt, að því er tekur til minni skipa en 300 rúmlesta;	1) to regulate by specific provisions of national law the system of limitation of liability to be applied to ships of less than 300 tons;
2. að láta alþjóðasamþykkt þessa öðlast gildi annaðhvort á þann hátt að veita henni lagagildi eða með því að taka ákvæði hennar upp í lög landsins í því formi, sem samrýmist slíkum lögum.	2) to give effect to this Convention either by giving it the force of law or by including in national legislation, in a form appropriate to that legislation, the provisions of this Convention.

Fylgiskjal.

ALÞJÓÐASAMÞYKKT
um takmörkun á ábyrgð eigenda skipa, sem um sjó sigla*).

Aðildarríki að samþykkt þessari hafa viðurkennt, að æskilegt sé að ákveða með samningi tilteknar samræmdar reglur um takmörkun á ábyrgð eigenda skipa. Hafa þau ákveðið að gera alþjóðasamþykkt í þessu skyni og í því skyni komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

1. Eiganda skips skal heimilt að takmarka ábyrgð sína í samræmi við

INTERNATIONAL CONVENTION
relating to the limitation of the liability of owners of sea-going ships.

The High Contracting Parties,

Having recognised the desirability of determining by agreement certain uniform rules relating to the limitation of the liability of owners of sea-going ships;

Have decided to conclude a Convention for this purpose, and thereto have agreed as follows:

Article 1.

1) The owner of a sea-going ship may limit his liability in accordance with

*) Sea-going ship: skip, sem um sjó siglir. Verður hér á eftir alls staðar þýtt með orðinu: skip.

ákvæði 3. gr. þessarar samþykktar, að því er tekur til krafna, er upp kunna að koma vegna einhverra eftirtalinna atburða, nema eigandi hafi beinlínis verið valdur að atburði þeim, sem kröfunni olli, eða hann hafi átt sér stað með hans vitorði:

a. Lífs- eða líkamstjóns á hverjum þeim, sem skipið flytur, og algeru tjóni eða skaða á hverjum þeim munum, sem á skipsfjöl eru.

b. Lífs- eða líkamstjóns á hverjum þeim einstaklingi öðrum, hvort heldur hann er á landi eða sjó, algeru tjóni eða skaða á sérhverjum öðrum munum eða skerðingu á hvers konar réttindum, er orsakast af athöfnum, vanrækslu eða vanhirðu hvers þess manns, sem á skipsfjöl er, ef eigandinn er ábyrgur fyrir athöfnum, vanrækslu eða vanhirðu af hans hálfu, eða hvers þess manns, sem eigi er á skipsfjöl, ef eigandinn er ábyrgur fyrir athöfnum, vanrækslu eða vanhirðu af hans hálfu. Það er þó tilskilið, að því er tekur til athafna, vanrækslu eða vanhirðu hinna síðar nefndu aðila, að eiganda ber einungis réttur til að takmarka ábyrgð sína, svo fremi að athöfnin, vanrækslan eða vanhirðan hafi átt sér stað við siglingu eða stjórn skipsins eða við fermingu, flutning eða losun á farmi þess eða við skipgöngu farþega, flutning þeirra eða landgöngu.

c. Sérhverrar skuldbindingar eða ábyrgðar, sem kveðið er á um í hverjum þeim lögum, er lúta að fjarlægingu skipsflaka og eiga rót sína að rekja til þess, að unnið sé að því að koma á flot, fjarlægja eða eyðileggja hvert það skip, sem sokkið hefur, strandað eða verið yfirgefið (þar með talið hvað eina, sem kann að vera um borð í slíku skipi), svo og sérhverrar skuldbindingar eða ábyrgðar, sem á rót sína að rekja til þess, að hafnarmannvirki, skipakvíar og skipaleiðir hafi orðið fyrir skaða.

Article 3 of this Convention in respect of claims arising from any of the following occurrences, unless the occurrence giving rise to the claim resulted from the actual fault or privity of the owner:

a) loss of life of, or personal injury to, any person being carried in the ship, and loss of, or damage to, any property on board the ship;

b) loss of life of, or personal injury to, any other person, whether on land or on water, loss of or damage to any other property or infringement of any rights caused by the act, neglect or default of any person on board the ship for whose act, neglect or default the owner is responsible or any person not on board the ship for whose act, neglect or default the owner is responsible: Provided however that in regard to the act, neglect or default of this last class of person, the owner shall only be entitled to limit his liability when the act, neglect or default is one which occurs in the navigation or the management of the ship or in the loading, carriage or discharge of its cargo or in the embarkation, carriage or disembarkation of its passengers;

c) any obligation or liability imposed by any law relating to the removal of wreck and arising from or in connection with the raising, removal or destruction of any ship which is sunk, stranded or abandoned (including anything which may be on board such ship) and any obligation or liability arising out of damage caused to harbour works, basins and navigable waterways.

2. Í samþykkt þessari skulu orðin „persónulegar bótakröfur" merkja kröfur vegna lífs- eða líkamstjóns, og orðið „eignatjónskröfur" skal merkja allar aðrar kröfur, sem upp eru taldar í 1. tölulið þessarar greinar.
3. Eiganda ber réttur til að takmarka ábyrgð sína í þeim tilvikum, sem upp eru talin í 1. tölulið þessarar greinar, jafnvel þegar svo ber við, að hann verði talinn ábyrgur, án þess að sannazt hafi vanræksla af hálfu eigandans eða þeirra, sem hann ber ábyrgð á, sökum eignarréttar hans, eignarhalds, umönnunar eða umráða yfir skipinu.
4. Ekkert ákvæði þessarar greinar skal eiga við um:
   a. kröfur fyrir björgun eða kröfur fyrir þátttöku í sameiginlegu sjótjóni;
   b. kröfur af hálfu skipstjóra, skipverja, sérhverra starfsmanna eiganda um borð í skipi eða þeirra starfsmanna eiganda, er skyldum gegna í sambandi við skipið, þar með taldar kröfur erfingja þeirra, umbjóðenda eða framfærsluþega, þegar svo ber við, að eigandi hefur ekki, samkvæmt ákvæðum þeirra laga, er kveða á um starfssamninga milli eiganda og slíkra starfsmanna, rétt til að takmarka ábyrgð sína að því er tekur til slíkra krafna, eða ef ákvæði slíkra laga heimila honum einungis að takmarka ábyrgð sína við hærri fjárhæð en þá, sem gert er ráð fyrir í 3. gr. þessarar samþykktar.
5. Eigi eigandi skips rétt á gagnkröfu á hendur kröfuhafa, sem rís út af sama atburði, þá skulu kröfur þeirra hvers um sig skuldajafnaðar, og skulu ákvæði samþykktar þessarar þá eingöngu taka til mismunarins, ef einhver verður.
6. Úrskurður um það, á hverjum sú skylda hvílir að sanna, hvort eigandi hafi beinlínis verið valdur að atburði þeim, sem til kröfugerðar leiddi, eða að hann hafi átt sér stað með hans vitorði, skal kveðinn upp samkvæmt ákvæðum laga, er gilda þar sem varnarþing málsins er (**lex fori**).

2) In the present Convention the expression „personal claims" means claims resulting from loss of life and personal injury; the expression „property claims" means all other claims set out in paragraph 1) of this Article.
3) An owner shall be entitled to limit his liability in the cases set out in paragraph 1) of this Article even in cases where his liability arises, without proof of negligence on the part of the owner or of persons for whose conduct he is responsible, by reason of his ownership, possession, custody or control of the ship.
4) Nothing in this Article shall apply:
   a) to claims for salvage or to claims for contribution in general average;
   b) to claims by the Master, by members of the crew, by any servants of the owner on board the ship or by servants of the owner whose duties are connected with the ship, including the claims of their heirs, personal representatives or dependents, if under the law governing the contract of service between the owner and such servants the owner is not entitled to limit his liability in respect of such claims or if he is by such law only permitted to limit his liability to an amount greater than that provided for in Article 3 of this Convention.
5) If the owner of a ship is entitled to make a claim against a claimant arising out of the same occurrence, their respective claims shall be set off against each other and the provisions of this Convention shall only apply to the balance, if any.
6) The question upon whom lies the burden of proving whether or not the occurrence giving rise to the claim resulted from the actual fault or privity of the owner shall be determined by the **lex fori**.

7. Yfirlýsing um takmörkun ábyrgðar skal eigi teljast viðurkenning á ábyrgð.

2. gr.

1. Takmörkun ábyrgðar, samkvæmt því sem kveðið er á um í 3. gr. þessarar samþykktar, skal gilda um samanlagðar bótakröfur vegna lífs- eða líkamstjóns, svo og samanlagðar eignatjónskröfur, er kunna að rísa út af sérhverju tilgreindu tilefni, án tillits til sérhverra þeirra krafna, sem komið hafa fram eða kunna að koma fram af sérhverju öðru tilgreindu tilefni.
2. Þegar samanlagðar kröfur, sem kunna að rísa út af sérhverju tilgreindu tilefni, fara fram úr þeirri takmörkun ábyrgðar, sem kveðið er á um í 3. gr., þá má ákvarða, að heildarupphæð sú, sem ábyrgð er takmörkuð við, sé ein og tiltekin ábyrgðarfjárhæð.
3. Ábyrgðarfjárhæð sú, sem þannig hefur verið ákvörðuð, skal einungis vera tiltæk til greiðslu á bótakröfum, er takmörkun ábyrgðar getur við átt.
4. Eftir að ábyrgðarfjárhæðin hefur verið ákvörðuð, skal engum kröfuhafa, sem kröfur gera til hennar, bera neinn réttur til annarra eigna skipseiganda, að því er tekur til krafna hans til ábyrgðarfjárins, ef kröfuhafi hefur í raun og veru aðgang að ábyrgðarfénu.

3. gr.

1. Eiganda skips ber réttur til að takmarka ábyrgð sína samkv. ákvæðum 1. gr. við fjárhæðir þær, sem hér greinir:
   a. heildarfjárhæð, er nemi 1000 frönkum fyrir hverja rúmlest í lestatali skipsins, þegar atburður hefur valdið því, að einungis hafa verið bornar fram eignatjónskröfur;
   b. heildarfjárhæð, er nemi 3100 frönkum fyrir hverja rúmlest í lestatali skipsins, þegar atburður hefur valdið því, að einungis hafa verið bornar fram kröfur vegna lífs- eða líkamstjóns;

7) The act of invoking limitation of liability shall not constitute an admission of liability.

Article 2.

1) The limit of liability prescribed by Article 3 of this Convention shall apply to the aggregate of personal claims and property claims which arise on any distinct occasion without regard to any claims which have arisen or may arise on any other distinct occasion.

2) When the aggregate of the claims which arise on any distinct occasion exceeds the limits of liability provided for by Article 3 the total sum representing such limits of liability may be constituted as one distinct limitation fund.

3) The fund thus constituted shall be available only for the payment of claims in respect of which limitation of liability can be invoked.

4) After the fund has been constituted, no claimant against the fund shall be entitled to exercise any right against any other assets of the shipowner in respect of his claim against the fund, if the limitation fund is actually available for the benefit of the claimant.

Article 3.

1) The amounts to which the owner of a ship may limit his liability under Article 1 shall be:

   a) where the occurrence has only given rise to property claims an aggregate amount of 1.000 francs for each ton of the ship's tonnage;

   b) where the occurrence has only given rise to personal claims an aggregate amount of 3.100 francs for each ton of the ship's tonnage;

Nefndin hefur rætt tillöguna á nokkrum fundum sínum og kynnt sér ýtarlega greinargerðina, sem henni fylgir, og hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti.

Einar Benediktsson sendiráðunautur mætti á fundi nefndarinnar og gaf nefndarmönnum ýtarlegar upplýsingar um gang þessara mála og svaraði fyrirspurnum nefndarmanna.

Það er skoðun nefndarinnar, að Íslandi sé viðskiptalegt hagræði að því að gerast aðili að hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti (General Agreement on Tariffs and Trade) og bókun þeirri við Hið almenna samkomulag, sem kennd er við Genf (Geneva Protocol), og er nefndin sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar eins og hún liggur fyrir. — Einn nefndarmanna (HV) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 14. marz 1968.

Bragi Sigurjónsson, form.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Matthías Bjarnason, frsm.
Gísli Guðmundsson.	Jónas Árnason.	Ásgeir Pétursson.

Ed. 383. Breytingartillaga [94. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um Iðnlánasjóð, nr. 68 10. okt. 1967.

Frá Þórarni Þórarinssyni og Gísla Guðmundssyni.

Við frumvarpið bætist ný grein, er verði 2. gr., svo hljóðandi:
2. töluliður 5. gr. laganna orðist svo:
Framlag ríkissjóðs, er sé árlega jafnhátt tekjum þeim, er sjóðurinn fær af gjaldi því, er iðnaðurinn greiðir til hans samkvæmt 1. tölulið.

Sþ. 384. Tillaga til þingsályktunar [165. mál]

um skylduþjónustu ungmenna.

Flm.: Jónas Pétursson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna milliþinganefnd til að rannsaka möguleika á framkvæmd skylduþjónustu ungmenna á aldrinum 14—18 ára í þágu þjóðarheildarinnar, 4—6 mánuði alls hjá hverju ungmenni, við margvísleg störf fyrir ríki, sveitarfélög, góðgerðar- og mannúðarfélagsskap. Skal stefnt að því, að nefndin skili frv. að lögum um þetta efni, sem lagt verði fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Það er oft á orði haft, að við Íslendingar erum blessunarlega lausir við herskyldu. En jafnframt hvarflar það í hugann, að íslenzkt þjóðfélag hefði sannarlega þörf fyrir nokkur störf frá hinum verðandi þjóðfélagsþegnum til hinna margvíslegu umbóta- og félagsmála, sem á samfélaginu hvíla. Hitt er ekki síðra, að slík skylda til þjónustu fyrir föðurlandið knýtir bönd, sem óhjákvæmilega þurfa að bindast milli þegns og þjóðfélags. Eins og nú er ástatt, er fátt, sem sérstaklega minnir á skyldur ungmennanna við föðurland sitt. En margvísleg eru þau réttindi, sem þjóðfélagið veitir, og hafa farið ört vaxandi að undanförnu. En fyrir réttindi þurfa og hljóta að koma skyldur. Ég held, að slík þjónusta í 4—6 mánuði, sem hér er bent á, sé heppilegt form fyrir þær skyldur.

Undanfarin velgengnisár frá 1960—1966 hefur atvinna verið mikil í landinu og hver vinnufær maður átt nægra kosta völ um störf. En nú um skeið hefur orðið breyting á þessu. Á s. l. sumri var nokkurt orð á því gert, að vandkvæðum hefði verið bundið að fá atvinnu fyrir unglinga á vissu aldursskeiði. Þær horfur eru ekki betri nú, og líklegt er, að þannig horfi við á komandi árum hjá ört fjölgandi þjóð á tækniöld. Af þeim ástæðum er málið mjög tímabært. Á hinn bóginn er þörf samfélagsins á fjölmörgum sviðum til framkvæmda og þjóðfélagsbóta, sem þegnarnir verða að mæta. Á þennan hátt mega þarfir þjóðfélags og ungmenna mætast á siðbætandi og menntandi hátt. Ég nefni hér skógrækt og landgræðslu af kjörnum viðfangsefnum, en annars eru þau fjölmörg og munu koma skýrar í ljós við nánari rannsókn á þessu máli. En rétt er að gera sér strax grein fyrir því, að stjórn og umsjón þessa máls, framkvæmd skylduþjónustunnar, er vandasöm og krefst mikillar íhygli við undirbúning. Nauðsynlegt er, að gætt sé ýtrustu hagsýni um kostnað allan við stjórn og umsjón og að umsjónarmenn og verkstjórar leggi alúð í starfið, sem krefst skyldurækni og mannbótahugarfars, jafnframt því sem keppt sé að sem drýgstum árangri í þeim þjóðfélagsumbótum, sem starfað er að. Hér skal ekki reynt að lýsa hugsanlegum starfsháttum í ýmsum efnum. En lítilsháttar reynsla mun vera fyrir

hendi um vinnuflokka við skóggræðslu, og nefni ég það dæmi vegna þess, að skógræktin er mér ofarlega í huga sem verkefni í slíkri vinnuskyldu. Ég sé í anda fríðan hóp ungmenna, bæði pilta og stúlkur, með vorhug, að planta og vökva rein við rein, sem hæfu starfið dag hvern við leiðsögn einbeitts verkstjóra, og að morgni, er gengið væri til starfs, væri sungið: Ég vil elska mitt land.

Hugmyndin um skylduþjónustu er ekki ný. Margir muna baráttu Hermanns frá Þingeyrum fyrir þegnskylduvinnunni. Þá varð hún aldrei nema hugsjón, sem rædd var af lífi og sál. En andstæðinga marga átti þessi hugmynd, og talið er, að vísa ein, eftir Pál J. Árdal, hafi gengið af þegnskylduvinnuhugmyndinni dauðri þá. En vísan er svona:

Ó hve margur yrði sæll
og elska mundi landið heitt,
mætti hann vera í mánuð þræll
og moka skít fyrir ekki neitt.

Þá var sú tíð, að margir mokuðu skít. Nú er öldin önnur, jafnvel svo, að til er það vafalaust, að sumum yrði líkams- og sálubót að því að moka skít. En óþarft er að vera með þessar hugrenningar. Okkar stóra land býður svo mörg viðfangsefni fyrir huga og hönd starfsfúsrar æsku. Raunverulega verður þetta einn liður í skyldunámi, án efa fjölmörgum til hvað drýgstra mennta, svo framarlega að vel takist um stjórn.

Ég hef ekki kynnt mér manntalsskýrslur til þess að sjá fjölda árganganna nú, eða hve fjölmennir þeir munu verða á næstu árum. Þótt gert sé ráð fyrir í tillöguuni, að unglingarnir geti innt þjónustuskylduna af hendi einhvern tíma á 5 ára bili, — og er hér stungið upp á aldursskeiðinu 14—18 ára — og lægri aldur tel ég ekki koma til greina, — þá verður að ætla, að árgangarnir verði sem jafnastir. Hér er eitt þeirra rannsóknarefna, sem fyrir nefnd þeirri liggja, er tillagan leggur til að skipuð verði. Lengd þjónustutímans hjá hverjum æskumanni er einnig vafaatriði, og í till. eru nefndir 4—6 mánuðir, sem þó má vera að sé í mesta lagi. Ég tel þó, að þessi tími eigi að vera meginhluti sumarsins, og mætti gjarna fella eitthvað af skólatíma, þegar skylduþjónustunni er fullnægt, enda er hún, svo sem áður er að vikið, ekki síður mennta- og manndómsauki heldur en skólinn, ef vel er á haldið.

Ég legg áherzlu á, að undirbúningsrannsókn málsins verði sem ýtarlegust, bæði hvað snertir þau verkefni, sem kjörið er að leysa á þennan hátt, og að gera sér glögga grein fyrir kostnaði, sem framkvæmd skylduþjónustunnar fylgir, og þó sérstaklega hinu uppeldislega gildi og hvort ekki má jafnvel stytta skyldunámstímann, sem þessu nemur, og brúa þannig að nokkru bil kostnaðar, sem af þessu leiðir.

Nd. 385. Breytingartillaga [111. mál]

við brtt. á þskj. 361 [Rekstur fiskibáta].

Frá Pétri Sigurðssyni og Guðlaugi Gíslasyni.

Fyrri málsgr. tillögugreinarinnar orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta framkvæma nú þegar sérstaka athugun á því, hversu margir fiskibátar í landinu munu ekki verða gerðir út á vetrarvertíðinni vegna fjárhagsörðugleika viðkomandi útgerða, eða af öðrum orsökum, og hversu mikils fjár er þörf, til þess að unnt sé að hefja útgerð þeirra. Niðurstöður þessarar athugunar sundurliðist eftir skráningarumdæmum.

Ed. **386. Nefndarálit** [139. mál]

um frv. til laga um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frumvarps.

Við, sem að þessu nefndaráliti stöndum, viljum samþykkja frumvarpið með nokkrum breytingum.

Meginatriði þessa frumvarps virðast vera:

Að ríkið eigi ekki íbúðarhúsnæði til afnota fyrir starfsmenn, nema óhjákvæmilegt sé vegna staðhátta eða annarra brýnna ástæðna.

Að lagaskylda ríkisins til að byggja íbúðarhúsnæði fyrir ákveðnar starfsstéttir í þjónustu ríkisins verði afnumin.

Að ráðherra hafi ákvörðunarvald um, hvaða íbúðarhúsnæði skuli byggt fyrir starfsfólk, sem undir hans ráðuneyti heyrir.

Við, sem að þessu nefndaráliti stöndum, teljum ekki rétt, eins og nú háttar til, að afnema lagaskyldu ríkisins til að byggja íbúðarhúsnæði, **nema** á þéttbýlissvæðum, t. d. á þéttbýlissvæði Reykjavíkur, og ef til vill á Akureyri og næsta nágrenni.

Á undanförnum árum hefur það verið eitt af meiri háttar vandamálum dreifbýlisins, að embættismenn vildu ekki setjast þar að. Má þar nefna lækna, presta, dýralækna og jafnvel dómara. Þetta vandamál snertir yfirleitt alla landsbyggðina, og þess vegna teljum við það ekki tímabært, eins og nú háttar til, að afnema lagaskyldu ríkisins í sambandi við byggingu embættisbústaða úti á landi. Og enda þótt frumvarp það, sem hér liggur fyrir, geri ráð fyrir, að lagaskyldan verði afnumin, er það þó í rauninni viðurkennt í frumvarpinu, að ekki verði komizt hjá því, að ríkið byggi framvegis og eigi embættisbústaði úti á landi. En í stað lagaskyldunnar komi ákvörðun ráðherra hverju sinni. Við teljum ástæðulaust, að ráðherra — eða embættismenn í umboði hans — hafi um þetta lokaorðið, heldur verði lagaskyldan ótvíræð, en jafnframt verði kveðið á um það í lögunum sjálfum, hvaða staðir eða þéttbýlissvæði það séu, þar sem lagaskyldan um byggingu embættisbústaða fellur niður.

Við leggjum því til, að frumvarpið verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Ákvæði gildandi laga um embættisbústaði skulu haldast utan þeirra svæða, þar sem eðlilegur markaður hefur myndazt fyrir íbúðarhúsnæði til kaups eða leigu.
2. Við 3. gr. Greinin falli niður.
3. Við 12. gr. Greinin falli niður.
4. Ákvæði til bráðabirgða falli niður.

Alþingi, 15. marz 1968.

Bjarni Guðbjörnsson, frsm. Einar Ágústsson.

Ed. 387. Breytingartillaga [8. mál]

við frv. til l. um sölu á prestssetursjörðinni Setberg o. fl.

Frá dóms- og kirkjumálaráðherra.

Við 1. gr. bætist tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Þá er ríkisstjórninni heimilað að fá Skátafélagi Akraness til umráða með nánar tilteknum skilmálum spildu úr landi kirkjujarðarinnar Stóru-Drageyrar í Skorradal, allt að 700 metra meðfram Skorradalsvatni og upp í fjallshlíð.

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að afhenda Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja til umráða allt að 50 hektara úr svonefndum Móadal í landi prestssetursjarðarinnar Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd, svo og aðgang að hálfum hektara á sjávarströnd jarðarinnar.

Ed. 388. Breytingartillögur [139. mál]

við frv. til l. um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

Frá Jóni Á. Héðinssyni, Pétri Benediktssyni og Gils Guðmundssyni.

Við 10. gr.

a. **Á eftir orðunum „forseta Íslands" komi: á Bessastöðum.**
b. **Orðin „biskupsbústaðar í Reykjavík" falli niður.**

Ed. 389. Nefndarálit [14. mál]

um frv. til l. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á allmörgum fundum og leitað umsagnar Skipstjórafélags Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Enn fremur hefur henni borizt erindi um málið frá Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Vísi á Suðurnesjum. Loks má geta þess, að formaður Skipstjórafélagsins, Jón Eiríksson skipstjóri, kom á fund nefndarinnar og átti við hana ýtarlegar viðræður um ýmsar hliðar málsins.

Þessar athuganir hafa sýnt, að því fer fjarri, að full eining sé um málið meðal þeirra aðila, sem það snertir mest. Er þar skemmst af að segja, að Farmanna- og fiskimannasambandið leggur til, að frv. sé samþykkt óbreytt, en hinir aðilarnir bera báðir fram veigamiklar mótbárur. Af fjölmörgum aðfinnslum Skipstjórafélagsins má segja, að höfuðáherzla sé á það lögð, að varasamt sé að stytta undirbúningstímann, sem þarf til þess að öðlast réttindi bæði sem skipstjóri og stýrimaður, og að jafnframt megi telja vafasaman þennan stytta siglingatíma frá lægra aldri en nú er, 15 árum skv. frv. í stað 16 ára nú. Skipstjóra- og stýrimannafélagið Vísir bendir einmitt sérstaklega á þessi sömu atriði. Jafnframt telja bæði félögin það afturför frá því, sem nú er, að frv. gerir ráð fyrir, að ekki þurfi stýrimann á landróðrarbátum undir 60 rúmlestum að stærð í stað 30 rúmlesta eftir gildandi lögum. — Nánari greinargerð um athugasemdir félaganna við frv. er í fylgiskjölum með nál.

Nefndin er sammála um það, að óvarlegt sé að stytta siglingatímann, sem þarf til þess að öðlast tiltekin réttindi, jafnframt því sem aldurstakmarkið, sem

hann er talinn frá, sé lækkað. Vill hún í þessum tilvikum fara þá millileið að halda siglingatímanum óbreyttum, en fallast á nýmælið um að telja hann frá 15 ára aldri.

Hitt atriðið, um stærð landróðrarbáta, sem ekki þurfi að hafa stýrimann, sýndist mönnum vafasamara, einkum með tilliti til þess, að mikill fjöldi þessara báta er nú með stýrimenn, sem ekki hafa full réttindi að lögum, heldur hafa fengið undanþágu atvinnumálaráðuneytisins. Það varð þó ofan á, að flestir nefndarmenn töldu ekki rétt að slaka á ákvæðum gildandi laga í þessu efni. Tveir nefndarmanna (JÁ og SvG) vilja þó samþykkja frv. óbreytt að þessu leyti.

Samkvæmt þessu leyfir nefndin sér að leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 10. gr., b-lið, 2. málslið. Í stað „6 mánuði“ í upphafi málsliðarins komi: 12 mánuði.
2. Við 12. gr., b-lið, 1. málslið. Í stað „30 mánuði“ og „12 mánuði“ komi: 36 mánuði, 18 mánuði.
3. Við 16. gr.
   a. Við b-lið, 1. málslið. Í stað „36 mánuði“ komi: 48 mánuði.
   b. Við b-lið, 2. málslið. Í stað „18 mánuði“ á tveim stöðum komi: 24 mánuði.
4. Við 21. gr., síðustu málsgrein. Í stað „undir 60 rúmlestum“ komi: undir 30 rúmlestum.

Alþingi, 19. marz 1968.

Pétur Benediktsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Jón Árnason, með fyrirvara.
Bjarni Guðbjörnsson.	Sveinn Guðmundsson, með fyrirvara.	Gils Guðmundsson.
	Ólafur Jóhannesson.	

Fylgiskjal I.

Kafli úr bréfi, dags. 30. okt. 1967, frá Skipstjórafélagi Íslands.

. . . Vér viljum benda á eftirfarandi atriði:

að aldursmörk háseta eru færð niður úr 16 ára til 15 ára aldurs. Vér höfum í sjálfu sér ekki á móti því, að 15 ára unglingar fari á sjóinn, en við teljum ekki rétt að reikna siglingatíma þeirra frá þeim aldri, þegar samfara því er siglingatíminn styttur. (8. gr. b, 12 gr. og 16. gr. b. frv. Sbr. 8. gr. b, 12. gr. og 16. gr. b. laganna.)

að þess er ekki krafizt í frumvarpinu, að háseti hafi verið fullgildur neitt af siglingatíma sínum, eins og gert er í núgildandi lögum. (12. gr. og 16. gr. b. í lögunum.)

að siglingatíminn er styttur, bæði fyrir háseta og stýrimenn. (10. gr. b, 12. gr. og 14. gr. b. frv. Sbr. 6. gr. og 8. gr. b. laganna.)

að siglingatími á minni skipum en áður er látinn nægja til að fá sömu réttindi. (12. gr. b og 14. gr. b frv. Sbr. 8. gr. b og 14. gr. b laganna.)

að enginn munur er gerður á innan- og utanlandssiglingum. (Ákvæði þar að lútandi í 14. gr. 2. mgr., 16. gr. b og 19. gr. núgildandi laga felld niður.)

að enginn munur er gerður á siglingatíma á varðskipi og verzlunarskipi. (14. gr. b, 15. gr. og 20. gr. b frv. Sbr. 14. gr., 15. gr. og 17. gr. laganna.)

að siglingatími á fiskiskipi er látinn gilda í ríkara mæli en áður til að öðlast skipstjórnarréttindi á verzlunarskipi. T. d. er enginn munur gerður á siglingatíma á verzlunarskipi og fiskiskipi til að fá skipstjórnarréttindi á verzlunarskipi (í innanlandssiglingum) undir 400 rúmlestum að stærð. (II. kafli fyrirsögn, 10. gr. og 14. gr. b frv. Sbr. 10. gr. og 14. gr. laganna.)

að eigi er skylt að hafa stýrimann á landróðrarbáti undir 60 rúmlestir að stærð í stað 30 rúmlestir áður. (21. gr. síðasta mgr. frv. Sbr. 45. gr. laganna.)

Það sést af framanskráðu, að hér er um mikla afturför að ræða. T. d. gæti það komið fyrir, að maður, sem aldrei hefur út í verzlunarskip stigið og aldrei til útlanda komið, fengi skipstjórnarréttindi á verzlunarskipi af hvaða stærð sem er, jafnt í utansem innanlandssiglingum.

Einna alvarlegustum augum lítum vér á það, að siglingatíminn er styttur. Öllum er ljóst, að reynsla í starfi er öllu öðru mikilvægara til að ná fullri starfsleikni. Styttur reynslutími veldur því, að skipstjórnarmenn verða ekki eins vel undir starfið búnir, þegar þeir öðlast réttindi til þess...

Fylgiskjal II.

Kafli úr bréfi, dags. 18. febr. 1968, frá Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Vísi, Suðurnesjum.

... Okkur virðist frumv. feli í sér allmiklar tilslakanir í heildinni varðandi undirbúnings- og námstíma yfirmanna á fiskiskipum.

Við teljum, að þær tilslakanir eigi vart formælendur meðal sjómannastéttarinnar, og álítum, að það væri algjör öfugþróun nú á öld tækni og framfara að slaka á kröfum um verkkunnáttu og lærdóm skipstjórnarmanna almennt.

Við teljum varhugavert:

Að stytta undirbúnings siglingartíma, jafnframt því sem aldurstakmörk eru færð niður. (Að færa niður aldurstakmörk samkv. b-lið 12. gr. finnst okkur að öðru leyti réttmætt.)

Að undanskilja báta undir 60 rúml. skyldu til að hafa stýrimann, ef þeim er ætlað að leggja afla sinn á land daglega.

Við álítum það mjög varasamt, vegna þess að bátar, sem leggja afla sinn á land daglega, eru í mörgum tilfellum á ferð á fjölförnum skipaleiðum í misjöfnum veðrum og slæmu skyggni.

Teljum við það allt of mikið álag á skipstjóra slíks báts eftir ferð út á fiskimið og stöðu við að afla fiskjar, að bera fulla ábyrgð á heimsiglingu og landtöku, sem að flestra dómi er hvað vandasömust af sjóferðinni.

Hvaða nauðsynlegrar hvíldar nýtur sá maður við starf sitt, þegar róið er daglega, ef hann á t. d. að treysta 15 ára unglingi fyrir heimsiglingu? ...

Nd. 390. Frumvarp til laga [166. mál]

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 54 10. júlí 1964.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Lúðvík Jósefsson, Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Í stað orðanna „eða læknisbústað“ í 6. gr. laganna komi: læknisbústað eða elliheimili.

2. gr.

Í stað orðanna „eða læknisbústað“ í 7. gr. laganna komi: læknisbústað eða elliheimili.

3. gr.

Á eftir orðinu „læknisbústaðar“ í 1. málsgr. 8. gr. laganna komi: elliheimilis.

4. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkissjóður greiðir allt að ⅓ kostnaðar af að reisa elliheimili, sem reist verða samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda fallist ráðherra á þörf þeirra framkvæmda og meti þær við hæfi, og fer um ákvörðun byggingarstyrksins eftir fyrirmælum næstu málsgreinar hér að framan.

5. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Til elliheimila greiðist einnig árlega styrkur úr ríkissjóði. Styrkupphæð ákvarðast nánar í reglugerð innan marka fjárveitinga í fjárlögum.

6. gr.

13. gr. laganna breytist þannig:

a. Á eftir orðinu „læknisbústaðir“ í 1. málsgr. komi: elliheimili.
b. Í stað orðanna „eða læknisbústaðar“ í fyrri málslið 2. málsgr. komi: læknisbústaðar eða elliheimilis.
c. Í stað orðanna „eða læknisbústöðum“ í síðari málslið 2. málsgr. komi: læknisbústöðum eða elliheimilum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með breyttum þjóðfélagsháttum hefur þörfin fyrir dvalarheimili aldraðra farið ört vaxandi, einkum í þéttbýli, og eru þar víða rekin dvalar- og hjúkrunarheimili fyrir aldrað fólk, flest á vegum bæjarfélaganna.

Langumfangsmesta stofnun af þessu tagi er Elli- og hjúkrunarheimilið Grund í Reykjavík, en deild frá því starfar í Hveragerði, og svo Hrafnista, Dvalarheimili aldraðra sjómanna. Er hin fyrrgreinda einkafyrirtæki, en hin síðarnefnda reist og rekin af sjómannasamtökunum.

Önnur dvalarheimili aldraðra eru miklu minni í sniðum og sum rekin við mjög óhæga aðstöðu sökum lítils og óhentugs húsnæðis.

En þörfin fyrir þessar stofnanir er ekki lengur bundin við kaupstaði eina. Má m. a. ráða það af vistmannaskrám dvalarheimilanna hér í Reykjavík, og fleira fólk utan af landi sækir raunar um upptöku þar en hægt er að sinna.

Nú er það að margra dómi óæskileg þróun, að tengsl milli kynslóða rofni á þann hátt, er verður við brottför aldraðra af heimilunum. Hún verður þó varla stöðvuð með löggjöf eða á annan hátt. En eðlilegt er, að samfélagið stuðli að því, að aldrað fólk, sem á því þarf að halda, geti fengið athvarf og nauðsynlega aðhlynningu sem næst átthögum sínum og ættmennum. Það mun og sammæli allra þeirra, er þessi mál hugleiða, að dvalar- og hjúkrunarheimili aldraðra beri að reisa í hæfilega stórum einingum, vistarverur séu af misjöfnum stærðum, þannig að t. d. hjón geti að nokkru haldið sitt heimili, þegar það hentar, o. s. frv. og að þeir, er þess óska, fái aðstöðu til starfa við hæfi.

Byggingamál aldraðra eru víða skammt á veg komin og sums staðar óleyst með öllu.

Ríkissjóður leggur þegar drýgstan hlut til byggingar sjúkrahúsa, læknisbústaða og almennrar heilbrigðisþjónustu. Skyldur samfélagsins við aldraða eru ekki síður ótvíræðar.

Sjúkrahús og dvalarheimili aldraðra eru að vísu um margt ólíkar stofnanir. En í báðum tilfellum er um að ræða aðstoð og aðhlynningu fyrir þá, sem standa höllum fæti og eru hjálparþurfi. Virðist því eðlilegt, að ríkið styrki hvort tveggja.

Dvalarheimili aldraðra hafa til þessa verið reist og rekin af einstökum sveitarfélögum, þar sem ekki hafa komið til einkaaðilar, eins og t. d. hér í höfuðstaðnum.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps, að heppilegt sé, að hlutdeild sveitarfélaga að framkvæmd ýmissa málaflokka heima í héraði fari fremur vaxandi en minnkandi og að vel fari á því, að þau hafi forustu um stofnun og rekstur dvalarheimilanna.

En á meðan fjárráð sveitarfélaga eru ekki rýmri en þau eru nú, er nauðsynlegt að veita þeim beinan fjárstuðning úr ríkissjóði til margháttaðra framkvæmda, eins og raunar þegar er gert í fjölmörgum greinum. Því er hér lagt til, að þátttaka ríkisins í byggingu og rekstri dvalarheimila fyrir aldrað fólk verði ákveðin með lögum.

Ríkissjóður greiðir til byggingar sjúkrahúsa ⅗ stofnkostnaðar. Hér er lagt til, að framlag ríkisins til dvalarheimila aldraðra verði lægra, og er þá m. a. haft í huga, að Tryggingastofnun ríkisins er ætlað að styðja þau sérstaklega.

Sérstök nefnd vinnur nú að athugun á heildarskipulagi þessara mála. En þar sem líklegt má telja, að sú athugun taki alllangan tíma, en víða er brýn þörf aðgerða þegar í stað, þá leggja flutningsmenn til, að ríkissjóður láti í té þann stuðning, er greinir í frv. þessu, unz nýrri heildarskipan hefur verið komið á.

Nd. 391. Frumvarp til laga [167. mál]

um breyting á lögum nr. 49 29. apríl 1967, um skólakostnað.

Flm.: Bjartmar Guðmundsson.

1. gr.

Við 1. málsgr. 29. gr. laganna bætist:

Sama gildir um héraðsskóla, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitareða sýslufélagi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 34 18. apríl 1962 gerði Alþingi þá breytingu á lögum nr. 41 17. maí 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, að héruðunum var gefið um það valfrelsi, hvort þau afhentu ríkinu héraðsskólana, þannig að þeir yrðu „séreign ríkisins, ef hlutaðeigandi sveitarfélög óska þess".

Þessi breyting var gerð vegna mjög eindreginna tilmæla frá aðstandendum nokkurra héraðsskóla úr byggðarlögum, sem töldu sér ofvaxið að standa áfram undir ¼ kostnaðar við byggingu og rekstur skólanna. Með lögum þessum tók ríkissjóður á sig allmikinn fjárhagslegan bagga, sem áður hafði hvílt á herðum íbúa héraðanna.

Allir héraðsskólar, utan einn, munu nú vera komnir á vegu ríkisins samkvæmt þessum lögum.

Suður-Þingeyjarsýsla hefur ekki enn óskað eftir að losa sig undan kostnaði þeim, sem á byggðarlögum þar hefur hvílt vegna nýbygginga, viðhalds og rekstrar Laugaskóla, og velta honum yfir á ríkissjóð, hefur m. ö. o. ekki notað sér þessa sparnaðarmöguleika.

Með nýjum lögum um skólakostnað, sem afgreidd voru frá Alþingi 18. apríl s. l., voru gerðar breytingar á kostnaðarhlutföllum varðandi skóla, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. M. a. þyngist nokkuð hlutur héraðsskóla að því er snertir rekstur og viðhald.

Hins vegar er í 29. gr. kveðið svo á áhrærandi húsmæðraskólana: „Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu vera komin að fullu til framkvæmda 1. sept. 1968. Þó

geta sveitarfélög, sem að húsmæðraskóla standa, að fengnum tillögum skólanefndar, fyrir 1. sept. 1968 ákveðið, að skipting rekstrarkostnaðar skólans skuli áfram fara eftir reglum laga nr. 41 1955."

Munu nú allar skólanefndir húsmæðraskólanna hafa ákveðið að nota þessa heimild.

Það, sem lagt er til með þessari breytingartillögu við skólakostnaðarlögin, er einungis það, að forráðamenn héraðsskóla, sem ekki hefur verið afhentur ríkinu, fái sama valfrelsi og forráðamenn húsmæðraskólanna hafa nú samkv. 29. gr. laganna frá 1967. Ef breytingartillagan yrði samþykkt, verður kostnaðarhluti ríkissjóðs hinn sami og hann er nú. Hins vegar mun hlutur héraðs þyngjast nokkuð að því er snertir rekstur og viðhald, er nýju lögin taka gildi 1. sept., og gæti valdið því, að héraðið sæi sig til neytt að afhenda ríkinu þann eina héraðsskóla, sem enn hefur ekki verið afhentur. Mundi það verða ríkissjóði mikill kostnaðarauki.

Ed. **392. Lög** [27. mál]

um breyting á siglingalögum, nr. 66 31. des. 1963.

(Afgreidd frá Ed. 19. marz.)

Samhljóða þskj. 369 (sbr. 27).

Ed. **393. Lög** [45. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, sem gerð var í Brüssel 10. október 1957.

(Afgreidd frá Ed. 19. marz.)

Samhljóða þskj. 368.

Nd. **394. Frumvarp til laga** [139. mál]

um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Ed., 19. marz.)

Samhljóða þskj. 299 með þessari breytingu:

10. gr. hljóðar svo:

Lög þessi taka hvorki til embættisseturs forseta Íslands á Bessastöðum, biskupsbústaðar í Reykjavík né bústaða sendiherra Íslands erlendis.

Nd. **395. Frumvarp til laga** [146. mál]

um breyting á lögum nr. 102/1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. marz.)

1. gr.

Fyrirsögn V. kafla hljóði svo:

Um lausn frá óðalsákvæðum, ráðstöfun ættaróðals og erfðir.

2. gr.

Upphaf 17. gr. hljóði svo:

Þegar óðalsbóndi verður að bregða búi vegna elli, vanheilsu eða af öðrum þeim ástæðum, sem valda því, að honum er ókleift að halda áfram búskap, er landbúnaðarráðherra heimilt að leysa óðalið frá óðalsákvæðum, ef engir þeirra ættingja, sem rétt hafa til óðalsins, vilja taka við því til ábúðar, enda mæli sýslunefnd og Búnaðarfélag Íslands með þeirri ráðstöfun. Samþykki landbúnaðarráðherra lausn óðals frá óðalsákvæðum, er óðalsréttarhafa heimilt að selja það við því verði og þeim kaupanda, er hann kýs, enda hafi þeir, sem forkaupsrétt eiga að lögum, hafnað honum.

Þegar óðalsbóndi annars bregður búi eða deyr o. s. frv.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 396. Þingsályktun [111. mál]

um rekstur fiskibáta.

(Afgreidd frá Nd. 19. marz.)

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta framkvæma nú þegar sérstaka athugun á því, hversu margir fiskibátar í landinu munu ekki verða gerðir út á vetrarvertíðinni vegna fjárhagsörðugleika viðkomandi útgerða, eða af öðrum orsökum, og hversu mikils fjár er þörf, til þess að unnt sé að hefja útgerð þeirra. Niðurstöður þessarar athugunar sundurliðist eftir skráningarumdæmum.

Leiði þessi athugun í ljós verulega þörf fyrir aukið rekstrarfé, kanni ríkisstjórnin möguleika á útvegun þess og geri aðrar tiltækar ráðstafanir til að tryggja, að rekstrarhæfir bátar, sem henta til vetrarútgerðar, verði gerðir út.

Nd. 397. Frumvarp til laga [137. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. marz.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva, allt að 50 millj. kr. samtals, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, þó ekki meir en 60% af kostnaðarverði framkvæmda á hverjum stað, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

Ef sérstaklega stendur á að dómi ráðherra, má upphæð ríkisábyrgðar nema allt að 80%, enda séu fyrir hendi fullnægjandi tryggingar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 398. Nefndarálit [164. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta á fundi sínum og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. — MB var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 20. marz 1968.

Guðl. Gíslason, form.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Ásgeir Pétursson, frsm.
Jón Skaftason.	Hannibal Valdimarsson.	Stefán Valgeirsson, með fyrirvara.

Nd. 399. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 21/1957, um dýravernd.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:
Á undan 8. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Óheimilt er að reka hvali á land, nema fullvíst sé, að unnt sé að hagnýta þá til matar eða á annan hátt. Við rekstur hvala skal nota eins mannúðlegar aðferðir og unnt er, og við deyðingu þeirra skal beita lagvopnum og aðferðum, sem nánar skal kveðið á um í reglugerð.

Alþingi, 20. marz 1968.

Pétur Pétursson, form., frsm.	Bjartmar Guðmundsson, fundaskr.	Magnús Kjartansson.
Sigurvin Einarsson.	Ingvar Gíslason.	Birgir Kjaran.

Nd. 400. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 60 21. marz 1962, um verkamannabústaði.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað þetta mál og leggur til, að frumvarpið verði samþykkt. Jón Skaftason og Stefán Valgeirsson áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. við frumvarpið. Matthías Bjarnason var fjarverandi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 20. marz 1968.

Guðl. Gíslason, form.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr., frsm.	Ásgeir Pétursson.
Jón Skaftason.	Hannibal Valdimarsson.	Stefán Valgeirsson.

Nd. 401. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað þetta mál og leggur til, að frumvarpið verði samþykkt. Jón Skaftason og Stefán Valgeirsson áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. við frumvarpið. Matthías Bjarnason var fjarverandi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 20. marz 1968.

Guðl. Gíslason, form.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr., frsm.	Ásgeir Pétursson.
Jón Skaftason.	Hannibal Valdimarsson.	Stefán Valgeirsson.

Sþ. 402. Tillaga til þingsályktunar [168. mál]

um endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Flm.: Gísli Guðmnudsson.

Alþingi ályktar að stofna til endurskoðunar á „stjórnarskrá lýðveldisins Íslands“ og fela ríkisstjórninni að skipa til þess níu menn samkvæmt tilnefningu eftirgreindra aðila:

1. Þingflokkarnir á Alþingi tilnefni fjóra, sinn manninn hver.
2. Lagadeild Háskóla Íslands tilnefni tvo menn.
3. Hæstiréttur tilnefni þrjá menn og einn þeirra sem formann nefndarinnar.

Nefndin taki m. a. sérstaklega til athugunar eftirtalin efnisatriði:

1. **Forsetaembættið.**
   Hvort fyrirkomulag æðstu stjórnar Íslands sé svo heppilegt sem það gæti verið, og hvaða skipan hennar mundi vera bezt við hæfi þjóðarinnar.
2. **Skipting Alþingis í deildir.**
   Hvort hún sé ekki úrelt orðin og ein málstofa hagfelldari.
3. **Aðgreining löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds.**
   Hvort ekki sé þörf skýrari ákvæða um þessa greiningu.
4. **Samskipti við önnur ríki.**
   Nauðsyn ákvæða, er marki rétt ríkisstjórnar og Alþingis til samninga við aðrar þjóðir.
5. **Þjóðaratkvæði.**
   Ákvæði um, hvenær rétt sé eða skylt að láta fram fara þjóðaratkvæðagreiðslu — og hvað hún gildi.
6. **Kjördæmaskipun.**
   Hvort ekki sé rétt að breyta kjördæmaskipuninni á þá leið, að landinu öllu verði skipt í einmenningskjördæmi, þar sem aðalmenn og varamenn verði kosnir saman óhlutbundnum kosningum, en uppbótarþingmenn engir.
7. **Þingflokkar.**
   Hvort ekki sé þörf lagasetningar um skyldur og réttindi þingflokka, þar sem þeir eiga rétt til uppbótarþingsæta skv. stjórnarskránni.
8. **Ný skipting landsins í samtakaheildir.**
   Hvort ekki sé æskilegt að taka inn í stjórnarskrána ákvæði um skiptingu landsins í fylki eða aðrar nýjar samtakaheildir, er hafi sjálfstjórn í sérmálum,

enda leiti nefndin um þetta álits sýslunefnda, bæjarstjórna, borgarstjórnar Reykjavíkur, fjórðungssambanda og Sambands ísl. sveitarfélaga.

Nefndin ljúki störfum svo fljótt sem hún fær við komið og skili tillögum sínum til Alþingis.

Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi er samhljóða tillögu til þingsályktunar, sem Karl Kristjánsson flutti á Alþingi 1966, og greinargerðin, sem hér fer á eftir, samhljóða þeirri greinargerð, sem hann birti með tillögu sinni í fyrra, — þó þannig að felldur er niður 6. tölul. í tillögu og greinargerð K. K., enda hefur sá töluliður þegar hlotið afgreiðslu á Alþingi.

I.

Þegar ákveðið hafði verið, að Íslendingar slitu konungssambandinu við Danmörku og að endurreisa skyldi lýðveldi á Íslandi, skipaði Alþingi nefnd fimm manna, 22. maí 1942, til að gera tillögur um breytingar á stjórnskipunarlögunum, sem gilt höfðu fyrir konungsríkið Ísland. Nefndin var endurskipuð um haustið 1942 og þá bætt í hana þrem mönnum, til þess að í henni yrðu tveir menn frá hverjum þáverandi þingflokki. Var hún þar með orðin átta manna nefnd.

Árið 1943 skilaði nefndin frumvarpi til stjórnskipunarlaga með greinargerð. Þetta frumvarp var samþykkt og lýðveldið stofnað 17. júní 1944.

En nefndin leit alls ekki svo á, að verkefni sínu væri þar með lokið. Í greinargerðinni, sem frumvarpinu fylgdi, segir hún, að hún muni halda áfram að vinna að endurskoðun stjórnarskrárinnar. Telur hún þetta seinni hluta verkefnisins, sem sé — eins og hún kemst að orði: „að undirbúa aðrar breytingar á stjórnskipulaginu, er þurfa þykir og gera verður á venjulegan hátt". „Má vera", bætir nefndin við, „að það starf verði öllu víðtækara og þurfi þar til að afla ýmissa gagna, er nú liggja eigi fyrir, svo og að gaumgæfa reynslu þá, er lýðræðisþjóðir heimsins óefað öðlast í þessum efnum á þeim tímum, sem nú líða yfir mannkynið. Þangað til því verki yrði lokið, ætti sú stjórnarskrá, sem hér er lögð fram, að nægja, enda eru ákvæði hennar mestmegnis þau, er nú gilda í stjórnskipunarlögum hins íslenzka ríkis, að breyttu hinu æðsta stjórnarformi frá konungdæmi til lýðveldis o. s. frv."

Nefndarmennirnir, sem undir þetta rituðu, voru: Gísli Sveinsson, Bjarni Benediktsson, Hermann Jónasson, Stefán Jóh. Stefánsson, Jónas Jónsson, Haraldur Guðmundsson, Einar Olgeirsson, Áki Jakobsson.

Ljóst er af því, sem hér er upp tekið úr greinargerðinni, að þessir oddvitar íslenzkra stjórnmála, sem áttu sæti í nefndinni, hafa litið svo á, að aðeins væri lokið fyrri hluta endurskoðunarinnar, þ. e. „að breyta hinu æðsta stjórnarformi frá konungdæmi til lýðveldis", en að hið víðtækara viðfangsefni væri óleyst, — og það bæri að leysa.

Alþingi var einnig á sömu skoðun, sem ótvírætt sést á því, að það gerði til þess ráðstafanir 3. marz 1945, að skipuð var 12 manna nefnd til ráðuneytis 8 manna nefndinni, og heimilaði þá enn fremur, að ráðinn væri sérfróður maður tuttugu manna hópnum til aðstoðar.

Flutningsmaður tillögu þeirrar, sem hér liggur fyrir, þekkir ekki starfsferil tuttugu-manna-nefndarinnar. Þó er það vitað, að hún sendi mann úr sínum hópi utan, og fór hann víða um lönd til að kynna sér stjórnarskrár ýmissa landa og draga að nefndinni fróðleik um þær. Mun sá fróðleikur væntanlega geymdur einhvers staðar í skjalaforða ríkisins.

Þegar tvö ár og nálega ársfjórðungi betur höfðu „liðið yfir mannkynið", frá því að tuttugu manna nefndin var skipuð, felldi Alþingi niður umboð hennar. Þetta gerðist, að því er Alþingistíðindi herma, 24. maí 1947.

En ekki var gefizt upp þarna, því að samtímis fól Alþingi ríkisstjórninni að skipa sjö manna nefnd „til þess að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands".

Vitað er, að sú nefnd kom saman á fundi og að af hálfu einstakra nefndarmanna voru lagðar fram lauslega mótaðar tillögur sem umræðugrundvöllur um breytingu á stjórnarskránni. Enn fremur tillögur um að efna til sérstaklega kjörins stjórnlagaþings, er hefði það verkefni eitt að fullsemja stjórnarskrána.

Um þessa tillögugerð er hægt að fá nokkrar upplýsingar í bókinni „Land og lýðveldi" (Fyrri hluta), sem kom út 1965, eftir dr. Bjarna Benediktsson forsætisráðherra, en hann var formaður nefndarinnar.

Tillögurnar voru sama sem ekkert ræddar í nefndinni og þaðan af síður afgreiddar. Nefndin var sem heild haldin sams konar óvirkni og fyrirrennarar hennar.

Aldrei hefur nefnd þessi, mér vitanlega, verið formlega lögð niður. Hún á því ekkert skráð endadægur — frekar en sumir landaleitarmenn, sem aldrei komu fram —, en eigi að síður er hún áreiðanlega úr sögunni. Og „seinni hluti verkefnisins" við endurskoðun stjórnarskrárinnar — hinn „víðtækari" —, sem frestað var, þegar lýðveldið var endurreist 1944, er enn óleystur af hendi og í einskis höndum sem viðfangsefni.

II.

Ekki er sæmandi, að íslenzka lýðveldið gefist upp við að ganga frá stjórnarskrá sinni heildarlega. Að vísu má segja, að ef reynsla á þessum rúma aldarfimmtungi, sem liðinn er síðan lýðveldið tók til starfa, benti eindregið til þess, að stjórnarskráin þyrfti ekki frekari endurskoðunar en orðin er, þá væri rétt að láta við svo búið standa. En því er alls ekki að heilsa. Reynslan hefur sýnt og sannað, betur en ljóst var 1944, þörf á breytingum. Sú þörf hefur færzt í aukana með nýjum tímum, og verður komið að því síðar í þessari greinargerð.

Rétt er að leitast við að skilja, hvað það muni helzt hafa verið, sem gerði óvirkar nefndir þær, sem skipaðar voru ein á fætur annarri til að halda áfram og ljúka endurskoðun stjórnarskrárinnar. Líkast er sem á þær hafi fallið herfjötur, sem þær með engu móti hafi getað af sér höggvið.

Flutningsmaður þessarar tillögu telur á því engan vafa, að flokkapólitíkin, sem skiptir löggjafarsamkomunni í eintóma minnihlutaflokka, eigi hér aðalsök. Sú nærsýna hugsun fulltrúa slíkra flokka að gera ekkert, sem flokki þeirra gæti til ógagns orðið í næstu lotu eða öðrum til ávinnings, hefur orðið nefndunum sem herfjötur.

Það styður þessa skoðun, að 1959, þegar þrír flokkar álitu sér, eins og horfði, allir allt í einu a. m. k. stundarhagnað í því að breyta kjördæmaskipunarákvæðum stjórnarskrárinnar, gerðu þeir það af skyndingu, en létu lönd og leið hina „víðtæku" endurskoðun, sem hafði verið í sambandi við lýðveldisstofnunina fastmælum bundin. Treystu sér ekki til að sameinast um hana.

Það er vitanlega mannlegt í stjórnmálabaráttu að hugsa um stundarhagnað fyrir flokk sinn, en samrýmist illa þeirri framsýnu þjóðhollustu og óhlutdrægni, sem setning stjórnarskrár útheimtir.

III.

Tillaga sú, sem hér er fram lögð um endurskoðun stjórnskipunarlaganna, tekur tillit til þess, hve óviðráðanlega erfitt flokkapólitíkin virðist hafa átt með að taka alhliða á málinu. Alþingi er samkv. tillögunni ekki ætlað að tilnefna í nefndina nema fjóra menn af níu. Hver þingflokkur á að hafa þar sinn fulltrúa, svo sjónarmið allra núverandi flokka á þinginu geti komið fram við undirbúning þessa máls, sem Alþingi svo að sjálfsögðu gengur endanlega frá.

Aðra nefndarmenn, sem eru meiri hluti nefndarinnar, telur flutningsmaður rétt að þeir aðilar velji, sem telja má að treysta megi til að hafa það sjónarmið við tilnefninguna, að þekking og óhlutdrægni eigi að ráða í nefndarstarfinu, án nokkurs tillits til hagræðis eða óhagræðis fyrir baráttu milli stjórnmálaflokkanna á líðandi

stund. Leggur hann til, að lagadeild Háskóla Íslands tilnefni tvo mennina og Hæstiréttur tilnefni þrjá, — einn þeirra þriggja sem formann nefndarinnar.

Að sjálfsögðu er flutningsmaður til viðræðu um aðra tilhögun á skipun nefndarinnar, ef heppilegri kynni að þykja.

Í tillögunni eru talin upp allmörg efnisatriði, sem nefndinni er ætlað að taka sérstaklega til athugunar. Upptalningin er auðvitað alls ekki tæmandi, en gerð til áherzlu því, að verkefnið er fjölþætt og þýðingarmikið. Enn fremur til þess að tryggja það, að yfir þessi tilgreindu atriði verði ekki hlaupið.

Bygging tillögunnar í þessum stíl, — ef svo má að orði komast, — gerir hana auðvelda til innskota og viðauka, ef Alþingi skyldi þykja henta að taka fleira fram.

Skal nú með nokkrum orðum vikið að hverju efnisatriði, sem þó að sjálfsögðu verða nánar rædd í framsögu:

1. **Forsetaembættið.**

Eins og forsetaembættið er skv. hljóðan stjórnarskrárinnar, líkist það helzt hinu þingbundna konungsembætti, sem horfið var frá með lýðveldisstofnuninni. Er eftirtektarvert, þegar hin gildandi „Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands“ er borin saman við „Stjórnarskrá konungsríkisins Íslands“, sem áður gilti, hve víða hefur aðeins verið skipt um orðin „forseti“ og „konungur“ — og við annað látið sitja. Tæplega er hægt að segja, að á bak við sé alls staðar óbrengluð hugsun. Leynir sér ekki í sambandi við þetta, að flausturslega hefur verið að unnið, enda var fastákveðið að bæta um, þótt enn hafi ekki af orðið.

Ekki mun hafa verið ætlazt til, að vald forsetaembættisins yrði mikið, enda eru Íslendingar ekki að eðlisfari gefnir fyrir að lúta valdi eins manns. Ekki hafa þeir heldur fengið uppeldi til að vilja hafa þjóðhöfðingja eingöngu til að tigna hann. Þeir voru jafnan sem þjóð í fjarlægð við konunga sína. Nálægð fámennis nú við þjóðhöfðingjann er þar einnig til truflunar.

Margir telja betur við hæfi fyrirkomulagið í Sviss, en þar fylgir forsetastarfið einfaldlega ríkisstjórninni.

Lítil þjóð þarf að gæta þess að gera sér ekki að óþörfu stjórnarformið of dýrt.

Þetta virðist einboðið að taka til ýtarlegrar endurskoðunar, áður en fastar hefðir myndast.

Í því, sem hér hefur sagt verið, felst síður en svo ádeila á þá forseta, sem hingað til hafa gegnt þeirri háu stöðu á Íslandi. Hér er rætt um embættið, en ekki forsetana. Segja má með sanni, að þeir hafi notið mikilla og verðskuldaðra vinsælda. En þær persónubundnu vinsældir má einmitt alls ekki láta hafa áhrif á mat á stjórnarforminu við endurskoðunina.

2. **Skipting Alþingis í deildir.**

Áreiðanlega orkar mjög tvímælis, að rétt sé að skipta Alþingi í tvær málstofur. Sérstakur grundvöllur var fyrir skiptinguna, meðan ekki var kosið með sama hætti til beggja deildanna.

Tvær málstofur lengja þinghaldið.

Hins vegar er sagt, að gera megi ráð fyrir meiri vandvirkni í afgreiðslu mála, ef tvær málstofur fjalla um þau. Þetta hljómar sennilega, en Þrándur er þar í Götu á seinni árum, hve hið vaxandi flokksræði á Alþingi bindur oft hendur síðari deildar og ber við tímahraki.

Sennilega væri hægt að finna önnur ráð en deildaskiptinguna til að tryggja vandvirkni.

3. **Aðgreining löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds.**

Nauðsynlegt er, að þessi þríþætta valdgreining lýðveldisins fái sem skýrasta undirstöðu í stjórnarskránni, til þess að komizt verði hjá hættu á viðsjárverðum samslætti þáttanna.

Slík hætta felst t. d. í ákvæðum 46. gr. sjálfrar stjórnarskrárinnar, eins og hún er nú. Þar segir: „Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi misst kjörgengi.“

Þarna eru löggjafar gerðir að dómurum og flokkspólitískri hlutdrægni boðið heim, ef svo vill verkast.

4. **Samskipti við önnur ríki.**

Einangrun Íslands hefur rofnað. Íslenzka þjóðin á með ári hverju meiri og meiri samskipti við aðrar þjóðir. Þetta er mikill ávinningur, ef vel er á haldið. En sé ekki með gætni stjórnað, fylgja því miklar hættur fyrir efnahagslegt og andlegt sjálfstæði hinnar fámennu íslenzku þjóðar í yfirgangssömum heimi. Þar mega Íslendingar í engu láta kylfu ráða kasti.

Hin nýtilkomnu viðhorf í þessum efnum kalla eftir því, að sett verði fullkomnari ákvæði í stjórnarskrána en þar eru nú um umboðsréttinn til að semja við aðrar þjóðir fyrir Íslands hönd og undirbyggingu þess réttar.

5. **Þjóðaratkvæði.**

Í stjórnarskránni eru engin yfirtæk ákvæði um það, hvenær Alþingi sé rétt eða skylt að láta fram fara þjóðaratkvæðagreiðslu um málefni og hvaða ákvörðunargildi sú lýðræðislega viljakönnun eigi að hafa.

Oft hafa komið fram tillögur um að stofna til þjóðaratkvæðagreiðslu, þótt eigi hafi nema sjaldan af orðið framkvæmdum. Athugandi er, hvort í stjórnarskránni ættu ekki um þessi efni að vera markalínur.

6. **Kjördæmaskipun.**

Kjördæmaskipunin og þingmannakjörsreglurnar, sem 31. grein stjórnarskrárinnar segir fyrir um, eru aðalgrundvöllur stjórnmálalífsins í landinu.

Hvort ýtir þessi grundvallarskipan undir samstöðu eða sundurþykki? Og hvort er heppilegra, að slík skipan geri?

Allir geta séð, að hlutfallskosningar í stórum kjördæmum ýta sterklega undir flokkadrátt, og uppbótarsætin, sem þingflokkar hljóta til jöfnunar í ofanálag með útreikningi fyrir allt landið, herða á flokkadrættinum og gera hann að verulegu leyti að blindingsleik.

Afleiðingin er líka: Fjórir minnihlutaflokkar á Alþingi. Engin skilyrði til að mynda ríkisstjórn, nema samsteypustjórn með þeim hrossakaupum, er slíkum stjórnarmyndunum fylgja. Varla nokkur hrein lína fyrir kjósandann að átta sig á.

Lýðræðið krefst jafnréttis fyrir þegnana til stjórnarfarsáhrifa, en þarfnast eigi að síður aðhalds til að lenda ekki í sundrungu og glundroða. Hið svonefnda tveggja flokka kerfi virðist henta því bezt. Grundvöllur þess kerfis eru einmenningskjördæmi. Þau leiða af sér það kerfi, en það knýr til heilsteyptara og ábyrgara stjórnarfars. Bretar eru þar til fyrirmyndar.

Á Íslandi hefur því miður sjálfselska stjórnmálaflokka og hentisemi á augnablikum ráðið mestu um þróun skipulagsins, en ekki langsýn fyrirhyggja um velferð þjóðfélagsins eða skilningur á því, hve smáþjóð þolir illa margklofning og það ábyrgðarleysi, sem honum fylgir venjulega, gagnvart þjóðarheildinni. Aukið nábýli Íslendinga við voldugar þjóðir og örlagarík samskipti við þær margfalda nauðsyn þess að ráða hér bót á og styrkja stjórnkerfið og grundvöll þess, svo sem hægt er.

Áríðandi er að taka þessi málefni, svo fljótt sem unnt er, til endurskoðunar með raunhæfri viðsýni og hefja þau yfir sérhagsmuni flokka og dægurmálaþras.

7. **Þingflokkar.**

Stjórnarskráin ætlar þingflokkum rétt, en fyrirskipar enga löggjöf um þá eða stjórnmálaflokka yfirleitt. Stjórnmálaflokkar eru þó orðnir mikil fyrirtæki, sem

fullkomin ástæða virðist til að sérstök löggjöf verði sett um, að því er aðalréttindi og aðalskyldur varðar.

Viðeigandi er, að nefnd sú, sem endurskoðar stjórnarskrána, taki þetta einnig til athugunar.

8. **Ný skipting landsins í samtakaheildir.**

Röskun byggðajafnvægis í landinu veldur þungum áhyggjum. Samþyrping landsmanna með búferlaflutningi til höfuðborgarsvæðisins skapar öllu landinu — höfuðborginni líka — stórkostlega erfiðleika.

Ýmsar tillögur hafa komið fram í úrbótaskyni. Róttækastar þeirra á meðal eru tillögurnar um að skipta öllu landinu í fylki, er hafi sjálfstjórn í sérmálum.

Æskilegt verður að telja, að nefnd sú, er fjallar um alhliða endurbætur á stjórnarskránni, gaumgæfi þessi vandamál þjóðarinnar og geri síðan um þau tillögur, að því leyti sem hún telur úrbætur á þeim þurfa að eiga sér stoð í stjórnarskránni.

Áríðandi er og sjálfsagt, að nefndin kynni sér rækilega viðhorf til þessara mála hjá öllum sýslunefndum, bæjarstjórnum og fjórðungssamböndum í landinu, svo og borgarstjórn Reykjavíkur og Sambandi íslenzkra sveitarfélaga.

IV.

Bæði í þingsályktunartillögu þessari sjálfri og í greinargerð hennar hér að framan hefur eingöngu verið stiklað á stóru um þetta þýðingarmikla málefni. Auðvitað er eigi að síður ætlazt til, að endurskoðunin verði gagnger og alhliða.

Margt er t. d. óhæft í orðalagi ýmissa greina stjórnarskrárinnar. Dæmi: 56. gr. hljóðar þannig:

„Nú þykir þingdeild ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert málefni, og getur hún þá vísað því til ráðherra."

Hér segir: „aðra ályktun", eins og skírskotað væri til einhverrar ályktunar, en þá viðmiðunarályktun er hvergi að finna. Þetta er ruglandi í meðferð máls og hugsunar og fer alls staðar illa, en ekki sízt í löggjöf. Dæmið er einfalt sýnishorn af gölluðu málfari á stjórnarskránni og nefnt sem sönnun þess, að í þeim efnum er líka þörf á endurskoðun. Ekki getur talizt sæma þjóð, sem telur sig með réttu eiga göfuga tungu og glæsilega, að hafa stjórnskipunarlög sín í máltötrum.

Auðvitað er þó mest um vert, að stjórnskipunarlögin verði efnislega hellubjarg, sem íslenzka lýðveldið geti grundvallað á heilbrigða þjóðfélagsstarfsemi og trausta um ókomin ár.

Flutningsmaður vill vænta þess, að alþingismenn taki tillögu þessari af skilningi, og hefji, — þegar þessi tími er kominn, — endurskoðun stjórnarskrárinnar hátt yfir dægurþras og flokkarig.

Nd. 403. Frumvarp til laga [169. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

12. gr. laganna breytist sem hér segir:

a. Í stað orðanna „eftir að leitað hefur verið umsagnar" í 4. mgr. komi: að fengnu samþykki.
b. Fyrir „kr. 4000.00" í 7. mgr. komi: kr. 10 000.00.

2. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á sama hátt er lögreglustjórum heimilt, ef sérstaklega stendur á, að banna um stundarsakir afhendingu áfengissendinga, þar á meðal úr pósti.

3. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður.

Óheimilt er að selja þeim manni áfengi, er sekur hefur gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis.

Yngri mönnum en 20 ára má ekki veita, selja eða afhenda áfengi með nokkrum hætti. Ávallt þegar ástæða er til að ætla, að kaupandi eða viðtakandi áfengis hafi ekki náð þessum aldri, skal sá, sem selur, veitir eða afhendir það, láta hlutaðeiganda sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskírteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt.

Áfengisauglýsingar eru bannaðar.

Skylt er að tilkynna útsölustöðum Áfengisverzlunarinnar jafnóðum, hverjir gerzt hafa brotlegir samkvæmt þessari grein.

Nánari ákvæði skal setja í reglugerð.

4. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Áfengissendingar skulu greinilega merktar þannig, að séð verði á umbúðum, að innihald sendingarinnar sé áfengi ætlað til neyzlu. Nú leikur vafi á, hvort áfengi sé í sendingu, og skal þá hlutaðeigandi afgreiðslumaður, þar á meðal póstafgreiðslumaður, neita að taka við sendingu.

5. gr.

Við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ökumönnum leigubifreiða og annarra almenningsbifreiða er bannað að taka ölvuð ungmenni yngri en 20 ára til flutnings í bifreiðum sínum eða leyfa þeim áfengisneyzlu þar. Þó skal heimilt að flytja slík ungmenni án tafar til heimila þeirra, til lögregluyfirvalda og á sjúkrahús. Þá er ölvaður maður óskar flutnings með leigubifreið eða annarri almenningsbifreið, eða farþegi í slíku farartæki neytir áfengis í því, skal bifreiðarstjóri krefjast þess, að hlutaðeigandi sanni aldur sinn með nafnskírteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt, ef hann hefur ástæðu til að ætla, að hlutaðeigandi hafi ekki náð 20 ára aldri.

6. gr.

Við 20. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Bannað er að bera með sér áfengi inn á veitingastaði, annað en það, sem þangað er flutt til heimilla veitinga. Á sama hátt er bannað að bera með sér áfengi út af veitingastað.

Ungmennum yngri en 18 ára er óheimil dvöl eftir kl. 8 að kvöldi á veitingastað, þar sem vínveitingar eru leyfðar, nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka. Dyraverðir, eftirlitsmenn og framreiðslumenn skulu láta ungmenni, er koma á slíka staði eða dveljast þar eftir kl. 8 að kvöldi án samfylgdar foreldra sinna eða maka, sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskirteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt, enda sé ástæða til að ætla, að hlutaðeigandi hafi ekki náð 18 ára aldri.

7. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Dómsmálaráðherra er heimilt að fela félagsmálaráði Reykjavíkur störf áfengisvarnanefndar í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti. Ráðherra kveður nánar á um starfssvið í reglugerð. Skipan félagsmálaráðs, fjöldi ráðsmanna og kjörtímabil ákvarðast af borgarstjórn Reykjavíkur.

8. gr.

Sektarákvæði í 39. gr. laganna breytist þannig, að í stað „800—8000“ komi 1500—15 000, og í stað „1600—20 000“ komi: 3000—30 000.

9. gr.

Sektarákvæði í niðurlagi 40. gr. laganna breytist þannig, að í stað „200—4000“ komi: 500—5000.

10. gr.

41. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn ákvæðum 16. gr. varða sektum frá 500—2000 kr., nema annað sé ákveðið hér á eftir.

Sala eða veitingar og hvers konar afhending áfengis til ungmenna yngri en 20 ára varðar sektum frá 1000—10 000.

Áfengi, sem ungmenni yngri en 20 ára hafa undir höndum, skal gert upptækt.

11. gr.

Sektarákvæði í 1. mgr. 42. gr. laganna breytist þannig, að í stað „200—8000“ komi: 500—8000, og í stað „400—16 000“ komi: 1000—16 000.

Við 42. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Brot gegn 5. málsgr. 19. gr. varða sektum frá 500—4000 kr.

12. gr.

43. gr. laganna orðist svo:

Brjóti nokkur ákvæði 1. málsgr. 20. gr., varðar það veitingasala, ef það er með vitund hans, 500—5000 króna sekt og neytanda 500—4000 króna sekt. Þriðja brot varðar veitingasala missi veitingaleyfis.

Brot gegn 2. málsgr. 20. gr. varða félagsstjórn, þjónustumenn og neytendur 500—10 000 kr. sektum.

Brot gegn 3. málsgr. 20. gr. varða sektum frá 500—4000 kr. Áfengi, sem borið er ólöglega inn á veitingastað eða út af honum, skal gert upptækt.

Brot gegn 4. málsgr. 20. gr. varða ungmenni áminningu eða sektum frá 100—500 kr., en veitingamann sektum frá 800—6000 kr.

13. gr.

44. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn 21. gr. varða sektum frá 500—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

Áfengi í vörzlu þeirra, sem brotlegir gerast samkv. þessari grein, skal gert upptækt.

14. gr.

Sektarákvæði í 45. gr. laganna breytist þannig, að í stað „400—2000“ komi: 800—4000, og í stað „800—4000“ komi: 1600—8000:

15. gr.

Sektarákvæði í niðurlagi 46. gr. laganna breytist þannig, að í stað „200—16 000“ komi: 500—20 000.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1968.

17. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella meginmál þeirra inn í áfengislög, nr. 58 24. apríl 1954, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Fyrir síðasta Alþingi lá stjórnarfrumvarp til laga um breyting á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954, en frumvarpið var samið af áfengismálanefnd, sem kosin var af Alþingi í maí 1964 samkvæmt þingsályktun um athugun á áfengisvandamálinu.

Frumvarpið var eigi útrætt á því þingi. Meiri hluti allsherjarnefndar neðri deildar (MB, BF, ÓL og PS) hafði mælt með samþykkt þess með nokkrum breytingum, en minni hlutinn (SkG) var andvígur þeim breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur með bréfi, dags. 27. nóv. s. l., óskað þess, að Alþingi taki mál þetta að nýju til meðferðar, og segir svo í bréfi ráðuneytisins:

„Fyrir Alþingi 1966—67 lá frumvarp til laga um breyting á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954, og kom undir þinglok til 2. umræðu í neðri deild, frá háttvirtri allsherjarnefnd, en hlaut ekki frekari meðferð í þinginu.

Með því að hér er um að ræða frumvarp, sem samið er af milliþinganefnd, kosinni af Alþingi til þess að leita lausnar á þessu mikilsverða málefni, vill ráðuneytið beina því til háttvirtrar allsherjarnefndar, hvort hún teldi ekki rétt að taka málið nú upp til flutnings á yfirstandandi Alþingi.

Vill ráðuneytið í því sambandi benda á, að breytingar á aldursmörkum, sem ráðgerðar eru í breytingartillögu frá nefndinni á þskj. 425/1966—67, eru í samræmi við breytingar þær á samsvarandi aldursmörkum, sem fjallað er um í ýmsum lagafrumvörpum, sem nú liggja fyrir Alþingi.

Jafnframt sendist hér með ljósrit af bréfi borgarstjórans í Reykjavík, dags. 18. f. m., varðandi breytingu á ákvæðum áfengislaganna um fyrirkomulag áfengisvarna í Reykjavík, og er æskilegt, að þær tillögur verði jafnframt athugaðar."

Frumvarp þetta er að flestu leyti samhljóða stjórnarfrumvarpinu, sem lá fyrir síðasta Alþingi. Í frumvarpið eru þó teknar tvær breytingartillögur meiri hluta allsherjarnefndar. Er þar annars vegar um að ræða lækkun á 21 árs aldursmarki áfengislaganna í 20 ára, og er það í samræmi við breytingar á aldursmörkum, sem þegar hafa komið til framkvæmda (lögræðisaldur, hjúskaparaldur, kosningarréttur til sveitarstjórna) eða eru enn til meðferðar hér á Alþingi (stjórnarskrárbreytingin um kosningarrétt við alþingiskosningar). Hins vegar er fellt niður það skilyrði, sem var í fyrra frumvarpi, að skylda vínveitingahús til að hafa opið án vínveitinga eitt laugardagskvöld af hverjum fjórum.

Auk þess er lagt til, að önnur skilríki en nafnskírteini geti orðið sönnunargögn um aldur á sama hátt og nafnskírteini, og er þá átt við ökuskírteini og önnur þvílík skírteini.

Loks er tekin upp í frumvarpið tillaga borgarstjórnar Reykjavíkur um breytt fyrirkomulag áfengisvarna í Reykjavík í samræmi við samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur frá 20. júlí 1967 um nýskipan félagsmála í Reykjavík. Er samþykkt borgarstjórnar prentuð sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Fyrst um sinn mun áfengisvarnanefnd ætlað að annast bindindis- og fræðslustarfsemi, en félagsmálaráð mun annast aðstoð við drykkjumenn og fjölskyldur þeirra. Gert er ráð fyrir því, að nánari ákvæði um verkaskiptingu milli félagsmálaráðs og áfengisvarnanefndar verði sett í reglugerð.

Að öðru leyti en hér greinir vísast til athugasemda með frumvarpinu, sem lá fyrir síðasta Alþingi, þar á meðal um skýringar á einstökum greinum.

Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til frv.

Fylgiskjal.

Samþykkt borgarstjórnar frá 20. júlí 1967 um nýskipan félagsmála.

1. Stefnt skal að því, að félagsmálastarfsemi Reykjavíkurborgar verði samræmd með því að fella hana undir eina stjórn. Megináherzlu skal leggja á fjölskyldu-

vernd, fyrirbyggjandi starf og endurhæfingu fjölskyldna og einstaklinga og að sami félagsmálastarfsmaður fjalli sem mest um hvert heimili.

2. Stofna skal félagsmálaráð, er samræmi félagsmálastarf borgarinnar og fari með stjórn félagsmálastofnunarinnar, sbr. 3. lið. Félagsmálaráð heyri undir borgarstjórn, sem setur nánari reglur um verksvið þess. Að því skal stefnt, að félagsmálaráð taki að sér að nokkru eða öllu leyti þau verkefni, sem í lögum eru falin framfærslunefnd, barnaverndarnefnd og áfengisvarnanefnd. Skal borgarráð vinna að tillögum um nauðsynlegar lagabreytingar í þessu efni.
   Að öðru leyti eru viðfangsefni félagsmálaráðs sem hér segir:
   a. verkefni, sem ákveðin eru í lögum eða af borgarstjórn, þar með talin verkefni nefnda, sem kosnar hafa verið af borgarráði eða skipaðar af borgarstjóra til þess að vinna að einstökum félagslegum verkefnum, nema borgarráð eða lög ákveði annað; félagsmálaráð gerir fyrir n. k. áramót tillögur til borgarráðs (stjórnkerfisnefndar) um stöðu þessara nefnda;
   b. eftirlit með félagsmálastofnunum borgarinnar og frumkvæði að eflingu félagsmálastarfs í Reykjavík;
   c. áætlanir um byggingu félagsmálastofnana, starfsliðsþörf og menntun starfsfólks;
   d. tillögugerð að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar, að því er tekur til félagsmála.

   Félagsmálaráð er svo skipað, að í því eiga sæti 7 menn: Borgarstjóri eða fulltrúi hans, og er hann jafnframt formaður, og 6 menn kosnir hlutfallskosningu af borgarstjórn og jafnmargir til vara. Kjörtímabil félagsmálaráðs er hið sama og borgarstjórnar. Borgarstjórn getur leyft, að flokkur, sem á fulltrúa í borgarstjórn, en ekki kjörinn fulltrúa í félagsmálaráði, megi tilnefna fulltrúa (varafulltrúa) til að sitja fundi með málfrelsi og tillögurétti.
3. Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar fer með framkvæmd á ákvörðunum félagsmálaráðs.
   Verkefni hinnar nýju félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar verða því sem hér segir:
   a. starfsemi, sem áður heyrði undir Skrifstofu félags- og framfærslumála, þ. e. framfærslumál, félagsmál, húsnæðismál og ellimál;
   b. rekstur barnaheimila (vistheimila) og umsjón með rekstri barnaheimila Barnavinafélagsins Sumargjafar;
   c. barnaverndarstarf, að svo miklu leyti sem lög um vernd barna og ungmenna heimila. Er skrifstofa barnaverndarnefndar deild í Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar;
   d. áfengisvarnarstarf, sbr. þó lög nr. 58/1954, og samstarf við áfengisvarnadeild Heilsuverndarstöðvar.
4. Stefna skal að því, að öll félagsmálastarfsemi borgarinnar verði á einum stað í sameiginlegu húsnæði.

Sþ. 404. Þingsályktun [81. mál]

um aðild Íslands að GATT og Genfarbókun.

(Afgreidd frá Sþ. 20. marz.)

Samhljóða þskj. 173.

Nd. 405. Breytingartillögur [158. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 1. gr. Fyrir „1500“ í 9. tölulið kemur: 1000.
2. Við 4. gr. 2. málsl. 1. töluliðar orðist svo:
   Þá skal við gerð framkvæmdaáætlunar, sem samkv. b-lið 4. gr. laga nr. 49/1967 skal fylgja tillögum um fjárveitingar 1969, sérstaklega taka til athugunar eldri fjárveitingar til skóla barna- og unglingastigs, sem eru ekki enn komnir á framkvæmdaáætlun og væntanlegur nemendafjöldi er minni en 30, enda hafi ekki komið til sameining hreppa í skólahverfi.
3. Við 7. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
   Skipulagsbreytingar samkvæmt grein þessari skulu koma til framkvæmda, þegar menntamálaráðherra ákveður.

Nd. 406. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur haft frumvarpið til athugunar á nokkrum fundum. Hagsýslustjóri, Gísli Blöndal, hefur mætt á fundunum og veitt nefndinni þær upplýsingar, sem nefndarmenn óskuðu eftir.

Þegar ljóst var eftir s. l. áramót, að sjávarútvegurinn og fiskvinnslustöðvarnar þyrftu á meiri aðstoð að halda en gert hafði verið ráð fyrir, ákvað ríkisstjórnin að beita sér fyrir slíkri aðstoð. Greiðsluafgangur sá, sem fjárlög fyrir árið 1968 gerðu ráð fyrir, nægði ekki til þeirrar aðstoðar, þar sem fyrirhugaðar voru á þessu ári miklar tollalækkanir, sem nú hafa verið samþykktar á Alþingi.

Með greiðsluafgangi fjárlaga svo og auknum tekjum vegna hækkaðs söluverðs á áfengi og tóbaki er gert ráð fyrir fjármagni, sem nemur um 130 milljónum króna. En fjárhagsaðstoð sú, sem nauðsynlegt er talið að veita sjávarútvegi og fiskiðnaði, er um 320 millj. kr.

Með frumvarpi þessu leggur ríkisstjórnin til í samræmi við þá stefnu sína, að ríkissjóður sé rekinn hallalaust, að fremur en hækkaðir verði skattar, lækki annars vegar nokkrir útgjaldaliðir fjárlaga, en hins vegar séu nokkrar framkvæmdir fjármagnaðar með lánum innan ramma framkvæmdaáætlunarinnar. Með því á að vera unnt að tryggja þær 200 millj. kr., sem þarf til þess, að hægt sé að veita áðurgreinda aðstoð. Auk þess er lagt til í frumvarpinu, að gerðar verði í ríkisrekstrinum nokkrar skipulagsbreytingar, sem talið er að leiði til töluverðs sparnaðar og hagkvæmni í framkvæmd, þó að þess gæti lítið á þessu ári.

Meiri hluti fjárhagsnefndar telur tvímælalaust rétt, að forðast beri hallarekstur hjá ríkissjóði, en það er kunnara en frá þurfi að segja, að á undanförnum mánuðum hafa steðjað að efnahagsörðugleikar vegna aflabrests og verðfalls íslenzkra afurða á erlendum mörkuðum. Slíkt leiðir að sjálfsögðu til þess, að ekki verður í allt ráðizt, sem æskilegt væri, hvorki hjá einstaklingum né ríkissjóði. Undir slíkum kringumstæðum verður að draga sem unnt er úr útgjöldum ríkissjóðs svo og auka á hagkvæmni í ríkisrekstrinum, ella yrði að grípa til skattahækkana.

Meiri hluti fjárhagsnefndar mælir því með, að frumvarpið verði samþykkt með breytingum, sem fluttar eru á þskj. 405 og gerð verður grein fyrir í framsögu.

Alþingi, 21. marz 1968.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Guðl. Gíslason.
	Gunnar Gíslason.	

Ed. 407. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um áskorunarmál, viðauka við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 21. marz 1968.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Björn Fr. Björnsson.
Einar Ágústsson.	Sveinn Guðmundsson.	Karl Guðjónsson.
	Auður Auðuns.	

Ed. 408. Breytingartillaga [136. mál]

við brtt. á þskj. 378 [Fræðsla í fiskirækt og fiskeldi].

Frá landbúnaðarráðherra.

Aftan við tillgr. bætist: ef það þykir betur henta en að öll fræðsla og leiðbeiningar um fiskirækt verði á vegum Veiðimálastofnunarinnar.

Ed. 409. Frumvarp til laga [14. mál]

um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 21. marz.)

Samhljóða þskj. 14 með þessum breytingum:

10. gr. hljóðar svo:
Sá einn getur fengið hið meira skipstjóraskírteini á fiskiskipi, sem:

a. staðizt hefur fiskimannapróf 2. stigs við stýrimannaskólana í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum;
b. hefur verið í 18 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;
eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og 12 mánuði undirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;
eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði;

eða: hefur verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir í 6 mánuði og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði;
c. er lögráður;
d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

12. gr. hljóðar svo:
Sá einn getur fengið hið meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi, sem:
a. staðizt hefur fiskimannapróf 2. stigs við stýrimannaskólana í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum;
b. hefur eftir 15 ára aldur verið háseti í 36 mánuði á skipi stærra en 12 rúmlestir, þar af a. m. k. 18 mánuði á skipi stærra en 30 rúmlestir;
eða: hefur verið 6 mánuði skipstjóri eða 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 12 rúmlestir og 12 mánuði á skipi yfir 30 rúmlestir;
c. er eigi yngri en 19 ára að aldri;
d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

16. gr. hljóðar svo:
Sá einn getur fengið stýrimannsskírteini á verzlunarskipi, sem:
a. hefur staðizt farmannapróf 3. stigs við Stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. hefur verið háseti eftir 15 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 48 mánuði;
eða: hefur verið háseti eftir 15 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 24 mánuði, og auk þess háseti á fiskiskipi yfir 30 rúmlestir í 24 mánuði;
c. er lögráður;
d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

Nd. 410. Frumvarp til laga [8. mál]

um sölu á prestssetursjörðinni Setberg o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed., 21. marz.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að bjóða til sölu og selja, ef viðunandi tilboð fást, eftirtaldar fasteignir ríkisins:

Prestssetursjörðina Setberg í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, að undanskilinni Melrakkaey.

Húseignina Tómasarhaga 15 í Reykjavík.

Húseignina Brekkugötu 18, Hafnarfirði.

Húseignina Vesturbraut 2, Grindavík.

Prestsseturshúsið á Húsavík.

Húseignina Melgerði 10 í Kópavogi.

Prestssetursjörðina Velli í Svarfaðardal, enda hafi Svarfaðardalshreppur forkaupsrétt á jörðinni.

Þá er ríkisstjórninni heimilað að fá Skátafélagi Akraness til umráða með nánar tilteknum skilmálum spildu úr landi kirkjujarðarinnar Stóru-Drageyrar í Skorradal, allt að 700 metra meðfram Skorradalsvatni og upp í fjallshlíð.

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að afhenda Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja til umráða allt að 50 hektara úr svonefndum Móadal í landi prestssetursjarðarinnar Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd, svo og aðgang að hálfum hektara á sjávarströnd jarðarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 411. Lög [36. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

(Afgreidd frá Nd. 21. marz.)

Samhljóða þskj. 287.

Nd. 412. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Bjargráðafrumvörp ríkisstjórnarinnar á Alþingi því, er nú situr, eru þegar orðin býsna mörg og ærið sundurleit. Þetta síðasta er um sparnað í ríkisrekstri.

Þegar fjárlög voru afgreidd frá Alþingi skömmu fyrir jól, var þingheimi tjáð, að gætt hefði verið ráðdeildar og sparnaðar til hins ýtrasta. Nú, tæpum þrem mánuðum síðar, kemur á daginn, að „spara“ mátti 200 milljónir á fjárlögunum — að dómi ríkisstjórnarinnar sjálfrar.

Það virðist vera orðinn fastur liður í stjórnaraðgerðum núverandi ríkisstjórnar að breyta meira og minna einstökum liðum fjárlaga þegar í upphafi fjárlagaárs. Þannig eiga menn nú stöðugt yfir höfði sér, að þær fjárveitingar, sem samþykktar eru á jólaföstu, verði dregnar til baka á útmánuðum.

Þetta er vægast sagt mjög óheppileg þróun. En hún speglar glögglega þá ringulreið og það stjórnleysi, sem í vaxandi mæli auðkennir valdaferil núverandi ríkisstjórnar.

Útþensla ríkisbáknsins hefur aldrei verið hrikalegri en í tíð þessarar ríkisstjórnar. Það mætti því kalla tíðindi, ef nú væri raunverulega brotið blað og boðuð stefnubreyting í þessum efnum. En áður en því er slegið föstu, að svo sé, mun ráðlegra að athuga „sparnaðar“-frumvarpið nokkru nánar.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins á að „spara“ 138 milljónir króna á 30 liðum fjárlaga. Af þeirri fjárhæð nemur skertur stuðningur við sjávarútveginn 45 milljónum, og mun mörgum sýnast, að hér sé dregið við dýgstu mjólkurkúna til lítilla hagsbóta fyrir búskapinn í heild.

Sumar sparnaðartillögur samkv. 1. gr. virðast næsta lauslega undirbyggðar, svo sem tölul. 5, rekstur skóla, og tölul. 14 og 15, um mat sjávarafurða.

Aðrar sýnast óundirbúnar með öllu, sbr. tölul. 19, löggæzla. En um þann lið segir í athugasemd, að „ákveðin niðurstaða liggur ekki enn fyrir um það, hvernig hagað verði niðurskurði hins almenna löggæzlukostnaðar.“

Undir 25. og 26. tölulið er lagt til að hætta að reikna pósti og síma þóknun fyrir framkvæmd orlofslaga og laga um skyldusparnað. Með því á að „spara“ rúmar 8 milljónir! Sér þó hver maður, að hér er um hreint sýningaratriði að ræða, þar sem póstur og sími er ríkisstofnun, rekin í beinum tengslum við ríkissjóð, og breyting á rekstrarafkomu þeirrar stofnunar kemur þegar í stað fram í afkomu ríkissjóðs.

Í 2. gr. frv. er lagt til að fella niður fjárveitingar til menntaskólanna, 25.6 millj. kr., og til Landspítalans 37 millj. Jafnframt á að heimila ríkisstjórninni að afla lánsfjár til þessara framkvæmda. Er þetta í samræmi við ýmsar fyrri tiltektir stjórnarflokkanna, að ýta sem mestu á undan sér af kostnaði við framkvæmdir ríkisins.

Hliðstæð ákvæði er að finna í 1. gr., t. d. varðandi kostnað við framkvæmd laga um hægri umferð. Þar á að „spara" 18.4 millj. með því að heimila lántöku.

Í frumvarpinu er lagt til, að fræðslumálaskrifstofan, fjármálaeftirlit skóla og fræðslumyndasafn ríkisins skuli verða deildir í menntamálaráðuneytinu og að íþróttafulltrúi og bókafulltrúi verði starfsmenn sama ráðuneytis. Einnig er lagt til að gerbreyta ákvæðum laga um námsstjóra. Að dómi 1. minni hluta fjárhagsnefndar er hér fjallað um þýðingarmikla þætti menntamála þjóðarinnar á gersamlega ótilhlýðilegan hátt.

Fræðslumálaskrifstofan er t. d. gömul og gróin stofnun. Í viðkomandi löggjöf er fjallað um mörg veigamikil framkvæmdaatriði fræðslumálanna. Hér er lagt til að fella að fullu úr gildi lög nr. 35/1930, um fræðslumálastjórn, án þess að nokkuð komi í staðinn — nema ákvæðið um, að Fræðslumálaskrifstofan skuli vera deild í menntamálaráðuneytinu.

Vel má vera, að full þörf sé á því að endurskoða og breyta tilhögun yfirstjórnar fræðslumála. En þau vinnubrögð, sem hér eru viðhöfð, taka engu tali. Þessi atriði í sparnaðarbálki ríkisstj. ber að leggja fyrir Alþingi í sérstöku frv., sem síðan yrði fjallað um í menntamálanefndum beggja þingdeilda, svo sem þingsköp mæla fyrir.

Sparnaðarviðleitni ríkisstjórnarinnar, eins og hún kemur fram í frv. þessu, orkar ekki miklu. Raunverulegur sparnaður í ríkisrekstrinum nemur aðeins litlum hluta af þeirri fjárhæð, sem frv. fjallar um. Að meginhluta er um að ræða annars vegar lántökur, er komi í stað beinna fjárveitinga, og hins vegar skertan stuðning við undirstöðuatvinnuvegi landsmanna, auk þess sem breytt er tölum í útgjaldaáætlun, án þess að raunhæfur undirbúningur hins meinta sparnaðar hafi farið fram.

1. minni hl. fjárhagsnefndar vill þó ekki beita sér gegn samþykkt frv., en leggur fram nokkrar brtt. á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 21. marz 1968.

Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Magnús H. Gíslason.

Nd. 413. Breytingartillögur [158. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar (VH, MG).

1. Við 1. gr. 13., 16. og 17. töluliðir falli niður.
2. Við 5. gr. Greinin falli niður.
3. Við 7. gr. Greinin falli niður.
4. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

   Ríkisstjórninni er heimilt að fela Landnámi ríkisins að hafa forgöngu um, að komið verði upp í tilraunaskyni og í samvinnu við búnaðarsamböndin heyköggla- og fóðurbirgðastöðvum á 3—4 stöðum á Norður- og Austurlandi, og verja til undirbúnings slíkra framkvæmda hluta af því fé, sem Landnámi ríkisins er veitt á fjárlögum fyrir árið 1968, skv. lögum nr. 75 frá 1962.

Nd. **414. Nefndarálit** [158. mál

um frv. til l. um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Aðalefni frumv. er um það að veita ríkisstjórninni heimild til að lækka ýmis útgjöld á nýlega samþykktum fjárlögum ársins 1968 um 138.2 milljónir króna. Í rauninni er frv. einn liður í tillögugerð ríkisstjórnarinnar um sérstakar ráðstafanir í efnahagsmálum, sem hún hefur flutt á þessum vetri.

Þegar Alþingi kom saman í októbermánuði s.l., lagði ríkisstjórnin fram frumv. til fjárlaga fyrir árið 1968 og gerði um leið grein fyrir ýmsum þeim ráðstöfunum í efnahagsmálum, sem hún taldi nauðsynlegt að gera.

Það vakti sérstaka athygli við þá greinargerð, að stjórnin taldi nauðsynlegt að leggja enn á ýmsa nýja skatta og draga jafnframt úr greiðslum ríkissjóðs í sambandi við lækkun á vöruverði. Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1968 var við það miðað, að enn ætti að hækka heildarútgjöld ríkissjóðs frá því, sem þau höfðu hæst orðið áður. Þannig vildi ríkisstjórnin á s. l. hausti mæta vaxandi efnahagserfiðleikum þjóðarinnar með hækkandi verði á nauðsynjavörum almennings, nýjum skattaálögum, vaxandi þenslu í ríkiskerfinu og auknum ríkisútgjöldum.

Ríkisstjórnin lagði mikla áherzlu á það í málflutningi sínum, að þjóðin sem heild hefði á árinu 1967 orðið fyrir miklu efnahagslegu áfalli vegna minni fiskafla en áður og mikils verðfalls á erlendum mörkuðum. Hún boðaði því, að nú yrðu allir að taka á sig nokkra kjaraskerðingu og sætta sig við minni tekjur en áður. Í samræmi við þann boðskap lagði hún svo fram efnahagsmálafrumvarp sitt, sem gerði ráð fyrir almennri kauplækkun, sem nam 7½%.

Þrátt fyrir boðskapinn um, að nú yrðu allir að sætta sig við minna ráðstöfunarfé en áður, hélt stjórnin sér fast við það, að ríkissjóður yrði að fá auknar tekjur og útgjöld ríkisins og ríkisstofnana að aukast. Samkvæmt þeirri stefnu voru fjárlögin fyrir árið 1968 afgreidd og tillögur frá okkur Alþýðubandalagsmönnum um sparnað felldar.

Tillögur ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum hafa verið margar á þessum vetri og býsna furðulegar.

Fyrst var talið, að efnahagsaðgerðir, sem boðaðar voru í sérstöku frumvarpi og aðallega miðuðu að auknum tekjum ríkissjóðs og að því að skerða launatekjur vinnandi fólks um 7½%, mundu nægja til þess að bjarga við efnahagsástandinu.

Síðan kom til gengislækkun, sem nam hækkun á verði erlends gjaldeyris frá 20—32%, og þá þótti rétt að hafa gengislækkunina til viðbótar fyrri efnahagsaðgerðum.

Eftir gengislækkunina var fullyrt, að allir helztu þættir útflutningsframleiðslunnar ættu að bera sig án sérstakra styrkja frá ríkinu. Nokkrum vikum síðar kom þó í ljós, að semja varð um greiðslur til stuðnings bátaútgerðinni á vetrarvertíð og rekstri frystihúsanna um fjárhæð, sem nam 320 milljónum króna á árinu 1968. Og enn er eftir að semja um starfsgrundvöll síldarútgerðarinnar, og má telja alveg víst, að þar þurfi að koma til verulegur fjárstuðningur.

Þegar gengislækkunin var ákveðin 24. nóv. s. l., þótti auðsætt, að tekjur ríkissjóðs hlytu að aukast mikið hennar vegna, og þá lofaði fjármálaráðherra að lækka tolla sem næmi 250 millj. króna á ársgrundvelli. Nokkrum vikum síðar komst ráðherra að þeirri niðurstöðu, að við þetta loforð væri ekki hægt að standa og tollalækkunin gæti því ekki orðið nema 159 milljónir króna.

Við afgreiðslu fjárlaganna fyrir jólin taldi fjármálaráðherra útilokað að koma við nokkrum sparnaði í rekstri ríkisins og sagði, að tillögur okkar Alþýðubandalagsmanna þar um væru ekki framkvæmanlegar. Nú telur ráðherrann sig geta sparað um 138.2 milljónir króna á yfirstandandi ári.

Sparnaður sá, sem felst í frv., er góðra gjalda verður. Hann er að vísu ekki mikill og því miður allmiklu minni en fjármálaráðherrann vill vera láta. Nokkrar af sparnaðartillögum ráðherrans geta með engu móti kallazt því nafni að heita sparnaður, en í frv. er þó um nokkurn sparnað að ræða, sem út af fyrir sig ber að meta.

Ég get samþykkt þá liði frv., sem miða að raunverulegum sparnaði og miða að því að draga nokkuð úr óeðlilegri þenslu í ríkiskerfinu.

En ég er andvígur því, að ríkið felli niður eða dragi úr lögbundnum greiðslum til þeirra stofnana atvinnuveganna, sem efla undirstöðuna í efnahagslífi þjóðarinnar. Þannig tel ég óhæft að fella niður greiðslu ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs og draga úr lögbundnu framlagi til Aflatryggingasjóðs. Ég tel líka rangt að draga úr framlagi til undirstöðurannsókna, eins og virkjunarrannsókna, jarðborana og vatnarannsókna, og rangt að fella niður framlög til öryggisráðstafana.

Ég tel hins vegar, að sparnaðurinn ætti að vera miklu meiri en gert er ráð fyrir í frv. í ýmsum rekstri ríkisins og ríkisstofnana. Þannig legg ég til, að sparað verði meira en gert er ráð fyrir í frv. á lögregluhaldi á Keflavíkurflugvelli og meira sparað í utanríkisþjónustunni. Ég tel, að leggja eigi niður sendiráðið hjá NATO í Brüssel, en það mun kosta yfir 5 milljónir króna á ári. Þá tel ég, að lækka eigi meira en ráðgert er í frv. almennan lögreglukostnað, sem nú er orðinn rúmlega 130 milljónir króna. Ég legg til, að sá kostnaður lækki um 13.6 milljónir króna. Ég legg einnig til að lækka bifreiðakostnað ríkisins meira en lagt er til í frv., eða um 2 milljónir króna. Þá geri ég tillögu um, að tillag til Atlantshafsbandalagsins og til Þingmannasambands NATO falli niður, en þær greiðslur nema 2 652.000 kr. Þá geri ég tillögu um, að ríkisstjórninni verði falið að lækka almennan rekstrarkostnað ríkis og ríkisstofnana um 50 milljónir króna á árinu 1968, en slík lækkun er tæplega 1% af heildarútgjöldunum.

Mér er ljóst, að rétt hefði verið að lækka útgjöldin enn þá meira en ég geri tillögur um, og ég efast ekki um, að það væri hægt án þess að skerða á nokkurn hátt gagnlega þjónustu ríkisins. En ég þykist vita af reynslunni, að vonlítið sé að fá meira samþykkt í þeim efnum en það, sem ég flyt nú, og læt því bíða til síðari tíma að gera tillögur um frekari lækkun.

Frumvarpið er spor í rétta átt hvað sparnað áhrærir, en það nær of skammt.

Í frumv. eru auk fjárlagabreytinga nokkur önnur ákvæði, eins og um fyrirhugaðar breytingar á skipulagi fræðslumála. Þær breytingar geta átt rétt á sér, en eiga ekki heima í þessu frumvarpi. Ég mun við atkvgr. um málið samþykkja vissar tillögur frv., en greiða atkv. gegn öðrum, og mun það koma nánar fram við atkvæðagreiðslu um málið.

Alþingi, 22. marz 1968.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 415. Breytingartillögur [158. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 1. gr.

		Þús. kr.
a.	Við 11. lið. Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli.	
	Í stað „2 000“ komi	4 000
b.	Við 12. lið. Utanríkisþjónusta.	
	Í stað „3 000“ komi	6 000
c.	Við 12. lið. Nýr liður:	
	Tillag til Atlantshafsbandalagsins og Þingmannasambands NATO (1 02 300 09 og 23)	2 652

	Þús. kr.
d. Við 19. lið. Löggæzla.	
Í stað „6 800“ komi	13 600
e. Við 28. lið. Ríkisbifreiðar.	
Í stað „1 000“ komi	2 000
f. Við 30. Nýr liður:	
Lækka skal almennan rekstrarkostnað ríkisins og ríkisstofnana frá því, sem áætlað er í fjárlögum 1968, um	50 000

Nd. 416. Breytingartillaga [8. mál]

við frv. til l. um sölu á prestssetursjörðinni Setberg o. fl.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er og heimilt að afhenda ábúandanum á nýbýlinu Tungunesi til eignarumráða vegna landskemmda af völdum vegagerðar spildu úr landi prestssetursins Háls í nesinu austan Fnjóskár.

Ed. 417. Frumvarp til laga [170. mál]

um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

Í lögum þessum merkja:

Fiskur: Fiskur, sem veiddur er í sjó, þar með talin síld, krabbadýr og skeldýr, og ætlaður er til manneldis.

Fiskafurðir: Afurðir, sem framleiddar eru úr fiski veiddum í sjó og ætlaðar eru til manneldis.

Eftirlit: Reglubundnar skoðanir og sýnishornataka, þegar hún á við, til að fylgjast með framleiðsluskilyrðum og framleiðsluháttum fyrirtækis og meðferð, gæðum og flokkun vöru.

Mat: Skoðun og flokkun vörunnar allrar með tilliti til ákveðinna gæðaflokka eða staðla.

Lög þessi taka ekki til saltsíldar.

2. gr.

Allur fiskur, sem landað er, skal háður eftirliti, þar til hann hefur verið unninn eða honum ráðstafað á annan hátt.

Allur fiskur eða fiskafurðir, sem fluttar eru út, skulu háðar eftirliti eða vera metnar, nema hvort tveggja sé. Undanþegnar eru þó sýnishornasendingar, svo og eigin afli, er fiskiskip flytja á erlendan markað, enda hafi hann ekki verið lagður hér á land. Setja má reglur um þennan útflutning.

3. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skal, að fengnu áliti Fiskmats ríkisins, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og helztu samtaka útvegsmanna, sjómanna og eigenda fiskvinnslustöðva, setja reglugerðir og erindisbréf um framkvæmd laga þessara, og

sé þar meðal annars kveðið á um eftirtalin atriði til tryggingar því, að fiskur og fiskafurðir, sem fluttar eru út frá Íslandi, séu góð og heilnæm vara:

1. Búnað og þrif fiskiskipa, fiskvinnslustöðva og fiskflutningatækja.
2. Meðferð, geymslu og flutning á fiski og fiskafurðum.
3. Framleiðsluhætti, umbúðir og merkingu, svo og vörustaðla fyrir fisk og fiskafurðir.
4. Eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum.
5. Eftirlit með útskipun, hleðslu og meðferð fisks og fiskafurða við útflutning.
6. Útgáfu vottorða um eftirlit og mat fiskmatsins.
7. Bann við því, að verkaður sé fiskur undir tiltekinni lágmarksstærð eða fiskur, sem veiddur hefur verið á þeim svæðum eða árstíma, að ástæða sé til að ætla hann gallaðan.
8. Bann við því, að einstakar fiskvinnslustöðvar taki við meiri fiski en svo, að þær geti verkað hann, áður en hann skemmist.
9. Kröfur um menntun og reynslu forstöðumanna Fiskmats ríkisins og einstakra deilda þess, yfirfiskmatsmanna, fiskmatsmanna og verkstjóra við fiskverkun.
10. Starfssvið starfsmanna Fiskmats ríkisins.

Með samþykki ráðherra er fiskmatsstjóra heimilt að gefa út fyrirmæli um framkvæmdaatriði samkvæmt lögum þessum.

Reglugerðir og önnur fyrirmæli, sem settar hafa verið samkvæmt lögum nr. 46/1948 og nr. 42/1960, halda gildi sínu, eftir því sem við á.

4. gr.

Fiskmat ríkisins annast eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum samkvæmt lögum þessum. Sjávarútvegsmálaráðherra hefur yfirumsjón þeirra mála.

Fiskmat ríkisins skiptist í ferskfisk- og freðfiskdeild annars vegar og saltfisk- og skreiðardeild hins vegar.

Ráðherra getur fjölgað deildunum, þegar þörf krefur. Eftirlit með niðursuðuvörum og mat á meðalalýsi skal falið Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

5. gr.

Verkefni ferskfisk- og freðfiskdeildar eru eftirfarandi:

1. Eftirlit með búnaði og þrifum fiskiskipa, fiskvinnslustöðva og fiskflutningatækja.
2. Eftirlit með gæðum og meðferð nýs og ísaðs fisks, sem ætlaður er til vinnslu eða útflutnings.
3. Eftirlit með framleiðslu, meðferð, geymslu og útflutningi frysts fisks og fiskafurða.
4. Gæða- og stærðarflokkun á ferskum og frystum fiski, samkvæmt ákvörðun ráðherra.
5. Veiting leiðbeininga um vinnslu á fiski, sem er í verkahring hennar, þegar þörf gerist eða þess er óskað.

6. gr.

Verkefni saltfisk- og skreiðardeildar eru eftirfarandi:

1. Eftirlit með þrifum saltfisk- og skreiðarhúsa.
2. Eftirlit með framleiðslu, meðferð, geymslu og útflutningi saltfisks, saltaðra fiskafurða og skreiðar.
3. Gæðamat og stærðarflokkun á saltfiski og skreið til útflutnings.
4. Veiting leiðbeininga um verkun á saltfiski og skreið, þegar þörf gerist eða þess er óskað.

7. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins framkvæmir, í samráði við Fiskmat ríkisins og helztu samtök framleiðenda í hinum ýmsu framleiðslugreinum, þær rannsóknir og tilraunir, sem gera þarf vegna eftirlits og mats á fiski og fiskafurðum.

8. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar fiskmatsstjóra, deildarstjóra og yfirfiskmatsmenn að fenginni umsögn samtaka hinna ýmsu framleiðslugreina.

Nú skal skipa deildarstjóra eða yfirfiskmatsmann eða ráða mann til starfa við Fiskmat ríkisins, og skal þá áður leitað álits viðkomandi yfirmanns um umsækjendur.

9. gr.

Fiskmatsstjóri hefur á hendi stjórn Fiskmats ríkisins og yfirumsjón með öllu eftirliti og mati á fiski og fiskafurðum í landinu.

Deildarstjórar skulu vera tveir. Þeir veita forstöðu hvor sinni deild í Fiskmati ríkisins, sbr. 4. grein, og stjórna eftirliti og fiskmati, sem undir deildina fellur. Þeir hafa eftirlit með störfum yfirfiskmatsmanna.

Yfirfiskmatsmenn eru fulltrúar fiskmatsstjóra og deildarstjóra í einstökum landshlutum og hafa umsjón með öllu eftirliti og mati í umdæmi sínu. Þeir skulu vera svo margir sem þörf krefur og heimilað er í fjárlögum. Heimilt er, að yfirfiskmatsmaður annist fiskmat og eftirlit fyrir tvær deildir eða fleiri. Heimilt er að takmarka starfssvið þeirra við ákveðnar framleiðslugreinar. Fiskmatsstjóri getur kvatt yfirfiskmatsmann til starfa utan umdæmis hans, þegar sérstaklega stendur á og þörf krefur.

Ef yfirfiskmatsmaður tekst ferð á hendur til þess að annast fiskmatsstörf eða leiðbeiningar eftir sérstakri kröfu framleiðanda eða útflytjanda, skulu þeir greiða honum ferðakostnað og fæðispeninga fyrir þann tíma, sem hann nauðsynlega þarf að vera að heiman í þeim erindum, hvort tveggja eftir reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sér saman.

10. gr.

Fiskmatsmenn, er starfa á vegum Fiskmats ríkisins, skulu framkvæma, undir umsjón yfirfiskmatsmanna, eftirlit það og mat, sem lög þessi gera ráð fyrir.

Lögreglustjóri löggildir fiskmatsmenn, samkvæmt tilnefningu fiskmatsstjóra, og sér um, að þeir riti undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra.

Nánar skal kveðið á um ráðningu fiskmatsmanna, starfssvið þeirra og annað í reglugerð, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

Kaup fiskmatsmanna fyrir störf þeirra og annan kostnað af störfum þeirra við fiskmatið greiði eigendur fisksins þeim, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð um störf fiskmatsmanna.

11. gr.

Fiskmatsstjóri, deildarstjórar og yfirfiskmatsmenn hafa skyldur og njóta réttinda sem opinberir starfsmenn. Um laun þeirra fer eftir ákvæðum kjarasamninga ríkisstarfsmanna. Þeim er óheimilt að stunda nokkurn atvinnurekstur, sem lýtur að fiskverkun eða fiskverzlun, og taka við nokkurri þóknun frá eigendum fisks, fiskafurða og fiskvinnslustöðva, annarri en borgun þeirri, sem ákveðin er í lögum eða erindisbréfi þeirra.

12. gr.

Starfsmönnum Fiskmats ríkisins er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá nokkru því, sem leynt á að fara og þeir hafa fengið vitneskju um í starfi sínu.

13. gr.

Hver sá, sem ætlar að flytja úr landi fisk eða fiskafurðir, sem lög þessi taka til, skal tilkynna það hlutaðeigandi deildarstjóra eða yfirfiskmatsmanni með hæfilegum fyrirvara, enda fari hleðsla vörunnar í skip eða annað flutningatæki fram undir umsjón starfsmanna Fiskmats ríkisins.

Þeir, sem flytja út farma af fiski, skulu skyldir til að hafa hleðslustjóra með skipunum.

Hleðslustjórar skulu hlíta fyrirmælum yfirfiskmatsmanna um hleðslu skipa, að því er varðar mat, gæði, útlit og merkingu vörunnar.

Lögreglustjóri löggildir hleðslustjóra samkvæmt tilnefningu fiskmatsstjóra og sér um, að þeir riti undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra.

14. gr.

Hverjum þeim, sem veiðir, verkar eða verzlar með fisk eða fiskafurðir, sem lög þessi ná til, er skylt að gefa starfsmönnum Fiskmats ríkisins allar þær upplýsingar og veita þeim þá aðstoð, sem þeim er nauðsynleg við framkvæmd eftirlits og mats. Gildir þetta jafnt um upplýsingar um verkun, geymslu og flutning fisks og fiskafurða sem um upplýsingar um greiðslu skaðabóta eða um kvartanir vegna þess, að vara var gölluð eða umbúnaði hennar áfátt.

Starfsmönnum Fiskmats ríkisins er heimill aðgangur að hverjum þeim stað, þar sem fiskur eða fiskafurðir, sem lög þessi taka til, eru unnar eða geymdar. Þeim er einnig heimilt að taka án endurgjalds hæfilegt magn sýnishorna af fiski og fiskafurðum til rannsókna, enda verði eigendum fisksins eða fiskafurðanna skilað skriflegri skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar.

15. gr.

Fiskmatsstjóri, deildarstjórar, yfirfiskmatsmenn og matsmenn hafa vald til að stöðva móttöku fisks, svo og vinnslu, pökkun og útflutning fisks og fiskafurða, ef þrif og búnaður fiskiskips, fiskvinnslustöðvar eða fiskflutningatækis eða meðferð afla, gæði hráefnis eða fiskafurða, merking þeirra, umbúðir eða annar frágangur er ekki í samræmi við reglur, sem settar eru samkvæmt 3. grein laga þessara. Starfsmönnum Fiskmatsins ber þegar í stað að tilkynna yfirmanni sínum um stöðvun samkvæmt þessari málsgrein.

Nú hefur móttaka, vinnsla, pökkun eða útflutningur fisks eða fiskafurða verið stöðvaður samkvæmt heimild í 1. málsgr., og ber þá Fiskmati ríkisins að leyfa, að sá fiskur eða fiskafurðir, sem um er að ræða, verði hagnýttur til hverra þeirra nota, sem að þess dómi eru hæfileg. Því er einnig skylt að leyfa, að ráðin sé bót á vörugöllum, ef unnt er, og skal banni aflétt, er lagfæring hefur farið fram.

Fiskmatsstjóri úrskurðar, ef ágreiningur rís vegna fiskmats eða eftirlits, en skjóta má úrskurði hans um skilning á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim til sjávarútvegsráðuneytisins.

16. gr.

Nú er fersksíld, saltsíld, lýsi, niðursuðuvörur, fiskmjöl eða aðrar sjávarafurðir, sem eigi eru beinlínis háðar eftirliti eða mati Fiskmats ríkisins, seldar samkvæmt sýnishornum, eða afla þarf um afurðir þessar opinbers gæðavottorðs, er byggt sé á rannsókn sýnishorna, og skal þá fiskmatsstjóri fela fiskmatsmanni að framkvæma sýnishornatöku samkvæmt fyrirmælum rannsóknaraðila.

17. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra getur skipað 5 manna ráðgjafanefnd við Fiskmat ríkisins. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa og varafulltrúa í nefndina til fjögurra ára í senn:

Landssamband íslenzkra útvegsmanna, einn mann, Sjómannasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands sameiginlega einn mann, Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda og Samlag skreiðarframleið-

enda, sameiginlega einn mann, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Samband íslenzkra samvinnufélaga, sameiginlega einn mann.

Forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins á sæti í nefndinni og er hann jafnframt formaður hennar.

Varamaður forstjóra Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins skal tilnefndur af þeirri stofnun og er hann jafnframt varaformaður nefndarinnar.

Nefndin fylgist með rekstri Fiskmats ríkisins og er tengiliður milli þess annars vegar og sjávarútvegsins hins vegar. Nefndin skal vera ráðgefandi um framkvæmd laga þessara.

Ráðherra ákveður laun nefndarmanna.

18. gr.

Hver sá, er sekur gerist um brot á lögum þessum eða á reglum settum samkvæmt þeim, skal sæta sektum, og renna sektir í ríkissjóð.

Um mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála.

19. gr.

Kostnaður af framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Til að standa straum af kostnaði af framkvæmd ferskfiskeftirlits skal greiða útflutningsgjald af íslenzkum sjávarafurðum (öðrum en þeim er koma frá hvalveiðum og selveiðum), er nemi 1½‰ af fob-andvirði þeirra. Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru, og renna í ríkissjóð.

20. gr.

Frá gildistöku laga þessara falla eftirtalin lög úr gildi:

Lög nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski.

Lög nr. 42 9. júní 1960, um ferskfiskeftirlit.

Lög nr. 42 19. júní 1933, um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1968.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í árslok 1965 afhenti Fiskmatsráð sjávarútvegsmálaráðuneytinu uppkast af frumvarpi til laga um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum ásamt greinargerð. Í greinargerðinni segir m. a.:

„Í lögum um ferskfiskeftirlit frá 9. júní 1960 er kveðið svo á, að Fiskmatsráð, sem fer með yfirstjórn Ferskfiskeftirlitsins, skuli endurskoða á næstu tveim árum lög og reglur um fiskmat. Þann 14. september sama ár skipaði sjávarútvegsmálaráðuneytið eftirtalda menn til að taka sæti í ráðinu:

Bergstein Á. Bergsteinsson, fiskmatsstjóra,
Sverri Júlíusson, framkvæmdastjóra,
Othar Hansson, fiskiðnfræðing,
Hilmar Jónsson, sjómann,
Pétur Benediktsson, bankastjóra,
dr. Sigurð Pétursson og
dr. Þórð Þorbjarnarson.

Ráðuneytið skipaði jafnframt dr. Þórð Þorbjarnarson formann ráðsins. Fundarritari var ráðinn Sigurður Haraldsson, efnaverkfræðingur, annar framkvæmdastjóri Ferskfiskeftirlitsins, og hefur hann annazt gagnasöfnun fyrir ráðið og undirbúið fundi þess. Á miðju ári 1963 tilkynnti Othar Hansson, að hann gæti ekki

lengur tekið þátt í störfum ráðsins, þar eð hann væri að taka við starfi erlendis, og skipaði þá ráðuneytið Einar Kvaran framkvæmdastjóra, í hans stað.

Ráðið hóf endurskoðunina á því að semja tillögu að reglugerð fyrir Ferskfiskeftirlitið, og gaf sjávarútvegsmálaráðuneytið hana síðan út þann 13. jan. 1961.

Endurskoðunin lá síðan að mestu niðri, það sem eftir var árs 1961, vegna annarra verkefna.

Í jan. 1962 hófst endurskoðunin aftur, og aflaði ráðið þá upplýsinga og gagna um lög og reglur varðandi eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum í nágrannalöndum okkar, Danmörku og Noregi, og einnig í Kanada og Bandaríkjunum. Þessi gögn hafa síðan verið höfð til hliðsjónar við endurskoðunina.

Um þróun fiskmats og eftirlits á Íslandi.

Fiskmatsráð taldi, að því væri nauðsynlegt vegna endurskoðunarinnar að vita í stórum dráttum, hvernig fiskmat hefur þróazt hér á landi. Fer því hér á eftir mjög lauslegt yfirlit yfir þessa þróun, eins og hún birtist í lögum og reglugerðum um þessi mál:

Um 1850 kom fyrst opinberlega fram tillaga um það hér á landi, að komið yrði á mati á saltfiski, sem fluttur er úr landi. Lög um fiskmat voru þó ekki sett fyrr en 1909, en samkvæmt þeim skyldi allur saltfiskur, sem fluttur er út til Spánar og Ítalíu, vera metinn og flokkaður eftir gæðum af fiskmatsmönnum undir umsjón yfirfiskmatsmanns. Síðan voru sett lög um fiskmat á árunum 1921, 1922, 1931 og 1936, sem öll fjölluðu um mat á saltfiski, og efnislega voru þau aukin og endurbætt útgáfa af lögunum frá 1909. Árið 1935 samþykkti Alþingi síðan lög um fiskimatsstjóra, en þar segir, að atvinnumálaráðherra skipi matsstjóra, er hafi á hendi yfirstjórn alls fiskmats í landinu.

Skreiðarframleiðsla var að hefjast hér á landi um þetta leyti og freðfiskiðnaðurinn á byrjunarstigi. Árið 1936 var gefin út reglugerð um mat á harðfiski og um embætti skreiðarmatsstjóra, og var skreiðarmatið óháð saltfiskmatinu. Árið 1944 var síðan gefin út reglugerð um mat á freðfiski, þar sem gert er ráð fyrir eftirlitsmanni með freðfiski til aðstoðar fiskimatsstjóra. Sama ár er starfsheiti aðstoðarmannsins breytt með reglugerð og heitir hann eftir það yfirfiskimatsmaður. En þróunin var ör, og 1945 var stofnað embætti freðfiskmatsstjóra, og var það hliðstætt embætti fiskimatsstjóra.

Heildarlög um fiskmat, meðferð, verkun og útflutning á fiski voru síðan sett árið 1948. Með þessum lögum var allt fiskmat í landinu sameinað undir stjórn fiskmatsstjóra og embætti fiskimatsstjóra, skreiðarmatsstjóra og freðfiskmatsstjóra lögð niður, og hétu nú yfirmenn matsgreinanna yfirfiskmatsmenn. Lög þessi eru lítið breytt enn í dag.

Lög um ferskfiskeftirlit voru síðan sett á árinu 1960. Ferskfisknefnd vann að undirbúningi Ferskfiskeftirlitsins. Hún varð þó ekki sammála um, að það yrði lagt undir fiskmatsstjóra, þótt ýmsir nefndarmenn teldu það þá eðlilegu lausn málsins. Það varð því að ráði, að Ferskfiskeftirlitið var gert að sérstakri stofnun undir yfirstjórn Fiskmatsráðs. Ekki var þó til þess ætlazt, að þessi lausn yrði til frambúðar, og var endurskoðunarákvæðið í lögunum um ferskfiskeftirlit meðal annars sett til þess að kannað yrði til hlítar, hvort ekki væri hægt að sameina þessar stofnanir.

Sem stendur eru starfandi eftirtaldar opinberar eftirlits- og matsstofnanir: Fiskmat ríkisins, Ferskfiskeftirlitið, Síldarmat ríkisins, Lýsismatið og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, sem annast mat á niðursuðuvörum. Skyldumat er á freðfiski, skreið, saltfiski, lýsi, niðursuðuvörum og matjessíld, en frjálst mat á annarri saltsíld, auk þess er eftirlit með nýjum og ísuðum fiski og hann verð- og stærðaflokkaður.

Til samanburðar er fróðlegt að geta þess, að í Noregi er opinbert skyldumat á saltfiski, saltsíld, lýsi og niðursuðuvörum, og eftirlit er með ferskum fiski og að

einhverju leyti með freðfiski. Ekkert opinbert mat er á skreið, en það hefur verið í athugun, hvort rétt sé að taka það upp. Allt opinbert mat og eftirlit með fiski og fiskafurðum í Noregi er á vegum **fiskeridirektören** í Bergen, nema niðursuðumatið, sem falið er Hermetikkindustriens Kontrollinstitutt í Stavanger.

Um kostnað af eftirliti og mati á Íslandi.

Fiskiðnaðurinn rekur sjálfur umfangsmikið og kostnaðarsamt eftirlit til viðbótar við hið opinbera mat og eftirlit. Aðallega er hér um að ræða frystihúsin og sölusamtök þeirra, en síldarsaltendur leggja einnig í nokkurn kostnað. Fiskmatsráð taldi, að því væru nauðsynlegar upplýsingar um þennan kostnað í heild og hvernig hann skiptist og lét því gera athugun þar að lútandi, sem miðuð var við árin 1961 og 1964. Niðurstöðurnar fara hér á eftir. Á það skal bent, að margir liðir í töflunum eru áætlaðir, og getur nokkru skeikað um nákvæmni þeirra. Á þetta sérstaklega við um kostnað vegna skoðunarstúlkna í frystihúsum.

Heildarkostnaður landsmanna af mati og eftirliti hefur samkvæmt athuguninni numið kr. 18.5 milljónum árið 1961, en kr. 29.1 milljón árið 1964. Þegar hann er reiknaður sem hundraðshluti af verðmæti útfluttra sjávarafurða, fæst talan 0.698% árið 1961, en 0.664% árið 1964. Kostnaðurinn skiptist í stórum dráttum þannig, að greiðslur vegna opinbers mats og eftirlits námu kr. 11.0 milljónum (0.416%) árið 1961, en kr. 17.8 milljónum (0.406%) árið 1964. Greiðslur vegna eftirlits sölusamtakanna og einstakra framleiðenda námu hins vegar kr. 7.45 milljónum (0.282%) árið 1961, en kr. 11.3 milljónum (0.258%) árið 1964.

Reynt hefur verið að gera samanburð á kostnaði við mat og eftirlit hér á landi og hjá þeim þjóðum, sem okkur eru skyldastar. Samanburður þessi miðast eingöngu við árið 1961:

Heildarfjárveiting norska ríkisins vegna fiskmats og eftirlits nam kr. 20.3 milljónum árið 1961. Þessi tala er einna helzt sambærileg við kostnað okkar við opinbert mat og eftirlit, en hann nam kr. 11.0 milljónum, eins og að framan er sagt. Þegar þess er gætt, að sjávarafli Norðmanna var árið 1961 því nær helmingi meiri að magni en afli Íslendinga, virðast löndin verja hlutfallslega líkum upphæðum til opinbers mats og eftirlits. Ekki tókst að fá neinar upplýsingar frá Noregi um kostnað framleiðenda.

Ógerlegt reyndist að fá öruggar upplýsingar um kostnað Dana við mat og eftirlit, en samkvæmt ágizkun ráðuneytisstjórans í danska fiskimálaráðuneytinu, hefur kostnaður þess opinbera numið ísl. kr. 6.9 milljónum árið 1961. Vegna þess, hve fiskveiðar og fiskiðnaður Dana er frábrugðinn því, sem hér gerist, er mjög erfitt um samanburð. Þó virðist mega ætla, að mikill meiri hluti þessarar upphæðar fari til greiðslu á kostnaði við ferskfiskeftirlit. Sambærilegur kostnaður hér á landi nam kr. 3.75 milljónum árið 1961, og virðast því Danir hafa varið nær tvöfalt hærri upphæð til ferskfiskeftirlits en við, en aflamagnið var mjög líkt hjá báðum þjóðunum þetta ár.

Kostnaður af fiskmati og eftirliti með fiski og fiskafurðum 1961.

		Kostn. við opinb. mat og eftirl. kr.	Kostn. við eftirl. framleiðenda og sölusamtakanna kr.	Kostnaður alls kr.
Kostnaður þess opinbera:				
Ferskfiskeftirlitið (1½‰ af útfl.verðm.)	kr. 3 750 000.00			
Fiskmat ríkisins, skv. ríkisreikn.	— 2 279 376.31			
Síldarmat ríkisins, skv. ríkisreikn.	— 742 486.24			
Lýsismat, skv. ríkisreikn.	— 3 690.00			
		6 775 552.55		
		6 775 552.55		6 775 552.55
Kostnaður einstakra framleiðenda:				
Vegna útflutningsmats á:				
Saltfiski (kr. 50.00/tonn)	kr. 1 850 000.00			
Skreið (kr. 100.00/tonn)	— 950 000.00			
Freðfiski (20% af dagv.kaupi eins verkam. í hverju húsi)	— 1 000 000.00			
Saltsíld	— 253 627.65			
Lýsi (áætlað)	— 170 000.00			
		4 223 627.65		
Vegna skoðunarstúlkna í frystihúsum (áætlað)	kr. 4 000 000.00		4 000 000.00	
		4 223 627.65	4 000 000.00	8 223 627.65
Kostnaður sölusamtakanna:				
Freðfiskeftirlit sölusamtakanna (áætlað)	kr. 3 300 000.00			
Saltsíldareftirlit síldarútvegsnefndar (áætlað)	— 150 000.00		3 450 000.00	
			3 450 000.00	3 450 000.00
	Samtals kr.	10 999 180.20	7 450 000.00	18 449 180.20

Kostnaður af fiskmati og eftirliti með fiski og fiskafurðum 1964.

		Kostn. við opinb. mat og eftirl. kr.	Kostn. við eftirl. framleiðenda og sölusamtakanna kr.	Kostnaður alls kr.
Kostnaður þess opinbera:				
Ferskfiskeftirlitið (1½‰ af útfl.verðm.)	kr. 6 412 288.36			
Fiskmat ríkisins, skv. ríkisreikn.	— 4 286 226.22			
Síldarmat ríkisins, skv. ríkisreikn.	— 1 251 390.25			
		11 949 904.83		
		11 949 904.83		11 949 904.83
Kostnaður einstakra framleiðenda:				
Vegna útflutningsmats á:				
Saltfiski (kr. 80.00/tonn)	kr. 1 920 000.00			
Skreið (kr. 160.00/tonn)	— 1 850 000.00			
Freðfiski (20% af dagv.kaupi eins verkam. í hverju húsi)	— 1 600 000.00			
Saltsíld	— 257 087.75			
Lýsi	— 254 150.00			
		5 881 237.75		
Vegna skoðunarstúlkna í frystihúsum (áætlað)	kr. 7 000 000.00			
Vegna stærðarflokkunar	— 97 020.00		7 097 020.00	
		5 881 237.75	7 097 020.00	12 978 257.75
Kostnaður sölusamtakanna:				
Freðfiskeftirlit sölusamtakanna	kr. 4 000 000.00			
Saltsíldareftirlit síldarútvegsnefndar	— 200 000.00		4 200 000.00	
			4 200 000.00	4 200 000.00
	Samtals kr.	17 831 142.58	11 297 020.00	29 128 162.58

Viðræður við yfirfiskmatsmenn og forráðamenn sölusamtaka.

Á fundum ráðsins var hver fiskmatsgrein rædd sérstaklega, og mættu yfirfiskmatsmennirnir og forsvarsmenn hlutaðeigandi sölusamtaka á þessum fundum. Síldarmatið var einnig til umræðu á sérstökum fundi, og mætti síldarmatsstjóri þar.

Í umræðunum kom meðal annars fram, að framkvæmdastjórar sölusamtakanna fyrir saltfisk og skreið óskuðu ekki eftir neinum meiriháttar breytingum á framkvæmd matsins. Hins vegar lögðu þeir, ásamt fiskmatsstjóra og hlutaðeigandi yfirfiskmatsmönnum, sérstaka áherzlu á nauðsyn þess, að nægjanlegur fjöldi fiskmatsmanna væri ávallt til reiðu til þess að meta saltfisk og skreið. Töldu þeir, að brátt myndi horfa til vandræða með mat á þessari vöru vegna vöntunar á hæfum matsmönnum, nema gerðar yrðu ráðstafanir til þess að bæta kjör fiskmatsmanna.

Ekki ríkti sami einhugur með forráðamönnum frystihúsanna og embættismönnum Fiskmats ríkisins. Lögðu þeir síðarnefndu á það áherzlu, að útflutningsmatinu væri nauðsynlegt að hafa óháða opinbera matsmenn í hverju frystihúsi, eða því sem næst. Töldu þeir það fyrirkomulag, að verkstjórar frystihúsanna hefðu matsstörfin sem aukastörf, allsendis ófullnægjandi. Forráðamenn frystihúsanna voru hins vegar á öðru máli og vildu ekki, að hið opinbera yki afskipti sín af framleiðslu frystihúsanna að svo komnu máli.

Þar sem ekki er fjallað um þörf saltfisk- og skreiðarframleiðslunnar fyrir matsmenn í tillögum ráðsins, vill það taka hér fram, að það styður eindregið þau tilmæli, að kjör matsmanna verði bætt svo, að nægjanlegur fjöldi þeirra verði alltaf til reiðu til þess að meta saltfisk og skreið. Ráðið telur, að meðan lögboðið er, að saltfiskur og skreið skuli metin, hljóti hið opinbera að sjá til, að starfslið sé fyrir hendi til þess að framkvæma matið.

Um matsmennina í frystihúsunum er fjallað í skýringunum á tillögum ráðsins.

Niðurstöður og tillögur Fiskmatsráðs.

Eins og þegar er sagt, var það eitt af fyrstu verkefnum Fiskmatsráðs að undirbúa reglugerð um ferskfiskeftirlit, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið síðan gaf út í byrjun árs 1961. Að þessu verki loknu taldi ráðið, að það hlyti að takmarka endurskoðunina við lög um fiskmat, einkum vegna þess að tilgangslítið er að endurskoða reglugerðir, sem gefnar eru út samkvæmt lögum, sem sjálf eru í endurskoðun. Er það skoðun ráðsins, að vart sé tímabært að endurskoða fleiri reglugerðir, fyrr en lögin hafa hlotið endanlega afgreiðslu. Reglugerðir eru líka þess eðlis, að endurskoðun þeirra hlýtur að gerast á löngum tíma.

Endurskoðun laganna hefur verið við það miðuð að gera hið opinbera eftirlit og mat sem árangursríkast og að fiskiðnaðurinn fái sem mesta þjónustu fyrir það fé, sem varið er í þessu skyni. Einnig hefur verið tekið tillit til þess, að frystihúsin og sölusamtök þeirra reka umfangsmikið og kostnaðarsamt eftirlit, og því beri að haga hinu opinbera eftirliti og mati á þann hátt, að ekki verði um óþarfa tvíverknað að ræða.

Ráðið tók þá ákvörðun að skila tillögum sínum í formi frumvarps að lögum. Reynt hefur verið að greina betur en áður hefur verið gert milli aðalatriða, sem heima eiga í lögum, og framkvæmdaatriða og aukaatriða, sem bezt eru komin í reglugerðum. Ýms ákvæði eldri laga, sem ráðið telur, að frekar eigi heima í reglugerðum, hafa því ekki verið tekin í frumvarpið.

Frumvarpið fer hér á eftir, og fylgja skýringar einstökum greinum, þar sem ástæða hefur þótt til.

Hér verður aðeins rætt um veigamesta atriði frumvarpsins, sameiningu á starfsemi Fiskmats ríkisins og Ferskfiskeftirlitsins.

Ráðið telur, að stefna beri að því að eftirlits- og matsstörf þess opinbera á sviði fiskiðnaðar verði sameinuð í einni stofnun, og þó einkum þau störf, sem

skyldust eru, eins og ferskfiskeftirlit og útflutningsmat. Telur það, að við sameininguna verði matsstofnanirnar öflugri en þær eru nú, þær muni geta veitt betri þjónustu og nokkur von sé til þess, að sameiningin hafi fjárhagslegan sparnað í för með sér. Þá vill ráðið benda á, að tvívegis í sögu fiskmats hér á landi hefur svipuð sameining átt sér stað; í fyrra skiptið 1935 og í síðara skipið 1948.“

Tillögur Fiskmatsráðs hafa verið til athugunar í ráðuneytinu. Hafa tillögurnar verið ræddar við fulltrúa hinna ýmsu framleiðslugreina svo og þá starfsmenn hins opinbera er málið varðar. Enn fremur hefur farið fram athugun á því, að hve miklu leyti framkvæmd tillagnanna gæti haft sparnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Var niðurstaðan sú, að spara mætti verulegar fjárhæðir, ef framkvæmd tækist vel.

Frumvarp það, er hér er lagt fram, er að meginstofni til eins og Fiskmatsráð gekk frá því. Þó hafa verið gerðar á því nokkrar breytingar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins eru orðin fiskur, fiskafurðir, eftirlit og mat skilgreind. Nokkuð er á reiki, hve víðtæk merking er lögð í orðin fiskur og fiskafurðir, og hefur t. d. verið um það deilt, hvort humar og rækja væri fiskur í lagalegum skilningi og hvort lög um fiskmat næðu yfir þessar krabbategundir. Í greininni eru tekin af öll tvímæli um það, að í frumvarpinu nái orðin fiskur og fiskafurðir yfir humar og rækju og afurðir úr þeim.

Í frumvarpi, sem fjallar um eftirlit og mat, þykir óhjákvæmilegt að skilgreina þessi hugtök.

Um 2. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa, enda í samræmi við framkvæmd þessara mála í dag og gildandi löggjöf.

Um 3. gr.

Þessi grein fjallar um útgáfu reglugerða um framkvæmd laganna. Í gildandi reglugerðum og fyrirmælum er kveðið á um nær öll þau atriði, sem greinin mælir fyrir um að skipa skuli með reglugerð. Halda þær reglugerðir gildi sínu, eftir því sem við á, þar til nýjar hafa verið settar.

Í 7. lið greinarinnar er gert ráð fyrir, að bannað verði að verka fisk, sem er undir lágmarksstærð eða fisk, sem veiddur hefur verið á þeim svæðum eða árstímum, að ástæða sé til að ætla hann gallaðan. Stefnt er að því með ákvæðum þessum, að tryggja annars vegar samræmi milli gildandi friðunarráðstafana og reglugerða um eftirlit og mat og hins vegar að koma í veg fyrir, að verkaður sé fiskur, sem óhæfur er til matar, eins og t. d. skelfiskur, sem veiddur hefur verið of nærri mannabústöðum, og getur því verið sýktur.

Í 8. lið greinarinnar er gert ráð fyrir reglugerðarákvæðum, sem banni fiskvinnslustöðvum að taka við meiri fiski en þær komast yfir að verka, áður en hann skemmist. Ákvæði þetta kann að virðast óþarft, en reynslan hefur sýnt, að það getur verið gagnlegt, t. d. þegar gera þarf þá kröfu til áhafna fiskiskipanna, að þær slægi aflann eða hluta af honum, til þess að fiskvinnslustöðvarnar í landi hafi undan að verka hann, þótt hin almenna regla fyrirskipi ekki slægingu.

9. liður greinarinnar gerir ráð fyrir, að ráðherra setji reglugerðir um þær kröfur, er gera ber til menntunar og reynslu starfsmanna Fiskmats ríkisins svo og annarra fiskmatsmanna og verkstjóra við fiskverkun. Sjálfsagt þótti að setja þetta ákvæði í lögin, enda ljóst, að ekki er síður nauðsynlegt að gera ákveðnar kröfur til faglegrar þekkingar þessara manna en t. d. til búnaðar og þrifa í fiskvinnslustöðvum og fiskiskipum og meðferðar og gæða hráefnis, svo að eitthvað sé nefnt.

Næstsíðasta málsgrein greinarinnar gefur fiskmatsstjóra heimild til útgáfu fyrirmæla um framkvæmdaatriði, ef þurfa þykir og ráðherra samþykkir.

Um 4. gr.

Í 4. gr. segir, að Fiskmat ríkisins skuli annast framkvæmd eftirlits og mats á fiski og fiskafurðum samkvæmt lögunum. Þar er og fjallað um deildarskiptingu innan þess. Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir, að Ferskfiskeftirlitið og sá hluti af starfsemi Fiskmats ríkisins, sem lýtur að eftirliti og mati á freðfiski, renni saman í eina deild, er nefnist ferskfisk- og freðfiskdeild. Verkaskiptingin milli þessara tveggja aðila hefur frá byrjun verið tilviljunarkennd, enda erfitt að skilja þar á milli á rökréttan hátt, jafn nátengd og störfin eru. Er því talið heppilegt, að störf þessi séu hjá einni og sömu deild. Með því móti munu starfskraftar nýtast betur og minni hætta verður á árekstrum.

Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir, að saltfisk- og skreiðarmat verði í einni og sömu deild. Mat á saltfiski og skreið er að mestu framkvæmt af sömu fiskmatsmönnum og hentar það vel, þar sem saltfiskmat fer að mestu fram mánuðina marz til júlí, en skreiðarmat mánuðina september til febrúar. Með því að skipa saltfisk- og skreiðarmati í eina deild verður að ætla, að starfskraftar innan deildarinnar nýtist vel og að störfin verði samstillt.

Greinin hefur að geyma heimild til að fjölga deildum Fiskmatsins, og er því auðvelt að stofna slíka deild, er það þykir tímabært. T. d. hefur sú skoðun komið fram, að hentugt gæti verið að skilja þrifa- og heilbrigðismálin frá öðrum verkefnum Fiskmats ríkisins og stofna um þau sérstaka deild innan vébanda þess.

Greinin ákveður, að eftirlit með niðursoðnum vörum og mat á meðalalýsi sé falið Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Þessi störf byggjast að verulegu leyti á rannsóknum, og hefur Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins í framkvæmd annast þær. Er gert ráð fyrir, að sú framkvæmd haldist óbreytt. Hins vegar er nauðsynlegt að fella úr gildi lög nr. 42 1933, um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis, sem orðin eru úrelt og dauður bókstafur, og er gert ráð fyrir því í 19. gr. frumvarpsins.

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir neinum breytingum á Síldarmati ríkisins. Vel kæmi til greina, að síldarmatið sameinaðist Fiskmati ríkisins, ef það þætti hagkvæmt. Slík breyting verður þó ekki gerð nema með lögum. Yrði síldarmatið þá væntanlega sérstök deild innan Fiskmats ríkisins.

Um 5. gr.

Greinin telur upp verkefni ferskfisk- og freðfiskdeildar. Verkefnin eru þau sömu og Ferskfiskeftirlitið og sá hluti af starfsemi Fiskmats ríkisins, sem lýtur að mati og eftirliti á freðfiski, hafa nú á hendi. Þó er skýrt tekið fram, að ráðherra hafi óskorað vald til ákvörðunar um framkvæmd gæða- og stærðarflokkunar á ferskum og frystum fiski. Fer það eftir aðstæðum á hverjum tíma, að hve miklu leyti flokkun er framkvæmd, hvaða fyrirkomulag telst heppilegt í þessum efnum eða hvert framlag ríkið lætur í té.

Athygli skal vakin á því, að gert er ráð fyrir að deildin veiti leiðbeiningar um vinnslu á fiski, sem er í verkahring hennar, ef þörf gerist eða þess er óskað.

Um 6. gr.

Greinin telur upp verkefni saltfisk- og skreiðardeildar. Verkefnin eru þau sömu og sá hluti af starfsemi Fiskmats ríkisins, sem lýtur að mati og eftirliti á saltfiski og skreið, hefur nú á hendi. Enn fremur er deildinni ætlað að veita leiðbeiningar um verkun á saltfiski og skreið, þegar þörf gerist eða þess er óskað.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er kveðið svo á, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins framkvæmi, í samráði við Fiskmat ríkisins og helztu samtök framleiðenda í hinum ýmsu framleiðslugreinum, þær rannsóknir og tilraunir, sem gera þarf vegna eftirlits og mats á fiski og fiskafurðum. Þykir nauðsynlegt að setja þetta ákvæði í frumvarpið, þar sem fyrirsjáanlegt er, að eftirlit með fiskframleiðslu hlýtur að byggjast í vaxandi

mæli á vísindalegum rannsóknum. Gerlarannsóknir og ferskleikaprófanir á fiski, svo og rannsóknir á vatni og salti eru dæmi um það, sem þegar er gert í þessum efnum.

Um 8. gr.

Í þessari grein og tveimur næstu greinum er fjallað um stjórn og starfslið Fiskmats ríkisins, svo og um verkaskiptingu milli starfsmanna þess. Frumvarpið gerir ákveðnari og skýrari grein fyrir deildarskiptingu innan fiskmatsins en hin eldri lög gerðu.

Auk forstjórans, er nefnist fiskmatsstjóri, er gert ráð fyrir tveimur deildarstjórum, er veita forstöðu hvor sinni deild. Þessir þrír forstöðumenn Fiskmatsins koma í stað eftirtalinna manna, sem starfa samkvæmt gildandi lögum, en stöður þessara manna eru lagðar niður, ef frumvarpið verður að lögum: fiskmatsstjóra, þriggja yfirfiskmatsmanna, sem í samningi um laun ríkisstarfsmanna nefnast yfirfiskmatsmenn með sérþekkingu á skreið, saltfiski og freðfiski svo og tveggja framkvæmdastjóra Ferskfiskeftirlitsins.

Eftirlit og mat eru svo þýðingarmiklir þættir í framleiðslumálum fiskiðnaðarins, að leggja ber á það áherzlu, að sem hæfastir menn veljist til þessara starfa. Sjálfsagt þykir því að binda í lög, að forstöðumenn Fiskmatsins séu skipaðir að fenginni umsögn samtaka hinna ýmsu framleiðslugreina og að leitað sé umsagnar fiskmatsstjóra áður en aðrir starfsmenn Fiskmatsins eru skipaðir eða ráðnir til starfa.

Um 9. gr.

Þessi grein fjallar um verkaskiptingu og verksvið fiskmatsstjóra, deildarstjóra og yfirfiskmatsmanna.

Í 3. málsgr. segir, að yfirfiskmatsmenn skuli vera svo margir sem þörf krefur og heimilað er í fjárlögum. Gildandi lög ákveða að yfirfiskmatsmenn skuli vera átta alls og hvar þeir skuli vera staðsettir. Þessu lagaboði hefur ekki verið fylgt bókstaflega. Aukin útgerð og fjölbreyttari útflutningur hefur krafizt fjölgunar yfirfiskmatsmanna. Það er því ekki æskilegt eða heppilegt að binda fjölda yfirfiskmatsmanna í lögum. Gert er ráð fyrir, að heimilt sé að takmarka starfssvið þeirra við ákveðnar framleiðslugreinar.

4. málsgr. greinarinnar er samhljóða 9. gr. laga nr. 46 1948.

Um 10. gr.

10. gr. fjallar um störf fiskmatsmanna, er starfa á vegum Fiskmats ríkisins. Er gert ráð fyrir, að nánar verði kveðið á um ráðningu þeirra, starfssvið, og annað í reglugerð. 2. málsgr. greinarinnar er nær samhljóða síðustu málsgrein 12. gr. laga nr. 46 1948 og síðasta málsgrein greinarinnar er nær samhljóða 13. gr. sömu laga.

Um 11. gr.

Í 11. gr. segir, að fiskmatsstjóri, deildarstjórar og yfirfiskmatsmenn hafi réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Með hliðsjón af þessu þykir ástæðulaust að taka upp ákvæði eldri laga um undirritun eiðstafs eða kveða sérstaklega á um skaðabótaábyrgð þeirra.

Í þessu sambandi skal sérstaklega tekið fram, að tilgangurinn með opinberu mati og eftirliti er í veigamiklum atriðum sá, að tryggja eftir föngum, að ekki sé flutt út vara, sem ekki stenzt tilskildar kröfur um gæði. Eftirlitið eða matið felur hins vegar ekki í sér neina lagalega tryggingu fyrir gæðum vörunnar. Hin fjárhagslega eða viðskiptalega ábyrgð er eftir sem áður hjá framleiðanda eða útflytjanda.

Greinin er að öðru leyti efnislega samhljóða ákvæðum gildandi laga.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Þessi grein fjallar um tilkynningaskyldu við útflutning og hleðslu vörunnar í skip. Enn fremur er sérákvæði um hleðslustjóra, starfssvið þeirra og löggildingu. Ákvæði þessi eru í samræmi við gildandi ákvæði og framkvæmd þessara mála í dag.

Um 14. gr.

Í 14. gr. eru ákvæði um skyldur framleiðenda og útflytjenda til þess að veita starfsmönnum Fiskmats ríkisins upplýsingar og aðstoð, sem þeir þurfa á að halda í starfi. Enda þótt vitað sé, að upplýsingar þær, sem hér er átt við, hafi undantekningarlítið verið veittar, þykir nauðsynlegt að setja þessi ákvæði í lög til þess að taka af öll tvímæli um rétt Fiskmats ríkisins til þess að krefjazt þeirra.

Um 15. gr.

Fyrstu tvær málsgreinar þessarar greinar fjalla um stöðvunarvald Fiskmats ríkisins og eru þær efnislega í samræmi við gildandi ákvæði og framkvæmd þessara mála í dag.

Í lok greinarinnar er gert ráð fyrir, að fiskmatsstjóri hafi úrskurðarvald, ef ágreiningur rís vegna fiskmats og eftirlits. Ef ágreiningur verður milli Fiskmats ríkisins og framleiðenda um skilning á lögum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, má þó skjóta honum til úrskurðar sjávarútvegsmálaráðuneytisins. Fiskmatsráð hefur rætt það á fundum sínum, hvort æskilegt væri að koma á sérstakri dómnefnd, er fjallaði um meiri háttar ágreining, er rísa kynni út af mati og eftirliti, í líkingu við það sem Danir hafa komið á hjá sér. Fiskmatsráð komst að þeirri niðurstöðu, að slík dómnefnd væri ekki æskileg við þær aðstæður, sem hér eru.

Um 16. gr.

Í þessari grein, sem er nýmæli, segir að sýnishornataka af öðrum sjávarafurðum en beinlínis heyra undir Fiskmat ríkisins, eins og t. d. niðursuðuvörum, fiskimjöli og lýsi, skuli, þegar nauðsyn ber til, framkvæmd samkvæmt fyrirmælum fiskmatsstjóra. Öllum, sem til þekkja, er ljóst, að lengi hefur vantað löggiltan aðila, sem tekið gæti sýnishorn af útfluttum sjávarafurðum, og hefur það verið til mikils óhagræðis og verulegs tjóns fyrir sjávarútveginn. Vegna dreifbýlisins er erfitt að koma á sérstakri þjónustu við töku sýnishorna nema með ærnum tilkostnaði. Fiskmat ríkisins mun hins vegar hafa starfsmenn á flestum höfnum landsins, og er það án efa heppilegasti aðilinn til þess að taka að sér þetta starf.

Um 17. gr.

Við gildistöku þessara laga hættir Fiskmatsráð störfum. Hagkvæmt gæti verið, að ráðgjafarnefnd skipuð fulltrúum hinna ýmsu greina sjávarútvegsins svo og fulltrúa frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, sé starfandi sem tengiliður milli Fiskmats ríkisins og sjávarútvegsins. Nefnd þessi yrði til ráðuneytis, bæði að því er varðar framkvæmdaratriði og til að koma á framfæri æskilegum nýmælum. Af þessum sökum er gert ráð fyrir í þessari grein, að ráðherra geti skipað slíka ráðgjafarnefnd sem hér um ræðir.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Af afnámi laga nr. 42 1960 um ferskfiskeftirlit leiðir, að sjóðurinn, sem stofnaður var með 7. gr. laganna, til þess að standa straum af framkvæmd ferskfiskeftirlitsins, fellur niður. Tekjur sjóðsins hafa verið 1½‰ af fob-andvirði útfluttra sjávarafurða. Á hinn bóginn verður á engan hátt talið fært að leggja þennan kostnað á ríkissjóð. Starfsemi Ferskfiskeftirlitsins er fyrst og fremst í þágu út-

gerðar og fiskvinnslu, einkum til að tryggja hagsmuni þessara aðila innbyrðis og er því eðlilegt að útflutningsframleiðslan beri þennan kostnað. Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir óbreyttu útflutningsgjaldi til að standa straum af kostnaði af framkvæmd ferskfiskeftirlits. Reynist kostnaður við framkvæmd ferskfiskeftirlits meiri en sem nemur tekjum af gjaldinu, svo sem reynslan hefur sýnt að undanförnu, verður ríkissjóður að bera hallann.

Um 20 gr.

Með því að lög þessi koma í stað eldri laga um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski og um ferskfiskeftirlit, ber nauðsyn til að fella þau úr gildi. Enn fremur þarf að fella úr gildi lög nr. 42 19. júní 1933, um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis, sem eru orðin úrelt og dauður bókstafur, sjá athugasemdir við 4. gr.

Um 21. gr.

Lög þessi eru það umfangsmikil að hagkvæmt virðist, að þau taki gildi á fyrirfram ráðgerðu tímamarki. Gerir það undirbúning að framkvæmd þeirra auðveldari.

Nd. 418. Breytingartillaga [164. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

Við 2. gr. Við greinina bætist: og á eftir orðunum „öldruðu fólki“ í sömu grein komi: enda skulu lánveitingar til íbúða sitja fyrir lánveitingum til dvalarheimila, geti sjóðurinn ekki fullnægt eftirspurn eftir lánum.

Nd. 419. Frumvarp til laga [158. mál]

um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda.

(Eftir 2. umr. í Nd., 25. marz.)

Samhljóða þskj. 359 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga ársins 1968 (lög nr. 85/1967) er ríkisstjórninni heimilt að lækka fjárveitingar á eftirtöldum fjárlagaliðum árið 1968 sem hér segir:

		Þús. kr.
1.	Stjórnarráð og risna ráðherra (liðir 1 01 101, 1 02 101, 1 03 101, 1 04 101, 1 05 101, 1 06 101, 1 07 101, 1 08 101 og 1 10 101)	2 000
2.	Byggingarsjóður stjórnarráðshúss (liðir 1 01 103 og 2 01 103)	1 440
3.	Viðeyjarstofa (liður 1 01 199 07)	4 000
4.	Háskóli Íslands (liður 1 01 201)	575
5.	Rekstur skóla (liðir 1 01 223—246, 1 01 251—292, 1 01 301—315 og 1 01 317—318)	6 600
6.	Skólabyggingar (liðir 1 01 298 og 1 01 316)	5 000
7.	Fræðslumálaskrifstofan, námsstjórar (liður 1 01 221 02) og fræðslustjórinn í Reykjavík (liður 1 01 323)	2 040
8.	Kennaraskólinn (liður 1 01 215)	1 000
9.	Byggingarsjóður safnahúss (liðir 1 01 608 og 2 01 608)	1 000
10.	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd (liður 1 01 703)	500
11.	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli (liður 1 02 103)	2 000
12.	Utanríkisþjónusta (liðir 1 02 201—211)	3 000

		Þús. kr.
13.	Landnám ríkisins (nýbýli) (liðir 1 03 241 02 og 03)	7 500
14.	Fiskmat ríkisins og ferskfiskeftirlit (liðir 1 03 311 og 1 03 313)	3 000
15.	Síldarmat ríkisins (liður 1 03 312)	1 000
16.	Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins (liðir 1 03 322 02 og 2 03 322)	11 000
17.	Fiskveiðasjóður Íslands (liður 1 03 322 05)	30 000
18.	Orkustofnun og Orkusjóður (liðir 1 03 401 og 402)	4 500
19.	Löggæzla (liður 1 04 142)	6 800
20.	Bygging fangahúsa, ríkisfangelsa og vinnuhæla (liðir 1 04 146 03 og 50)	1 360
21.	Framkvæmd laga um hægri umferð (liður 1 04 151)	18 400
22.	Almannavarnir (liður 1 04 153)	3 000
23.	Eyðing meindýra (liður 1 04 219 02)	755
24.	Prestar á Keflavíkurflugvelli og í Danmörku (liðir 1 04 501 02 og 03)	670
25.	Kostnaður við skyldusparnað (liður 1 05 301 07)	5 700
26.	Kostnaður við framkvæmd orlofslaga (liður 1 05 501 09)	2 450
27.	Ríkisábyrgðasjóður, framlag (liðir 1 06 601 og 2 06 601)	10 000
28.	Ríkisbifreiðar, framlag (liður 1 06 802)	1 000
29.	Vitamál, byggingar (liður 1 07 132)	560
30.	Ferðaskrifstofa ríkisins, framlag (liðir 1 07 161 og 2 07 161)	896

4. gr. hljóðar svo:

1. Ákvæði 13. gr. laga nr. 49/1967 um heimild til að veita lán af geymdum fjárveitingum vegna skólamannvirkja skulu fjárlagaárið 1968 framkvæmd þannig, að samanlagðar greiðslur úr ríkissjóði, að lánum meðtöldum, skulu vera 5 millj. krónum lægri en fjárveitingar 1968 að viðbættu geymdu fé frá fyrri árum og að frádregnum fyrirframgreiðslum af fjárveitingum 1968. Þá skal við gerð framkvæmdaáætlunar, sem samkv. b-lið 4. gr. laga nr. 49/1967 skal fylgja tillögum um fjárveitingar 1969, sérstaklega taka til athugunar eldri fjárveitingar til skóla barna- og unglingastigs, sem eru ekki enn komnir á framkvæmdaáætlun og væntanlegur nemendafjöldi er minni en 30, enda hafi ekki komið til sameining hreppa í skólahverfi. Við afgreiðslu fjárlaga 1969 skal leggja fyrir Alþingi tillögur um meðferð geymdra fjárveitinga vegna slíkra skóla.
2. Við setningu reglugerðar um framkvæmd laga nr. 49/1967, um skólakostnað, skal setja ákvæði um hagkvæmt skipulag stundaskrár og aðra hagræðingu, er lækkað geti kostnað af óbreyttri þjónustu skólanna. Skólastjórar skulu, fyrir 15. apríl 1968 eða annan þann dag, er ráðuneytið ákveður, gera áætlun um nemendafjölda, fjölda reiknaðra stunda á kennslumánuði og áætlun um kostnað ríkissjóðs skólaárið 1. september 1968 — 31. ágúst 1969. Áætlanir þessar skulu endurskoðaðar af menntamálaráðuneytinu í samræmi við ákvæði skólakostnaðarlaga og reglugerðar. Eigi skal setja eða skipa kennara fyrir skólaárið 1968—69 umfram tölu fastra kennara 1967—68, fyrr en áætlun skólastjóra um kennaraþörf hefur hlotið samþykki menntamálaráðuneytisins.

7. gr. hljóðar svo

1. Fræðslumálaskrifstofan skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 35/1930, um fræðslumálastjórn, og önnur ákvæði, sem brjóta kunna í bága við þetta.
2. Fjármálaeftirlit skóla skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og breytast ákvæði IV. kafla laga nr. 49/1967, um skólakostnað, í samræmi við það, svo og önnur ákvæði, er brjóta kunna í bága við þetta.
3. Fræðslumyndasafn ríkisins skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og breytast lög nr. 54/1961 í samræmi við það, svo og önnur ákvæði, er kunna að brjóta í bága við þetta.

4. Íþróttafulltrúi skal vera starfsmaður í menntamálaráðuneytinu, og breytast íþróttalög, nr. 49/1956, til samræmis við það, svo og önnur ákvæði, er kunna að brjóta í bága við þetta.
5. 1. mgr. 28. gr. V. kafla laga nr. 22/1963, um almenningsbókasöfn, orðist svo: Menntamálaráðherra skipar bókafulltrúa ríkisins, og skal hann vera starfsmaður menntamálaráðuneytisins.

Skipulagsbreytingar samkvæmt grein þessari skulu koma til framkvæmda, þegar menntamálaráðherra ákveður.

Nd. 420. Frumvarp til laga [171. mál]

um Stofnfjársjóð fiskiskipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

Stofna skal deild við Fiskveiðasjóð Íslands, er nefnist Stofnfjársjóður fiskiskipa.

2. gr.

Meginhlutverk Stofnfjársjóðs er að veita eigendum fiskiskipa aðstoð við að standa straum af stofnfjárkostnaði fiskiskipa sinna, og þá fyrst og fremst með því að greiða afborganir og vexti af lánum þeim, sem veitt hafa verið af Fiskveiðasjóði og tryggð með veði í skipum.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag úr ríkissjóði á árinu 1968, kr. 124 000 000.00.
Um tekjur sjóðsins í framtíðinni verður ákveðið með lögum hverju sinni.

4. gr.

Fiskifélag Íslands skal senda Fiskveiðasjóði, eigi sjaldnar en missirislega, skýrslu um afla og aflaverðmæti allra fiskiskipa, að undanskildum togurum. Í skýrslunni skal greina heildarverðmæti afla hvers skips, að frádregnu verðmæti síldar- og rækjuafla, svo og þess afla, sem landað er erlendis úr veiðiskipi. Þá skal í skýrslunni greina, hve mikill hundraðshluti aflaverðmætis hvers skips, þannig reiknaður, er af heildarverðmæti afla allra skipanna, reiknað á sama hátt.

5. gr.

Þegar stjórn Fiskveiðasjóðs hafa borizt skýrslur þær, sem um ræðir í 4. gr., skal hún skipta því fé, sem þá er í Stofnfjársjóði, milli skipa þeirra, sem í skýrslunni greinir, eftir verðmætishlutfalli því, sem um getur í 4. gr.

6. gr.

Sérhvert skip, sem rétt á til fjár samkvæmt 5. gr., skal hafa reikning hjá Stofnfjársjóði, og skal færa til tekna á reikning þessum fé það, er skipinu ber, samkvæmt 5. gr.

Sé innstæða á slíkum reikningi lengur en einn mánuð, skal Fiskveiðasjóður færa á reikninginn til tekna vexti, er séu ½% lægri á ári en innlánsvextir eru á almennum sparisjóðsbókum á hverjum tíma.

7. gr.

Skuldi eigandi skips Fiskveiðasjóði gjaldfallnar afborganir, vexti, dráttarvexti og kostnað af lánum, sem tryggð eru með veði í skipi, en skipið á innstæðu á reikningi

sínum hjá Stofnfjársjóði, og skal þá stjórn Fiskveiðasjóðs taka fé af reikningi þessum til greiðslu hinna gjaldföllnu greiðslna, að svo miklu leyti, sem það hrekkur til þess.

8. gr.

Skuldi skipseigandi eigi gjaldfallnar greiðslur til Fiskveiðasjóðs, sbr. 7. gr., né telji stjórn hans ástæðu til að ætla, að til vanskila sömu lána komi við sjóðinn á næsta gjalddaga þeirra, er stjórninni heimilt að nota innstæðu skips á reikningi hjá Stofnfjársjóði til greiðslu gjaldfallinna afborgana og vaxta af stofnlánum vegna skipsins eða til greiðslu annarra skulda vegna þess hjá öðrum opinberum sjóðum.

9. gr.

Skuldi skipseigandi eigi gjaldfallnar greiðslur til Fiskveiðasjóðs, sbr. 7. og 8. gr., er stjórn Fiskveiðasjóðs heimilt að leyfa skipseiganda að nota innstæðu skips hjá Stofnfjársjóði til greiðslu kostnaðar við skipti á vél skipsins eða við verulegar endurbætur á því, til greiðslu á eftirstöðvum af kaupverði skipsins, til greiðslu kostnaðar skipseiganda við smíði nýs skips, til greiðslu kaupverðs skips eða til greiðslu kostnaðar hans við meiri háttar framkvæmdir í sjávarútvegi.

Áður en ákvarðanir eru teknar um ráðstöfun innstæðna í Stofnfjársjóði, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr., skal leitað umsagnar tveggja fulltrúa, er Landssamband íslenzkra útvegsmanna tilnefnir af sinni hálfu í því skyni.

10. gr.

Heimilt er stjórn Fiskveiðasjóðs að greiða skipseiganda innstæðu skips hjá Stofnfjársjóði, enda skuldi skipseigandi engar gjaldfallnar greiðslur, sbr. 7.—8. gr., og eigi er fyrirsjáanlegt, að hann hefji framkvæmdir þær, er um ræðir í 9. gr.

11. gr.

Innstæða hjá Stofnfjársjóði er undanþegin löghaldi, fjárnámi og lögtaki, enda þótt færð hafi verið til tekna á reikning skips.

Skipseiganda er óheimilt að veðsetja slíka innstæðu eða vísa á hana til greiðslu. Framsal innstæðu er aðeins heimilt sem þáttur í sölu skips, sbr. 12. gr.

12. gr.

Innstæða hjá Stofnfjársjóði og réttur til fjár úr honum fylgir skipi við frjálsa sölu og sölu á nauðungaruppboði.

13. gr.

Óheimilt er að breyta nafni skips, sem aðild á að Stofnfjársjóði, umdæmisbókstöfum eða umdæmisnúmeri, nema að fengnu skriflegu leyfi stjórnar Fiskveiðasjóðs.

14. gr.

Ráðherra sá, sem fer með sjávarútvegsmál, skal að fenginni umsögn stjórnar Landssambands íslenzkra útvegsmanna setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skal ákvæðum þeirra um aflaverðmæti beitt frá 1. janúar 1968.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi fiskiskip verið í leigu hinn 15. janúar 1968, skal heimilt að draga frá leigufjárhæð það fé, sem aflaverðmæti á leigutímanum veitir rétt til úr Stofnfjársjóði fiskiskipa, sbr. 4. og 5. gr.

Eigendur fiskiskipa, er stunduðu síldveiðar á tímabilinu 1. janúar til 29. febrúar 1968, skulu eiga rétt til þátttöku í Stofnfjársjóði í hlutfalli við aflaverðmæti skipsins á þessu tímabili í samræmi við ákvæði 5. gr. þessara laga. Til þess að standa undir kostnaði af þessari þátttöku greiðist Stofnfjársjóði ein millj. kr. af stofnframlagi

til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, samkvæmt d-lið 2. gr. laga um ráðstöfun á gengishagnaði á útfluttum sjávarafurðum o. fl., nr. 79 29. desember 1967. Um skiptingu þessarar fjárhæðar á milli fiskiskipa, er þátt tóku í síldveiðum á nefndu tímabili, og um ráðstöfun innstæðna, skulu gilda sömu reglur og ákveðnar eru í þessum lögum um Stofnfjársjóð almennt, eftir því sem við á.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir stofnun sérstakrar deildar við Fiskveiðasjóð Íslands, sem gefið hefur verið heitið Stofnfjársjóður fiskiskipa.

Með úrskurði oddamanns í yfirdómi Verðlagsráðs um verð á þorski o. fl. í janúar s. l., er gildir fyrir árið 1968, var svo ákveðið, að fiskverð skyldi hækka um 10%. Sú fiskverðshækkun gaf sjómönnum á þorskveiðum hækkun, sem eðlileg mátti teljast miðað við aðrar starfsgreinar. Það var hins vegar augljóst, að með þeim hlutaskiptum, sem í gildi eru, hrökk þessi fiskverðshækkun hvergi nærri til þess, að bátarnir gætu vænzt viðunandi afkomu á þorskveiðum á árinu 1968. Var þá við það miðað, að bátaflotinn hefði svipaða afkomu á árinu 1968 og verið hafði 1965, sem var sæmilegt ár, en aflinn var miðaður við það, sem verið hafði árið 1966. Jafnframt var tillit tekið til verðbreytinga síðan, þ. á m. áhrifa gengisbreytingarinnar í nóv. s. l. sem var veruleg, á veigamikla kostnaðarliði útgerðarinnar. Var því óhjákvæmilegt að greiða beint framlag til þeirra í einni eða annarri mynd. Það varð úr, að heitið var af hálfu ríkisstjórnarinnar kr. 124 millj. á árinu 1968, er renna skyldu til sérstakrar deildar Fiskveiðasjóðs.

Versnandi afkoma fiskiskipaflotans hefur mjög komið fram í því, að útvegsmenn hafa átt í erfiðleikum með að greiða afborganir og vexti af stofnlánum báta sinna. Hefur þetta bitnað mjög á Fiskveiðasjóði og það svo, að afkoma hans á árinu 1967 versnaði til stórra muna. Vegna hins erfiða ástands hinna smærri skipa í þorskveiðiflotanum, hafði á árinu 1967 verið ákveðið af hálfu stjórnar Fiskveiðasjóðs að gera sérstakar ráðstafanir til þess að auðvelda eigendum þessara skipa að standa í skilum, en þær ráðstafanir leiddu til þess, að tekjur Fiskveiðasjóðs af vöxtum og afborgunum af skipalánum urðu til muna minni en ella á því ári. Þegar kom fram á haustið 1967 og augljóst var orðið, að síldveiðarnar höfðu brugðizt og tekjur hins stóra flota síldveiðiskipa höfðu ekki orðið nema hluti af því, sem verið hafði áður, sá stjórn Fiskveiðasjóðs sig enn tilneydda að gera ráðstafanir, sem leiddu til þess, að tekjur sjóðsins af þessum hluta fiskiskipaflotans mundu verða til muna minni á árunum 1967—1968 en ella hefði orðið. Var veittur frestur á afborgunum um eitt ár, að því er þennan flota snerti.

Var því eðlilegt að gera ráð fyrir því, að greiðslur úr ríkissjóði til styrktar þorskveiðiflotanum yrðu fyrst og fremst notaðar til þess að auðvelda mönnum að standa í skilum með greiðslu afborgana og vaxta af lánum þeim, sem á skipunum hvíla. Jafnframt mundi með þessum ráðstöfunum Fiskveiðasjóði verða séð fyrir nokkrum tekjum.

Það er meginefni þessa frumvarps að setja skuli upp sérstaka deild við Fiskveiðasjóð Íslands, sem taka mun við fyrrgreindri greiðslu ríkissjóðs á árinu 1968, og verði þeim peningum varið fyrst og fremst til greiðslu vaxta og afborgana lána í Fiskveiðasjóði. Fé þessu verður skipt milli fiskiskipa, eftir aflaverðmæti þeirra, í hlutfalli við heildarafla þessa flota og eignast skipin á þann hátt innistæður í Stofnfjársjóði. Þá er gert ráð fyrir því að myndist innistæða í Stofnfjársjóði umfram það, sem þarf til greiðslu vaxta og afborgana af lánum í Fiskveiðasjóði, geti stjórn Fiskveiðasjóðs heimilað, að innstæðan sé notuð til ýmissa annarra greiðslna vegna skipsins eða vegna annarra framkvæmda í sjávarútvegi. Meginreglan er þó sú, að greiðslur úr sjóðnum séu vegna stofnfjárskulda, eins og nánar er skýrt í athugasemdum við einstakar greinar hér á eftir.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hér vísast til þess, sem segir í hinum almennu athugasemdum hér að framan.

Um 2. gr.

Hér er skilgreint það meginhlutverk, sem þessum sjóði er ætlað, en það er að auðvelda eigendum fiskiskipa að standa straum af stofnfjárkostnaði skipa sinna, en þar eru það fyrst og fremst lán Fiskveiðasjóðs, sem til greina koma.

Um 3. gr.

Svo sem getið er í hinum almennu athugasemdum, var heitið framlagi úr ríkissjóði á yfirstandandi ári, kr. 124 millj. Verði sjóðnum séð fyrir frekari tekjum, verður að setja um það ákvæði í lögum.

Um 4. gr.

Skýrslusöfnun Fiskifélags Íslands á sviði sjávarútvegsins gerir kleift að láta Fiskveiðasjóði í té þær skýrslur, sem nauðsynlegar eru um afla og aflaverðmæti fiskiskipanna, er nota megi sem grundvöll að þeirri skiptingu, sem 5. gr. kveður á um. Með því að ekki er gert ráð fyrir, að ákvæði þessara laga nái til togaranna, eru þeir hér undanskildir, og að því er bátaflotann snertir, þá skal ekki með talinn afli á síldveiðum eða rækjuafli, né heldur sá afli, sem landað er úr veiðiskipi til sölu erlendis.

Um 5. gr.

Á grundvelli skýrslna þeirra, sem um getur í 4. gr., er því fé, sem sjóðurinn hefur til umráða, skipt milli þeirra skipa, sem greinir í skýrslunni, og er þá verðmætishlutfall aflans lagt til grundvallar.

Um 6. gr.

Þegar fé sjóðsins hefur verið skipt, skv. 5. gr., færist það fé, sem hverju skipi ber, í reikning þess hjá sjóðnum. Verða þá reiknaðir vextir af því fé, sem þannig stendur á innstæðureikningi skipsins lengur en einn mánuð.

Um 7. gr.

Samkvæmt meginhlutverki sjóðsins kveður þessi grein svo á, að innstæða skips hjá Stofnfjársjóði skuli notast til greiðslu gjaldfallinna afborgana, vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar af lánum í Fiskveiðasjóði, sem tryggð eru með veði í skipinu.

Um 8. og 9. gr.

Þessar greinar fjalla um heimild til að nota innstæðu í Stofnfjársjóði eftir að meginhlutverki hefur verið sinnt, skv. 7. gr., ef þá er enn innstæða fyrir hendi og stjórn Fiskveiðasjóðs telur ekki ástæðu til að ætla, að til vanskila komi á lánum skips í Fiskveiðasjóði á næsta gjalddaga þeirra. Koma þá til greina ýmiss konar greiðslur, svo sem þær eru taldar upp í þessum greinum, til annarra opinberra sjóða, til greiðslu kostnaðar við vélaskipti eða verulegar endurbætur á skipinu o. s. frv. Sameiginlegt öllum þessum greiðslum er, að þær eru vegna stofnkostnaðar skipa eða meiri háttar framkvæmda í sjávarútvegi.

Þá er í 9. gr. gert ráð fyrir því, að fulltrúum frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna sé gefinn kostur á því að láta í té umsögn áður en kemur til ákvarðana um ráðstöfun innstæðna samkvæmt 8. og 9. gr. Virðist það eðlilegt, þegar tillit er tekið til þess, að ráðstöfun á því fé snertir hag skipaeigenda.

Um 10. gr.

Samkvæmt þessari grein er heimilt að greiða skipseiganda innstæðu skips hjá Stofnfjársjóði, enda er þá gert ráð fyrir, að allar gjaldfallnar greiðslur vegna stofnlána skipsins hafi verið greiddar og enn fremur, að ekki sé fyrirsjáanlegt, að viðkomandi aðili ráðist í neinar þær framkvæmdir, sem rætt er um í 9. gr. Verður að gera ráð fyrir þeim möguleika, þar eð að öðrum kosti gæti svo farið, að fé yrði fest í sjóðnum, ef enginn grundvöllur væri til að ráðstafa því til þeirra þarfa, sem frv. annars gerir ráð fyrir.

Um 11. gr.

Þar sem innstæður í Stofnfjársjóði eru ætlaðar til greiðslu á tilteknum útgjöldum vegna skipsins, eins og kveðið er á um í 7.—9. gr., er óhjákvæmilegt að undanþiggja innstæðuna löghaldi, fjárnámi eða lögtaki og enn fremur er óheimilt að veðsetja eða ávísa á hana.

Um 12. gr.

Myndun innstæðu í Stofnfjársjóði getur einungis staðið í sambandi við afla fiskiskipsins og því eðlilegt, að innstæðan fylgi skipinu svo sem þessi gr. kveður á um.

Um 13. gr.

Nauðsynlegt er vegna ákvæða 12. gr. að tryggja það, að nafn skips, umdæmisbókstöfum eða umdæmisnúmeri verði ekki breytt, nema Fiskveiðasjóður hafi gefið til þess leyfi.

Um 14. gr.

Eðlilegt þykir að gera ráð fyrir því, að samtök útvegsmanna séu höfð með í ráðum, þegar sett verður reglugerð um framkvæmd þessara laga, þar sem það hlýtur að skipta meðimi þeirra nokkru máli.

Um 15. gr.

Nauðsynlegt er, að ákvæði frv. um aflaverðmæti nái til tímabilsins frá ársbyrjun 1968, svo allur afli ársins verði reiknaður með í aflaverðmæti þess flota, sem frv. tekur til.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Nauðsynlegt er að hafa hér ákvæði eins og fyrri málsgrein gerir ráð fyrir, ef leigusamningur hefur verið gerður áður en kunnugt varð um fyrirhugaða greiðslu ríkissjóðs til þorskveiðiflotans, en það var 15. janúar 1968, um leið og fiskverð var ákveðið. Í leigusamningum, sem gerðir hafa verið eftir þann tíma, er eðlilega tekið tillit til þessara greiðslna.

Í sambandi við samninga um ákvörðun verðs á bræðslusíld fyrir tímabilið jan.—febr. 1968 var því heitið af hálfu ríkisstjórnarinnar, ef sett yrðu lög um Stofnfjársjóð eins og hér er gert ráð fyrir, skyldu síldveiðiskip, er veiðar stunduðu á þessu tímabili, eiga rétt til þátttöku svo sem segir í gr. Fjár til þessa skyldi aflað svo sem segir í bráðabirgðaákvæði þessu, og hefur sú upphæð, sem þar er tilfærð, verið reiknuð út af Efnahagsstofnuninni og fulltrúar útvegsmanna á það fallizt.

Nd. 421. Breytingartillaga [139. mál]

við frv. til l. um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Við 10. gr. Í stað orðanna „í Reykjavík“ komi: í Skálholti.

Ed. 422. Nefndarálit [162. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir einróma með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 25. marz 1968.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Pétur Benediktsson.
Bjarni Guðbjörnsson.	Björn Jónsson.	Einar Ágústsson.
	Sveinn Guðmundsson.	

Sþ. 423. Nefndarálit [155. mál]

um till. til þál. um strandferðir norðanlands og útgerð strandferðaskips frá Akureyri.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna, og eru nefndarmenn, sem á fundi voru, sammála um að leggja til, að hún verið samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „enda séu . . . Vestfjarða“ komi: og til Austfjarða og Vestfjarða, enda séu ferðir þess í samræmi við ferðir strandferðaskipa úr Reykjavík.

Einn nefndarmaður (MB) var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. marz 1968.

Bragi Sigurjónsson, form.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Gísli Guðmundsson, frsm.
Vilhjálmur Hjálmarsson.	Jónas Árnason.	Ásgeir Pétursson.

Nd. 424. Frumvarp til laga [172. mál]

um laun listamanna, skálda og rithöfunda.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson.

1. gr.

Alþingi veitir árlega fé á fjárlögum til þess að launa listamenn, aðra en skáld og rithöfunda. Skal sú upphæð aldrei vera lægri en veitt er til listamanna á fjárlögum 1968, en hækka hlutfallslega í samræmi við þá hækkun, sem kann að verða á heildarútgjöldum fjárlaga, miðað við fjárlögin 1968. Til launa skálda og rithöfunda skal renna söluskattur sá, sem greiddur er af sölu bóka og tímarita, innlendra og erlendra, til ríkissjóðs, svo og til starfsstyrkja samkvæmt 4. gr. laga þessara. Skal svo verða í fyrsta sinn árið eftir gildistöku laga þessara, en síðan árlega.

Söluskattur þess skal eigi vera lægri en hann var 1. jan. 1968 og hækka, ef hækkun verður á almennum söluskatti.

Launin til listamanna, skálda og rithöfunda skulu ákveðin af nefnd sjö manna, sem kosin er af sameinuðu Alþingi á fyrsta þingi eftir alþingiskosningar. Nefnd þessi annast einnig úthlutun starfsstyrkja samkvæmt lögum þessum og reglugerð þar um. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Alþingi getur auk þessa veitt listamönnum, skáldum og rithöfundum sérstök heiðurslaun á fjárlögum, þó aldrei fleiri en tólf samtímis. Laun þessi skulu greidd úr ríkissjóði og eigi dregin frá úthlutunarfé því, sem áður nefnd úthlutunarnefnd listamannalauna fær til ráðstöfunar.

2. gr.

Úthlutunarnefndin skal haga störfum sínum í megindráttum sem hér segir:

1. Áður en til úthlutunar listlauna kemur, skal nefndin taka hluta af hvorri þeirri fjárhæð óskiptri, sem um getur í 1. gr., og ætla til starfsstyrkja skálda og rithöfunda annars vegar og annarra listamanna hins vegar, svo sem segir í 4. gr. laga þessara.

2. Úthlutun listlauna af því fé, sem þá er eftir, skal fara fram í tvennu lagi, annars vegar til listamanna, sbr. 1. gr., en hins vegar til skálda og rithöfunda. Í hvorum þessum úthlutunarflokki skulu vera tveir launaflokkar og fjárhæð í öðrum launaflokknum helmingi hærri en í hinum. Nefndin ákveður hæð launanna, áður en tillögur eru gerðar um, hverjir skuli hljóta þau. Um þetta skulu nefndarmenn gera heildartillögur og nefndin taka ákvörðun um þær.

3. Þegar framangreindar ákvarðanir hafa verið teknar í nefndinni, skal nefndin ákveða, hversu margir skuli skipa hvorn launaflokkinn um sig, og ræður um þetta sem aðrar ákvarðanir í nefndinni afl atkvæða.

4. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um fjölda manna í hvorum launaflokki, skulu nefndarmenn gera tillögur um skipan manna í efri launaflokk. Þegar þær tillögur eru komnar fram, skal gerður kjörseðill með nöfnum allra þeirra listamanna, eða skálda og rithöfunda, sem tillaga hefur komið fram um að hljóta skuli laun í efri launaflokki. Skulu atkvæði síðan greidd leynilega í nefndinni á þann veg, að hver nefndarmanna merki við nöfn jafnmargra manna á kjörseðlinum og ákveðið var að fengju laun í þeim launaflokki. Er kjörseðill ógildur, ef merkt er við fleiri eða færri nöfn. Skulu þeir hljóta launin, er flest atkvæði fá. Fáist ekki úrslit um rétta tölu í flokkinn í fyrstu atkvæðagreiðslu, skal atkvæðagreiðsla endurtekin um þá eina, sem jöfn atkvæði fengu næst neðan við hrein úrslit.

5. Úthlutun í neðri launaflokk skal gerð með sama hætti, og gerður kjörseðill með nöfnum þeirra listamanna, eða skálda og rithöfunda, eftir því sem við á, sem voru á kjörseðli til efri launaflokks, en komust ekki í hann, en einnig nöfnum þeirra, sem nefndarmenn gera tillögur um til viðbótar. Síðan fer fram atkvæðagreiðsla með sama hætti og í efri launaflokk.

3. gr.

Aðildarfélög Bandalags íslenzkra listamanna skulu eiga rétt á að tilnefna hvert um sig tvo fulltrúa til samstarfs við nefnd þá, sem Alþingi kýs til þess að ákveða listamannalaun. Áður en atkvæði eru greidd í nefndinni, skulu fulltrúar bandalagsfélaganna eiga rétt á að láta í ljós skoðun sína á tillögugerð um listamenn á því sviði, er hlutaðeigandi bandalagsfélag starfar á. Meðan nefndin starfar, skulu allar tillögur nefndarmanna og allar umsagnir fulltrúa bandalagsfélaganna skoðaðar trúnaðarmál. En þegar störfum nefndarinnar er lokið, er bæði nefndarmönnum og fulltrúum bandalagsfélaganna heimilt að skýra opinberlega frá sínum eigin tillögum og umsögnum, en ekki tillögum og umsögnum annarra. Framangreindur réttur aðildarfélaga Bandalags ísl. listamanna gildir einnig um úthlutun starfsstyrkja til listamanna, skálda og rithöfunda.

4. gr.

Fé því, sem úthlutunarnefndin ætlar af óskiptum fjárhæðum til starfsstyrkja listamanna, skálda og rithöfunda, samkvæmt 1. lið 2. gr. laga þessara, skal nefndin síðan skipta samkvæmt sérstökum reglum, er hún semur um starfsstyrki. Bandalagi ísl. listamanna skal gefinn kostur á álitsgerð um tillögur að þessum reglum. Reglurnar skulu staðfestar af menntamálaráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 29/1967, um listamannalaun.

Greinargerð.

Eins og fram kemur í þessu frumvarpi að lögum um laun handa listamönnum, skáldum og rithöfundum, er gert ráð fyrir því að skipta úthlutuninni í tvennt, þannig að myndlistarmenn, hljómlistarmenn og leiklistarmenn fái úthlutað fé af þeirri upphæð, sem til þessa hefur verið varið til listamannalauna á fjárlögum, en skáld og rithöfundar fái úthlutað fé af upphæð, sem ákvarðast af söluskatti af bóksölu hverju sinni. Þá er einnig í þessu frv. ákvæði um úthlutun starfsstyrkja.

Vegna óviðunandi ástands í málefnum listamanna, skálda og rithöfunda á undanförnum árum, að því er varðar listamannalaun, verður ekki undan því skotizt lengur að gefa þessum málum nánari gaum og leita að einfaldari og varanlegri lausn. Það er staðreynd, sem margsinnis hefur verið bent á af samtökum listamanna, að listamannalaunin hafa alltaf verið að minnka, og hefur upphæðin hvergi nærri haldizt í hendur við verðþenslu undanfarinna áratuga. Upphæðin, sem nú er veitt, kemur alls ekki að því gagni, sem henni er ætlað, og vekur sársauka og leiðindi ár hvert í röðum þeirra manna, sem þjóðin kallar á öðrum fremur til að gera veg hennar stóran.

Hin fyrri einangrun Íslands er rofin. Því fylgir ákveðin hætta, og er það viðurkennt af öllum. Þeir, sem í raun og veru hafa mest áhrif á aldarandann og viðhorfin til þjóðernis og tungu, eru þeir, sem skapa list, bæði í litum, leik, ljóðum, sögum og söng. Af þeim sökum er full ástæða til að bæta úr þeirri langvarandi fjárhagskreppu, sem listamannalaunin hafa verið í.

Það er augljóst, að tungan á í vök að verjast í vaxandi mæli. Brjóstvörn hennar hlýtur alltaf að vera lifandi skáldskapur í bundnu og óbundnu máli. Þegar mest syrti á álinn, voru það skáldin, sem kváðu þor og þrótt, ekki einungis í þjóðina, heldur líka í tunguna, svo að hún endurnýjaðist. Það er vegna þeirrar endurnýjunar, sem hún hefur staðið af sér fyrstu ölduföll einangrunarleysis vorra tíma. Hins vegar skyldi því varlega treyst, að sú endurnýjun dugi okkur eilíflega. Það er meðal annars vegna þess, að við lifum á hættutímum fyrir þjóðerni og tungu, að nauðsyn er á breyttu viðhorfi í garð listamanna. Það er nauðsynlegt, að enn einu sinni sé leitað til skálda og rithöfunda þessa lands og þeir beðnir að halda vöku sinni í máttugum skáldskap og trúrri varðstöðu um tunguna. Í því efni dugir hvatningin ekki ein. Það verður að skapa aðstöðu fyrir listir í landinu, til þess að þær megi eflast að þrótti og vegsemd og verða hlífiskjöldur smárri þjóð í stórum heimi. Breytist ekki viðhorf fjárveitingavaldsins í þessum efnum, mun sannast, að það getur verið dýrt að eiga vanbúna listamenn.

Nýmæli í þessu frumvarpi eru einkum tvö. Annað er það, að skil eru gerð milli úthlutunar til skálda og rithöfunda annars vegar og annarra listamanna hins vegar. Réttmætt má telja, að skáld og rithöfundar njóti þess fjár, sem þjóðin greiðir í söluskatt af bókakaupum sínum, og hann renni þannig til eflingar bókmennta og fræða í landinu. Geta þá aðrir listamenn notið þeirrar fjárveitingar, sem Alþingi ætlar sérstaklega til listlauna á fjárlögum, en með því mundu listlaun til þeirra hækka um helming a. m. k. Hitt nýmælið er það að tengja starfsstyrkjakerfi listamanna við úthlutun listlauna með því, að sami úthlutunarað-

ili fjalli þar um, en slíkt hlýtur að vera eðlilegt og heppilegt, til þess að samræmi fáist.

Úthlutunarreglurnar um skipan í listlaunaflokka og störf nefndarinnar, svo og reglur um ráðgjafaraðild aðildarfélaga Bandalags ísl. listamanna, eru teknar svo að segja óbreyttar upp úr lögum um listamannalaun frá 29. apríl 1967. Má telja rétt eftir atvikum, að þessar reglur gildi nokkur ár enn a. m. k., þar sem þær hafa gilt skamma stund og því ekki komin á þær næg reynsla, þó að ýmislegt í þeim geti raunar orkað tvímælis.

Þar sem óðum líður að þinglokum, er ekki ætlazt til, að þetta frumvarp nái afgreiðslu á þessu þingi, heldur er það lagt fram nú, til þess að það geti verið til umræðu og athugunar, þangað til þing kemur saman næsta haust.

Sþ. 425. Tillaga til þingsályktunar [173. mál]

um skýrslu ráðherra um utanríkismál.

Flm.: Magnús Kjartansson, Jónas Árnason, Gils Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að gera Alþingi, munnlega eða skriflega, ýtarlega grein fyrir afstöðu ríkisstjórnarinnar til „herverndarsamningsins“ við Bandaríkin með tilliti til þeirra breytinga, sem orðið hafa á alþjóðamálum og hernaðartækni, síðan samningurinn var gerður. Einnig ályktar Alþingi að fela utanríkisráðherra að gera hliðstæða grein fyrir afstöðu ríkisstjórnarinnar til Atlantshafsbandalagsins og aðildar Íslands að því.

Sþ. 426. Fyrirspurn [174. mál]

til fjármálaráðherra um kostnað af Kirkjuþingi, Búnaðarþingi og Fiskiþingi.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hver hefur verið kostnaður ríkissjóðs síðustu árin af Kirkjuþingi, Búnaðarþingi og Fiskiþingi?

Telur ríkisstjórnin eðlilegt, að ríkissjóður haldi áfram að greiða kostnað af þingum þessum?

Nd. 427. Breytingartillaga [158. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við 9. gr. bætist:

Framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands skv. c-lið 4. gr. laga frá 3. maí 1966 skal falla niður á árinu 1968.

Nd. 428. Lög [94. mál]

um breyting á lögum um Iðnlánasjóð, nr. 68 10. okt. 1967.

(Afgreidd frá Nd. 25. marz.)

Samhljóða þskj. 220.

Nd. 429. Breytingartillaga [158. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Við 7. gr. Greinin orðist svo:
Ríkisstjórnin undirbýr fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp um hagkvæma skipan á yfirstjórn fræðslumála.

Nd. 430. Breytingartillaga [158. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 8. gr. Í stað orðanna „árunum 1968 og 1969“ komi: árinu 1968.

Nd. 431. Breytingartillaga [158. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda.

Frá Magnúsi H. Gíslasyni og Stefáni Valgeirssyni.

Við 8. gr. Greinin orðist svo:
Árið 1968 er ríkisstjórninni heimilt að fresta árlangt greiðslu framlags á fjárlögum um allt að 6 millj. króna vegna nýbýla samkv. 27. gr. laga nr. 75/1962 og um allt að 1.5 millj. króna vegna íbúðarhúsa á nýbýlum samkv. 48. gr. laga nr. 75/1962.

Ed. 432. Frumvarp til laga [158. mál]

um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda.

(Eftir 3. umr. í Nd., 25. marz.)

Samhljóða þskj. 359 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:
Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga ársins 1968 (lög nr. 85/1967) er ríkisstjórninni heimilt að lækka fjárveitingar á eftirtöldum fjárlagaliðum árið 1968 sem hér segir:

		Þús. kr.
1.	Stjórnarráð og risna ráðherra (liðir 1 01 101, 1 02 101, 1 03 101, 1 04 101, 1 05 101, 1 06 101, 1 07 101, 1 08 101 og 1 10 101)	2 000
2.	Byggingarsjóður stjórnarráðshúss (liðir 1 01 103 og 2 01 103)	1 440
3.	Viðeyjarstofa (liður 1 01 199 07)	4 000
4.	Háskóli Íslands (liður 1 01 201)	575
5.	Rekstur skóla (liðir 1 01 223—246, 1 01 251—292, 1 01 301—315 og 1 01 317—318)	6 600
6.	Skólabyggingar (liðir 1 01 298 og 1 01 316)	5 000
7.	Fræðslumálaskrifstofan, námsstjórar (liður 1 01 221 02) og fræðslustjórinn í Reykjavík (liður 1 01 323)	2 040
8.	Kennaraskólinn (liður (1 01 215)	1 000

		Þús. kr.
9.	Byggingarsjóður safnahúss (liðir 1 01 608 og 2 01 608)	1 000
10.	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd (liður 1 01 703)	500
11.	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli (liður 1 02 103)	2 000
12.	Utanríkisþjónusta (liðir 1 02 201—211)	3 000
13.	Landnám ríkisins (nýbýli) (liðir 1 03 241 02 og 03)	7 500
14.	Fiskmat ríkisins og ferskfiskeftirlit (liðir 1 03 311 og 1 03 313)	3 000
15.	Síldarmat ríkisins (liður 1 03 312)	1 000
16.	Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins (liðir 1 03 322 02 og 2 03 322)	11 000
17.	Fiskveiðasjóður Íslands (liður 1 03 322 05)	30 000
18.	Orkustofnun og Orkusjóður (liðir 1 03 401 og 402)	4 500
19.	Löggæzla (liður 1 04 142)	6 800
20.	Bygging fangahúsa, ríkisfangelsa og vinnuhæla (liðir 1 04 146 03 og 50)	1 360
21.	Framkvæmd laga um hægri umferð (liður 1 04 151)	18 400
22.	Almannavarnir (liður 1 04 153)	3 000
23.	Eyðing meindýra (liður 1 04 219 02)	755
24.	Prestar á Keflavíkurflugvelli og í Danmörku (liðir 1 04 501 02 og 03)	670
25.	Kostnaður við skyldusparnað (liður 1 05 301 07)	5 700
26.	Kostnaður við framkvæmd orlofslaga (liður 1 05 501 09)	2 450
27.	Ríkisábyrgðasjóður, framlag (liðir 1 06 601 og 2 06 601)	10 000
28.	Ríkisbifreiðar, framlag (liðir 1 06 802)	1 000
29.	Vitamál, byggingar (liður 1 07 132)	560
30.	Ferðaskrifstofa ríkisins, framlag (liðir 1 07 161 og 2 07 161)	896

4. gr. hljóðar svo:

1. Ákvæði 13. gr. laga nr. 49/1967 um heimild til að veita lán af geymdum fjárveitingum vegna skólamannvirkja skulu fjárlagaárið 1968 framkvæmd þannig, að samanlagðar greiðslur úr ríkissjóði, að lánum meðtöldum, skulu vera 5 millj. krónum lægri en fjárveitingar 1968 að viðbættu geymdu fé frá fyrri árum og að frádregnum fyrirframgreiðslum af fjárveitingum 1968. Þá skal við gerð framkvæmdaáætlunar, sem samkv. b-lið 4. gr. laga nr. 49/1967 skal fylgja tillögum um fjárveitingar 1969, sérstaklega taka til athugunar eldri fjárveitingar til skóla barna- og unglingastigs, sem eru ekki enn komnir á framkvæmdaáætlun og væntanlegur nemendafjöldi er minni en 30, enda hafi ekki komið til sameining hreppa í skólahverfi. Við afgreiðslu fjárlaga 1969 skal leggja fyrir Alþingi tillögur um meðferð geymdra fjárveitinga vegna slíkra skóla.
2. Við setningu reglugerðar um framkvæmd laga nr. 49/1967, um skólakostnað, skal setja ákvæði um hagkvæmt skipulag stundaskrár og aðra hagræðingu, er lækkað geti kostnað af óbreyttri þjónustu skólanna. Skólastjórar skulu, fyrir 15. apríl 1968 eða annan þann dag, er ráðuneytið ákveður, gera áætlun um nemendafjölda, fjölda reiknaðra stunda á kennslumánuði og áætlun um kostnað ríkissjóðs skólaárið 1. september 1968 — 31. ágúst 1969. Áætlanir þessar skulu endurskoðaðar af menntamálaráðuneytinu í samræmi við ákvæði skólakostnaðarlaga og reglugerðar. Eigi skal setja eða skipa kennara fyrir skólaárið 1968/69 umfram tölu fastra kennara 1967/68, fyrr en áætlun skólastjóra um kennaraþörf hefur hlotið samþykki menntamálaráðuneytisins.

7. gr. hljóðar svo:

1. Fræðslumálaskrifstofan skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 35/1930, um fræðslumálastjórn, og önnur ákvæði, sem brjóta kunna í bága við þetta.
2. Fjármálaeftirlit skóla skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og breytast ákvæði IV. kafla laga nr. 49/1967, um skólakostnað, í samræmi við það, svo og önnur ákvæði, er brjóta kunna í bága við þetta.

3. Fræðslumyndasafn ríkisins skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og breytast lög nr. 54/1961 í samræmi við það, svo og önnur ákvæði, er kunna að brjóta í bága við þetta.
4. Íþróttafulltrúi skal vera starfsmaður í menntamálaráðuneytinu, og breytast íþróttalög, nr. 49/1956, til samræmis við það, svo og önnur ákvæði, er kunna að brjóta í bága við þetta.
5. 1 mgr. 28. gr. V. kafla laga nr. 22/1963, um almenningsbókasöfn, orðist svo: Menntamálaráðherra skipar bókafulltrúa ríkisins, og skal hann vera starfsmaður menntamálaráðuneytisins.

Skipulagsbreytingar samkvæmt grein þessari skulu koma til framkvæmda, þegar menntamálaráðherra ákveður.

9. gr. hljóðar svo:

Á eftir 17. gr. laga nr. 77/1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, komi svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði:

Á árinu 1968 skal framlag ríkissjóðs skv. 2. tölulið 9. gr. laganna vera þriðjungur á móti 1. tölulið greinarinnar.

Framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands skv. c-lið 4. gr. l. frá 3. maí 1966 skal falla niður á árinu 1968.

Nd. 433. Frumvarp til laga [152. mál]

um breyting á lögum nr. 21/1957, um dýravernd.

(Eftir 2. umr. í Nd., 25. marz.)

1. gr.

Á undan 8. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Óheimilt er að reka hvali á land, nema fullvíst sé, að unnt sé að hagnýta þá til matar eða á annan hátt. Við rekstur hvala skal nota eins mannúðlegar aðferðir og unnt er, og við deyðingu þeirra skal beita lagvopnum og aðferðum, sem nánar skal kveðið á um í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 434. Lög [98. mál]

um breyting á lögum nr. 60 21. marz 1962, um verkamannabústaði.

(Afgreidd frá Nd. 26. marz.)

Samhljóða þskj. 225.

Nd. 435. Lög [99. mál]

um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 26. marz.)

Samhljóða þskj. 226.

Ed. 436. Lög [120. mál]

um tímareikning á Íslandi.

(Afgreidd frá Ed. 26. marz.)

Samhljóða þskj. 255.

Nd. 437. Breytingartillaga [20. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959.

Frá dómsmálaráðherra.

Á eftir 3. gr. komi ný grein, sem verði 4. grein, og breytist greinatalan samkvæmt því:

Á eftir 2. mgr. 27. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Ef sá aðili, sem samkvæmt reglum flokks er ætlað að ákveða framboðslista, eða staðfesta framboðslista endanlega, ber fram mótmæli gegn því, að listi sé í framboði fyrir flokkinn, skal yfirkjörstjórn úrskurða slíkan lista utan flokka og landskjörstjórn úthluta uppbótarþingsætum í samræmi við það.

Ed. 438. Nefndarálit [39. mál]

um frv. til l. um togarakaup ríkisins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Meiri hl. sjávarútvegsnefndar vill vísa máli þessu til ríkisstjórnarinnar. Undirritaður leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Verður sú afstaða rökstudd í framsögu fyrir nefndarálitinu.

Alþingi, 27. marz 1968.

Gils Guðmundsson.

Ed. 439. Nefndarálit [102. mál]

um frv. til laga um sérstakan stuðning við hlutarráðna fiskimenn.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Ég hef ekki getað orðið sammála meðnefndarmönnum mínum, sem leggja til, að frv. verði fellt. Eins og nú háttar, er á því brýn nauðsyn, að gert verði myndarlegt átak af opinberri hálfu til þess að tryggja rekstur íslenzka fiskiskipaflotans. Afkoma sjávarútvegsins og þar með þjóðarinnar allrar byggist ekki hvað sízt á því, að hæfir sjómenn fáist til starfa á flotanum, en við óbreyttar aðstæður er slíkt hvergi nærri öruggt. Undanfarin ár hafa þær aflavonir verið bundnar við síldveiðiskipin, að þau hafa getað tryggt sér úrvalssjómenn, enda hefur það átt sinn þátt í þeim árangri, sem þar hefur náðst. Nú er talið, að verð á síld í bræðslu hljóti að verða til muna lægra í ár en í fyrra, þrátt fyrir gengisfellinguna. Virðist þá auðsætt, að án sérstakra ráðstafana sé grundvöllur undir útgerð síldveiðiskipa með öllu brostinn, m. a. vegna þess, að torvelt verður eða ókleift með öllu að fá góðan mannskap á skipin. Ráðstafanir svipaðar þeim, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, mundu bæta hér nokkuð úr. Þar er ekki aðeins um að ræða stuðning við sjómenn, heldur einnig við útgerðarmenn, síldarverksmiðjur og verkafólk í landi.

Menn spyrja að vonum, hvar eigi að taka það fé, sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður leggi fram samkvæmt frv. þessu. Á Alþingi er nú til meðferðar stjórnarfrumvarp um lækkun ríkisútgjalda. Er það vissulega góðra gjalda vert, að svo

miklu leyti sem þar er um niðurskurð miður nauðsynlegra rekstrarútgjalda að ræða. Ber tvímælalaust að ganga lengra á þeirri braut og hagnýta það fé, sem þannig sparaðist, til að tryggja rekstur undirstöðuatvinnuveganna, en þeim rekstri er einnig fjárhagsafkoma ríkissjóðs algerlega háð. 50 millj. kr. lækkun almenns rekstrarkostnaðar ríkis og ríkisstofnana er innan við 1% af heildarútgjöldunum. Þá fjárhæð er tvímælalaust hægt að spara og nota á arðbærari hátt. En ekkert er þjóðarbúinu mikilvægara en það, að sjávarútvegurinn geti verið rekinn með eðlilegum afköstum. — Ég legg til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 27. marz 1968.

Gils Guðmundsson.

Nd. 440. Nefndarálit [140. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1966.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. Þrír nm., JK, VH og LJós, skrifa þó undir nál. með fyrirvara.

Hér með eru prentuð sem fylgiskjöl skýrsla ríkisendurskoðunarinnar til yfirskoðunarmanna, dags. 22. des. 1967, og bréf sömu stofnunar til fjárhagsnefndar, dags. 21. marz s. l. Af gögnum þessum má sjá, að endurskoðun reikninga ríkisstofnana, embætta o. fl. er nú lengra komið en oft áður.

Alþingi, 28. marz 1968.

Matthías Á. Mathiesen, form.
Sigurður Ingimundarson, fundaskr.
Gunnar Gíslason, frsm.
Lúðvík Jósefsson, með fyrirvara.
Jón Kjartansson, með fyrirvara.
Guðlaugur Gíslason.
Vilhjálmur Hjálmarsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal I.

Skýrsla ríkisendurskoðunarinnar um, hvað ólokið er af endurskoðun reikninga ríkisstofnana, embætta o. fl. 16. desember 1967.

Hér fer á eftir skrá yfir reikninga, sem bíða endurskoðunar:

Hæstiréttur 1966.
Kostnaður við embætti sýslumanna, bæjarfógeta, tollstjóra og sakadómara 1966.
Kostnaður lögreglustjóraembættisins 1965—1966.
Biskupsembættið 1964—1966.
Sendiráðin 1966 að nokkru leyti.
Viðtækjaverzlun ríkisins 1966.
Vegamál 1966.
Ferðaskrifstofan 1966.
Raforkumál 1966.

Rannsóknastofnanir atvinnuveganna 1965—1966.
Atvinnudeild háskólans 1964.
Vélasjóður 1966.
Sauðfjárveikivarnir 1966.
Bændaskólinn og búið á Hvanneyri 1966.
Bændaskólinn og búið á Hólum 1965—1966.
Fræðslumálaskrifstofan 1966.
Menntaskólinn á Akureyri 1966.
Menntaskólinn á Laugarvatni 1966 (ókomin reikningsskil).
Héraðsskólinn á Laugarvatni.
Bókaútgáfa Menningarsjóðs 1964—1966.
Vélskólinn 1966.
Tækniskólinn 1966.
Matsveina- og veitingaþjónaskólinn 1966.
Veiðimálaskrifstofan 1966.
Skipaskoðun ríkisins 1966.
Skipulag bæja og kauptúna 1966.
Öryggiseftirlit ríkisins 1966.

Auk þess er ólokið endurskoðun nokkurra smærri reikninga.

Eins og að undanförnu er endurskoðað jafnóðum hjá ýmsum stærri stofnunum og ríkisfyrirtækjum, þannig að endurskoðun þeirra er langt komið fyrir árið 1967.

Við brunann í Iðnaðarbankahúsinu í marz s. l. urðu miklar skemmdir á skrifstofum ríkisendurskoðunarinnar. Bæði af þeim sökum og flutningi í nýtt húsnæði varð mikil röskun á starfseminni, og hefur það seinkað ýmsum verkum.

Þess skal þó getið, að mjög lítið af aðsendum bókhaldsgögnum fór í eldinn.

Endurskoðun tekna annarra en aðflutningsgjalda í embættum sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur er komið sem hér greinir:

1. Lokið er endurskoðun í 17 embættum af 25 til ársloka 1966, en eftir er að athuga reikninga átta embætta fyrir árin 1965 og 1966.
2. Athuganir á fjárreiðum og bókhaldi voru gerðar í 13 embættum á árinu 1967.
3. Embættismannaskipti urðu í eftirtöldum 5 embættum á árinu 1967: Bæjarfógetaembættunum á Akranesi, Akureyri og Neskaupstað, borgarfógetaemb. í Reykjavík og sýslumannsemb. í Suður-Múlasýslu. Samhliða úttekt á þessum embættum voru fjárreiður þeirra athugaðar.

Eins og sjá má á þessari skýrslu og með samanburði við eldri skýrslur, er endurskoðun hjá innheimtumönnum ríkissjóðs mun betur komið nú en oft áður, enda hefur verið lögð áherzla á að vinna upp það, sem ýmissa hluta vegna hafði safnazt fyrir, og má gera ráð fyrir, að óbreyttum aðstæðum, að það takist á næsta ári.

Um tollendurskoðun er hið sama að segja sem í skýrslu síðasta árs, nema á þessu ári hefur færzt í mun betra horf en áður var innheimta aðflutningsgjalda utan Reykjavíkur. Eftirstöðvar hafa minnkað mjög, og þótt ekki hafi enn náðst sá árangur, sem þarf að nást, er hann ekki langt undan.

Í Reykjavík hefur svonefnd „fyrirfram endurskoðun“, sem í rauninni var ekki annað en önnur yfirferð yfir útreikning aðflutningsgjaldanna og átti að vera í höndum tollstjórans þar, verið flutt í hans umsjá, og er hlutverk ríkisendurskoðunarinnar nú að fylgjast með því eftir á, að rétt hafi verið tollafgreitt, og er það gert með dreifikönnun. Meiri áherzla er nú lögð á það en áður voru tök á að hafa eftirlit með því, að störfin á tollstjóraskrifstofunni séu vel og rétt unnin.

Ríkisendurskoðunin, 22. desember 1967.

Fylgiskjal II.

RÍKISENDURSKOÐUN
Laugavegur 105.

Reykjavík, 21. marz 1968.

Hér með sendist fjárhagsnefnd neðri deildar samrit af skýrslu ríkisendurskoðunarinnar til yfirskoðunarmanna um, hvað ólokið var af endurskoðun reikninga ríkisstofnana, embætta o. fl. þann 16. desember s. l.

Síðan hefur verið lokið endurskoðun reikninga:

Vélasjóðs fyrir árið	1966
Fræðslumálaskrifstofu	1966
Menntaskólans á Akureyri	1966
Tækniskólans	1966
Lögreglustjórans í Reykjavík	1965

Enn fremur hefur verið lokið við endurskoðun á tekjum í þremur embættum af átta samkvæmt téðri skýrslu.

F. h. r.
e. u.
Árni Árnason.

Jón Ólafsson.

Til formanns fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis.

Ed. 441. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki náð samstöðu um afstöðu til þess. Mælir undirritaður meiri hl. með því, að það verði samþykkt, tveir nm. þó með fyrirvara. Þeir BGuðbj og EÁ munu skila séráliti. Einn nm. (SvG) var fjarstaddur vegna veikinda, er málið var afgreitt.

Alþingi, 27. marz 1968.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr., með fyrirvara.	Björn Jónsson, með fyrirvara.
	Pétur Benediktsson.	

Ed. 442. Nefndarálit [67. mál]

um frv. til laga um bókhald.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið eftir föngum og aflað sér umsagna um það frá ríkisskattstjóra, félagi löggiltra endurskoðenda, Verzlunarráði Íslands og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Einnig kvaddi nefndin höfunda frumvarpsins á sinn fund og

rökræddi við þá um efni frumvarpsins. Nefndarmenn voru sammála um nauðsyn nýrrar bókhaldslöggjafar og mæla með því, að frumvarp þetta verði samþykkt með tilteknum breytingum, en einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja nýjar breytingartillögur við frumvarpið eða fylgja öðrum breytingartillögum, er fram kynnu að koma.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirtöldum

BREYTINGUM:

1. Við 11. gr. 1. mgr. hljóði svo:
   Sjóðbók, sjóðdagbók og dagbók sé lokað eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Niðurstöður hinna einstöku reikninga skulu þá færast í aðalbók.
2. Aftan við 12. gr. bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:
   Nánar skal kveðið á um þessi atriði í reglugerð.
3. 23. gr. falli niður, og breytist greinatalan í samræmi við það.
4. 27. gr. (verður 26. gr.) hljóði svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1969, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 62 frá 1938.

Alþingi, 25. marz 1968.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. — Ólafur Björnsson, fundaskr. — Auður Auðuns.
Karl Guðjónsson. — Björn Fr. Björnsson. — Einar Ágústsson.
Sveinn Guðmundsson.

Ed. 443. Nefndarálit [39. mál]

um frv. til l. um togarakaup ríkisins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. þetta, og er það upplýst, að ríkisstjórnin hefur skipað sérstaka nefnd til athugunar og undirbúnings á smíði skuttogara af mismunandi stærð. Með tilliti til þessa telur meiri hl. nefndarinnar ekki ástæðu til að samþykkja frv. á þskj. 39 og leggur til, **að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Einn nefndarmanna (ÓlJ) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 27. marz 1968.

Pétur Benediktsson, form., frsm. — Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. — Sveinn Guðmundsson.
Bjarni Guðbjörnsson. — Jón Árnason.

Ed. 444. Nefndarálit [102. mál]

um frv. til l. um sérstakan stuðning við hlutarráðna fiskimenn.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Meiri hluti sjávarútvegsnefndar hefur að athuguðu máli ekki talið fært að veita hlutarráðnum fiskimönnum þann stuðning, sem frv. á þskj. 231 gerir ráð fyrir, og leggur til, að frv. verði fellt.

Einn nefndarmanna (ÓlJ) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 27. marz 1968.

Pétur Benediktsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Sveinn Guðmundsson.

Bjarni Guðbjörnsson. Jón Árnason.

Ed. 445. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 397. Fjarstaddir voru Pétur Benediktsson og Björn Jónsson. Sveinn Guðmundsson var forfallaður.

Alþingi, 26. marz 1968.

Ólafur Björnsson, form. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr., frsm. Einar Ágústsson.

Bjarni Guðbjörnsson.

Ed. 446. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Það virðist vera orðin föst venja hjá núverandi stjórnarflokkum að breyta verulega einstökum liðum fjárlaga þegar í upphafi fjárlagaárs.

Með frumvarpi því, sem hér er til afgreiðslu, er fyrirhugað að lögfesta lækkun á ýmsum útgjaldaliðum nýsamþykktra fjárlaga, og það enda þótt tillögur frá stjórnarandstæðingum við sömu útgjaldaliði væru kolfelldar við fjárlagaafgreiðsluna. Þá voru lækkunartillögur við þessa sömu liði taldar sýndarmennska ein og ábyrgðarleysi, en nú bregður svo við, að unnt er að lækka þessa sömu liði, og það að sjálfsögðu talin dyggð.

Þegar fjárlög voru til afgreiðslu fyrir síðustu áramót, var það augljóst, að þrátt fyrir gengislækkunina í nóvember var ekki rekstrargrundvöllur fyrir aðalútflutn-

ingsatvinnuveginn. Útreikningar sérfræðinga ríkisstjórnarinnar í sambandi við gengislækkunina stóðust ekki, þrátt fyrir fullyrðingar um hið gagnstæða. Það sanna bezt þær ráðstafanir, sem þurft hefur að grípa til síðan. Það var því þá þegar augljóst, að veita þyrfti útflutningsatvinnuvegunum frekari aðstoð, svo að þær breytingar, sem þetta frumvarp gerir á fjárlagagreiðslum, gátu þess vegna legið fyrir við afgreiðslu fjárlaganna.

Sá raunverulegi sparnaður, sem í þessu frumvarpi felst, er góðra gjalda verður, svo langt sem hann nær, og munum við að sjálfsögðu samþykkja þær tillögur.

Raunverulegur sparnaður í ríkisrekstrinum nemur aðeins litlum hluta af þeirri fjárhæð, sem frumvarpið fjallar um. Að meginhluta er annars vegar um að ræða lántökur, er komi í stað beinna fjárveitinga, en hins vegar er niðurfelling framlaga til undirstöðuatvinnuveganna eða sjóða þeirra.

Minni hlutinn mun ekki beita sér gegn frumvarpinu, en leggja fram á sérstöku þskj. nokkrar breytingartillögur.

Alþingi, 27. marz 1968.

Bjarni Guðbjörnsson, frsm. Einar Ágústsson.

Ed. 447. Breytingartillögur [158. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (BGuðbj og EÁ).

1. Við 1. gr. 13., 16. og 17. töluliðir falli niður.
2. Við 5. gr. Greinin falli niður.
3. Við 7. gr. Greinin falli niður.
4. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

   Ríkisstjórninni er heimilt að fela Landnámi ríkisins að hafa forgöngu um, að komið verði upp í tilraunaskyni og í samvinnu við búnaðarsamböndin heyköggla- og fóðurbirgðastöðvum á 3—4 stöðum á Norður- og Austurlandi, og verja til undirbúnings slíkra framkvæmda hluta af því fé, sem Landnámi ríkisins er veitt á fjárlögum fyrir árið 1968, skv. lögum nr. 75 frá 1962.

Nd. 448. Breytingartillaga [164. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

Aftan við 2. gr. bætist:

Aftan við 5. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Skylt er að halda sérgreindum ¾ hlutum árlegs ráðstöfunarfjár sjóðsins samkv. lögum þessum, og má einungis lána hið sérgreinda fé aðilum utan Reykjavíkur og nágrennis.

Nd. 449. Breytingartillögur [169. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá Sigurvin Einarssyni, Lúðvík Jósefssyni og Ingvari Gíslasyni.

1. Við 1. gr. Á eftir a-lið komi nýr stafliður, svo hljóðandi:
   Framan við 7. mgr. bætist: Hvert veitingahús, er vínveitingaleyfi hefur, skal halda uppi fullkominni þjónustu án vínveitinga a. m. k. eitt laugardagskvöld af hverjum fjórum, eftir kl. 8 síðdegis, samkvæmt reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs.
2. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „á annan fullnægjandi hátt“ í 3. mgr. komi: ökuskírteini.
   b. Aftan við 3. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
      Verði ungmenni innan 20 ára aldurs uppvíst að ölvun, skulu viðkomandi lögregluyfirvöld þegar í stað hefja rannsókn á því, hver selt eða veitt hafi því áfengið, og skulu hinir seku sæta sömu refsingu og ákveðin er í 45. gr. þessara laga fyrir brot gegn 24. gr. þeirra.
3. Við 5. gr. Í stað orðanna „á annan fullnægjandi hátt“ komi: ökuskírteini.
4. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   45. gr. laganna orðist svo:
   a. Brot gegn 22. og 23. gr. varða sektum:
      Fyrsta sinn 1500—5000 kr.
      Öðru sinni 2500—12 000 kr.
   b. Brot gegn 24. gr. varða sektum:
      Fyrsta sinn 3000—10 000 kr.
      Öðru sinni 5000—25 000 kr.
   Auk sekta kemur stöðu- og réttindamissir, eins og segir í 22.—24. gr.
   Ítrekuð brot skulu varða fangelsi.

Sþ. 450. Breytingartillaga [160. mál]

við till. til þál. um náttúruvernd, friðun Þingvalla og þjóðgarða.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Við tillögugreinina bætist:
Á meðan endurskoðun laganna um friðun Þingvalla fer fram, felur Alþingi Þingvallanefnd að banna byggingarframkvæmdir og jarðrask á vegum einstaklinga á öllu því landi, sem talið er upp í 2. og 3. grein laganna um friðun Þingvalla.

Sþ. 451. Þingsályktun [155. mál]

um strandferðir norðanlands og útgerð strandferðaskips frá Akureyri.

(Afgreidd frá Sþ. 27. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga möguleika á því, að Skipaútgerð ríkisins, í samráði við hlutaðeigandi bæjar- og sýslufélög, komi á fót á Akureyri útgerð strandferðaskips, er annist strandferðir norðanlands og til

Austfjarða og Vestfjarða, enda séu ferðir þess í samræmi við ferðir strandferðaskipa úr Reykjavík. Niðurstöður athugunarinnar verði lagðar fyrir Alþingi, svo fljótt sem unnt er.

Sþ. 452. Tillaga til þingsályktunar [175. mál]

um athugun á brúargerð yfir Álftafjörð á Snæfellsnesi.

Flm.: Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að vegagerð ríkisins láti rannsaka aðstöðu til brúarbyggingar yfir Álftafjörð á Snæfellsnesi og geri kostnaðaráætlun um framkvæmd verksins, ef hagkvæmt þykir.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar miklar umbætur í samgöngumálum á Snæfellsnesi: Vegurinn fyrir Ólafsvíkurenni, Búlandshöfða og brúin yfir Mjósund í Hraunsfirði, svo að stærstu átökin séu nefnd. Einnig hefur verið lagður góður akvegur um Skógarströnd, og á s. l. sumri var byggður upp nýr vegarkafli á Kolgrafahlíð í Eyrarsveit. Má því segja, að vegasamband sé orðið allgott milli einstakra bæja og byggðarlaga á norðanverðu Snæfellsnesi. Þó er enn erfiður þröskuldur í vegi milli Helgafellssveitar og Skógarstrandar, einkum að vetrarlagi, þar sem er Álftafjörður.

Á tveim síðustu aðalfundum sýslunefndar Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu hafa komið fram og verið samþykktar ákveðnar tillögur þess efnis, að athugað verði og kannað til hlítar, hvort eigi muni vera hagkvæmt að brúa Álftafjörð. Byggjast þær óskir á því, að fjörðurinn er, eins og áður segir, hinn mesti farartálmi. Hlíðarnar báðum megin fjarðarins eru brattar og skriðurunnar. Vatnsagi er þar mikill og gilskorningar margir. Vegurinn bugðóttur og bratt til sjávar. Eins og að líkum lætur, er leið þessi því oft ærið viðsjál að vetrarlagi, bæði snjóþung og svellrunnin. Vafalaust yrði mjög kostnaðarsamt að gera öruggan akveg á þessum stað. Er því álit kunnugustu manna, að kanna beri til hlítar, hvort eigi muni borga sig betur að gera framtíðarveg yfir fjörðinn heldur en þræða hann eftir hlíðunum, eins og nú er gert. Á þeim stað, þar sem slík vegagerð kæmi til greina, er Álftafjörður um 600 m á breidd. Er hann að mestu þurr um fjöru, nema mjór áll úti á leirunum. Vegurinn fyrir fjörðinn mun nú talinn um 5 km að lengd.

Vegabætur í Álftafirði eru nauðsynlegar af mörgum ástæðum. Leiðin er fjölfarin. Hún er verzlunar- og viðskiptaleið Skógstrendinga til Stykkishólms. Þar er haldið uppi áætlunarferðum milli Dala og Snæfellsness. Mjólkurflutningar eru tíðir á þessari leið vegna samvinnu mjólkursamlaganna í Búðardal og Grundarfirði. Einnig aðrir vöruflutningar, sérstaklega ef Hvammsfjörður yrði ísi lagður, eins og fyrir getur komið á köldum vetri. Þá er og brýn nauðsyn til þess, að umrædd leið sé vel fær og örugg, þegar að kalla sjúkraflutningar til sjúkrahússins í Stykkishólmi. Enn fremur má benda á, að vegabætur í Álftafirði eru forsenda þess, að Heydalsvegur geti komið byggðarlögum sunnan Breiðafjarðar að verulegum notum. — Loks má nefna það í leiðinni, að við umrædda framkvæmd gæti skapazt ákjósanleg aðstaða til fiskiræktar í Álftafirði, en það er önnur saga.

Ætla má, að Heydalsvegi yfir Snæfellsnesfjallgarð, úr Hnappadal á Skógarströnd, verði lokið á næsta ári. Eftir er um 12 km vegalengd. Heydalsvegur var tekinn í þjóðvegatölu árið 1944, og æ síðan hafa miklar vonir verið við hann bundn-

ar sem örugga vetrarleið milli Faxaflóabyggða annars vegar og Dala og Snæfellsness hins vegar. Má raunar furðu gegna, að sá vegur skuli ekki vera fullgerður fyrir löngu. Á þeirri leið er hæðin yfir sjávarmál aðeins um 150 m. Til samanburðar má geta þess, að vegurinn um Kerlingarskarð er yfir 300 m og Fróðárheiði og Brattabrekka hátt í 400 m yfir sjávarmál. Má því með sanni segja, að kominn sé tími til að ljúka Heydalsvegi.

Þá er og þess að vænta, að innan fárra ára verði lagður nýr vegur um Laxárdalsheiði. Gamli vegurinn eftir heiðinni mun ná 200 m hæð yfir sjó, en nú hefur verið mælt þar fyrir nýjum vegi, sem er aðeins í um 160 m hæð yfir sjávarmál. Frá Sólheimum í Laxárdal á Strandaveg eru rúmir 12 km. Geta má þess, að vegurinn um Holtavörðuheiði er nær 400 m yfir sjó. Fyllstu vonir standa til þess, að með nýjum vegi um Laxárdalsheiði opnist greið samgönguæð og jafnframt örugg vetrarleið milli Stranda og Norðurlands og Breiðafjarðarbyggða. Er þá miklum áfanga náð og traustum þætti aukið í vegakerfið í þessum byggðarlögum. Verður vonandi allt kapp lagt á að koma þessari vegagerð í framkvæmd hið allra fyrsta.

Vegabætur í Álftafirði, Heydal og á Laxárdalsheiði eru greinar á sama meiði, sem miða að því að stórbæta samgöngukerfið á þessum slóðum. En að því er varðar Álftafjörð sérstaklega þarf að kanna hið fyrsta, hvort hentara er að velja leiðina yfir fjörðinn eða fyrir hann. Niðurstaða þeirrar rannsóknar þarf að vera fyrir hendi, þegar næsta áætlun um vegaframkvæmdir verður samin á hausti komanda.

Nd. 453. Frumvarp til laga [176. mál]

um breyting á lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

Aftan við 6. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Menntamálaráðherra er heimilt að fela félagsmálaráði Reykjavíkur störf barnaverndarnefndar í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti. Ráðherra kveður nánar á um starfssvið í reglugerð. Skipan félagsmálaráðs, fjöldi ráðsmanna og kjörtímabil ákvarðast af borgarstjórn Reykjavíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fyrir Alþingi í samræmi við samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur frá 20. júlí 1967 um nýskipan félagsmála í Reykjavík. Samþykkt borgarstjórnar er prentuð, sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Fyrst um sinn annast barnaverndarnefnd Reykjavíkur úrskurði um vistun og forræði barna, veitir umsagnir um ættleiðingarbeiðnir og hefur á hendi ýmiss konar eftirlit, t. d. með uppeldisstofnunum, vinnu barna og ungmenna og skemmtunum barna.

Gert er ráð fyrir, að nánari ákvæði um verkaskiptingu milli félagsmálaráðs og barnaverndarnefndar verði sett í reglugerð.

Fylgiskjal.

Samþykkt fyrir félagsmálaráð Reykjavíkurborgar.

1. gr.

Félagsmálaráð Reykjavíkurborgar er svo skipað, að í því eiga sæti 7 menn: Borgarstjóri eða fulltrúi hans og er hann jafnframt formaður, og 6 menn kosnir hlutfallskosningu af borgarstjórn og jafnmargir til vara. Kjörtímabil félagsmálaráðs er hið sama og borgarstjórnar. Borgarstjórn getur leyft, að flokkur, sem á fulltrúa í borgarstjórn en ekki kjörinn fulltrúa í félagsmálaráði, megi tilnefna fulltrúa (varafulltrúa) til að sitja fundi með málfrelsi og tillögurétti.

2. gr.

Félagsmálaráð skal samræma félagsmálastarfsemi Reykjavíkurborgar og framkvæma eftirtalin verkefni:

1. að vera stjórnarnefnd Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar og hafa eftirlit með henni og öðrum stofnunum borgarinnar, sem að félagsmálum vinna,
2. að eiga frumkvæði að eflingu félagsmálastarfs í Reykjavík og gera áætlanir um uppbyggingu félagsmálastarfsemi borgarinnar, þar með talin bygging einstakra stofnana,
3. að gera áætlanir um starfsliðsþörf og menntun starfsmanna svo og gera tillögur um ráðningu einstakra starfsmanna félagsmálastofnunarinnar,
4. að skipa nefndir til að fjalla um einstaka þætti félagsmála og setja þeim reglur,
5. að vera borgarstjórn og borgarstofnunum til ráðuneytis um félagsmálefni,
6. að gera tillögur að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar að því er tekur til félagsmála,
7. að setja leiðbeiningarreglur fyrir starfsmenn um meðferð mála,
8. að taka ákvörðun í málum einstaklinga og fjölskyldna, sem aðstoðar félagsmálastofnunar leita,
9. að fara að öðru leyti með önnur verkefni, sem því eru falin í lögum eða af borgarstjórn.

3. gr.

Félagsmálaráð skal halda fund að jafnaði einu sinni í viku. Heimilt er að fella niður annan hvorn fund að sumarlagi. Aukafund skal halda, ef formaður ráðsins ákveður eða tveir félagsmálaráðsmenn hið fæsta óska þess skriflega.

Dagskrá félagsmálaráðsfunda skal send ráðsmönnum daginn fyrir fundi. Frá þessu má víkja, ef óhjákvæmilegt er að boða til fundar fyrirvaralítið.

Ráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarstjórnar jafnóðum.

Um fundarsköp fer eftir sömu reglum og gilda um borgarstjórn eftir því, sem þau geta átt við.

4. gr.

Á sviði félagsmála Reykjavíkurborgar starfa, auk félagsmálaráðs, tvær lögskipaðar nefndir:

a. barnaverndarnefnd.
b. áfengisvarnarnefnd.

Ráðherra ákveður með reglugerð starfssvið og verkaskiptingu milli félagsmálaráðs og nefnda þessara.

5. gr.

Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar fer með framkvæmd á ákvörðunum félagsmálaráðs. Skal sérstök stjórnunar- og skrifstofudeild annast stjórnun og þau önnur störf, sem almenn teljast, en undirdeildir fara með mál einstakra aðila.

6. gr.

Félagsmálastjóri stjórnar daglegum störfum félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar og skiptir störfum og verkefnum milli starfsmanna.

Félagsmálastjóri skal mæta á fundum félagsmálaráðs, en er heimilt að mæta á fundum annarra félagsmálanefnda með tillögurétti og málfrelsi.

Nánari ákvæði um stöðu félagsmálastjóra skulu sett í sérstöku erindisbréfi.

7. gr.

Höfuðmarkmið allrar félagslegrar aðstoðar skal í því fólgið að gera mönnum kleift að sigrast á erfiðleikum og verða sjálfbjarga. Skal þetta jöfnum höndum gert með upplýsingum og ráðgjöf sem þætti í almennu varnaðarstarfi og aðstoð í einstökum tilfellum.

Félagsmálaráð skal stefna að því, að hafa til umráða stofnanir þar sem veitt er félagsleg aðstoð og starfi þar sérmenntað starfsfólk svo sem frekast er unnt.

8. gr.

Aðili, sem ekki vill hlíta ákvörðunum félagsmálaráðs, getur skotið þeim til borgarstjórnar og eftir atvikum til annarra stjórnvalda lögum samkvæmt.

9. gr.

Þagnarskylda er lögð á herðar þeim, sem hefur fengið vitneskju um einkamál vegna starfa við félagsmálastofnunina eða í félagsmálanefndum og ráðum á vegum Reykjavíkurborgar.

10. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi frá 1. janúar 1968.

Nd. 454. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 28. marz 1968.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Gísli Guðmundsson.
Pétur Sigurðsson.	Steingrímur Pálsson.	Jón Kjartansson.
	Jónas Pétursson.	

Ed. 455. Nefndarálit [146. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 102/1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og rætt það á fundum sínum. Nefndin leggur einróma til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 28. marz 1968.

Steinþór Gestsson, form.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Jón Árnason, frsm.
Jónas G. Rafnar.	Páll Þorsteinsson.	Ásgeir Bjarnason.
	Karl Guðjónsson.	

Ed. 456. Breytingartillögur [62. mál]

við frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 22 24. apríl 1965.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr.

1. Við 2. málsgr. Málsgreinin orðist svo:
   Héraðsráðunautar skulu leita eftir óskum bænda um framræsluframkvæmdir og fyrir 1. maí, í fyrsta sinn 1968, senda stjórn Búnaðarfélags Íslands sundurliðaðar pantanir og áætlanir, hver fyrir sitt starfssvæði, um þá framræslu, sem þeir telja æskilega á hverri jörð næstu fimm árin. Búnaðarfélag Íslands gerir síðan heildaráætlun til næstu fimm ára um, hversu mikið skuli grafa á hverju ræktunarsvæði. Þá skulu héraðsráðunautar árlega, fyrir 1. maí, senda Búnaðarfélagi Íslands endurskoðaðar áætlanir fyrir næsta ár. Búnaðarfélag Íslands lætur síðan framkvæma nauðsynlegar mælingar og annan undirbúning, sem þarf til að bjóða verkið út. Jarðræktarráðunautar þess hafa umsjón með þessum áætlunum og skera úr um vafaatriði.
2. Við 3. málsgr. Fyrir orðin „skal skurðgröftur á hverju ræktunarsvæði boðinn út“ komi: skulu framræsluframkvæmdir á hverju ræktunarsvæði boðnar út. — Á eftir orðunum „og ákveður“ komi: ásamt fulltrúa viðkomandi ræktunarsvæðis.
3. Við 5. málsgr. Á eftir orðunum „felur stjórn Búnaðarfélags Íslands vélanefnd“ komi: eða öðrum. — Niður falli orðin „með skurðgröfum Vélasjóðs“.
4. Við 6. málsgr. bætist:
   Ákvæði þetta gildir þó ekki um framræsluframkvæmdir, sem unnar eru á árinu 1968.

Ed. 457. Breytingartillaga [158. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda.

Frá Birni Fr. Björnssyni.

Við 1. gr. tölul. 24. Í stað „670“ komi: 249.

Nd. 458. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til laga um gjaldmiðil Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. marz 1968.

Matthías Á. Mathiesen, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr., frsm.	Lúðvík Jósefsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson.	Gunnar Gíslason.	Jón Kjartansson.
	Guðl. Gíslason.	

Ed. 459. Frumvarp til laga [177. mál]

um breyting á lögum um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl., nr. 14 20. júní 1923.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðuneytið getur úrskurðað, að ákvæði laga þessara gildi um öll efni, hvort sem þau eru afleidd af morfíni, kókaíni eða söltum þeirra eða ekki, enda hafi sannazt við vísindalega rannsókn, að misnota megi þau á líkan hátt eða að þau hafi lík skaðvænleg áhrif sem efni þau, sem nefnd eru í 2. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta felur í sér, að ákvæði laganna skuli breytt þannig að þau taki einnig til annarra efna en þeirra, sem afleidd eru af morfíni eða kókaíni, en sannazt hefur að misnota megi á líkan hátt.

Á síðari árum hefur í mörgum nágrannalöndum mjög aukizt notkun ýmissa efna, svo sem kannabis (marihuana), lýsergíðs (L. S. D.), meskalíns (peyote) og psílócýbíns, er ekki verða talin til lyfja, en valdið geta ávana og jafnvel fíkn líkt og þekkist eftir notkun morfíns og kókaíns. Misnotkun þessara efna mun að vísu enn nokkuð óþekkt hér á landi, en mestu skiptir að gera megi sérhverjar tiltækar ráðstafanir til varnar því að svo verði og er það tilgangur þessa frumvarps.

Ed. 460. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Sami háttur hefur verið hafður á við afgreiðslu frumvarpsins og verið hefur á undanförnum árum. Til þess að flýta fyrir afgreiðslu frumvarpsins og til að tryggja, að samræmis gæti um afgreiðslu frumv. milli deilda, var þingmönnum úr allsherjarnefnd hvorrar þingdeildar ásamt skrifstofustjóra Alþingis falið að athuga frv. og umsóknir, er því fylgdu, og umsóknir um ríkisborgararétt, sem síðar bárust nefndinni.

Að athugunum þessum loknum varð nefndin sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.

Reglur þær, sem allsherjarnefndir beggja deilda settu í nefndaráliti 17. maí 1955 og síðan hafa verið gerðar nokkru fyllri, hafði nefndin einnig nú til hliðsjónar við athuganir sínar. Þykir rétt að birta reglurnar í þessu nefndaráliti, en þær eru þessar:

1. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur, þar sem hann hefur dvalizt.
2. Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skulu hafa átt hér lögheimili í 10 ár, Norðurlandabúar í 5 ár.
3. Karl eða kona, sem giftist íslenzkum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenzki ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en 5 ár.

4. Erlendir ríkisborgarar, sem eiga íslenzkan ríkisborgara að foreldri, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu, ef annað foreldri er Norðurlandabúi, annars eftir 5 ár.
5. Íslendingar, sem gerzt hafa erlendir ríkisborgarar, fái ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu.
6. Íslenzk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið og hún hefur öðlazt heimili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún yfir, að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn hennar, sem hafa ekki náð 16 ára aldri og henni fylgja.

Umsækjendur samkv. 1. gr., eins og hún er, fullnægja þeim skilyrðum, sem lýst er hér að framan, og sömuleiðis þeir umsækjendur, sem nefndin leggur til í breytingartillögum sínum að öðlist ríkisborgararétt, að undanskildum 19. og 20. tölul. a. í brtt. nefndarinnar, sem nánar verður gerð grein fyrir í framsögu. Í 5. tölul. frv. er leiðrétt fæðingarár umsækjandans.

Samkvæmt framansögðu mælir nefndin með því, að þeim 11 umsækjendum, sem taldir eru í 1. gr. frv., og þeim 28 umsækjendum, sem taldir eru upp í breytingartillögum nefndarinnar á þskj. 461, verði nú veittur íslenzkur ríkisborgararéttur.

Enginn umsækjenda, sem nefndin leggur til að öðlist íslenzkan ríkisborgararétt, hefur, að því er bezt verður vitað, sætt þeim viðurlögum hér á landi, sem hindri, að honum verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur.

Einn nefndarmanna, Sveinn Guðmundsson, var fjarverandi vegna veikinda, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 29. marz 1968.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Einar Ágústsson.
Karl Guðjónsson.	Auður Auðuns.	Björn Fr. Björnsson.

Ed. Breytingartillögur [18. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr.

a. Í greinina bætast í stafrófsröð:
   1. Albrektsen, Otto Erling, verkamaður í Kópavogi, f. í Danmörku 12. marz 1928.
   2. Alm, Hanne, húsmóðir í Grundarfirði, f. í Danmörku 26. september 1939.
   3. Aunio, Henrik Vilhelm, auglýsingastjóri í Reykjavík, f. í Finnlandi 7. október 1926.
   4. Baxter, Þorlákur, verkamaður í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 19. marz 1947.
   5. Eggert, Uwe, trésmiður í Ytri-Njarðvík, f. í Þýzkalandi 23. nóvember 1936.
   6. Eriksson, Elly Irma Birgitta, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Svíþjóð 26. marz 1943.
   7. Foerster, Bärbel Cecilie, nunna í Hafnarfirði, f. í Þýzkalandi 9. marz 1929.
   8. Gaard-Jensen, Hans Joen Johan, húsvörður í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 12. september 1915.
   9. Griffith, Alfreð Roy, verkamaður í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 29. nóvember 1950.
   10. Hansen, Aage Laurits Grymen, vefari á Álafossi, f. í Danmörku 6. júní 1933.
   11. Henriksen, Ally Birthe, húsmóðir á Akureyri, f. í Danmörku 20. ágúst 1930.
   12. Hentze, Edmund Leander Frits, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 11. apríl 1913.

13. Jensen, Poul Erik, landbúnaðarverkamaður á Ferjubakka í Borgarfirði, f. í Danmörku 26. desember 1936.
14. Johansson, Åke Ragnvald, verkamaður í Hveragerði, f. í Svíþjóð 20. ág. 1941.
15. Langheinrich, Rudi Robert, verkstjóri á Álafossi, f. í Þýzkalandi 23. febrúar 1940.
16. Ludvigsen, Ellen Margrethe, saumakona í Reykjavík, f. í Danmörku 3. marz 1911.
17. Michalik, Ernst, teiknari í Reykjavík, f. í Danmörku 18. maí 1927.
18. Mikkelsen, Hans Christian Hjorth, sjómaður í Grundarfirði, f. í Danmörku 4. febrúar 1942.
19. Prokic, Biserka, húsmóðir í Reykjavík, f. í Júgóslavíu 4. maí 1928. Fær réttinn 25. júní 1968.
20. Radtke, Helga, húsmóðir í Neskaupstað, f. í Þýzkalandi 16. ágúst 1941. Fær réttinn 24. maí 1968.
21. Rasmussen, Kurt Sören, múrari í Reykjavík, f. í Danmörku 20. júlí 1940.
22. Sehner, Erich Franz, iðnverkamaður í Keflavík, f. í Austurríki 24. apríl 1940.
23. Shepardson, George, matsveinn í Ytri-Njarðvík, f. í Bandaríkjunum 24. janúar 1911.
24. Smith, Kenneth Hilton, verkamaður í Kópavogi, f. í Bandaríkjunum 11. september 1947.
25. Stöckl, Andreas Franz Xaver, tæknifræðingur í Kópavogi, f. í Austurríki 31. janúar 1915.
26. Stöckl, Else Apollonia, húsmóðir í Kópavogi, f. í Austurríki 25. febrúar 1920.
27. Tåfjord, Jóna Valdís, húsmóðir í Grundarfirði, f. í Noregi 3. október 1945.
28. Uri, Oddrun, húsmóðir í Reykjavík, f. í Noregi 3. október 1939.

b. Við 5. tölulið. Fyrir „1945“ komi: 1942.

Ed. 462. Breytingartillaga [62. mál]

við brtt. á þskj. 456 [Jarðræktarlög].

Frá Ásgeiri Bjarnasyni og Páli Þorsteinssyni.

Við 2. tölulið.

Á eftir orðunum „boðnar út“ bætist: Þó er ræktunarsamböndum þeim, sem annast framræslu með eigin vélakosti, ekki skylt að bjóða út áætluð verkefni, enda samþykki Búnaðarfélag Íslands verktaxta þeirra.

Nd. 463. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 3. apríl 1963, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar og varð sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 29. marz 1968.

Sigurður Ingimundarson, form., frsm.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Gísli Guðmundsson.
Eðvarð Sigurðsson.	Eyjólfur Konráð Jónsson.	Matthías Á. Mathiesen.
	Þórarinn Þórarinsson.	

Nd. 464. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar á nokkrum fundum. Fengin hefur verið umsögn búnaðarþings, sem mælir með samþykkt frv. með nokkrum breytingum, sem nefndin hefur að sumu leyti tekið til greina. Nefndin fékk enn fremur á sinn fund formann nefndar þeirrar, er undirbjó málið fyrir landbúnaðarráðuneytið, Pétur Gunnarsson forstjóra, sem gaf nefndinni ýmsar upplýsingar.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr.
   a. Á eftir orðunum „tillögum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins“ í lok 1. málsl. komi: og Búnaðarfélags Íslands.
   b. Fyrir „fóðurvörum“ í niðurlagi greinarinnar komi: fóðurblöndum.
2. Við 16. gr. Á eftir orðunum „sömu reglum og þær selja annað síldarmjöl“ komi: og skulu þær svo sem kostur er fullnægja eftirspurn.

Alþingi, 29. marz 1968.

Jónas Pétursson, form., frsm.	Ragnar Jónsson.	Stefán Valgeirsson.
Hannibal Valdimarsson.	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Pétur Pétursson.
	Eyjólfur Konráð Jónsson.	

Ed. 465. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, nr. 75 13. maí 1966.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og rætt það á fundum sínum. Einnig leitaði nefndin umsagnar um málið hjá stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og Landssambandi íslenzkra útvegsmanna.

Í umsögn fiskveiðasjóðs kemur fram meðal annars, að stofnunin hafi haft náið samstarf við skipaskoðunarstjóra varðandi alla nýbyggingu fiskiskipa. Hefur skipaskoðunarstjóri yfirfarið og athugað alla samninga um smíði fiskiskipa, smíðalýsingar og fyrirkomulagsteikningar og þannig látið fiskveiðasjóði í té umsagnir um smíði fiskiskipa, jafnt þeirra sem byggð hafa verið innanlands sem utan. Þessar umsagnir skipaskoðunarstjóra telur stjórn fiskveiðasjóðs að hafi náð yfir athuganir á öllum samningum, smíðalýsingum og fyrirkomulagsteikningum. Hefur þar komið fram fjöldi tillagna um endurbætur á skipunum og ábendingar um margt, sem betur mátti fara en smíðalýsingar og teikningar gáfu tilefni til.

Þá kemur enn fremur fram í umsögn fiskveiðasjóðs um málið, að snemma á síðastliðnu ári hafi fiskveiðasjóður komið á samvinnu við Fiskifélag Íslands, eða tæknideild þess, sem nýlega sé búið að koma á fót, og sé það verkefni deildarinnar að hafa á hendi slíka leiðbeiningarstarfsemi fyrir útvegsmenn, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að hin nýja tæknideild Fiskveiðasjóðs Íslands hefði með höndum, ef frumv. yrði að lögum.

Í umsögn Landssambands íslenzkra útvegsmanna um málið segir meðal annars, að þeir telji mjög nauðsynlegt, að fyrir hendi sé tæknideild, sem veitt geti útvegsmönnum slíka þjónustu sem frumv. þetta gerir ráð fyrir, en telja hins vegar eðlilegra, að tæknideild sú, sem þegar er komin á fót hjá Fiskifélagi Íslands, verði efld, svo að hún geti að fullu veitt þá þjónustu, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Nefndin er í meginatriðum sammála flutningsmanni frumvarpsins, um nauðsyn þess, að sjávarútvegurinn eigi kost þeirrar leiðbeiningarþjónustu, sem frumv. gerir ráð fyrir. Hins vegar er það skoðun nefndarmanna, að eðlilegast sé að ná því marki með því að efla þann vísi, sem þegar er fyrir hendi hjá Fiskifélagi Íslands, og eru þeir því samþykkir tillögum þeirra aðila, sem að framan getur.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem Fiskifélag Íslands hefur þegar komið á fót tæknideild, sem ætlað er að hafa á hendi slíka leiðbeiningarstarfsemi fyrir útvegsmenn sem frumvarpið gerir ráð fyrir, og í trausti þess, að sú tæknideild verði efld, telur deildin ekki ástæðu til að samþykkja frumvarpið og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 27. marz 1968.

Pétur Benediktsson, form.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr., með fyrirvara.	Jón Árnason, frsm.
Bjarni Guðbjörnsson.	Gils Guðmundsson, með fyrirvara.	Sveinn Guðmundsson.
	Ólafur Jóhannesson.	

Sþ. 466. Nefndarálit [30. mál]

um till. til þál. um, að gerð verði áætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins á tilteknum tíma.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna á fundum sínum og varð ekki sammála um afgreiðslu hennar. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að henni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 28. marz 1968.

Bragi Sigurjónsson, form., frsm.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
	Matthías Bjarnason.	

Sþ. 467. Nefndarálit [32. mál]

um till. til þál. um rannsókn á atvinnuráðningu íslenzkra menntamanna erlendis.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna á fundum sínum og sent hana til umsagnar allmörgum aðilum, svo sem Háskóla Íslands, Læknafélagi Íslands, Verkfræðingafélagi Íslands og Tæknifræðingafélagi Íslands. Af svörum kom fram, að félög lækna og verkfræðinga hafa tiltækar heimildir um starfandi íslenzka lækna

og verkfræðinga erlendis og Bandalag íslenzkra háskólamanna hefur nýverið lokið allýtarlegri könnun á atvinnuráðningu íslenzkra menntamanna erlendis og ástæðum fyrir þeim ráðningum og heimkomuhorfum utanfaranna. Í svari sínu vakti háskólinn athygli nefndarinnar á þessari könnun og að e. t. v. væri ekki þörf nýrrar athugunar á þessu máli strax, þótt æskileg væri könnun á því á nokkurra ára fresti.

M. a. að framangreindu athuguðu leggur meiri hluti allsherjarnefndar til, að umrædd þingsályktunartillaga verið afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem allýtarleg könnun hefur nýverið farið fram á vegum Bandalags ísl. háskólamanna á því efni, sem þingsályktunartillagan fjallar um, og niðurstöður þeirrar könnunar liggja nú fyrir, sér Alþingi ekki ástæðu til nýrrar könnunar að svo stöddu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. marz 1968.

Bragi Sigurjónsson, form., frsm. Jónas Pétursson, fundaskr. Friðjón Þórðarson.

Matthías Bjarnason.

Nd. 468. Stjórnarskipunarlög [2. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

(Afgreidd frá Nd. 29. marz.)

Samhljóða þskj. 2.

Ed. 469. Breytingartillaga [158. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda.

Frá Páli Þorsteinssyni.

Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórnin undirbýr fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp um hagkvæma skipan á yfirstjórn fræðslumála.

Ed. 470. Breytingartillaga [158. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda.

Frá Karli Guðjónssyni.

Við 4. gr. Greinin falli niður.

Sþ. 471. Nefndarálit [108. mál]

um till. til þál. um fiskirækt í fjörðum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og mælir með því, að hún verði samþykkt.

Alþingi, 28. marz 1968.

Bragi Sigurjónsson, form.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Friðjón Þórðarson, frsm.
Matthías Bjarnason.	Jónas Árnason.	Gísli Guðmundsson.
	Vilhjálmur Hjálmarsson.	

Ed. 472. Lög [158. mál]

um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda.

(Afgreidd frá Ed. 29. marz.)

Samhljóða þskj. 432 (sbr. 359).

Sþ. 473. Tillaga til þingsályktunar [178. mál]

um ráðstafanir vegna hafíshættu.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Jónas G. Rafnar, Vilhjálmur Hjálmarsson, Jónas Pétursson, Bjarni Guðbjörnsson, Matthías Bjarnason, Sigurvin Einarsson, Gunnar Gíslason, Björn Pálsson, Björn Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Ólafur Jóhannesson, Lúðvík Jósefsson, Páll Þorsteinsson, Jón Þorsteinsson, Ingvar Gíslason, Eysteinn Jónsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd til að athuga, hvaða ráðstafanir séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir, að skortur verði á olíu, kjarnfóðri og öðrum brýnustu nauðsynjavörum, þegar ís leggst að landi og siglingar teppast með ströndum fram af þeim sökum. Nefndin velur sér formann.

Greinargerð.

Flm. þessarar tillögu líta svo á, að óhjákvæmilegt sé, að athugað verði, hvaða ráðstafanir þurfi að gera til að koma í veg fyrir, að á verzlunarstöðum í þeim landshlutum, þar sem hafíshætta er mest, verði skortur á brýnustu nauðsynjavörum, ef ís leggst að landi og siglingar teppast með ströndum fram, og er þá einkum átt við kjarnfóður og olíu. Benda má á, að sums staðar þyrftu olíugeymar að vera stærri en þeir nú eru, ef þar á að vera hægt að safna nauðsynlegum olíubirgðum.

Nefndarskipun sú, sem gert er ráð fyrir í tillögunni, er til þess ætluð að undirbúa þær öryggisframkvæmdir, sem hér er rætt um.

Ed. 474. Frumvarp til laga [67. mál]

um bókhald.

(Eftir 2. umr. í Ed., 29. marz.)

Samhljóða þskj. 106 með þessum breytingum:

11. gr. hljóðar svo:

Sjóðbók, sjóðdagbók og dagbók sé lokað eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Niðurstöður hinna einstöku reikninga skulu þá færast í aðalbók.

Við gerð ársreikninga skal nákvæm og fullkomin lokun fara fram á bókhaldsbókunum.

Samræmi skal vera milli fjárhæðanna í ársreikningunum og í aðalbókinni.

Ákvæði þessarar greinar taka til bókhaldsgagna samkvæmt 6. gr., eftir því sem við á.

12. gr. hljóðar svo:

Þau útgjöld, sem færð eru í bækurnar, skulu vera samkvæmt áreiðanlegum og fullnægjandi skjölum. Það sama gildir um tekjur eftir því, sem við verður komið. Nánar skal kveðið á um þessi atriði í reglugerð.

23.—26. (síðasta) gr. hljóða svo:

a. (23. gr.)
Ráðherra mælir fyrir um nánari framkvæmd þessara laga með reglugerð, þar á meðal um staðlað bókhaldsskipulag fyrir ákveðnar atvinnugreinar að höfðu samráði við þær, löggildingu bóka, eftirlit og sektir fyrir brot á reglugerðinni.

b. (24. gr.)
Ákvæði þessara laga gilda, svo framarlega sem annað leiði ekki af sérstökum lögum eða reglum settum samkvæmt þeim.

c. (25. gr.)
Fyrir brot gegn lögum þessum skal refsað samkvæmt ákvæðum í almennum hegningarlögum.

d. (26. gr.)
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1969, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 62 frá 1938.

Ed. 475. Lög [137. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva.

(Afgreidd frá Ed. 29. marz.)

Samhljóða þskj. 397.

Ed. 476. Lög [146. mál]

um breyting á lögum nr. 102/1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða.

(Afgreidd frá Ed. 29. marz.)

Samhljóða þskj. 395.

Nd. 477. Frumvarp til laga [179. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. desember 1963.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

85. gr. laganna orðist þannig:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af benzíni, og skal gjaldið nema kr. 4.67 af hverjum lítra. Gjald þetta tekur einnig til benzínbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi ganga í gildi, sbr. þó 92. gr.

2. gr.

86. gr. laganna orðist þannig:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af hjólbörðum, notuðum og nýjum, og gúmmíslöngum á bifreiðar og bifhjól, og skal gjaldið nema kr. 36.00 af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmíslangna, sem fylgja bifreiðum, sem fluttar eru til landsins.

3. gr.

87. gr. laganna orðist þannig:

Árlega skal greiða þungaskatt sem hér segir:

a. Af bifreiðum, sem nota benzín að eldsneyti, kr. 72.00 af hverjum 100 kg af eigin þunga þeirra.

b. Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín: Fyrir bifreiðar allt að 2000 kg að eigin þunga greiðast kr. 14 500.00.

Fyrir bifreiðar 2001 kg og þyngri greiðast kr. 14 500.00 og auk þess kr. 500.00 fyrir hver full 100 kg umfram 2000 kg.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að ökumælar skuli á kostnað eigenda settir í bifreiðar, sem nota annað eldsneyti en benzín og eru 5 tonn eða meira að eigin þyngd, og að greiða skuli fyrir slíkar bifreiðar í stað árlegs þungaskatts sérstakt gjald fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli.

Í reglugerð er ráðherra enn fremur heimilt að ákveða tvo gjalddaga árlega fyrir þungaskatt og allt að fjóra gjalddaga árlega fyrir kílómetragjald, svo og kveða á um tegundir mæla, ísetningu þeirra og viðgerðir og refsingar fyrir brot gegn reglugerðinni.

c. Af bifhjólum kr. 200.00.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr.

4. gr.

1. mgr. 32. gr. laganna orðist þannig:

Árlega skal veita ákveðna fjárhæð til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 300 íbúa eða fleiri, og skal skipting fjárins fara eftir íbúafjölda. Skal árlegt framlag vera 12½ af hundraði af heildartekjum vegamála það ár samkv. XIV. kafla laga þessara, þó að undanskildum tekjum vegamála til framkvæmda við hraðbrautir.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1968 skal þungaskattur af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, greiddur fyrir allt árið samkvæmt ákvæðum b-liðs 3. gr. laga þessara. Skal hækkun sú á þungaskattinum, sem af lögum þessum leiðir, falla í gjalddaga 1. júlí 1968.

Tekjum þeim, sem vegasjóður fær með lögum þessum árið 1968, skal verja sem hér segir:

	Millj. kr.	Millj. kr.
1. Til greiðslu kostnaðar við undirbúning hraðbrautaframkvæmda til ársloka 1968		21.0
2. Til greiðslu kostnaðar umfram vegáætlun 1967:		
a. Halli á vegaviðhaldi vegna náttúruhamfara	21.0	
b. Halli á brúargerðum	2.0	
		23.0
3. Til aukningar ráðstöfunarfjár 1968 á eftirtöldum liðum vegáætlunar:		
a. Viðhald þjóðvega	17.3	
b. Til brúargerða	10.0	
c. Til endurbóta á hættulegum stöðum	4.0	
		31.3
4. Til kaupstaða og kauptúna, svo og rannsókna og tilrauna við vega- og gatnagerð		9.4
5. Til nýrra vega:		
Strákavegur	16.8	
Ólafsfjarðarvegur	1.0	
Suðurfjarðavegur	6.5	
		24.3
		Samtals 109.0

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Aðkallandi er að ráðast í lagningu hraðbrauta, svo sem nánar er að vikið í athugasemdum þessum. Til þess að það geti orðið, verður að afla fjár til vegasjóðs. Það er meginskilyrði fyrir því, að erlent lán fáist til þessara framkvæmda, að allt að 60% af framkvæmdakostnaði verði aflað innanlands.

Samkvæmt ákvæðum 12. gr. vegalaga skal stefnt að því að leggja þá vegi með varanlegu slitlagi og tvöfaldri akbraut, sem gera má ráð fyrir, að hafi 1000 bifreiða umferð eða meira á dag yfir sumarmánuðina innan 10 ára (hraðbraut B).

Í áætlunum um tekjur vegasjóðs er gert ráð fyrir, að fjölgun bifreiða á tímabilinu 1966—1976 verði um 37800, og er það 94% aukning miðað við mitt ár 1967. Samsvarar þetta að meðaltali 7.7% aukningu á ári.

Ef miðað er við, að umferðin á einstökum vegum aukist í réttu hlutfalli við fjölgun bifreiða, munu þeir vegir, sem á s. l. ári höfðu 475 bifreiða umferð á dag yfir sumarmánuðina eða meira, verða komnir með 1000 bifreiða umferð eða meira árið 1976. Skal því samkvæmt framansögðu stefna að því að leggja þessa vegi sem hraðbrautir B.

Lagning hraðbrauta í eins stórum stíl og nú virðist nauðsynlegt myndi verða með stærstu framkvæmdum, sem ráðizt hefur verið í hér á landi. Í slíku verki kemur ekki önnur leið til greina en sú, að verkið verði boðið út í allstórum áföngum, er tryggi alþjóðlega samkeppni um verkið og þar með eins lágan framkvæmdakostnað og kostur er á.

Til þess að hægt sé að ráðast í slíkt verk á hinn hagkvæmasta hátt, þarf ýmsum skilyrðum að vera fullnægt. Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að afla nægilegs fjármagns til þess að kleift sé að ráðast í áfanga af hæfilegri stærð og ljúka þeim á skömmum tíma, þannig að fjármagnið verði ekki lengi bundið í hálfgerðum framkvæmdum. Öll rök hníga að því, að nauðsynlegt verði að afla erlends lánsfjár til fyrstu áfanganna, svo að unnt sé að taka fyrir nægilega stór verkefni í einu og leysa þá miklu þörf, sem nú er fyrir hendi í þessum efnum. Er sérstaklega fjallað um það hér á eftir,

hve miklum hluta kostnaðar slík lán geti numið. Að öðru leyti verður svo að afla fjár með nýjum innlendum tekjustofnum fyrir vegasjóð, enda er það algjör forsenda fyrir því, að erlent fjármagn fáist.

Auk fjáröflunarvandamálsins verður að leggja sérstaka áherzlu á nauðsyn þess að undirbúa þessar miklu framkvæmdir sem rækilegast, bæði tæknilega og fjárhagslega.

Ef þessar framkvæmdir eiga að geta hafizt árið 1969, verður að halda áfram af fullum krafti því undirbúningsstarfi, sem hafið var árið 1966 og greint er frá á bls. 7—8 í skýrslu samgöngumálaráðherra til Alþingis um framkvæmd vegáætlunar árið 1967. Óhjákvæmilegt er, að til þessa undirbúnings fari allmikið fé auk þess fjár, sem varið var til undirbúnings árið 1966 og 1967.

Nægilega stór áfangi í lagningu hraðbrauta myndi, eins og áður segir, varla vera framkvæmanlegur á einu vegáætlunartímabili, nema verulegt lánsfé komi til. Hins vegar er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, að ekki er hægt að reikna með, að erlent lánsfé til slíkra framkvæmda geti numið meira en 40% af heildarkostnaði. Kemur hér fleira en eitt til. Í fyrsta lagi er hér um að ræða framkvæmdir, sem eðli sínu samkvæmt þola ekki mjög mikla lánsfjáröflun, þar sem byrðir vaxta og afborgana myndu leggjast með óeðlilegum þunga á framtíðina og valda þá afturkipp í vegaframkvæmdum. Í öðru lagi myndi það af almennum þjóðhagslegum ástæðum ekki vera ráðlegt, að lánsfjáröflun færi fram úr líklegum erlendum kostnaði, en telja má sennilegt, að hann liggi nærri þessu hlutfalli. Loks virðist reynslan benda til þess, að Alþjóðabankinn og aðrir hugsanlegir lánveitendur myndu líta á 40% sem hámark þess, sem eðlilegt væri að lána í slíka framkvæmd. Eigi þessi lánsfjáröflun að verða möguleg erlendis, er óhjákvæmilegt að miða allan undirbúning og skipulagningu framkvæmdanna við að uppfylla öll venjuleg skilyrði, sem sett eru fyrir slíkum lánum. Hér koma ýmis atriði til greina, svo sem trygging fyrir heilbrigðri innlendri fjáröflun á móti, rækileg athugun á þjóðhagslegu gildi framkvæmdarinnar, traustur og víðtækur tæknilegur undirbúningur o. s. frv.

Endanleg ákvörðun um fjárhagshlið málsins og málið í heild yrði tekin af Alþingi, að undangenginni rækilegri athugun.

Hér að framan hefur verið rætt um undirbúning hraðbrautaframkvæmda sem höfuðtilgang fjáröflunar þeirrar, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

En ýmis önnur atvik, sem borið hefur að, eftir að gildandi vegáætlun var endurskoðuð vorið 1967, valda því, að ekki er unnt að framkvæma allt það, sem vegáætlun gerir ráð fyrir á yfirstandandi ári án aukinna tekna vegasjóðs.

Síðastliðinn vetur og haust var óvenju snjóþungt, og í desember s. l. urðu miklar skemmdir á vegum af völdum vatnavaxta. Af þessum sökum er áætlað að kostnaður við vegaviðhald árið 1967 verði um 21 millj. kr. meiri en vegáætlun gerir ráð fyrir.

Þá er og ljóst, að kostnaður við brúargerðir 1967 verður um 2 millj. kr. meiri en fjárveiting í vegáætlun. Stafar þetta aðallega af því, að gerð á undirstöðum brúa á Jökulsá á Breiðamerkursandi og Brúará hjá Spóastöðum var mun erfiðari og dýrari en ætla mátti eftir botnrannsóknir. Tekjur vegasjóðs 1967 gerðu hins vegar ekki betur en að standast, þannig að umræddur kostnaður umfram áætlun 1967 greiðist af tekjum ársins 1968.

Um nauðsyn aukins fjár til viðhalds þjóðvega er vart þörf á miklum skýringum. Ekki er talið unnt að komast af með þá fjárhæð 1968, sem í vegáætlun er, þannig að viðunandi sé. Þá er einnig fyrirsjáanlegur nokkur aukinn kostnaður við vetrarviðhald vegna snjóþyngsla á þessu ári.

Til þess að unnt sé að ljúka byggingu þeirra brúa, sem gert er ráð fyrir í vegáætlun 1968, er óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir auknum kostnaði vegna verðhækkunar á erlendu brúaefni af völdum gengisbreytingar. Einnig hafa við gerð endanlegra áætlana í nokkrum tilvikum komið fram atriði, sem leiða til aukins kostnaðar, en ekki voru kunn, er frumáætlanir þær, sem kostnaðaráætlanir vegáætlunar eru byggðar á, voru gerðar.

Þá er gert ráð fyrir sérstöku framlagi, að upphæð 4 millj. kr., til endurbóta á hættulegum stöðum, svo sem á blindhæðum, blindbeygjum og mjóum ræsum.

Framlag til lagningar vega í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 300 íbúa eða fleiri, svo og til rannsókna og tilrauna við vega- og gatnagerð, nemur samtals 9.4 millj. kr.

Loks skal ráðstafað til nýrra vega, sem lokið verður við á þessu ári, 24.3 millj. kr.

Hinni nýju fjáröflun er þannig ætlað að standa undir undirbúningskostnaði hraðbrautaframkvæmda og einnig að leysa hin almennu vandamál, sem drepið var á hér að framan.

Er gert ráð fyrir, að tekjuauki ríkissjóðs yrði, ef frumvarpið nær fram að ganga, um 109 millj. kr. á þessu ári, en annars fer það að sjálfsögðu nokkuð eftir gildistökudegi ákvæðanna, einkum varðandi benzínskattinn.

Áætlað er, að af þessum 109 millj. kr. gefi hækkun benzínskatts 43 millj. kr., hækkun gúmmígjalds 26 millj. kr., og hækkun þungaskattsins 40 millj. kr.

Árið 1969 myndi tekjuauki vegna hinna nýju ákvæða verða samtals um 157 millj. kr., miðað við þær áætlanir um bifreiðafjölda og benzínnotkun, sem tekjuáætlanir í vegáætlunum eru byggðar á.

Er því augljóst, að talsvert fé verður til ráðstöfunar til hraðbrauta og annarra vegaframkvæmda á árinu 1969, sérstaklega með tilliti til þess, að ýmsir útgjaldaliðir þessa frv. falla út um n. k. áramót. Þetta kemur sér sérstaklega vel, þar sem ný vegáætlun verður samin á hausti komanda.

Skýringar við einstakar greinar.

Um 1.—2. gr.

Svo sem áður er að vikið, krefst verk það, sem hinni nýju fjáröflun er ætlað að fjármagna, svo mikillar tekjuaukningar vegasjóðs, að henni verður ekki náð, nema með því að hreyfa til hækkunar alla tekjustofna þá, sem vegasjóður hefur af umferðinni.

Um. 3. gr.

a. Þessi liður er óbreyttur.

b. Hér er um að ræða hækkun frá núgildandi skatti, sem nemur í heild um 50%. Mun betra samræmi er í skattlagningunni, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, en nú er. Meginmunur skattlagningarinnar er þó eins og í núverandi lögum sá, að af benzínbifreiðum greiðist skattur í samræmi við notkun, en af dieselbifreiðum óháð notkuninni. Er því gert ráð fyrir, að ráðherra geti með reglugerð ákveðið, að í dieselbifreiðar, 5 tonn að eigin þyngd og stærri, megi setja ökumæla, og að síðan verði skattur af þeim greiddur í samræmi við akstursvegalengd.

Með þessu móti mundi dieselbifreið gjalda í vegasjóð skatt, sem er í samræmi við not hennar af vegunum, eins og benzínbifreið gerir nú.

Í hópi dieselbifreiða eru þær, sem aka mest um þjóðvegi landsins og slíta þeim því mest, en einnig mikið af mjög þungum bifreiðum, svo sem kranabifreiðum, sem aka tiltölulega lítið og með föstum þungaskatti myndu greiða óeðlilega mikið, miðað við not þau, sem þær hafa af vegunum.

c. Þessi liður er óbreyttur.

Um 4. gr.

Eðlilegt þykir að gera þá breytingu á framlagi vegasjóðs til lagningar vega í kaupstöðum og kauptúnum, að það sé ekki greitt af þeim tekjum sjóðsins, sem ganga til framkvæmda við hraðbrautir.

Nd. 478. Nefndarálit [82. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það á nokkrum fundum. Fékk n. á sinn fund til viðræðna um málið þá Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóra í félagsmálaráðuneytinu og Magnús Guðjónsson framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga. Veittu báðir þessir aðilar nefndinni ýmsar upplýsingar varðandi frv. í heild og einstakar greinar þess og svöruðu fyrirspurnum einstakra nefndarmanna.

Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frv. verði samþykkt með breytingum, sem fram koma á sérstöku þingskjali. HV og JSk áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. En tveir nefndarmanna (MB og SV) munu skila séráliti eða álitum.

Alþingi, 29. marz 1968.

Guðl. Gíslason, form., frsm. Bragi Sigurjónsson, fundaskr. Friðjón Þórðarson.
Jón Skaftason. Hannibal Valdimarsson.

Nd. 479. Breytingartillögur [82. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Við 2. gr. Í stað „15%“ í 2. málslið komi: 20%.
2. Við 3. gr. Við greinina bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:

Neyti sveitarstjórn heimildar samkvæmt 2. málslið þessarar málsgr., skal hún gera um það sérstaka samþykkt fyrir 15. jan. ár hvert og auglýsa hana á þann hátt, sem venjulegt er um almennar auglýsingar á hverjum stað.

Nd. 480. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Frv. þetta um breytingar á 1. og 15. gr. kosningalaganna frá 1959 er flutt til að samræma þau lög stjórnarskrárbreytingunni, sem samþykkt var á Alþingi í fyrra og endursamþykkt á þingi því, er nú er. Allir nefndarmenn eru sammála um að mæla með því, að þessar kosningalagabreytingar nái fram að ganga á þessu þingi og að lágmarksaldur kjósenda verði þar með lækkaður úr 21 ári í 20 ár.

En við afgreiðslu frv. í nefndinni lagði formaður hennar fram með því tvær breytingartillögur við það, sem útbýtt hefur verið á Alþingi á þskj. 303 og 437, við 27. og 58. gr. laganna, og vildi meiri hl. n. mæla með báðum þessum brtt. ásamt frv. Á það vildi undirritaður minni hl. ekki fallast og gefur því út sérstakt nefndarálit, þar sem mælt er með frv., en ekki brtt. við það. Til þessa eru þær ástæður, er nú skal greina.

Um frv. sjálft, er varðar lækkun kosningaaldurs, virðist enginn ágreiningur vera á Alþingi og því nokkurn veginn eða alveg víst, að það muni ná fram að ganga, þótt ekki sé langt eftir af þingtímanum, ef breytingartillögur með nýjum efnisatriðum verða ekki til þess að tefja málsmeðferðina. Það er raunar ekki ólíklegt, að takast mætti að afgreiða brtt. á þskj. 303 án ágreinings í þinginu. Öðru máli gegnir um brtt. á þskj 437. Þar er bersýnilega um ágreiningsmál að ræða. Þá er og þess að geta, að komið hafa fram í nefndinni raddir um, að ástæða kunni að vera til að breyta 63., 93. og 110. gr. kosningalaganna, þótt engar tillögur hafi verið um það formlega fluttar. Þar að auki eru fram komnar á Alþingi brtt. á þskj. 224 við 27., 32. og 41. gr. laganna, sem ekki voru lagðar fram eða ræddar í nefndinni.

Kosningalögin frá 1959 eru nú búin að vera nálega 9 ár í gildi og hafa verið framkvæmd við þrennar alþingiskosningar. Þau voru að því leyti nýsmíði, að þau voru sett til að framkvæma stjórnarskrárnýmæli um kjördæmaskipun og kosningaraðferð. Með tilliti til þessa og þeirrar reynslu, sem fengin er, lítur minni hl. svo á, að nú sé tímabært að taka kosningalögin frá 1959 í heild til endurskoðunar á þessu eða næsta ári. Kæmu þá m. a. til athugunar þær breytingartillögur, sem þegar hafa verið fram bornar formlega eða óformlega, svo og aðrar, er fram kynnu að koma.

Af þessu leiðir, að minni hl. telur þarflaust að breyta kosningalögunum á þessu þingi að öðru leyti en því, sem óhjákvæmilegt er til þess, að hin nýju stjórnarskrárákvæði um kosningaaldur komi til framkvæmda. En nýjar breytingartillögur nú geta, ef ágreiningur er um þær, tafið meðferð kosningaaldursákvæðisins á hinum takmarkaða þingtíma, sem eftir er.

Minni hl. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 28. marz 1968.

Gísli Guðmundsson, frsm. Steingrímur Pálsson.

Sþ. 481. Fyrirspurnir. [180. mál]

I. Til sjávarútvegsmálaráðherra um tjónabætur til útvegsmanna vegna veiðarfæra, sem óvirk urðu vegna banns við síldveiðum sunnanlands.

Frá Karli Guðjónssyni.

1. Hefur rannsókn farið fram á því, hve mikil verðmæti liggja í ónýtanlegum veiðarfærum hjá einstökum útgerðarmönnum eða útgerðarfyrirtækjum vegna þess, að síldveiðar sunnanlands hafa verið bannaðar?
2. Hefur ríkisstjórnin metið hugsanlega bótaskyldu af opinberri hálfu vegna síldarnóta, sem gerðar voru sérstaklega fyrir síldveiðar sunnanlands, en verða ekki nýttar nú, eftir að þær veiðar hafa verið bannaðar með stjórnarráðstilskipun?

II. Til ríkisstjórnarinnar um átta stunda vinnudag.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Hvenær má vænta álits nefndar þeirrar, sem var kosin samkvæmt ályktun Alþingis 18. des. 1961 til „að rannsaka, á hvern hátt verði með mestum árangri komið á 8 stunda vinnudegi meðal verkafólks“?

Nd. 482. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur á nokkrum fundum sínum rætt um frv. þetta og fram komnar breytingartillögur á þskj. 437 frá dómsmálaráðherra og á þskj. 303 frá Halldóri E. Sigurðssyni o. fl. Allir nefndarmenn lýstu yfir, að þeir væru samþykkir frumvarpinu eins og það er, en tveir nefndarmenn, Gísli Guðmundsson og Steingrímur Pálsson, voru annarrar skoðunar um afgreiðslu á breytingartillögum við frumvarpið, og munu þeir skila séráliti.

Við undirritaðir leggjum til, að frumvarpið og breytingartillagan á þskj. 437 verði samþykkt.

Breytingartillagan á þskj. 303 leggjum við til að verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Efnismálsgrein tillögunnar orðist svo:

Hreppsnefnd er heimilt, að fengnu samþykki yfirkjörstjórnar, að hafa kjörstað utan hreppsfélagsins.

Það kom til umræðu í nefndinni, að ástæða væri til, að fram fari heildarendurskoðun á kosningalögunum, því að ýmislegt hefur leitt í ljós, að þar þarf breytingar að gera, einkum í sambandi við utankjörfundarkosningar. Það eru því ákveðin tilmæli okkar, að ríkisstjórnin láti endurskoða þessi lög fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Alþingi, 30. marz 1968.

Matthías Bjarnason, form., frsm. Bragi Sigurjónsson, fundaskr. Jónas Pétursson.

Jón Kjartansson. Pétur Sigurðsson.

Nd. 483. Nefndarálit [169. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Hinn 13. maí 1964 var samþykkt á Alþingi tillaga til þingsályktunar um að kjósa milliþinganefnd 7 alþingismanna til að framkvæma „athugun á áfengisvandamálinu“ og gera tillögur um þær „úrbætur“, er hún teldi „nauðsynlegar og framkvæmanlegar“. Það þótti þá ýmsum vænlegt til árangurs, að nefndin væri eingöngu skipuð alþingismönnum, tilnefndum af þingflokkunum. Nefnd þessi skilaði áliti, sem var m. a. gagnlegt að því leyti, að þar var dreginn saman athyglisverður fróðleikur um áfengisnautn á Íslandi og í fleiri löndum og um ýmsar afleiðingar hennar hér á landi. En tillögur gerði nefndin engar nema þær, sem samkomulag varð um milli nefndarmanna, enda mun hún þá þar með hafa talið framgang þeirra á Alþingi líklegan.

Ríkisstjórnin lagði frv. þingmannanefndarinnar fyrir Alþingi 1967. En málið varð ekki útrætt á því þingi. Frv. það, sem nú liggur fyrir, er samið af formanni allshn., að fengnum tilmælum ríkisstjórnarinnar til nefndarinnar í bréfi 27. nóv. s. l. um að greiða fyrir málinu. Eftir tillögu formanns gerðist nefndin flytjandi frv. á þann hátt, sem oft gerist um mál, sem flutt eru eftir tilmælum ríkisstjórnar, þannig að nefndarmenn gerðu fyrirvara um afstöðu sína. Málinu var svo vísað

aftur til nefndarinnar að lokinni 1. umræðu. Var málið síðan tekið fyrir á nefndarfundi, og ákvað meiri hlutinn að mæla með frv. eins og það liggur fyrir.

Undirritaður minni hl. er þeirrar skoðunar, að eftir atvikum hefði það verið rétt afstaða allshn. við afgreiðslu málsins nú að mæla með tillögum milliþinganefndarinnar í heild og gangast fyrir því, að frv. formannsins yrði breytt til samræmis við þetta sjónarmið. Þetta gerði meiri hl. ekki. Þess vegna gefur minni hl. nú út sérálit og mælir með því, að frv. verði breytt í þessa átt. Jafnframt áskilur minni hl. sér rétt til að styðja viðbótartillögur til bóta, sem fram kunna að koma.

Minni hl. er þeirrar skoðunar, að í tillögum milliþinganefndarinnar (þingmannanefndarinnar) komi fram viðleitni í rétta átt, það sem þær ná. Hins vegar er það jafnframt álit minni hl., að meiri árangurs hefði mátt vænta af starfi milliþinganefndarinnar, ef skipun hennar hefði verið óbundin af þeirri reglu, sem sett var í tillögunni.

Ekki mun það ofmælt, að ofnautn áfengis sé ein mesta mannlífsplága vorra tíma, ekki aðeins hér á landi, heldur og víða annars staðar í heiminum. En því miður virðast margar þjóðir sinnulitlar í þessu máli, og verður þá örðugra um vik fyrir eina og eina þjóð, og ekki sízt smáþjóð, að ráðast gegn plágu þessari með róttækum aðferðum. Vel færi á því, að Íslendingar hreyfðu þessu máli á þingi Hinna sameinuðu þjóða. En í baráttu ríkisvaldsins gegn plágunni hér innanlands álítur minni hl. að vænlegast sé að fara að ráðum reyndra áhugamanna, sem unnið hafa gegn ofnautn áfengis, og sérfræðinga, svo sem kennara eða annarra, er við uppeldismál fást, lækna, presta, barnaverndarstarfsmanna, löggæzlumanna o. s. frv., og þá ekki sízt forustumanna í bindindisfélögum ungs fólks. Nefnd eða ráðstefna, sem skipuð væri slíkum mönnum, mundi, ef vel tækist til um mannaval og með tilliti til þess, hvers eðlis málið er, að líkindum geta lagt fleira til mála og haft meiri áhrif á almenningsálit en þingmannanefnd sú, er kosin var, sem að vísu var skipuð mætum mönnum, en taldi sér ekki fært að leggja annað til en það, sem samkomulag gæti orðið um við alla nefndarmenn. Þetta þyrfti að hafa í huga, er áfram verður unnið að því mikla vandamáli, sem hér er um að ræða.

Einn nefndarmanna (JK) var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. marz 1968.

Gísli Guðmundsson, frsm. Steingrímur Pálsson.

Nd. 484. Nefndarálit [169. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd flytur frv. þetta að beiðni dómsmálaráðuneytisins. Framsögumaður nefndarinnar skýrði frá því, þegar hann fylgdi frv. úr hlaði við 1. umræðu, að einstakir nefndarmenn hefðu sett það skilyrði fyrir því, að málið væri flutt af nefndinni, að því yrði að lokinni 1. umræðu vísað aftur til nefndarinnar til frekari athugunar.

Nefndin hefur tekið frv. fyrir að nýju og varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar mælir með því, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir. Pétur Sigurðsson áskilur sér þó rétt til að flytja eða fylgja viðbótartillögu við frv.

Alþingi, 30. marz 1968.

Matthías Bjarnason, form., frsm. Bragi Sigurjónsson, fundaskr. Pétur Sigurðsson.

Jónas Pétursson.

Nd. 485. Frumvarp til laga [153. mál]

um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur.

(Eftir 2. umr. í Nd., 1. apríl.)

Samhljóða þskj. 343 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:
Enginn má framleiða til sölu eða flytja inn fóðurblöndur nema með leyfi landbúnaðarráðuneytisins að fengnum tillögum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Búnaðarfélags Íslands. Sama gildir, þegar um er að ræða innflutning á fóðurtegund, sem ekki hefur verið notuð hér áður. Ráðuneytið getur einnig hvenær sem er bannað innflutning á fóðurblöndum.

16. gr. hljóðar svo:
Við mat á gæðum hvalmjöls og fiskmjöls samkvæmt 15. grein skal tekið tillit til lyktar, útlits og innihalds af óbundnu ammoníaki í mjölinu, svo og hvort skaðlegir sýklar og myglusveppir eru í mjölinu og aðskotahlutir. Ekki má selja fiskmjöl, sem inniheldur meira en 0.2‰ af natriumnitrit á framleiðsludegi, og eigi má nota í kýrfóður fiskmjöl, sem framleitt er úr hráefni, rotvörðu með natriumnitrit. Fiskmjöl til kýrfóðurs skal greinilega merkt K á umbúðir. Síldarverksmiðjur ríkisins skulu selja K-mjöl til notkunar innanlands eftir sömu reglum og þær selja annað síldarmjöl, og skulu þær svo sem kostur er fullnægja eftirspurn. Seljandi skal ávallt ábyrgjast lágmarksmagn mjöltegundanna af eggjahvítu. Nánar skal kveðið á um efnamagn og gæði hvalmjöls og fiskmjöls í reglugerð.

Nd. 486. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til laga um vörumerki.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft þetta frv. til athugunar og leitað umsagnar hjá nokkrum aðilum um frv. Allir þeir aðilar, sem sent hafa umsagnir um frv., hafa engar athugasemdir gert við það og eru því meðmæltir, að það verði samþykkt.
Nefndin er sammála um að mæla með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 31. marz 1968.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Jónas Pétursson.
Gísli Guðmundsson.	Jón Kjartansson.	Steingrímur Pálsson.
	Pétur Sigurðsson.	

Nd. 487. Nefndarálit [82. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Ég er sammála meiri hl. nefndarinnar hvað snertir veigamestu greinar frumvarpsins, 2., 3. og 4. gr., með þeim breytingum, sem meiri hl. nefndarinnar leggur til.

Hins vegar vil ég fella niður úr frv. 1. gr. þess, þar sem ég sé ekki ástæðu til að breyta 9. gr. laganna á þennan hátt. Það er skoðun mín, að aðstöðugjöldin séu óæskilegur tekjustofn fyrir sveitarfélögin og í mörgum tilfellum mjög ranglátur skattur. Það ætti að stefna að því, að þau verði lögð niður og sveitarfélögum fenginn annar tekjustofn í þeirra stað. Mér er ljóst, að á því getur orðið löng bið og á næstu árum verði að leggja á aðstöðugjöld, en hitt má ekki bíða, að endurskoðun fari fram á ákvæðum aðstöðugjalda í tekjustofnalögum sveitarfélaga, sem miði að því að gera þau réttlátari í framkvæmd en nú er og þá alveg sérstaklega hvað snertir álagningu aðstöðugjalds á útgerð og fiskvinnslu.

Enn fremur vil ég fella niður 5. gr. frv., því að ég tel, að sama regla eigi að gilda í þessu tilviki um álagningu útsvars og gildir um álagningu tekjuskatts.

Samkvæmt framansögðu leyfi ég mér að flytja eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 5. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 30. marz 1968.

Matthías Bjarnason.

Nd. 488. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til laga um verzlunaratvinnu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta frumvarp á nokkrum fundum sínum og leitað umsagnar um það hjá nokkrum aðilum.

Nefndin var sammála um að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 4. gr. 3. tölul. orðist þannig:

Hefur lokið prófi úr verzlunarskóla, sem viðurkenndur er af ráðherra, eða hefur aðra menntun, sem ráðherra metur jafngilda. Enn fremur má veita þeim verzlunarleyfi, sem um þriggja ára skeið hefur starfað við verzlun og að þeim starfstíma loknum sótt sérstakt námskeið í verzlunarfræðum, sem ráðherra viðurkennir, og lokið þaðan prófi. Meðan ekki er völ á slíkum verzlunarnámskeiðum sem gert er ráð fyrir í þessum tölulið, má veita þeim verzlunarleyfi, sem starfað hefur þrjú ár við verzlun og sannar með vottorðum vinnuveitenda, að hann hafi vegna starfsreynslu sinnar þá þekkingu á bókhaldi, vörum og lagafyrirmælum, sem varða verzlunarrekstur, sem telja má nauðsynlega til að reka verzlun.

Alþingi, 30. marz 1968.

Matthías Bjarnason, form., frsm.
Bragi Sigurjónsson, fundaskr.
Steingrímur Pálsson.
Gísli Guðmundsson, með fyrirvara.
Pétur Sigurðsson.
Jón Kjartansson.
Jónas Pétursson.

Ed. **489. Frumvarp til laga** [18. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 1. apríl.)

1. gr.

Íslenzkan ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Albrektsen, Otto Erling, verkamaður í Kópavogi, f. í Danmörku 12. marz 1928.
2. Alm, Hanne, húsmóðir í Grundarfirði, f. í Danmörku 26. september 1939.
3. Aunio, Henrik Vilhelm, auglýsingastjóri í Reykjavík, f. í Finnlandi 7. október 1926.
4. Baxter, Þorlákur, verkamaður í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 19. marz 1947.
5. Björk, Lars-Erik, prentmyndasmiður í Reykjavík, f. í Svíþjóð 7. janúar 1937.
6. Dannheim, Eberhard, útvarpsvirki í Reykjavík, f. í Noregi 22. febrúar 1942.
7. Eggert, Uwe, trésmiður í Ytri-Njarðvík, f. í Þýzkalandi 23. nóvember 1936.
8. Eriksson, Elly Irma Birgitta, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Svíþjóð 26. marz 1943.
9. Foerster, Bärbel Cecilie, nunna í Hafnarfirði, f. í Þýzkalandi 9. marz 1929.
10. Gaard-Jensen, Hans Joen Johan, húsvörður í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 12. september 1915.
11. Griffith, Alfreð Roy, verkamaður í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 29. nóvember 1950.
12. Hansen, Aage Laurits Grymen, vefari á Álafossi, f. í Danmörku 6. júní 1933.
13. Henriksen, Ally Birthe, húsmóðir á Akureyri, f. í Danmörku 20. ágúst 1930.
14. Hentze, Edmund Leander Frits, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 11. apríl 1913.
15. Jensen, Egon Georg Vendelbo, matsveinn í Vestmannaeyjum, f. í Danmörku 3. janúar 1916.
16. Jensen, Poul Erik, landbúnaðarverkamaður á Ferjubakka í Borgarfirði, f. í Danmörku 26. desember 1936.
17. Joensen, Anna Friðbjörg, kennari í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 6. september 1940.
18. Joensen, Bergleif Gannt, matsveinn í Reykjavík, f. í Færeyjum 6. apríl 1942.
19. Johansson, Åke Ragnvald, verkamaður í Hveragerði, f. í Svíþjóð 20. ágúst 1941.
20. Karl, Monika Charlotte (Ágústsson), hagfræðingur í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 24. september 1941.
21. Langheinrich, Rudi Robert, verkstjóri á Álafossi, f. í Þýzkalandi 23. febrúar 1940.
22. Ludvigsen, Ellen Margrethe, saumakona í Reykjavík, f. í Danmörku 3. marz 1911.
23. Michalik, Ernst, teiknari í Reykjavík, f. í Danmörku 18. maí 1927.
24. Mikkelsen, Hans Christian Hjorth, sjómaður í Grundarfirði, f. í Danmörku 4. febrúar 1942.
25. Nielsen, Sigrid Maria Elisabeth (Pétursson), húsmóðir í Suður-Múlasýslu, f. í Danmörku 25. febrúar 1930.
26. Pandrick, Renate (Skúlason), húsmóðir í Árnessýslu, f. í Þýzkalandi 13. ágúst 1939.
27. Prokic, Biserka, húsmóðir í Reykjavík, f. í Júgóslavíu 4. maí 1928. Fær réttinn 25. júní 1968.
28. Radtke, Helga, húsmóðir í Neskaupstað, f. í Þýzkalandi 16. ágúst 1941. Fær réttinn 24. maí 1968.
29. Raner, Nelly Eva (Jóhannesson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 29. september 1914.
30. Rasmussen, Kurt Sören, múrari í Reyjavík, f. í Danmörku 20. júlí 1940.

31. Saur, Hiltrud Anneliese (Guðmundsson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 29. júlí 1935.
32. Sehner, Erich Franz, iðnverkamaður í Keflavík, f. í Austurríki 24. apríl 1940.
33. Shepardson, George, matsveinn í Ytri-Njarðvík, f. í Bandaríkjunum 24. janúar 1911.
34. Smith, Kenneth Hilton, verkamaður í Kópavogi, f. í Bandaríkjunum 11. september 1947.
35. Stöckl, Andreas Franz Xaver, tæknifræðingur í Kópavogi, f. í Austurríki 31. janúar 1915.
36. Stöckl, Else Apollonia, húsmóðir í Kópavogi, f. í Austurríki 25. febrúar 1920.
37. Tåfjord, Jóna Valdís, húsmóðir í Grundarfirði, f. í Noregi 3. október 1945.
38. Toftum, Jakop, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 18. marz 1939.
39. Uri, Oddrun, húsmóðir í Reykjavík, f. í Noregi 3. október 1939.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 490. Frumvarp til laga [181. mál]

um breyting á lögum um tékka, nr. 94 frá 19. júní 1933.

Flm.: Pétur Benediktsson.

1. gr.

2. mgr. 55. gr. laga nr. 94 frá 19. júní 1933, um tékka, orðist svo:

Nú á gerð, er tékkarétt varðar, svo sem sýning til greiðslu eða afsögn, fram að fara á tilteknum fresti, og er lokadagur frestsins löghelgur dagur eða dagur, þegar bankastofnanir almennt eru lokaðar, og lengist fresturinn þá til næsta virks dags á eftir. Aðrir löghelgir dagar innan frestsins skulu taldir með, er fresturinn er reiknaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 30. apríl 1968.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu, sem flutt er að ósk banka og sparisjóða, er lagt til, að bætt sé inn í 2. málsgrein 55. gr. laganna orðunum: „eða dagur, þegar bankastofnanir almennt eru lokaðar".

Ástæður fyrir frumvarpi þessu eru þær sömu og eru til grundvallar frumvarpi til breytingar á víxillögunum, sem lagt er nú samtímis fyrir Alþingi.

Hefur það færzt í aukana á undanförnum árum, að veitt sé frí á laugardögum, einkum yfir sumarmánuðina, og á þetta við um ýmsa starfshópa, t. d. starfsmenn ríkis og bæja, bankastarfsmenn o. fl.

Þar sem þjóðhátíðardagurinn og verzlunarmannafrídagurinn eru ekki löghelgir dagar, lengist ekki frestur sá, sem 2. mgr. 55. gr. l. nr. 94/1933 veitir, en þetta getur vegna hinnar almennu lokunar bæði skrifstofu notarii publici og bankastofnana á þessum dögum og laugardögum leitt til þess, að afsögn fáist ekki framkvæmd innan

hins lögleyfða frests, sem aftur leiðir af sér missi tékkaréttar. Er sérstaklega hætta á þessu, þegar vinna fellur niður mánudagana eftir laugardagsfrí, t. d. verzlunarmannafrídaga og þegar 17. júní fellur á mánudag, sem er í ár.

Um 1.—2. gr.

Þarfnast ekki skýringa fram yfir það, sem segir í greinargerð.

Ed. 491. Frumvarp til laga [182. mál]

um breyting á víxillögum, nr. 93 frá 19. júní 1933.

Flm.: Pétur Benediktsson.

1. gr.

3. mgr. 44. gr. laganna orðist svo:

Afsögn vegna greiðslufalls á víxli, er greiðast skal á tilteknum degi eða tilteknum tíma eftir útgáfudag eða sýningu, skal gerð á öðrum þeirra tveggja virku daga, sem næstir koma á eftir gjalddaga, sbr. þó undantekningar í 72. gr. Nú á víxill að greiðast við sýningu, og eiga þá ákvæði þau, er sett eru í næstu málsgr. hér að framan um afsögn vegna samþykkisskorts, einnig við um afsögn hans vegna greiðslufalls, eftir því sem við á.

2. gr.

72. gr. laganna orðist svo:

Nú ber gjalddaga víxils á löghelgan dag eða dag, þegar bankastofnanir almennt eru lokaðar, og verður greiðslu þá eigi krafizt fyrr en næsta virkan dag á eftir. Allar aðrar gerðir, er varða víxilinn, svo sem sýning til samþykkis og afsagnargerð, má einnig aðeins framkvæma á virkum degi.

Nú á gerð að fara fram á tilteknum fresti og er lokadagur frestsins löghelgur dagur eða almennur lokunardagur bankastofnana, og lengist fresturinn þá til næsta virks dags á eftir. Löghelgir dagar innan frestsins skulu taldir með, er fresturinn er reiknaður.

Nú er kveðið á um frest í lögum þessum eða sérstökum ákvæðum, og telst þá dagur sá, er fresturinn er talinn frá, eigi með í frestinum.

Frestsdagar til greiðslu eftir gjalddaga gilda eigi um víxla.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 30. apríl 1968.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu, sem flutt er að ósk banka og sparisjóða, er lagt til, að í stað orðsins „bankafrídagur“ í núgildandi lögum komi: „dagur, þegar bankastofnanir almennt eru lokaðar“. Með bankastofnunum er átt við banka og sparisjóði. Ástæðan til þessa er sú, að á undanförnum árum hefur það færzt í aukana, að veitt sé frí á laugardögum, einkum yfir sumarmánuðina, og á þetta við um ýmsa starfshópa, t. d. starfsmenn ríkis og bæja, bankastarfsmenn o. fl.

Þar sem þjóðhátíðardagurinn og verzlunarmannafrídagurinn eru ekki löghelgir dagar, lengist ekki frestur sá, sem 2. mgr. 72. gr. laga nr. 93/1933 veitir, en þetta getur vegna hinnar almennu lokunar, bæði skrifstofu notarii publici og bankastofnana á þessum dögum og laugardögum, leitt til þess, að afsögn fáist ekki fram-

kvæmd innan hins lögleyfða frests, sem aftur leiðir af sér missi víxilréttar á hendur ábyrgðarmönnum. Er einkum hætta á þessu, þar sem verzlunarmannafrídagurinn er á mánudegi og 17. júní reyndar líka í ár.

Með tilliti til orðalags núgildandi laga, þar sem gert er ráð fyrir bankafrídegi, þykir eðlilegt að miða fresti þessa við lokunardaga bankastofnana, þar sem víxlar eru yfirleitt vistaðir í þeim.

Um 1. gr.

Eðlilegt þykir að vísa til undantekninga skv. 72. gr.

Um 2.—3. gr.

Sbr. skýringar í greinargerð.

Sþ. 492. Nefndarálit [71. mál]

um till. til þál. um lækkun tolla á efnum og vélum til iðnaðarins.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Í greinargerð flm. fyrir till. segir, að hún sé flutt „til að tryggja það, að verðhækkanir á hráefnum og vélum til iðnaðarins af völdum gengisbreytingarinnar verði honum sem minnst tilfinnanlegar".

Allshn. hefur fengið umsagnir um tillöguna frá Félagi ísl. iðnrekenda og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Báðar umsagnirnar eru jákvæðar. Í umsögn Félags ísl. iðnrekenda segir: „Stjórn Félags ísl. iðnrekenda hefur rætt tillögu þessa og mælir með samþykkt hennar. Vísast í því sambandi einnig til samþykkta aðalfunda félagsins á undanförnum árum."

Nefndin klofnaði við afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. vill fella tillöguna. Minni hl. vill, að tillagan nái fram að ganga, en telur eftir atvikum rétt, að orðalagi hennar verði breytt lítils háttar, og væntir þess, að þá geti orðið samkomulag á Alþingi um, að sú viljayfirlýsing gagnvart málstað iðnaðarins, sem í henni felst, komi fram af þingsins hálfu. M. a. verður nú að taka tillit til þess, að afgreiðsla till., sem borin var fram nokkuð snemma á þingtímanum, hefur dregizt svo lengi, að árangur af endurskoðuninni getur ekki komið fram í lagasetningu fyrr en á næsta þingi. Minni hl. leggur því til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríksstjórnina að láta nú þegar endurskoða tollalögin með það fyrir augum, að innflutningstollar á efnum og vélum til iðnaðarins verði lækkaðir, og leggja fyrir Alþingi, þegar það kemur saman á næsta hausti, frumvarp um breytingu á tollalögunum í samræmi við endurskoðunina.

Alþingi, 28. marz 1968.

Gísli Guðmundsson, frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson. Jónas Árnason.

Sþ. **493. Nefndarálit** [32. mál]

um till. til þál. um rannsókn á atvinnuráðningu íslenzkra menntamanna erlendis.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leitað um hana umsagnar. Í nefndinni var í þessu sambandi einkum rætt um skýrslu þá, er henni barst með bréfi, dags. 19. febr. s. l., frá Bandalagi háskólamanna um skoðanakönnun, sem B. H. hefur gengizt fyrir um „orsakir til búsetu íslenzkra háskólamanna erlendis". En skýrsla þessi hafði þau áhrif á meiri hl. n., að hann taldi ekki ástæðu til að mæla með samþykkt tillögunnar.

Minni hl. er á annarri skoðun. Hann telur skoðanakönnun B. H. að vísu mjög athyglisverða, það sem hún nær, en eigi að síður þörf á að halda áfram slíkri athugun og gera hana víðtækari en hún hefur verið til þessa.

Spurningar frá B. H. voru sendar 216 háskólamönnum erlendis í september 1966. Í skýrslunni segir, að sú tala sé „engan veginn tæmandi um fjölda þeirra háskólamanna, sem búsettir eru erlendis", og að enn vanti svör frá 43% af þeim 216, sem spurðir voru, þrátt fyrir „ítrekun" snemma á árinu 1967. Skoðanakönnun þessi nær aðeins til „háskólamanna", en ekki annarra íslenzkra „menntamanna" erlendis, t. d. tæknifræðinema eða tæknifræðinga, enda mælir Tæknifræðingafélagið með tillögunni á þskj. 32. Samt er, eins og fyrr var sagt, mikill fróðleikur í skýrslu B. H., sem að gagni mætti koma við framhaldsrannsókn og víðtækari rannsókn. Er hluti (upphaf) þeirrar skýrslu prentaður sem fskj. með nál. þessu.

Minni hl. n. leggur til, að till. á þskj. 32 verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „hvort mikil" komi: nánar en þegar hefur verið gert, hversu.

Alþingi, 28. marz 1968.

Gísli Guðmundsson, frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson. Jónas Árnason.

Fylgiskjal.

BANDALAG HÁSKÓLAMANNA

Desember 1967.

Skoðanakönnun um orsakir til búsetu íslenzkra háskólamanna erlendis.

(Upphaf.)

I. Inngangur.

Sumarið 1966 lagði þáverandi formaður Bandalags háskólamanna, Sveinn Björnsson verkfr., þá tillögu fram á stjórnarfundi hjá Bandalaginu, að það kæmi á fót og ynni að skoðanakönnun meðal íslenzkra háskólamanna, sem búsettir eru erlendis, til að leita orsakanna til búsetu þeirra utan Íslands. Tillagan var samþykkt og þegar hafizt handa um að hrinda skoðanakönnuninni í framkvæmd, en framkvæmdastjóri Bandalagsins, Ólafur S. Valdimarsson, hefur haft öflun gagna og úrvinnslu þeirra með höndum.

Veruleg vinna lá í samningu spurningaeyðublaðs, enda, svo að vitað sé, engin hliðstæð könnun verið gerð hér á landi áður, sem hægt væri að styðjast við. Upplýsingar um íslenzka háskólamenn, sem búsettir eru erlendis, voru að mestu leyti fengnar frá aðildarfélögum BHM, en heimilisfanga þeirra var þó ekki ætíð unnt að afla. Auk þess munu allmargir háskólamenn vera búsettir erlendis, sem Bandalagið hefur engar upplýsingar um. Er því tala þeirra, sem bréf voru send til, en þeir voru 216, engan veginn tæmandi um fjölda þeirra íslenzku háskólamanna, sem búsettir eru erlendis. Þó má gera ráð fyrir, að upplýsingar hafi fengizt um allflesta íslenzka lækna og verkfræðinga, enda haldin sérstök skrá yfir þá hjá Læknafélagi Íslands og Verkfræðingafélagi Íslands. Ekki er heldur ástæða til að ætla, að verulega marga náttúrufræðinga hafi vantað á skrána.

Spurningaeyðublöð voru send út í septembermánuði 1966. Svör bárust heldur dræmt, og var því send ítrekun um svar snemma á þessu ári. Bar hún nokkurn árangur, og fengust svör samtals frá rúmlega 57% þeirra, sem leitað var til. Spurningaeyðublaðið og bréfin fylgja þessari skýrslu sem fylgiskjöl I—III, svo og bráðabirgðaskýrsla, sem gefin var um könnunina í nóvember 1966 (fskj. IV).

Niðurstöður könnunarinnar, sem birtar eru hér á eftir, ættu að gefa nokkra hugmynd um orsakir til þess, að Íslendingar, sem stundað hafa langt og dýrt nám, setjast að erlendis að námi loknu og stunda þar störf, svo að árum skiptir og stundum ævilangt. Könnunin á að geta gefið nokkra hugmynd um meðallengd þessarar dvalar og líkurnar á því, að menn flytjist til Íslands aftur.

Rannsókn sem þessi er að því leyti ófullnægjandi, að upplýsingar vantar frá tæpum helmingi þeirra, sem skrifað var til, og lítið verður vitað um ástæðu til þess, að þeir svara ekki. Rökstuddur grunur er þó til þess að ætla, að tiltölulega fáir þessara háskólamanna eigi eftir að starfa á Íslandi. Þannig leiddi samanburður við Verkfræðingatal í ljós, að af þeim 29 verkfræðingum, sem ekkert svar fékkst frá, vantaði upplýsingar um 8 í Verkfræðingatalið sjálft, 5 hafa verið búsettir lengur en áratug erlendis og 9 lengur en 5 ár. Það eru því aðeins 7 verkfræðingar af þessum 29, sem dvalið hafa tiltölulega fá ár erlendis.

Bandalag háskólamanna vonar, að skoðanakönnunin geri menn nokkru fróðari en ella um orsakir til búsetu íslenzkra háskólamanna erlendis, og þá fyrst og fremst þeirra þriggja stétta, sem Íslendingar mega sízt við, að flytjist úr landi.

II. Heildaryfirlit.

Á 1. töflu er þeim 216 mönnum, sem bréf var sent til, skipt eftir starfsgreinum og helztu löndum, sem þeir eru búsettir í.

Rúmlega helmingur þeirra, sem bréf var sent til, eru læknar, langflestir búsettir í Svíþjóð og Bandaríkjunum. Af þessum hópi svöruðu 63 bréfi Bandalagsins eða tæplega 56%. Næststærsta starfsgreinin er verkfræðingar, en af þeim 65, sem bréf var sent til, svöruðu 33 eða rétt um helmingur. Flestir verkfræðinganna eru búsettir í Bandaríkjunum, en þessi stétt er þó miklu dreifðari um heiminn en læknarnir. Tiltölulega dreifðastir eru þó náttúrufræðingarnir, en þeir 18, sem skrifað var til, búa samtals í 10 þjóðlöndum. Undirtektir þeirra voru einstaklega góðar, þar sem 15 af 18 svöruðu bréfi BHM, eða rúmlega 83%. Aðrir háskólamenn, sem bréf var sent til, voru kennarar í íslenzkum fræðum, 10 alls, 4 hagfræðingar og ýmsir kennarar, 6 talsins. Um háskólamenn í öðrum stéttum voru ekki nægar upplýsingar, til að unnt væri að senda þeim bréf.

Sé litið á heildarfjölda þeirra háskólamanna, sem bréf var sent til, kemur í ljós, að rúmur þriðjungur þeirra er búsettur í Bandaríkjunum, tæpur þriðjungur í Svíþjóð og loks þriðjungur í öðrum löndum, þar af flestir í Danmörku. ...

1. tafla. Fjöldi spurðra, skipt á starfsgreinar og lönd, og fjöldi svara.

Starfsgreinar	Tala þeirra, sem bréf var sent til	Skipt á helztu lönd				Tala svara, sem unnið var úr	Svör í % af útsendum bréfum	Endursend bréf
		Bandar.	Danm.	Sviþ.	Önnur			
Læknar	113	38	12	50	13	63	55.8	4
Verkfræðingar	65	29	15	7	14	33	50.8	3
Náttúrufræðingar	18	4	1	4	9	15	83.3	
Kennarar í ísl. fræðum	10	2	3	2	3	5	50.0	
Hagfræðingar	4	2		1	1	4	100.0	
Ýmsir kennarar	6	2		1	3	4	66.7	
Samtals	216	77	31	65	43	124	57.4	7

Sþ. 494. Nefndarálit [30. mál]

um till. til þál. um, að gerð verði áætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins á tilteknum tíma.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt þessa tillögu á fundum sínum og fengið umsögn vegamálastjóra, sem leggur til, að tímatakmörk tillögunnar verði rýmkuð.

Meiri hluti nefndarinnar gat hins vegar með engu móti fallizt á að mæla með tillögunni, hvorki í því formi, sem vegamálastjóri leggur til í umsögn sinni, né heldur með öðrum breytingum.

Ekki fer milli mála, að Ísland er í vegamálum vanþróað land. Það votta opinberar skýrslur um „ólagða og ófullgerða“ vegi, auk þess sem sjón er sögu ríkari, er ekið er um landið. Ekkert samræmi er á milli hins gífurlega innflutnings ökutækja og ört vaxandi þungaflutninga með bifreiðum annars vegar og framvindu vegagerðarinnar hins vegar. Ber þar allt að sama brunni: Á fjölförnustu leiðum fer umferðin fram úr því, sem talið er að malarvegir geti borið, án þess að tekizt hafi að fylgja þeirri þróun eftir með slitlagi úr varanlegu efni. Byggingu hinna þýðingarmestu framleiðslu- og tengivega annarra miðar hægt. Og viðhaldsframkvæmdir svara engan veginn auknum þörfum. — Fyrirsjáanlegt er, að verja þarf stórauknu fé til vegamála árlega.

Mjög miklu skiptir, hvernig þeim fjármunum, sem vegagerðin krefst á næstunni, verður ráðstafað. Þróun samgöngumála getur haft úrslitaáhrif á atvinnulíf og uppbyggingu heilla landshluta og einstakra byggðarlaga. Frá því sjónarmiði getur röðun framkvæmda varðað miklu; einnig að því er snertir hagkvæm og skipuleg vinnubrögð við nýbyggingar og viðhald veganna.

Áætlanagerð kostar að sjálfsögðu peninga, en getur einnig sparað mikla fjármuni, þegar um stórframkvæmdir er að ræða. Áætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins hefur einnig almenna þjóðhagslega þýðingu.

Minni hluti allsherjarnefndar vill taka til greina réttmætar ábendingar vegamálastjóra og leggur til, að þingsályktunartillagan á þskj. 30 verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Orðin „og ekki síðar en fyrir árslok 1968“ í fyrsta málslið tillögugreinarinnar falli niður.

Alþingi, 1. apríl 1968.

Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Gísli Guðmundsson. Jónas Árnason.

Nd. 495. Nefndarálit [82. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Það er æði margt, sem þyrfti að athuga í sambandi við tekjuöflun sveitarfélaga. Mörg þeirra hafa átt í miklum erfiðleikum með að afla nægjanlegra tekna til að rísa undir lögboðnum gjöldum. Ekki er hægt að sjá annað en að þeir erfiðleikar fari hraðvaxandi, eins og nú horfir í atvinnumálum þjóðarinnar. Því ber að vinna að því að útvega sveitarfélögunum nýja tekjustofna.

Aðstöðugjaldið er þyrnir í augum margra, ekki sízt fyrir það, að þeim mun óhagstæðari sem atvinnurekstur inn er og fleiri óhöpp henda, þeim mun hærra verður gjaldið hjá hlutaðeigandi aðila, en gjaldþolið minnkar að sama skapi. Þannig geta ýmis ófyrirsjáanleg óhöpp, sem fyrir koma í atvinnurekstrinum og skera úr um það, að hallarekstur verður á óhappaárinu, hækkað til mikilla muna gjöld fyrirtækisins til sveitarfélagsins. Á þennan hátt er hallareksturinn skattlagður og íþyngt erfiðum rekstri það mikið, að til stöðvunar getur leitt.

Ekkert samræmi er í álagningu aðstöðugjaldsins, og í mörgum tilfellum getur það orðið 4 sinnum hærra á einum stað en öðrum, miðað við sams konar rekstur. Ef ekki þykir fært að afnema aðstöðugjaldið með öllu, verður að samræma álagningarprósentuna þannig, að sama prósenta gildi á öllu landinu á sams konar rekstur.

Ég get ekki fallizt á þetta frv. í veigamiklum atriðum og legg fram breytingartillögur á sérstöku þingskjali og mun gera grein fyrir þeim frekar í umræðu um málið.

Alþingi, 1. apríl 1968.

Stefán Valgeirsson.

Nd. 496. Breytingartillögur [82. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Á eftir orðunum „sem nemi brúttótekjum“ í 2. málsgr. 9. gr. laganna komi: Kostnaður vegna óhappa eða náttúruhamfara skal undanskilinn aðstöðugjaldi.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verði 2. gr., þannig:
   10. gr. laganna orðist svo:
   Aðstöðugjald má eigi hærra vera en hér greinir:
   a. ½% af: Rekstri fiskiskipa og flugvéla. Landbúnaði. Verzlun með kaffi, sykur og kornvöru til manneldis í heildsölu. Matvöruverzlun í smásölu. Verzlun með veiðarfæri, önnur en sportveiðitæki, fóðurvörur, tilbúinn áburð (Áburðarverksmiðjan er þó undanþegin aðstöðugjaldi). Kjöt- og fiskiðnaði. Endurtryggingum.
   b. 1% af: Rekstri farþega- og farmskipa. Sérleyfisbifreiðum. Matsölu. Vátryggingum ót. a. Útgáfustarfsemi (útgáfa dagblaða er þó undanþegin aðstöðugjaldi). Verzlun ót. a. Iðnaði ót. a. Annarri gjaldskyldri starfsemi ót. a.

c. 1½% af: Sælgætis- og efnagerðum. Öl- og gosdrykkjagerðum. Gull- og silfursmíði. Hattasaumi. Rakara- og hárgreiðslustofum. Leirkerasmíði. Ljósmyndun. Myndskurði. Verzlun með gleraugu, kvenhatta, sportvörur, hljóðfæri, snyrti- og hreinlætisvörur. Lyfjaverzlun. Kvikmyndahúsum. Fjölritun. Persónulegri þjónustu.

d. 2% af: Skartgripa-, skrautmuna- og minjagripaverzlun. Tóbaks- og sælgætisverzlun. Söluturnum. Blómaverzlun. Umboðsverzlun. Listmunagerð. Börum. Billjardstofum.

3. Við 3. gr. (sem verður 4. gr.). Á eftir orðunum „samkvæmt a-lið 47. gr. verið ákveðnir" komi: er skylt að auglýsa það hlutaðeigendum fyrir janúarlok álagningarárið, og er sveitarstjórn þá heimilt o. s. frv.

Nd. 497. Breytingartillaga [110. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá Pálma Jónssyni.

Við 1. gr. Ákvæði til bráðabirgða: Upphaf 1. málsgr. orðist svo:
Á árunum 1968 og 1969 skal greiða ¼% viðbótargjald o. s. frv.

Sþ. 498. Nefndarálit [24. mál]

um till. til þál. um listasöfn og listsýningar utan Reykjavíkur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á fundum sínum og leitað umsagna hjá Listasafni Íslands og Sambandi íslenzkra sveitarfélaga. Var nefndin sammála um, að auka bæri kynningu á myndlist meðal þjóðarinnar, og leggur til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela menntamálaráðuneytinu í samráði við Listasafn Íslands og samtök myndlistarmanna að gera tillögur um, hvernig bezt megi stuðla að auknum myndlistarsýningum úti um land og stofnun og starfrækslu listasafna.
2. Fyrirsögn tillögunnar verði:
   Tillaga til þingsályktunar um listsýningar og listasöfn utan Reykjavíkur.

Alþingi, 1. apríl 1968.

Bragi Sigurjónsson, form.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm.
Jónas Árnason.	Gísli Guðmundsson.	Matthías Bjarnason.
	Friðjón Þórðarson.	

Sþ. 499. Nefndarálit [50. mál]

um till. til þál. um stöðlun fiskiskipa.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á fundum sínum og leitað umsagnar nokkurra aðila um hana.

Nefndin mælir með því, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram nákvæma rannsókn á því, hvort ekki sé hagsamt að láta staðla veiðiskip landsmanna í ákveðnar stærðir og gerðir, svo að þau verði ódýrari í smíðum fyrir innlendar skipasmíðastöðvar.

Jafnframt væntir Alþingi þess, að einskis verði látið ófreistað til að auðvelda þegar reistum skipasmíðastöðvum samkeppni um smíði veiðiskipa landsmanna við erlendar skipasmíðastöðvar, svo að ekki komi til verkefnaskorts hjá þeim.

Alþingi, 1. apríl 1968.

Bragi Sigurjónsson, form.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Matthías Bjarnason, frsm.
Jónas Árnason.	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Gísli Guðmundsson.
	Friðjón Þórðarson.	

Sþ. 500. Nefndarálit [57. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og mælir einróma með samþykkt hennar.

Alþingi, 1. apríl 1968.

Bragi Sigurjónsson, form.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Jónas Árnason, frsm.
Matthías Bjarnason.	Friðjón Þórðarson.	Gísli Guðmundsson.
	Vilhjálmur Hjálmarsson.	

Ed. 501. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til laga um Fiskimálaráð.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumv., en varð eigi sammála um afgreiðslu þess. — Undirritaður meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt

óbreytt. Einn nefndarmanna, PB, leggur hins vegar til, að frumv. verði fellt, og mun hann skila séráliti.

Alþingi, 2. apríl 1968.

Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Jón Árnason, frsm.	Gils Guðmundsson.
Sveinn Guðmundsson.	Bjarni Guðbjörnsson.	Ólafur Jóhannesson.

Ed. 502. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 21/1957, um dýravernd.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. — GilsG var fjarstaddur, þegar málið var afgr. í nefndinni.

Alþingi, 2. apríl 1968.

Auður Auðuns, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Steinþór Gestsson.
Jón Þorsteinsson.	Ólafur Jóhannesson.	Páll Þorsteinsson.

Nd. 503. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til l. um breytingu á mörkum Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps í Suður-Múlasýslu og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja ríkisjörðina Hólma.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og sent það til umsagnar, og leggur hún til, að það verði samþykkt með tilgreindum breytingum á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 2. apríl 1968.

Guðl. Gíslason, form., frsm.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Hannibal Valdimarsson, með fyrirvara.
Friðjón Þórðarson.	Stefán Valgeirsson.	Matthías Bjarnason.
	Jón Skaftason.	

Nd. 504. Breytingartillögur [149. mál]

við frv. til l. um breytingu á mörkum Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps í Suður-Múlasýslu og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja ríkisjörðina Hólma.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Mörk Eskifjarðarhrepps í Suður-Múlasýslu skulu vera sem hér segir: Frá Hólmanestá eftir línu dreginni í beina stefnu á stað 3 metra í hánorður frá svonefndu Völvuleiði á Hólmahálsi og þaðan beina stefnu á austurkamb Hólma-

tinds. Síðan inn eggjar á vatnaskilum um Miðaftanstind og Kambafell í hæsta leiti Eskihnjúks. Eftir það gildir eldri hreppamarkalína um Tungufell og Fönn, út eggjar í Svartafell og þaðan til sjávar.

2. Við 4. gr. Við gr. bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:
Verð jarðarinnar fer eftir því, sem um semst. Náist ekki samkomulag um kaupverðið, skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

Nd. 505. Nefndarálit [157. mál]

um frv. til l. um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og er sammála um að mæla með samþykkt þess með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU:

3. gr. orðist svo:
Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum, einum tilnefndum af menntamálaráðuneyti, einum kosnum af háskólaráði og þrem kosnum af stúdentaráði til tveggja ára í senn. Varamenn skal tilnefna með sama hætti til jafnlangs tíma. Stjórnin kýs sér formann.

Alþingi, 2. apríl 1968.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Ragnar Jónsson, fundaskr.	Sigurvin Einarsson.
Birgir Kjaran.	Ingvar Gíslason.	Gunnar Gíslason.
	Magnús Kjartansson.	

Ed. 506. Nefndarálit [140. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1966.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Mæla undirritaðir nm. með því, að það verði samþykkt óbreytt, en einn nm. (EÁ) var fjarstaddur, er það var afgreitt úr nefndinni.

Alþingi, 2. apríl 1968.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Bjarni Guðbjörnsson.
Björn Jónsson.	Pétur Benediktsson.	Sveinn Guðmundsson.

Sþ. **507. Tillaga til þingsályktunar** [183. mál]

um endurskoðun lagaákvæða um meðlagsgreiðslur.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Halldór E. Sigurðsson, Lúðvík Jósefsson, Steinþór Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða gildandi lagaákvæði um meðlagsgreiðslur í því skyni að gera reglur um þær einfaldari en þær eru nú.

Verði stefnt að því, að endurskoðun þessari ljúki það tímanlega, að unnt verði að leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp eða frumvörp til laga um þetta efni.

Leitað verði samvinnu við Samband íslenzkra sveitarfélaga um endurskoðun þessa.

Greinargerð.

Innheimta barnsmeðlaga hjá barnsfeðrum er eitt þeirra verkefna, sem veldur oddvitum og öðrum starfsmönnum sveitarfélaga hvað mestri fyrirhöfn, og útgjöld vegna óinnheimtanlegra meðlaga leggjast mjög þungt og misjafnlega á mörg sveitarfélög, ekki sízt þau fámennustu.

Tryggingastofnun ríkisins hefur með höndum það hlutverk, sbr. 79. gr. laga nr. 40/1963, að greiða ógiftum og fráskildum mæðrum meðlög með börnum þeirra til 16 ára aldurs gegn framvísun meðlagsúrskurðar eða skilnaðarleyfisbréfs. Stofnunin á síðan rétt á að krefja barnsföður um endurgreiðslu meðlagsins, en verði vanskil af hans hálfu, skal stofnunin innheimta kröfuna hjá framfærslusveit hans innan 12 mánaða frá greiðslu meðlagsins. Vanræki framfærslusveit að sinna kröfunni, getur stofnunin krafið ríkissjóð um endurgreiðslu.

Í framkvæmdinni mun það vera svo, að Tryggingastofnunin krefur ekki einstaka barnsfeður um endurgreiðslu, heldur framfærslusveit þeirra.

Meðlög greidd Tryggingastofnuninni af framfærslusveit teljast framfærslustyrkur veittur barnsföður, og er framfærslusveit heimilt að krefja barnsföður um endurgreiðslu þeirra samkvæmt ákvæðum framfærslulaga.

Reynslan sýnir, að endurgreiðslukröfur framfærslusveitar á hendur barnsfeðrum innheimtast bæði seint og illa, og ber margt til þess.

Tryggingastofnunin sendir endurgreiðslukröfur til sveitarfélaganna einu sinni á ári, í fyrsta lagi eftir lok þess árs, sem greiðslan var innt af hendi, og oft síðar, ef óvissa hefur verið um framfærslusveit og afla hefur þurft úrskurðar um sveitfesti barnsföður. Þegar sveitarfélag getur fyrst hafizt handa um að krefja barnsföður, hafa því oft safnazt fyrir kröfur, er nema allháum fjárhæðum, sem erfitt reynist að innheimta ásamt þeim, er síðar bætast við, þar sem fjárhag margra barnsfeðra er þannig háttað, að þeir eru ekki aflögufærir um meðlagsgreiðslu nema smátt og smátt af vinnutekjum sínum. Niðurstaðan verður því sú, að ekki innheimtist nema hluti útlagðs kostnaðar vegna greiddra barnsmeðlaga, en hinn hlutinn lendir á sveitarsjóði, þ. e. þegnum sveitarfélagsins í formi hærri útsvara.

Það er að sjálfsögðu ákaflega tilviljanakennt, hver útgjöld einstakra sveitarfélaga verða af þessum sökum.

Segja má, að stærstu sveitarfélögin standi bezt að vigi í þessu efni, þar sem útgjaldabyrðin dreifist á fleiri herðar og aðstaðan er betri til innheimtu. En sérstaklega geta þessi útgjöld komið illa við fámenn sveitarfélög. Það er einnig tíðum tilviljanakennt, á hvaða sveitarfélagi slík útgjöld lenda í einstaka tilvikum, — það getur oltið á því, í hvaða sveitarfélagi meðlagsskyldur maður er staddur, þegar meðlagsúrskurður er útgefinn og birtur. En viðkomandi sveitarfélag verður að sitja uppi með þessi útgjöld til 16 ára aldurs barns, þótt barnsfaðir sé þaðan fluttur og sé gjaldþegn í öðru sveitarfélagi, sbr. ákvæði framfærslulaga.

Sveitarfélögin eru óánægð með núverandi skipan þessara mála og hafa oft rætt

þau á fundum sínum og þingum, síðast á landsþingi Sambands íslenzkra sveitarfélaga á liðnu sumri, þar sem samþykkt var tillaga um að fela stjórn sambandsins að vinna að því, að gerðar yrðu breytingar til hagsbóta fyrir sveitarfélögin á núgildandi lagaákvæðum um þetta efni.

Þar sem flutningsmenn telja, að um ýmsar leiðir sé að velja til úrbóta í þessu efni, álíta þeir þá málsmeðferð eðlilega, að Alþingi feli ríkisstjórninni að láta endurskoða gildandi lagaákvæði um meðlagsgreiðslur, og í framhaldi af og á grundvelli þeirrar endurskoðunar verði lagt fyrir Alþingi frumvarp eða frumvörp til laga um breytingar á gildandi lögum um þetta efni, sem feli í sér, að reglur um meðlagsgreiðslur verði einfaldari en nú og tryggi betri innheimtu meðlaga eða verði með öðrum hætti til þess að létta útgjaldabyrðum af sveitarfélögunum. Verði haft samráð við Samband íslenzkra sveitarfélaga og aðra þá aðila, er ástæða þykir til, um endurskoðun þessa.

Að lokum skal þess getið, að þingsályktunartillaga sú, sem hér er flutt, er borin fram að beiðni stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga.

Ed. 508. Þingsályktun [136. mál]

um, að bændaskólarnir veiti fræðslu í fiskirækt og fiskeldi.

(Afgreidd frá Ed. 2. apríl.)

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landbúnaðarráðherra að hlutast til um, að nú þegar, eða svo fljótt sem verða má, verði fræðsla um ræktun og eldi vatnafiska efld við bændaskólana í landinu. Einnig að gera ráðstafanir til, að ráðunautar í fiskirækt og fiskeldi verði ráðnir til starfa, ef það þykir betur henta en að öll fræðsla og leiðbeiningar um fiskirækt verði á vegum Veiðimálastofnunarinnar.

Sþ. 509. Nefndarálit [141. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1966.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið og borið tölur þess saman við ríkisreikning ársins 1966.

Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr., 8. tölulið. Í stað orðanna „af kr. 4 228 038 tekjum“ komi: af kr. 4 228 038.71 tekjum.

Alþingi, 2. apríl 1968.

Jón Árnason, form. Birgir Finnsson, fundaskr., frsm. Geir Gunnarsson. Ágúst Þorvaldsson.
Halldór E. Sigurðsson. Ingvar Gíslason. Matthías Bjarnason.
Gunnar Gíslason. Sverrir Júlíusson.

Nd. 510. Tillaga til þingsályktunar [184. mál]

um lánskjör atvinnuveganna.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að afla upplýsinga um lánskjör atvinnuveganna hjá þeim þjóðum, sem Íslendingar keppa við á erlendum mörkuðum og á heimamarkaði. Upplýsingar þessar skulu bæði ná til stofnlána og rekstrarlána og greina frá lánsmöguleikum, afborgunarskilmálum, vöxtum og öðru því, sem máli skiptir. Að fengnum þessum upplýsingum skal gerður samanburður á lánskjörum þessara atvinnuvega og íslenzkra atvinnuvega og sá samanburður birtur opinberlega.

Greinargerð.

Það er undirstaða að öruggri afkomu þjóðarinnar, að atvinnuvegir hennar séu samkeppnisfærir við atvinnuvegi annarra þjóða. Hið opinbera verður að gera allt, sem það megnar, til þess að svo megi verða. Í þeim efnum er það ekki sízt þýðingarmikið, að atvinnuvegirnir búi við ekki lakari lánskjör en tíðkast annars staðar, þar sem lánsfé verður nú stöðugt stærri þáttur í rekstri atvinnuveganna sökum vaxandi vélvæðingar og hraðrar framþróunar. Þess vegna er hér lagt til, að aflað verði sem ýtarlegastra upplýsinga um lánskjör atvinnuvega þeirra þjóða, sem við keppum helzt við, og síðan verði gerður samanburður á þeim og lánskjörum íslenzkra atvinnuvega. Slíkur samanburður mun leiða í ljós, hvernig sú stefna í peningamálum, sem nú er fylgt, tryggir samkeppnisstöðu atvinnuveganna og hvaða breytinga kunni að vera helzt þörf í þeim efnum.

Ed. 511. Frumvarp til laga [185. mál]

um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Veðlánakerfi til aðstoðar við byggingu íbúðarhúsnæðis skal starfrækt undir sameiginlegri stjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands.

Til öflunar fjár í byggingarsjóð ríkisins er veðdeild Landsbanka Íslands heimilt að gefa út og selja skuldabréf (bankavaxtabréf) sem svarar heildarupphæð árlegra lánveitinga húsnæðismálastjórnar til íbúðabygginga. Skuldabréf þessi skulu vera með föstum vaxtafæti og endurgreiðast með jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana (annuitet), sjá þó 5. málsgr. þessarar gr.

Skuldabréf þessi og vextir af þeim skulu vera undanþegin sköttum, útsvari og framtalsskyldu á sama hátt og innstæður í bönkum.

Ríkissjóður ber einfalda ábyrgð á skuldbindingum samkvæmt bréfum þessum.

Hagstofa Íslands skal reikna visitölu, er sýnir breytingar á dagvinnutímakaupi fyrir almenna verkamannavinnu í Reykjavík, samkvæmt nánari ákvörðun hennar. Grunntími þessarar vísitölu skal vera 1. febrúar 1968, og skal hún framvegis reiknuð fjórum sinnum á ári, miðað við fyrsta dag mánaðanna febrúar, maí, ágúst og nóv-

ember. Gildistími hverrar vísitölu í sambandi við útgáfu skuldabréfa samkvæmt 2. málsgr. þessarar gr. og C-liðs 7. gr. er 3 mánuðir og reiknast frá 1. degi þess mánaðar, er vísitalan er við miðuð.

Á ársgreiðslur lána, er byggingarsjóður tekur samkvæmt 2. málsgr. þessarar gr., skal greiða hlutfallslega viðbót, sem svarar helmingi þeirrar hækkunar, er hverju sinni hefur orðið á kaupvísitölu (sbr. 5. málsgr. þessarar gr.) frá útgáfutíma skuldabréfs og til 1. febrúar næst fyrir hverja ársgreiðslu.

Ráðherra ákveður að öðru leyti gerð þessara skuldabréfa og setur nánari reglur um útgáfu þeirra. Skal fara eftir þeim reglum, er gilda um útgáfu bankavaxtabréfa veðdeildar Landsbankans, nema ráðherra ákveði annað.

2. gr.

3. málsgr. A-liðs 7. gr. orðist svo:

Húsnæðismálastjórn getur enn fremur veitt sveitarfélögum, Öryrkjabandalagi Íslands og elliheimilum lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum og kauptúnum. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um slíkar leiguíbúðir.

3. gr.

Fyrri málsgr. C-liðs 7. gr. orðist svo:

Ársvextir af lánum þessum skulu vera 4%, þau skulu vera afborgunarlaus fyrsta árið, en endurgreiðast síðan að fullu á 25 árum með jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana (annuitet). Hvert lán skal vera tryggt með 1. veðrétti í viðkomandi íbúð. Á vexti af lánum þessum fyrsta árið, og af ársgreiðslum af þeim síðar, skal skuldari greiða hlutfallslega viðbót, sem svarar helmingi þeirrar hækkunar, er hverju sinni hefur orðið á kaupvísitölu (sbr. 5. málsgr. 5. gr.) frá lántökutíma og til 1. febrúar næst fyrir hverja ársgreiðslu. Til greiðslu á kostnaði veðdeildar Landsbankans vegna starfa hennar í þágu byggingarsjóðs skulu skuldarar árlega greiða sem svarar ¼% af lánsfjárhæðinni. Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og árlegir vextir, og við það skal lögð hlutfallslega sama vísitöluviðbót og greidd er á ársgreiðslu af láninu hverju sinni.

4. gr.

1. málsl. 3. málsgr. 10. gr. orðist svo:

Þegar sá, sem sparað hefur fé og lagt í sjóð samkvæmt 1. málsgr., hefur náð 26 ára aldri — eða stofnað til hjúskapar, verði það fyrr — skal hann eiga þess kost að fá endurgreitt sparifé sitt samkvæmt 1. málsgr. með 4% vöxtum frá þeim tíma, er það var inn lagt, og með viðbót samkvæmt kaupvísitölu (sbr. 5. málsgr. 5. gr.).

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir, sem fengið hafa vísitölubundin lán hjá veðdeild Landsbankans á tímabilinu 24. júlí 1964 og til gildistöku þessara laga, skulu á gjalddaga ársgreiðslu 1. maí 1968 greiða álag á hana samkvæmt vísitölu 194 stig. Tekur þetta jafnt til lána, sem tengd eru framfærsluvísitölu, sem til lána, sem tengd eru kaupgreiðsluvísitölu. Á ársgreiðslur af slíkum lánum, sem falla í gjalddaga eftir 1. maí 1968, skulu skuldarar greiða hlutfallslega viðbót sem svarar helmingi þeirrar hækkunar, sem hverju sinni hefur orðið á kaupvísitölu (sbr. 5. málsgr. 5. gr.) frá 1. febrúar 1968 og til 1. febrúar næst fyrir gjalddaga hverrar ársgreiðslu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hinn 16.. marz 1968 í sambandi við nýja kjarasamninga. Í yfirlýsingu þessari segir meðal annars, að ríkisstjórnin muni láta undirbúa og leggja fyrir Alþingi nú tillögur um breytingu vísitöluákvæða í húsnæðislánasamningum til hagsbóta fyrir lántakendur. Jafnframt munu verða teknir upp samningar við aðila, er keypt hafa vísitölubundin íbúðalánabréf, um að þeir fallist á breytt kjör, svo að tekjutap Byggingasjóðs verði sem minnst. Með hinu breytta fyrirkomulagi verði stefnt að því, að vísitölubreyting íbúðalána verði ekki hærri en nemi helmingi breytingarinnar á almennum kauptöxtum verkafólks. Hin nýju kjör gildi um öll lán, er veitt hafa verið síðan kerfisbreytingin var gerð 1964.

Aðalefni þessa frumvarps er það, að vísitöluákvæðum þeim, sem nú gilda um íbúðalán, er breytt til hagsbóta fyrir lántakendur eftir því, sem nánar greinir í yfirlýsingunni.

Skal nú vikið að einstökum greinum:

Um 1. gr.

Heimild veðdeildarinnar til útgáfu bankavaxtabréfa er nú bundin við 400 milljón króna hámark á ári. Þörfin á útgáfu slíkra bréfa er algerlega háð þeirri fjárhæð, sem húsnæðismálastjórn hefur árlega til ráðstöfunar. Í raun og veru er veðdeildin lánveitandi, en ekki byggingasjóðurinn. Hins vegar kaupir byggingasjóður bankavaxtabréf veðdeildarinnar, en andvirði þeirra ver veðdeildin til lánveitinga þeirra, sem húsnæðismálastjórn hefur ákveðið. Á árinu 1967 nam útgáfa bankavaxtabréfa 391 milljón króna. Fyrr en varir gæti því núgildandi hámarksákvæði hindrað lánveitingar, sem annars væri unnt að láta í té. Það er því lagt til að fella niður gildandi hámarksákvæði og setja í staðinn viðmiðunina: heildarfjárhæð árlegra lánveitinga húsnæðismálastjórnar til íbúðabygginga.

Í 5. mgr. eru ákvæði um nýja kaupvísitölu í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Verður hún reiknuð út fjórum sinnum á ári af Hagstofu Íslands.

Aðrar breytingar þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Hér er lagt til, að heimilt sé að veita elliheimilum lán til bygginga leiguíbúða með sama hætti og sveitarfélögum og Öryrkjabandalagi Íslands.

Um 3.—4. gr.

Breyting sú, sem í greinum þessum felst, er í samræmi við breytt vísitölukjör. Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í bráðabirgðaákvæðinu felst, að hin fyrri kaupgreiðsluvísitala mun gilda um breytingar á árgreiðslu íbúðalána með þeim breytingum, er á henni verða fram til 1. desember 1967, sbr. 1. gr. laga nr. 70/1967 um verðlagsuppbót á laun og um vísitölu framfærslukostnaðar. Var kaupgreiðsluvísitalan þá orðin 194 stig. Eftir 1. febrúar 1968, en miðað við þann dag verður reiknuð út grunnvísitala hinnar nýju kaupvísitölu, mun árgreiðsla þessara lána miðast að helmingi við breytingar á kaupvísitölunni, eins og segir í bráðabirgðaákvæðinu. Þar sem lán, sem hafa gjalddaga

1. maí n.k., miðast við vísitölu 1. febrúar, mun launahækkunin, er varð með kjarasamningum nú í marzmánuði, ekki hafa áhrif á lánagreiðslur fyrr en á næsta ári.

Sþ. 512. Nefndarálit [74. mál]

um till. til þál. um undirbúning heildarlöggjafar um hagnýtingu fiskimiðanna umhverfis landið.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað till. þessa á fundum sínum og leitað um hana umsagna ýmissa aðila og stofnana, er mál þetta snertir. Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þáltill. Leggja undirritaðir til, að henni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 4. apríl 1968.

Bragi Sigurjónsson, form. Jónas Pétursson, fundaskr. Friðjón Þórðarson, frsm.

Matthías Bjarnason.

Sþ. 513. Nefndarálit [79. mál]

um till. til þál. um breytta skipan lögreglumála í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft framangreinda þáltill. til athugunar og sent hana til umsagnar dómsmálaráðuneytisins. Leggur nefndin til, að Alþingi samþykki þáltill. óbreytta.

Alþingi, 4. apríl 1968.

Bragi Sigurjónsson, form., frsm. Jónas Pétursson, fundaskr. Matthías Bjarnason.

Friðjón Þórðarson. Gísli Guðmundsson. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Jónas Árnason.

Sþ. 514. Nefndarálit [95. mál]

um till. til þál. um hlutverk Seðlabankans.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um framangreinda þáltill., en ekki orðið sammála um afgreiðslu hennar. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að þáltill. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 4. apríl 1968.

Bragi Sigurjónsson, form., frsm. Jónas Pétursson, fundaskr. Matthías Bjarnason.

Friðjón Þórðarson.

Sþ. 515. Nefndarálit [160. mál]

um till. til þál. um náttúruvernd, friðun Þingvalla og þjóðgarða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur á fundi sínum rætt þáltill. ásamt brtt. við hana á þskj. 450 og leggur til, að þáltill. allsherjarnefndar á þskj. 366 verði samþ. óbreytt.

Tveir nefndarmanna, Jónas Árnason og Gísli Guðmundsson, áskilja sér þó rétt til að fylgja breytingartillögum eða flytja. Vilhjálmur Hjálmarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. apríl 1968.

Bragi Sigurjónsson, form., frsm.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Friðjón Þórðarson.	Gísli Guðmundsson.	Jónas Árnason.

Nd. 516. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til l. um breyt á l. nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir einróma með, að það verði afgreitt óbreytt.

Alþingi, 4. apríl 1968.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Magnús Kjartansson.	Ingvar Gíslason.
Sigurvin Einarsson.	Eyjólfur Konráð Jónsson.	Birgir Kjaran.
	Gunnar Gíslason.	

Nd. 517. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 4. apríl 1968.

Guðl. Gíslason, form.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Friðjón Þórðarson, frsm.
Jón Skaftason.	Hannibal Valdimarsson.	Matthías Bjarnason.
	Stefán Valgeirsson.	

Ed. 518. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til laga um Fiskimálaráð.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Ég fæ ekki betur séð en Fiskimálaráð, sem gert er ráð fyrir að komi saman tvisvar á ári, hljóti samkvæmt hlutarins eðli að verða alger hégómastofnun og því verr farið en heima setið að fela henni hlutverk, sem heima eiga hjá stofnunum, sem reknar eru í fullri alvöru. Á ég þar fyrst og fremst við atvinnumálaráðuneytið og Fiskifélagið, en sumpart einnig ýmsa þá aðila, sem senda eiga fulltrúa á hið nýja skrafþing. Ég legg til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 4. apríl 1968.

Pétur Benediktsson.

Ed. 519. Nefndarálit [164. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. ÁB og BFB voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 4. apríl 1968.

Jón Þorsteinsson, form. | Auður Auðuns, fundaskr., frsm. | Steinþór Gestsson.

Björn Jónsson. Pétur Benediktsson.

Ed. 520. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um tékka, nr. 94 frá 19. júní 1933.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 4. apríl 1968.

Ólafur Björnsson, form. | Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. | Pétur Benediktsson, frsm.

Einar Ágústsson. Sveinn Guðmundsson. Björn Jónsson.

Bjarni Guðbjörnsson.

Ed. 521. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til l. um breyt. á víxillögum, nr. 93 frá 19. júní 1933.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 4. apríl 1968.

Ólafur Björnsson, form.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Pétur Benediktsson, frsm.
Einar Ágústsson.	Sveinn Guðmundsson.	Björn Jónsson.
	Bjarni Guðbjörnsson.	

Sþ. 522. Nefndarálit [142. mál]

um till. til þál. um mannúðlega meðferð á hrossum.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur haft tillögu þessa til athugunar og m. a. leitað umsagna hjá Búnaðarfélagi Íslands, Landssambandi hestamanna og Dýraverndunarfélagi Íslands. Nefndin leggur til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. apríl 1968.

Bragi Sigurjónsson, form.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm.
Matthías Bjarnason.	Jónas Árnason.	Gísli Guðmundsson.
	Friðjón Þórðarson.	

Ed. 523. Frumvarp til laga [62. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 22 24. apríl 1965.

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. apríl.)

1. gr.

II. liður í 10. gr. laganna orðist svo:

Framræsla vegna tún-, akur-, engja- og hagaræktar (vélgröftur):

a. Skurðir vélgrafnir, 70% kostnaðar við gröft skurðanna. Ákvæðisvinna skal viðhöfð við skurðgröft þar, sem því verður við komið. Ríkisframlag skal miða við ákvæðisvinnutaxta hvers ræktunarsvæðis sé hann fyrir hendi. Annars úrskurðar Búnaðarfélag Íslands reikninga.

Héraðsráðunautar skulu leita eftir óskum bænda um framræslufram-kvæmdir og fyrir 1. maí, í fyrsta sinn 1968, senda stjórn Búnaðarfélags Íslands sundurliðaðar pantanir og áætlanir, hver fyrir sitt starfssvæði, um þá framræslu, sem þeir telja æskilega á hverri jörð næstu fimm árin. Búnaðarfélag Íslands gerir síðan heildaráætlun til næstu fimm ára um, hversu mikið skuli

grafa á hverju ræktunarsvæði. Þá skulu héraðsráðunautar árlega, fyrir 1. maí, senda Búnaðarfélagi Íslands endurskoðaðar áætlanir fyrir næsta ár. Búnaðarfélag Íslands lætur síðan framkvæma nauðsynlegar mælingar og annan undirbúning, sem þarf til að bjóða verkið út. Jarðræktarráðunautar þess hafa umsjón með þessum áætlunum og skera úr um vafaatriði.

Þegar endurskoðaðar áætlanir hvers árs liggja fyrir, samþykktar af stjórn Búnaðarfélags Íslands, skulu framræsluframkvæmdir á hverju ræktunarsvæði boðnar út. Skulu útboð fara fram fyrir 15. marz hvert ár. Búnaðarfélag Íslands gerir útboðin fyrir hönd þeirra samtaka, sem sjá um skurðgröft fyrir bændur á hverju ræktunarsvæði, sbr. 20. gr. 2. málsgr., og ákveður ásamt fulltrúa viðkomandi ræktunarsvæðis, hvaða tilboðum skuli tekið og hvaða tryggingar verktakar skuli setja.

Ræktunarsambönd og Vélasjóður geta jafnt og aðrir aðilar boðið í skurðgröft, hvar sem er á landinu. Ræktunarsambönd hafa rétt til að ganga inn í lægsta tilboð, hvert á sínu ræktunarsvæði.

Berist engin tilboð eða óaðgengileg í skurðgröft á einhverju ræktunarsvæði, felur stjórn Búnaðarfélags Íslands vélanefnd eða öðrum að láta grafa þar. Jarðræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands hafa eftirlit með framkvæmdum við skurðgröft.

Bændur, sem láta aðra en samþykkta verktaka grafa á jörðum sínum, fá aðeins hálft framlag á skurðina. Ákvæði þetta gildir þó ekki um framræsluframkvæmdir, sem unnar eru á árinu 1968.

Á ræktunarsvæðum, þar sem kostnaður við skurðgröft vegna óhagstæðrar aðstöðu er meira en 25% hærri en meðalkostnaður á landinu, en telst þó nauðsynleg framkvæmd, er landbúnaðarráðherra heimilt eftir tillögu Búnaðarfélags Íslands að hækka ríkisframlagið svo, að hlutur bóndans verði eigi hærri en meðalkostnaður.

b. Plógræsi skulu boðin út á sama hátt og vélgrafnir skurðir, og skal framlag á þau vera 75% af kostnaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 524. Frumvarp til laga [89. mál]

um verzlunaratvinnu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 212 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:

Hver einstaklingur, sem fullnægir eftirgreindum skilyrðum, á rétt á leyfi eða endurnýjun leyfis til verzlunar, enda hafi réttur til verzlunarrekstrar ekki verið af honum dæmdur:

1. Hefur íslenzkt ríkisfang og er heimilisfastur á Íslandi.
2. Er fjárráða.
3. Hefur lokið prófi úr verzlunarskóla, sem viðurkenndur er af ráðherra, eða hefur aðra menntun, sem ráðherra metur jafngilda. Enn fremur má veita þeim verzlunarleyfi, sem um þriggja ára skeið hefur starfað við verzlun og að þeim starfstíma loknum sótt sérstakt námskeið í verzlunarfræðum, sem ráðherra viðurkennir, og lokið þaðan prófi. Meðan ekki er völ á slíkum verzlunarnámskeiðum sem gert er ráð fyrir í þessum tölulið, má veita þeim verzlunarleyfi, sem starfað hefur þrjú ár við verzlun og sannar með vottorðum vinnuveitenda, að hann

hafi vegna starfsreynslu sinnar þá þekkingu á bókhaldi, vörum og lagafyrirmælum, sem varða verzlunarrekstur, sem telja má nauðsynlega til að reka verzlun.

4. Fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett eru eða sett kunna að verða í lögum og reglugerðum til að mega reka verzlun.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda að svo miklu leyti, sem þau stangast ekki á við ákvæði í samningum Íslands við erlend ríki eða ákvæði alþjóðlegra samninga, sem Ísland kann að gerast aðili að.

Nd. 525. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Samgöngumálanefndir beggja þingdeilda hafa rætt frv. þetta á sameiginlegum fundum. Enn fremur komu samgöngumálaráðherra og vegamálastjóri á fundina, samkvæmt ósk nefndanna. Veittu þeir margvíslegar upplýsingar um einstök atriði frv. og málið í heild.

Samkomulag náðist ekki um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt með smávægilegum breytingum, sem tillaga er flutt um á sérstöku þingskjali, en minni hlutinn er frv. andvígur.

Það er skoðun meiri hlutans, að óhjákvæmilegt sé að ráðast hið fyrsta í byggingu vega úr varanlegu efni hér á landi. En höfuðtilgangur frumvarpsins er einmitt sá að afla fjár í þessu skyni. Slík fjáröflun er frumskilyrði þess, að úr hinum nauðsynlegu vegabótum verði. Það er þess vegna ekki hægt, að áliti meiri hluta nefndarinnar, að lýsa sig fylgjandi vegagerð úr varanlegu efni, en snúast hins vegar gegn tekjuöflun til framkvæmdanna. Slík afstaða verður naumast talin rökræn.

Að þessu athuguðu leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur tillögur um á sérstöku þingskjali og gerð verður grein fyrir í framsögu.

Alþingi, 5. apríl 1968.

Sigurður Bjarnason, form., frsm.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
	Guðl. Gíslason.	

Nd. 526. Breytingartillögur [179. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

1. 4. gr. verði 1. gr., og breytist greinatala 1.—3. gr. frv. samkvæmt því.
2. Við 2. gr. (verður 3. gr.). Við gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Sama gjald skal greitt af birgðum af þessum vörum, sem til eru í landinu, er lög þessi öðlast gildi, eftir reglum 92. gr.
3. Við 3. gr. (verður 4. gr.). Fyrir orðin „ísetningu þeirra og viðgerðir“ í síðustu málsgr. b-liðar komi: ísetningu þeirra, viðgerðir, viðurlög.
4. Á eftir 3. gr. (verður 4. gr.) komi ný gr. (verður 5. gr.), svo hljóðandi:
   Aftan við 1. mgr. 91. gr. laganna bætist nýr málsl., svo hljóðandi:
   Ef um dísilbifreið er að ræða, nægir þó, að skrásetningarmerkið sé til geymslu hjá lögreglustjóra í 30 daga samfellt.

5. Við 5. gr. (verður 6. gr.) bætist:
Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 101 22. des. 1965, um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Nd. 527. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum nr. 71 30. des. 1963.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Samgmn. ræddi frv. á tveimur fundum. Kvaddir voru til viðræðna við nefndina samgöngumálaráðherra, vegamálastjóri og tollstjórinn í Reykjavík. Samstaða um frv. náðist ekki í nefndinni. Meiri hl. hennar, stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, vill samþykkja frv., en minni hl. nefndarinnar vill ekki samþykkja þær skattaálögur, sem í frv. felast. Leggur hann því til, að frv. verði gerbreytt, og flytur við það breytingartillögur á sérstöku þingskjali.

Á Alþingi 1963 tókust samningar milli ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstöðuflokkanna um ný vegalög. Í hinum nýju lögum voru m. a. þau ákvæði, að veita skyldi árlega úr ríkissjóði sérstakt framlag á fjárlögum til vegamála. Í samræmi við þetta ákvæði laganna var framlag ríkissjóðs til vegamála á fjárlögum fyrir árið 1964 47.1 millj. kr. Við umræður á Alþingi þá lýsti samgöngumálaráðherra því yfir, að ekki kæmi til mála, að framlag þetta yrði lækkað á næstu árum, heldur mundi það fara hækkandi. Á fjárlögum fyrir árið 1965 er svo þetta framlag ríkissjóðs óbreytt. En svo gerist það, að í fjárlögum ársins 1966 er ríkisframlagið fellt niður og hefur ekki sézt í fjárlögum síðan, þrátt fyrir samkomulag flokkanna 1963 og yfirlýsingar ráðherra á Alþingi og þrátt fyrir skýlaus fyrirmæli vegalaga. Með þessu var að engu gert ákvæði vegáætlunar, sem Alþingi hafði samþykkt til 4 ára, 1965—1968, um 47 millj. kr. ríkisframlag til vegamála hvert ár.

Í kjölfar þessara vanefnda samþykktu stjórnarflokkarnir á Alþingi í árslok 1965 nýja hækkun umferðarskattanna. Með stjórnarfrv. því, sem nú er lagt fram, er svo ráðgerð þriðja hækkunin á þessum sömu sköttum á rúmum 4 árum. Þó er í fullu gildi enn 89. gr. vegalaganna, sem fyrirskipar framlag á fjárlögum úr ríkissjóði til vegamála.

Hinar nýju skattaálögur ríkisstjórnarinnar samkv. þessu frv. eru áætlaðar 109 millj. kr. á yfirstandandi ári, en um 180—190 millj. kr. á næsta ári. Virðist ekkert á skorta, að verðbólgustefnan geti haldið sitt strik, því að að sjálfsögðu koma þessar skattaálögur fram í hækkuðum flutningsgjöldum og fargjöldum, er síðan hækka vöruverð og framfærslukostnað manna. Stjórnarformaður Vöruflutningamiðstöðvarinnar skýrir svo frá í blaðagrein í gær, að nýbúið sé að hækka flutningsgjöld með vörubifreiðum um 15% vegna gengislækkunar og nú þurfi að hækka þau aftur um 10% vegna þessara nýju skatta. Hann bendir jafnframt á, að nú séu flutt um 140 þús. tonn af vörum með bifreiðum út um land á sama tíma og Skipaútgerð ríkisins flytji aðeins 40 þús. tonn. Af þessum ummælum hans má ráða, að fólkið úti á landsbyggðinni fær að bera sinn hlut af hinum nýju skattaálögum.

Samkvæmt þessu frv. verða skattahækkanir á bifreiðum frá 1958 orðnar sem hér segir:

	1958	Skv. frv.	Hækkun
Benzínskattur pr. l.	1.13	4.67	313%
Gúmmígjald pr. kg	6.00	36.00	500%
Þungaskattur, annarra en benzínbifreiða:			
2000 kg eigin þyngd	2 700.00	14 500.00	437%
4000 kg eigin þyngd	5 400.00	24 500.00	354%
6000 kg eigin þyngd	8 100.00	34 500.00	326%
8000 kg eigin þyngd	10 800.00	44 500.00	312%

Verð á benzíni hefur verið 10. hvert ár að undanförnu sem hér segir:

Apríl 1938	kr. 0.34
Febrúar 1948	— 0.69
Júní 1958	— 2.89
Samkvæmt frumvarpinu 1968	— 9.34

Af þessum upplýsingum má sjá, að það verður ekki auðvelt fyrir ýmsa einstaklinga að eignast bifreið til einkanotkunar eftir þessar skattahækkanir. Er sýnilegt, að rekstrarkostnaður venjulegrar fólksbifreiðar hækkar um mörg þúsund krónur á ári, og er því vafasamt, að ýmsir þeirra, sem nú eiga þessi nauðsynlegu farartæki, geti átt þau áfram.

Með þeirri ráðstöfun að fella niður framlag ríkissjóðs til vegamála hafa verið hafðar af vegasjóði um 140—150 millj. kr. á undanförnum 3 árum. Samkv. skýrslu Félags ísl. bifreiðaeigenda frá s. l. hausti er talið, að tekjur ríkissjóðs í tollum af bifreiðum, benzíni, hjólbörðum og varahlutum til bifreiða, ásamt leyfisgjöldum, hafi numið á árinu 1966 um 590 millj. kr. Við þetta bætist svo söluskattur af öllu saman. Það er því ekki ólíklegt, að á árinu 1969, þegar áhrif gengislækkunarinnar hafa komið til viðbótar, verði þessar ríkistekjur orðnar um 800 millj. kr. En að dómi ríkisstjórnarinnar má ríkissjóður engan eyri af þessu missa til vegamála.

Minni hl. nefndarinnar leggur áherzlu á það, að mikil þörf er fyrir tekjuaukningu vegasjóðs til uppbyggingar þjóðveganna í landinu, sem verða að teljast í óviðunandi ástandi. En hann telur það jafnframt fjarstæðu að ætla að afla þeirra tekna eingöngu með umferðarsköttum, en hirða hins vegar í ríkissjóð öll innflutningsgjöld, leyfisgjöld og söluskatt af bifreiðum og varahlutum til þeirra. Minni hl. n. bendir jafnframt á, að nauðsynlegt er að gera heildaráætlun um uppbyggingu þjóðveganna og fjáröflun til þeirra fyrir ákveðið tímabil, í stað þess að lögbjóða skattaálögur, er mundu auka á verðbólgu, þrengja hag atvinnufyrirtækja og hækka neyzluvörur í verði. Eru slíkar álögur óviðunandi í slíku árferði sem nú er.

Minni hl nefndarinnar leggur til, að leyfisgjöld af bifreiðum renni til vegasjóðs frá og með 1. jan. 1969, en að ríkisstjórninni verði veitt heimild til lántöku, allt að 109 millj. kr., til greiðslu á kostnaði vegasjóðs af vegaframkvæmdum 1967 og 1968.

Með nefndaráliti þessu er birt sem fylgiskjal bréf Landssambands vörubifreiðastjóra til Alþingis, dags. 3. þ. m., þar sem lýst er áliti þess á stjórnarfrumvarpi þessu.

Alþingi, 5. apríl 1968.

Sigurvin Einarsson, frsm. Steingrímur Pálsson. Björn Pálsson.

Fylgiskjal.

LANDSSAMBAND VÖRUBIFREIÐASTJÓRA

Til Alþingis, Reykjavík.

Reykjavík, 3. apríl 1968.

Landssamband vörubifreiðastjóra leyfir sér með álitsgerð þessari að hafa uppi harðleg mótmæli gegn frumvarpi því, sem ríkisstjórnin hefur nú lagt fyrir Alþingi um breytingar á vegalögunum, nr. 71/1963, og beinir þeim eindregnu óskum til Alþingis, að frumvarpið verði ekki samþykkt óbreytt, heldur verði við þinglega meðferð þess tekið tillit til leiðbeininga þeirra og athugasemda, sem hér eru fram settar.

1. Því verður ekki á móti mælt, og það sízt af samtökum bifreiðastjóra, að brýna nauðsyn beri til, að nú þegar verði hafizt handa um framkvæmdir að bættri og varanlegri vegagerð í landinu. Heita má, að þjóðvegakerfi landsins sé í fullkomnu

ófremdarástandi, og hljóta menn að vera sammála um, að undirbúningur að byggingu varanlegs þjóðvegakerfis og framkvæmdir í þeim efnum megi ekki bíða öllu lengur. Hitt er jafnaugljóst, að bygging varanlegs þjóðvegakerfis er slík risaframkvæmd, að hún er með stærstu verklegum viðfangsefnum þjóðarinnar fyrr og síðar. Landið er stórt og varanleg vegagerð kostnaðarsöm, en þjóðin er fámenn og framkvæmdirnar verða því mjög dýrar miðað við hvern íbúa landsins. Þetta verður allt að hafa í huga, þegar unnið er að fjárhagslegri sem og verklegri hlið þessa risaátaks.

Alkunna er, að „umferðin", þ. e. eigendur bifreiða, hefur verið skattlögð ríflega á undanförnum árum. Tolla-, skatta- og aðflutningsgjaldatekjur af umferðinni hafa numið hundruðum milljóna króna árlega, en aðeins lítill hluti þess fjár farið til varanlegrar vegagerðar, heldur gengið að mestu til annarra þarfa í ríkisrekstrinum. Því hefur ávallt verið haldið fram af samtökum bifreiðastjóra og bifreiðaeigenda, og á það er hér lögð þung áherzla, að þá fyrst megi vænta árangurs af framkvæmdum í vegamálum, að **allar þær tekjur**, sem teknar eru af umferðinni, fari óskiptar til vegamála.

Þetta er meginsjónarmið okkar um fjárhagshlið þessa mikla verkefnis, sem að framan er getið, a. m. k. að því er lýtur að fjáröfluninni innanlands.

Í greinargerðinni með frumvarpinu segir, að undirbúningur hraðbrautaframkvæmda sé höfuðtilgangur þeirrar fjáröflunar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Hins vegar stendur skýrum stöfum í frumvarpinu sjálfu (ákvæði til bráðabirgða), að meira en 80% af því fé, — 109 milljónum króna, — sem innheimtast eiga á árinu 1968, á að ganga til **annarra hluta** en undirbúnings hraðbrautaframkvæmda, svo sem til að greiða kostnaðarauka vegasjóðs af síðustu gengislækkun, kostnaðarauka vegna rangra áætlana og til að greiða halla á vegaviðhaldi vegna náttúruhamfara, en auðvitað eiga allir skattþegnar að standa sameiginlega undir þessum greiðslum, en ekki bifreiðaeigendur einir.

2. Jafnframt því, sem við lýsum yfir, að við færumst ekki undan að greiða okkar skerf til varanlegrar vegagerðar í landinu og til vegamála almennt, bæði sem almennir skattþegnar og sem eigendur ökutækja, mótmælum við því harðlega, að við sem atvinnustétt séum lagðir í einelti og látnir bera hlutfallslega meiri byrðar en aðrir af þessum nýju álögum, eins og frumvarpið gerir þó ráð fyrir.

Flestallar vörubifreiðar brenna nú olíu, en ekki benzíni, og er þessu öfugt farið með fólksbifreiðar. Með frumvarpi þessu er þungaskattur benzínbifreiða óbreyttur, en þungaskattur olíubifreiða hækkaður um 100% miðað við algengustu bifreiðastærðirnar. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir, að eigandi 10 tonna bifreiðar borgi í þungaskatt af henni rúmlega 1000 krónur á viku, hvort sem vinnan er mikil eða lítil. Segja má, að eigandi benzínbifreiðar axli sínar byrðar með hækkuðu benzínverði samkvæmt frumvarpinu, og er það rétt, en þó hvergi til jafns við eigendur olíubifreiða. Þetta viljum við rökstyðja með eftirfarandi dæmi:

Ef miðað er við fólksbifreið, sem eyðir 6000 lítrum af benzíni á ári, nemur hækkunin vegna hækkaðs benzínverðs kr. 6840.00, en þungaskattshækkun á olíubifreið, sem er að eigin þunga 6000 kg, nemur kr. 18 040.00.

Enn fremur má benda á, að gúmmígjaldið kemur miklu verr niður á vörubifreiðunum, en frumvarpið gerir ráð fyrir 300% hækkun gúmmígjaldsins.

Það vekur furðu okkar, hvernig frumvarp þetta er byggt upp og hverjum er ætlað að bera þyngstar byrðarnar. Vörubifreiðarnar þjóna atvinnuvegunum og hinum dreifðu byggðum hvað aðdrætti snertir og eru því flutningatæki, sem bráðnauðsynlegt er fyrir þjóðina, að séu starfrækt. Þessi tæki eru hins vegar með frumvarpi þessu skattlögð svo, að algert einsdæmi er, og það þótt um víða veröld væri leitað. Á sama tíma falla lúxusbifreiðar og þarflitlar fólksbifreiðar undir mun lægri kvaðir samkvæmt frumvarpinu.

Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpinu, að þungaskatturinn nýi verði innheimtur allt árið 1968, þrátt fyrir að frumvarpið getur ekki orðið að lögum fyrr en liðið er

á fjórða mánuð af árinu. Hér er um mikið ranglæti að ræða. Eigendur olíubifreiða hafa að sjálfsögðu miðað sitt akstursgjald frá síðast liðnum áramótum við þann þungaskatt, sem í gildi er, og er það mjög óvenjulegt, að gjöld samkvæmt lögum verki aftur fyrir sig, ef það er þá heimilt.

3. Samtök þau, sem standa að þessari greinargerð og athugasemdum, hafa lýst því yfir og gera enn, að þau telja eðlilegt, að tæki meðlima sinna séu skattlögð vegna varanlegrar vegagerðar í landinu, — þ. e. vegna hins bráðnauðsynlega verkefnis, sem fjallað var um hér að framan. En að sjálfsögðu þarf skattlagningin að vera innan skynsamlegra marka og hún má ekki vera í því óhófi, að heil og nauðsynleg þjónustugrein í þjóðfélaginu sé þurrkuð út eða lömuð svo, að fullkomlega er óvíst um framhald hennar. Það er álit samtakanna, byggt á ýtarlegum rannsóknum, að skattlagning sú, sem þegar var fyrir hendi, áður en þetta frumvarp kom fram, samfara hinum gífurlegu hækkunum, sem gengislækkunin hafði í för með sér á rekstursútgjöldum bifreiða, hafi verið í algeru hámarki.

Við leyfum okkur að vona, að hið háa Alþingi taki athugasemdum okkar af skilningi og velvild og breyti framkomnu frumvarpi til samræmis við þau sjónarmið, sem hér eru sett fram.

Virðingarfyllst.

F. h. LANDSSAMBANDS VÖRUBIFREIÐASTJÓRA

Einar Ögmundsson.

P. Guðfinnsson.

Nd. 528. Breytingartillögur [179. mál]

við frv. til l. um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar (SE, SP, BP).

1. Í stað 1.—4. gr. komi ein grein, sem orðist svo:
   89. gr. laganna orðist svo:
   Til greiðslu kostnaðar samkvæmt lögum þessum skal, auk þeirra gjalda, sem um getur í 85.—87. gr., gjald af bifreiðum og bifhjólum, samkvæmt 16. gr. l. nr. 4 1960, renna í vegasjóð frá og með 1. janúar 1969.
2. Á eftir 1. mgr. í ákvæðum til bráðabirgða komi ný mgr., svo hljóðandi:
   Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til greiðslu á kostnaði vegasjóðs af framkvæmdum í vegamálum 1967 og 1968, allt að 109 milljónir króna.

Sþ. 529. Nefndarálit [148. mál]

um till. til þál. um auknar sjúkratryggingar til sjúklinga, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur haft þessa tillögu til athugunar, og mælir nefndin einróma með samþykkt hennar.

Alþingi, 5. apríl 1968.

Jón Árnason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Matthías Bjarnason, frsm.
Ingvar Gíslason.	Sverrir Júlíusson.	Ágúst Þorvaldsson.
Gunnar Gíslason.	Geir Gunnarsson.	Halldór E. Sigurðsson.

Sþ. 530. Nefndarálit [69. mál]

um till. til þál. um fiskeldisstöðvar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft till. til athugunar. Hún var send til umsagnar búnaðarþings og veiðimálastjóra, og bárust umsagnir frá báðum. Veiðimálastjóri telur mál þetta hið merkasta og er umsögn hans jákvæð. Þó telur hann eðlilegra að fela Veiðimálastofnuninni kynningu athugana til bænda. Búnaðarþing gaf á s. l. ári mjög jákvæða umsögn um sams konar till., er þá var einnig flutt á Alþingi, og vitnaði nú til þeirrar umsagnar.

Nefndin er sammála um gildi málsins og mælir með samþykkt tillögunnar eins og hún liggur fyrir á þskj. 109.

Alþingi, 4. apríl 1968.

Bragi Sigurjónsson, form.
Jónas Pétursson, fundaskr., frsm.
Friðjón Þórðarson.
Gísli Guðmundsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson.
Jónas Árnason.
Matthías Bjarnason.

Sþ. 531. Frumvarp til fjáraukalaga [141. mál]

fyrir árið 1966.

(Eftir 2. umr. í Sþ., 5. apríl.)

1. gr.

Til viðbótar við þau gjöld, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1966, eru veittar kr. 926 118 972.05 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A er veitt:

1. Póstur og sími ..... kr. 76 058 580.52
   af kr. 125 443 592.27 tekjum umfram fjárlagaáætlun.
2. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins ..... — 61 980 598.10
   af kr. 157 806 519.14 tekjum umfram fjárlagaáætlun.
3. Ríkisútvarp ..... — 14 856 317.83
   en tekjur fóru kr. 4 620 351.08 fram úr fjárlagaáætlun.
4. Viðtækjaverzlun ..... — 1 784 905.99
   en tekjur fóru kr. 1 192 916.03 fram úr fjárlagaáætlun.
5. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg ..... — 1 963 875.37
   en tekjur fóru kr. 1 891 207.45 fram úr fjárlagaáætlun.
6. Áburðarsalan ..... — 8 317 845.27
   af kr. 8 385 429.68 tekjum umfram fjárlagaáætlun.
7. Landssmiðjan ..... — 1 512 195.30
   af kr. 1 834 825.64 tekjum umfram fjárlagaáætlun.
8. Innkaupastofnun ..... — 2 147 693.31
   af kr. 4 228 038.71 tekjum umfram fjárlagaáætlun.
9. Bessastaðabú ..... — 309 037.65
   en tekjur urðu kr. 519 097.66 undir fjárlagaáætlun.
10. Hvanneyrarbú ..... — 1 480 564.29
    en tekjur fóru kr. 1 152 577.61 fram úr fjárlagaáætlun.

11. Vífilsstaðabú	kr.	723 288.04
af kr. 767 702.87 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
12. Kópavogsbú	—	74 631.71
af kr. 88 542.54 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
	Kr.	171 209 533.38

Til viðbótar við gjöldin í 8. gr. eru veittar	kr.	651 902.82
— — — — - 10. — I. — —	—	13 186 096.28
— — — — - 10. — II. — —	—	5 274 913.34
— — — — - 10. — III. — —	—	399 859.01
— — — — - 11. — A. — —	—	30 024 213.71
— — — — - 11. — B. — —	—	18 542 431.07
— — — — - 11. — C. — —	—	354 855.35
— — — — - 12. — — —	—	25 579 912.20
— — — — - 13. — B. — —	—	11 463 641.30
— — — — - 13. — C. — —	—	808 592.13
— — — — - 13. — D. — —	—	4 297 066.21
— — — — - 13. — E. — —	—	1 655 868.29
— — — — - 13. — F. — —	—	1 854 550.10
— — — — - 14. — A. — —	—	48 251 865.85
— — — — - 14. — B. — —	—	4 248 748.24
— — — — - 15. — — —	—	3 092 093.43
— — — — - 16. — A. — —	—	10 990 622.73
— — — — - 16. — B. — —	—	18 896 314.45
— — — — - 16. — C. — —	—	2 069 997.30
— — — — - 16. — D. — —	—	4 628 010.66
— — — — - 16. — E. — —	—	1 521 329.71
— — — — - 17. — — —	—	22 078 369.27
— — — — - 18. — — —	—	7 670 095.52
— — — — - 19. — 1. — —	—	54 066.633.83
— — — — - 19. — 2. — —	—	34 044 886.34
— — — — - 19. — 3. — —	—	89 330 653.09
— — — — - 19. — 8. — —	—	1 406 505.81
	Kr.	587 599 561.42
Til eignaaukningar skv. 20. gr. Út eru veittar	—	338 519 410.63
Inn fóru kr. 375 488 911.31 fram úr fjárlagaáætlun.		
Samtals	kr.	926 118 972.05

Sþ. 532. Þingsályktun [178. mál]

um ráðstafanir vegna hafíshættu.

(Afgreidd frá Sþ. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 473.

Ed. 533. Lög [152. mál]

um breyting á lögum nr. 21/1957, um dýravernd.

(Afgreidd frá Ed. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 433.

Ed. 534. Lög [140. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1966.

(Afgreidd frá Ed. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 300.

Nd. 535. Frumvarp til laga [20. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. apríl.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir, karlar og konur, sem

1. eru 20 ára eða eldri, þegar kosning fer fram,
2. eiga ríkisborgararétt hér á landi,
3. eiga lögheimili hér á landi,
4. hafa óflekkað mannorð og
5. eru eigi sviptir lögræði.

2. gr.

2. töluliður 1. málsgr. 15. gr. laganna orðist svo:

2. Þá, sem skortir það eitt á að fullnægja skilyrðum 1. töluliðs þessarar málsgreinar, að þeir hafa ekki fyllt 20 ára aldur, ef þeir ná að fullnægja þeim skilyrðum fyrir lok þess árs, er kosningar fara fram.

3. gr.

2. málsgr. 15. gr. laganna orðist svo:

Um þann, sem settur er á kjörskrá og hefur ekki fullnægt aldursskilyrðinu, skal þess getið í athugasemd við nafn hans á kjörskránni, hvaða mánaðardag hann hefur náð að fullnægja því, og skal rita framan við mánaðardaginn: **Fær atkvæðisrétt.**

4. gr.

Á eftir 2. mgr. 27. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Ef sá aðili, sem samkvæmt reglum flokks er ætlað að ákveða framboðslista, eða staðfesta framboðslista endanlega, ber fram mótmæli gegn því, að listi sé í framboði fyrir flokkinn, skal yfirkjörstjórn úrskurða slíkan lista utan flokka og landskjörstjórn úthluta uppbótarþingsætum í samræmi við það.

5. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 58. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Hreppsnefnd er heimilt, að fengnu samþykki yfirkjörstjórnar, að hafa kjörstað utan hreppsfélagsins.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **536. Frumvarp til laga** [157. mál]

um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. apríl.)

1. gr.

Við Háskóla Íslands skal starfa Félagsstofnun stúdenta. Menntamálaráðuneyti, Háskóli Íslands og allir skrásettir stúdentar innan hans eiga aðild að stofnuninni, svo sem nánar segir í lögum þessum.

Stofnunin er sjálfseignarstofnun með sjálfstæðri fjárhagsábyrgð. Eignir og skuldbindingar stúdentagarðanna og annarra fyrirtækja í þágu stúdenta, sem rekin eru innan skólans nú, skulu að fengnu samþykki háskólaráðs og stúdentaráðs hverfa undir hina nýju stofnun frá þeim tíma og með þeim hætti, sem nánar er kveðið á um í reglugerð samkvæmt 6. gr. laga þessara.

2. gr.

Stofnunin skal annast rekstur og bera ábyrgð á fyrirtækjum í þágu stúdenta og beita sér fyrir eflingu þeirra samkvæmt því, sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

3. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum, einum tilnefndum af menntamálaráðuneyti, einum kosnum af háskólaráði og þrem kosnum af stúdentaráði til tveggja ára í senn. Varamenn skal tilnefna með sama hætti til jafnlangs tíma. Stjórnin kýs sér formann.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar aflar fjár til framkvæmda þeirra, er undir stofnunina heyra, í samvinnu við rektor og háskólaráð. Auk tekna af fyrirtækjum þeim, er Félagsstofnun stúdenta ræður yfir eftir lögum þessum og reglugerð, skal fjár til byggingarframkvæmda, rekstrar fyrirtækja og eflingar þeirra aflað sem hér segir:

1. Árleg skrásetningargjöld stúdenta við Háskóla Íslands skulu renna að hluta til stofnunarinnar, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð fyrir Háskóla Íslands.
2. Með framlagi úr ríkissjóði, eftir því sem Alþingi ákveður hverju sinni.
3. Gjöfum, sem Félagsstofnun stúdenta kunna að berast.
4. Öðrum úrræðum, er stjórn stofnunarinnar telur tiltækileg.

5. gr.

Félagsstofnun stúdenta skal undanþegin tekju- og eignarskatti, aðstöðugjaldi og útsvari.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum stúdentaráðs og háskólaráðs. Um breytingar á reglugerð skal hafa samráð við stúdentaráð, háskólaráð og stjórn stofnunarinnar.

7. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda þegar í stað, og skal stofnunin taka til starfa frá þeim tíma, er í reglugerð segir.

Nd. 537. Breytingartillaga [20. mál]

við frv. til l. um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 4. gr. Við greinina bætist:
Ákvæði þessarar málsgr. falla úr gildi 31. des. 1968.

Nd. 538. Breytingartillaga [179. mál]

við brtt. á þskj. 526 [Vegalög].

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Við 4. tölulið. Aftan við liðinn bætist:
4. mgr. sömu lagagreinar orðist svo:
Sé ekki komið með bifreið til skoðunar eða gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga, skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu, svo sem að framan segir.

Nd. 539. Lög [129. mál]

um breyting á lögum nr. 44 3. apríl 1963, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga.

(Afgreidd frá Nd. 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 269.

Sþ. 540. Nefndarálit [74. mál]

um till. til þál. um undirbúning heildarlöggjafar um hagnýtingu fiskimiðanna umhverfis landið.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað tillöguna og fengið um hana umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, Landssambands ísl. útvegsmanna og stjórnar Fiskifélags Íslands. Allar þessar umsagnir eru jákvæðar að því er meginefni till. varðar. Stjórn Fiskifélagsins bendir þó á, að í lögum séu allvíðtækar heimildir til ráðstafana á þessu sviði. Með umsögninni sendi hún nefndinni samþykktir síðasta Fiskiþings um togveiðar, dragnótaveiðar og rækjuveiðar, en hafði áður sent samþykktir Fiskiþingsins um friðun hrygningarsvæða og fiskirækt. Er ástæða til að hvetja alþingismenn til að kynna sér það, sem Fiskiþingið hefur ályktað um þessi mál, og greinargerðir, er ályktununum fylgja.

Þegar till. kom til afgreiðslu, ákvað meiri hl. allsherjarnefndar að leggja til við Alþingi, að till. verði vísað til ríkisstjórnarinnar, án þess að nefndin eða þingið láti uppi álit sitt á málinu.

Minni hl. er hins vegar þeirrar skoðunar, að setning heildarlöggjafar um hagnýtingu þjóðarinnar á fiskimiðunum við landið sé svo mikilsvert mál, að Alþingi megi ekki láta undir höfuð leggjast að láta í ljós vilja sinn um það, hvort undirbúa skuli slíka löggjöf eða ekki, og þá ef það beri að gera, hvernig að þeirri endurskoðun skuli unnið. En í tillögunni er lagt til, að milliþinganefnd annist undirbúning slíkrar löggjafar og að Alþingi kjósi sjálft meiri hl. nefndarinnar, en aðrir nefndarmenn verði tilnefndir af Hafrannsóknastofnuninni, útvegsmönnum og sjómönnum.

Í greinargerð till. segir, að það sé nú nokkuð almennt viðurkennt, að setja þurfi reglur um hagnýtingu auðæfa hafsins, og hafi m. a. verið um þetta rætt í vetur á þingi Hinna sameinuðu þjóða. Flestum hugsandi mönnum sé ljós sú hætta, sem hömlulaus veiði geti haft á fiskstofnana. Íslendingar eigi þjóða mest undir því, að vel takist í þessum efnum. Þeim beri því skylda til að ganga á undan með skipulagningu veiðanna í fiskveiðilandhelgi sinni. Reglur, sem miðist við hámarksarðsemi veiðanna án þess að ganga of nærri fiskstofnunum, og þá fyrst og fremst ungfiskinum, muni duga vel í baráttunni fyrir rýmri fiskveiðilandhelgi, en hana sé lífsnauðsyn að fá sem fyrst.

Á þetta sjónarmið vill minni hl. fallast. Hann leggur því til, að till. verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Í stað „2 nefndarmenn“ í tillgr. komi: 1 nefndarmann, Fiskifélag Íslands 1 nefndarmann.

Alþingi, 5. apríl 1968.

Gísli Guðmundsson, frsm. Jónas Árnason. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Fylgiskjal I.

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis,
Alþingishúsinu, Reykjavík.

Ég leyfi mér að vísa í bréf nefndarinnar, dagsett 14. þ. m., varðandi till. til þál. um undirbúning heildarlöggjafar um hagnýtingu fiskimiða umhverfis landið.

Skynsamleg nýting fiskistofnanna er eitt aðalatriðið í fiskveiðalöggjöf okkar og hlýtur að byggjast á niðurstöðum vísindalegra rannsókna um áhrif veiðanna á hina einstöku stofna. Það er þó rétt að benda á, að ekki er hægt að leysa þetta mál til fulls, nema til komi samvinna allra þeirra þjóða, er sækja í þessa stofna. Erum við Íslendingar meðlimir í hinni s. k. Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðanefnd og verðum því að reyna að leysa okkar alþjóðlegu fiskveiðavandamál innan ramma þessa samnings.

Hagnýting fiskveiðilögsögunnar er hins vegar okkar eigið mál, að svo miklu leyti sem veiðar á því svæði ekki brjóta í bága við æskilega hámarksnýtingu. Það er nauðsynlegt, að athugaðir séu til fulls allir möguleikar á skiptingu veiðisvæða eftir veiðiaðferðum, en hætt er samt við, að ekki sé hægt að ákveða slíkt til langs tíma vegna þess, hve breytilegar fiskgöngur eru, sérstaklega á vetrarvertíð. Hér koma vitanlega inn í mörg önnur sjónarmið en vísindaleg, en segja má almennt, að frá fiskifræðilegu sjónarmiði sé nokkuð sama, á hvern hátt fiskur er drepinn, það sem hér skiptir mestu máli, er, að séð sé nægjanlega fyrir afkomu stofnsins og að fiskur sé veiddur það gamall, að hann gefi af sér mestan arð.

Skoðunum manna á „skaðsemi“ einstakra veiðarfæra verður víst ekki breytt með lagaboði, þar verður reynslan ólygnust. Hafrannsóknastofnunin vill benda á,

að þyrlað hefur verið upp miklu moldviðri um skaðsemi botnvörpu og dragnótar, og er þá oftast miðað við þann tíma, þegar ekki voru til nein ákvæði um möskvastærð í þessum veiðarfærum. Nú eru hins vegar í gildi ákvæði um lágmarksmöskvastærð, sem hafa í för með sér mjög aukna vernd smáfisks. Telur stofnunin sjálfsagt, að landhelgin verði betur nýtt að því er snertir þessar veiðiaðferðir.

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið nefnt, getur stofnunin mælt með, að fram verði látin fara athugun líkt því, sem þáltill. gerir ráð fyrir. Í samsetningu nefndarinnar er hlutur útvegsmanna og sjómanna nokkuð lítill og einnig virðist eðlilegt, að Fiskifélag Íslands eigi fulltrúa í nefndinni.

Virðingarfyllst,

Jón Jónsson.

Fylgiskjal II.

LANDSSAMBAND ÍSLENZKRA ÚTVEGSMANNA

Reykjavík, 8. marz 1968.

Vísum til bréfs háttvirtrar allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis frá 14. febrúar 1968, ásamt þar meðfylgjandi tillögu til þingsályktunar um undirbúning heildarlöggjafar um hagnýtingu fiskimiðanna umhverfis landið.

Samtökin vilja lýsa sig samþykk þingsályktunartillögu þessari, að öðru leyti en því, að í stað 9 manna nefndar komi 5 manna nefnd þannig skipuð:

1 maður tilnefndur af Hafrannsóknastofnuninni, 2 menn tilnefndir af Landssambandi ísl. útvegsmanna og auk þess verði í nefndina skipaðir 2 fiskiskipstjórar.

Virðingarfyllst,

f. h. Landssambands ísl. útvegsmanna,

Gunnar I. Hafsteinsson.

Allsherjarnefnd Sþ. Alþingis, Alþingi, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 20. marz 1968.

Stjórn Fiskifélagsins hefur haft til athugunar bréf yðar, dags. 14. febr. s. l., ásamt tillögu til þingsályktunar um undirbúning heildarlöggjafar um hagnýtingu fiskimiðanna umhverfis landið.

Telur stjórnin, að gagnlegt gæti verið að taka þetta mikilsverða mál til yfirvegunar, einkum með það fyrir augum að samræma hin ýmsu lög þar að lútandi.

Allmargar reglugerðir hafa verið settar í þessu tilliti, og þyrftu þær væntanlega einnig samræmingar við. Fiskiþing og stjórn Fiskifélagsins hafa fjallað um ýmsa þætti þessa máls og gert um það ályktanir. Áður hefur hv. allsherjarnefnd verið send samþykkt síðasta Fiskiþings um friðun hrygningarsvæða og fiskiræktar. Hjálagt leyfum vér oss að senda nefndinni samþykktir Fiskiþings um togveiðar, dragnótaveiðar og rækjuveiðar. Í ályktuninni um togveiðar er m. a. einnig lagt til, að sérstakt eftirlit undir stjórn Landhelgisgæzlunnar verði tekið upp með fiskveiðum innan fiskveiðilögsögunnar.

Stjórn Fiskifélagsins leyfir sér hins vegar einnig að benda á, að núgildandi lög, einkum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og um rétt til fiskveiða í

landhelgi, virðast vera það viðtæk, að heimilt sé samkvæmt þeim að setja nauðsynlegar reglur um fiskveiðar innan fiskveiðilögsögunnar, nema togveiðar og dragnótaveiðar, þar m. t. skiptingu í veiðisvæði.

Stjórn Fiskifélagsins leyfir sér að mæla með því, ef um nefndarskipan samkvæmt tillögunni verður að ræða, að Fiskifélagið eða Efnahagsstofnunin eða báðar þessar stofnanir fái rétt til að nefna mann í nefndina. Hagnýting fiskimiða og stjórnun fiskveiða er ekki síður mál efnahagslegs en fiskifræðilegs eðlis. Þetta er nú viðurkennt af flestum alþjóðlegum stofnunum, sem um mál þessi fjalla.

Vill stjórn Fiskifélagsins benda á í þessu sambandi, að Fiskifélagið hefur um margra ára skeið verið sjávarútvegsmálaráðherra og ráðuneytinu til ráðgjafar og haft fyrir þess hönd eftirlit með framkvæmd ýmissa reglna, er settar hafa verið um fiskveiðar hér við land. Má t. d. nefna rækju- og humarveiðar, dragnótaveiðar, síldveiðar (SV-lands), ákvarðanir um sérstök veiðisvæði fyrir línu o. fl.

Virðingarfyllst,

Már Elísson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis.

Nd. 541. Breytingartillaga [179. mál]

við frv. til l. um breyt á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen og Birgi Kjaran.

Við 4. gr. Í stað orðanna „þó að undanskildum ... við hraðbrautir“ í niðurlagi greinarinnar komi: Ráðherra er þó heimilt að undanskilja tekjur vegamála, sem varið er til framkvæmda við hraðbrautir.

Nd. 542. Frumvarp til laga [186. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Jórvík í Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlasýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eyðijörðina Jórvík í Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlasýslu, Guðmundi Pálssyni bónda, Jórvíkurhjáleigu. Verð jarðarinnar fer eftir því sem um semst. Náist ekki samkomulag um kaupverðið, skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Efni þessa frv. kom fram í brtt., er tveir þingmenn Austurlandskjördæmis, JP og VH, fluttu við frv. á þskj. 234 um sölu jarðarinnar Grísatungu í Mýrasýslu. Við athugun þess máls komu fram meinbugir, sem valda því, að landbúnaðarnefnd taldi sig ekki geta mælt með samþykkt þess. En nefndin fékk umsögn landnámsstjóra og jarðeignadeildar ríkisins um brtt. um sölu Jórvíkur, Hjaltastaðahreppi. Mæltu þeir aðilar báðir með sölunni. Þess vegna er frv. þetta flutt.

Sþ. 543. Nefndarálit [95. mál]

um till. til þál. um hlutverk Seðlabankans.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur rætt málið á fundum sínum og sent það til umsagnar Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, Stéttarsambandi bænda og Alþýðusambandi Íslands. Allir þessir aðilar mæla með samþykkt tillögunnar. Enn fremur var tillagan send Efnahagsstofnuninni og Félagi ísl. iðnrekenda, en svör hafa ekki borizt frá þeim. Í bréfi L. Í. Ú. segir svo:

„Samtökin hafa álitið, að undanfarin ár hafi hvergi nærri verið séð fyrir nægjanlegu rekstrarfé til útgerðar fiskiskipa né nægjanlegu láni út á unnar sjávarafurðir, og lýsa sig því fylgjandi sérhverjum aðgerðum og tillögum, sem miða til bóta í þessu efni.

Þá viljum vér benda á, að rekstrarfjárskorturinn til útgerðar fiskiskipa hefur aldrei verið meiri en nú, einkum eftir gengisbreytinguna á s. l. hausti, og hafa rekstrarlán ekkert hækkað, þrátt fyrir eindregnar óskir samtakanna og ábendingar um mikinn kostnaðarauka við að hefja útgerð."

Stéttarsamband bænda mælir eindregið með samþykkt tillögunnar án sérstaks rökstuðnings. En bændasamtökin hafa árum saman barizt fyrir því að fá hækkuð rekstrarlán til landbúnaðarins, en þau hafa verið óbreytt að krónutölu í nærfellt áratug, þrátt fyrir aukna framleiðslu og stórkostlega hækkun alls kostnaðar.

Alþýðusamband Íslands greinir frá könnun sinni á atvinnuástandinu í vetur og segir síðan: „Það er því augljóst mál, að nú er þess mikil og brýn þörf, að Seðlabanki Íslands gæti þjónustuhlutverks síns við atvinnulífið og beiti til þess öllum tiltækum ráðum, að framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það, að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt." Alþýðusambandið mælir eindregið með samþykkt þingsályktunartillögunnar eins og fyrr greindi.

Samkomulag fékkst ekki í allsherjarnefnd um afgreiðslu þessa máls. Meiri hlutinn vill vísa tillögunni til ríkisstjórnarinnar. Minni hlutinn er því andvígur. Hann telur þá stefnu, er Seðlabankinn fylgir í lánamálum atvinnuveganna, í ósamræmi við gildandi lagaákvæði um hlutverk bankans. — Þegar nú enn fremur atvinnuástand fer versnandi, atvinnuvegirnir berjast í bökkum og atvinnuleysis gætir í sumum starfsgreinum, þá telur minni hluti allsherjarnefndar eðlilegt, að Alþingi taki afstöðu til málsins, og leggur til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. apríl 1968.

Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Jónas Árnason. Gísli Guðmundsson.

Sþ. 544. Breytingartillaga [160. mál]

við till. til þál. um náttúruvernd, friðun Þingvalla og þjóðgarða.

Frá Jónasi Árnasyni og Gísla Guðmundssyni.

Við tillögugreinina bætist:

Á meðan endurskoðun laganna um friðun Þingvalla fer fram, verði ekki leyfðar nýbyggingar sumarbústaða á Þingvallasvæðinu.

Nd. 545. Frumvarp til laga [179. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. apríl.)

1. gr.

1. mgr. 32. gr. laganna orðist þannig:

Árlega skal veita ákveðna fjárhæð til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 300 íbúa eða fleiri, og skal skipting fjárins fara eftir íbúafjölda. Skal árlegt framlag vera 12½ af hundraði af heildartekjum vegamála það ár samkv. XIV. kafla laga þessara. Ráðherra er þó heimilt að undanskilja tekjur vegamála, sem varið er til framkvæmda við hraðbrautir.

2. gr.

85. gr. laganna orðist þannig:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af benzíni, og skal gjaldið nema kr. 4.67 af hverjum lítra. Gjald þetta tekur einnig til benzínbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi ganga í gildi, sbr. þó 92. gr.

3. gr.

86. gr. laganna orðist þannig:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af hjólbörðum, notuðum og nýjum, og gúmmíslöngum á bifreiðar og bifhjól, og skal gjaldið nema kr. 36.00 af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmíslangna, sem fylgja bifreiðum, sem fluttar eru til landsins.

Sama gjald skal greitt af birgðum af þessum vörum, sem til eru í landinu, er lög þessi öðlast gildi, eftir reglum 92. gr.

4. gr.

87. gr. laganna orðist þannig:

Árlega skal greiða þungaskatt sem hér segir:

a. Af bifreiðum, sem nota benzín að eldsneyti, kr. 72.00 af hverjum 100 kg af eigin þunga þeirra.

b. Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín: Fyrir bifreiðar allt að 2000 kg að eigin þunga greiðast kr. 14 500.00.

Fyrir bifreiðar 2001 kg og þyngri greiðast kr. 14 500.00 og auk þess kr. 500.00 fyrir hver full 100 kg umfram 2000 kg.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að ökumælar skuli á kostnað eigenda settir í bifreiðar, sem nota annað eldsneyti en benzín og eru 5 tonn eða meira að eigin þyngd, og að greiða skuli fyrir slíkar bifreiðar í stað árlegs þungaskatts sérstakt gjald fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli.

Í reglugerð er ráðherra enn fremur heimilt að ákveða tvo gjalddaga árlega fyrir þungaskatt og allt að fjóra gjalddaga árlega fyrir kílómetragjald, svo og kveða á um tegundir mæla, ísetningu þeirra, viðgerðir, viðurlög og refsingar fyrir brot gegn reglugerðinni.

c. Af bifhjólum kr. 200.00.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr.

5. gr.

Aftan við 1. mgr. 91. gr. laganna bætist nýr málsl., svo hljóðandi:

Ef um dísilbifreið er að ræða, nægir þó, að skrásetningarmerkið sé til geymslu hjá lögreglustjóra í 30 daga samfellt.

4. mgr. sömu lagagreinar orðist svo:
Sé ekki komið með bifreið til skoðunar eða gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga, skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu, svo sem að framan segir.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 101 22. des. 1965, um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1968 skal þungaskattur af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, greiddur fyrir allt árið samkvæmt ákvæðum b-liðs 4. gr. laga þessara. Skal hækkun sú á þungaskattinum, sem af lögum þessum leiðir, falla í gjalddaga 1. júlí 1963.

Tekjum þeim, sem vegasjóður fær með lögum þessum árið 1968, skal verja sem hér segir:

	Millj. kr.	Millj. kr.
1. Til greiðslu kostnaðar við undirbúning hraðbrautaframkvæmda til ársloka 1968		21.0
2. Til greiðslu kostnaðar umfram vegáætlun 1967:		
a. Halli á vegaviðhaldi vegna náttúruhamfara	21.0	
b. Halli á brúargerðum	2.0	
		23.0
3. Til aukningar ráðstöfunarfjár 1968 á eftirtöldum liðum vegáætlunar:		
a. Viðhald þjóðvega	17.3	
b. Til brúargerða	10.0	
c. Til endurbóta á hættulegum stöðum	4.0	
		31.3
4. Til kaupstaða og kauptúna, svo og rannsókna og tilrauna við vega- og gatnagerð		9.4
5. Til nýrra vega:		
Strákavegur	16.8	
Ólafsfjarðarvegur	1.0	
Suðurfjarðavegur	6.5	
		24.3
Samtals		109.0

Nd. 546. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [179. mál]

í málinu: Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá Sigurvin Einarssyni og Gísla Guðmundssyni.

Jafnframt því sem það er að dómi deildarinnar æskilegt, að vegamálastjórnin láti, svo fljótt sem unnt er, gera áætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins samkvæmt vegalögum á allt að 10 árum og fjáröflun til hennar, telur deildin ekki tímabært í því árferði, sem nú er, að samþykkja hækkun umferðarskatta að svo stöddu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **547. Frumvarp til laga** [187. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1968.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að upphæð allt að 75 millj. kr.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör svo og fyrirkomulag verðtryggingar fer eftir ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 55/1964.

4. gr.

Ráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskírteini skv. ákvæðum 2. gr., eftir því, sem á þarf að halda, í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum 1. gr., að viðbættri áfallinni verðlagsuppbót.

II. KAFLI

5. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að jafnvirði allt að 275 millj. kr.

6. gr.

Heimilt er að endurlána fé skv. 5 gr., og skal það gert með gengisákvæði og að öðru leyti með þeim kjörum, sem fjármálaráðherra ákveður.

7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast lán hjá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins (Council of Europe Resettlement Fund), sem tekið mun af Framkvæmdasjóði Íslands, að fjárhæð $ 500 þús. Lánsfé þessu skal verja til flugvalla-, hafna- og vegaframkvæmda á Vestfjörðum.

8. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka vörukaupalán hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna (P. L. 480 lán) allt að $ 1 425 þús.

9. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs að fjárhæð allt að 10 millj. kr. til tækjakaupa í þágu flugmála og raforkumála.

III. KAFLI

10. gr.

Heimilt er að endurlána Framkvæmdasjóði allt að 113 millj. kr. af láni því, er um ræðir í 5. grein.

11. gr.

Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina skv. 1. gr. svo og endurgreiðslum af áður útgefnum spariskírteinalánum, með erlendri lántöku skv. 5. gr. að frátalinni ráðstöfun skv. 10. gr., með P. L. 480 láni skv. 8. gr., og skv. heimild í 2. gr. laga nr. 5/1968, skal verja sem hér segir:

Rafmagnsveitur ríkisins	20.3
Raforkumál, sérstakar framkvæmdir	15.0
Gufuveita í Reykjahlíð	7.2
Jarðborun á Reykjanesi	3.6
Landshafnir	40.0
Vegir	82.6
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	10.9
Flugmál	6.0
Skólar	25.6
Sjúkrahús	37.0
Lögreglustöð í Reykjavík	7.0
Búrfellsvirkjun	75.0
Alls	330.2

IV. KAFLI

12. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka innlend og erlend lán að jafnvirði allt að 90 millj. kr. til smíði tveggja strandferðaskipa.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Hér er leitað heimildar til fjáröflunar með verðbréfaútgáfu á sama hátt og undanfarin 4 ár. Árið 1967 nam fjáröflun af þessu tagi 125 millj. kr., en vegna þess, hversu horfir í efnahagsmálum þjóðarinnar á yfirstandandi ári, er talið, að slík fjáröflun muni ekki geta numið hærri fjárhæð en 75 millj. kr., eða 50 millj. kr. minna en á árinu 1967.

Um 2.—4. gr.

Þessar greinar fela í sér sams konar heimildarákvæði varðandi lánskjör og skattfrelsi og jafnan hafa fylgt spariskírteinum ríkissjóðs.

Um 5. gr.

Sýnt þykir, að framboð lánsfjár innan lands á árinu 1968 muni ekki nægja til þess að mæta þeirri lánsfjárþörf, er framkvæmdir þessarar áætlunar krefjast. Verður því nauðsynlegt að afla erlends lánsfjár að jafnvirði allt að 275 millj. ísl. kr.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Undanfarin þrjú ár hefur verið aflað lánsfjár á vegum Viðreisnarsjóðs Evrópuráðsins (Council of Europe Resettlement Fund) til framkvæmda innan Vestfjarðaáætlunar. Er hér farið fram á heimild til slíkrar lántöku, allt að $ 500.000, til flugvalla-, hafna- og vegaframkvæmda á Vestfjörðum.

Um 8. gr.

Hér er farið fram á heimild til allt að $ 1 425 þús. vörukaupaláns hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna, svonefnds P. L. 480 láns, á sama hátt og undanfarin ár.

Um 9. gr.

Í sambandi við framkvæmdir í raforkumálum og flugöryggismálum verður um að ræða talsverðan innflutning á tækjum. Er hér, eins og á undanförnum árum, leitað heimildar til að afla erlends lánsfjár vegna slíkra tækjakaupa að jafnvirði allt að 10 millj. ísl. kr.

Um 10. gr.

Af fyrirhugaðri lántöku erlendis skv. 5. gr. munu 113 millj. kr. verða endurlánaðar Framkvæmdasjóði Íslands til að mæta lánsfjárþörf fjárfestingarlánasjóða og fyrirtækja.

Um 11. gr.

Nánari greinargerð um skiptingu lánsfjár á einstakar framkvæmdir verður gefin í sambandi við framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstjórnarinnar árið 1968.

Um 12. gr.

Eins og kunnugt er, hefur verið samið um smíði tveggja strandferðaskipa innan lands fyrir Skipaútgerð ríkisins. Er gert ráð fyrir, að heildarkostnaður skipanna muni verða 146.3 millj. kr. Af eigin fé mun Skipaútgerðin leggja fram um 20 millj. kr., en allverulegs fjár verður aflað með lántökum erlendis og innan lands. Mun Seðlabankinn annast lánsútvegun og aðra fyrirgreiðslu í því sambandi. Gert er ráð fyrir, að lánin endurgreiðist með framlögum á fjárlögum á næstu 5 árum.

Fylgiskjal.

TAFLA I.

Framkvæmda- og fjáröflunaráætlun 1968.

Heildaryfirlit.

Fjáröflun:	Millj. kr.	
A. Fjárfestingarlánasjóðir:		
1. Lánsfjáröflun úr Framkvæmdasjóði og frá bönkunum	103.3	
2. Væntanleg hlutdeild í erlendu láni	113.0	
3. Lán frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðs	28.5	
		244.8
B. Opinber fjáröflun:		
1. Spariskírteinalán	75.0	
2. Endurgreiðsla spariskírteinalána	50.0	
3. P. L. 480 lán	46.0	
4. Hlutdeild í erlendu láni	147.0	
5. Bráðabirgðalántaka	12.2	
		330.2
		575.0
Ráðstöfun:		
A. Fjárfestingarlánasjóðir		244.8
B. Opinberar framkvæmdir:		
1. Rafmagnsveitur ríkisins	20.3	
2. Raforkumál, sérstakar framkvæmdir	15.0	

3. Gufuveita í Reykjahlíð	7.2	
4. Jarðborun á Reykjanesi	3.6	
5. Landshafnir	40.0	
6. Vegir	82.6	
7. Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	10.9	
8. Flugmál	6.0	
9. Skólar	25.6	
10. Sjúkrahús	37.0	
		330.2
11. Lögreglustöð í Reykjavík	7.0	
12. Búrfellsvirkjun	75.0	
		575.0

TAFLA II.

Opinberar framkvæmdir.

	Fram-kvæmdir m.kr.	Skulda-greiðslur m.kr.	Samt. m.kr.	Eigið fé og fjárveit. m.kr.	Þegar tryggt eða væntanl. lánsfé m.kr.	Sérstök fjáröflun m.kr.	Samt. m.kr.
1. Rafmagnsveitur ríkisins	52.0	21.5	73.5	32.1[1])	21.1[2])	20.3	73.5
2. Raforkumál, sérstakar framkvæmdir[3])	15.0	—	15.0	—	—	15.0	15.0
3. Gufuveita í Reykjahlíð	—	7.2	7.2	—	—	7.2	7.2
4. Jarðborun á Reykjanesi	3.6	—	3.6	—	—	3.6	3.6
5. Hafnir	119.1	7.6	126.7	56.9[4])	29.8[5])	40.0	126.7
6. Vegir[6])	79.9	94.8	174.7	76.1[7])	16.0[8])	82.6	174.7
7. Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	24.0	—	24.0	13.1[9])	—	10.9	24.0
8. Flugmál	22.3	22.9	45.2	27.0[10])	12.2[11])	6.0	45.2
9. Skólar	30.6	—	30.6	5.0[12])	—	25.6	30.6
10. Sjúkrahús	50.1	2.0	52.1	15.1[13])	—	37.0	52.1
11. Lögreglustöð í Rvík	12.3	—	12.3	4.1[14])	1.2[15])	7.0	12.3
12. Búrfellsvirkjun[3])	75.0	—	75.0	—	—	75.0	75.0
Alls	483.9	156.0	639.9	229.4	80.3	330.2	639.9

1) Fjárveiting 22.1 m.kr. og heimtaugagjöld 10.0 m.kr.
2) Tollalán 10.0 m.kr., erlendur greiðslufrestur 3.0 m.kr., lán úr héraði vegna sveitaveitna 7.0 m.kr. og ýmislegt 1.1 m.kr.
3) Aðeins talið framlag það, sem aflað er innan fjáröflunaráætlunarinnar.
4) Fjárveitingar 43.4 m.kr., heimaframlög og lán úr héraði 13.5 m.kr.
5) Þar af 20 m.kr. úr Atvinnuleysistryggingasjóði og 9.8 m.kr. Vestfjarðafé.
6) Vegaframkvæmdir á Vestfjarðaáætlun (19.7 m.kr.) og skuldagreiðslur þeirra vegna (2.1 m.kr.) eru taldar hér með, en hafa ekki verið taldar með í samsvarandi töflum fyrri ára.
7) Þar af fjárveitingar á vegaáætlun 37.8 m.kr., framlag til Siglufjarðarvegar, Ólafsfjarðarvegar og Suðurfjarðarvegar af auknum tekjum vegasjóðs 24.3 m.kr., og umferðargjald á Reykjanesbraut 14.0 m.kr.
8) Vestfjarðalán.
9) Framlag úr vegasjóði á árinu 1968 (6.1 m.kr.) og eftirstöðvar frá fyrri árum (7.0 m.kr.).
10) Fjárveitingar.
11) Þar af 1.0 m.kr. geymt Vestfjarðafé, 1.2 m.kr. nýtt Vestfjarðafé, 3.0 m.kr. væntanlegt erlent tækjakaupalán og 7.0 m.kr. væntanleg leyfð innlend bráðabirgðalán.
12) Fjárveitingar til menntaskóla á Vestfjörðum og Austurlandi, sem yfirfærast til Menntaskólans á Akureyri.
13) Geymdar fjárveitingar frá fyrri árum.
14) Fjárveiting ríkisins 3.1 m.kr. og Reykjavíkurborgar 1.0 m.kr.
15) Þegar tryggð bankalán.

Ed. 548. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til laga um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl., nr. 14. 20. júní 1923.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 8. apríl 1968.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Auður Auðuns, fundaskr.	Björn Jónsson.
Björn Fr. Björnsson.	Steinþór Gestsson.	Pétur Benediktsson.
	Ásgeir Bjarnason.	

Ed. 549. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 8. apríl 1968.

Steinþór Gestsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Jónas G. Rafnar.
Jón Árnason.	Karl Guðjónsson.	Páll Þorsteinsson.
	Ásgeir Bjarnason.	

Nd. 550. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir hreppsnefndina í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu til að selja jörðina Þykkvabæ I í Landbroti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Hreppsnefndinni í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu er heimilt að selja Ingu Þórarinsdóttur, húsfreyju að Þykkvabæ I, jörðina Þykkvabæ I í Landbroti fyrir það verð, sem um semst eða verður ákveðið eftir mati dómkvaddra manna. Jörðin skal vera séreign Ingu Þórarinsdóttur skv. kaupmála, er gerður verður að lögboðnum hætti.

Kaupandi jarðarinnar, Inga Þórarinsdóttir, skal gera jörðina Þykkvabæ I að ættaróðali samkvæmt ákvæðum I. kafla laga um ættaróðal og óðalsrétt.

Alþingi, 5. apríl 1968.

Jónas Pétursson, form., frsm.	Pálmi Jónsson, fundaskr.	Ben. Gröndal.
Vilhjálmur Hjálmarsson.	Hannibal Valdimarsson.	Stefán Valgeirsson.
	Eyjólfur Konráð Jónsson.	

Ed. 551. Nefndarálit [143. mál]

um frv. til l. um Siglingamálastofnun ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta hefur verið rætt á nokkrum fundum nefndarinnar. Hefur skipaskoðunarstjóri komið á fund hennar og gert grein fyrir þörfinni á endurskoðun löggjafar þeirrar, sem hér um ræðir. Enn fremur hefur nefndin leitað umsagnar ýmissa aðila, er málið varðar, og hafa svör borizt frá Sambandi dráttarbrauta, Fiskifélagi Íslands, Verkfræðingafélagi Íslands, Félagi dráttarbrauta og skipasmiðja og Landssambandi íslenzkra útvegsmanna. Umsögn Verkfræðingafélagsins er sérlega ýtarleg, en í hinum umsögnunum er einnig bent á veigamikil atriði.

Það kemur fram í þessum umsögnum, að mikill ágreiningur er um sum aðalatriði frv., þótt allir virðist því samdóma, að hér sé þörf á heildarlöggjöf. Það, sem einkum kemur hér til greina, er það, hvort Siglingamálastofnuninni er ekki markað of vítt verksvið skv. frv. Án þess að fara of langt út í einstök atriði má á það benda, að aðilar þeir, sem sent hafa nefndinni umsögn sína, hafa flestir látið í ljós þá skoðun, að skipaskoðunarstjóra beri fyrst og fremst að hafa eftirlit með og fylgjast með öryggisútbúnaði og öllu, er varðar öryggi skipa. Kemur þá til álita, hvaða önnur verkefni geti verið sumpart hentugt og sumpart samrýmanlegt aðalstarfinu að fela hinu sama embætti.

Hvar eiga mörkin að vera milli starfssviðs Siglingamálastofnunarinnar og tæknideildar Fiskifélags Íslands, sem flestir sýnast nú sammála um að efla? Er rétt, að Siglingamálastofnunin fari inn á þau verksvið, sem flokkunarfélögin annast í öðrum löndum? Er það samrýmanlegt öryggiseftirlitinu, að starfsmenn stofnunarinnar annist sjálfir skipateikningar? Er nýnefnið „Siglingamálastofnun ríkisins“ sannara eða heppilegra heiti en hið hefðbundna „Skipaskoðun ríkisins“?

Þessum og fleiri spurningum, sem fram hafa komið, þarf að svara. Nefndin telur vænlegra til árangurs að fela nefnd sérfróðra manna og aðila, sem þarna eiga hagsmuna að gæta, að leysa þetta hlutverk milli þinga, heldur en að þingnefnd fari að bera fram breytingartillögur um jafnumdeilt og flókið mál nú undir þinglokin. Leggur hún því til, að það verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð deildin telur, að ýmis veigamikil atriði í sambandi við frv. þurfi nánari athugunar sérfróðra manna og aðila, sem hér eiga hagsmuna að gæta, og í trausti þess, að ríkisstjórnin láti slíka athugun fram fara og leggi endurskoðað frv. fyrir næsta Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. apríl 1968.

Pétur Benediktsson, form., frsm.
Jón Árnason.
Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.
Bjarni Guðbjörnsson.
Ólafur Jóhannesson.
Sveinn Guðmundsson.
Gils Guðmundsson.

Ed. 552. Nefndarálit [170. mál]

um frv. til l. um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar á nokkrum fundum og leitað um það umsagnar ýmissa aðila. Hafa svör borizt frá Fiskmatsráði, fiskmatsstjóra, Sölusambandi íslenzkra saltfisksframleiðenda, Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og sjávarafurðadeild Sambands íslenzkra samvinnufélaga. Auk þessa hafa formaður Fiskmatsráðs, dr. Þórður Þorbjarnarson, Bergsteinn Á. Bergsteinsson fiskmatsstjóri og Sigurður Haraldsson framkvæmdastjóri hjá Ferskfiskeftirlitinu komið á fund nefndarinnar og rætt við hana bæði heildarstefnu frv. og einstakar greinar þess. Hefur verið mikil stoð að samvinnunni við alla þessa aðila, þótt hitt verði að játa, að ekki gengu allar leiðbeiningar þeirra í eina átt.

Niðurstaðan af starfi nefndarinnar er sú, að hún mælir með samþykkt frv. með smávægilegum breytingum. Sumar brtt. (sjá 9. og 13. gr.) varða ekki efni málsins, heldur aðeins það, að nefndinni finnst eðlilegra, að um þessi atriði sé fjallað í reglugerð. — Þá telur nefndin eðlilegt, að yfirfiskmatsmenn verði ráðnir, eins og verið hefur til þessa, sbr. 8. gr. Enn fremur vill meiri hl. nefndarinnar, að leitað sé umsagnar nefndar þeirrar, sem 17. gr. frv. fjallar um, áður en fiskmatsstjóri eða deildarstjórar eru skipaðir eða yfirfiskmatsmenn ráðnir (sbr. 8. gr.). Einn nefndarmaður hefur þarna sérstöðu, sbr. það, sem segir hér á eftir um 17. gr. — Brtt. við 10. gr. frv. er aðeins ætlað að gera orðalagið ótvíræðara. Tilætlunin er að halda fast við þá skipun, sem verið hefur, að fastráðinn eftirlitsmaður ferskfisks- og freðfisksdeildar eigi heimtingu á sérstakri þóknun, ef hann starfar að mati á saltfiski eða skreið. — Brtt. við 6. gr. er aðeins smávægileg breyting á einu orði; líkt er að segja um fyrri brtt. við 13. gr. og brtt. við 16. gr. — Brtt. við 11. gr. er afleiðing brtt. við 8. gr.

Þá er ástæða til að minnast sérstaklega á 17. gr. frv. Meiri hl. Fiskmatsráðs, fiskmatsstjóri og SÍF hafa lagt til, að greinin verði felld niður, telja ráðgjafarnefnd þá, sem þar er gert ráð fyrir að gefa ráðherra heimild til að stofna, algerlega óþarfa, og fylgir einn nefndarmanna (JÁH) þeim að málum um það atriði. Mun hann flytja sérstaka brtt. um það efni og undirritar því nál. með fyrirvara. — LÍÚ lagði hins vegar til að gera ákvæði greinarinnar ákveðnara og mæla svo fyrir, að skipa skuli ráðgjafarnefndina. Hallast meiri hluti nefndarinnar að því, að þetta sé ráðlegra. Ástæðulaust er, að nokkur kostnaður að ráði verði af starfsemi nefndarinnar, þar sem hún mundi ekki þurfa að hittast nema örsjaldan á hverju ári, og hlyti þóknunin fyrir nefndarstörf að ákveðast í samræmi við það.

Meiri hl. Fiskmatsráðs hefur óskað að koma því á framfæri, að hann stóð einn að tillögum þeim til sjávarútvegsmálaráðherra, sem fylgt hefur verið í aðaldráttum við samningu frv. Minni hl. ráðsins, fiskmatsstjóri, skilaði séráliti. Enn fremur hefur meiri hl. ráðsins óskað að láta þess getið, að í greinargerð þess fyrir frv. var eftirfarandi athugasemd um fiskmatsstjórastarfið, sem ekki er endurtekin í athugasemdum ráðuneytisins við frv. það, sem hér liggur fyrir:

„Ef frumvarp það, sem hér um ræðir, nær fram að ganga, telur ráðið, að stefna beri að því, að í æðsta embætti Fiskmats ríkisins veljist maður með háskólamenntun í fiskiðnaði eða matvælaiðnfræði. Það telur þó ekki æskilegt að binda í lögum þær kröfur, sem gera ber til faglegrar menntunar og reynslu starfsmanna Fiskmats ríkisins, enda fari bezt á því, að þær séu skilgreindar með reglugerð, eins og lagt er til í 7. lið 3. greinar frumvarpsins.“

Með skírskotun til þess, sem að framan greinir — þ. á m. um fyrirvara JÁH — leyfir nefndin sér að leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 6. gr., 3. tölulið. Í stað „Gæða- og stærðarflokkun“ komi: Gæðamat og stærðarflokkun.
2. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Sjávarútvegsmálaráðherra skipar fiskmatsstjóra og deildarstjóra að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar þeirrar, sem um getur í 17. gr.
   Fiskmatsstjóri ræður yfirfiskmatsmenn að fenginni umsögn ráðgjafarnefndarinnar.
   Við skipun deildarstjóra og ráðningu annarra starfsmanna við Fiskmat ríkisins skal enn fremur leitað álits væntanlegs yfirmanns starfsmanns þess, sem hlut á að máli.
3. Við 9. gr. Orðin „Heimilt er að takmarka starfssvið“ í 3. mgr. til loka greinarinnar falli niður.
4. Við 10. gr.
   a. Við 4. mgr. Í stað orðanna „Kaup fiskmatsmanna“ í upphafi málsgreinarinnar komi: Kaup saltfisk- og skreiðarmatsmanna.
   b. Í lok greinarinnar bætist við ný mgr.:
      Fiskmatsmenn, sem starfa við ferskfiskeftirlit, skulu vera ráðnir starfsmenn, og verða laun þeirra greidd samkvæmt samningi, sem við þá verður gerður.
5. Við 11. gr. Í stað orðanna „Fiskmatsstjóri, deildarstjórar og yfirfiskmatsmenn“ í upphafi greinarinnar komi: Fiskmatsstjóri og deildarstjórar.
6. Við 13. gr.
   a. Í lok 2. mgr. bætist við: ef þau taka farm í fleiri höfnum en einni.
   b. 3. og 4. mgr. falli niður.
7. Við 16. gr.
   a. Á eftir orðunum „Nú er“ í upphafi gr. bætist við: fersksíld.
   b. Í stað orðanna „og skal þá sýnishornatakan“ til loka greinarinnar komi: og skal þá fiskmatsstjóri fela fiskmatsmanni að framkvæma sýnishornatöku samkvæmt fyrirmælum rannsóknaraðila.
8. Við 17. gr. Í stað orðanna „Sjávarútvegsmálaráðherra getur skipað“ í upphafi greinarinnar komi: Sjávarútvegsmálaráðherra skipar.

Þess skal getið, að einn nefndarmanna, GilsG, var fjarstaddur við endanlega afgreiðslu málsins í nefndinni.

Alþingi, 8. apríl 1968.

Pétur Benediktsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr., með fyrirvara.	Sveinn Guðmundsson.
Bjarni Guðbjörnsson.	Jón Árnason.	Ólafur Jóhannesson.

Ed. 553. Nefndarálit [171. mál]

um frv. til laga um Stofnfjársjóð fiskiskipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar og rætt það á fundum sínum. — Nefndin leggur einróma til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. Í stað orðanna „eigi sjaldnar en misserislega“ komi: ársfjórðungslega.

2. Við 12. gr. Aftan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Ef skip ferst eða verður dæmt ónýtt, skal innistæða hjá Stofnfjársjóði falla til skipseiganda.

Alþingi, 8. apríl 1968.

Pétur Benediktsson, form.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Jón Árnason, frsm.
Gils Guðmundsson.	Sveinn Guðmundsson.	Bjarni Guðbjörnsson.
	Ólafur Jóhannesson.	

Nd. 554. Breytingartillaga [82. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

Við 6. gr. 2. málsliður orðist svo:
Þó skulu ákvæði 3. gr. um frádrátt á greiddu útsvari, að því er tekur til fyrirframgreiðslu, eigi koma til framkvæmda fyrr en á árinu 1969.

Nd. 555. Frumvarp til laga [149. mál]

um breytingu á mörkum Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps í Suður-Múlasýslu og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja ríkisjörðina Hólma.

(Eftir 2. umr. í Nd., 8. apríl.)

1. gr.
Mörk Eskifjarðarhrepps í Suður-Múlasýslu skulu vera sem hér segir: Frá Hólmanestá eftir línu dreginni í beina stefnu á stað 3 metra í hánorður frá svonefndu Völvuleiði á Hólmahálsi og þaðan beina stefnu á austurkamb Hólmatinds. Síðan inn eggjar á vatnaskilum um Miðaftanstind og Kambafell í hæsta leiti Eskihnjúks. Eftir það gildir eldri hreppamarkalína um Tungufell og Fönn, út eggjar í Svartafell og þaðan til sjávar.

2. gr.
Nú verður eigi innan 3 mánaða frá gildistöku laga þessara samkomulag milli hreppsnefnda Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps um bætur vegna tjóns, sem Reyðarfjarðarhreppur kann að verða fyrir vegna ákvæðis 1. gr., og skal þá gerðardómur fjalla um það mál og skera úr um bótakröfur. Skal gerðardómurinn skipaður þremur mönnum. Skipa aðilar sinn manninn hvor í dóminn, en hæstiréttur tilnefnir oddamann. Vanræki aðilar að skipa mann í dóminn, tilnefnir hæstiréttur, þannig að dómur verði fullskipaður. Kostnað við dóminn greiðir Eskifjarðarhreppur.

3. gr.
Nú gefur Reyðarfjarðarhreppur Eskifjarðarhreppi kost á að kaupa eignarjörð sína, Borgir, sem yrði í Eskifjarðarhreppi eftir breytingu hreppamarka samkvæmt 1. gr., og fer þá um verð og greiðsluskilmála eftir því, sem um semst milli hreppanna, en náist ekki samkomulag milli þeirra innan 3 mánaða frá gildistöku laga þessara, skal Eskifjarðarhreppi skylt að kaupa jörðina eftir mati dómkvaddra manna. Um framkvæmd þess mats fer eftir lögum nr. 61/1917, um framkvæmd eignarnáms.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja ríkisjörðina Hólma Reyðarfjarðarhreppi og Eskifjarðarhreppi, þannig að hvor þessara hreppa um sig eigi þess kost að fá keyptan þann hluta jarðarinnar, sem er innan marka hvors sveitarfélags.

Verð jarðarinnar fer eftir því, sem um semst. Náist ekki samkomulag um kaupverðið, skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1969.

Ed. 556. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Samgöngumálanefnd Ed. hefur rætt frv., en gat ekki orðið sammála um stuðning við frv.

Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir nú á þingskjali 545 frá Nd.

Minni hl., ÁB og PÞ, mun skila séráliti. Einn nm., KGuðj, var ekki viðstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. apríl 1968.

Jón Árm. Héðinsson, form., frsm. Jón Árnason, fundaskr. Jónas G. Rafnar.
Steinþór Gestsson.

Ed. 557. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. vill samþykkja frv. óbreytt, en minni hl. vill gerbreyta frv. og flytur á sérstöku þskj. brtt. við það.

Í þessu frv. eru ákvæði um nýjar álögur, og er áætlað, að þær nemi á þessu ári 109 millj. kr., en á næsta ári um 180—190 millj. kr. Fé þetta á að innheimta með mikilli hækkun á benzínskatti, innflutningsgjaldi af hjólbörðum og þungaskatti af bifreiðum. Þetta er þriðja hækkunin, sem ríkisstjórnin beitir sér fyrir á þessum sköttum á rúmum fjórum árum.

Í kjölfar gengislækkunarinnar, sem gerð var í vetur, koma stórfelldar hækkanir á rekstrargjöldum bifreiða. Við það á að bæta álögum þeim, sem þetta frv. kveður á um.

Þessar gífurlegu álögur hljóta að verða þungbærar bifreiðaeigendum, og þær munu von bráðar snerta almenning, m. a. með hækkun á flutningskostnaði og strætisvagnagjöldum.

Háar fjárhæðir, sem teknar eru af umferðinni með ýmsu móti, fara nú til almennra þarfa ríkissjóðs.

Vegalögin kveða á um, að til vegagerða skuli árlega veita sérstakt framlag á fjárlögum til viðbótar hinum föstu tekjum vegasjóðs og tekjustofnum þeim, sem

fjallað er um í þessu frv. Þetta lagaákvæði er í fullu gildi, en þrátt fyrir það hefur að tilhlutan ríkisstjórnarinnar framlagið til vegasjóðs verið fellt niður af fjárlögum þrjú ár í röð.

Minni hl. samgöngumálanefndar telur of langt gengið með þeim skattahækkunum, sem mælt er fyrir um í þessu frv. Hann vill bæta úr brýnni þörf vegasjóðs fyrir aukið fjármagn til vegaframkvæmda með því að renna fleiri stoðum undir fjáröflun til vegasjóðs en nú er gert.

Minni hl. nefndarinnar leggur til, að leyfisgjöld af bifreiðum renni til vegasjóðs frá og með 1. jan. 1969, en að ríkisstjórninni verði veitt heimild til lántöku, allt að 109 millj. kr., til greiðslu á kostnaði vegasjóðs vegna framkvæmda 1967 og 1968.

Afstaða minni hl. nefndarinnar til frv. mun fara eftir því, hvort brtt., er hann flytur á sérstöku þskj., verða samþykktar.

Alþingi, 9. apríl 1968.

Páll Þorsteinsson, frsm. Karl Guðjónsson. Ásgeir Bjarnason.

Ed. 558. Breytingartillögur [179. mál]

við frv. til l. um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar (PÞ, KGuðj, ÁB).

1. Í stað 2.—5. gr. komi ein grein, sem orðist svo:
   89. gr. laganna orðist svo:
   Til greiðslu kostnaðar samkvæmt lögum þessum skal, auk þeirra gjalda, sem um getur í 85.—87. gr., gjald af bifreiðum og bifhjólum, samkvæmt 16. gr. l. nr. 4 1960, renna í vegasjóð frá og með 1. janúar 1969.
2. Á eftir 1. mgr. í ákvæðum til bráðabirgða komi ný mgr., svo hljóðandi:
   Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til greiðslu á kostnaði vegasjóðs af framkvæmdum í vegamálum 1967 og 1968, allt að 109 milljónir króna.

Ed. 559. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til l. um gjaldmiðil Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Mæla undirritaðir nm. með því, að það verði samþykkt óbreytt, en einn nm. (EÁ) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 8. apríl 1968.

Ólafur Björnsson, form. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Pétur Benediktsson, frsm.
Bjarni Guðbjörnsson. Björn Jónsson. Sveinn Guðmundsson.

Ed. **560. Frumvarp til laga** [188. mál]

um breyting á lögum nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum greiðist sem hér segir:

1. Kr. 530.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum, skreið, hertum þorskhausum, verkuðum saltfiski, saltfiskflökum, saltbitum, frystum hrognum og frystum rækjum.
   Nemi gjald samkvæmt þessum tölulið meiru en svarar 3.5% af fob-verði útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.
2. 3.5% gjald af fob-verði greiðist af frystum humar, óverkuðum saltfiski, loðnumjöli og loðnulýsi.
3. 4.2% gjald af fob-verði greiðist af heilfrystum fiski, frystum fiskúrgangi, söltuðum þunnildum og söltuðum hrognum.
4. 6% gjald af fob-verði greiðist af ísvörðum fiski, fiskmjöli, þorskalýsi, karfamjöli, karfalýsi, heilfrystri síld, frystum síldarflökum, hvallýsi, hvalmjöli, frystu hvalkjöti og öðrum þeim sjávarafurðum, sem ekki eru sérstaklega taldar í þessari grein.
5. 8.0% gjald af fob-verði greiðist af síldarlýsi, síldarmjöli og síldarsoðkjarna.
6. 10.0% gjald af fob-verði greiðist af saltsíld.
7. Útflutningsgjald greiðist ekki af niðursoðnum eða niðurlögðum sjávarafurðum, hertum sjávardýraolíum né heldur vörum frá selveiðum. Niðurlagðar vörur skulu í þessu sambandi teljast vörur, sem lagðar eru niður tilbúnar til neyzlu og hafa innihald 10 kg nettó eða minna. Þó skulu vörur taldar niðurlagðar, sem lagðar eru fullverkaðar niður í stærri ílát, ef útflytjandi sannar, að hráefnisverð hinnar útfluttu vöru er minna en ¼ hluti útflutningsverðsins.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds skv. 2. gr., og skiptast tekjur af því sem hér segir frá og með 1. maí 1968:

1.	Til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa samkv. reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur	76.90%
2.	Til Fiskveiðasjóðs Íslands	14.50%
3.	Til Fiskimálasjóðs	4.98%
4.	Til byggingar haf- og fiskirannsóknaskips	1.29%
5.	Til byggingar rannsóknarstofnana sjávarútvegsins	0.99%
6.	Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0.67%
7.	Til samtaka sjómanna skv. reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur	0.67%

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 38 29. apríl 1967, um breyting á lögum nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Útflutningsgjald af loðnumjöli og loðnulýsi skv. 2. grein laganna skal ekki greitt af framleiðslu ársins 1968.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hið mikla verðfall á útflutningsafurðum landsmanna og aflabrestur á síldveiðum á síðastliðnu ári hafði að sjálfsögðu stórvægileg áhrif til samdráttar á tekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, en það fer að meirihluta eftir útflutningsverðmæti síldarafurða. Tekjur af útflutningsgjaldi námu 263.1 m.kr. árið 1965, 266.5 m.kr. árið 1966, en lækkuðu niður í um 172 m.kr. árið 1967 skv. bráðabirgðauppgjöri. Jafnframt þessum afturkipp í tekjum af útflutningsgjaldi hefur sá kostnaður, sem gjaldið fer til að greiða, stöðugt farið hækkandi. Meginhluti þess, um 73%, hefur gengið til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa. Nam hluti tryggingagjaldanna af áföllnum tekjum af útflutningsgjaldi 195.5 m.kr. árið 1966, en aðeins um 125 m.kr. árið 1967. En sömu ár námu útgjöldin 208.4 m.kr. og 220.7 m.kr. Varð halli tryggingasjóðs fiskiskipa þannig um 95 m.kr. á árinu 1967.

Þegar gengi krónunnar var fellt í nóvember s. l., stóðu vonir til þess, að nást mundi nægileg hækkun tekna af útflutningsgjaldi við þá hækkun, sem verða mundi á útflutningsverðmæti þeirra afurða, er bera verðmætisgjald, og við beinar hækkanir á gjaldi af þeim afurðum, er það þyldu. Alkunna er, að þessar vonir hafa að verulegu leyti brugðizt. Með óbreyttum gjaldaákvæðum má nú aðeins reikna með um 235 m.kr. tekjum af útflutningsgjaldi, og mundu koma í hlut tryggingasjóðs 171 m.kr. En jafnframt er áætlað, að útgjöld sjóðsins muni verða um 274 m.kr. Er þannig séð fram á svipaðan halla á rekstri tryggingasjóðsins árið 1968 eins og á síðast liðnu ári, eða um 103 m.kr. Verður því óhjákvæmilega að grípa til sérstakra ráðstafana til þess að jafna hallann. Með frumvarpi þessu er stefnt að því að ná 42 m.kr. tekjuaukningu til þess að mæta hallanum. Því, sem á vantar, 61 m.kr., verður hins vegar að reyna að ná með því að draga úr útgjöldum sjóðsins. Enda þótt það takist að fullu, en það liggur enn ekki ljóst fyrir, er sá vandi enn óleystur að jafna þann hluta hallans frá fyrra ári, er ekki fæst jafnaður með hlut tryggingasjóðs í gengishagnaði af útflutningsafurðum, sem áætlaður er 50—60 m.kr. Sá halli, er eftir stæði, mundi þá nema um 35—40 m.kr.

Um 1. gr.

Lagt er til, að útflutningsgjald verði hækkað á þrem tegundum afurða: óverkuðum saltfiski, frystum humar og saltsíld. Á hinn bóginn er lagt til, að útflutningsgjald af loðnuafurðum verði lækkað og til bráðabirgða fellt niður af framleiðslu yfirstandandi árs.

Saltfiskur hefur ekki orðið fyrir því verðfalli á erlendum mörkuðum, er var aðaltilefni gengisbreytingarinnar. Hefur gengisbreytingin því komið fram með því hlutfalli, er samsvarar þýðingu einstakra gjaldeyristegunda í sölunni, eða að meðaltali um 25%, um það bil. Veldur þessi aukning tekna í framhaldi af hagstæðri verðþróun því, að fært þykir að áætla, að verulegur hreinn hagnaður verði í saltfiskframleiðslunni. Má ætla, að sú hækkun á útflutningsgjaldi, sem hér er lögð til, muni aðeins nema litlum hluta þess hagnaðar.

Ekki hefur verið talið rétt að hækka gjald af þurrkuðum saltfiski, þar sem verkun hans ber sig illa, en reyna verður að verka þannig sem mest af því hráefni, sem annars færi í skreið. Svipuðu máli gegnir um saltfiskflök.

Áætlað er, að þessi hækkun muni leiða til um 8 m.kr. aukningar tekna af útflutningsgjaldi.

Frystur humar hefur heldur ekki orðið fyrir teljandi verðfalli, svo vitað sé. Að því er þá afurð snertir, er veiðitímabilið enn nokkuð framundan og hefur verð hráefnisins ekki verið ákveðið. Þegar útflutningsgjöldunum var síðast breytt árið 1966, var humarinn færður úr 4.2% verðmætisgjaldi í núgildandi magngjald, kr. 530 á tonn. Við það varð gjaldið mjög lágt miðað við verðmæti, eða um 0.3%. Með tilliti til hins mikla ávinnings af gengisbreytingunni, sem nú fellur á humar-

inn, er lagt til, að humarinn sé færður nú í 3.5% verðmætisgjald. Er áætlað, að það muni gefa um 6 m.kr. aukningu tekna af útflutningsgjaldi.

Saltsíld breyttist lítið í verði á síðasta ári. Hins vegar varð reksturinn þá til muna örðugri en áður hafði verið. Í undirbúningi eru ráðstafanir til að snúast við þeim vanda. Enda þótt tekið sé tillit til þessara atriða, er útlit fyrir verulegan hagnað síldarsöltunar af völdum gengisbreytingarinnar að óbreyttu hráefnisverði og útflutningsgjaldi. Er lagt til, að nokkuð af þessum ávinningi verði látið ganga til hækkunar útflutningsgjalds. Verði gjald af saltsíld fært upp fyrir gjald af bræðslusíldarafurðum, upp í 10%. Áætluð aukning tekna af þessari hækkun er um 28 m.kr.

Loðnumjöl og loðnulýsi eru afurðir, sem reynslan sýnir, að hafa mjög lítið gjaldþol, og hefur því verið sótt fast eftir eftirgjöf gjalds af þeim ár og ár í senn. Lagt er til, að þessar afurðir séu færðar í þann gjaldflokk, sem lægstur er með tilliti til meðalverðs þessara afurða, þ. e. 3.5% verðmætisgjald. Eru þá meiri líkur en annars á, að talið verði fært að framfylgja gjaldaákvæðunum.

Hertar sjávardýraolíur. Verðmætisaukning við herzlu sjávardýraolíu mun nema allt að 50% miðað við fob-verð hráefnis. Útflutningsgjald af þessari framleiðslu hlýtur að draga úr áhuga fyrir því, að verðmæti vörunnar sé aukið hér innanlands. Telja framleiðendur þessa framleiðslu algjörlega ósamkeppnishæfa á hinum alþjóðlega markaði, þyrfti hún að bera útflutningsgjald. Samkvæmt óskum Félags íslenzkra iðnrekenda er lagt til, að útflutningsgjald af hertum sjávardýraolíum sé fellt niður, svo sem gert er um niðursoðnar og niðurlagðar sjávarafurðir. Framleiðendur greiða iðnlánasjóðsgjald.

Um 2. gr.

Þær hækkanir, sem hér er um fjallað, eru lagðar til vegna hins alvarlega greiðsluhalla tryggingasjóðs fiskiskipa. Verður að koma því sem næst allri aukningu teknanna til skila til þess aðila. Hefur hlutfall hinna einstöku aðila að útflutningsgjaldinu verið endurreiknað til þess að ná þeirri niðurstöðu.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Á síðastliðnu ári var svo komið af völdum verðfalls loðnuafurðanna, að verðmæti þeirra nægði ekki fyrir algeru lágmarki breytilegs kostnaðar við veiðar og vinnslu loðnunnar, er metin var sem kr. 1.00 á hvert kíló hráefnis. Til þess að gera kleift að nýta loðnuna var gripið til þess ráðs að fella niður útflutningsgjald af loðnuafurðum, 6% af fob-verðmæti. Á þessu ári er afurðaverð enn lægra en það var fyrir ári. Gera áhrif gengisbreytingarinnar á afurðaverðið ekki betur en að vega upp þessa lækkun ásamt hækkun á flutnings- og útskipunarkostnaði við afurðirnar. Að fengnum þessum upplýsingum telur ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að fella niður útflutningsgjald af loðnumjöli og loðnulýsi.

Nd. 561. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til l. um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki getað náð samstöðu um afstöðu til þess. Mælir undirritaður meiri hl. n. með því, að það verði samþykkt, en einstakir nefndarmenn, er að álitinu standa, áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. við frv.

Alþingi, 9. apríl 1968.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Gunnar Gíslason.

Guðl. Gíslason. Lúðvík Jósefsson.

Ed. 562. Frumvarp til laga [110. mál]

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

(Eftir 3. umr. í Nd., 9. apríl.)

1. gr.

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Á árunum 1968 og 1969 skal greiða ¼% viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til húsbyggingar félagsins við Hagatorg í Reykjavík.

Framlaginu skal skipt í réttu hlutfalli við eignarhluta hvors félags í byggingunni. Um álagningu og innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um búnaðarmálasjóðsgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 563. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um tékka, nr. 94 frá 19. júní 1933.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 9. apríl 1968.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Gunnar Gíslason.
Jón Kjartansson. Lúðvík Jósefsson. Vilhjálmur Hjálmarsson.
Guðl. Gíslason.

Nd. 564. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til l. um breyt. á víxillögum, nr. 93 frá 19. júní 1933.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 9. apríl 1968.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Gunnar Gíslason.
Jón Kjartansson. Lúðvík Jósefsson. Vilhjálmur Hjálmarsson.
Guðl. Gíslason.

Nd. 565. Breytingartillaga [82. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

Aftan við 6. gr. bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Að því er varðar álagningu útsvara árið 1969 er nægilegt, að sveitarstjórnir hafi tekið um það ákvörðun fyrir 15. maí 1968, hvort þær muni neyta heimildar skv. 2. málsl. 3. gr. laga þessara.

Ed. 566. Nefndarálit [157. mál]

um frv. til l. um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 9. apríl 1968.

Auður Auðuns, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Gils Guðmundsson.
Steinþór Gestsson.	Páll Þorsteinsson.	Jón Þorsteinsson.
	Ólafur Jóhannesson.	

Ed. 567. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 9. apríl 1968.

Auður Auðuns, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Gils Guðmundsson.
Steinþór Gestsson.	Páll Þorsteinsson.	Jón Þorsteinsson.
	Ólafur Jóhannesson.	

Ed. 568. Frumvarp til laga [171. mál]

um Stofnfjársjóð fiskiskipa.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 420 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:
Fiskifélag Íslands skal senda Fiskveiðasjóði ársfjórðungslega skýrslu um afla og aflaverðmæti allra fiskiskipa, að undanskildum togurum. Í skýrslunni skal greina heildarverðmæti afla hvers skips, að frádregnu verðmæti síldar- og rækjuafla, svo og þess afla, sem landað er erlendis úr veiðiskipi. Þá skal í skýrslunni greina, hve mikill hundraðshluti aflaverðmætis hvers skips, þannig reiknaður, er af heildarverðmæti afla allra skipanna, reiknað á sama hátt.

12. gr. hljóðar svo:
Innstæða hjá Stofnfjársjóði og réttur til fjár úr honum fylgir skipi við frjálsa sölu og sölu á nauðungaruppboði.
Ef skip ferst eða verður dæmt ónýtt, skal innistæða hjá Stofnfjársjóði falla til skipseiganda.

Nd. 569. Frumvarp til laga [189. mál]

um kaup ríkissjóðs á hlutabréfum Áburðarverksmiðjunnar h/f, sem eru í einkaeign.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs hlutabréf, sem eru í einkaeign í Áburðarverksmiðjunni h/f, á allt að fimmföldu nafnverði hlutabréfanna. Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán í þessu skyni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hvað eftir annað hafa komið fram á Alþingi raddir um, að breyta þurfi lögum um Áburðarverksmiðju ríkisins h/f, og mörg frv. flutt um það efni. Á þessu þingi hafa tvö frv. verið flutt, annað af Alþýðubandalagsmönnum, hitt af framsóknarmönnum.

Veturinn 1965—66 höfðu landbúnaðarnefndir þingsins í höndum frv., er landbúnaðarráðherra hafði látið semja og sendi þeim til athugunar.

Við umræðu í Nd. Alþingis fyrir nokkru óskaði landbúnaðarráðherra eftir, að landbúnaðarnefnd deildarinnar tæki málið til vandlegrar athugunar, svo fljótt sem við yrði komið, og freistaði þess að ná samstöðu í nefndinni um flutning frv., er gengi í þá átt að gera verksmiðjuna að hreinni ríkisverksmiðju.

Þær viðræður hafa leitt til þess, að meiri hluti landbúnaðarnefndar flytur frv. þetta um heimild til handa ríkisstj. að kaupa hlutabréf þau, sem eru í einkaeign í Áburðarverksmiðjunni h/f, við allt að fimmföldu nafnverði.

Nd. 570. Nefndarálit [107. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp þetta hefur lítillega verið rætt af sjávarútvegsnefnd Nd., en ekki fengizt afgreitt endanlega. Minni hl. álítur, að rétt sé að afgreiða frv. á þessu þingi og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 9. apríl 1968.

Björn Pálsson, frsm.	Pétur Sigurðsson, með fyrirvara.	Guðl. Gíslason, með fyrirvara.

Ed. 571. Frumvarp til laga [170. mál]

um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 417 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:
Verkefni saltfisk- og skreiðardeildar eru eftirfarandi:
1. Eftirlit með þrifum saltfisk- og skreiðarhúsa.
2. Eftirlit með framleiðslu, meðferð, geymslu og útflutningi saltfisks, saltaðra fiskafurða og skreiðar.
3. Gæðamat og stærðarflokkun á saltfiski og skreið til útflutnings.
4. Veiting leiðbeininga um verkun á saltfiski og skreið, þegar þörf gerist eða þess er óskað.

8. gr. hljóðar svo:
Sjávarútvegsmálaráðherra skipar fiskmatsstjóra og deildarstjóra að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar þeirrar, sem um getur í 17. gr.
Fiskmatsstjóri ræður yfirfiskmatsmenn að fenginni umsögn ráðgjafarnefndarinnar.
Við skipun deildarstjóra og ráðningu annarra starfsmanna við Fiskmat ríkisins skal enn fremur leitað álits væntanlegs yfirmanns starfsmanns þess, sem hlut á að máli.

9. gr. hljóðar svo:
Fiskmatsstjóri hefur á hendi stjórn Fiskmats ríkisins og yfirumsjón með öllu eftirliti og mati á fiski og fiskafurðum í landinu.
Deildarstjórar skulu vera tveir. Þeir veita forstöðu hvor sinni deild í Fiskmati ríkisins, sbr. 4. grein, og stjórna eftirliti og fiskmati, sem undir deildina fellur. Þeir hafa eftirlit með störfum yfirfiskmatsmanna.
Yfirfiskmatsmenn eru fulltrúar fiskmatsstjóra og deildarstjóra í einstökum landshlutum og hafa umsjón með öllu eftirliti og mati í umdæmi sínu. Þeir skulu vera svo margir sem þörf krefur og heimilað er í fjárlögum. Heimilt er, að yfirfiskmatsmaður annist fiskmat og eftirlit fyrir tvær deildir eða fleiri.

10. gr. hljóðar svo:

Fiskmatsmenn, er starfa á vegum Fiskmats ríkisins, skulu framkvæma, undir umsjón yfirfiskmatsmanna, eftirlit það og mat, sem lög þessi gera ráð fyrir.

Lögreglustjóri löggildir fiskmatsmenn, samkvæmt tilnefningu fiskmatsstjóra, og sér um, að þeir riti undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra.

Nánar skal kveðið á um ráðningu fiskmatsmanna, starfssvið þeirra og annað í reglugerð, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

Kaup saltfisk- og skreiðarmatsmanna fyrir störf þeirra og annan kostnað af störfum þeirra við fiskmatið greiði eigendur fisksins þeim, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð um störf fiskmatsmanna. Fiskmatsmenn, sem starfa við ferskfiskeftirlit, skulu vera ráðnir starfsmenn, og verða laun þeirra greidd samkvæmt samningi, sem við þá verður gerður.

11. gr. hljóðar svo:

Fiskmatsstjóri og deildarstjórar hafa skyldur og njóta réttinda sem opinberir starfsmenn. Um laun þeirra fer eftir ákvæðum kjarasamninga ríkisstarfsmanna. Þeim er óheimilt að stunda nokkurn atvinnurekstur, sem lýtur að fiskverkun eða fiskverzlun, og að taka við nokkurri þóknun frá eigendum fisks, fiskafurða og fiskvinnslustöðva, annarri en borgun þeirri, sem ákveðin er í lögum eða erindisbréfi þeirra.

13. gr. hljóðar svo:

Hver sá, sem ætlar að flytja úr landi fisk eða fiskafurðir, sem lög þessi taka til, skal tilkynna það hlutaðeigandi deildarstjóra eða yfirfiskmatsmanni með hæfilegum fyrirvara, enda fari hleðsla vörunnar í skip eða annað flutningatæki fram undir umsjón starfsmanna Fiskmats ríkisins.

Þeir, sem flytja út farma af fiski, skulu skyldir til að hafa hleðslustjóra með skipunum, ef þau taka farm í fleiri höfnum en einni.

16. gr. hljóðar svo:

Nú er fersksíld, saltsíld, lýsi, niðursuðuvörur, fiskmjöl eða aðrar sjávarafurðir, sem eigi eru beinlínis háðar eftirliti eða mati Fiskmats ríkisins, seldar samkvæmt sýnishornum, eða afla þarf um afurðir þessar opinbers gæðavottorðs, er byggt sé á rannsókn sýnishorna, og skal þá fiskmatsstjóri fela fiskmatsmanni að framkvæma sýnishornatöku samkvæmt fyrirmælum rannsóknaraðila.

17. gr. hljóðar svo:

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar 5 manna ráðgjafarnefnd við Fiskmat ríkisins. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa og varafulltrúa í nefndina til fjögurra ára í senn:

Landssamband íslenzkra útvegsmanna, einn mann, Sjómannasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands, sameiginlega einn mann, Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda og Samlag skreiðarframleiðenda, sameiginlega einn mann, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Samband íslenzkra samvinnufélaga, sameiginlega einn mann.

Forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins á sæti í nefndinni, og er hann jafnframt formaður hennar.

Varamaður forstjóra Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins skal tilnefndur af þeirri stofnun, og er hann jafnframt varaformaður nefndarinnar.

Nefndin fylgist með rekstri Fiskmats ríkisins og er tengiliður milli þess annars vegar og sjávarútvegsins hins vegar. Nefndin skal vera ráðgefandi um framkvæmd laga þessara.

Ráðherra ákveður laun nefndarmanna.

Nd. 572. Nefndarálit [18. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Til þess að tryggja það, að samræmis gæti um afgreiðslu frv. milli deilda, var tveimur þingmönnum úr allsherjarnefnd hvorrar þingdeildar ásamt skrifstofustjóra Alþingis falið að athuga frv. og umsóknir, er því fylgdu, og umsóknir um ríkisborgararétt, sem síðar bárust nefndinni.

Eftir að allsherjarnefnd efri deildar afgreiddi frv., bárust tvær umsóknir um ríkisborgararétt. Ein umsókn, sem ekki fylgdu tilskilin gögn, þegar allsherjarnefnd efri deildar hafði málið til afgreiðslu, var send allsherjarnefnd Nd. Þessir þrír umsækjendur fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir veitingu ríkisborgararéttar.

Nefndin hefur athugað frv. og er sammála um að leggja til, að það verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. apríl 1968.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Pétur Sigurðsson.
Jónas Pétursson.	Jón Kjartansson.	Gísli Guðmundsson.
	Steingrímur Pálsson.	

Nd. 573. Breytingartillögur [18. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Hansen, Ansa Sussanna, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 25. ágúst 1936.
2. Thomsen, Sigurfinnur, barn á Kraunastöðum í Aðaldal, f. á Íslandi 22. febrúar 1961.
3. Thomsen, Svanhild Daniella, húsmóðir á Kraunastöðum í Aðaldal, f. í Færeyjum 29. maí 1943.

Nd. 574. Nefndarálit [62. mál]

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 22 24. apríl 1965.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundi sínum í dag, kynnt sér meðferð málsins í Ed., en þar var málið flutt af landbúnaðarnefnd, og umsagnir frá búnaðarsamtökum. Við meðferð málsins í Ed. voru gerðar breytingar á frv. í samræmi við umsögn og tillögur búnaðarþings.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. — Pálmi Jónsson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. apríl 1968.

Jónas Pétursson, form., frsm.	Stefán Valgeirsson, með fyrirvara.	Hannibal Valdimarsson.
Eyjólfur Konráð Jónsson.	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Benedikt Gröndal.

Nd. 575. Breytingartillögur [127. mál]

við frv. til l. um áskorunarmál, viðauka við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „skulu“ í upphafi greinarinnar komi: mega.
2. Við 4. gr. Síðari málsl. orðist svo:
   Auk stefnu skal stefnandi sýna dómara skjal það, eða ljósrit þess, er hann reisir á dómkröfur sínar.
3. Við 5. gr. Í stað orðsins „skuli“ í upphafi greinarinnar komi: megi.
4. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Nú verður útivist af hálfu stefnda, án þess að haldið sé uppi vörnum og ritar dómari þá eða stimplar, samkvæmt kröfu stefnanda, á frumrit stefnunnar, að dómkröfurnar, svo og upphæð málskostnaðar eftir ákvörðun dómara, séu aðfararhæfar að liðnum sjö sólarhringum frá birtingu, enda sé málatilbúningi stefnunnar í engu áfátt.
5. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
   Að öðru leyti en nú hefur verið rakið skulu mál samkvæmt þessum lögum fara eftir gildandi reglum réttarfarslaga.

Nd. 576. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um áskorunarmál, viðauka við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar á fundum sínum.

Stjórn Lögmannafélags Íslands óskaði þess að ræða við nefndina um þetta frv., og gerði hún athugasemdir við frv. og sendi nefndinni síðar skriflegar aths. við það.

Nefndin ræddi fram komnar athugasemdir Lögmannafélagsins við ráðuneytisstjóra dómsmálaráðuneytisins, yfirborgardómara og fulltrúa hans.

Að athugunum þessum loknum varð nefndin sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. apríl 1968.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Jónas Pétursson.
Gísli Guðmundsson.	Jón Kjartansson.	Pétur Sigurðsson.
	Steingrímur Pálsson.	

Nd. 577. Nefndarálit [85. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur haft málið til meðferðar og leitað álits bankastjóra Búnaðarbankans, sem mæla með samþykkt frv. Bréf þeirra er prentað hér með sem fylgiskjal.

Útihús í sveitum eru orðin dýr mannvirki og vönduð, og oft hagar svo til, að framkvæmdum verður ekki lokið á einu ári. Getur þá verið til mikils hagræðis, að Stofnlánadeildin hafi heimild til að lána í áföngum, líkt og nú er gert varðandi íbúðabyggingar, byggingar fiskiskipa o. s. frv.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna, BJ, var fjarverandi, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 9. apríl 1968.

Jónas Pétursson, form.	Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm.	Stefán Valgeirsson.
Benedikt Gröndal.	Eyjólfur Konráð Jónsson.	Hannibal Valdimarsson.

Fylgiskjal.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 9. apríl 1968.

Stjórn Búnaðarbanka Íslands hefur móttekið bréf landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis, dags. 1. þ. m., þar sem beiðzt er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, flutt af Stefáni Valgeirssyni, alþingismanni, o. fl.

Stjórn bankans telur breytingu þessa á lögum Stofnlánadeildar landbúnaðarins æskilega og mælir með því, að breyting þessi nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Búnaðarbanki Íslands.

Stefán Hilmarsson. Þórh. Tryggvason.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Nd. 578. Breytingartillaga [82. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Eftir 4. gr. komi ný grein, sem orðist svo:

2. mgr. 33. gr. laganna orðist svo:

Bætur almannatrygginga skulu undanþegnar útsvarsálagningu, og heimilt er að lækka útsvör gjaldenda, sem orðnir eru 65 ára.

Nd. 579. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [149. mál]

í málinu: Frv. til l. um breytingu á mörkum Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps í Suður-Múlasýslu og um heimild fyrir ríkisstj. til að selja ríkisjörðina Hólma.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Þar eð sameining sveitarfélaga er nú mjög á dagskrá — umræður um sameiningu umræddra sveitarfélaga eru hafnar, en ekki reyndar til þrautar — og þar eð

sameining Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps mundi leysa hið viðkvæma vandamál, sem frumvarpið fjallar um, ályktar deildin að fresta afgreiðslu frumvarpsins, meðan gengið er úr skugga um, hvort sameining sveitarfélaganna megi takast, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 580. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til laga um þóknun fyrir innheimtu opinberra gjalda.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál og sent það til umsagnar Sambandi íslenzkra sveitarfélaga. Bréf sambandsins er prentað með nefndarálitinu sem fskj.

Fjárhagsnefnd bárust enn fremur bréf frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Félagi íslenzkra iðnrekenda. Bæði félögin mæla með samþykkt frumvarpsins og benda á „þá miklu fyrirhöfn, kostnað og ábyrgð, sem lögð er á herðar vinnuveitendum með innheimtu opinberra gjalda, og vekur í því sambandi athygli á nýföllnum dómum um greiðsluábyrgð atvinnurekenda á sköttum starfsfólks“, eins og segir í bréfi Félags íslenzkra iðnrekenda.

Stjórn Sambands íslenzkra sveitarfélaga telur eðlilegt, að atvinnurekendum verði greidd nokkur þóknun fyrir innheimtu opinberra gjalda, en telur málið ekki nægilega vel undirbúið. Jafnframt er vakin athygli á því, að unnið er að endurskoðun tekjustofnalaga og undirbúningi að breyttu greiðslukerfi opinberra gjalda.

Í trausti þess, að við þá endurskoðun verði einnig það atriði, er þetta frv. fjallar um, tekið til athugunar, leggur nefndin til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 9. apríl 1968.

Matthías Á. Mathiesen, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm.
Jón Kjartansson.	Lúðvík Jósefsson.	Guðl. Gíslason.
	Gunnar Gíslason.	

Fylgiskjal.

SAMBAND ÍSLENZKRA SVEITARFÉLAGA

Reykjavík, 3. nóvember 1967.

Með bréfi, dags. 26. f. m., sendi háttvirt þingnefnd frv. til laga um þóknun fyrir innheimtu opinberra gjalda til sambandsins og beiddist umsagnar þess um frumvarpið.

Stjórn sambandsins hefur fjallað um mál þetta.

Stjórnin telur það í sjálfu sér ekki óeðlilegt, að atvinnurekendum verði greidd einhver þóknun fyrir innheimtu opinberra gjalda hjá starfsfólki sínu. Hins vegar telur stjórnin, að mál þetta þyrfti meiri athugunar við og undirbúnings og að ákvæði frumvarpsins þyrftu að vera fyllri, t. d. um það, hver hundraðshluti þóknunar ætti að vera (3% er há þóknun), hver nánari skilyrði til greiðslu þóknunar ættu að vera, s. s. að innheimtufé sé skilað innan lögmælts frests, hvort opinberum aðilum ætti að greiða þóknun o. fl.

Auk þessa má vekja athygli á því, að fyrir dyrum stendur heildarendurskoðun tekjustofnalaga í sambandi við væntanlega upptöku staðgreiðslukerfis opinberra gjalda.

Með hliðsjón af framanrituðu telur stjórn Sambands íslenzkra sveitarfélaga samþykkt téðs frumvarps eða breytingar í þá átt, sem frv. gerir ráð fyrir, ekki tímabærar.

Þetta tilkynnist háttvirtri þingnefnd hér með.

Virðingarfyllst,
Magnús E. Guðjónsson,
framkvæmdastjóri.

Fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis, Alþingi,
Reykjavík.

Ed. 581. Lög [61. mál]

um Fiskimálaráð.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 75.

Ed. 582. Lög [164. mál]

um breyting á lögum nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 376.

Ed. 583. Lög [153. mál]

um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 485 (sbr. 343).

Nd. 584. Frumvarp til laga [82. mál]

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 9. apríl.)

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Aðstöðugjald skal miða við rekstrarútgjöld næstliðið almanaksár samkvæmt ákvæðum skattalaga, þar með taldar fyrningar, vöru- og efnisnotkun.

Aldrei skal reikna aðstöðugjald af hærri upphæð en sem nemi brúttótekjum.

Hafi gjaldandi með höndum fjölþættan atvinnurekstur, sem tekur til fleiri en einnar atvinnugreinar, og verðmæti á tilgreindu verði eru flutt milli atvinnugreina, þá skal telja verðmæti, sem þannig er flutt, til brúttótekna hjá þeim þætti atvinnurekstrarins, er af hendi lætur, en til aðstöðugjaldskyldra rekstrarútgjalda hjá þeim þætti, sem á móti tekur.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um álagningu gjaldsins.

2. gr.

15. gr. d. orðist svo:

Að greiða aukaframlag til þeirra sveitarfélaga, sem fá ekki nægileg útsvör álögð samkvæmt 34. gr. Þó er heimilt að greiða aukaframlag til sveitarfélags, þar sem fólksfækkun hefur átt sér stað eða tekjur gjaldenda rýrnað, ef útsvör í sveitarfélaginu eru a. m. k. 15% yfir meðalútsvarsstiga á öllu landinu árið á undan. Meðalútsvarsstigi hvers árs er summan af margfeldi hundraðstölu útsvarsstigans og íbúafjöldans í hverju sveitarfélagi deild með íbúatölu landsmanna 1. desember næsta ár á undan.

3. gr.

Síðasta málsgrein 31. gr. orðist svo:

Útsvör s. l. árs skulu einnig dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd að fullu fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun. Hafi gjalddagar samkvæmt a-lið 47. gr. verið ákveðnir, er sveitarstjórn heimilt að láta reglu þessa gilda því aðeins, að jafnframt hafi verið gerð full skil á fyrirframgreiðslu eigi síðar en 31. júlí álagningarárið. Hafi gjaldandi eigi greitt þá upphæð hinn 31. júlí, en gerir síðan full skil á öllu útsvarinu fyrir áramót, skal helmingur útsvarsins dreginn frá hreinum tekjum. Sé innheimta gjalda til ríkis og sveitarfélaga sameiginleg samkvæmt ákvæðum laga nr. 68 27. apríl 1962, um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda, er það enn fremur skilyrði, að öll gjaldfallin opinber gjöld, sem hin sameiginlega innheimta tekur til, séu að fullu greidd fyrir ofangreind tímamörk. Neyti sveitarstjórn heimildar samkvæmt 2. málslið þessarar málsgr., skal hún gera um það sérstaka samþykkt fyrir 15. jan. ár hvert og auglýsa hana á þann hátt, sem venjulegt er um almennar auglýsingar á hverjum stað.

4. gr.

B-liður 32. gr. orðist svo:

Af hreinum eignum skal greiða eignaútsvar, lagt á eftir sömu reglum og gilda um álagningu eignarskatts, samkvæmt 26. gr. laga nr. 90 7. okt. 1965.

5. gr.

e-liður ákvæða til bráðabirgða orðist svo:

Á árunum 1968 og 1969 er heimilt að víkja frá ákvæðum skattalaga um frádrátt, samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt 11. gr. B, 2. mgr., 12. gr. D og 17. gr. 2. mgr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara og aðstöðugjalda og greiðslu aukaframlaga á árinu 1968. Þó skulu ákvæði 3. gr. um frádrátt á greiddu útsvari, að því er tekur til fyrirframgreiðslu, eigi koma til framkvæmda fyrr en á árinu 1969. Jafnframt fellur úr gildi 2. málsliður 1. mgr. 31. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. lög nr. 67 21. maí 1965, um breyting á þeim lögum, sjá 2. málslið 2. gr. þeirra laga.

Ákvæði til bráðabirgða.

Að því er varðar álagningu útsvara árið 1969 er nægilegt, að sveitarstjórnir hafi tekið um það ákvörðun fyrir 15. maí 1968, hvort þær muni neyta heimildar skv. 2. ml. 3. gr. laga þessara.

Nd. **585. Breytingartillaga** [82. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

Við 5. gr. bætist: nema um útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki sé að ræða.

Nd. **586. Breytingartillaga** [82. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein þannig:
a-liður 10. gr. laganna orðist svo:
Allt að ½% af rekstri fiskiskipa og flugvéla og af verzlun með tilbúinn áburð. Áburðarverksmiðjan er þó undanþegin aðstöðugjaldi.

Ed. **587. Lög** [179. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 545.

Sþ. **588. Fjáraukalög** [141. mál]

fyrir árið 1966.

(Afgreidd frá Sþ. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 531.

Nd. **589. Nefndarálit** [14. mál]

um frv. til laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta, sem komið er frá Ed., hefur verið rætt í nefndinni á nokkrum fundum og athugaðar þær umsagnir, sem bárust til sjútvn. Ed., áður en málið var afgreitt þaðan.

Veigamiklar mótbárur voru bornar fram gegn frv. frá Skipstjórafélagi Íslands og Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Vísi á Suðurnesjum, en Farmanna- og fiskimannasamband Íslands mælti með samþykkt frv. án breytinga.

Síðan hafa enn borizt mótmæli gegn frv., svo sem frá aðalfundi Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, frá Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Ægi, Slysavarnafélagi Íslands og frá sjö siglingafræðikennurum við Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Munnleg mótmæli voru borin fram af stjórnarmönnum úr Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Bylgjunni á Ísafirði. Þá var rætt við forstöðumann lögskráningarskrifstofunnar í Reykjavík.

Í mótmælum þessum virðist höfuðáherzlan vera lögð á, að um mikla afturför sé að ræða, vegna þess að skv. frv. þarf ekki að hafa stýrimann á landróðrarbátum undir 60 rúmlestum að stærð í stað 30 rúmlesta skv. gildandi lögum, enn fremur, að varasamt sé að stytta siglingatímann (undirbúningstímann), sem þarf til þess að öðlast réttindi bæði sem skipstjóri og stýrimaður, svo og að ná þessum siglingatíma frá lægra aldri en áður hefur gilt, eða 15 ára skv. frv. í stað 16 ára skv. gildandi lögum.

Sjávarútvegsnefnd Ed. var sammála um, að óvarlegt væri að stytta siglingatímann, sem þarf til þess að öðlast tiltekin réttindi, jafnframt því sem aldurstakmarkið, sem hann er talinn frá, er lækkað. Fór hún þá millileið að halda siglingatímanum óbreyttum, en féllst á nýmælið að telja hann frá 15 ára aldri.

Ekki er annað að sjá en að aðilar þeir, sem mótmælt hafa þessum atriðum, hafi ekki vitað um þær breytingar, sem gerðar voru á lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík vorið 1966 og þetta frv. er beint framhald af. Með breytingunum var námið stórlega lengt. Lengri skólanámstími hefur fyrst og fremst verið notaður til að auka þekkingu nemenda á helztu raf- og radíótækjum, sem notuð eru í skipum við fiskveiðar og siglingar. Ekkert hefur verið dregið úr kennslu í sjómennsku, en hún frekar aukin.

Með hliðsjón af þessu telur sjávarútvegsnefnd Nd., að eðlilegt verði að teljast, að siglingatíminn sé styttur.

Nefndin er sammála því, að aldurstakmark það, sem siglingatíminn er talinn frá, sé lækkað, en leggur jafnframt til, að aldurstakmark þeirra, er stýrimannsskírteini fá, sé hækkað um eitt ár.

Þá telur nefndin nauðsynlegt, að sett séu ákvæði um siglingatíma stýrimanna á verzlunarskipi í utanlandssiglingum, áður en þeir geta fengið skipstjóraskírteini á verzlunarskipi.

Enn fremur leggur nefndin til, að gildistími atvinnuskírteinis þeirra, sem lokið hafa farmannaprófi 2. stigs, verði lengdur úr 6 mánuðum í 18 mánuði.

Meiri hl. sjávarútvegsnefndar Ed. lagði til, að ákvæðum 21. gr. um undanþágu landróðrarbáta allt að 60 rúmlestir frá því að hafa stýrimann yrði breytt í 30 rúmlestir. Þessi tillaga var felld í Ed.

Meiri hl. sjávarútvegsnefndar Nd. telur ekki rétt að slaka á ákvæðum gildandi laga í þessu efni, vegna öryggis skips og áhafnar, þótt um tímabundinn skort stýrimanna á báta af þessari stærð hafi verið að ræða. Leggur nefndin því til, að þessu ákvæði í frv. verði breytt. Einn nefndarmanna, SvJ, er andvígur þessu og skrifar því undir með fyrirvara. Aðrar breytingar eru smávægilegar. JSk áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartill., sem fram kunna að koma.

Breytingartillögur nefndarinnar eru fluttar á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. apríl 1968.

Birgir Finnsson, form.	Sverrir Júlíusson, fundaskr., með fyrirvara.	Pétur Sigurðsson, frsm.
Lúðvík Jósefsson.	Björn Pálsson, með fyrirvara.	Jón Skaftason, með fyrirvara.
	Guðl. Gíslason.	

Nd. 590. Breytingartillögur [14. mál]

við frv. til laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 2. gr., b-lið. Í stað „2.85 teningsmetrar“ komi 2.83 teningsmetrar.
2. Við 3. gr. Í stað „eða veiðarfæra“ í síðustu málsgr. komi: eða við veiðarfæri.
3. Við 4. gr.
   a. Við a-lið. Í stað „þekki áttavita“ komi: þekki á áttavita.
   b. Í stað „Gegn slíku vottorði gefur“ í síðustu málsgr. komi: Gegn slíku vottorði og vottorði um sundkunnáttu gefur.
4. Við 8. gr., c-lið. Í stað „18 ára“ komi: 19 ára.
5. Við 10. gr., b-lið, 2. málslið. Í stað „12 mánuði“ í upphafi málsliðarins komi: 6 mánuði.
6. Við 12. gr.
   a. Við b-lið, 1. málslið. Í stað „36 mánuði“, „18 mánuði“ komi: 30 mánuði, 12 mánuði.
   b. Við c-lið. Í stað „19 ára“ komi: 20 ára.
7. Við 14 gr. Inn komi nýr liður, sem verði c-liður, og breytast aðrir liðir í samræmi við það. Nýr c-liður orðist svo: hefur af siglingatíma þeim, sem um getur í b-lið, verið að minnsta kosti 6 mánuði stýrimaður á verzlunarskipi í utanlandssiglingum.
8. Við 16. gr.
   a. Við b-lið, 1. málslið. Í stað „48 mánuði“ komi: 36 mánuði.
   b. Við b-lið, 2. málslið. Í stað „24 mánuði“ á tveim stöðum komi: 18 mánuði.
9. Við 18. gr. Í stað „sex mánuði“ í síðari málsgrein komi: 18 mánuði.
10. Við 21. gr., síðustu málsgrein. Í stað „undir 60 rúmlestum“ komi: undir 30 rúmlestum.

Nd. 591. Nefndarálit [22. mál]

um frv. til laga um sérstakar ráðstafanir til að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og koma í veg fyrir eyðingu lífvænlegra byggðarlaga.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið ásátt um afgreiðslu frv. Minni hl. mælir með samþykkt frv., en meiri hl. leggur til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þann 29. apríl 1966 voru samþykkt á Alþingi lög um Atvinnujöfnunarsjóð. Þar sem tilgangur þeirrar löggjafar er að meginstefnu til hinn sami og frv., þ. e. að stuðla að eflingu landsbyggðar og koma í veg fyrir eyðingu lífvænlegra bryggðarlaga, telur deildin ekki ástæðu til að samþykkja frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 10. apríl 1968.

Matthías Á. Mathiesen, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Gunnar Gíslason, frsm.

Guðl. Gíslason.

Ed. 592. Nefndarálit [110. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Einn nefndarmanna, Jón Þorsteinsson, var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 10. apríl 1968.

Steinþór Gestsson, form., frsm. Jónas G. Rafnar. Karl Guðjónsson.
Páll Þorsteinsson. Ásgeir Bjarnason. Jón Árnason.

Sþ. 593. Þingsályktun [24. mál]

um listsýningar og listasöfn utan Reykjavíkur.

(Afgreidd frá Sþ. 10. apríl.)

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðuneytinu í samráði við Listasafn Íslands og samtök myndlistarmanna að gera tillögur um, hvernig bezt megi stuðla að auknum myndlistarsýningum úti um land og stofnun og starfrækslu listasafna.

Ed. 594. Lög [82. mál]

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Ed. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 584.

Nd. 595. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1968.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en eigi orðið sammála um afgreiðslu þess. Mælir undirritaður meiri hl. með því, að það verði samþ. óbreytt, en aðrir nm. munu skila séráliti.

Alþingi, 16. apríl 1968.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Gunnar Gíslason.
Guðl. Gíslason.

Nd. 596. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til laga um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl. nefndarinnar vill samþ. það óbreytt. En á það getur undirritaður ekki fallizt.

Meginefni frumvarpsins er að afnema lagaskyldu ríkisins til að byggja íbúðarhúsnæði fyrir ákveðnar starfsstéttir í þjónustu ríkisins, en leggja í hendur ráðherra að ákveða, hvenær slíkt skuli gert.

Minni hlutinn telur, að hér sé of langt gengið. Ákvæði laga um skyldur ríkisins til að byggja íbúðarhúsnæði þurfa að vísu endurskoðunar við vegna breyttra þjóðfélagshátta. En á meðan það ástand varir, sem einkennandi hefur verið hin síðari ár, að stórkostlegir erfiðleikar eru á því að fá embættismenn til starfa í fjölmörgum byggðarlögum utan Reykjavíkur, næsta nágrennis hennar og e. t. v. á Akureyri, þá telur minni hlutinn ekki tímabært að fá einstökum ráðherrum í hendur ákvörðunarvald í þessum málum.

Í athugasemdum við frv. þetta kemur fram, að ríkisstjórnin hefur falið nokkrum embættismönnum í stjórnarráðinu að athuga þetta mál og semja frumvarpið.

Undirritaður lítur svo á, að undirbúningur málsins sé ónógur, og leggur til, að frv. verði vísað frá með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem miklir og vaxandi erfiðleikar eru á því að fá menn til að gegna embættisstörfum víða um land og mál þetta virðist hafa fengið fremur einhliða undirbúning, þá telur deildin ekki tímabært að afnema með öllu lagaskyldu ríkisins til að byggja íbúðarhúsnæði fyrir ákveðnar starfsstéttir í þjónustu ríkisins, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. apríl 1968.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Ed. 597. Frumvarp til laga [190. mál]

um Framleiðslusjóð landbúnaðarins.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Framleiðslusjóður landbúnaðarins. Sjóðurinn skal vera í vörzlu Búnaðarbanka Íslands.

2. gr.

Hlutverk Framleiðslusjóðs landbúnaðarins er að veita framleiðendum landbúnaðarafurða fjárhagslegan stuðning í formi lána eða framlaga til lækkunar á framleiðslukostnaði eða til annarra aðgerða, er stuðli að því, að bændur fái notið hliðstæðra kjara og aðrar vinnandi stéttir.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag úr ríkissjóði á árinu 1968, 60 milljónir króna.

Ríkisstjórninni fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka þetta fé að láni.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna sjóðsstjórn eftir tilnefningu framleiðsluráðs landbúnaðarins.

5. gr.

Um framkvæmd laga þessara, þar á meðal verksvið stjórnarinnar, fjárframlög úr sjóðnum og lánveitingar, skal kveða nánar á í reglugerð, er landbúnaðarráðherra setur eftir tillögum framleiðsluráðs landbúnaðarins.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessa frv. líta svo á, að fjárhagserfiðleikar bændastéttarinnar séu nú slíkir, að ábyrgðarhluti sé fyrir Alþingi að ljúka fundum án þess að taka þau mál til meðferðar.

Flutningsmenn vekja sérstaka athygli á því, að verkefni þau, er fyrir Alþingi liggja, og mat meiri hluta alþingismanna á mikilvægi þeirra hljóta, ef allt er með felldu, að ráða lengd þingtímans hverju sinni.

Árið 1966 lækkuðu tekjur bænda verulega. En tekjur allra annarra starfshópa jukust mikið, og verðlag fór ört hækkandi.

Árferði var óhagstætt landbúnaði 1967, og var augljóst, þegar leið á árið, að hagur bænda færi enn versnandi með stórauknum tilkostnaði.

Búvöruverð var ákveðið með úrskurði 1. desember og hækkaði um 0.23%. Gengislækkun reið yfir um þær mundir.

Bændasamtökin höfðu s. l. haust forgöngu um útvegun nokkurs lánsfjár til fóðurbætiskaupa í kalsveitum, og búvöruverð hækkaði um 3% frá áramótum vegna hækkana á rekstrarvörum. En hvort tveggja hrökk skammt til að mæta vetrarhörkum og verðlagshækkunum.

Forustumenn bænda áttu marga viðræðufundi með landbúnaðarráðherra, einkum síðari hluta árs, og leituðu stuðnings ríkisvaldsins í einu eða öðru formi.

Á aukafundi Stéttarsambands bænda, 7. og 8. febr. s. l., voru fjárhagsmál landbúnaðarins rædd. Nefnd fimm fundarmanna ásamt stjórn Stéttarsambandsins gekk á fund forsætisráðherra og landbúnaðarráðherra, skýrði ástand og horfur og lagði fram sem viðræðugrundvöll ályktun aukafundarins, svo hljóðandi:

„Vegna þess ástands í landbúnaðinum, sem skapazt hefur vegna nýafstaðinnar dómsniðurstöðu yfirnefndar í verðlagsmálum og aukinnar dýrtíðar af völdum gengisfellinga, ákveður aukafundur Stéttarsambands bænda í febrúar 1968 að kjósa 5 menn til þess, ásamt stjórn Stéttarsambandsins, að ganga á fund ríkisstjórnar Íslands og bera fram m. a. eftirfarandi:

1. Að bændum verði tryggt grundvallarverð á framleiðslu yfirstandandi verðlagsárs og á þær birgðir framleiðsluvara, sem til voru við upphaf þess.
2. Að rekstrarlán til landbúnaðarins verði stóraukin.
3. Að lausaskuldum bænda verði breytt í föst lán með hóflegum vöxtum.
4. Að gefinn verði frestur á afborgun stofnlána í Búnaðarbanka Íslands.
5. Að tilbúinn áburður verði greiddur niður á komandi vori, svo hann hækki ekki í verði frá því, sem var á fyrra ári.
6. Að felld verði brott gengistrygging á stofnlánum vinnslustöðva og ræktunarsambanda.
7. Að tollar af landbúnaðarvélum og varahlutum til þeirra verði lækkaðir eða felldir niður með öllu.
8. Að ríkisstjórnin verðbæti ull og gærur af framleiðslu verðlagsársins 1966—1967.
9. Að sett verði nú þegar reglugerð samkvæmt ákvæðum 45. gr. framleiðsluráðslaganna, sem kveði nánar á um framkvæmd II. kafla laganna.“

Forsætisráðherra kvað ríkisstjórnina mundu íhuga málið vandlega, og lagði til, að stjórn Stéttarsambands bænda héldi áfram viðræðum við landbúnaðarráðherra. Var það gert.

Hinn 20. marz ritaði stjórn Stéttarsambandsins forsætisráðherra:

„Með tilvísun til viðtals stjórnar Stéttarsambands bænda, ásamt þar til kjörinni nefnd, við yður og landbúnaðarráðherra 8. febr. s. l. varðandi vandamál bændastéttarinnar og tillögur aukafundar Stéttarsambands bænda, sem þá stóð yfir, vil ég mælast til að fá svar ríkisstjórnarinnar við því, hvort komið verði á móti bændastéttinni í einhverju þeirra atriða, sem um var rætt.

Sérstaklega vil ég mælast til að fá svör varðandi 1., 5. og 8. lið í tillögum aukafundarins, sem hér með fylgja.

Nauðsynlegt er að gera aðrar ráðstafanir varðandi uppgjör á útflutningsafurðum bænda, þegar útflutningsbætur þrýtur, annaðhvort að stöðva útflutning eða ákveða mikla verðjöfnun milli söluaðila og á þann hátt tryggja, að hægt verði að standa í skilum með afurðalánin í Seðlabanka Íslands, um leið og uppgjör útflutningsins fer fram.

Boðað hefur verið til fundar í framleiðsluráði landbúnaðarins þriðjudaginn 26. þ. m. til að ræða þessi alvarlegu vandamál og taka um þau ákvarðanir. Áríðandi er að fá svar við málaleitan Stéttarsambandsins fyrir þann tíma.

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar Stéttarsambands bænda,

Gunnar Guðbjartsson."

Þessu bréfi svaraði landbúnaðarráðherra 23. marz:

„Sem svar við bréfi, dags. 20. þ. m., skal þetta tekið fram:

Um þau atriði er greinir í 1., 5. og 8. tölulið í tillögum aukafundar Stéttarsambandsins, skal tekið fram, að ríkissjóður hefur ekki fé aflögu til þess að verða við þessum óskum Stéttarsambandsins.

Að því er varðar tillöguna í 2. tölulið er þess að geta, að samkvæmt útreikningum Hagstofunnar er mjög óhagstætt fyrir ríkissjóð að greiða niður áburðarverð. Hins vegar er í athugun, hvort unnt sé að auka rekstrarlán til bænda til að auðvelda þeim kaup á áburði á næsta vori.

Landbúnaðarráðuneytið, 23. marz 1968.

Ingólfur Jónsson."

Þegar ríkisstjórnin hafði þannig synjað síðustu málaleitan Stéttarsambandsins, án þess að hreyfa nýjum hugmyndum til lausnar vandanum að einhverju leyti, þá ritaði stjórn Stéttarsambands bænda þingflokkunum fjórum ýtarlegt bréf, dags. 29. marz, og fór fram á það, að þeir tækju mál þessi til meðferðar. Bréfið er svo hljóðandi:

„Reykjavík, 29. marz 1968.

Stjórn Stéttarsambands bænda hefur ákveðið að snúa sér til allra þingflokka á Alþingi með ósk um aðstoð þeirra til úrlausnar á fjárhagserfiðleikum bændastéttarinnar.

Á aukafundi Stéttarsambands bænda, sem haldinn var í Bændahöllinni dagana 7. og 8. febr. 1968, var rætt um þessa erfiðleika, sem eru til komnir af eftirfarandi ástæðum:

1. Vegna óhagstæðs úrskurðar um verðlag á s. l. hausti miðað við framleiðslukostnað.
2. Vegna stóraukins tilkostnaðar við búrekstur í vetur, sökum harðinda og heyskorts víða um land.

3. Vegna óhagstæðrar markaðsþróunar erlendis að undanförnu, lækkaðs verðs og sölutregðu á ull og gærum, lokunar á saltkjötsmarkaði í Noregi o. fl.
4. Vegna stórhækkaðs framleiðslukostnaðar í kjölfar nýafstaðinnar gengisbreytingar.

Af þessum ástæðum öllum eru þegar miklir fjárhagserfiðleikar hjá mörgum bændum og munu þó fara vaxandi, þegar líður fram á sumarið, og það er augljóst nú þegar, að hætta er á, að allstór hluti bændastéttarinnar geti ekki keypt áburð á komandi vori. Af því kynni að leiða, að sá hluti stéttarinnar mundi flosna upp og flytja til þéttbýlisins og keppa um vinnu og húsnæði þar. Og mundi slík þróun vafalaust auka á vandamál, sem fyrir eru á því sviði.

Fyrirsjáanlegt er, að útflutningsuppbætur þær, sem ríkissjóður greiðir á útfluttar landbúnaðarvörur skv. 12. gr. laga nr. 101 frá 8. des. 1966, duga ekki til, að framleiðendur búvöru fái fullt verðlagsgrundvallarverð á yfirstandandi ári, og vantar verulega mikið á það. Til viðbótar við aðrar og áður greindar ástæður munu bændur verða fyrir verulegu fjárhagstjóni af þessum sökum.

Aukafundur Stéttarsambands bænda í vetur samþykkti tillögur til úrlausnar á fjárhagserfiðleikum bænda og sendast þær hér með, svo og skýrsla Hagstofu Íslands um tekjuskiptingu atvinnustéttanna árið 1966.

Stjórn Stéttarsambandsins óskar þess, að þingflokkarnir taki höndum saman um að finna þá lausn, sem tryggir, að kjör bænda verði ekki að mun lakari en annarra stétta, t. d. **með fjárstuðningi af fé úr ríkissjóði til að létta af bændum halla af birgðum útflutningsvara, sem til voru s. l. haust, og tryggja bændum úrskurðað verðlagsgrundvallarverð á þessu ári, um leið og aðrar tillögur Stéttarsambandsins yrðu teknar til vinsamlegrar yfirvegunar.**

En til að reyna að draga úr óhagkvæmri framleiðslu búvara eftirleiðis verði lögbundnar heimildir til handa framleiðsluráði landbúnaðarins, t. d. um:

1. Að draga úr framleiðslu búvöru í þéttbýli með því t. d. að greiða ekki útflutningsbætur til þeirra framleiðenda. En þeir framleiða nú ca. 7—10% kindakjötsins.
2. Að heimilt verði að skammta kjarnfóður og skattleggja óhóflega notkun þess eða skattleggja allt kjarnfóður og nota fé til verðjöfnunar eða ýmiss konar hagræðingar við búvöruframleiðsluna.

Að sjálfsögðu er stjórn Stéttarsambands bænda reiðubúin að ræða þessi mál við fulltrúa þingflokkanna og taka nýjar hugmyndir um lausn vandans til yfirvegunar. Nauðsynlegt er að fá svör þingflokkanna við erindi þessu sem allra fyrst.

Með tilvísun til aðgerða Alþingis í vetur til stuðnings sjávarútveginum í þrengingum þeim, sem hann á við að etja, svo og yfirlýsingar, sem gefin var við lausn nýafstaðinna verkfalla, um almenna aðstoð við atvinnuvegina, teljum við ekki ósanngjarnt, að komið verði til móts við landbúnaðinn nú til lausnar á erfiðleikum hans.

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar Stéttarsambands bænda,
Gunnar Guðbjartsson.“

Þingflokkur Framsóknarmanna ræddi bréfið á fundi 2. apríl og ákvað að rita hinum flokkunum á þessa leið:

„Stjórn Stéttarsambands bænda hefur með bréfi, dags. 29. marz s. l., snúið sér til þingflokkanna með ósk um sameiginlega aðstoð þeirra til úrlausnar á fjárhagserfiðleikum bændastéttarinnar.

Þingflokkur Framsóknarmanna telur brýna nauðsyn bera til, að þingflokkarnir ræðist við um úrlausnir í þessu vandamáli og kjósi til þess fulltrúa af sinni hálfu. Er það von hans, að aðrir flokkar geti á þá málsmeðferð fallizt, og væntir

svars þeirra hið allra fyrsta, en augljóst er, að málið þolir nálega enga bið, þar sem finna þarf úrræði fyrir þingslit.

Framsóknarflokkurinn hefur tilbúna fulltrúa af sinni hendi til þess að fjalla um málið.“

Alþýðubandalagið tjáði formanni þingflokksins, að það væri reiðubúið til viðræðna. En stjórnarflokkarnir neituðu báðir. Svarbréf þeirra eru svo hljóðandi:

„Reykjavík, 9. apríl 1968.

Sem svar við bréfi yðar, dags. 2. apríl 1968, skal yður tjáð, að í dag hefur stjórn Stéttarsambands bænda verið skrifað bréf það, sem hér með fylgir samrit af.

Bjarni Benediktsson.“

„Reykjavík, 9. apríl 1968.

Bréf stjórnar Stéttarsambands bænda, dags. 29. marz s. l., barst mér í hendur hinn 2. apríl s. l., og var það lagt fyrir næsta fund í þingflokki Sjálfstæðismanna, sem haldinn var hinn 8. apríl s. l. Fundarmenn voru sammála um, að sú málsmeðferð, sem stungið er upp á í bréfi, dags. 29. marz, muni ekki auðvelda lausn þeirra vandamála bænda, sem þar um ræðir, enda er stjórn Stéttarsambands bænda í sambandi við ríkisstjórnina um þau, og ríkisstjórnin mun að sjálfsögðu veita þeim þá afgreiðslu, sem efni standa til og þingfylgi er fyrir.

Bjarni Benediktsson.“

„Reykjavík, 8. apríl 1968.

Þingflokkur Alþýðuflokksins hefur veitt viðtöku bréfi yðar, dags. 2. apríl, varðandi erindi stjórnar Stéttarsambands bænda, dags. 29. marz s. l. Þingflokkur Alþýðuflokksins telur ekki ástæðu til að tilnefna sérstakan fulltrúa til að fjalla um þetta mál, en mun athuga erindi Stéttarsambandsins með venjulegum hætti.

F. h. þingflokks Alþýðuflokksins,

Gylfi Þ. Gíslason.“

Rétt þótti að rekja glögglega í greinargerð aðdraganda þess, að frv. þetta er fram borið. Stjórn Stéttarsambands bænda hefur að undanförnu leitað samninga við ríkisstjórnina um fyrirgreiðslu í einni eða annarri mynd. Á meðan þær umleitanir fóru fram, töldu flm. þessa frv. óeðlilegt, að einstakir þingmenn tækju málið upp í þingdeild á þennan hátt. En eftir að sýnt er, að ríkisstjórnin ætlar ekki að sinna málinu og formenn stjórnarflokkanna hafa hafnað viðræðum milli þingflokka, þá varð ekki hjá því komizt, því að eins og áður er tekið fram, þá þolir þetta mál nær enga bið, að okkar dómi.

Til áréttingar því, er hér hefur verið sagt um alvarlegar horfur í efnahagsmálum landbúnaðarins, verða hér rifjuð upp örfá atriði varðandi þróunina síðustu missiri og minnzt á nokkrar staðreyndir, sem nú liggja fyrir.

Haustið 1965 setti landbúnaðarráðherra lög um verðlagningu landbúnaðarvara. Til þess lágu ástæður, sem hér verða ekki raktar.

Kaupgjaldsliður bóndans og verð á ull og gærum var hvort tveggja ákvarðað í lögunum sjálfum. Við ákvörðun kaupgjalds voru eldri ákvæði og fyrri venjur sniðgengnar bændum til tjóns. Verðákvörðun bráðabirgðalaganna á ull og gærum reyndist óraunhæf og bændum í óhag.

Árið 1966 var verðlag búvöru ákveðið með samningum. Það haust var og samið við ríkisstjórnina um þýðingarmiklar fyrirgreiðslur landbúnaðinum til handa í formi lánsfjárútvegunar og framlaga til sjóða. Meðalhækkun á afurðaverði í grundvelli varð 10.8% þetta haust, en 11.2% árið áður. Þetta nægði þó hvergi nærri til

þess að halda í horfi, hvað þá að bæta hlut bændastéttarinnar, sem samkv. skýrslum Hagstofu Íslands var tekjulægst allra starfsstétta. Bar þar einkum þrennt til:

1. Vegna kólnandi veðurfars minnkar heyfengur af hverri einingu ræktaðs lands, en notkun tilbúins áburðar og fóðurbætis vex margfalt meira en magn afurða. Athuganir sýna, að 1967 er notað 27.5% meira af köfnunarefnisáburði fyrir einingu búfjár en 1962. Og veturinn 1966—67 er kjarnfóðurnotkun á búfjáreiningu rösklega 100% meiri en veturinn 1961—62.

2. Mikið verðfall á erlendum mörkuðum á ull og gærum og mikill samdráttur og allt að því lokun á bezta kjötmarkaði Íslendinga, þ. e. í Noregi.

3. Ör og látlaus verðbólguþróun innanlands, sem gert hefur allan útflutning búvara óhagstæðari með ári hverju.

Haustið 1967 náðist ekki samkomulag um verðlagsgrundvöll landbúnaðarins. Úrskurður féll í yfirnefnd 1. desember um 0.23% meðalhækkun afurðaverðs.

Um þessar mundir var gengi íslenzkrar krónu lækkað, og erlendur gjaldeyrir hækkaði þar með um 33%.

Vetur lagðist snemma að og hefur verið harður og gjaffelldur víða um land.

Nú við sumarmál 1968, eftir þá óheillaþróun, sem hér hefur verið rakin í örfáum dráttum, liggja m. a. fyrir upplýsingar um eftirfarandi:

1. Meðalbrúttótekjur kvæntra bænda árið 1966 lækka frá fyrra ári um 3%. (Hagtíðindi nr. 2 1968, tafla 3 á bls. 44.) Samkvæmt sömu töflu hækka meðaltekjur annarra stétta frá 8.2% til 31%. Hækkun meðaltekna frá 1965 til 1966, meðaltal allra, nemur 16.5%.

2. Af sömu heimildum (Hagtíðindi nr. 2 1968) má ráða, að árið 1966 vanti kringum 50% á tekjujafnrétti kvæntra bænda og þeirra stétta, er laun þeirra skulu miðast við að lögum. En samkvæmt skýringum Hagstofunnar (bls. 38—39) er óhægt um nákvæman samanburð.

Hagskýrslur um tekjur stéttanna árið 1967 eru enn ekki fyrir hendi.

3. Vangreidd árgjöld af stofnlánum landbúnaðarins hafa aldrei verið meiri við áramót en nú.

4. Lausaskuldir bænda hjá verzlunarfélögum hafa mjög víða aukizt mikið árið 1967, og er sú staðhæfing auðsönnuð.

5. Mikið hefur borið á því, að bændur séu nú krafðir um ábyrgð sveitarsjóðs fyrir kaupum á fóðurbæti og jafnvel matvöru.

6. Rætt hefur verið um það að krefjast hreppsábyrgðar fyrir kaupum á tilbúnum áburði í ýmsum héruðum. Munu slíks engin dæmi, frá því að verzlun hófst með þá vöru hérlendis.

7. Endurskoðuð framleiðslu- og afsetningaráætlun framleiðsluráðs landbúnaðarins bendir til þess, að um 80 milljónir króna muni vanta, til þess að bændur fái verðlagsgrundvallarverð fyrir búsafurðir á yfirstandandi verðlagsári.

Af framansögðu má ljóst vera, að fjárhagserfiðleikar bændastéttarinnar eru alvarlegir og aðgerðir þola ekki bið.

Með frv. þessu er lagt til, að landbúnaðinum sé veitt nokkur fyrirgreiðsla nú þegar, líkt og gert er með framlagi í Stofnfjársjóð sjávarútvegsins. En næsta reglulegt Alþingi hlýtur að fjalla um málefni landbúnaðarins í heild.

Nd. 598. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1968.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn vill samþykkja frv. óbreytt, en á það getur minni hlutinn ekki fallizt og skilar því séráliti.

Þetta frv. var til 1. umræðu í fyrri þingdeild á þriðjudag í dymbilviku. Fjárhagsnefnd hefur rætt það á tveim fundum, á miðvikudag og fimmtudag (skírdag). Formönnum þingflokka hefur verið kunngert, að þingi ljúki á laugardag eftir páska. Á fjórum dögum eftir páska er Alþingi ætlað að ræða og afgreiða mörg stjórnarfrumvörp, tugir frv. og þingsályktunartillagna hafa verið afgreidd frá nefndum og bíða afgreiðslu. Von er á skýrslum frá utanríkisráðherra og fjármálaráðherra, sem væntanlega verða ræddar. Útvarpsumræður standa í tvo daga. Á þessum sömu fjórum dögum er Alþingi ætlað að fjalla um þetta frv., sem hefur inni að halda heimildir fyrir ríkisstjórnina til þess að taka lán innanlands og utan, 450 millj. króna, auk vörukaupalána og ábyrgðarheimilda. Auk heimilda til lántöku fjallar frv. að sjálfsögðu um það, hversu þessum fjármunum skuli varið í meginatriðum. — Með frv. er prentuð sem fylgiskjal **„Framkvæmda- og fjáröflunaráætlun 1968“.**

Þau vinnubrögð, sem hér eru viðhöfð, að ætla Alþingi að fjalla um svo viðamikið mál sem þetta á sex dögum, samhliða öllu öðru, er afgreiða þarf á sama tíma, eru óhæfileg með öllu, og verður að mótmæla þeim harðlega.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að bjóða út á árinu ríkisskuldabréf eða spariskírteini að upphæð 75 millj. kr. Er það 50 millj. krónum lægri fjárhæð en ákveðið var að bjóða út á fyrra ári, og kemur hér fram mat ríkisstjórnarinnar á ástandinu. Engu að síður virðist það vera áform valdhafanna að halda áfram bindingu sparifjár á sama hátt og gert hefur verið að undanförnu. Jafnframt munu fara fram samningar við viðskiptabankana um, að þeir kaupi verðbréf vegna framkvæmdaáætlunarinnar fyrir 10% innstæðuaukningar á árinu.

Viðskiptabankarnir hafa hvergi nærri getað fullnægt eðlilegri rekstrarfjárþörf atvinnu- og þjónustufyrirtækja á undanförnum árum. Má búast við, að það ástand versni enn á þessu ári. Við munum því leggja til, að Seðlabankinn noti ekki heimild sína til bindingar sparifjár á þessu ári.

Í II. kafla frv. er einkum fjallað um erlendar lántökur. — Það er eftirtektarvert, að í stað þess að áður voru erlend lán nær einvörðungu tekin til einstakra stórframkvæmda, til þess að efla arðbæran atvinnurekstur eða leysa verkefni, sem ætla mátti að hefðu stórfellda þjóðhagslega þýðingu, þá er nú í sívaxandi mæli notað erlent fjármagn til ýmissa smærri framkvæmda, sem áður þótti sjálfsagt að greiða með fjárveitingum á fjárlögum.

Lántökuheimildir þessa frv. nema mörgum hundruðum milljóna. Eðlilegt væri, að þinginu gæfist kostur á að fjalla ýtarlega um ráðstöfun svo mikilla fjármuna. Vera kynni, að alþm. vildu t. d. athuga það nánar, hvort rétt sé að verja ámóta miklu fé til þriggja landshafna og til allra annarra hafna á landinu, — eða hvernig háttað er að verja því fé, sem ætlað er til raforkumála, bæði til orkuveitna og aflstöðva. En á átta ára valdaferli í góðæri hefur ríkt alger kyrrstaða í raforkuvinnslumálum þjóðarinnar með þeim afleiðingum, að fjöldi byggðarlaga á Vestur-, Norður- og Austurlandi býr við dýra og ótrygga raforku, og eitt stærsta iðnfyrirtæki landsins, áburðarverksmiðjan, er óstarfhæf að hluta vegna orkuskorts.

En eins og þetta mál ber að á Alþingi nú — og raunar áður — er útilokað að gera því þau skil, sem margir alþm. hefðu áreiðanlega viljað og vert væri.

Á undanförnum árum hafa verið sívaxandi brögð að því, að alls konar skuldabréf eru með lögum undanþegin framtalsskyldu. Þetta teljum við óhæfu. Við teljum, að það sé frumskilyrði fyrir eðlilegu skattaeftirliti, að eignir séu taldar fram, þó að þær séu undanþegnar skattlagningu, sem í vissum tilfellum getur verið réttlætanlegt, og flytjum brtt. við 3. gr. frv.

Breytingartillögur okkar verða prentaðar á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 16. apríl 1968.

Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Lúðvík Jósefsson.

Nd. 599. Breytingartillögur [187. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1968.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (VH, LJós).

1. Við 1. gr. Við greinina bætist: enda noti Seðlabanki Íslands ekki heimild sína til að binda hluta af sparifjáraukningu banka, sparisjóða og innlánsstofnana á árinu 1968.
2. Við 3. gr. Niður falli orðin: framtalsskyldu og.

Nd. 600. Nefndarálit [22. mál]

um frv. til laga um sérstakar ráðstafanir til að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og koma í veg fyrir eyðingu lífvænlegra byggðarlaga.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þessa máls. Meiri hlutinn vill afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, en minni hlutinn leggur til, að það verði samþykkt.

Í greinargerð með frv. er sýnd með tölum sú mikla röskun, sem enn hefur orðið á jafnvæginu í byggð landsins á einum aldarfjórðungi, eða nánar til tekið á árunum 1940—1965. Jafnframt eru leidd rök að því, hversu óheppileg slík þróun er fyrir báða parta og varhugaverð fyrir þjóðfélagið í heild.

Meginefni frv. er tvíþætt. Í fyrri kafla þess er fjallað um tilgang laganna og starfssvið „Byggðajafnvægisnefndar". Skal hún hafa forustu um upplýsingasöfnun og áætlanagerð og ráðstafa þeim fjármunum, sem „Byggðajafnvægissjóður" fær til umráða.

Í síðari kafla eru ákvæði um stofnfé og tekjur sjóðsins, um stjórn hans og vörzlu og annað, er varðar starfsemi hans.

Í lögunum eru og fyrirmæli, sem miða að nánu samstarfi Byggðajafnvægisnefndar við aðila heima í byggðarlögunum.

Árið 1966 voru sett lög um Atvinnujöfnunarsjóð, og fjalla þau að nokkru leyti um sama efni og þetta frv. Hér er hins vegar gert ráð fyrir meira fjármagni til jafnvægisaðgerða og leitazt við að ganga svo frá endum, að fjáröflun haldist nokkuð í hendur við almenna verðlagsþróun í landinu.

Þá er og Byggðajafnvægisnefnd ætlað meira frumkvæði og víðtækara verksvið en stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs hefur nú.

Talið er, að nokkur byggðarlög með vel viðunandi atvinnurekstrarskilyrði frá náttúrunnar hendi séu nú þegar í yfirvofandi hættu að dragast enn meira aftur úr en almennt er. Með ákvæði til bráðabirgða er Byggðajafnvægisnefnd heimilað að hefjast handa þegar í stað um sérstaka aðstoð við þau byggðarlög.

Minni hluti fjárhagsnefndar telur, að með frv. þessu, ef að lögum yrði, væri lagður grundvöllur að árangursríkum aðgerðum til eflingar jafnvægi í byggð landsins, og leggur til, svo sem fyrr greinir, að það verði samþykkt.

Alþingi, 16. apríl 1968.

Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Lúðvík Jósefsson.

Nd. 601. Nefndarálit [80. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur ekki orðið sammála um þetta frumvarp. Meiri hluti nefndarinnar er því andvígur. En undirritaðir nefndarmenn mæla með því, að það verði samþykkt.

Engin frambærileg rök eru fyrir því að innheimta söluskatt af þeim vöruflokkum, sem frv. fjallar um. Hér er um að ræða hinar algengustu fæðutegundir af innlendri framleiðslu. Neyzla þeirra í ríkum mæli er talin bæði holl og æskileg frá þjóðhagslegu sjónarmiði, enda hefur verðlag þeirra löngum verið greitt niður með fé úr ríkissjóði. Þær voru og undanþegnar söluskatti áður, eða þar til núverandi ríkisstjórn breytti til árið 1960. En hún gerir nú hvort tveggja að greiða þessar vörur niður og innheimta af þeim söluskatt.

Alþingi, 16. apríl 1968.

Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Lúðvík Jósefsson.

Nd. 602. Nefndarálit [171. mál]

um frv. til laga um Stofnfjársjóð fiskiskipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt málið og mælir með samþykkt frumvarpsins. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 16. apríl 1968.

Birgir Finnsson, form., frsm. Sverrir Júlíusson, fundaskr. Jón Skaftason.
Guðl. Gíslason. Lúðvík Jósefsson. Pétur Sigurðsson.
Björn Pálsson.

Ed. 603. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 30. apríl, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. BJ og PB voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 16. apríl 1968.

Jón Þorsteinsson, form. Auður Auðuns, fundaskr., frsm. Steinþór Gestsson.
Björn Fr. Björnsson. Ásgeir Bjarnason.

Nd. 604. Breytingartillaga [8. mál]

við frv. til l. um sölu á prestssetursjörðinni Setberg o. fl.

Frá Gísla Guðmundssyni og Jónasi Péturssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
Enn fremur að selja eigendum Ærlækjar í Öxarfirði spildu (Skinnastaðarandir) úr landi prestssetursins Skinnastaða, er svari til þeirrar landspildu, er miðskólinn í Lundi fær úr Ærlækjarlandi, enda sé söluverð hliðstætt á landspildum þessum.

Ed. 605. Lög [154. mál]

um gjaldmiðil Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 349.

Ed. 606. Lög [157. mál]

um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 536.

Ed. 607. Lög [110. mál]

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 562.

Ed. 608. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið ásátt um afgreiðslu þessa frv. Leggur meiri hl. til, að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl., sem er frv. andvígur, mun skila séráliti.

Meiri hl. leggur áherzlu á það, að nauðsyn er að taka tryggingamál fiskiflotans fastari tökum en gert hefur verið, og væntir þess fastlega, að hæstvirt ríkisstjórn undirbúi löggjöf um það efni, sem tekið geti gildi frá næstu áramótum.

Alþingi, 16. apríl 1968.

Pétur Benediktsson, form., frsm.
Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.
Sveinn Guðmundsson.
Jón Árnason.

Ed. 609. Nefndarálit [185. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið eða fylgja breytingartillögum, er fram kynnu að koma.

Björn Jónsson og Pétur Benediktsson voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 16. apríl 1968.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Auður Auðuns, fundaskr. Björn Fr. Björnsson.
Steinþór Gestsson. Ásgeir Bjarnason.

Ed. 610. Breytingartillaga [185. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Jóni Þorsteinssyni, Auði Auðuns og Steinþóri Gestssyni.

Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verði 3. gr. og hljóði þannig:

Aftan við A-lið 7. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita lán til byggingarmeistara og byggingarfyrirtækja, er byggja íbúðir, sem fyrirhugað er að selja fullgerðar til einstaklinga, sem fullnægja útlánareglum húsnæðismálastjórnar. Það er skilyrði fyrir slíkum lánum, að íbúðirnar verði eigi seldar, nema húsnæðismálastjórn samþykki söluverð þeirra fullgerðra. Við verðlagningu íbúðanna skal höfð hliðsjón af byggingarvísitölu.

Ed. 611. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 16. apríl 1968.

Jón Þorsteinsson, form. Auður Auðuns, fundaskr. Ásgeir Bjarnason, frsm.
Björn Fr. Björnsson. Pétur Benediktsson. Steinþór Gestsson.

Nd. **612. Frumvarp til laga** [18. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. apríl.)

1. gr.

Íslenzkan ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Albrektsen, Otto Erling, verkamaður í Kópavogi, f. í Danmörku 12. marz 1928.
2. Alm, Hanne, húsmóðir í Grundarfirði, f. í Danmörku 26. september 1939.
3. Aunio, Henrik Vilhelm, auglýsingastjóri í Reykjavík, f. í Finnlandi 7. október 1926.
4. Baxter, Þorlákur, verkamaður í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 19. marz 1947.
5. Björk, Lars-Erik, prentmyndasmiður í Reykjavík, f. í Svíþjóð 7. janúar 1937.
6. Dannheim, Eberhard, útvarpsvirki í Reykjavík, f. í Noregi 22. febrúar 1942.
7. Eggert, Uwe, trésmiður í Ytri-Njarðvík, f. í Þýzkalandi 23. nóvember 1936.
8. Eriksson, Elly Irma Birgitta, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Svíþjóð 26. marz 1943.
9. Foerster, Bärbel Cecilie, nunna í Hafnarfirði, f. í Þýzkalandi 9. marz 1929.
10. Gaard-Jensen, Hans Joen Johan, húsvörður í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 12. september 1915.
11. Griffith, Alfreð Roy, verkamaður í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 29. nóvember 1950.
12. Hansen, Aage Laurits Grymen, vefari á Álafossi, f. í Danmörku 6. júní 1933.
13. Hansen, Ansa Sussanna, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 25. ágúst 1936.
14. Henriksen, Ally Birthe, húsmóðir á Akureyri, f. í Danmörku 20. ágúst 1930.
15. Hentze, Edmund Leander Frits, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 11. apríl 1913.
16. Jensen, Egon Georg Vendelbo, matsveinn í Vestmannaeyjum, f. í Danmörku 3. janúar 1916.
17. Jensen, Poul Erik, landbúnaðarverkamaður á Ferjubakka í Borgarfirði, f. í Danmörku 26. desember 1936.
18. Joensen, Anna Friðbjörg, kennari í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 6. september 1940.
19. Joensen, Bergleif Gannt, matsveinn í Reykjavík, f. í Færeyjum 6. apríl 1942.
20. Johansson, Åke Ragnvald, verkamaður í Hveragerði, f. í Svíþjóð 20. ágúst 1941.
21. Karl, Monika Charlotte (Ágústsson), hagfræðingur í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 24. september 1941.
22. Langheinrich, Rudi Robert, verkstjóri á Álafossi, f. í Þýzkalandi 23. febrúar 1940.
23. Ludvigsen, Ellen Margrethe, saumakona í Reykjavík, f. í Danmörku 3. marz 1911.
24. Michalik, Ernst, teiknari í Reykjavík, f. í Danmörku 18. maí 1927.
25. Mikkelsen, Hans Christian Hjorth, sjómaður í Grundarfirði, f. í Danmörku 4. febrúar 1942.
26. Nielsen, Sigrid Maria Elisabeth (Pétursson), húsmóðir í Suður-Múlasýslu, f. í Danmörku 25. febrúar 1930.
27. Pandrick, Renate (Skúlason), húsmóðir í Árnessýslu, f. í Þýzkalandi 13. ágúst 1939.
28. Prokic, Biserka, húsmóðir í Reykjavík, f. í Júgóslavíu 4. maí 1928. Fær réttinn 25. júní 1968.
29. Radtke, Helga, húsmóðir í Neskaupstað, f. í Þýzkalandi 16. ágúst 1941. Fær réttinn 24. maí 1968.
30. Raner, Nelly Eva (Jóhannesson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 29. september 1914.

31. Rasmussen, Kurt Sören, múrari í Reykjavík, f. í Danmörku 20. júlí 1940.
32. Saur, Hiltrud Anneliese (Guðmundsson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 29. júlí 1935.
33. Sehner, Erich Franz, iðnverkamaður í Keflavík, f. í Austurríki 24. apríl 1940.
34. Shepardson, George, matsveinn í Ytri-Njarðvík, f. í Bandaríkjunum 24. janúar 1911.
35. Smith, Kenneth Hilton, verkamaður í Kópavogi, f. í Bandaríkjunum 11. september 1947.
36. Stöckl, Andreas Franz Xaver, tæknifræðingur í Kópavogi, f. í Austurríki 31. janúar 1915.
37. Stöckl, Else Apollonia, húsmóðir í Kópavogi, f. í Austurríki 25. febrúar 1920.
38. Tåfjord, Jóna Valdís, húsmóðir í Grundarfirði, f. í Noregi 3. október 1945.
39. Thomsen, Svanhild Daniella, húsmóðir á Kraunastöðum í Aðaldal, f. í Færeyjum 29. maí 1943.
40. Toftum, Jakop, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 18. marz 1939.
41. Uri, Oddrun, húsmóðir í Reykjavík, f. í Noregi 3. október 1939.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 613. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til l. um breytingu á mörkum Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps í Suður-Múlasýslu og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja ríkisjörðina Hólma.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frumvarp þetta, sem komið er frá Nd., hefur verið rætt í nefndinni og hún orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Einn nefndarmanna, Björn Jónsson, var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 16. apríl 1968.

Jón Þorsteinsson, form.	Auður Auðuns, fundaskr.	Björn Fr. Björnsson, frsm.
Pétur Benediktsson.	Ásgeir Bjarnason.	Steinþór Gestsson.

Nd. 614. Lög [181. mál]

um breyting á lögum um tékka, nr. 94 frá 19. júní 1933.

(Afgreidd frá Nd. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 490.

Nd. 615. Lög [182. mál]

um breyting á víxillögum, nr. 93 frá 19. júní 1933.

(Afgreidd frá Nd. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 491.

Nd. 616. Frumvarp til laga [127. mál]

um áskorunarmál, viðauki við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 265 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:
Samkvæmt þessum lögum mega fara fjárkröfur samkvæmt víxlum, tékkum, skuldabréfum og öðrum einhliða óskilyrtum skuldaviðurkenningum, svo og mál til heimtu peningaskulda, sem stafa af lausafjárkaupum, sbr. lög nr. 39 19. júní 1922, enda hafi þá stefnandi staðið við skuldbindingar af sinni hálfu.

4. gr. hljóðar svo:
Er stefnandi höfðar mál samkvæmt þessum lögum, skal hann snúa sér til dómara með stefnu í þríriti, enda sé aðeins einum stefnt. Sé fleiri en einum stefnt, skal eintakafjöldi stefnu vera í samræmi við það, hversu mörgum er stefnt. Auk stefnu skal stefnandi sýna dómara skjal það, eða ljósrit þess, er hann reisir á dómkröfur sínar.

5. gr. hljóðar svo:
Er dómari hefur gengið úr skugga um, að mál megi reka samkvæmt þessum lögum, ritar hann eða stimplar á stefnu áskorun til stefnda að greiða stefnanda stefnukröfurnar. Dómari er óbundinn af ofangreindu áliti sínu, er hann endanlega afgreiðir málið síðar. Áritunin skal innihalda áskorun til stefnda að greiða stefnanda stefnukröfurnar innan tveggja sólarhringa frá stefnubirtingu eða í síðasta lagi við þingfestingu málsins, ellegar mæta við þingfestingu og halda uppi lögvörnum, þar eð annars megi hann búast við, að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart honum.

10. gr. hljóðar svo:
Nú verður útivist af hálfu stefnda, án þess að haldið sé uppi vörnum, og ritar dómari þá eða stimplar, samkvæmt kröfu stefnanda, á frumrit stefnunnar, að dómkröfurnar, svo og upphæð málskostnaðar eftir ákvörðun dómara, séu aðfararhæfar að liðnum sjö sólarhringum frá birtingu, enda sé málatilbúningi stefnunnar í engu áfátt.

17. gr. hljóðar svo:
Að öðru leyti en nú hefur verið rakið skulu mál samkvæmt þessum lögum fara eftir gildandi reglum réttarfarslaga.

Nd. **617. Frumvarp til laga** [14. mál]

um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 14 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

a. *Skip* merkir í lögum þessum hvert það far, sem er 6 rúmlestir eða stærra og skráð er á skipaskrár, án tillits til þess, hvort það gengur fyrir seglum eða vél eða hvoru tveggja.
b. *Rúmlest* er brúttórúmlest = 100 teningsfet ensk = 2.83 teningsmetrar.
c. *Mánuður* er 30 nátta mánuður, eins og ákveðið er með sjómannalögum, nr. 67 31. des. 1963, um kaupgreiðslur á sjó.
d. *Fiskiskip* merkir hvert það skip, sem skrásett er sem fiskiskip, án tillits til stærðar, og notað er mestan hluta ársins til veiða, þótt það sé jafnframt notað til flutninga til útlanda á eigin afla eða keyptum afla.
e. *Verzlunarskip* merkir hvert það skip, sem skrásett er sem verzlunarskip, án tillits til stærðar, og siglir með varning frá landinu og til þess og milli hafna innanlands eða flytur farþega eða hvort tveggja.
f. *Innanlandssigling* er sigling og fiskveiðar við strendur Íslands og á hafinu kringum landið allt að 150 sjómílur frá sjálfu landinu.
g. *Utanlandssigling* er hver sú ferð, sem farin er til annarra landa, eða til fiskimiða annarra landa, þótt hafna sé ekki leitað.
h. *Siglingar innan fjarða eða flóa* ber að skilja sem siglingar með skipum, sem eru staðbundin við ákveðna firði eða flóa og eigi er ætlað að fara út fyrir þau takmörk.

3. gr. hljóðar svo:

a. Próf þau og siglingatími, sem krafizt er í lögum þessum til þess að öðlast skírteini, eru hið lægsta, sem þarf í hverju einstöku tilfelli. Æðra próf í sömu greinum gildir einnig fyrir þau skírteini, sem lægra próf þarf til að öðlast.
   Ráðherra sá, sem fer með kennslumál, setur reglugerð um það, hvernig kennslu skipstjórnarmanna skuli hagað, svo og um inntökuskilyrði í skóla fyrir þá, próf og skilyrði þau, sem sett eru fyrir prófum.
b. Siglingatími stýrimanna og háseta telst aðeins sá tími, sem þeir eru skráðir á skip, sem eru í förum. Sé skipi lagt upp, án þess að afskráning fari fram, skal geta þess í sjóferðabók, og má þá telja til siglingatíma stýrimanna og háseta allt að ⅕ hluta þess tíma, sem skipið hefur legið um kyrrt. Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða útlendri, eða vottorði frá skráningarstjóra.
   Til siglingatíma háseta getur aldrei talizt sá tími, sem hann er skráður á fiskiskip, en vinnur í landi að verkun afla eða við veiðarfæri.

4. gr. hljóðar svo:

Rétt til að vera skipstjóri eða stýrimaður í innanlandssiglingum á íslenzku skipi 6—30 rúmlestir að stærð hefur sá einn, er leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af samgöngumálaráðuneytinu til 5 ára í senn eftir tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, um, að hann:

a. Þekki á áttavita og kunni að leiðrétta stefnur og miðanir fyrir segulskekkju og misvísun;
b. kunni alþjóðareglur til að forðast ásiglingu og þekki neyðarbendingar og kunni að nota þær;

c. kunni að setja stefnur og miðanir á sjókort;
d. kunni að nota vegmæli og djúpmæli í sambandi við sjókort;
e. hafi þekkingu á vitakerfi landsins og björgunarstöðvum og kunni að nota algengustu björgunartæki;
f. kunni að finna, hvenær flóð verður og fjara;
g. þekki reglur um lífgun drukknaðra manna;
h. sanni með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn;
i. sanni með sjóferðabók eða vottorðum frá skráningarstjóra, að hann hafi verið háseti eftir 15 ára aldur á skipi yfir 6 rúmlestir í 18 mánuði;
j. sé 18 ára að aldri, en sé skipið stærra en 15 rúmlestir, skal aldurstakmarkið fyrir skipstjóra vera 21 ár, enda hafi hann þá verið stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði eða formaður á skipi yfir 6 rúmlestir í 6 mánuði.

Varðandi siglingatíma þann, er um ræðir í i- og j-liðum á skipum 6—12 rúmlestir, nægir vottorð frá 2 trúverðum mönnum.

Hinir siglingafróðu menn, sem um getur í upphafi þessarar greinar, skulu skipaðir fyrir takmörkuð svæði, sem samgöngumálaráðuneytið tiltekur.

Gegn slíku vottorði og vottorði um sundkunnáttu gefur lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, út skírteini, sem veitir rétt til að vera skipstjóri á skipum allt að 15 rúmlestir og stýrimaður á skipum allt að 30 rúmlestir, eða skipstjóraskírteini á skipi allt að 30 rúmlestir samkvæmt þessari grein.

8. gr. hljóðar svo:
Sá einn getur fengið hið minna skipstjóraskírteini á fiskiskipi, sem:
a. staðizt hefur fiskimannapróf 1. stigs eða farmannapróf 1. stigs við stýrimannaskólana í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum eða við námskeið Stýrimannaskólans í Reykjavík úti á landi;
b. hefur eftir 15 ára aldur verið 24 mánuði háseti á skipi yfir 12 rúmlestir eða 6 mánuði stýrimaður eða skipstjóri á skipi yfir 12 rúmlestir;
c. sé minnst 19 ára að aldri;
d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

10. gr. hljóðar svo:
Sá einn getur fengið hið meira skipstjóraskírteini á fiskiskipi, sem:
a. staðizt hefur fiskimannapróf 2. stigs við stýrimannaskólana í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum;
b. hefur verið í 18 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;
eða: hefur verið 6 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og 12 mánuði undirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;
eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði;
eða: hefur verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir í 6 mánuði og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði;
c. er lögráður;
d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

12. gr. hljóðar svo:
Sá einn getur fengið hið meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi, sem:
a. staðizt hefur fiskimannapróf 2. stigs við stýrimannaskólana í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum;

b. hefur eftir 15 ára aldur verið háseti 30 mánuði á skipi stærra en 12 rúmlestir, þar af a. m. k. 12 mánuði á skipi stærra en 30 rúmlestir;
eða: hefur verið 6 mánuði skipstjóri eða 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 12 rúmlestir og 12 mánuði á skipi yfir 30 rúmlestir;
c. er eigi yngri en 20 ára að aldri;
d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

14. gr. hljóðar svo:
Sá einn getur fengið skipstjóraskírteini á verzlunarskipi, sem:
a. hefur staðizt farmannapróf 3. stigs frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík:
b. hefur verið stýrimaður í 24 mánuði á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir og auk þess yfirstýrimaður í 12 mánuði á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir;
eða: hefur verið skipstjóri í 6 mánuði á verzlunarskipi yfir 100 rúmlestir og 12 mánuði yfirstýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir;
eða: hefur verið skipstjóri í 24 mánuði á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir og auk þess stýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir í 12 mánuði, og af þeim tíma 6 mánuði yfirstýrimaður;
eða: hefur verið stýrimaður á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir í 18 mánuði og auk þess stýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir í 18 mánuði, og af þeim tíma 12 mánuði yfirstýrimaður;
c. hefur af siglingatíma þeim, sem um getur í b-lið, verið að minnsta kosti 6 mánuði stýrimaður á verzlunarskipi í utanlandssiglingum;
d. er 25 ára að aldri;
e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

16. gr. hljóðar svo:
Sá einn getur fengið stýrimannsskírteini á verzlunarskipi, sem:
a. hefur staðizt farmannapróf 3. stigs við Stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. hefur verið háseti eftir 15 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 36 mánuði;
eða: hefur verið háseti eftir 15 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 18 mánuði, og auk þess háseti á fiskiskipi yfir 30 rúmlestir í 18 mánuði;
c. er lögráður;
d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

18. gr. hljóðar svo:
Sá einn getur fengið undirstýrimannsskírteini á verzlunarskipi, sem staðizt hefur farmannapróf 2. stigs við Stýrimannaskólann í Reykjavík, enda fullnægi hann skilyrðum d- og e-liða 16. greinar.
Skírteini þetta gildir aðeins í 18 mánuði frá því umræddu prófi er lokið.

21. gr. hljóðar svo:
Ekkert íslenzkt skip, sem stærra er en 20 rúmlestir, má afgreiða frá nokkurri höfn hér á landi til ferða á milli Íslands og annarra landa eða í innanlandssiglingum, nema á því sé til starfa, auk skipstjóra, einn eða fleiri stýrimenn, samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:
a. Á fiskiskipi allt að 300 rúmlestir og á verzlunarskipi allt að 200 rúmlestir í utan- og innanlandssiglingum sé einn stýrimaður að minnsta kosti;

b. á fiskiskipi 300 rúmlestir og stærra í innan- og utanlandssiglingum og verzlunarskipi 200 rúmlestir og stærra í utanlandssiglingum séu að minnsta kosti tveir stýrimenn. Hið sama gildir um verzlunarskip í innanlandssiglingum, er flytur farþega og póst;
c. á verzlunarskipi í innan- og utanlandssiglingum, er flytur farþega og póst og er 400 rúmlestir eða stærra, séu að minnsta kosti 3 stýrimenn. Sama gildir um skip, sem eru 1500 rúmlestir og stærri, þó að þau flytji ekki farþega.

Skip, sem eru undir 1500 rúmlestum, þurfa þó eigi að hafa þriðja stýrimann, nema þau hafi rúm fyrir 12 farþega.

Undanþegin ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar um skyldu til að hafa stýrimann auk skipstjóra eru fiskiskip og bátar undir 30 rúmlestum, ef þeim er ætlað að leggja afla sinn á land daglega.

Ed. 618. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl., fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni, vill samþykkja frv. Við undirritaðir leggjum til, að frv. verði fellt.

Efni frv. þessa er það að hækka útflutningsgjald af saltfiski, humar og saltsíld um upphæð, sem áætlað er að nemi 42 millj. kr. á ári. Skal sú upphæð renna til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa, en þau hafa farið stórhækkandi á undanförnum árum. Er hér aðeins um að ræða brot af því fé, sem tryggingasjóð fiskiskipa skortir til að geta staðið við skuldbindingar sínar. Auk þess sem sjóðurinn skuldar allverulegar upphæðir frá fyrra ári, er hallinn á rekstri sjóðsins árið 1968 áætlaður 103 millj. kr.

Hér er um að ræða vandamál, sem allt of lengi hefur dregizt að leysa. Fyrirhugaðar hækkanir á útflutningsgjaldi leysa þetta vandamál ekki nema að mjög takmörkuðu leyti. Málið verður að taka fyrir í heild og finna viðhlítandi lausn, sem orðið getur til frambúðar.

Við teljum hækkun á útflutningsgjaldi sjávarafurða fráleita ráðstöfun og í hæsta máta varhugaverða. Einkum er hætta á, að hin stórfellda hækkun á útflutningsgjaldi af saltsíld geti haft alvarlegar afleiðingar, dregið verulega úr líkum fyrir því, að síldveiðar verði stundaðar með árangri á komandi vertíð. Teljum við sérstaklega háskalegt, ef Alþingi raskar með skattlagningu þeim skiptakjörum, sem sjómenn hafa samið um við útgerðarmenn.

Þegar hafa borizt harðorð mótmæli gegn frv. þessu frá síldarútvegsnefnd, Samtökum síldveiðisjómanna og félögum síldarsaltenda. Í mótmælabréfi síldarútvegsnefndar segir:

„Síldarútvegsnefnd vill mjög eindregið og ákveðið mæla gegn hækkun útflutningsgjalda af saltsíld, sem felst í frumvarpi þessu.

Nefndin telur, að þessi hækkun geti leitt til þess, að þessi atvinnuvegur, sem hingað til hefur bjargazt án opinberra styrkja, lamist svo, að hann falli niður að mestu.“

Þá vitnar síldarútvegsnefnd til bréfs, er hún hafði ritað sjávarútvegsmálaráðherra, en jafnframt sent Efnahagsstofnuninni og Seðlabanka Íslands. Síðan segir:

„Í bréfi þessu varar nefndin alvarlega við því, að nokkrar ráðstafanir verði gerðar til þess, að þessi útflutningsgrein verði lögð í einelti með auknum álögum. Allar þessar aðvaranir og ábendingar síldarútvegsnefndar virðast virtar að vettugi. Það

er furðulegt, að ekki skuli haft í neinu samráð við nefndina eða hlustað á tillögur hennar og aðvaranir, þegar þess er m. a. gætt, að í nefndinni eru fulltrúar útvegsmanna, sjómanna og verkamanna, síldarsaltenda og auk þess þrír fulltrúar þingkjörnir.“

Stjórn Samtaka síldveiðisjómanna segir í mótmælabréfi sínu:

„Stjórn Samtaka síldveiðisjómanna telur ekki hægt að leggja aukin útflutningsgjöld á sjávarafurðir okkar, þegar við eigum í síaukinni samkeppni með sölu þeirra við aðrar þjóðir. Saltsíldarmarkaðurinn er mjög þröngur, og þar gætir stóraukinnar samkeppni frá öðrum þjóðum. Á sama tíma og Norðmenn styrkja sinn saltsíldariðnað með 30 norskum krónum pr. tunnu (á þriðja hundrað ísl. kr.) á að stórauka útflutningsgjöld á íslenzkri saltsíld, sem við seljum á sama markað og þeir. Við það bætist, að útlit er fyrir, að við þurfum að veiða síldina austur undir Noregi, sem hefur í för með sér stóraukinn kostnað og minni afla.

Á síðasta ári varð stórfelld verðlækkun á síld til bræðslu, samfara minni afla. Við það versnaði afkoma sjómanna svo, að nú eru orðin mikil vandræði á að manna stærstu bátana og fyrirsjáanlegt er, að auknir örðugleikar verða á að fá sjómenn til síldveiða í sumar, þrátt fyrir minni atvinnu í landi en verið hefur. Viljum við benda á, að með hækkun á útflutningsgjaldi er verið að raska þeim skiptakjörum, sem verið hafa milli útgerðar og sjómanna. Viljum við vara við þeim afleiðingum, sem af því geta hlotizt. Von okkar var sú, að með hækkuðu verði á síld til söltunar sköpuðust möguleikar á söltun um borð í fiskiskipunum, sem gæfi auknar tekjur til sjómanna og útgerðar, og við héldum okkar dýrmætu saltsíldarmörkuðum. En ef það frumvarp, sem hér um ræðir, verður að lögum, sjáum við ekki, hvernig hægt verður að fá það verð, sem nauðsynlegt er til að manna fiskiskipin til síldveiða á komandi sumri.“

Alþingi, 16. apríl 1968.

Gils Guðmundsson, frsm. Ólafur Jóhannesson.

Sþ. 619. Nefndarálit [47. mál]

um till. til þál. um undirbúning þess að gera akfært umhverfis landið.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt þingsályktunartillöguna á fundum sínum. Enn fremur leitaði nefndin umsagnar um málið hjá vegamálastjóra, og er svar hans og álit prentað sem fylgiskjal með nefndarálitinu.

Fjárveitinganefnd er sammála um að mæla með því, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á samgöngumálaráðherra að láta gera áætlun um samgöngubætur yfir Skeiðarársand, sem tengi hringleið um landið. Áætlun þessari skal hraðað svo sem unnt er og að því stefnt, að hafa megi afnot hennar við gerð vegáætlunar fyrir árin 1972—76.

Alþingi, 16. apríl 1968.

Jón Árnason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Matthías Bjarnason.

Sverrir Júlíusson. Geir Gunnarsson. Ágúst Þorvaldsson.

Halldór E. Sigurðsson. Ingvar Gíslason.

Fylgiskjal.

VEGAGERÐ RÍKISINS

Fjárveitinganefnd Alþingis, Alþingi.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar á þskj. 49, ásamt breytingartillögu á þskj. 241, um undirbúning þess að gera akfært umhverfis landið.

Í tillögunni segir svo: „Alþingi ályktar að skora á samgöngumálaráðherra að láta gera áætlun um vega- og brúagerðir á Skeiðarársandi, sem tengi hringleið um landið, og á hvern hátt afla megi fjár til að framkvæma verkið.

Áætlun þessari skal hraðað eftir föngum, svo að hafa megi hana til afnota við gerð næstu vegáætlunar."

Í breytingartillögunni á þskj. 241 er lagt til, að einnig verði athugaðir möguleikar á því að leysa umferðarvandamálið yfir Skeiðarársand með flugferju yfir vatnasvæðið.

Flutningsmenn tillögunnar færa mörg og gild rök fyrir því, að opnun hringleiðar um landið með byggingu brúa á vötnin á Skeiðarársandi muni hafa mikla þýðingu fyrir nærliggjandi héruð og raunar landið allt. Skal það sízt vefengt.

Í niðurlagi tillögunnar er það tekið fram, að þessari athugun skuli hraðað eftir föngum, svo að hafa megi hana til afnota við gerð næstu vegáætlunar.

Ég tel sjálfsagt að hraða þessari athugun eftir föngum, en tel með öllu útilokað, að hægt sé að framkvæma nauðsynlegar rannsóknir og mælingar á einu sumri, en það yrði að gera, ef nota ætti þessar athuganir við gerð næstu vegáætlunar, sem leggja skal fyrir Alþingi á hausti komanda. Skal þetta atriði rökstutt nokkru nánar.

Verkefnið.

Skeiðarársandur nær frá Lómagnúp að vestan og að Skaftafellsheiði að austan, og er hann tæpir 30 km á breidd. Um sandinn falla fjögur stór fljót, og eru þau talið að vestan: Núpsvötn, Súla, Sandgígjukvísl og Skeiðará. Í Súlu koma jökulhlaup úr Grænalóni uppi í Vatnajökli. Þessi hlaup falla yfir í Núpsvötn, er niður á sandinn kemur, og mynda þar einn samfelldan flaum. Talið er, að þessi hlaup geti numið 6—8 þús. teningsmetrum á sekúndu eða 15—20-földu meðalrennsli Þjórsár, svo að dæmi sé tekið.

Á miðjum sandi fellur fram Sandgígjukvísl, og er hún eina vatnsfallið á Skeiðarársandi, sem fellur í nokkuð ákveðnum farvegi. Í hana koma hlaup jafnhliða Skeiðará, og er talið, að vatnsmagn í þeim geti numið 4—5 þús. teningsmetrum á sekúndu.

Austast fellur svo sjálf Skeiðará, og flæmist hún yfir breitt svæði á sandinum, er neðar dregur. Hlaup í hana og Sandgígjukvísl koma úr Grímsvötnum, og hafa þau á undanförnum áratugum komið nokkuð reglulega á fjögurra til fimm ára fresti. Hlaup þessi hafa farið minnkandi hin síðari ár, og er þá talið, að þau hafi numið 6—8 þús. teningsmetrum á sekúndu. Áður voru meðalhlaup talin mun meiri eða 10—12 þús. teningsmetrar á sekúndu, en stórkostlegri hlaup hafa þó komið í Skeiðará í sambandi við gos í Grímsvötnum, og var talið, að í seinasta gosi þar árið 1934 hafi hlaupið í hámarki numið 40—50 þús. teningsmetrum á sekúndu.

Mjög lítið er vitað um venjulegt sumarrennsli í ánum á Skeiðarársandi, en víst er, að það mun aðeins vera lítið brot af því vatnsmagni, sem berst fram í jökulhlaupunum. Það verða því jökulhlaupin, sem ákvarða stærð þeirra mannvirkja, sem byggja þarf. Ef tengja á hringleið um landið með lagningu vegar yfir Skeiðarársand, þá er ljóst, að byggja verður brýr á vatnsföllin á sandinum það stórar, að þær taki öll venjuleg jökulhlaup, eins og þau hafa verið hin síðari ár. Hins vegar er þess ekki að vænta, að unnt verði að byggja brýrnar þannig, að þær tækju hlaup á borð við það, sem kom árið 1934 jafnhliða gosi í Grímsvötnum.

Athuganir, sem gerðar hafa verið til þessa.

Þó að mikill fróðleikur sé til um jökulhlaup á Skeiðarársandi úr Grænalóni og Grímsvötnum á undanförnum öldum, þá er þó fæst af því þess eðlis, að í tölum verði talið, er nota megi við hönnun mannvirkja. Engar nákvæmar mælingar eru t. d. til um stærð hlaupanna eða dreifingu þeirra um sandinn. Tölur þær, sem nefndar eru að framan, eru að mestu leyti ágizkanir jarðfræðinga og jöklafræðinga, sem byggðar eru á rúmmáli þeirra lóna, sem tæmzt hafa, og lengd hlaupanna. Þá er lítið vitað um það ísmagn, sem berst fram með hlaupunum, hve stór ísinn er og þó sérstaklega hve langt hann dreifist fram á sandinn.

Árið 1964 gerðu verkfræðingar Vegagerðarinnar fyrstu frummælingar á Skeiðarársandi til þess að glöggva sig á stærð hlaups, sem væntanlegt var árið eftir. Sumarið 1965 voru teknar loftmyndir af sandinum seint í ágústmánuði. Skeiðarárhlaup kom síðan í september, og fylgdust verkfræðingar Vegagerðarinnar með hlaupinu, mældu dreifingu þess og jakaburð. Meðan hlaupið var í hámarki, voru einnig teknar loftmyndir af sandinum til samanburðar við loftmyndir þær, sem teknar höfðu verið í mánuðinum á undan. Niðurstöður þessara athugana voru á þá lund, að vatnsmagnið í þessu hlaupi hafi verið 6—8 þús. teningsmetrar á sekúndu.

Í nóvembermánuði sama ár kom hlaup í Súlu úr Grænalóni, en þá vildi svo óheppilega til, að svartaþoka var og því ógerlegt að fylgjast með hlaupinu.

S. l. haust fór Vegagerð ríkisins fram á það við dr. Sigurð Þórarinsson jarðfræðing, að hann tæki saman eins ýtarlega lýsingu og tök væru á um öll jökulhlaup úr Grímsvötnum og Grænalóni, frá því að sögur hófust. Einnig var farið fram á það við hann, að hann semdi greinargerð um þær breytingar, sem orðið hafa á Skeiðarárjökli samfara hlaupunum. Er þess að vænta, að skýrsla dr. Sigurðar geti legið fyrir á þessu ári.

Rannsóknir, sem gera þarf.

Svo sem að framan greinir, þá hafa þær athuganir, sem gerðar hafa verið á Skeiðarársandi til þessa, eingöngu verið miðaðar við að fá fram upplýsingar um hegðun jökulhlaupanna og þá sérstaklega jökulhlaupsins í Skeiðará árið 1965.

Var þetta gert með það í huga, að í lok yfirstandandi vegáætlunar á þessu ári yrði sæmilega bílfært að Skeiðarársandi beggja vegna, og mundi þá verða knúið á með athugun á því, hvort tiltækilegt væri að leggja akveg um Skeiðarársand með viðráðanlegum kostnaði, svo sem nú er gert með ofangreindri tillögu til þingsályktunar. Hefur kostnaður við þessar athuganir verið mjög hóflegur og hann verið greiddur af fjárveitingum til verkfræðilegs undirbúnings framkvæmda.

Hins vegar mun rannsókn sú, sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, verða mjög kostnaðarsöm, því að þá verður að rannsaka allt er viðvikur hugsanlegri gerð mannvirkja, er staðizt gætu venjuleg jökulhlaup. Hver endanlegur kostnaður við slíka rannsókn getur orðið, er ekki unnt að segja, fyrr en hún er nokkuð á veg komin. Eru í eftirfarandi áætlun talin upp fyrstu verkefnin, sem leysa þarf í þessu sambandi og hefja mætti þegar á þessu ári, ef fé væri fyrir hendi.

Fyrsti rannsóknarkostnaður:

1. Mælingar, kortagerð og verkfræðikostnaður	600	þús. kr.
2. Botnrannsóknir	500	— —
3. Vatnsmælingar	600	— —
Samtals	1700	þús. kr.

1. Í mælinga- og kortagerðarkostnaði er gert ráð fyrir, að gerð verði kort af stórum svæðum við Skeiðará, Sandgígjukvísl, Núpsvötn og Súlu.

2. Þá er áformað, að gerðar verði rannsóknir á burðarþoli botnsins við Skeiðará, Sandgígjukvísl, Núpsvötn og Súlu með því að reka niður 15—20 staura á mismunandi stöðum í farveg ánna. Er þess vænzt, að með því móti fáist upplýst, hvert burðarþol botnsins er með tilliti til brúargerðar. Væri mjög heppilegt að geta lokið þessum rannsóknum í sumar, því að brúarvinnuflokkur verður í Öræfasveit í ár við byggingu brúa á Hrútá í Öræfum og Fellsá. Gæti vinnuflokkur þessi gert botnrannsóknirnar á leið úr Öræfum vestur yfir sandinn.
3. Þá hefur í samráði við vatnamælingadeild orkumálastjóra verið gerð áætlun um að koma upp sjálfritandi vatnsmælum í ám beggja vegna Skeiðarársands og í Sandgígjukvísl, en ekki er talið tiltækilegt að koma upp slíkum sjálfritandi vatnsmælum í Skeiðará, Núpsvötnum eða Súlu, sökum þess, hve ár þessar renna á víð og dreif. Í þeim yrðu í stað þess gerðar þversniðmælingar nokkrum sinnum. Yrði það fyrsta skrefið til þess að fá nákvæmar mælingar af næstu jökulhlaupum á Skeiðarársandi.

Það mun fara nokkuð eftir niðurstöðum þessara rannsókna, hvernig rannsóknum verður hagað árið eftir. Líkur eru taldar á því, að næsta hlaup í Skeiðará komi árið 1970. Telur dr. Sigurður Þórarinsson, að þegar mælingar hafa verið gerðar í Grímsvötnum á vori komanda, muni mega segja fyrir um það atriði með nokkurri vissu. Fyrir það hlaup er alveg nauðsynlegt að geta byggt hluta af varnargarði eða varnargörðum af mismunandi gerðum, til þess að fá úr því skorið, hvaða gerð varnargarða muni geta staðizt jökulhlaup í Skeiðará. Að fenginni reynslu af slíku hlaupi er líklegt, að gera mætti sér nokkuð raunhæfa grein fyrir því, hvaða gerð varnargarða og brúa kæmi til greina við lagningu vegar yfir Skeiðarársand.

Með vísun til þess, er að framan greinir, þá leyfi ég mér að mæla með því, að framangreind tillaga til þingsályktunar á þskj. 49 verði samþykkt, og tel eftir atvikum eðlilegt, að breytingartillagan á þskj. 241 verði felld inn í tillöguna. Hins vegar leyfi ég mér að leggja til, að niðurlag tillögunnar verði orðað á þá lund, að stefnt skuli að því, að athugun sú, er tillagan gerir ráð fyrir, geti legið fyrir við gerð vegáætlunar fyrir árin 1972—1976.

Verði framangreind tillaga til þingsályktunar samþykkt, þá skal á það bent, að Vegagerð ríkisins mun ekki geta hafið svo umfangsmiklar og kostnaðarsamar rannsóknir sem tillagan gerir ráð fyrir, nema sérstök fjárveiting komi til. Væri eðlilegt, að teknar yrðu upp sérstakar fjárveitingar í þessu skyni í næstu vegáætlun. Hins vegar er nauðsynlegt að hefja þessar rannsóknir í ár, ef stefna á að því, að þeim verði lokið fyrir vegáætlun 1972—1976, þar sem ljúka þarf vissum hluta þeirra fyrir Skeiðarárhlaup það, sem vænzt er 1970, eins og vikið er að hér að framan.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jóhannsson.

Sþ. 620. Nefndarálit [135. mál]

um till. til þál. um að skipta í akreinar blindhæðum á þjóðvegum.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd varð ekki sammála um afgreiðslu tillögunnar. Leggur undirritaður minni hluti til, að tillagan verði samþykkt óbreytt, en meiri hlutinn vill vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.

Við undirritaðir teljum brýna nauðsyn bera til þess, ekki sízt nú í sambandi við umferðarbreytinguna, að láta einskis ófreistað að auka öryggi á vegum, m. a. með því að skipta vegum í akreinar, þar sem blindhæðir eða blindbeygjur valda

slysahættu. Algert lágmark er, að slíkir staðir verði auðkenndir með greinilegum viðvörunarmerkjum. Að okkar dómi er ekki stætt á því að horfa í fé og fyrirhöfn, þegar um það er að ræða að efla öryggi í umferð á hinum tiltölulega fjölförnu, en ófullkomnu vegum landsins, ekki sízt þegar í hönd fer svo víðtæk breyting á umferðarháttum sem ákveðin hefur verið.

Alþingi, 8. apríl 1968.

Ingvar Gíslason, frsm. Halldór E. Sigurðsson. Ágúst Þorvaldsson.

Geir Gunnarsson.

Nd. 621. Breytingartillögur [169. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   2. málsgr. 7. gr. laganna orðist þannig:
   Ríkisstjórninni er þó heimilt, að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu, sbr. bráðabirgðaákvæði þessara laga, að leyfa tilbúning öls til sölu innanlands og útflutnings, sem hafi inni að halda allt að 4½% af vínanda að rúmmáli. Framleiðslugjald af áfengu öli skal ákveðið í lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum.
   Nánari ákvæði um meðferð og sölu á áfengu öli skal setja í reglugerð. Áfengt öl, sem selt er innanlands, lýtur sömu lögum um meðferð og sölu og annað áfengi.
2. Aftan við frumvarpið komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórninni er skylt að láta á árinu 1969 fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu meðal alþingiskjósenda um, hvort þeir vilji leyfa tilbúning og sölu áfengs öls skv. því, sem segir í 7. gr. Ef meiri hluti þeirra, er atkvæði greiða, er samþykkur, öðlast 7. gr. gildi.

Við þjóðaratkvæðagreiðsluna skal fara eftir lögum um kosningar til Alþingis, eftir því sem við á.

Nd. 622. Nefndarálit [67. mál]

um frv. til l. um bókhald.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Alþingi, 10. apríl 1968.

Matthías Á. Matthiesen, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Lúðvík Jósefsson.

Vilhjálmur Hjálmarsson. Gunnar Gíslason. Jón Kjartansson.

Guðl. Gíslason.

Nd. 623. Frumvarp til laga [104. mál]

um heimild fyrir hreppsnefndina í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu til að selja jörðina Þykkvabæ I í Landbroti.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. apríl).

1. gr.

Hreppsnefndinni í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu er heimilt að selja Ingu Þórarinsdóttur, húsfreyju að Þykkvabæ I, jörðina Þykkvabæ I í Landbroti fyrir það verð, sem um semst eða verður ákveðið eftir mati dómkvaddra manna. Jörðin skal vera séreign Ingu Þórarinsdóttur skv. kaupmála, er gerður verður að lögboðnum hætti.

Kaupandi jarðarinnar, Inga Þórarinsdóttir, skal gera jörðina Þykkvabæ I að ættaróðali samkvæmt ákvæðum I. kafla laga um ættaróðal og óðalsrétt.

2. gr.

Hreppsnefndin skal sjá svo um, að söluverði jarðarinnar verði varið í sem nánustu samræmi við tilgang gjafabréfs hjónanna Helga Þórarinssonar og Höllu Einarsdóttur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 624. Lög [62. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 22 24. apríl 1965.

(Afgreidd frá Nd. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 523.

Nd. 625. Lög [139. mál]

um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 394 (sbr. 299).

Ed. 626. Breytingartillaga [185. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Karli Guðjónssyni.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, þannig:

Inn í 7. gr. laganna bætist nýr stafliður, er verði F-liður, svo hljóðandi:

Nú hlutast ríkisstjórnin til um, að hærri lán séu veitt til einhverra bygginga en almennar reglur Húsnæðismálastofnunarinnar mæla fyrir um eða að greiðslur

verði örari en almennt tíðkast hjá stofnuninni, og skal þá óheimilt að láta hin auknu útlán, er þannig skapast, bitna á almennu útlánastarfseminni, heldur skal ríkisstjórninni þá skylt að útvega byggingarsjóði aukið fjármagn, sem útlánaaukningunni nemur.

Ed. 627. Breytingartillaga [185. mál]

við brtt. á þskj. 610 [Húsnæðismálastofnun ríkisins].

Frá félagsmálaráðherra.

Á eftir orðunum „byggingarmeistara og byggingarfyrirtækja“ komi: meðan á byggingartíma stendur, er síðan skiptist milli væntanlegra íbúðarkaupenda.

Ed. 628. Frumvarp til laga [185. mál]

um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. apríl.)

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Veðlánakerfi til aðstoðar við byggingu íbúðarhúsnæðis skal starfrækt undir sameiginlegri stjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands.

Til öflunar fjár í byggingarsjóð ríkisins er veðdeild Landsbanka Íslands heimilt að gefa út og selja skuldabréf (bankavaxtabréf) sem svarar heildarupphæð árlegra lánveitinga húsnæðismálastjórnar til íbúðabygginga. Skuldabréf þessi skulu vera með föstum vaxtafæti og endurgreiðast með jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana (annuitet), sjá þó 5. málsgr. þessarar gr.

Skuldabréf þessi og vextir af þeim skulu vera undanþegin sköttum, útsvari og framtalsskyldu á sama hátt og innstæður í bönkum.

Ríkissjóður ber einfalda ábyrgð á skuldbindingum samkvæmt bréfum þessum.

Hagstofa Íslands skal reikna vísitölu, er sýnir breytingar á dagvinnutímakaupi fyrir almenna verkamannavinnu í Reykjavík, samkvæmt nánari ákvörðun hennar. Grunntími þessarar vísitölu skal vera 1. febrúar 1968, og skal hún framvegis reiknuð fjórum sinnum á ári, miðað við fyrsta dag mánaðanna febrúar, maí, ágúst og nóvember. Gildistími hverrar vísitölu í sambandi við útgáfu skuldabréfa samkvæmt 2. málsgr. þessarar gr. og C-liðs 7. gr. er 3 mánuðir og reiknast frá 1. degi þess mánaðar, er vísitalan er við miðuð.

Á ársgreiðslur lána, er byggingarsjóður tekur samkvæmt 2. málsgr. þessarar gr., skal greiða hlutfallslega viðbót, sem svarar helmingi þeirrar hækkunar, er hverju sinni hefur orðið á kaupvísitölu (sbr. 5. málsgr. þessarar gr.) frá útgáfutíma skuldabréfs og til 1. febrúar næst fyrir hverja ársgreiðslu.

Ráðherra ákveður að öðru leyti gerð þessara skuldabréfa og setur nánari reglur um útgáfu þeirra. Skal fara eftir þeim reglum, er gilda um útgáfu bankavaxtabréfa veðdeildar Landsbankans, nema ráðherra ákveði annað.

2. gr.

3. málsgr. A-liðs 7. gr. orðist svo:

Húsnæðismálastjórn getur enn fremur veitt sveitarfélögum, Öryrkjabandalagi Íslands og elliheimilum lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum og kauptúnum. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um slíkar leiguíbúðir.

3. gr.

Aftan við A-lið 7. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita lán til byggingarmeistara og byggingarfyrirtækja, meðan á byggingartíma stendur, er síðan skiptist milli væntanlegra íbúðarkaupenda, er byggja íbúðir, sem fyrirhugað er að selja fullgerðar til einstaklinga, sem fullnægja útlánareglum húsnæðismálastjórnar. Það er skilyrði fyrir slíkum lánum, að íbúðirnar verði eigi seldar, nema húsnæðismálastjórn samþykki söluverð þeirra fullgerðra. Við verðlagningu íbúðanna skal höfð hliðsjón af byggingarvísitölu.

4. gr.

Fyrri málsgr. C-liðs 7. gr. orðist svo:

Ársvextir af lánum þessum skulu vera 4%, þau skulu vera afborgunarlaus fyrsta árið, en endurgreiðast síðan að fullu á 25 árum með jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana (annuitet). Hvert lán skal vera tryggt með 1. veðrétti í viðkomandi íbúð. Á vexti af lánum þessum fyrsta árið, og af ársgreiðslum af þeim síðar, skal skuldari greiða hlutfallslega viðbót, sem svarar helmingi þeirrar hækkunar, er hverju sinni hefur orðið á kaupvísitölu (sbr. 5. málsgr. 5. gr.) frá lántökutíma og til 1. febrúar næst fyrir hverja ársgreiðslu. Til greiðslu á kostnaði veðdeildar Landsbankans vegna starfa hennar í þágu byggingarsjóðs skulu skuldarar árlega greiða sem svarar ¼% af lánsfjárhæðinni. Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og árlegir vextir, og við það skal lögð hlutfallslega sama vísitöluviðbót og greidd er á ársgreiðslu af láninu hverju sinni.

5. gr.

1. málsl. 3. málsgr. 10. gr. orðist svo:

Þegar sá, sem sparað hefur fé og lagt í sjóð samkvæmt 1. málsgr., hefur náð 26 ára aldri — eða stofnað til hjúskapar, verði það fyrr — skal hann eiga þess kost að fá endurgreitt sparifé sitt samkvæmt 1. málsgr. með 4% vöxtum frá þeim tíma, er það var inn lagt, og með viðbót samkvæmt kaupvísitölu (sbr. 5. málsgr. 5. gr.).

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir, sem fengið hafa vísitölubundin lán hjá veðdeild Landsbankans á tímabilinu 24. júlí 1964 og til gildistöku þessara laga, skulu á gjalddaga ársgreiðslu 1. maí 1968 greiða álag á hana samkvæmt vísitölu 194 stig. Tekur þetta jafnt til lána, sem tengd eru framfærsluvísitölu, sem til lána, sem tengd eru kaupgreiðsluvísitölu. Á ársgreiðslur af slíkum lánum, sem falla í gjalddaga eftir 1. maí 1968, skulu skuldarar greiða hlutfallslega viðbót sem svarar helmingi þeirrar hækkunar, sem hverju sinni hefur orðið á kaupvísitölu (sbr. 5. málsgr. 5. gr.) frá 1. febrúar 1968 og til 1. febrúar næst fyrir gjalddaga hverrar ársgreiðslu.

Ed. 629. Breytingartillaga [185. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá félagsmálaráðherra.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Húsnæðismálastjórn er heimilt, á meðan á byggingartíma stendur, að veita lán til byggingarmeistara og byggingarfyrirtækja, er byggja íbúðir, sem fyrirhugað er að selja fullgerðar til einstaklinga, sem fullnægja útlánareglum húsnæðismálastjórnar. Lán þessi skiptist síðan milli væntanlegra íbúðarkaupenda.

Það er skilyrði fyrir slíkum lánum, að íbúðirnar verði eigi seldar, nema húsnæðismálastjórn samþykki söluverð þeirra fullgerðra. Við verðlagningu íbúðanna skal höfð hliðsjón af byggingarvísitölu.

Nd. 630. Frumvarp til laga [185. mál]

um breyt. á l. nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Ed., 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 628 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Húsnæðismálastjórn er heimilt, á meðan á byggingartíma stendur, að veita lán til byggingarmeistara og byggingarfyrirtækja, er byggja íbúðir, sem fyrirhugað er að selja fullgerðar til einstaklinga, sem fullnægja útlánareglum húsnæðismálastjórnar. Lán þessi skiptist síðan milli væntanlegra íbúðarkaupenda.

Það er skilyrði fyrir slíkum lánum, að íbúðirnar verði eigi seldar, nema húsnæðismálastjórn samþykki söluverð þeirra fullgerðra. Við verðlagningu íbúðanna skal höfð hliðsjón af byggingarvísitölu.

Nd. 631. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Aðalatriði þessa frumvarps, eins og það var upphaflega lagt fyrir Ed., eru tvö: Í fyrsta lagi er lagt til, að fjölgað verði í nefndinni úr 7 mönnum í 8, og skal ráðherra skipa áttunda manninn eftir sameiginlegri tilnefningu Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félags síldarsaltenda á Suðvesturlandi. Samkv. gildandi lögum tilnefna þessi félög sinn manninn hvort í nefndina, og gerir frv. ráð fyrir, að sú tilhögun haldist óbreytt. Í öðru lagi var lagt til, að síldarútvegsnefnd skyldi hafa skrifstofu á Austurlandi, en gildandi lög gera aðeins ráð fyrir skrifstofum nefndarinnar í Reykjavík og í Siglufirði.

Þessu síðara ákvæði frv. var breytt í meðförum Ed. í það horf, sem það er nú á þskj. 350, þar sem segir:

„Heimili síldarútvegsnefndar, varnarþing og aðalskrifstofa skal vera á Siglufirði.“

Um það leyti sem Ed. afgreiddi frv. þannig breytt, bárust nefndinni mótmæli gegn breytingunni frá eftirtöldum aðilum:

1. Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi.
2. Félagi síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi.
3. Landssambandi íslenzkra útvegsmanna.

Nefndin sendi frv. með áorðinni breytingu í Ed. til umsagnar síldarútvegsnefndar, og segir m. a. í svari nefndarinnar, dags. 16. þ. m.:

„Síldarútvegsnefnd mælir eindregið gegn því, að frumvarpið, eins og það er eftir afgreiðslu í Ed., verði samþykkt."

Bréf þessara fjögurra aðila eru prentuð sem fskj. með þessu nál.

Einnig er þess að geta, að nefndinni hefur borizt ljósrit af bréfi nokkurra síldarsaltenda í Siglufirði, dags. 10. des. s. l., þar sem þeir mótmæla því, sem þeir kalla fyrirhugaðan flutning á aðalskrifstofum síldarútvegsnefndar til Reykjavíkur. Loks hefur bæjarstjórinn í Siglufirði sent símskeyti, dags 25. marz s. l., með umsögnum Landssímans varðandi símaþjónustu milli síldarbæja eystra og Siglufjarðar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Minni hl. nefndarinnar, þeir BP, PS og GuðlG, leggur til, að frv. verði samþykkt, en tveir þeirra hafa þó gefið það álit út með fyrirvara. Undirritaður meiri hluti nefndarinnar metur hins vegar fram komin mótmæli þeirra aðila, er að framan voru taldir, gegn frumvarpinu í núverandi mynd þannig, að þeir af þeim, sem studdu upphaflega frumvarpið, afturkalli raunverulega stuðning sinn við það og óski ekki eftir, að það nái fram að ganga. Allir þessir aðilar hafa góða þekkingu á starfsemi síldarútvegsnefndar, og útvegsmenn og síldarsaltendur hafa mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við störf hennar fyrir sjálfa sig og starfsfólk sitt. Viljum við því taka mótmæli þeirra gegn frumvarpinu til greina og leggjum til, að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Varðandi aðsetur síldarútvegsnefndar er það skoðun okkar, að henni beri að halda uppi eðlilegri starfsemi í Siglufirði og sunnanlands og austan, miðað við þarfir og aðstæður á hverjum tíma. Teljum við, að vegna hinna alkunnu breytinga á síldveiðunum megi ákvæði um þetta ekki vera allt of einskorðuð í lögum.

Alþingi, 17. apríl 1968.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Sverrir Júlíusson, fundaskr.	Lúðvík Jósefsson.	Jón Skaftason.

Fylgiskjal I.

FÉLAG SÍLDARSALTENDA Á NORÐUR- OG AUSTURLANDI

Reykjavík, 11. marz 1968.

Vér leyfum oss hér með að mótmæla harðlega framkomnu frumvarpi fjögurra þingmanna úr Norðurlandskjördæmum þess efnis, að aðalskrifstofa Síldarútvegsnefndar skuli vera á Siglufirði, og vísum til einróma samþykktar fjölmenns aðalfundar Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, þar sem þess var krafizt, að skrifstofu Síldarútvegsnefndar í Reykjavík verði falin yfirumsjón með söltun síldar á Norður- og Austurlandi, en jafnframt tekið fram, að skrifstofur verði þó áfram á Siglufirði og Austfjörðum.

Vér vörum alvarlega við því, að hagsmunum saltsíldarframleiðslunnar sé fórnað í annarlegum tilgangi, og bendum á, að félög síldarsaltenda og Síldarútvegsnefnd, sem skipuð er fulltrúum margra hagsmunasamtaka, hljóti að hafa meiri þekkingu á málefnum og vandamálum saltsíldarframleiðslunnar en aðilar, sem hvergi hafa komið þar nærri.

Vér væntum þess fastlega, að við afgreiðslu þessa máls verði heildarhagsmunir saltsíldarframleiðslunnar og þeirra aðila, sem henni eru tengdir, látnir ráða.

Virðingarfyllst,

f. h. Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi,
Jón Þ. Árnason.

Formaður sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis,
hr. Birgir Finnsson, Alþingi, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

FÉLAG SÍLDARSALTENDA Á SUÐUR- OG VESTURLANDI

Reykjavík, 12. marz 1968.

Frumvarp það, sem samþykkt hefur verið við 2. umræðu í efri deild Alþingis varðandi Síldarútvegsnefnd, teljum við varhugavert og til hins verra, ef að lögum yrði í því formi, sem það nú er, vegna þeirrar breytingar, er á því var gerð, þ. e. ákvæðið, sem fjallar um lögheimili og aðalskrifstofu nefndarinnar.

Nær allir síldarsaltendur á landinu eru eindregið þeirrar skoðunar, að eins og nú háttar — og hefur verið undanfarin ár — sé nauðsynlegt, að yfirstjórn Síldarútvegsnefndar hafi aðsetur í Reykjavík, á sama hátt og allar aðrar greinar útflutningsframleiðslu sjávarafurða hafa.

Vér leyfum oss því að mótmæla eindregið, að nefnt atriði frumvarpsins verði að lögum, og skorum á háttvirta neðri deild Alþingis að fella það úr frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

f. h. Félags síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi,
Ólafur Jónsson. Margeir Jónsson.

Formaður sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis.
Hr. Birgir Finnsson, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

LANDSSAMBAND ÍSLENZKRA ÚTVEGSMANNA

Reykjavík, 22. marz 1968.

Landssamband íslenzkra útvegsmanna lætur í ljós furðu sína yfir breytingu þeirri, sem efri deild Alþingis hefur samþykkt á frv. til laga um breyting á lögum um Síldarútvegsnefnd á þingskjali Ed. 236, en breyting deildarinnar á frumvarpinu er þess efnis, að heimili, varnarþing og aðalskrifstofa Síldarútvegsnefndar skuli vera í Siglufirði.

Frumvarpið á þingskjali 236 var flutt að beiðni hæstv. sjávarútvegsmálaráðherra skv. ósk um flutning þess frá sjö manna nefnd, sem skipuð var af ráðuneytinu s. l. sumar til þess að gera tillögur um framtíðarskipulag á sölu verkaðrar síldar til útflutnings.

Skv. tillögum nefndarinnar skyldi Síldarútvegsnefnd hafa skrifstofur í Reykjavík, Siglufirði og á Austurlandi.

Var þessi tillaga, sem sjávarútvegsmálaráðherra tók upp í frv. um breytingu á lögunum um Síldarútvegsnefnd, gerð í einu hljóði af sjömannanefndinni. Tillögur, sem gengu í sömu átt, höfðu áður verið samþykktar einnig í einu hljóði af Félagi síldarsaltenda norðan- og austanlands, Félagi síldarsaltenda suðvestanlands og af Síldarútvegsnefnd.

Þessir aðilar eru kunnugastir málavöxtum, og ber þeim öllum saman um, að mjög óheppilegt sé, að aðalskrifstofa nefndarinnar sé í Siglufirði og á öðrum stað en Síldarútvegsnefnd heldur fundi sína.

Hefur það leitt til mikilla tafa á afgreiðslu mála hjá Síldarútvegsnefnd, sem aftur veldur truflunum á framleiðslu og sölu síldarinnar. Hefur þetta oft bakað síldarsaltendum og viðskiptamönnum þeirra, útgerðarmönnum og sjómönnum, og síldarútveginum í heild stórtjón, sem auðvelt er að sanna með dæmum. Auk þessa hefur þetta fyrirkomulag í för með sér mikinn aukakostnað við starfsemi nefndarinnar.

Landssamband íslenzkra útvegsmanna skorar því á hæstvirt Alþingi að færa frumvarpið í upphaflegt horf hvað þetta snertir, þ. e. að: „Nefndin skal hafa skrifstofur í Reykjavík, Siglufirði og á Austurlandi."

Virðingarfyllst,

f. h. Landssambands ísl. útvegsmanna,

Sig. H. Egilsson.

Til sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis,
Alþingi, Reykjavík.

Fylgiskjal IV.

SÍLDARÚTVEGSNEFND

Reykjavík, 16. apríl 1968.

Á fundi Síldarútvegsnefndar í dag var svo hljóðandi samþykkt gerð sem svar við bréfi sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis, dags. 25. marz s. l.:

„Síldarútvegsnefnd hefur móttekið bréf sjávarútvegsnefndar Nd., dags. 25. marz s. l., ásamt frumv. til l. um breytingu á l. nr. 62 21. apríl 1962, um Síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar. Í bréfi sjávarútvegsnefndarinnar er óskað eftir umsögn Síldarútvegsnefndar um frumvarpið, eins og það liggur fyrir eftir 2. umr. í Ed.

Síldarútvegsnefnd mælir eindregið gegn því, að frumvarpið, eins og það er eftir afgreiðslu í Ed., verði samþykkt.

Síldarútvegsnefnd telur fráleitt, að Alþingi samþykki lagabreytingu varðandi starfstilhögun og daglegan rekstur Síldarútvegsnefndar, sem gengur í berhögg við álit þeirra aðila, sem falið hefur verið að hafa yfirumsjón með sölu- og framleiðslumálum saltsíldar, enda mætti ætla, að þeir, sem að þessum málum starfa, séu líklegastir til þess að geta dæmt um það, hvað bezt henti í þessu efni. Vísar nefndin í þessu sambandi til fyrri samþykkta sinna svo og samþykkta félaga síldarsaltenda og Landssambands ísl. útvegsmanna, sem sendar hafa verið sjávarútvegsnefnd Nd.

Þar sem allmikils misskilnings gætti í umræðum í Ed. varðandi starfsemi Síldarútvegsnefndar, leyfum vér oss að senda yður hjálagt ályktun, sem samþykkt var með öllum atkv. á fundi Síldarútvegsnefndar 12. sept. s. l., svo og afrit af athugasemdum,

er formaður Síldarútvegsnefndar sendi formanni sjávarútvegsnefndar Ed. þann 12. febrúar s. l.“

Samþykkt þessi var gerð með atkv. allra nefndarmanna (7).

Virðingarfyllst,

f. h. SÍLDARÚTVEGSNEFNDAR,

Njáll Ingjaldsson.

Til sjávarútvegsnefndar
neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Ed. 632. Lög [176. mál]

um breyting á lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

(Afgreidd frá Ed. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 453.

Ed. 633. Lög [17. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 17.

Ed. 634. Lög [149. mál]

um breytingu á mörkum Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps í Suður-Múlasýslu og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja ríkisjörðina Hólma.

(Afgreidd frá Ed. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 555.

Ed. 635. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og tókst eigi að ná samkomulagi í nefndinni um afstöðu til þess. Undirritaður meiri hluti nefndarinnar mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt með áorðnum breytingum, sem gerðar voru í neðri deild.

Alþingi, 17. apríl 1968.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Auður Auðuns.
Sveinn Guðmundsson.	Björn Fr. Björnsson.	Einar Ágústsson.

Ed. 636. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til laga um vörumerki.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta frumvarp og mælir með samþykkt þess, enda er vörumerkjalöggjöf okkar gömul og úrelt og augljós nauðsyn nýrrar lagasetningar á þessu sviði.

Alþingi, 17. apríl 1968.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Auður Auðuns.
Sveinn Guðmundsson.	Björn Fr. Björnsson.	Einar Ágústsson.
	Karl Guðjónsson.	

Sþ. 637. Þingsályktun [50. mál]

um stöðlun fiskiskipa.

(Afgreidd frá Sþ. 17. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram nákvæma rannsókn á því, hvort ekki sé hagsamt að láta staðla veiðiskip landsmanna í ákveðnar stærðir og gerðir, svo að þau verði ódýrari í smíðum fyrir innlendar skipasmíðastöðvar.

Jafnframt væntir Alþingi þess, að einskis verði látið ófreistað til að auðvelda þegar reistum skipasmíðastöðvum samkeppni um smíði veiðiskipa landsmanna við erlendar skipasmíðastöðvar, svo að ekki komi til verkefnaskorts hjá þeim.

Sþ. 638. Þingsályktun [47. mál]

um undirbúning þess að gera akfært umhverfis landið.

(Afgreidd frá Sþ. 17. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á samgöngumálaráðherra að láta gera áætlun um samgöngubætur yfir Skeiðarársand, sem tengi hringleið um landið. Áætlun þessari skal hraðað svo sem unnt er og að því stefnt, að hafa megi afnot hennar við gerð vegáætlunar fyrir árin 1972—76.

Sþ. 639. Þingsályktun [57. mál]

um endurskoðun laga um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

(Afgreidd frá Sþ. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 65.

Sþ. **640. Þingsályktun** [69. mál]

um fiskeldisstöðvar.

(Afgreidd frá Sþ. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 109.

Sþ. **641. Þingsályktun** [79. mál]

um breytta skipan lögreglumála í Reykjavík.

(Afgreidd frá Sþ. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 149.

Sþ. **642. Þingsályktun** [108. mál]

um fiskirækt í fjörðum.

(Afgreidd frá Sþ. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 238.

Sþ. **643. Þingsályktun** [142. mál]

um mannúðlega meðferð á hrossum.

(Afgreidd frá Sþ. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 302.

Sþ. **644. Þingsályktun** [148. mál]

um auknar sjúkratryggingar til sjúklinga, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis.

(Afgreidd frá Sþ. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 314.

Sþ. **645. Lög** [18. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Ed. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 612.

Ed. **646. Lög** [56. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961.

(Afgreidd frá Ed. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 61.

Ed. 647. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Þegar frv. þetta var fram borið í Nd., hafði það aðeins að geyma sjálfsögð ákvæði um breyt. á kosningalögum til samræmis við þá breytingu, sem gerð hefur verið á stjórnarskrá lýðveldisins, að kosningarréttur skuli miðaður við 20 ára aldur. Um þessa breytingu hafa allir hv. alþm. verið sammála og eru enn. Undir meðferð málsins í Nd. var að tillögu hv. dómsmálaráðherra bætt inn í frv. nýrri grein (4. gr.), sem hinu upphaflega máli er algerlega óviðkomandi og hefur orðið þess valdandi, að mjög eru skiptar skoðanir um frv. eins og það nú er eftir breytingu meiri hl. Nd.

Undirritaður er algerlega andvígur þeirri breytingu, sem felst í 4. gr. frv. og er þess efnis, að afnuminn er sá skilyrðislausi réttur, sem kjósendur hafa nú lögum samkv. til þess að bjóða fram fleiri en einn lista fyrir sama flokk í sama kjördæmi. Slíkur réttur hefur verið lögfestur um áratugi, og hefur Alþingi staðfest þennan rétt hvað eftir annað, þegar stjórnarskrár- eða kosningalagaákvæði hafa legið þar fyrir, svo sem 1933, 1942 og 1959.

Það er skoðun undirritaðs, að gildandi ákvæði um framboð fleiri en eins lista fyrir sama flokk hafi reynzt flokkunum þarft aðhald og að engin fullnægjandi rök verði færð fyrir því, að slíks aðhalds sé ekki lengur þörf. Þá telur hann einnig rangt að breyta kosningalögum að öðru leyti en óhjákvæmilegt er vegna stjórnarskrárbreytingarinnar, sem lögfest hefur verið, nema lögin í heild séu endurskoðuð.

Af framansögðu leiðir, að undirritaður leggur til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

4. gr. frv. falli brott.

Alþingi, 17. apríl 1968.

Karl Guðjónsson.

Nd. 648. Breytingartillaga [170. mál]

við frv. til l. um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum.

Frá Lúðvík Jósefssyni og Jóni Skaftasyni.

Við 19. gr. Síðari málsgreinin falli niður.

Nd. 649. Nefndarálit [170. mál]

um frv. til laga um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarpi þessu var vísað til nefndarinnar miðvikudaginn 10. þ. m., eða sama dag og gert var hlé á störfum Alþingis vegna páskahelginnar. Eftir páskahléið hefur nefndin rætt það á þrem fundum. Málið er komið frá Ed., sem gerði nokkrar breytingar á upphaflega frumvarpinu.

Auðsætt er af greinargerð frumvarpsins, að það hefur verið lengi í undirbúningi, en þrátt fyrir það kemur fram í umsögnum, sem fyrir liggja, að skoðanir eru skiptar um ýmis atriði þess. Vegna hins nauma tíma, sem nefndin hefur haft til athugunar á frumvarpinu, hefur hún ekki getað kynnt sér þessi atriði til hlítar með viðræðum við þá aðila, sem hlut eiga að máli. Kvaddi nefndin aðeins á sinn fund þá dr. Þórð Þorbjarnarson, formann Fiskmatsráðs, og Sigurð B. Haraldsson efnaverkfræðing, annan framkvæmdastjóra Fiskmatsráðs, en form. nefndarinnar átti viðtal við Bergstein Á. Bergsteinsson fiskmatsstjóra.

Mikil áherzla hefur verið á það lögð af hæstv. ríkisstjórn, að frumvarp þetta næði fram að ganga á þessu þingi, aðallega til þess að unnt verði að setja nýjar reglugerðir um eftirlit með meðferð fisks og mat á fiski og fiskafurðum. Er talið, að breytt fyrirkomulag á framkvæmd þessara mála geti leitt til nokkurs sparnaðar, og er sá tilgangur frumvarpsins út af fyrir sig lofsverður. Þannig er talið, að sameining Fiskmats ríkisins og Ferskfiskeftirlitsins geti haft fjárhagslegan sparnað í för með sér, en jafnframt gert matsstofnanirnar öflugri en þær nú eru og skapað þeim skilyrði til þess að veita betri þjónustu.

Telur nefndin rétt, að á þetta reyni, og mælir því með frumvarpinu með nokkrum breytingum, sem hún flytur á sérstöku þskj.

Verður gerð nánari grein fyrir brtt. nefndarinnar í framsögu.

Nefndinni er ljóst, að engan veginn er víst, að tekizt hefði að eyða öllum skoðanamun um einstök atriði frumvarpsins, þótt hún hefði haft lengri tíma til þess að fjalla um málið. Eftirlit með vöruvöndun fiskafurða, og fiskmat eru að eðli sínu þannig, að ekki er að furða, þótt ólíkra sjónarmiða gæti, og ný viðhorf eru sífellt að skapast. Þess vegna eiga mjög mörg atriði, er að þessu lúta, fremur heima í reglugerð en í lögum, eins og gert er ráð fyrir í frv. Jafnframt má við því búast, að áður en langt líður muni þurfa að endurskoða þau lög, sem nú verða sett samkv. þessu frumvarpi. Hafa bæði Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Sjávarafurðadeild S.Í.S. skýrt svo frá, að í U.S.A. sé verið að setja lög og reglur um strangara eftirlit með fiskmati en þar hefur gilt til þessa. Óskuðu raunar báðir þessir aðilar eftir því, að afgreiðslu málsins yrði frestað til hausts með hliðsjón af fréttum vestanhafs um þessi mál. Á þá frestun þótti ekki ástæða til að fallast, m. a. vegna þess, að alltaf er opin leið til endurskoðunar laganna, þótt hún sé seinfærari en endurskoðun reglugerða, og eins og fyrr segir, eiga flest atriði varðandi eftirlitið og fiskmatið heima í reglugerð.

Nefndin vill í framhaldi af þessu taka fram, að þótt hún mæli með samþykkt frumvarpsins, m. a. í sparnaðarskyni, þá leggur hún á það ríka áherzlu, að sá sparnaður má hvergi leiða til þess, að slakað verði á kröfum um vandaða og þrifalega meðferð fisks og fiskmetis á öllum stigum framleiðslunnar. Eftirlitið og fiskmatið getur ráðið úrslitum um það, hvort Íslendingar halda þeirri fótfestu, sem þeir hafa náð á beztu mörkuðum fyrir fiskafurðir. Það er þess vegna mikilvægt, að þetta kerfi sé þannig uppbyggt og framkvæmt, að viðskiptavinir okkar geti viðurkennt það og treyst því.

Einn nefndarmanna, BP var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 18. apríl 1968.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Sverrir Júlíusson, fundaskr.	Jón Skaftason, með fyrirvara.
Lúðvík Jósefsson, með fyrirvara.	Pétur Sigurðsson.	Guðl. Gíslason.

Nd. 650. Breytingartillögur [170. mál]

við frv. til l. um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Sjávarútvegsmálaráðherra skipar fiskmatsstjóra, deildarstjóra og yfirfiskmatsmenn að fengnum umsóknum og meðmælum.
   Við skipun deildarstjóra, yfirfiskmatsmanna og ráðningu annarra starfsmanna við Fiskmat ríkisins skal leitað álits væntanlegs yfirmanns starfsmanns þess, sem hlut á að máli.
2. Við 10. gr. Síðasta mgr. orðist svo:
   Kaup fiskmatsmanna fyrir störf þeirra og annan kostnað af störfum þeirra við fiskmatið greiði eigendur fisksins þeim, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð um störf fiskmatsmanna.
3. Við 11. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Fiskmatsstjóri, deildarstjórar og yfirfiskmatsmenn hafa skyldur ... o. s. frv.
4. Við 13. gr. Við greinina bætist:
   Hleðslustjórar skulu hlíta fyrirmælum yfirfiskmatsmanna um hleðslu skipa að því er varðar mat, gæði, útlit og merkingu vörunnar.
   Lögreglustjóri löggildir hleðslustjóra samkvæmt tilnefningu fiskmatsstjóra og sér um, að þeir riti undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra.
5. Við 17. gr. Greinin falli niður.

Nd. 651. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Undirritaðir leggja til, að frumvarpið nái fram að ganga. Nefndarmennirnir LJós og JSk eru frumvarpinu andvígir og munu skila séráliti. Fjarverandi við afgreiðslu málsins var BP.

Samkomulag varð í nefndinni um eina brtt. við frumvarpið, og er hún flutt á sérstöku þingskjali.

Undirritaðir nefndarmenn eru þeirrar skoðunar, að endurskoða þurfi tryggingar fiskiskipaflotans með það fyrir augum að lækka þennan kostnaðarlið útgerðarinnar.

Leggjum við áherzlu á, að rækileg athugun verði látin fara fram á því, hvernig þessum málum verði bezt skipað og á hagkvæmari hátt en nú er.

Alþingi, 18. apríl 1968.

Birgir Finnsson, form.	Sverrir Júlíusson, fundaskr., frsm.	Guðl. Gíslason.
	Pétur Sigurðsson.	

Nd. 652. Breytingartillaga [188. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 2. gr. 5. tl. orðist svo:
Til rannsóknarstofnana sjávarútvegsins 0.99%

Nd. 653. Nefndarálit [134. mál]

um till. til þál. um skipun nefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að athuga ýmis atriði herstöðvamálsins.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt þáltill. á fundum sínum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu hennar. 1. minni hl., Gísli Guðmundsson og Skúli Guðmundsson, kvaðst mundu skila séráliti. 2. minni hl., Steingrímur Pálsson, leggur til, að þáltill. sé samþykkt. En undirritaðir nefndarmenn líta svo á, að með tillögunni sé farið fram á rannsókn ýmissa atriða, sem sum verði ekki rannsökuð, sum séu ekki til staðar og enn sum, sem engrar einhlítrar niðurstöðu er að vænta í, þótt rannsökuð væru.

Með þetta í huga leggur meiri hl. allsherjarnefndar til, að þáltill. sé felld.

Alþingi, 18. apríl 1968.

Matthías Bjarnason, form. Bragi Sigurjónsson, fundaskr., frsm. Pétur Sigurðsson. Jónas Pétursson.

Ed. 654. Nefndarálit [116. mál]

um till. til þál. um styrjöldina í Víetnam.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt þessa þingsályktunartillögu á nokkrum fundum. Varð niðurstaðan sú, að rétt væri að endursemja tillöguna í heild með hliðsjón af þeirri þróun, sem átt hefur sér stað í styrjaldarrekstrinum í Víetnam undanfarnar vikur, svo og í þeim tilgangi að ná sem víðtækastri samstöðu um tillöguna á Alþingi.

Allsherjarnefnd varð sammála um að leggja til, að gerð verði á þáltill. svofelld

BREYTING:

Tillögugreinin í heild orðist svo:

Deildin ályktar að lýsa yfir þeirri skoðun sinni, að deiluefni styrjaldaraðila í Víetnam beri að leysa með friðsamlegum hætti.

Stór hætta er á því, að styrjöld þessi geti hvenær sem er breiðzt út og orðið upphaf nýrrar heimsstyrjaldar, auk þess sem áframhaldandi styrjaldarrekstur eykur sífellt á langvarandi hörmungar víetnömsku þjóðarinnar.

Með þeirri takmörkun loftárása á Norður-Víetnam, sem ríkisstjórn Bandaríkjanna hefur nýlega ákveðið, og þeim jákvæðu viðbrögðum, sem stjórnin í Hanoi hefur sýnt af þessu tilefni, hefur nú skapazt hagstætt tækifæri til undirbúnings sáttagerðar í deilunni. Má einskis láta ófreistað til að nota þetta tækifæri sem bezt, svo að vopnahléi og viðræðum um friðarsamninga verði komið á. Telur deildin, að þessu verði nú helzt fram komið með því:

1. að ríkisstjórn Bandaríkjanna stöðvi allar loftárásir á Norður-Víetnam, en jafnframt dragi stjórn Norður-Víetnams og Víet Cong-hreyfingin úr sóknaraðgerðum af sinni hálfu og láti þannig í ljós ótvíræðan vilja til að ganga til samninga;
2. að auk ríkisstjórnar Bandaríkjanna og ríkisstjórnar Norður-Víetnams verði ríkisstjórnin í Saigon og Víet Cong-hreyfingin aðilar að samningsgerðinni;
3. að öflugu sáttastarfi í deilunni verði haldið uppi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Felur deildin ríkisstjórninni að framfylgja þessari ályktun á alþjóðavettvangi.

Einn nefndarmanna, Sveinn Guðmundsson, var fjarverandi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 17. apríl 1968.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Auður Auðuns.
Björn Fr. Björnsson.	Karl Guðjónsson.	Einar Ágústsson.

Nd. 655. Nefndarálit [115. mál]

um till. til þál. um styrjöldina í Víetnam.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt þessa þingsályktunartillögu á nokkrum fundum. Varð niðurstaða undirritaðs minni hl. sú, að rétt væri að endursemja tillöguna í heild með hliðsjón af þeirri þróun, sem átt hefur sér stað í styrjaldarrekstrinum í Víetnam undanfarnar vikur, svo og í þeim tilgangi að ná sem víðtækastri samstöðu um tillöguna á Alþingi.

Minni hl. allsherjarnefndar leggur til, að gerð verði á þáltill. svofelld

BREYTING:

Tillögugreinin í heild orðist svo:

Deildin ályktar að lýsa yfir þeirri skoðun sinni, að deiluefni styrjaldaraðila í Víetnam beri að leysa með friðsamlegum hætti.

Stór hætta er á því, að styrjöld þessi geti hvenær sem er breiðzt út og orðið upphaf nýrrar heimsstyrjaldar, auk þess sem áframhaldandi styrjaldarrekstur eykur sífellt á langvarandi hörmungar víetnömsku þjóðarinnar.

Með þeirri takmörkun loftárása á Norður-Víetnam, sem ríkisstjórn Bandaríkjanna hefur nýlega ákveðið, og þeim jákvæðu viðbrögðum, sem stjórnin í Hanoi hefur sýnt af þessu tilefni, hefur nú skapazt hagstætt tækifæri til undirbúnings sáttagerðar í deilunni. Má einskis láta ófreistað til að nota þetta tækifæri sem bezt, svo að vopnahléi og viðræðum um friðarsamninga verði komið á. Telur deildin, að þessu verði nú helzt fram komið með því:

1. að ríkisstjórn Bandaríkjanna stöðvi allar loftárásir á Norður-Víetnam, en jafnframt dragi stjórn Norður-Víetnams og Víet Cong-hreyfingin úr sóknaraðgerðum af sinni hálfu og láti þannig í ljós ótvíræðan vilja til að ganga til samninga;
2. að auk ríkisstjórnar Bandaríkjanna og ríkisstjórnar Norður-Víetnams verði ríkisstjórnin í Saigon og Víet Cong-hreyfingin aðilar að samningsgerðinni;
3. að öflugu sáttastarfi í deilunni verði haldið uppi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Felur deildin ríkisstjórninni að framfylgja þessari ályktun á alþjóðavettvangi.

Alþingi, 18. apríl 1968.

Skúli Guðmundsson, frsm.	Gísli Guðmundsson.	Steingrímur Pálsson.

Nd. 656. Nefndarálit [115. mál]

um till. til þál. um styrjöldina í Víetnam.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur á fundum sínum rætt um tillöguna og leitað um hana umsagnar hjá utanríkismálanefnd.

Meiri hluti utanríkismálanefndar áleit rétt að bíða um sinn með að afgreiða málið vegna breyttra viðhorfa í Víetnamdeilunni eftir yfirlýsingu þá, sem forseti Bandaríkjanna gaf 31. marz s. l.

Meiri hluti nefndarinnar er samþykkur þessari afstöðu utanríkismálanefndar og fagnar yfirlýsingu Bandaríkjaforseta og jákvæðum undirtektum stjórnarinnar í Hanoi. Leggur meiri hluti nefndarinnar til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** í trausti þess, að fulltrúar Íslands á alþjóðavettvangi geri sitt til að stuðla að friðsamlegri lausn Víetnamdeilunnar.

Alþingi, 18. apríl 1968.

Matthías Bjarnason, form.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Jónas Pétursson, frsm.
	Pétur Sigurðsson.	

Ed. 657. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til laga um verzlunaratvinnu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur tekið þetta frumvarp til umræðu á fundi sínum og mælir einróma með samþykkt þess. BFB var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. apríl 1968.

Jón Þorsteinsson, form.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Sveinn Guðmundsson, frsm.
Auður Auðuns.	Einar Ágústsson.	Karl Guðjónsson.

Nd. 658. Nefndarálit [80. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur haft mál þetta til athugunar, en hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Vörur þær, sem frv. leggur til að undanþegnar verði söluskatti, voru gerðar söluskattskyldar með lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt. Voru þær gerðar söluskattskyldar m. a. vegna þess, að talið var, að undanþágur einstakra vörutegunda torvelduðu uppgjör og eftirlit með innheimtu söluskatts.

Undirritaður meiri hl. telur, að allar aðstæður hvað þetta snertir séu óbreyttar, og leggur því til, að frumv. verði fellt.
Minni hl. mun skila séráliti.

Alþingi, 17. apríl 1968.

Matthías Á. Mathiesen, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr., frsm.	Gunnar Gíslason.
	Guðl. Gíslason.	

Nd. 659. Nefndarálit [185. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 10. maí 1965, um húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og er sammála um að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. apríl 1968.

Guðl. Gíslason, form., frsm.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Jón Skaftason.
Matthías Bjarnason.	Friðjón Þórðarson.	Stefán Valgeirsson.
	Hannibal Valdimarsson.	

Ed. 660. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1968.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki náð samstöðu um afstöðu til þess. Mælir undirritaður meiri hl. með því, að frv. verði samþ. óbreytt, en aðrir nm. munu skila séráliti og flytja brtt.

Alþingi, 18. apríl 1968.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Pétur Benediktsson.
	Sveinn Guðmundsson.	

Nd. 661. Nefndarálit [68. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvörp til laga sama efnis og hér liggur fyrir á þingskjali 107, um breyting á lögunum um bann gegn botnvörpuveiði, hafa öðru hverju verið flutt á Alþingi á

undanförnum árum, en ekki náð fram að ganga og ekki komizt það langt í afgreiðslu, að atkvæðagreiðsla hafi orðið um málið, hvorki í efri né neðri deild þingsins. Á síðastliðnu hausti bárust þingmönnum úr þremur kjördæmum, þ. e. Suðurlandskjördæmi, Reykjaneskjördæmi og Reykjavík, tilmæli frá ýmsum skipstjórnarmönnum og samtökum útgerðarmanna í hinum ýmsu verstöðvum í þessum kjördæmum, þar sem skorað var á þingmenn kjördæmanna að vinna að því, að bátum allt að 150 rúmlestir að stærð yrðu leyfðar togveiðar innan núverandi fiskveiðilandhelgi. Eru erindi þessi prentuð með nefndarálitinu.

Héldu þingmenn umræddra kjördæma sameiginlega fundi með sér um málið, og var fjórum úr þeirra hópi, þeim Guðlaugi Gíslasyni, Jóni Árm. Héðinssyni, Jóni Skaftasyni og Karli Guðjónssyni, falið að kanna málið og leggja frumdrög að tillögu til lausnar því fyrir sameiginlegan fund þingmanna umræddra kjördæma, ef þeir gætu orðið um það sammála.

Héldu þessir aðilar nokkra fundi með sér, áttu viðræður við fiskifræðinga og öfluðu sér þeirra upplýsinga, sem þeir töldu nauðsynlegar til að geta gert sér sem bezt grein fyrir málinu. Urðu þeir sammála um að leggja sameiginlega niðurstöðu sína fyrir þingmenn hinna þriggja kjördæma og þingflokkana til athugunar og umræðna.

Í viðræðum við fiskifræðinga kom það í ljós, að þeir telja, að út af fyrir sig sé botnvarpan, með þeirri möskvastærð, sem nú er ákveðin, 130 mm, fiskistofnunum ekkert hættulegri en þau önnur veiðarfæri, sem nú eru notuð. Hlýtur þetta að vera Alþingi nokkur leiðbeining og gefa því betra svigrúm til þess að gera sér grein fyrir, á hvern hátt hin ýmsu veiðisvæði innan fiskveiðilandhelginnar verði bezt og arðvænlegast nytjuð. En um það atriði hlýtur Alþingi að verða að taka ákvörðun fyrr en síðar, til að reyna að koma í veg fyrir, að frekari samdráttur verði í öflun hráefnis til hinna einstöku fiskvinnslustöðva víðsvegar kringum landið, sérstaklega utan vetrarvertíðar. En á þeim tíma eru það aðallega hinir smærri fiskibátar, sem undir hráefnisöfluninni standa.

Samkvæmt upplýsingum skrifstofu skipaskoðunarstjóra voru um s. l. áramót alls 327 fiskibátar á öllu landinu af stærðinni 30—150 rúmlestir. Skiptust þeir þannig á hina einstöku landshluta:

Vestfirðir	38	bátar
Norðurland	21	—
Austurland	20	—
Hornafjörður—Grindavík	78	—
Sandgerði—Stykkishólmur	170	—

Þó að vitað sé, að nokkur hluti þessara báta getur yfir sumarið og haustið stundað handfæraveiðar, línuveiðar, humarveiðar og dragnótaveiðar, liggur ljóst fyrir, að stór hluti þeirra, sérstaklega á svæðinu frá Hornafirði að Stykkishólmi, verður ekki með neinum árangri gerður út á þessar veiðar, og verður því að finna þeim annan rekstrargrundvöll, ef útgerð þeirra á að halda áfram utan vetrarvertíðar, en slíkt er algert undirstöðuatriði fyrir atvinnulífið og afkomu sjómanna og verkafólks í flestum verstöðvum á umræddu svæði.

Eftir að hugmyndir fyrrgreindra þingmanna höfðu verið afhentar þingflokkunum til athugunar, kom til umræðu í sjávarútvegsnefnd Nd. frv. til laga á þingskjali 107 um breyt. á lögum um bann gegn botnvörpuveiði. Töldum við undirritaðir tímabært, að nefndin afgreiddi málið með þeim breytingum, sem við höfðum komið okkur saman um og fram koma á sérstöku þingskjali. En frestun varð á þessu, þar sem nefndinni barst boð um, að sjávarútvegsmálaráðherra hefði í hyggju að skipa milliþinganefnd í málið.

Þó að komið sé að þinglokum og hæpið, að málið hljóti afgreiðslu að þessu sinni, teljum við samt, að athuguðu máli, rétt að koma tillögum okkar á framfæri og skila nefndaráliti og viljum að lokum benda á eftirfarandi atriði:

1. Fyrir liggja ákveðin tilmæli frá skipstjórnarmönnum og samtökum útgerðarmanna á Suður- og Suðvesturlandi um, að bátum af tiltekinni stærð verði leyfðar togveiðar innan fiskveiðilandhelginnar.
2. Að fiskifræðingar, sem málið hefur verið rætt við, telja togveiðar út af fyrir sig, með þeirri möskvastærð, sem nú er ákveðin, fiskistofnunum ekkert hættulegri en önnur veiðarfæri, sem nú eru notuð.
3. Að enn ljósara liggur fyrir en áður, að brýn nauðsyn er á að auka hráefnisöflun fiskvinnslustöðvanna, sérstaklega utan vetrarvertíðar, til þess að forðast atvinnusamdrátt hjá sjómönnum og verkafólki í hinum ýmsu verstöðvum, og að ekki hefur verið bent á aðrar raunhæfari leiðir til úrbóta í þessu sambandi en auknar veiðiheimildir innan fiskveiðilandhelginnar fyrir báta af tiltekinni stærð.

Leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. á þingskjali 107, um breyting á lögunum um bann gegn botnvörpuveiði, verði samþykkt með þeirri breytingu, sem flutt er af meiri hluta nefndarinnar og fram kemur á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja frekari breytingartillögur við frv. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 17. apríl 1968.

Sverrir Júlíusson, fundaskr.	Guðl. Gíslason, frsm.	Pétur Sigurðsson.
	Björn Pálsson.	

Fylgiskjal I.

Útvegsbændafélag Vestmannaeyja og
Skipstjóra- og stýrimannafélagið
Verðandi, Vestmannaeyjum.

Hr. alþingismaður.

Okkur hefur nýlega borizt til eyrna, að innan tíðar muni teknar upp á Alþingi umræður um breytingar á lögum um fiskveiðilögsögu Íslands. Enn fremur höfum við fengið afrit af bréfum, sem skipstjórar og útvegsmenn í Reykjavík og Suðurnesjum hafa sent þingmönnum kjördæma sinna, um þessi mál. Í bréfum þessum er farið fram á allverulega opnun veiðisvæða innan núverandi fiskveiðilandhelgi fyrir vissa stærð báta, ásamt fleiri óskum.

Eins og yður mun kunnugt, höfum við Vestmanneyingar lengi barizt fyrir því að fá rétt til fiskveiða með botnvörpu innan fiskveiðilögsögunnar fyrir minni báta og talið það nauðsynlegt með hliðsjón af atvinnuöryggi í byggðarlagi okkar og vegna skorts á sjómönnum, þar sem útgerð þessara báta þarf aðeins helming þess mannafla, sem þeir annars þyrftu, t. d. á línu- og netabátum, og hefur skoðun okkar á þessari nauðsyn ekki breytzt. En vegna reynslu okkar undangengin ár og mjög aukins fjölda botnvörpubáta í öllum nærliggjandi verstöðvum getum við ekki verið að öllu leyti sammála þeim kröfum, sem fram koma í fyrrgreindum bréfum, og munum við nú reyna að færa rök fyrir áliti okkar. Við viljum fyrst benda á, að á undanförnum árum hefur mjög aukizt sókn botnvörpu-, nóta- og netabáta frá öðrum verstöðvum á mið okkar Vestmanneyinga, og teljum við, að vegna þessarar gífurlegu sóknar sé miðunum hér í kring stór hætta búin og þar með atvinnuöryggi og lífsafkomu íbúa Vestmannaeyja stefnt í bráðan voða. Starfsbræður okkar í Reykjavík og á Suðurnesjum leggja til, að leyfðar verði

allt að ótakmarkaðar veiðar með botnvörpu við suðurströnd landsins. Teljum við það algerlega fráleitt að fenginni reynslu. Vitum við, að á vissum svæðum við suður- og suðausturströndina veiðist nær eingöngu mjög smár fiskur, nema á þeim tíma, er loðna gengur með ströndinni. Svæði þessi, er við til þekkjum, höfum við merkt í meðfylgjandi sjókortum, og munum við gera nánari grein fyrir þeim síðar í bréfi þessu. Við viljum leggja sérstaka áherzlu á, að við vitum, að fiskimiðum okkar yrði enn meiri hætta búin vegna stóraukinnar sóknar á þau, ef tillögur Reykvíkinga og Suðurnesjamanna yrðu til viðmiðunar, næðu þessi mál fram að ganga á Alþingi.

Okkur grunar, að ef mál þetta kemur fyrir Alþingi, verði um það mjög skiptar skoðanir og jafnvel að þingmenn sumra kjördæma séu alveg mótfallnir að veita nokkra aðstöðu til botnvörpuveiða innan fiskveiðilögsögunnar, en aftur á móti vitum við, að margir bátar frá þeim verstöðvum, sem mest hafa barizt á móti botnvörpuveiðum innan fiskveiðilögsögunnar, hafa verið útbúnir til botnvörpuveiða og sendir til veiða á okkar mið. Þess vegna leggjum við til, að ef leyfa á botnvörpuveiðar innan fiskveiðilögsögunnar undir vísindalegu eftirliti verði það gert allt í kringum landið, eða svæðaskipting fari fram og verði svæðunum skipt þannig t. d., að bátar úr verstöðvum frá Reykjanesi til Hornafjarðar hafi einir leyfi til botnvörpuveiða á því svæði, og hliðstætt yrði látið gilda um báta frá öðrum verstöðvum. Við bendum á svæðaskiptingu með tilliti til þess, að ef ákveðnar verstöðvar eða jafnvel landsfjórðungar vilja ekki fallast á neina rýmkun innan fiskveiðilögsögunnar, geti þeir haldið sínum fiskimiðum lokuðum fyrir botnvörpuveiðum innan núgildandi fiskveiðilögsögu, en um leið geti þeir ekki sent báta sína til veiða á öðrum svæðum.

Eins og áður er bent á í bréfi þessu, finnst okkur starfsbræður okkar í Reykjavík og Suðurnesjum ganga of nærri fiskveiðilögsögunni með tillögum sínum og þá sérstaklega fiskimiðum Vestmanneyinga, þar sem við teljum mjög vafasamt, að breyting fáist á fiskveiðilögsögunni fyrir Faxaflóa. Leggjum við því til, að á því svæði, sem við til þekkjum, frá Tviskerjum að Knarrarósi, verði leyfðar botnvörpuveiðar undir vísindalegu eftirliti á bátum allt að 150 rúml. inn að gömlu þriggja mílna landhelginni, þó með þeim undantekningum, sem sýndar eru í meðfylgjandi sjókortum nr. 9, 32 og 33, þar sem við teljum algerlega hættulausar ótakmarkaðar togveiðar, austan, sunnan og vestan við Vestmannaeyjar, því að þar veiðist eingöngu stór fiskur, enn fremur hafa smærri bátar erfiða aðstöðu til sóknar á fjarlægari mið.

Eins og áður er bent á, teljum við ekki ráðlegt að leyfa botnvörpuveiðar innan þriggja sjómílna frá fjöruborði vegna hættu á smáfiskveiðum. Þó teljum við, að leyfa ætti ótakmarkaðar botnvörpuveiðar á öllu þessu svæði, þar með talin smáfisksvæðin merkt 1, 2 og 4 í meðfylgjandi sjókortum, þann tíma, sem loðna er í göngu með ströndinni, eða á tímabilinu 15. febrúar til 15. apríl ár hvert, að undanskildu svæði nr. 3 í sjókortum nr. 9, 32 og 33, sem við leggjum mjög ríka áherzlu á að bannaðar verði veiðar með öllum veiðarfærum allan ársins hring vegna hættu á skemmdum á rafstreng og væntanlegri vatnslögn. Ósk okkar um ótakmarkaðar veiðar innan þriggja sjómílna á tímabilinu frá 15. febrúar til 15. apríl ár hvert byggist á því, að þá fæst eingöngu stór og góður fiskur á þessu svæði, en nær enginn fiskur annars staðar, vegna göngu loðnunnar með ströndinni. Leggjum við því mjög þunga áherzlu á, að þér, hr. alþingismaður, fylgið mjög fast eftir þessari ósk okkar.

Við höfum hér aðeins gert tillögur og bent á reynslu okkar af svæðinu frá Tviskerjum að Knarrarósi, en teljum okkur ekki hafa næga þekkingu á fiskimiðum og fiskigöngum austan og vestan við þessa staði, en viljum leggja mjög ríka áherzlu á, að leitað verði álits skipstjórnarmanna í þeim verstöðvum, sem að þeim liggja.

Til áréttingar á ábendingum okkar um að leyfa ekki botnvörpuveiðar nær landi en þrjár sjómílur frá fjöruborði höfum við merkt þrjú svæði í meðfylgjandi sjókortum nr. 30, 32 og 33, með tölunum 1, 2 og 4, því að þar vitum við að veiðist nær eingöngu smár fiskur allt árið, nema þann tíma, sem loðna er í göngu með ströndinni. Á svæðum merktum 1 og 2 í sjókortum nr. 30, 32 veiðist smár þorskur og ýsa, á svæði nr. 4 í sjókortum nr. 32 og 33 veiðist eingöngu smá ýsa.

Í bréfi þessu höfum við reynt að draga upp sem gleggsta mynd af ástandi því, sem við teljum vera á fiskimiðum okkar, og ótta um ofveiði og ágang á þau. Treystum við því, að þér hafið forgöngu um að kynna hinum þingmönnum kjördæmisins þessar tillögur okkar, og væntum þess, að þið fylgið fast eftir þessu stórmáli okkar Vestmanneyinga um hagkvæma notkun, en jafnframt verndun fiskimiða okkar og lífsafkomu.

Virðingarfyllst,

f. h. Útvegsbændafélags Vestmannaeyja og Skipstjóra- og stýrimannafél. Verðandi.

Sigurgeir Ólafsson. Hilmar Rósmundsson. Björn Guðmundsson.
Sigurður Gunnarsson. Bjarnhéðinn Elíasson. Friðrik Ásmundsson.
Karl Guðmundsson. Arnoddur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal II.

Vér undirritaðir, eigendur og skipstjórar fiskibáta í Þorlákshöfn, Stokkseyri og Eyrarbakka, leyfum oss hér með að skora á háttvirta alþingismenn Suðurlandskjördæmis að vinna að því, að heimilaðar verði veiðar með botnvörpu fyrir báta undir 150 rúml. að stærð allan ársins hring á svæðinu frá Hornafirði að Látrabjargi upp að 3 sjómílum sem meginreglu, en þó án takmarkana á svæðinu frá Hornafirði að Reykjanesi. Veiðarnar verði háðar vísindalegu eftirliti.

Vér álítum, að veiðar með botnvörpu gefi skásta rekstrarmöguleika, og auk þess er hægt að stunda þær veiðar með fámennri áhöfn. Hins vegar er það alkunnugt, að veiðar með línu og netum eru mjög kostnaðarsamar, auk þess sem erfitt er að fá nægan mannafla á báta, sem þær veiðar stunda, og ógerlegt, að sá rekstur geti staðið undir sér miðað við núverandi fiskverð.

Vér teljum, að ef bátum yrðu heimilaðar veiðar með botnvörpu á fyrrgreindum svæðum, mundi afli aukast verulega, þar sem þá gætu menn einbeitt sér að veiðunum.

Með tilvísun til framanritaðs væntum vér, að þegar nú í haust verði heimilaðar veiðar með botnvörpu innan núverandi fiskveiðilögsögu á ofangreindum svæðum, þar eð vér teljum ella fyrirsjáanlega stöðvun þeirra báta, sem enn er haldið úti frá þessum stöðum, og þar með algjört neyðarástand hjá því fólki, sem byggt hefur afkomu sína á þessari útgerð, bæði sjómönnum og landverkafólki.

Eigandi:	Skipstjóri:	Bátur:
Karl Karlsson	Sami	m/b Reynir
Hannes Gunnarsson		m/s Bjarni Jónsson
Baldur Karlsson	Sami	m/b Rán
Meitillinn h.f.		— Ísleifur ÁR. 4
pr. Benedikt Thorarensen	Jón Ólafsson	— Dalaröst NK.
		— Draupnir IS.
		— Þorlákur ÁR. 5
		— Þorlákur II.
	Ástþór Guðnason	— Arnkell SH.

Eigandi:	Skipstjóri:	Bátur:
pr. Hraðfr.st. Eyrarb.		m/b Fjalar ÁR. 81
Vigfús Jónsson		— Hafrún NK. 80
	Þórir Kristjánsson	— Kristján Guðmundsson ÁR. 15
	Sverrir Bjarnfinnss.	— Þorlákur helgi ÁR. 11
Hraðfh. Stokkseyrar h.f.	Henning Fredrikss.	— Bjarni Ólafss. ÁR. 11
Vigfús Þórðarson	Hörður Pálsson	— Hásteinn II. ÁR. 8
Tómas Karlsson		— Hólmsteinn II. ÁR. 27.
Guðni Sturlaugsson	Sami	— Jón Sturlaugsson ÁR. 7
Bjarni Jóhannsson	Sami	— Jóhann Þorkelsson ÁR. 24

Fylgiskjal III.

Vér undirritaðir, eigendur fiskibáta í Reykjavík, leyfum oss hér með að skora á háttvirta alþingismenn Reykjavíkur að vinna að því, að heimiluðar verði veiðar með botnvörpu fyrir báta undir 150 rúml. að stærð allan ársins hring á svæðinu frá Hornafirði að Látrabjargi upp að 3 sjómílum sem meginreglu, en þó upp að 1½ sjómílu á svæðinu frá Hornafirði að Reykjanesi. Veiðarnar verði háðar vísindalegu eftirliti.

Vér álítum, að veiðar með botnvörpu gefi skásta rekstrarmöguleika, og auk þess er hægt að stunda þær veiðar með fámennri áhöfn. Hins vegar er það alkunnugt, að veiðar með línu og netum eru mjög kostnaðarsamar, auk þess sem erfitt er að fá nægan mannafla á báta, sem þær veiðar stunda, og ógerlegt, að sá rekstur geti staðið undir sér miðað við núverandi fiskverð.

Vér teljum, að ef bátum yrðu heimiluðar veiðar með botnvörpu á fyrrgreindum svæðum, mundi afli aukast verulega, þar sem þá gætu menn einbeitt sér að veiðunum.

Með tilvísun til framanritaðs væntum vér, að þegar nú í haust verði heimiluðar veiðar með botnvörpu innan núverandi fiskveiðilögsögu á ofangreindum svæðum, þar eð vér teljum ella fyrirsjáanlega stöðvun þeirra báta, sem enn er haldið úti frá Reykjavík, og þar með algjört neyðarástand hjá því fólki, sem byggt hefur afkomu sína á þessari útgerð, bæði sjómönnum og landverkafólki.

Enn fremur mun verða verulegur skortur á neyzlufiski, ef útgerð þessara báta stöðvast.

1.	Valdimar Einarsson	m/b Blakkur RE. 335
2.	Pétur Stefánsson	— Jökull RE. 352
3.	Sveinn Stefánsson	— Klængur ÁR. 2
4.	Gunnar Þórarinsson	— Þórarinn Ólafsson RE. 99
5.	Jóhann Þorsteinsson	— Hrönn II. GK. 241
6.	Jón Þórarinsson	— Drífa RE. 10
7.	Sigurgeir Sigurdórsson	— Sædís RE. 63
8.	Einar Sigurðsson	— Aðalbjörg RE. 5
9.	Guðmundur Ragnarsson	— Fróði RE. 44
10.	Guðjón Halldórsson	— Víkingur RE. 240
11.	Ingólfur Kristjánsson	— Valur RE. 7
12.	Ísbjörninn h.f., Ingvar Vilhjálmsson	— Hafþór RE. 95
13.	Sjófang h.f., Jakob Sigurðsson	— Geir RE. 406
14.	Halldór Bjarnason	— Jón Bjarnason RE. 213
15.	Bjarni Andrésson	— Haukur RE. 64
16.	Fiskhöllin, P. S. Pálsson	— Magnús IV. RE. 18
17.	Guðni Sigurðsson	— Dreki RE. 134
18.	Haukur Sigurðsson	— Hildingur VE. 3

19.	Friðjón Árnason	m/b Flosi IS 42
20.	Magnús H. Gíslason	— Lundey RE. 381
21.	Stefán Guðnason	— Smári RE. 59
22.	Guðmundur Guðmundsson	— Kristbjörg RE. 61
23.	Sveinn Einarsson	— Jóhann Skúlason SK. 61
24.	Jón Guðjónsson	— Andvari RE. 101
25.	Sigurður Pétursson	— Pétur Sigurðsson RE. 331
26.	Kristján Gunnarsson	— Þórir RE. 251
27.	Hjálmar Elíesersson	— Breiðfirðingur RE. 262
28.	Tómas Sæmundsson	— Hafnarberg RE. 404
29.	Einar Sigurðsson	— Hannes lóðs RE. 15
30.	Baldur Guðmundsson	

Fylgiskjal IV.

Á fjölmennum fundi útgerðarmanna og skipstjóra, sem haldinn var í Keflavík 8. nóvember s. l., var eftirfarandi einróma samþykkt:

Vér undirritaðir, útgerðarmenn og skipstjórar á Suðurnesjum, leyfum oss hér með að skora á háttvirta alþingismenn Reykjaneskjördæmis að vinna að því, að heimilaðar verði veiðar með botnvörpu fyrir báta allan ársins hring á svæðinu frá Hornafirði að Snæfellsnesi innan núverandi fiskveiðitakmarka. Verði veiðarnar leyfðar án takmarkana frá Hornafirði að Garðskaga, en inn að 3 mílum í Faxaflóa. Veiðarnar verði háðar vísindalegu eftirliti og skilyrði, að fiskurinn sé unninn innanlands.

Vér álítum, að veiðar með botnvörpu gefi skásta rekstrarmöguleika, og auk þess er hægt að stunda þær veiðar með fámennri áhöfn, að því ógleymdu, að fiskur veiddur í botnvörpu er af hliðstæðum gæðum og línufiskur og afkastamöguleikar botnvörpunnar á mann meiri en í önnur veiðarfæri. Hins vegar er það alkunnugt, að veiðar með línu og netum eru mjög kostnaðarsamar, auk þess sem erfitt er að fá nægan mannafla á báta, sem þær veiðar stunda.

Vér teljum, að ef bátum yrðu heimilaðar veiðar með botnvörpu á fyrrgreindum svæðum, mundi afli aukast verulega, þar sem þá gætu menn einbeitt sér að veiðunum.

Þá leyfum vér oss einnig að beina þeim eindregnu tilmælum til alþingismanna Reykjaneskjördæmis, að þeir beiti sér fyrir því, að þeir skipstjórar, sem dæmdir hafa verið fyrir landhelgisbrot að undanförnu, verði náðaðir og sektir ekki innheimtar hjá eigendum viðkomandi báta. Ef sektir verða innheimtar, eins og nú horfir, er fyrirsjáanleg stöðvun allra þeirra báta, sem botnvörpuveiðar hafa stundað nú að undanförnu.

Með tilvísun til framanritaðs væntum vér, að nú þegar í haust verði heimilaðar veiðar með botnvörpu innan núverandi fiskveiðilögsögu á ofangreindum svæðum, þar eð vér teljum ella fyrirsjáanlega stöðvun þeirra báta, sem enn er haldið úti frá Suðurnesjum til veiða með botnvörpu, og þar með algjört neyðarástand hjá því fólki, sem byggt hefur afkomu sína á þessari útgerð, bæði sjómönnum og landverkafólki.

Til þess að leggja enn ríkari áherzlu á þetta mál, skrifum vér eftirfarandi útgerðarmenn og skipstjórar undir þessa áskorun.

Páll Axelsson	m/b Freyfaxi KE. 10
Magnús Pétursson, með fyrirvara um stærð báta og veiðitímabil.	
Árn Árnason	— Ólafur Magnússon KE.

Helgi Grétar Helgason	m/b Sævar KE.
Gunnar Jónsson, skipstjóri	— Andey KE.
Sigurður Magnússon	— Stafnes KE.
Hraðfrystihús Keflavíkur h.f.	
Benedikt Jónsson	— Þorsteinn Gíslason KE. 90
Karl Þorsteinsson	— Bergvík KE. 55
Halldór Þórðarson	— Freyja IS. 364
Ingólfur Halldórsson	— Svanur II.
Ísleifur Guðleifsson	— Bergvík KE. 55
Lúðvík Ágústsson	— Kristján RE. 250
Pétur Guðmundsson, skipstjóri	— Bryndís GK. 17
Þorkell Guðmundsson	Fiskb. Hringbr. 92, Keflav.
Erlendur Sigurðsson, skipstjóri	— Ver Keflavík
Þórólfur Sæmundsson	— Ver Keflavík
Sigurður Ólafsson	— Tjaldur KE. 64
Lárus Sumarliðason	— Tjaldur KE. 64
Brynjar Vilmundarson, Norðurvör s.f.	— Árni Geir KE. 31
Halldór G. Halldórsson	— Hagbarður ÞH. 1
Jóhann Þórlindsson	— Hafborg GK. 99
Þorvaldur Halldórsson, skipstjóri	— Gunnar Hámundarsson
Guðlaugur Aðalsteinsson	— Góa SF. 63
Einar Pálmason	— Sævar KE. 105
Guðmundur Í. Ágústsson	— Ágúst Guðm. GK. 94
Guðmundur Haraldsson	— Vísir KE. 70
Jón Sæmundsson	— Brimir KE. 104
Óskar Jónsson	— Gullþór KE. 85
Ólafur Lárusson.	
Þórður Jóhannesson, útgm.	— Ólafur KE. 49, 40 t.
Ól. Jón Bogason.	
Einar Hannesson	— Ólafur II KE. 149, 75 t.
Sveinn Vilbergsson	— Sæborg KE. 102
Jónatan Agnarsson	— Kristjana KE. 62, 43 t.
Jóhann Pétursson	— Glaður KE. 67, 39 t.
Ólafur Björnsson	— Baldur KE. 97, 40 t.
Jóhannes G. Jóhannsson	— Bragi SU. 210, 105 t.
Eyjólfur Kristinsson	— Skálaberg NS. 2, 102 t.
Guðjón Þ. Gíslason	— Guðmundur Þórðarson GK. 75, 25 t.
pr. Útgerðarstöð Guðmundar Jónssonar, Sandgerði.	
Andrés Pétursson	
Bragi Björnsson, skipstjóri	— Freyja GK. 110
	— Mummi GK. 120
	— Víðir II GK. 275
Magnús Þórarinsson	— Andri KE. 5
H.F. Miðnes, Sandgerði	— Jón Gunnlaugs. GK. 444
	— Muninn AK. 342
Jón Ægir Ólafsson	— Steinunn gamla KE. 69
	— Þorgeir GK. 73
Baldur Árnason	— Árni Ólafur GK. 315
Þorsteinn Einarsson	— Vonin GK. 113
Hjálmar Magnússon	— Ásgeir Magnússon
Hreggviður Bergmann	Keflavík h.f.
Einar Danielsson	— Manni KE. 99

Hilmar Sæberg	m/b Sigurbjörg KE. 98
Gunnar Sveinbjörnsson/ Sveinbjörn Árnason	Hraðfrh. Sveinbj. Árnas.
Sjöstjarnan h.f.	— Stjarnan RE. 3
Einar Kristinsson	— Hilmir KE. 7
	— Huginn VE. 65
Einar Jónsson, skipstjóri	— Sigurbjörg SU. 88
Þórólfur Sveinsson, skipstj. og útgm.	— Sveinn Sveinsson GK. 363
Sæmundur Jónsson, skipstj. og útgm.	— Blátindur KE. 88
Einar Dagbjartsson, skipstj. og útgm.	— Ólafur GK. 33
Karl Símonarson, skipstjóri og útgm.	— Álftanes GK. 51
Pálmi Þórðarson, útgm.	— Sigurbjörg SU. 88
Guðlaugur Óskarsson, skipstj. og útgm.	— Hópsnes GK. 77
Einar Símonarson, skipstj. og útgm.	— Staðarberg GK. 350
Sigurpáll Aðalgeirsson, skipstj. og útgm.	— Hafrenningur GK.
Óskar Gíslason, skipstj.	— Kári GK. 146
Guðjón Sigurgeirsson, útgm.	— Kári GK. 146
Páll Árnason, skipstjóri	— Þorsteinn GK. 15
Sigmundur Guðmundsson, stýrim.	
Hafsteinn Sæmundsson, skipstj. og útgm.	— Gullfari GK. 111
Magnús Sverrisson, útgm.	— Ólafía GK. 98

Nd. 662. Breytingartillaga [68. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

1. gr. orðist svo:

Í stað annarrar málsgreinar 1. gr. laganna komi:

Heimilt er ráðherra einnig að veita skipum allt að 150 brúttórúmlestir að stærð leyfi til togveiða innan þeirra marka, sem ákveðin eru í reglugerð nr. 21 19. marz 1952, ef eftirfarandi skilyrði eru fyrir hendi:

a. Hafrannsóknastofnunin og Fiskifélag Íslands mæla með því að heimila togveiðar og hafa gert tillögur um takmörkun veiðisvæða, veiðitíma og tölu þeirra fiskibáta, sem veita á leyfi. Skulu þær tillögur m. a. miðast við, að fullt tillit sé tekið til ólíkra veiðarfæra, sem notuð eru á miðunum.
b. Að ákveðið sé, þegar skipum er veitt leyfi til togveiða, að afli skuli lagður upp til vinnslu á stöðum, sem liggja að hinum leyfðu veiðisvæðum.
c. Að fiskiskipum, sem slík leyfi fá, skuli óheimilt að nota vörpu með minni möskvastærð en 130 mm.
d. Ráðherra setur þau skilyrði fyrir leyfisveitingu, sem nauðsynleg teljast, og varða ítrekuð brot gegn þeim sviptingu leyfis. Togveiðar skulu þó ekki leyfðar innan 12 mílna fiskveiðilandhelginnar á eftirtöldum stöðum:
   1. Á svæði, sem takmarkast að vestan af línu, sem hugsast dregin í réttvísandi norður frá Rauðunúpum (grunnlínupunktur 9) og að austan af línu, sem hugsast dregin í réttvísandi austur frá Skálatóarskeri (grunnlínupunktur 13).
   2. Á svæði, sem takmarkast að sunnan af línu, sem hugsast dregin í réttvísandi vestur frá Látrabjargi (grunnlínupunktur 43) og að norðan af línu, sem hugsast dregin í réttvísandi norður frá Horni (grunnlínupunktur 1).

Enn fremur er ráðherra heimilt að veita vélbátum undanþágu frá banni þessu til að stunda kampalampaveiðar og leturhumarveiðar á tilteknum svæðum með venjulegri kampalampavörpu og leturhumarvörpu. Áður en undanþága er veitt, skal leitað um hana álits Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands.

Nd. 663. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl., fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni, vill samþykkja frv. Við undirritaðir leggjum hins vegar til, að frv. verði fellt.

Efni frv. þessa er að hækka útflutningsgjald af saltsíld, humar og óverkuðum saltfiski um 42 millj. kr. á ári. Þetta fé á síðan að nota til þess að greiða vátryggingariðgjöld fiskiskipa, sem hafa vaxið risaskrefum síðustu árin. Árið 1967 varð halli tryggingarsjóðs fiskiskipa 95 millj. kr. og er áætlaður í ár 103 millj. kr.

Þessi afkoma tryggingarsjóðs fiskiskipa sýnir ljóslega, að endurskoðunar er þörf á öllu tryggingarkerfi fiskiskipa, en frv. þetta leysir á engan hátt þann vanda, sem til staðar er. Er nánast furðulegt, að ekki skuli fyrir löngu hafa verið efnt til athugunar þeirrar, sem athugasemdir frv. gera ráð fyrir í því skyni að draga úr útgjöldum sjóðsins.

Við undirritaðir nefndarmenn teljum þá fjáröflunarleið, sem með frv. er lögð til, fráleita við ríkjandi ástand í útgerð fiskiskipa, sem kunnara er en svo, að lýsa þurfi.

Gjald þetta mun leggjast beint á hráefnisverðið og lækka þannig tekjur sjómanna og raska þeim kjörum, sem þeir hafa, en sízt má það verða, ef hugsa á til þess að gera út á síldveiðar í sumar og haust.

Stjórn Samtaka síldveiðisjómanna hefur líka mótmælt frv. þessu harðlega og segir m. a. svo í mótmælabréfi sínu til Alþingis:

„Stjórn Samtaka síldveiðisjómanna telur ekki hægt að leggja aukin útflutningsgjöld á sjávarafurðir okkar, þegar við eigum í síaukinni samkeppni með sölu þeirra við aðrar þjóðir. Saltsíldarmarkaðurinn er mjög þröngur, og þar gætir stóraukinnar samkeppni frá öðrum þjóðum. Á sama tíma og Norðmenn styrkja sinn saltsíldariðnað með 30 norskum krónum pr. tunnu (á þriðja hundrað ísl. kr.) á að stórauka útflutningsgjöld á íslenzkri saltsíld, sem við seljum á sama markað og þeir. Við það bætist, að útlit er fyrir, að við þurfum að veiða síldina austur undir Noregi, sem hefur í för með sér stóraukinn kostnað og minni afla.

Á síðasta ári varð stórfelld verðlækkun á síld til bræðslu, samfara minni afla. Við það versnaði afkoma sjómanna svo, að nú eru orðin mikil vandræði á að manna stærstu bátana og fyrirsjáanlegt er, að auknir örðugleikar verða á að fá sjómenn til síldveiða í sumar, þrátt fyrir minni atvinnu í landi en verið hefur. Viljum við benda á, að með hækkun á útflutningsgjaldi er verið að raska þeim skiptakjörum, sem verið hafa milli útgerðar og sjómanna. Viljum við vara við þeim afleiðingum, sem af því geta hlotizt. Von okkar var sú, að með hækkuðu verði á síld til söltunar sköpuðust möguleikar á söltun um borð í fiskiskipunum, sem gæfi auknar tekjur til sjómanna og útgerðar, og við héldum okkar dýrmætu saltsíldarmörkuðum. En ef það frumvarp, sem hér um ræðir, verður að lögum, sjáum við ekki, hvernig hægt verður að fá það verð, sem nauðsynlegt er til að manna fiskiskipin til síldveiða á komandi sumri.“

Þá hafa félög síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Suður- og Vesturlandi mótmælt frv. harðlega svo og Síldarútvegsnefnd.

Í mótmælabréfi Síldarútvegsnefndar segir m. a.:
„Síldarútvegsnefnd vill mjög eindregið og ákveðið mæla gegn hækkun útflutningsgjalda af saltsíld, sem felst í frumvarpi þessu.
Nefndin telur, að þessi hækkun geti leitt til þess, að þessi atvinnuvegur, sem hingað til hefur bjargazt án opinberra styrkja, lamist svo, að hann falli niður að mestu.“

Alþingi, 18. apríl 1968.

Jón Skaftason, frsm. Lúðvík Jósefsson.

Nd. 664. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl., nr. 14 frá 20. júní 1923.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 18. apríl 1968.

Guðl. Gíslason, form. Bragi Sigurjónsson, fundaskr. Friðjón Þórðarson, frsm.
Matthías Bjarnason. Hannibal Valdimarsson. Stefán Valgeirsson.
Jón Skaftason.

Nd. 665. Breytingartillaga [107. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

Frá Birgi Finnssyni, Sverri Júlíussyni, Lúðvík Jósefssyni, Jóni Skaftasyni og Hannibal Valdimarssyni.

Við 1. gr. Fyrir orðið „aðalskrifstofa“ í 5. málsgr. komi: skrifstofa.

Sþ. 666. Þingsályktun [160. mál]

um náttúruvernd, friðun Þingvalla og þjóðgarða.

(Afgreidd frá Sþ. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 366.

Nd. 667. Nefndarálit [28. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi í Vestur-Skaftafellssýslu.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur haft þetta mál til athugunar og sent það — eins og venja er um slík mál — til umsagnar jarðeignadeildar ríkisins og landnámsstjóra. Svör hafa borizt frá báðum þessum aðilum. Telur landnámsstjóri eðlilegt, að málið nái fram að ganga, en umsögn jarðeignadeildar er neikvæð, og er það fremur sjaldgæft af hennar hendi um slík mál.

Þrír nefndarmenn gerðu ferð sína austur að Holti til þess að kynna sér með eigin augum legu jarðarinnar og hvernig landamerki milli Holts og nágrannajarða liggja. Ekki varð séð, að neinir sérstakir annmarkar séu á því að selja jörð þessa vegna ólögulegra landamerkja milli hennar og ríkisjarðarinnar Fells, sem einnig er í eyði, en jarðeignadeild hefur talið sölu Holts óráðlega vegna þess, hvernig lönd þessara jarða skiptast. Út af því má taka fram, að ekki er vitað, að til ágreinings hafi komið milli ábúenda Fells og Holts, þegar búið var á báðum jörðunum, og voru landamerki þá hin sömu og nú.

Á árunum um og upp úr 1930 gekk Hafursá mjög á land Holts og spillti því, meðal annars vegna framkvæmda Vegagerðar ríkisins. Þorsteinn Einarsson og Jóhanna Sæmundsdóttir, sem þá voru eigendur og ábúendur Holts, gátu ekki af þessum sökum fengið lán til nauðsynlegra húsabóta, þar eð Búnaðarbankinn taldi jörðina ekki veðhæfa vegna ágangshættu af völdum Hafursár. Neyddust þau því til að selja ríkinu jörðina og urðu að flytja af henni. Voru það þung spor fyrir þau, þar sem Holt hafði lengi verið í eigu Þorsteins og forfeðra hans.

Nú hefur svo til skipazt, að ekki er lengur talin hætta á landskemmdum af völdum Hafursár, enda eru líka komin til sögu úrræði til varnar, ef á þyrfti að halda, sem ekki voru áður fyrir hendi.

Jóhanna Sæmundsdóttir, ekkja Þorsteins Einarssonar, sem nú er orðin öldruð kona, hefur mikinn hug á því að ná aftur eignarrétti á Holti, svo að það megi eftirleiðis verða í eigu niðja þeirra hjóna, en þrír synir þeirra búa í Dyrhólahreppi og sumir þeirra við of lítið jarðnæði og þurfa á Holtinu að halda, en allt er í óvissu um not þeirra af því, þegar hennar missir við, þar sem jörðin er ekki leigð í erfðafestuábúð.

Landbúnaðarnefnd fékk í hendur ýmis gögn um viðskipti ríkisins við Jóhönnu Sæmundsdóttur í sambandi við jörðina Holt, meðal annars hæstaréttardóm, þar sem Jóhönnu var dæmd lífstíðarábúð á jörðinni. Ekki þykir ástæða til að birta þau gögn með þessu nefndaráliti, en þau eru í vörzlu landbúnaðarnefndar, og að sjálfsögðu geta þeir þingmenn, sem það vilja, fengið aðgang að þeim.

Meiri hlutinn fær ekki séð, að ríkinu geti verið það til nokkurs gagns að eiga Holtið, og þykir það réttlætismál, að Jóhönnu Sæmundsdóttur verði seld jörðin, og er þá einnig haft í huga, að synir hennar, sem bændur eru í nágrenni Holts, geti í framtíðinni fengið að njóta ættaróðalsins, þar sem þeir stigu sín fyrstu spor.

Mælir meiri hlutinn með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 18. apríl 1968.

Stefán Valgeirsson, frsm. Hannibal Valdimarsson. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Benedikt Gröndal.

Ed. 668. Lög [14. mál]

um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum.

(Afgreidd frá Ed. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 617 (sbr. 14).

Ed. 669. Lög [127. mál]

um áskorunarmál, viðauki við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Afgreidd frá Ed. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 616 (sbr. 265).

Ed. 670. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til l. um kaup ríkissjóðs á hlutabréfum Áburðarverksmiðjunnar h/f, sem eru í einkaeign.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og leggur meiri hl. til, að það verði samþ. óbreytt. Minni hl. mun skila sérálíti.

Alþingi, 18. apríl 1968.

Steinþór Gestsson, form., frsm. — Jón Þorsteinsson, fundaskr. — Páll Þorsteinsson.
Jónas G. Rafnar. — Ásgeir Bjarnason. — Jón Árnason.

Ed. 671. Nefndarálit [85. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og kynnt sér afgreiðslu þess í Nd. og þær umsagnir, er um frv. hafa borizt, og leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. apríl 1968.

Steinþór Gestsson, form., frsm. — Páll Þorsteinsson. — Jónas G. Rafnar.
Ásgeir Bjarnason. — Karl Guðjónsson. — Jón Árnason.

Sþ. 672. Nefndarálit [53. mál]

um till. til þál. um námskostnað.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Tillagan var rædd í allsherjarnefnd, en hlaut þar ekki afgreiðslu. Mismunandi aðstaða ungmenna til skólagöngu er þó þjóðfélagslegt vandamál, sem ekki verður

komizt hjá að kryfja til mergjar. Hér kveður svo ramt að, að nú gerist það altítt, að fólk flytji búferlum, þegar börnin fara í framhaldsskóla, beinlínis til þess að auðvelda skólagönguna, — og stundum virðist þetta eina úrræðið, þegar um barnmargar fjölskyldur er að ræða.

Nauðsynlegt er að kanna, hvað hinn fjárhagslegi mismunur er mikill, og undirbúa ráðstafanir til þess að jafna hann. Það er bæði siðferðileg og lagaleg skylda gagnvart hinni uppvaxandi kynslóð. Eftir verður samt sem áður ærinn aðstöðumunur á ýmsum sviðum menningarmála og þjónustustarfsemi, dreifbýlinu í óhag.

Þingsályktunartillagan á þskj. 55 mælir fyrir um rannsókn og undirbúning aðgerða í þessu þýðingarmikla og viðkvæma máli. Við leggjum til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. apríl 1968.

Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Jónas Árnason. Gísli Guðmundsson.

Sþ. 673. Nefndarálit [163. mál]

um till. til þál. um sumarheimili kaupstaðabarna í sveit.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Tillagan var rædd í allsherjarnefnd, en hlaut þar ekki afgreiðslu.

Minni hl. nefndarinnar telur þetta mál hins vegar svo mikilsvert, að ekki sé rétt að láta það sofna í nefnd.

Með ört vaxandi fólksfjölda á þéttbýlissvæðunum, á sama tíma og fólki fækkar enn í sveitum, verður það stöðugt meiri vandkvæðum bundið að gefa yngstu kynslóðinni kost á sumardvöl í sveitum.

Allir eru sammála um það, að útivist og kynni af gróðri landsins og umgengni við dýrin séu smáfólkinu hollur skóli og þroskandi. En ef ekkert er að gert, verða þau börn fleiri með ári hverju, sem eiga þess engan kost að njóta slíkrar „skólagöngu".

Þingsályktunartillagan fjallar um það að setja nefnd til að kanna, hve mikil þörf er aðgerða frá opinberri hálfu, og gera tillögur um úrbætur. Minni hluti allsherjarnefndar leggur til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. apríl 1968.

Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Jónas Árnason. Gísli Guðmundsson.

Nd. 674. Lög [171. mál]

um Stofnfjársjóð fiskiskipa.

(Afgreidd frá Nd. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 568 (sbr. 420).

Ed. 675. Lög [20. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959.

(Afgreidd frá Ed. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 535.

Ed. 676. Breytingartillaga [13. mál]

við frv. til laga um vörumerki.

Frá Jóni Þorsteinssyni.

Við 48. gr. Í staðinn fyrir „Lög þessi öðlast gildi þann 1. janúar 1968“ komi: Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 677. Frumvarp til laga [13. mál]

um vörumerki.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 13 með þessari breytingu:

48. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá úr gildi lög nr. 43 13. nóvember 1903; lög nr. 13 13. janúar 1938; lög nr. 77 26. júní 1941, svo og önnur lög, er brjóta kunna í bága við lög þessi.

Með tilkynningar, sem borizt hafa vörumerkjaskráritara, áður en lög þessi öðlast gildi, og ekki hafa hlotið afgreiðslu, skal farið eftir eldri lögum. Ef tilkynnandi óskar, skal þó farið með slíkar tilkynningar eftir þessum lögum.

Ed. 678. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1968.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd deildarinnar hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn vill samþykkja frumvarpið óbreytt, en minni hlutinn flytur á sérstöku þskj. tvær breytingartillögur og skilar séráliti.

Frumvarp þetta hefur inni að halda heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku innanlands og utan, allt að 450 millj. króna, auk vörukaupalána og ábyrgðarheimilda.

Hér er um mjög viðamikið mál að ræða, sem lagt er fram í lok þings, þegar annir eru hvað mestar og afgreiða þarf mjög mörg mál. Þingmönnum gefst því enginn kostur að kynna sér efni frumvarpsins, svo sem æskilegt og sjálfsagt er, heldur verða að afgreiða það með hraði og án nægilegrar athugunar. Slík vinnubrögð eru alveg fráleit og með öllu ósamboðin Alþingi, og verður að mótmæla slíku harðlega.

Alþingismenn hefðu vafalaust viljað gera þessu máli önnur og betri skil, en eiga þess engan kost, eins og mál þetta ber nú — eins og raunar oft áður — að hér á Alþingi.

Þær breytingartillögur, sem minni hlutinn flytur, snerta í fyrsta lagi sparifjárbindinguna og í öðru lagi framtalsskyldu skuldabréfa.

Varðandi sparifjárbindinguna er það að segja, að það virðist vera ætlunin að halda henni áfram á sama hátt og áður, þ. e. að viðskiptabankarnir séu

skyldaðir til að binda 30% af aukningu sparifjár, og til viðbótar sé þeim ætlað að kaupa verðbréf vegna framkvæmdaáætlunarinnar fyrir 10% innstæðuaukningar á árinu.

Það er almennt viðurkennt, að viðskiptabankarnir hafa alls ekki getað fullnægt rekstrarfjárþörf fyrirtækja undirstöðuatvinnuveganna að undanförnu, og svo mun enn verða, að því er bezt verður séð, á þessu ári. Við munum því leggja til, að heimildin til sparifjárbindingar verði ekki notuð á þessu ári.

Á undanförnum árum hefur það færzt í vöxt, að alls konar skuldabréf eru með lögum undanþegin framtalsskyldu. Þetta teljum við óeðlilegt. Við teljum eðlilegra, að slíkar eignir séu framtalsskyldar, enda þótt þær séu undanþegnar skattlagningu, og teljum það raunar óhjákvæmilegt í sambandi við sjálfsagt skattaeftirlit.

Breytingartillögur okkar eru prentaðar á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. apríl 1968.

Bjarni Guðbjörnsson, frsm. Einar Ágústsson. Björn Jónsson.

Ed. 679. Breytingartillögur [187. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1968.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (BGuðbj, EÁ, BJ).

1. Við 1. gr. Við greinina bætist: enda noti Seðlabanki Íslands ekki heimild sína til að binda hluta af sparifjáraukningu banka, sparisjóða og innlánsstofnana á árinu 1968.
2. Við 3. gr. Niður falli orðin: framtalsskyldu og.

Ed. 680. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til laga um kaup ríkissjóðs á hlutabréfum Áburðarverksmiðjunnar h/f, sem eru í einkaeign.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að ríkissjóður bjóðist til að kaupa hlutabréf einkaaðilanna, sem á sínum tíma gerðust hluthafar í rekstrarfélagi áburðarverksmiðjunnar, en ætlun þess félags var að ná undir sig áburðarverksmiðjunni í Gufunesi, sem ríkið hafði þó lagt til fjármagnið í og raunar stóran hluta af fjármagni rekstrarfélagsins líka. Ríkisssjóður á skv. frumvarpinu að bjóða upp á innlausn hlutabréfanna á 5-földu nafnverði.

Miðað við allar aðstæður væri þetta höfðinglegt tilboð og mjög á annan veg en tíðkast í hliðstæðum tilfellum. Aðrir aðilar, sem reynt hafa að ná til sín eignum, sem þeir ekki áttu, en mistekizt að gera sér mat úr krásinni, hljóta oft refsingu fyrir tiltækið. Þess eru þó dæmi, að þeim séu gefnar upp sakir. En að sá aðilinn, sem fyrir ránstilrauninni varð, gjaldi hinum út kostnaðinn við tilraunina fimmfaldan, mun vera áður óþekkt rausn, sem illa hæfir hinum aðþrengda ríkissjóði.

Ef litið er yfir það, hver spor vörudreifing Áburðarverksmiðjunnar h/f virðist skilja eftir sig í þeirri atvinnugreininni, sem hún átti að þjóna, blasa þessar staðreyndir við:

Á því ári, sem áburðarverksmiðjan hóf framleiðslu, 1954, var töðufengur af íslenzkum túnum um 44 hestburðir á hektara. Áburðarnotkunin á hverja einingu var þá miklum mun minni en síðar varð, því að ljóst er, að með tilkomu verksmiðjunnar fór notkunin stórvaxandi. Töðufengurinn fór líka vaxandi fyrstu árin, sem Kjarninn, en svo nefnist aðalframleiðslutegund verksmiðjunnar, var notaður, og árið 1957 náði hann hámarki og var þá tæpir 47 hestburðir á hektara, en síðar fór hann minnkandi. Nú er töðufengurinn kominn niður í um það bil 34 hestburði á hektarann. Með öðrum orðum: Eftir 15 ára tímabil áburðarverksmiðjunnar hefur töðufall á hvern tún-hektara minnkað um nálægt 10 hestburði og er nú minna en það var um aldamótin.

Söluverð eins hestburðar af töðu er nú um 350 kr. Afrakstur hvers hektara er því 3500 kr. minni nú en við tilkomu áburðarverksmiðjunnar, þrátt fyrir verulega aukna áburðarnotkun.

Samanlögð túnastærð á öllu landinu er nú talin rúmlega 100 þús. hektarar, svo að afraksturs-samdrátturinn, sem orðinn er á starfstíma nefndrar verksmiðju, nemur um 350 milljónum króna á ári.

Þetta veldur auðvitað hvoru tveggja í senn, verri afkomu bændastéttarinnar og aukinni dýrtíð í landinu.

Hér skal auðvitað ekkert fullyrt um orsakir þessa framleiðslutaps, en furðulegan sljóleika þarf til að láta sér ekki detta í hug, að eitthvert samhengi sé milli áburðar og afraksturs í túnræktinni.

Minni hluti landbúnaðarnefndar lítur svo á, að í áburðarmálum sé það nærtækasta verkefnið að gefa bændum kost á að kaupa sér annan áburð á tún sín en þann, sem svo er þrautreyndur sem Kjarninn að því að skila ekki viðunandi árangri, en þar á móti fer nú Áburðarverksmiðjan h/f með áburðareinokun í landinu.

Það er því aðaltillaga minni hluta landbúnaðarnefndar, að innflutningur á áburði verði gefinn frjáls, svo að úr því fáist skorið, hvort heyfengurinn héldi áfram að minnka á hverja túneiningu, eftir að bændur ættu fleiri kosta völ en að verzla við Áburðarverksmiðjuna h/f, og því fyrirtæki gefist kostur á að sanna ágæti sitt án þess að hafa til þess einokunaraðstöðu.

En með því að umsköpun áburðarframleiðslunnar innanlands virðist óhjákvæmileg og einkaeigendur hlutabréfa í Áburðarverksmiðjunni h/f eru einna ólíklegustu aðilar til að koma framleiðslunni í viðunandi horf, þá getur minni hluti landbúnaðarnefndar fallizt á, að þeir verði leystir út úr áburðarframleiðslunni og goldið nafnverð fyrir hlutabréf sín.

Minni hluti nefndarinnar leggur því til, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin bæti úr því ófremdarástandi, sem skapazt hefur með einkaleyfi Áburðarverksmiðjunnar h/f til áburðarsölu, með því að gefa innflutning á áburði frjálsan um skeið til reynslu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Til vara leggur minni hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðanna „fimmföldu nafnverði“ komi: nafnverði.

Alþingi, 18. apríl 1968.

Karl Guðjónsson.

Nd. **681. Frumvarp til laga** [191. mál]

um garðyrkjuskóla á Akureyri.

Flm.: Ingvar Gíslason, Stefán Valgeirsson.

1. gr.

Stofna skal á vegum ríkisins og reka að fullu á þess kostnað garðyrkjuskóla á Akureyri. Skal skólinn taka til starfa 1. marz 1969.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með málefni skólans. Þriggja manna skólanefnd, er ráðherra skipar samkvæmt tilnefningu bæjarstjórnar Akureyrar, Búnaðarsambands Eyjafjarðar og Sambands norðlenzkra kvenna, hefur stjórn skólans með höndum ásamt forstöðumanni, sem ráðherra setur eða skipar til starfans að fenginni umsögn skólanefndar.

3. gr.

Ríkið leggur skólanum til nægilegt land og íbúðarhús fyrrum gróðrarstöðvar Ræktunarfélags Norðurlands á Akureyri í samráði við Rannsóknastofnun landbúnaðarins og kostar að öllu leyti þær endurbætur og viðgerðir, sem nauðsynlegar kunna að vera vegna skólastarfsins.

4. gr.

Stefnt skal að því, að skólinn starfi a. m. k. átta mánuði á ári, frá 1. marz til 31. október ár hvert. Lögð skal megináherzla á hagnýta, verklega kennslu í útigarðrækt og skipulagningu og ræktun skrúðgarða og skjólbelta auk leiðbeininga um notkun sérfræðibóka.

Ráðherra setur nánari reglur um starfsemi skólans, námsefni, kennslutilhögun, próf og prófréttindi.

5. gr.

Nemendur skulu hafa náð 16 ára aldri og lokið landsprófi miðskóla eða gagnfræðaprófi.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mörg undanfarin ár hefur verið uppi allsterk hreyfing norðanlands um endurreisn garðyrkjukennslu á Akureyri. Hafa ýmsir áhugamenn um ræktunarmál, þ. á m. Samband norðlenzkra kvenna, beitt sér fyrir þessari hreyfingu, enda á hún eindreginn stuðning áhrifamikilla aðila, svo sem Búnaðarsambands Eyjafjarðar, bæjarstjórnar Akureyrar o. fl.

Garðyrkjukennslu var haldið uppi í Gróðrarstöð Ræktunarfélags Norðurlands á Akureyri á árabilinu 1904—1940, en þá féll sú starfsemi niður, er Garðyrkjuskólinn að Reykjum í Ölfusi tók til starfa. Því var trúað þá, að eigi væri þörf garðyrkjukennslu á Akureyri, eftir að sá skóli kom til sögunnar. Reynslan sannar þó hið gagnstæða. Garðyrkjuskólinn í Ölfusi hefur fremur sérhæft sig í gróðurhúsaræktun, og er ekkert við því að segja út af fyrir sig, en garðyrkjukennslan á Akureyri var jafnan miðuð við heimilisgarðyrkju og skrúðgarðaræktun. Áhrifa þeirrar stefnu gætti með sérstökum hætti á Akureyri og víðar um Norðurland, þar sem garðyrkja til heimilisnota og staðarfegrunar setti svip á bæ og byggð. Sú hreyfing, sem uppi er á Norðurlandi fyrir endurreisn garðyrkjukennslu á Akureyri, miðar fyrst og fremst að því að endurvekja áhuga á heimilisgarðyrkju og skrúðgarðarækt og fjölga þeim mönnum, sem unnið gætu leiðbeinendastörf eða veitt þjónustu á því sviði.

Vorið 1966 var samþykkt þingsályktun á Alþingi, þar sem skorað var á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvort eigi væri grundvöllur fyrir stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri eða í grennd, og skyldi þeirri athugun lokið fyrir reglulegt Alþingi, sem koma átti saman 10. október 1966.

Landbúnaðarráðherra skipaði þriggja manna nefnd til þess að athuga málið, en í nefndinni voru Jón Rögnvaldsson, garðyrkjuráðunautur á Akureyri, Dómhildur Jónsdóttir, prestsfrú á Höskuldsstöðum, og Ármann Dalmannsson, formaður Búnaðarsambands Eyjafjarðar. Nefndin skilaði áliti og tillögum til landbúnaðarráðherra í febrúarmánuði 1967 og lagði til, að stofnaður skyldi garðyrkjuskóli á Akureyri og til hans lagt land og húsnæði gömlu gróðrarstöðvarinnar. Nefndin lagði til, að skólinn tæki til starfa 1. marz 1968, yrði fyrst um sinn 8 mánaða skóli og tæki allt að 10 nemendum. Skólinn skyldi leggja megináherzlu á kennslu í heimilisgarðrækt í víðtækum skilningi og vera fyrst og fremst verknámsskóli með nokkru hagnýtu bóknámi.

Þótt liðið sé nokkuð á annað ár, síðan hinar jákvæðu tillögur garðyrkjuskólanefndar komu fram, sjást þess enn engin merki, að stjórnvöld hyggist fylgja þeim eftir. Skal engum getum að því leitt, hverju slík töf sætir, en flutningsmenn þessa frumvarps vilja fyrir sitt leyti freista þess að koma málinu fram, og því er frumvarpið flutt. Nú er að vísu sagt, að ríkisstjórnin hafi í hyggju að stytta þingtímann óeðlilega, og gæti þá svo farið, að þetta frumvarp hlyti ekki afgreiðslu vegna tímaskorts. Ef svo fer, verður þess freistað á næsta þingi að koma málinu fram.

Fyrirhugaður garðyrkjuskóli á Akureyri verður hvorki dýr né viðamikil stofnun. Ekki mun þörf nema eins fastráðins kennara (skólastjóra) og stundakennsla verður hverfandi. Ríkið á nothæft hús fyrir skólann, þar sem er gamla gróðrarstöðin, og nægilegt land, sem nýta má í þágu skólans. Ástæðulaust er því að óttast þau útgjöld, sem skólanum yrðu samfara.

Ed. 682. Frumvarp til laga [8. mál]

um sölu á prestssetursjörðinni Setberg o. fl.

(Eftir eina umr. í Nd., 19. apríl.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að bjóða til sölu og selja, ef viðunandi tilboð fást, eftirtaldar fasteignir ríkisins:

Prestssetursjörðina Setberg í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, að undanskilinni Melrakkaey.

Húseignina Tómasarhaga 15 í Reykjavík.

Húseignina Brekkugötu 18, Hafnarfirði.

Húseignina Vesturbraut 2, Grindavík.

Prestsseturshúsið á Húsavík.

Húseignina Melgerði 10 í Kópavogi.

Prestssetursjörðina Velli í Svarfaðardal, enda hafi Svarfaðardalshreppur forkaupsrétt á jörðinni.

Þá er ríkisstjórninni heimilað að fá Skátafélagi Akraness til umráða með nánar tilteknum skilmálum spildu úr landi kirkjujarðarinnar Stóru-Drageyrar í Skorradal, allt að 700 metra meðfram Skorradalsvatni og upp í fjallshlíð.

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að afhenda Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja til umráða allt að 50 hektara úr svonefndum Móadal í landi prestssetursjarðarinnar Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd, svo og aðgang að hálfum hektara á sjávarströnd jarðarinnar.

Ríkisstjórninni er og heimilt að afhenda ábúandanum á nýbýlinu Tungunesi til eignarumráða vegna landskemmda af völdum vegagerðar spildu úr landi prestssetursins Háls í nesinu austan Fnjóskár.

Enn fremur að selja eigendum Ærlækjar í Öxarfirði spildu (Skinnastaðarandir) úr landi prestssetursins Skinnastaða, er svari til þeirrar landspildu, er miðskólinn í Lundi fær úr Ærlækjarlandi, enda sé söluverð hliðstætt á landspildum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 683. Breytingartillaga [115. mál]

við brtt. á þskj. 655 [Styrjöldin í Víetnam].

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Töluliðirnir breytist á þessa leið:

1. að Bandaríkin hætti loftárásum á Norður-Víetnam í því skyni að auka möguleikana á friðarviðræðum;
2. að Þjóðfrelsishreyfingin í Suður-Víetnam taki sem sjálfstæður aðili þátt í hinum alþjóðlegu viðræðum;
3. að stjórn Norður-Víetnams og Þjóðfrelsishreyfingin sýni af sinni hálfu fullan og óskoraðan samningavilja og að þessir aðilar dragi, þegar er loftárásum hefur verið hætt, úr hernaðaraðgerðum sínum og sýni samvinnuvilja í því skyni, að vopnahléi verði komið á;
4. að allir styrjaldaraðilar líti á Genfarsamningana frá 1948 sem samningagrundvöll.

Ed. 684. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Jórvík í Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlasýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og kynnt sér álit landnámsstjóra og jarðeignadeildar ríkisins á því og leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. apríl 1968.

Steinþór Gestsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Páll Þorsteinsson.
Ásgeir Bjarnason.	Jónas G. Rafnar.	Jón Árnason.
	Karl Guðjónsson.	

Ed. 685. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til l. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, en ekki orðið einhuga um afgreiðslu þess. Þann 1. febrúar var frv. þetta tekið til umræðu í Ed. og vísað til landbúnaðarnefndar

þann 6. febrúar. Litlu síðar var málið tekið fyrir í nefnd og sent til umsagnar þriggja aðila: Stéttarsambands bænda, Búnaðarbanka Íslands og Seðlabanka Íslands. Umsögn hefur borizt frá Stéttarsambandi bænda, þar sem það mælir með frv. Hins vegar hafa ekki borizt umsagnir frá Búnaðarbanka Íslands né Seðlabanka Íslands. Sennilega eru þessir aðilar í meginatriðum sammála flutningsmönnum um þýðingu frv. fyrir bændastéttina og telja sig þar af leiðandi ekki þurfa að gefa umsagnir. Frv. þetta á miklum vinsældum að fagna á meðal bænda, enda var því vel tekið af þeim, sem létu álit sitt í ljós, er það var til 1. umræðu í Ed.

Þótt líði að þinglokum og þetta mál hafi ekki enn náð fram að ganga, viljum við, sem erum í minni hl. landbúnaðarnefndar, afgreiða frv. óbreytt og leggjum til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 19. apríl 1968.

Ásgeir Bjarnason, frsm. Páll Þorsteinsson.

Nd. **686. Lög** [13. mál]

um vörumerki.

(Afgreidd frá Nd. 19. apríl.)

Samhljóða þskj. 677 (sbr. 13).

Nd. **687. Lög** [67. mál]

um bókhald.

(Afgreidd frá Nd. 19. apríl.)

Samhljóða þskj. 474 (sbr. 106).

Sþ. **688. Nefndarálit** [53. mál]

um till. til þál. um námskostnað.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Minni hluti allsherjarnefndar hefur sent frá sér álit um greinda þáltill., án þess að hún væri fullrædd í nefndinni. Meiri hluti nefndarinnar var reiðubúinn til að afgreiða málið með svofelldri

BREYTINGU:

Tillgr. orðist þannig:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi greinargerð um stuðning hins opinbera við nemendur á skyldunáms- og framhaldsskólastigum:

a) í þéttbýli,
b) í sveitum,

og sundurgreinist síðari liður eftir heimangöngu- og heimavistarskólum.

Þá fylgi greinargerðinni ályktun ríkisstjórnarinnar um, hvort og þá með hvaða hætti hún telji gerlegt að auka fjárhagslegan stuðning hins opinbera við þá nem-

endur á skyldunáms- og framhaldsskólastigum, sem óhjákvæmilega verða að vista sig til langs tíma utan heimila sinna vegna skólagöngu.

Minni hlutinn hafði óskað frests til athugunar. Að fram komnu áliti minni hlutans leggur meiri hluti nefndarinnar til, að þáltill. verði samþ. með framangreindu orðalagi.

Alþingi, 19. apríl 1968.

Bragi Sigurjónsson, form., frsm.
Jónas Pétursson, fundaskr.
Matthías Bjarnason.
Friðjón Þórðarson.

Ed. 689. Þingsályktun [116. mál]

um styrjöldina í Víetnam.

(Afgreidd frá Ed. 19. apríl.)

Deildin ályktar að lýsa yfir þeirri skoðun sinni, að deiluefni styrjaldaraðila í Víetnam beri að leysa með friðsamlegum hætti.

Stór hætta er á því, að styrjöld þessi geti hvenær sem er breiðzt út og orðið upphaf nýrrar heimsstyrjaldar, auk þess sem áframhaldandi styrjaldarrekstur eykur sífellt á langvarandi hörmungar víetnömsku þjóðarinnar.

Með þeirri takmörkun loftárása á Norður-Víetnam, sem ríkisstjórn Bandaríkjanna hefur nýlega ákveðið, og þeim jákvæðu viðbrögðum, sem stjórnin í Hanoi hefur sýnt af þessu tilefni, hefur nú skapazt hagstætt tækifæri til undirbúnings sáttagerðar í deilunni. Má einskis láta ófreistað til að nota þetta tækifæri sem bezt, svo að vopnahléi og viðræðum um friðarsamninga verði komið á. Telur deildin, að þessu verði nú helzt fram komið með því:

1. að ríkisstjórn Bandaríkjanna stöðvi allar loftárásir á Norður-Víetnam, en jafnframt dragi stjórn Norður-Víetnams og Viet Cong-hreyfingin úr sóknaraðgerðum af sinni hálfu og láti þannig í ljós ótvíræðan vilja til að ganga til samninga;
2. að auk ríkisstjórnar Bandaríkjanna og ríkisstjórnar Norður-Víetnams verði ríkisstjórnin í Saigon og Viet Cong-hreyfingin aðilar að samningsgerðinni;
3. að öflugu sáttastarfi í deilunni verði haldið uppi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Felur deildin ríkisstjórninni að framfylgja þessari ályktun á alþjóðavettvangi.

Ed. 690. Lög [89. mál]

um verzlunaratvinnu.

(Afgreidd frá Ed. 19. apríl.)

Samhljóða þskj. 524 (sbr. 212).

Ed. 691. Lög [187. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1968.

(Afgreidd frá Ed. 19. apríl.)

Samhljóða þskj. 547.

Ed. **692. Lög** [85. mál]

um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

(Afgreidd frá Ed. 19. apríl.)

Samhljóða þskj. 187.

Ed. **693. Lög** [189. mál]

um kaup ríkissjóðs á hlutabréfum Áburðarverksmiðjunnar h/f, sem eru í einkaeign.

(Afgreidd frá Ed. 19. apríl.)

Samhljóða þskj. 569.

Ed. **694. Lög** [8. mál]

um sölu á prestssetursjörðinni Setberg o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 19. apríl.)

Samhljóða þskj. 682.

Ed. **695. Lög** [186. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Jórvík í Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlasýslu.

(Afgreidd frá Ed. 19. apríl.)

Samhljóða þskj. 542.

Ed. **696. Frumvarp til laga** [170. mál]

um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. apríl.)

Samhljóða þskj. 417 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:
Verkefni saltfisk- og skreiðardeildar eru eftirfarandi:

1. Eftirlit með þrifum saltfisk- og skreiðarhúsa.
2. Eftirlit með framleiðslu, meðferð, geymslu og útflutningi saltfisks, saltaðra fiskafurða og skreiðar.
3. Gæðamat og stærðarflokkun á saltfiski og skreið til útflutnings.
4. Veiting leiðbeininga um verkun á saltfiski og skreið, þegar þörf gerist eða þess er óskað.

8. gr. hljóðar svo:

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar fiskmatsstjóra, deildarstjóra og yfirfiskmatsmenn að fengnum umsóknum og meðmælum.

Við skipun deildarstjóra, yfirfiskmatsmanna og ráðningu annarra starfsmanna við Fiskmat ríkisins skal leitað álits væntanlegs yfirmanns starfsmanns þess, sem hlut á að máli.

9. gr. hljóðar svo:

Fiskmatsstjóri hefur á hendi stjórn Fiskmats ríkisins og yfirumsjón með öllu eftirliti og mati á fiski og fiskafurðum í landinu.

Deildarstjórar skulu vera tveir. Þeir veita forstöðu hvor sinni deild í Fiskmati ríkisins, sbr. 4. grein, og stjórna eftirliti og fiskmati, sem undir deildina fellur. Þeir hafa eftirlit með störfum yfirfiskmatsmanna.

Yfirfiskmatsmenn eru fulltrúar fiskmatsstjóra og deildarstjóra í einstökum landshlutum og hafa umsjón með öllu eftirliti og mati í umdæmi sínu. Þeir skulu vera svo margir sem þörf krefur og heimilað er í fjárlögum. Heimilt er, að yfirfiskmatsmaður annist fiskmat og eftirlit fyrir tvær deildir eða fleiri.

13. gr. hljóðar svo:

Hver sá, sem ætlar að flytja úr landi fisk eða fiskafurðir, sem lög þessi taka til, skal tilkynna það hlutaðeigandi deildarstjóra eða yfirfiskmatsmanni með hæfilegum fyrirvara, enda fari hleðsla vörunnar í skip eða annað flutningatæki fram undir umsjón starfsmanna Fiskmats ríkisins.

Þeir, sem flytja út farma af fiski, skulu skyldir til að hafa hleðslustjóra með skipunum, ef þau taka farm í fleiri höfnum en einni.

Hleðslustjórar skulu hlíta fyrirmælum yfirfiskmatsmanna um hleðslu skipa, að því er varðar mat, gæði, útlit og merkingu vörunnar.

Lögreglustjóri löggildir hleðslustjóra samkvæmt tilnefningu fiskmatsstjóra og sér um, að þeir riti undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra.

16. gr. hljóðar svo:

Nú er fersksíld, saltsíld, lýsi, niðursuðuvörur, fiskmjöl eða aðrar sjávarafurðir, sem eigi eru beinlínis háðar eftirliti eða mati Fiskmats ríkisins, seldar samkvæmt sýnishornum, eða afla þarf um afurðir þessar opinbers gæðavottorðs, er byggt sé á rannsókn sýnishorna, og skal þá fiskmatsstjóri fela fiskmatsmanni að framkvæma sýnishornatöku samkvæmt fyrirmælum rannsóknaraðila.

17.—20. gr. hljóða svo:

a. (17. gr.)

Hver sá, er sekur gerist um brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, skal sæta sektum, og renna sektir í ríkissjóð.

Um mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála.

b. (18. gr.)

Kostnaður af framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Til að standa straum af kostnaði af framkvæmd ferskfiskeftirlits skal greiða útflutningsgjald af íslenzkum sjávarafurðum (öðrum en þeim er koma frá hvalveiðum og selveiðum), er nemi 1½‰ af fob-andvirði þeirra. Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru og renna í ríkissjóð.

c. (19. gr.)

Frá gildistöku laga þessara falla eftirtalin lög úr gildi:

Lög nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski.

Lög nr. 42 9. júní 1960, um ferskfiskeftirlit.
Lög nr. 42 19. júní 1933, um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis.

d. (20. gr.)
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1968.

Ed. 697. Frumvarp til laga [188. mál]

um breyting á lögum nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. apríl.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum greiðist sem hér segir:

1. Kr. 530.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum, skreið, hertum þorskhausum, verkuðum saltfiski, saltfiskflökum, saltbitum, frystum hrognum og frystum rækjum.
   Nemi gjald samkvæmt þessum tölulið meiru en svarar 3.5% af fob-verði útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.
2. 3.5% gjald af fob-verði greiðist af frystum humar, óverkuðum saltfiski, loðnumjöli og loðnulýsi.
3. 4.2% gjald af fob-verði greiðist af heilfrystum fiski, frystum fiskúrgangi, söltuðum þunnildum og söltuðum hrognum.
4. 6% gjald af fob-verði greiðist af ísvörðum fiski, fiskmjöli, þorskalýsi, karfamjöli, karfalýsi, heilfrystri síld, frystum síldarflökum, hvallýsi, hvalmjöli, frystu hvalkjöti og öðrum þeim sjávarafurðum, sem ekki eru sérstaklega taldar í þessari grein.
5. 8.0% gjald af fob-verði greiðist af síldarlýsi, síldarmjöli og síldarsoðkjarna.
6. 10.0% gjald af fob-verði greiðist af saltsíld.
7. Útflutningsgjald greiðist ekki af niðursoðnum eða niðurlögðum sjávarafurðum, hertum sjávardýraolíum né heldur vörum frá selveiðum. Niðurlagðar vörur skulu í þessu sambandi teljast vörur, sem lagðar eru niður tilbúnar til neyzlu og hafa innihald 10 kg nettó eða minna. Þó skulu vörur taldar niðurlagðar, sem lagðar eru fullverkaðar niður í stærri ílát, ef útflytjandi sannar, að hráefnisverð hinnar útfluttu vöru er minna en ¼ hluti útflutningsverðsins.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds skv. 2. gr., og skiptast tekjur af því sem hér segir frá og með 1. maí 1968:

1.	Til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa samkv. reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur	76.90%
2.	Til Fiskveiðasjóðs Íslands	14.50%
3.	Til Fiskimálasjóðs	4.98%
4.	Til byggingar haf- og fiskirannsóknaskips	1.29%
5.	Til rannsóknarstofnana sjávarútvegsins	0.99%
6.	Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0.67%
7.	Til samtaka sjómanna skv. reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur	0.67%

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 38 29. apríl 1967, um breyting á lögum nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Útflutningsgjald af loðnumjöli og loðnulýsi skv. 2. grein laganna skal ekki greitt af framleiðslu ársins 1968.

Nd. 698. Lög [185. mál]

um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 630 (sbr. 628).

Nd. 699. Lög [177. mál]

um breyting á lögum um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl., nr. 14 20. júní 1923.

(Afgreidd frá Nd. 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 459.

Nd. 700. Lög [107. mál]

um breyting á lögum nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

(Afgreidd frá Nd. 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 350.

Ed. 701. Lög [170. mál]

um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum.

(Afgreidd frá Ed. 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 696 (sbr. 417).

Ed. 702. Lög [188. mál]

um breyting á lögum nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Afgreidd frá Ed. 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 697.

Sþ.

703. Nefndaskipun.

(88. löggjafarþing.)

Fastanefndir.

A.

Í sameinuðu þingi.

1. *Fjárveitinganefnd:*

Jón Árnason, formaður,
Halldór E. Sigurðsson,
Matthías Bjarnason,
Gunnar Gíslason,
Geir Gunnarsson,
Ágúst Þorvaldsson,
Sverrir Júlíusson,
Birgir Finnsson, fundaskrifari,
Ingvar Gíslason.

Mál, er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:

1. Fjárlög 1968 (l, n. 121 (meiri hl.), n. 124 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Árnason.
   Frsm. minni hl.: Halldór E. Sigurðsson.
2. Fjáraukalög 1966 (301, n. 509).
   Frsm.: Birgir Finnsson.

B. Þingsályktunartillögur:

1. Vatnsveita Vestmannaeyja (46).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Undirbúningur þess að gera akfært umhverfis landið (49, n. 619).
   Frsm.: Jón Árnason.
3. Aðstoð við síldveiðiskip á fjarlægum miðum (262).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Endurskoðun á rekstri ríkissjóðs og ríkisstofnana (281).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Akreinar á þjóðvegum (286, n. 620 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Ingvar Gíslason.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
6. Auknar sjúkratryggingar (314, n. 529).
   Frsm.: Matthías Bjarnason.

2. *Allsherjarnefnd:*

Matthías Bjarnason,[1])
Gísli Guðmundsson,
Friðjón Þórðarson,[2])
Jónas Pétursson, fundaskrifari,
Jónas Árnason,
Vilhjálmur Hjálmarsson,[3])
Bragi Sigurjónsson, formaður.

---

1) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 15. til 28. febr., tók sæti hans í nefndinni Ásmundur B. Olsen.
2) Í fjarveru hans, frá 29. jan. til 26. marz, tók sæti hans í nefndinni Ásgeir Pétursson.
3) Í fjarveru hans, frá 26. febr. til 12. marz, tók sæti hans í nefndinni Tómas Árnason.

Þingsályktunartillögur, er til nefndarinnar var vísað:

1. Náttúruvernd og náttúruskoðun (6).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Listasöfn og listsýningar utan Reykjavíkur (24, n. 498).
   Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
3. Friðun Þingvalla (26).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Atvinnuráðning menntamanna erlendis (32, n. 467 (meiri hl.), n. 493 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Bragi Sigurjónsson.
   Frsm. minni hl.: Gísli Guðmundsson.
5. Áætlun um þjóðvegakerfi (30, n. 466 (meiri hl.), n. 494 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Bragi Sigurjónsson.
   Frsm. minni hl.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
6. Embætti lögsögumanns (40).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Breytt skipan lögreglumála í Reykjavík (149, n. 513).
   Frsm.: Bragi Sigurjónsson.
8. Stöðlun fiskiskipa (52, n. 499).
   Frsm.: Matthías Bjarnason.
9. Námskostnaður (55, n. 672 (minni hl.), n. 688 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
   Frsm. meiri hl.: Bragi Sigurjónsson.
10. Lífeyrissjóður togarasjómanna (65, n. 400).
    Frsm.: Jónas Árnason.
11. Lýsisherzluverksmiðja á Hjalteyri (219).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Lækkun tolla á efnum og vélum til iðnaðarins (114, n. 492 (minni hl.)).
    Frsm. minni hl.: Gísli Guðmundsson.
    Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
13. Hagnýting fiskimiðanna umhverfis landið (132, n. 512 (meiri hl.), n. 540 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Friðjón Þórðarson.
    Frsm. minni hl.: Gísli Guðmundsson.
14. Aðild Íslands að GATT (173, n. 382).
    Frsm.: Matthías Bjarnason.
15. Fiskeldisstöðvar (109, n. 530).
    Frsm.: Jónas Pétursson.
16. Hlutverk Seðlabankans (221, n. 514 (meiri hl.), n. 543 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Bragi Sigurjónsson.
    Frsm. minni hl.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
17. Verzlun með tilbúinn áburð (261).
    Nefndarálit kom ekki.
18. Fiskirækt í fjörðum (238, n. 471).
    Frsm.: Friðjón Þórðarson.
19. Embættaveitingar (280).
    Nefndarálit kom ekki.
20. Meðferð á hrossum (302, n. 522).
    Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
21. Strandferðir norðanlands (351, n. 423).
    Frsm.: Gísli Guðmundsson.

Fastanefndir Sþ.: Allsherjar-, utanríkismála- og kjörbréfanefndir.

22. Sumarheimili kaupstaðarbarna (375, n. 673 (minni hl.)).
Frsm. minni hl.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
23. Náttúruvernd, friðun Þingvalla og þjóðgarðar (366, n. 515).
Frsm.: Bragi Sigurjónsson.
24. Skyldaþjónusta ungmenna (384).
Nefndarálit kom ekki.

Þingsályktunartillaga, er nefndin flutti:

Náttúruvernd, friðun Þingvalla og þjóðgarðar (366).
Frsm.: Bragi Sigurjónsson.

3. *Utanríkismálanefnd:* *Varamenn:*

Sigurður Bjarnason, formaður,	Matthías Á. Mathiesen,
Ólafur Jóhannesson,	Eysteinn Jónsson,
Birgir Kjaran,	Gunnar Gíslason,
Pétur Benediktsson,	Guðlaugur Gíslason,
Gils Guðmundsson,	Magnús Kjartansson,
Þórarinn Þórarinsson,	Jón Skaftason,
Gylfi Þ. Gíslason, fundaskrifari.	Benedikt Gröndal.

Þingsályktunartillögur, er til nefndarinnar var vísað:

1. Utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúar þess erlendis (148, n. 267).
Frsm.: Sigurður Bjarnason.
2. Stjórnmálasamband við Austur-Þýzkaland (258).
Nefndarálit kom ekki.

4. *Kjörbréfanefnd:*

Matthías Á. Mathiesen, formaður,[1])
Ólafur Jóhannesson,[2])
Pálmi Jónsson,
Auður Auðuns,[3])
Karl Guðjónsson,[4])
Björn Fr. Björnsson,[5])
Jón Þorsteinsson.

Nefndin rannsakaði kjörbréf Kristjáns Thorlacius, 4. (vara)þm. Reykv., Geirs Hallgrímssonar, 2. (vara)þm. Reykv., Guðmundar Jónassonar, 5. (vara)þm. Norðurl. v., Guðmundar H. Garðarssonar, 5. (vara)þm. Reykv., Valtýs Guðjónssonar, 2. (vara)þm. Reykn., Jóns Kjartanssonar, 1. (vara)þm. Norðurl. v., Axels Jónssonar, 1. (vara)þm. Reykn., Ásgeirs Péturssonar, 4. (vara)þm. Vesturl., Karls Sigurbergssonar, 5. (vara)þm. Reykn., Hjalta Haraldssonar, 4. (vara)-þm. Norðurl. e., Tómasar Árnasonar, 2. (vara)þm. Austf., Eyjólfs Konráðs Jónssonar, 11. landsk. (vara)þm., Ragnars Arnalds, 2.

---

1) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 13. til 26. febr., tók sæti hans í nefndinni Oddur Andrésson, og gegndi hann jafnframt formannsstörfum sama tíma.
2) Á fundi nefndarinnar 21. febr. tók sæti hans í nefndinni Magnús H. Gíslason.
3) Meðan hún dvaldist erlendis, frá þingbyrjun til 6. nóv., tók sæti hennar í nefndinni Geir Hallgrímsson, en á fundi nefndarinnar 1. febr. tók sæti hennar í nefndinni Steinþór Gestsson.
4) Á fundi nefndarinnar 19. marz tók sæti hans í nefndinni Jónas Magnússon.
5) Á fundi nefndarinnar 1. febr. tók sæti hans í nefndinni Sigurvin Einarsson.

Fastanefndir Sþ.: Kjörbréfa- og þingfararkaupsnefndir. — *Ed.:* Fjárhagsnefnd.

landsk. (vara)þm., Þorsteins Gíslasonar, 7. (vara)þm. Reykv., Ragnars Jónssonar, 10. landsk. (vara)þm., Jóns Snorra Þorleifssonar, 6. (vara)þm. Reykv., Odds Andréssonar, 1. (vara)þm. Reykn., Ásbergs Sigurðssonar, 2. (vara)þm. Vestf., Magnúsar H. Gíslasonar, 3. (vara)þm. Norðurl. v., Ásmundar B. Olsens, 4. (vara)þm. Vestf., Unnars Stefánssonar, 1. landsk. (vara)þm., Stefáns Júlíussonar, 3. (vara)þm. Reykn., Sigurgeirs Kristjánssonar, 4. (vara)þm. Sunnl., Jónasar Magnússonar, 6. (vara)þm. Sunnl., Péturs Pétursonar, 5. (vara)þm. Vesturl., Eyjólfs Konráðs Jónssonar, 4. (vara)þm. Norðurl. v., Óskars E. Levy, 4. (vara)þm. Norðurl. v. og lét uppi munnleg álit um þau.

5. *Þingfararkaupsnefnd:*

Jónas Pétursson, fundaskrifari,
Halldór E. Sigurðsson,
Jónas G. Rafnar,
Gunnar Gíslason,
Björn Jónsson,
Bjarni Guðbjörnsson,
Jón Þorsteinsson, formaður.

B.
Í efri deild.

1. *Fjárhagsnefnd:*

Ólafur Björnsson, formaður,[1])
Einar Ágústsson,
Pétur Benediktsson,
Sveinn Guðmundsson,
Bjarni Guðbjörnsson,
Björn Jónsson,[2])
Jón Árm. Héðinsson, fundaskrifari.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Búnaðarbanki Íslands (15).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Ráðstafanir vegna nýs gengis íslenzkrar krónu (82 (sbr. 78), n. 85 (minni hl.), n. 86 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Einar Ágústsson.
   Frsm. meiri hl.: Geir Hallgrímsson.
3. Verðlagsuppbót á laun og vísitala framfærslukostnaðar (83, n. 98 (minni hl.), n. 101 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Bjarni Guðbjörnsson.
   Frsm. meiri hl.: Pétur Benediktsson.
4. Verðlagsmál (89, n. 100).
   Frsm.: Jón Árm. Héðinsson.
5. Gjaldaviðauki (146, n. 216).
   Frsm.: Ólafur Björnsson.

---

1) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 7. nóv. til 20. des., tók sæti hans í nefndinni Geir Hallgrímsson, og gegndi hann jafnframt formannsstörfum sama tíma.

2) Í veikindaforföllum hans sat fund nefndarinnar 25. nóv. Karl Guðjónsson, en í fjarveru hans frá 16. jan. til 14. febr. tók sæti hans í nefndinni Hjalti Haraldsson.

Fastanefndir Ed.: Fjárhags- og samgöngumálanefndir.

6. Tekjuskattur og eignarskattur (139, n. 169 (meiri hl.), n. 185 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Geir Hallgrímsson.
   Frsm. minni hl.: Einar Ágústsson.
7. Söluskattur (140, n. 190 (meiri hl.), n. 191 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Geir Hallgrímsson.
   Frsm. minni hl.: Einar Ágústsson.
8. Tollskrá o. fl. (256, n. 270 (meiri hl.), n. 273 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
   Frsm. minni hl.: Einar Ágústsson.
9. Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins (299, n. 373 (meiri hl.), n. 286 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
   Frsm. minni hl.: Bjarni Guðbjörnsson.
10. Happdrætti fyrir Ísland (372, n. 422).
    Frsm.: Ólafur Björnsson.
11. Dráttarbrautir og skipasmíðastöðvar (397, n. 445).
    Frsm.: Jón Árm. Héðinsson.
12. Ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda (432 (sbr. 359), n. 441 (meiri hl.), n. 446 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
    Frsm. minni hl.: Bjarni Guðbjörnsson.
13. Ríkisreikningurinn 1966 (300, n. 506).
    Frsm.: Ólafur Björnsson.
14. Gjaldmiðill Íslands (349, n. 559).
    Frsm.: Pétur Benediktsson.
15. Tékkar (490, n. 520).
    Frsm.: Pétur Benediktsson.
16. Víxillög (491, n. 521).
    Frsm.: Pétur Benediktsson.
17. Lán vegna framkvæmdaáætlunar 1968 (547, n. 660 (meiri hl.), n. 678 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
    Frsm. minni hl.: Bjarni Guðbjörnsson.

2. *Samgöngumálanefnd:*

Jónas G. Rafnar,
Ásgeir Bjarnason,
Jón Árnason, fundaskrifari,
Steinþór Gestsson,
Karl Guðjónsson,
Páll Þorsteinsson,
Jón Árm. Héðinsson, formaður.

Lagafrumvarp, er til nefndarinnar var vísað:

Vegalög (545, n. 556 (meiri hl.), n. 557 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Jón Árm. Héðinsson.
Frsm. minni hl.: Páll Þorsteinsson.

Í samvinnu við samgöngumálanefnd Nd. tók nefndin til íhugunar styrk til flóabátaferða. Er álit samvinnunefndarinnar um það efni á þskj. 145 (frsm.: Sigurður Bjarnason).

Fastanefndir Ed.: Landbúnaðarnefnd.

3. *Landbúnaðarnefnd:*

Steinþór Gestsson, formaður,
Ásgeir Bjarnason,
Jónas G. Rafnar,
Jón Árnason,
Páll Þorsteinsson,[1])
Karl Guðjónsson,
Jón Þorsteinsson, fundaskrifari.

Mál, er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:

1. Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. (48, n. 88).
   Frsm.: Steinþór Gestsson.
2. Ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenzkrar krónu (147, n. 152 (meiri hl.), n. 153 (1. minni hl.), n. 154 (2. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Steinþór Gestsson.
   Frsm. 1. minni hl.: Karl Guðjónsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Páll Þorsteinsson.
3. Sala Hóls í Ölfusi (29, n. 229).
   Frsm.: Steinþór Gestsson.
4. Sala Setbergs í Eyrarsveit o. fl. (218, n. 333).
   Frsm.: Steinþór Gestsson.
5. Breyting á lausaskuldum bænda í föst lán (223, n. 685 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Ásgeir Bjarnason.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
6. Lax- og silungsveiði (340).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Ættaróðul (395, n. 455).
   Frsm.: Jón Árnason.
8. Eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur (485 (sbr. 343), n. 549).
   Frsm.: Steinþór Gestsson.
9. Búnaðarmálasjóður (562, n. 592).
   Frsm.: Steinþór Gestsson.
10. Framleiðslusjóður landbúnaðarins (597).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Stofnlánadeild landbúnaðarins (187, n. 671).
    Frsm.: Steinþór Gestsson.
12. Sala jarðarinnar Þykkvabæjar í Landbroti (623).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Kaup ríkissjóðs á hlutabréfum Áburðarverksmiðjunnar (569, n. 670 (meiri hl.), n. 680 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Steinþór Gestsson.
    Frsm. minni hl.: Karl Guðjónsson.
14. Sala Jórvíkur í Hjaltastaðahreppi (542, n. 684).
    Frsm.: Steinþór Gestsson.

---

1) Á fundi nefndarinnar 23. jan. tók sæti hans í nefndinni Tómas Árnason.

Fastanefndir Ed.: Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndir.

B. Þingsályktunartillaga:

Heykögglavinnslu- og fóðurbirgðastöðvar (312).
Nefndarálit kom ekki.

Lagafrumvarp, er nefndin flutti:

Jarðræktarlög (76).
Frsm.: Steinþór Gestsson.

Þingsályktunartillaga, er nefndin flutti:

Fræðsla í fiskirækt og fiskeldi (288).
Frsm.: Steinþór Gestsson.

4. *Sjávarútvegsnefnd:*

Jón Árnason,
Ólafur Jóhannesson,
Pétur Benediktsson, formaður,
Sveinn Guðmundsson,
Gils Guðmundsson,
Bjarni Guðbjörnsson,
Jón Árm. Héðinsson, fundaskrifari.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum (14, n. 389).
   Frsm.: Pétur Benediktsson.
2. Siglingalög (27, n. 118).
   Frsm.: Pétur Benediktsson.
3. Ráðstafanir vegna sjávarútvegsins (33, n. 72).
   Frsm.: Jón Árm. Héðinsson.
4. Alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna (47, n. 119).
   Frsm.: Pétur Benediktsson.
5. Togarakaup ríkisins (39, n. 438 (minni hl.), n. 443 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Gils Guðmundsson.
   Frsm. meiri hl.: Pétur Benediktsson.
6. Stýrimannaskóli í Vestmannaeyjum (38, n. 332).
   Frsm.: Jón Árnason.
7. Fiskveiðasjóður Íslands (70, n. 465).
   Frsm.: Jón Árnason.
8. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna (74, n. 336 (minni hl.), n. 337 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Gils Guðmundsson.
   Frsm. meiri hl.: Pétur Benediktsson.
9. Síldarútvegsnefnd (112).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum (114, n. 162).
    Frsm.: Pétur Benediktsson.
11. Fiskveiðasjóður Íslands (180).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Heimild til að veita Hans Samúelssyni stýrimannsskírteini (215, n. 237).
    Frsm.: Pétur Benediktsson.

Fastanefndir Ed.: Sjávarútvegs-, iðnaðar- og heilbrigðis- og félagsmálanefndir.

13. Stuðningur við hlutarráðna fiskimenn (231, n. 439 (minni hl.), n. 444 meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Gils Guðmundsson.
    Frsm. meiri hl.: Pétur Benediktsson.
14. Ráðstafanir vegna sjávarútvegsins (298, n. 308).
    Frsm.: Pétur Benediktsson.
15. Siglingamálastofnun ríkisins (304, n. 551).
    Frsm.: Pétur Benediktsson.
16. Fiskimálaráð (75, n. 501 (meiri hl.), n. 518 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Jón Árnason.
    Frsm. minni hl.: Pétur Benediktsson.
17. Eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum (417, n. 552).
    Frsm.: Pétur Benediktsson.
18. Stofnfjársjóður fiskiskipa (420, n. 553).
    Frsm.: Jón Árnason.
19. Útflutningsgjald af sjávarafurðum (560, n. 608 (meiri hl.), n. 618 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Pétur Benedktsson.
    Frsm. minni hl.: Gils Guðmundsson.

Lagafrumvarp, er nefndin flutti:

Síldarútvegsnefnd (236).
Frsm.: Pétur Benediktsson.

5. *Iðnaðarnefnd:*

Jónas G. Rafnar,
Björn Fr. Björnsson,
Auður Auðuns,
Sveinn Guðmundsson, formaður,
Einar Ágústsson,
Gils Guðmundsson,[1])
Jón Árm. Héðinsson, fundaskrifari.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Iðnlánasjóður (220, n. 307).
   Frsm.: Sveinn Guðmundsson.
2. Smíði fiskiskipa (232).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Verkfræðingar (269, n. 367).
   Frsm.: Sveinn Guðmundsson.

6. *Heilbrigðis- og félagsmálanefnd:*

Auður Auðuns, fundaskrifari,[2])
Ásgeir Bjarnason,
Steinþór Gestsson,
Pétur Benediktsson,
Björn Jónsson,[3])
Björn Fr. Björnsson,
Jón Þorsteinsson, formaður.

---

1) Á fundi nefndarinnar 30. jan. tók sæti hans í nefndinni Karl Sigurbergsson.
2) Á fundi nefndarinnar 18. okt. gegndi störfum hennar í nefndinni Geir Hallgrímsson.
3) Í fjarveru hans, frá 16. jan. til 14. febr., tók sæti hans í nefndinni Hjalti Haraldsson.

Fastanefndir Ed.: Heilbrigðis- og félagsmála- og menntamálanefndir.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Kjarasamningar apótekara og lyfjafræðinga (9).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Almannatryggingar (23, n. 67).
   Frsm.: Jón Þorsteinsson.
3. Byggingarsamvinnufélög (31, n. 245).
   Frsm.: Jón Þorsteinsson.
4. Framfærslulög (35, n. 73).
   Frsm.: Auður Auðuns.
5. Bjargráðasjóður Íslands (43, n. 108).
   Frsm.: Steinþór Gestsson.
6. Sveitarstjórnarlög (54, n. 84).
   Frsm.: Auður Auðuns.
7. Tekjustofnar sveitarfélaga (174, n. 316 (1. minni hl.), n. 322 (2. minni hl.), n. 325 (3. minni hl.), n. 328 (4. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Jón Þorsteinsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Ásgeir Bjarnason.
   Frsm. 3. minni hl.: Björn Jónsson.
   Frsm. 4. minni hl.: Pétur Benediktsson.
8. Stöðvun atvinnurekstrar vegna vanskila opinberra gjalda (175).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Verkamannabústaðir (225, n. 334).
   Frsm.: Jón Þorsteinsson.
10. Húsnæðismálastofnun ríkisins (226, n. 335).
    Frsm.: Jón Þorsteinsson.
11. Hækkun á bótum almannatrygginga (227, n. 276).
    Frsm.: Jón Þorsteinsson.
12. Almannatryggingar (17, n. 603).
    Frsm.: Auður Auðuns.
13. Aðstoð til vatnsveitna (371).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Verzlun með ópíum o. fl. (459, n. 548).
    Frsm.: Jón Þorsteinsson.
15. Byggingarsjóður aldraðs fólks (376, n. 519).
    Frsm.: Auður Auðuns.
16. Húsnæðismálastofnun ríkisins (511, n. 609).
    Frsm.: Jón Þorsteinsson.
17. Sveitarstjórnarlög (61, n. 611).
    Frsm.: Ásgeir Bjarnason.
18. Breyting á mörkum Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps (555, n. 613).
    Frsm.: Björn Fr. Björnsson.

7. *Menntamálanefnd:*

Auður Auðuns, formaður,[1])
Ólafur Jóhannesson,
Ólafur Björnsson, fundaskrifari,
Steinþór Gestsson,
Páll Þorsteinsson,
Gils Guðmundsson,
Jón Þorsteinsson.

---

1) Á fundi nefndarinnar 17. okt. gegndi störfum hennar í nefndinni Geir Hallgrímsson.

Fastanefndir Ed.: Menntamála- og allsherjarnefndir.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Dýravernd (433, n. 502).
   Frsm.: Auður Auðuns.
2. Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands (536, n. 566).
   Frsm.: Auður Auðuns.
3. Vernd barna og ungmenna (453, n. 567).
   Frsm.: Auður Auðuns.

8. *Allsherjarnefnd:*

Ólafur Björnsson, fundaskrifari,[1])
Björn Fr. Björnsson,
Auður Auðuns,[2])
Sveinn Guðmundsson,
Karl Guðjónsson,[3])
Einar Ágústsson,
Jón Þorsteinsson, formaður.

Mál, er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarskipunarlög (2, n. 66).
   Frsm.: Jón Þorsteinsson.
2. Lausn deilu stýrimanna, vélstjóra og loftskeytamanna á farskipum og eigenda farskipa (12).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Ríkisborgararéttur (18, n. 460).
   Frsm.: Jón Þorsteinsson.
4. Umferðarlög (36, n. 259 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Björn Fr. Björnsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
5. Lögræði (19, n. 96).
   Frsm.: Jón Þorsteinsson.
6. Stofnun og slit hjúskapar (21, n. 97).
   Frsm.: Jón Þorsteinsson.
7. Bókhald (106, n. 442).
   Frsm.: Jón Þorsteinsson.
8. Meðferð einkamála í héraði (265, n. 407).
   Frsm.: Jón Þorsteinsson.
9. Tímareikningur á Íslandi (255, n. 362).
   Frsm.: Sveinn Guðmundsson.
10. Verzlunaratvinna (524 (sbr. 212), n. 657).
    Frsm.: Sveinn Guðmundsson.
11. Vörumerki (13, n. 636).
    Frsm.: Jón Þorsteinsson.
12. Kosningar til Alþingis (535, n. 635 (meiri hl.), n. 647 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Jón Þorsteinsson.
    Frsm. minni hl.: Karl Guðjónsson.

B. Þingsályktunartillaga:

Styrjöldin í Víetnam (248, n. 654).
Frsm.: Jón Þorsteinsson.

---

1) Á fundi nefndarinnar 16. nóv. tók sæti hans í nefndinni Geir Hallgrímsson.
2) Á fundi nefndarinnar 16. okt. tók sæti hennar í nefndinni Geir Hallgrímsson.
3) Í fjarveru hans, frá 5. til 19. marz, tók sæti hans í nefndinni Jónas Magnússon.

Fastanefndir Nd.: Fjárhagsnefnd.

C.

Í neðri deild.

1. *Fjárhagsnefnd:*

Matthías Á. Mathiesen, formaður,[1])
Skúli Guðmundsson,[2])
Gunnar Gíslason,
Guðlaugur Gíslason,
Lúðvík Jósefsson,
Vilhjálmur Hjálmarsson,
Sigurður Ingimundarson, fundaskrifari.[3])

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Gjaldaviðauki (4, n. 133).
   Frsm.: Matthías Á. Mathiesen.
2. Efnahagsaðgerðir (7, n. 56 (minni hl.), n. 57 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Skúli Guðmundsson.
   Frsm. meiri hl.: Matthías Á. Mathiesen.
3. Þóknun fyrir innheimtu opinberra gjalda (5, n. 580).
   Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
4. Verndun og efling landsbyggðar (22, n. 591 (meiri hl.), n. 600 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Gunnar Gíslason.
   Frsm. minni hl.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
5. Ráðstafanir vegna nýs gengis íslenzkrar krónu (78, n. 79 (meiri hl.), n. 80 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Guðlaugur Gíslason.
   Frsm. minni hl.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
6. Verðlagsuppbót á laun og vísitala framfærslukostnaðar (83, n. 90 (meiri hl.), n. 91 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Guðlaugur Gíslason.
   Frsm. minni hl.: Lúðvík Jósefsson.
7. Verðlagsmál (89, n. 93 (meiri hl.), n. 94 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Guðlaugur Gíslason.
   Frsm. minni hl.: Lúðvík Jósefsson.
8. Tekjuskattur og eignarskattur (139, n. 150 (meiri hl.), n. 156 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Matthías Á. Mathiesen.
   Frsm. minni hl.: Skúli Guðmundsson.
9. Söluskattur (140, n. 151 (meiri hl.), n. 155 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Guðlaugur Gíslason.
   Frsm. minni hl.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
10. Tollheimta og tolleftirlit (214).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Söluskattur (164, n. 601 (minni hl.), n. 658 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
    Frsm. meiri hl.: Sigurður Ingimundarson.

---

1) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 20. til 28. nóv., tók sæti hans í nefndinni Axel Jónsson, en Guðlaugur Gíslason gegndi formannsstörfum sama tíma, en frá 13. til 26. febr. tók sæti hans í nefndinni Oddur Andrésson, og gegndi hann jafnframt formannsstörfum sama tíma.

2) Í fjarveru hans, frá 15. nóv. til 10. des., 16. jan. til 5. marz og 27. marz til 15. apríl, tók sæti hans í nefndinni Jón Kjartansson, en Magnús H. Gíslason gegndi störfum hans í nefndinni frá 6. til 26. marz.

3) Á fundi nefndarinnar 23. febr. tók sæti hans í nefndinni Unnar Stefánsson.

Fastanefndir Nd.: Fjárhags- og samgöngumálanefndir.

12. Tollskrá o. fl. (200).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Smíði fiskiskipa innanlands (235).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Tollskrá o. fl. (283, n. 289 (meiri hl.), n. 292 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Guðlaugur Gíslason.
    Frsm. minni hl.: Jón Kjartansson.
15. Olíuverzlun ríkisins (250).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Heimild til að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva (297, n. 326).
    Frsm.: Guðlaugur Gíslason.
17. Ríkisreikningurinn 1966 (300, n. 440).
    Frsm.: Gunnar Gíslason.
18. Gjaldmiðill Íslands (349, n. 458).
    Frsm.: Sigurður Ingimundarson.
19. Ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda (359, n. 406 (meiri hl.), n. 412 (1. minni hl.), n. 414 (2. minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Matthías Á. Mathiesen.
    Frsm. 1. minni hl.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
    Frsm. 2. minni hl.: Lúðvík Jósefsson.
20. Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins (394 (sbr. 299), n. 561 (meiri hl.), n. 596 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Matthías Á. Mathiesen.
    Frsm. minni hl.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
21. Happdrætti háskólans (372).
    Nefndarálit kom ekki.
22. Bókhald (474 (sbr. 106), n. 622).
    Frsm.: Matthías Á. Mathiesen.
23. Tékkar (490, n. 563).
    Frsm.: Matthías Á. Mathiesen.
24. Víxillög (491, n. 564).
    Frsm.: Matthías Á. Mathiesen.
25. Lán vegna framkvæmdaáætlunar (547, n. 595 (meiri hl.), n. 598 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Matthías Á. Mathiesen.
    Frsm. minni hl.: Vilhjálmur Hjálmarsson.

2. *Samgöngumálanefnd:*

Sigurður Bjarnason, formaður,
Björn Pálsson,[1])
Guðlaugur Gíslason,
Steingrímur Pálsson,
Friðjón Þórðarson,[2])
Sigurvin Einarsson,
Benedikt Gröndal, fundaskrifari.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Vegalög (53).
   Nefndarálit kom ekki.

---

1) Á fundi nefndarinnar 18. okt. tók sæti hans í nefndinni Guðmundur Jónasson.
2) Á fundi nefndarinnar 23. nóv. tók sæti hans í nefndinni Ásgeir Pétursson.

Fastanefndir Nd.: Samgöngumála- og landbúnaðarnefndir.

2. Vegalög (71, n. 344 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ásgeir Pétursson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
3. Vegalög (477, n. 525 (meiri hl.), n. 527 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Sigurður Bjarnason.
   Frsm. minni hl.: Sigurvin Einarsson.

Um samvinnu við samgöngumálanefnd Ed. sjá bls. 1601.

3. *Landbúnaðarnefnd:*

Jónas Pétursson,
Stefán Valgeirsson,
Bjartmar Guðmundsson, formaður,[1])
Pálmi Jónsson, fundaskrifari,[2])
Hannibal Valdimarsson,
Vilhjálmur Hjálmarsson,
Benedikt Gröndal.[3])

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Sala Holts í Dyrhólahreppi (28, n. 667 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Stefán Valgeirsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
2. Sala Hóls í Ölfusi (29, n. 128).
   Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.
3. Framleiðsluráð landbúnaðarins (48, n. 62).
   Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.
4. Loðdýrarækt (50, n. 274 (minni hl.), n. 275 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Jónas Pétursson.
   Frsm. meiri hl.: Benedikt Gröndal.
5. Ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenzkrar krónu (123, n. 136 (meiri hl.), n. 138 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Bjartmar Guðmundsson.
   Frsm. minni hl.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
6. Stofnlánadeild landbúnaðarins (187, n. 577).
   Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
7. Sala Grísatungu í Stafholtstungnahreppi (234).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Sala Þykkvabæjar í Landbroti (233, n. 550).
   Frsm.: Jónas Pétursson.
9. Ættaróðul (310, n. 374).
   Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.
10. Áburðarverksmiðja (257).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur (343, n. 464).
    Frsm.: Jónas Pétursson.

---

1) Í forföllum hans, frá 25. jan. til 18. febr. og 4. til 20. apríl, tók sæti hans í nefndinni Eyjólfur K. Jónsson, en frá 20. marz til 3. apríl tók sæti hans Ragnar Jónsson. Jónas Pétursson gegndi formannsstörfum á sama tíma.

2) Í forföllum hans, frá 19. marz til 1. apríl, tók sæti hans í nefndinni Eyjólfur K. Jónsson, en frá 16. til 20. apríl Óskar E. Levy.

3) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 13. til 31. marz, tók sæti hans í nefndinni Pétur Pétursson.

Fastanefndir Nd.: Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndir.

12. Áburðarverksmiðja ríkisins (306).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Jarðræktarlög (523, n. 574).
    Frsm.: Jónas Pétursson.

Lagafrumvörp, er nefndin flutti:

1. Búnaðarmálasjóður (240).
   Frsm.: Jónas Pétursson.
2. Sala Jórvíkur í Hjaltastaðahreppi (542).
   Frsm.: Jónas Pétursson.

Lagafrumvarp, er meiri hl. nefndarinnar flutti:

Kaup ríkissjóðs á hlutabréfum Áburðarverksmiðjunnar (569).
Frsm.: Jónas Pétursson.

4. *Sjávarútvegsnefnd:*

Sverrir Júlíusson, fundaskrifari,[1])
Jón Skaftason,
Pétur Sigurðsson,
Lúðvík Jósefsson,
Guðlaugur Gíslason,
Björn Pálsson,[2])
Birgir Finnsson, formaður.

Mál, er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:

1. Fiskimálaráð (75, n. 320 (meiri hl.).
   Frsm. meiri hl.: Birgir Finnsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
2. Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu (107, n. 661 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Guðlaugur Gíslason.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
3. Ráðstafanir vegna sjávarútvegsins (33, n. 228).
   Frsm.: Birgir Finnsson.
4. Siglingalög (27, n. 355).
   Frsm.: Birgir Finnsson.
5. Alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna (47, n. 353).
   Frsm.: Birgir Finnsson.
6. Ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum (168, n. 177 (1. minni hl.), n. 178 (meiri hl.), n. 179 (2. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Björn Pálsson.
   Frsm. meiri hl.: Birgir Finnsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Lúðvík Jósefsson.
7. Heimild til að veita Hans Samúelssyni stýrimannsskírteini (215, n. 284).
   Frsm.: Pétur Sigurðsson.
8. Fiskiðja ríkisins (254).
   Nefndarálit kom ekki.

---

1) í forföllum hans, frá 8. febr. til 10. marz, tók sæti hans í nefndinni Ragnar Jónsson.
2) Á fundi nefndarinnar 18. okt. tók sæti hans í nefndinni Guðmundur Jónasson.

Fastanefndir Nd.: Sjávarútvegs-, iðnaðar- og heilbrigðis- og félagsmálanefndir.

9. Ráðstafanir vegna sjávarútvegsins (319, n. 346).
   Frsm.: Birgir Finnsson.
10. Síldarútvegsnefnd (350, n. 750 (minni hl.), n. 631 meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Björn Pálsson.
    Frsm. meiri hl.: Birgir Finnsson.
11. Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum (409 (sbr. 14), n. 589).
    Frsm.: Pétur Sigurðsson.
12. Eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum (571 (sbr. 417), n. 649).
    Frsm.: Birgir Finnsson.
13. Stofnfjársjóður fiskiskipa (568 (sbr. 420), n. 602).
    Frsm.: Birgir Finnsson.
14. Útflutningsgjald af sjávarafurðum (560, n. 651 (meiri hl.), n. 663 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Sverrir Júlíusson.
    Frsm. minni hl.: Jón Skaftason.

B. Þingsályktunartillaga:

Rekstur fiskibáta (242, n. 361).
Frsm.: Lúðvík Jósefsson.

5. *Iðnaðarnefnd:*

Matthías Á. Mathiesen,
Þórarinn Þórarinsson,[1])
Pétur Sigurðsson, fundaskrifari,
Pálmi Jónsson,
Eðvarð Sigurðsson,
Gísli Guðmundsson,
Sigurður Ingimundarson, formaður,

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Iðnlánasjóður (220, 381).
   Frsm.: Sigurður Ingimundarson.
2. Verkfræðingar (269, n. 463).
   Frsm.: Sigurður Ingimundarson.

6. *Heilbrigðis- og félagsmálanefnd:*

Guðlaugur Gíslason, formaður,
Jón Skaftason,
Matthías Bjarnason,[2])
Hannibal Valdimarsson,
Friðjón Þórðarson,[3])
Stefán Valgeirsson,
Bragi Sigurjónsson, fundaskrifari.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Tekjustofnar sveitarfélaga (11).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Atvinnuleysistryggingar (16).
   Nefndarálit kom ekki.

1) Á fundi nefndarinnar 19. okt. tók sæti hans í nefndinni Kristján Thorlacius.
2) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 15. til 28. febr., tók sæti hans í nefndinni Ásmundur B. Olsen.
3) Í fjarveru hans, frá 29. jan. til 26. marz, tók sæti hans í nefndinni Ásgeir Pétursson.

Fastanefndir Nd.: Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

3. Almannatryggingar (17, n. 313).
   Frsm.: Bragi Sigurjónsson.
4. Húsnæðismálastofnun ríkisins (37).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Gjöld til holræsa og gangstétta í kaupstöðum öðrum en Reykjavík og Akureyri (51).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Gjöld til holræsa og gangstétta á Akureyri (59).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Framfærslulög (35, n. 157).
   Frsm.: Guðlaugur Gíslason.
8. Sveitarstjórnarlög (54, n. 158).
   Frsm.: Friðjón Þórðarson.
9. Sveitarstjórnarlög (61, n. 517).
   Frsm.: Friðjón Þórðarson.
10. Almannatryggingar (142 (sbr. 23), n. 165).
    Frsm.: Guðlaugur Gíslason.
11. Bjargráðasjóður Íslands (43, n. 181).
    Frsm.: Guðlaugur Gíslason.
12. Heilbrigðiseftirlit (213).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Húsnæðismálastofnun ríkisins (230).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Byggingarlög fyrir skipulagsskylda staði (243).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Brunavarnir og brunamál (244).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Vatnalög (266).
    Nefndarálit kom ekki.
17. Hækkun á bótum almannatrygginga (227, n. 338).
    Frsm.: Guðlaugur Gíslason.
18. Atvinnuleysistryggingar (279).
    Nefndarálit kom ekki.
19. Breyting á mörkum Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps (323, n. 503).
    Frsm.: Guðlaugur Gíslason.
20. Verkamannabústaðir (225, n. 400).
    Frsm.: Bragi Sigurjónsson.
21. Húsnæðismálastofnun ríkisins (226, n. 401).
    Frsm.: Bragi Sigurjónsson.
22. Tekjustofnar sveitarfélaga (370, n. 478 (meiri hl.), n. 487 (1. minni hl.), n. 495 (2. minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Guðlaugur Gíslason.
    Frsm. 1. minni hl.: Matthías Bjarnason.
    Frsm. 2. minni hl.: Stefán Valgeirsson.
23. Byggingarsjóður aldraðs fólks (376, n. 398).
    Frsm.: Ásgeir Pétursson.
24. Sjúkrahúsalög (390).
    Nefndarálit kom ekki.
25. Verzlun með ópíum o. fl. (459, n. 664).
    Frsm.: Friðjón Þórðarson.
26. Húsnæðismálastofnun ríkisins (630 (sbr. 628), n. 659).
    Frsm.: Guðlaugur Gíslason.

Fastanefndir Nd.: Menntamála- og allsherjarnefndir.

7. *Menntamálanefnd:*

Gunnar Gíslason,
Sigurvin Einarsson,
Bjartmar Guðmundsson, fundaskrifari,[1])
Birgir Kjaran,
Magnús Kjartansson,
Ingvar Gíslason,
Benedikt Gröndal, formaður.[2])

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Æskulýðsmál (3, n. 363 (minni hl.).
   Frsm. minni hl.: Sigurvin Einarsson.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
2. Sala Setbergs í Eyrarsveit o. fl. (8, n. 111 (meiri hl.), n. 113 (1. minni hl.), n. 120 (2. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Benedikt Gröndal.
   Frsm. 1. minni hl.: Magnús Kjartansson.
   Frsm. 2. minni hl.: Sigurvin Einarsson.
3. Háskóli Íslands (246).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Dýravernd (341, n. 399).
   Frsm.: Pétur Pétursson.
5. Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands (358, n. 505).
   Frsm.: Benedikt Gröndal.
6. Skólakostnaður (391).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Vernd barna og ungmenna (453, n. 516).
   Frsm.: Benedikt Gröndal.
8. Listamannalaun (424).
   Nefndarálit kom ekki.

8. *Allsherjarnefnd:*

Matthías Bjarnason, formaður,
Skúli Guðmundsson,[3])
Pétur Sigurðsson,
Steingrímur Pálsson,
Jónas Pétursson,
Gísli Guðmundsson,
Bragi Sigurjónsson, fundaskrifari.

Mál, er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:

1. Vörumerki (13, n. 486).
   Frsm.: Matthías Bjarnason.
2. Lögræði (19, n. 41).
   Frsm.: Matthías Bjarnason.
3. Kosningar til Alþingis (20, n. 480 (minni hl.), n. 482 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Gísli Guðmundsson.
   Frsm. meiri hl.: Matthías Bjarnason.

---

1) Á fundi nefndarinnar 17. apríl gegndi störfum hans í nefndinni Eyjólfur K. Jónsson.
2) Á meðan hann dvaldist erlendis, frá 13. til 31. marz, tók sæti hans í nefndinni Pétur Pétursson, og gegndi hann jafnframt formannsstörfum sama tíma.
3) Í forföllum hans, frá 16. jan. til 5. marz og 27. marz til 15. apríl, tók sæti hans í nefndinni Jón Kjartansson, en frá 6. til 26. marz Magnús H. Gíslason.

4. Stofnun og slit hjúskapar (21, n. 42).
   Frsm.: Matthías Bjarnason.
5. Utanríkisráðuneyti Íslands (44).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Verzlunaratvinna (212, n. 488).
   Frsm.: Matthías Bjarnason.
7. Hægri handar umferð (192, n. 249 (meiri hl.), n. 251 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Matthías Bjarnason.
   Frsm. minni hl.: Steingrímur Pálsson.
8. Tímareikningur á Íslandi (255, n. 315).
   Frsm.: Bragi Sigurjónsson.
9. Stjórnarskipunarlög (264).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Umferðarlög (287, n. 379).
    Frsm.: Magnús H. Gíslason.
11. Þingsköp Alþingis (277).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Stjórnarskipunarlög (2, n. 454).
    Frsm.: Matthías Bjarnason.
13. Áfengislög (403, n. 483 (minni hl.), n. 484 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Gísli Guðmundsson.
    Frsm. meiri hl.: Matthías Bjarnason.
14. Meðferð einkamála í héraði (265, n. 576).
    Frsm.: Matthías Bjarnason.
15. Ríkisborgararéttur (489, n. 572).
    Frsm.: Matthías Bjarnason.

B. Þingsályktunartillögur:

1. Styrjöldin í Víetnam (247, n. 655 (minni hl.), n. 656 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Skúli Guðmundsson.
   Frsm. meiri hl.: Jónas Pétursson.
2. Nefnd til að rannsaka ýmis atriði herstöðvamálsins (282, n. 653 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Bragi Sigurjónsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

Lagafrumvarp, er nefndin flutti:

Áfengislög (403).
Frsm.: Matthías Bjarnason.

D.
Vinnunefndir.

Auk framantalinna nefnda skipuðu formenn fastanefnda, forseti og fyrri varaforseti eina nefnd í hvorri deild, *vinnunefnd.*

Vinnunefndir gerðu skrá um fundastaði og fundatíma fastanefnda, er prentuð var og útbýtt meðal þingmanna.

Sþ. 704. Erindaskrá.

— *Raðað eftir stafrófsröð.* —

Aðflutningsgjöld af dísilrafstöðvum á Austurlandi. Fjmrn. fer fram á, að í fjárl. 1968 verði heimilað að endurgreiða aðflutningsgjöld af dísilrafstöðvum á Austurlandi og víðar. — Bréf 2. des. (Db. 414).

Aðflutningsgjöld af rafhlöðum fyrir heyrnardaufa. Stjórn félagsins Heyrnarhjálpar fer fram á, að innflutningsgjöld af rafhlöðum til nota fyrir heyrnardaufa lækki verulega frá því, sem nú er. — Bréf 17. jan. (Db. 578).

Aðflutningsgjöld af skelflettunarvél fyrir rækju. Fyrirtækið Guðmundur & Jóhann, Ísafirði, fer fram á, að heimilað verði að endurgreiða aðflutningsgjöld af skelflettunarvél fyrir rækju, sem flutt var inn samkv. tollreikningi frá 17. ágúst 1959. — Bréf 27. nóv. (Db. 394).

Aðflutningsgjöld af snjóbifreið fyrir Flateyrar- og Mosvallahreppa. Sveitarstjóri Flateyrarhrepps fer fram á, að heimilað verði að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af snjóbifreið til afnota fyrir Flateyrar- og Mosvallahreppa. — Bréf 15. nóv. (Db. 314).

Aðflutningsgjöld af vísindatækjum fyrir Surtseyjarfélagið. Formaður Surtseyjarfélagsins fer fram á, að heimilað verði að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af vísindatækjum, sem félagið fær að gjöf eða láni frá Bandaríkjunum. — Bréf 1. des. (Db. 401).

Aðflutningsgjöld af vísindatækjum fyrir Veðurstofu Íslands. Fjmrn. sendir erindi samgmrn., þar sem farið er fram á, að í fjárl. 1968 verði heimilað að endurgreiða aðflutningsgjöld af tækjum fyrir Veðurstofu Íslands, sem eru hluti af tækniaðstoð Sameinuðu þjóðanna. — Bréf 10. nóv. (Db. 261).

Aðflutningsgjöld af vörum til iðnaðar.

1. Magnús Guðjónsson sendir ályktun fundar stjórnar og trúnaðarmannaráðs Iðju, félags verksmiðjufólks í Hafnarfirði, þar sem skorað er á Alþingi að lækka tolla af innfluttum hráefnum til iðnaðar um sama hundraðshluta og gengi verður fellt. — Bréf 22. nóv. (Db. 348).
2. Stjórn Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík, sendir ályktun fundar stjórnar og trúnaðarmannaráðs félagsins frá 20. nóv., þar sem skorað er Alþingi og ríkisstjórn að lækka tolla á innfluttu hráefni til iðnaðar um sama hundraðshluta og gengið verður fellt. — Bréf 20. nóv. (Db. 326).

Aðild Íslands að Fríverzlunarbandalaginu (EFTA). Sverrir Júlíusson sendir f. h. Landssambands íslenzkra útvegsmanna ályktun stjórnar landssambandsins, þar sem skorað er á Alþingi og ríkisstjórn að rannsaka sem fyrst möguleika á aðild Íslands að Fríverzlunarbandalaginu (EFTA) til hagsbóta fyrir íslenzkan sjávarútveg. — Bréf 7. nóv. (Db. 219).

Aðstoð við síldveiðiskip á fjarlægum miðum.

1. Umsögn Alþýðusambands Íslands um till. til þál. um aðstoð við síldveiðiskip á fjarlægum miðum. — Bréf 29. marz. (Db. 926).
2. Umsögn Landssambands íslenzkra útvegsmanna um sömu till. til þál. — Bréf 22. marz. (Db. 884).
3. Umsögn sjútvmrn. um sömu till. til þál. — Bréf 19. marz. (Db. 874).

Afborganir lána, sjá Fjárlög 1968 2.

Aflatryggingasjóður, sjá Ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda 3.

Afmæli þjóðþings eyjarinnar Manar. Ritari þjóðþings eyjarinnar Manar sendir bréf varðandi heimsókn forseta Sþ. og skrifstofustjóra Alþingis í tilefni afmælis þjóðþings Manar. — Bréf 11. júlí. (Db. 11).

Afmælisveðjur Alþingis til Birgis Finnssonar. Birgir Finnsson þakkar afmælisveðjur Alþingis á fimmtugsafmæli sínu. — Bréf ódagsett. (Db. 13).

Afmæliskveðjur Alþingis til forseta Íslands. Forseti Íslands þakkar afmæliskveðjur Alþingis. — Bréf 18. maí. (Db. 4).

Agnete Kamban, sjá Eftirlaun og styrktarfé 1.

Akranes, sjá: Barnaheimili á, Bygging byggðasafns, Sjóvarnargarður á.

Albrektsen, Otto Erling, sjá Ríkisborgararéttur.

Aldarafmæli Kanada. Utanrrn. sendir afsteypu af eirplötu frá Vestur-Íslendingum, en þeir gáfu Kanadastjórn plötuna í tilefni aldarafmælis ríkisins. Á plötuna er letruð frásögn Grænlendingasögu um landfundi Íslendinga í Vesturheimi. — Bréflaust. (Db. 38).

Alm, Hanne, sjá Ríkisborgararéttur.

Almannatryggingar.

1. Umsögn Sambands íslenzkra sveitarfélaga um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40/1943, um almannatryggingar. — Bréf 14. nóv. (Db. 299).
2. Umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar. — Bréf 8. jan. (Db. 547).

Alþingi, skipan, upplýsingar fyrir Alþjóðaþingmannasambandið. Alþjóðaþingmannasambandið biður um upplýsingar um flokka í deildum Alþingis, forseta deilda þess o. fl. — Bréf 9. okt. (Db. 88).

Alþingishús. Forsrh. biður um upplýsingar varðandi fyrirspurn Þórarins Þórarinssonar um alþingishús. — Bréf 1. febr. (Db. 628).

Alþingiskosningar.

1. Alþjóðaþingmannasambandið fer fram á, að veittar verði ýmsar upplýsingar um alþingiskosningarnar, sem fram fóru í júní s. l., o. fl. — Bréf 28. sept. (Db. 46).
2. Dómsmrn. sendir Alþingi eftirrit úr gerðabókum yfirkjörstjórna, ásamt ágreiningsseðlum, og jafnframt endurrit úr gerðabók landskjörstjórnar o. fl. — Bréf 9. okt. (Db. 69).

Alþingismenn, sjá Kjörbréf.

Alþjóðavatnafræðiáratugurinn. Jakob Gíslason o. fl. fara fram á, að í fjárl. 1968 verði veittar 500 þús. kr. til Íslandsnefndar í „Alþjóðavatnafræðiáratugnum", International Hydrological Decade. — Bréf 28. okt. (Db. 180).

Alþjóðaþingmannasambandið, sjá: Alþingi, skipan, Alþingiskosningar 1, Launakjör alþingismanna.

Alþýðusamband Íslands, sjá: Aðstoð við síldveiðiskip á fjarlægum miðum 1, Hlutverk Seðlabankans 1, Rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Andri Heiðberg, sjá Rekstur þyrlu.

Apótekarafélag Íslands, sjá Framlenging á kjarasamningi 1.

Ari fróði, sjá Minning.

Arkitektafélag Íslands, sjá Byggingarlög fyrir skipulagsskylda staði 1.

Arnarstapahöfn, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 1.

Atlantshafsbandalag, sjá Þingmannafundur.

Atvinnuleysistryggingar.

1. Umsögn stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar. — Bréf 7. febr. (Db. 658).
2. Örn Scheving sendir ályktun fundar Verkalýðsfélags Norðfirðinga frá 23. febr., þar sem skorað er á Alþingi að samþykkja frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar. — Bréf ódagsett. (Db. 792).
3. Formaður verkamannafélagsins Dagsbrúnar sendir ályktun fundar félagsins 18. febr., þar sem skorað er á Alþingi að samþ. sama frv. — Bréf 19. febr. (Db. 726).

Atvinnuleysistryggingasjóður, sjá Atvinnuleysistryggingar 1.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum.

1. Umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um frv. til l. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum. — Bréf 6. febr. (Db. 732).
2. Umsögn Skipstjórafélags Íslands um sama frv. — Bréf 30. okt. (Db. 202).
3. Skipstjórafélag Norðlendinga gerir tilteknar athugasemdir við sama frv. — Bréf 27. marz. (Db. 920).
4. Skipstjóra- og stýrimannafélagið Aldan mótmælir ákvæði í sama frv. — Bréf ódagsett. (Db. 859).
5. Loftur Júlíusson sendir ályktun aðalfundar Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar frá 2. marz, þar sem mótmælt er ákvæði í sama frv. — Bréf 4. apríl. (Db. 942).
6. Stjórn skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi í Vestmannaeyjum fer fram á, að tiltekin breyting verði gerð á sama frv. — Símskeyti 26. marz. (Db. 906).
7. Skipstjóra- og stýrimannafélagið Vísir á Suðurnesjum gerir tilteknar athugasemdir við sama frv. — Bréf 18. febr. (Db. 745).
8. Skipstjóra- og stýrimannafélagið Vísir á Suðurnesjum gerir tilteknar athugasemdir við sama frv. — Bréf 18. febr. (Db. 748).
9. Skipstjóra- og stýrimannafélagið Ægir mótmælir sama frv. — Bréf 2. apríl. (Db. 932).
10. Slysavarnafélag Íslands gerir athugasemdir við sama frv. — Bréf 4. apríl. (Db. 949).
11. Sjö siglingafræðikennarar við stýrimannaskólann í Reykjavík beina þeim tilmælum til sjútvn., að sama frv. verði ekki afgreitt óbreytt. — Bréf 28. marz. (Db. 907).
12. Stjórn Skólafélags stýrimannaskólans í Reykjavík mótmælir ákvæðum í sama frv. — Bréf 10. febr. (Db. 937).
13. Sextán nemendur stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum mótmæla sama frv. — Bréf ódagsett. (Db. 918).

Auður Auðuns, sjá Varaþingmenn 23.
Aunio, Henrik Vilhelm, sjá Ríkisborgararéttur.
Axel Jónsson, sjá Varaþingmenn 1—2.
Áburðarverksmiðjan h/f, sjá Verzlun með tilbúinn áburð 1.
Ábyrgð á láni fyrir rannsóknaráð ríkisins. Fjmrn. sendir erindi rannsóknaráðs ríkisins, þar sem farið er fram á, að í fjárl. 1968 verði veitt heimild til að ábyrgjast 1 millj. kr. lán vegna byggingar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á Keldnaholti og að veitt verði heimild til að ábyrgjast 15 millj. kr. lán vegna byggingar Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins á sama stað. — Bréf 10. nóv. (Db. 266).
